Lagafrumvarp fellt.

Vaxtalækkun o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vaxtalækkun o. fl. [12. mál] (þmfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til 1. umr., miðar aðallega að tvennu: að vextir skuli færast í það horf, sem þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960, og að hætt sé að draga hluta af sparifjáraukningunni úr umferð með því að leggja hann inn í Seðlabankann. Hér er um mjög þýðingarmiklar ráðstafanir að ræða og þýðingarmikla þætti í þjóðarbúskapnum og efnahagsmálastefnunni og raunar einnig stefnunni í atvinnumálum. Ég vil leyfa mér að skýra viðhorf okkar með fáeinum orðum.

Þegar ný stefna var tekin upp í efnahagsmálum 1960, var hún miðuð við það að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum út á við og inn á við með því að draga úr kaupgetunni, setja henni takmörk með ríkisafskiptum og á þá lund að láta verðlag hækka og kaupgjald hækka minna en verðlagið, draga þannig inn kaupgetuna, enn fremur, að framkvæmdum yrði stillt í hóf með því að hækka vextina, gera lánsfé dýrara en það var, draga saman lánastarfsemina með því að leggja hluta af aukningu sparifjárins inn í bankakerfið og láta það ekki vera í umferð, eins og áður var gert samkv. þeirri stefnu, sem áður var fylgt. Enn fremur var þeirri ráðstöfun bætt við að láta Seðlabankann endurkaupa minna af afurðavíxlum frá sjávarútvegi og landbúnaði en áður tíðkaðist. Þannig var lánastarfsemin dregin mjög saman, og hefur verið leitazt við síðan að halda þeirri stefnu, og í stað þess, að áður var öll sparifjáraukningin venjulega höfð í umferð í útlánum til almennings og framleiðslunnar, er nú bundna sparifé í Seðlabankanum komið upp í nálega 1000 millj. kr. Langsamlega mest af því hefur verið dregið raunverulega úr innanlandsumferðinni. En jafnframt hefur samdrátturinn orðið meiri, því að í stað þess, að áður voru endurkeyptir víxlar vegna landbúnaðar og sjávarútvegs, sem samsvaraði 67% af andvirði þeirra vara, sem út á var lánað, hafa þessi útlán nú verið dregin stórlega saman eða niður í 53—55%. Með þessu hefur verið ætlunin að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En frá sjónarmiði okkar flm. eru þessar hagstjórnaraðferðir óheppilegar og raunar óðfluga að verða úreltar, a. m. k. að hugsanlegt sé að halda jafnvægi í þjóðarbúskap og fá sæmilega útkomu með ráðstöfunum einvörðungu í peningamálum, eins og reynt hefur verið að gera hér á þá lund, sem ég hef verið að lýsa. Þetta er vegna þess fyrst og fremst, að slíkar ráðstafanir koma niður þar sem sízt skyldi og lama mjög þýðingarmikla þætti í þjóðarbúskapnum. Vil ég fara um þetta örfáum orðum.

Samdrátturinn á lánunum kemur niður fyrst og fremst, þegar til lengdar lætur, á framleiðslustarfseminni og unga fólkinu í landinu, sem þarf á lánsfé að halda til þess að koma sér fyrir í atvinnurekstri eða byggja upp sín eigin heimili. Það eru þessir aðilar, unga fólkið, sem er að koma sér fyrir, og framleiðslan, sem mest þurfa á lánsfé að halda. Hinir, sem eru búnir að koma sér fyrir, — ég tala nú ekki um, þeir sem hafa mikil peningaráð, ráða yfir miklu fjármagni og auðmagni sjálfir, — þurfa minna á lánsfénu að halda. Þess vegna verður hækkun vaxta og lánasamdráttur fyrst og fremst vatn á myllu þeirra, sem eiga peninga, sem eiga fjármagnið, en kemur harðast niður á framleiðslunni og yngri kynslóðinni.

Fyrir framleiðsluna hefur þessi lánapólitík orðið alveg sérstaklega hættuleg, og mætti nefna í því sambandi mörg átakanleg dæmi úr landbúnaði og sjávarútvegi, en efst er mér í huga að nefna eitt dæmi, sem hefur komið fyrir augu manna nú alveg nýlega. Vísa ég í því efni til rits, sem heitir „Íslenzkur iðnaður". Þar er rætt um ástandið nú hjá vélsmiðjunum í landinu. Það eru fyrirtæki, sem hafa mikla framleiðslu og þyrftu að verða mjög vaxandi liður í okkar þjóðarbúskap. Þar er rætt um, að rekstrarfjárskorturinn sé versta vandamálið, bæði fyrir þessi fyrirtæki og ýmsar aðrar greinar iðnaðarins, og vísað í því sambandi á, að þeir eigi við að búa samkeppni erlendis frá, þar sem rekin er allt önnur vaxtapólitík, þar sem vextirnir eru miklu lægri og fyrirtækin eigi kost á miklu ríflegra rekstrarfé. Og síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzkir framleiðendur njóta engrar slíkrar fyrirgreiðslu, og það sem verra er, þeim hefur ekki reynzt kleift að fá það rekstrarfé hjá viðskiptabönkunum, sem nauðsynlegt er til hagkvæms rekstrar fyrirtækjanna."

Í þessu sama blaði er viðtal við Svein Guðmundsson, forstöðumann öflugs fyrirtækis í þessari grein, og hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið höfum við orðið að framleiða með hálfum afköstum, fyrst og fremst vegna lánsfjárskorts og erfiðrar samkeppnisaðstöðu."

Þetta gerist þegar sú lánapólitík er rekin, sem ég var að lýsa hér áðan. Þá segir þessi framkvæmdastjóri, að gefinn hafi verið ádráttur um að bæta úr þessu og verði reynt að fylgja fast eftir að það komist í framkvæmd, og hann segir, að þegar það verður, muni vélaiðnaðurinn aftur geta rétt úr kútnum og haldið áfram að vera sú lyftistöng sjávarútvegsins, sem hann var orðinn. Það er ekki hægt að hugsa sér greinilegri vitnisburð en þetta um þau áhrif, sem stjórnarstefnan hefur haft í atvinnulífinu. Hann ber það alveg ótvírætt með sér, að hér hefur hallað stórkostlega undan fæti og liggur við stóráföllum, og ástandið hefur stórversnað frá því, sem það var orðið, því að framkvæmdastjórinn leggur áherzlu á, að þessi fyrirtæki hafi haft áður mun betri aðstöðu.

Þannig eru mýmörg dæmi úr atvinnulífinu, og menn geta svona hér um bil ímyndað sér, hvaða áhrif þessi stefna í lánamálum muni hafa á möguleika fyrirtækjanna til þess að innleiða aukna vélvæðingu og aukna framleiðni og aðrar ráðstafanir, sem þarf til þess að borga nægilega hátt kaup. En nú er ástandið orðið þannig, að ýmis fyrirtæki af þessu tagi telja sig ekki geta borgað hærra kaup en nú er greitt, þótt hér sé eitthvert lægsta kaup í Evrópu. Þó eru mikil uppgrip í þjóðarbúinu hér, og því er einhvers staðar meira en lítil skekkja í þessu öllu saman. Hún er svo m. a. í þessu fólgin, hvernig lánapólitíkin er, sem hefur verið rekin, og vaxtapólitíkin, þótt fleira komi þar vitanlega einnig til.

Við þessu viljum við flm. frv. alvarlega vara, og það er m. a. þetta, sem við höfum í huga, þegar við höfum verið að beita okkur á móti því undanfarin ár, að þessari lánastefnu yrði fylgt, og viljað breyta til.

Með margvíslegu móti hefur þessi lánastefna og stefna hinna háu vaxta haft stórhættuleg áhrif í þjóðarbúskapnum. Dýrtíðaráhrif háu vaxtanna hafa orðið stórfelld og miklu stórfelldari en forráðamenn stjórnarflokkanna hafa viljað viðurkenna, því að vextirnir spinna sig alls staðar inn í efnahagskerfið og áhrif þeirra verða keðjuáhrif, margföld í öllum greinum. Það er ekki aðeins, að vextirnir af lánunum komi þar til greina, heldur lagar allur fjármagnskostnaður, húsaleiga, gjöld eftir hvers konar eignir og það, sem reiknað er fyrir alls konar afnot af eignum, — það lagar sig allt eftir þeim vöxtum, sem í landinu gilda, þegar til lengdar lætur. Og þess vegna var það vafalaust m. a., að núv. ríkisstj. lét fylgja það fyrirheit, að hinir háu vextir skyldu ekki standa nema stutta hríð. Það skyldi verða breytt til, undireins og jafnvægi næðist í þjóðarbúskapnum. En henni hefur ekki heppnazt að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, og háu vextirnir standa enn til stórtjóns fyrir framleiðsluna og hafa haft mjög mikil áhrif á þá dýrtíðarþróun, sem orðið hefur í landinu.

Fjármagnskostnaðurinn hefur orðið vaxandi baggi, bæði hjá einstökum heimilum, sem eru að brjótast í því að koma sér fyrir, og eins hjá framleiðslufyrirtækjum, eins og þráfaldlega er sýnt fram á með einstökum dæmum og það af mönnum, sem hreint enga tilhneigingu hafa til þess að gera lítið úr núv. hæstv. ríkisstj. eða nokkra tilhneigingu til þess að deila á hana.

Þá er sá þáttur í þessari útlánastefnu, sem hefur orðið mjög örlagaríkur, og hann er sá, að með því að draga inn í seðlabankakerfið hluta af sparifjáraukningunni, hefur stórfé verið dregið utan af landsbyggðinni, þaðan sem sízt skyldi og minnst fjármagn er fyrir, og til frystingar í Seðlabankanum. Í því sambandi ber að minnast á þær fjárhæðir, sem dregnar hafa verið úr innlánsdeildum samvinnufélaganna og frá sparisjóðum víðs vegar um landið, og eru þetta allt orðnar mjög háar fjárhæðir og hafa vitanlega lamað fjármálastarfsemi úti um land.

Þá kemur spurningin, sem oft hefur verið rædd á hv. Alþingi, og hún er þessi: Er sú útlánastefna, sem mótuð er í þessu frv., sem við hér berum fram, verðbólgustefna í lánamálum? Við segjum, að svo sé alls ekki. Okkar stefna er miðuð við, að sparifé sé yfirleitt haft í umferð, eins og áður var, og að Seðlabankinn taki a. m. k. ekki minni þátt í rekstrarfjáröflun inni í landinu en áður var, með því að auka endurkaup sín á afurðavíxlum upp í það, sem áður tíðkaðizt. Við höldum því fram, að þessi stefna sé ekki verðbólgustefna, heldur muni slík útlánastefna þvert á móti ýta stórkostlega undir framleiðsluna í landinu og leysa rekstrarfjárvandamál atvinnuveganna mjög verulega, þannig auka framleiðsluna og verða til þess að stuðla að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum og minni verðbólgu. Við álítum, að það muni sýna sig í framkvæmdinni, að það borgar sig ævinlega fyrir þjóðfélagið að trúa dugmiklu fólki fyrir sparifénu til ávöxtunar og því lánsfé muni reynast vel varið, sem fer til þess að sjá grundvallaratvinnuvegunum fyrir rekstrarfé. Við teljum, að það sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga, sem hafa yfir litlu fjármagni að ráða, að tjalda því sem til er í þessu efni og hafa fjármagnið í umferð, það muni styðja bezt þjóðarbúskapinn, og teljum reynsluna ólygnasta í því efni.

Ég hef nú talið fram nokkra ókosti við þá lánastefnu, sem fylgt hefur verið, og stefnu í vaxtamálunum og skal í framhaldi af því aðeins minnast örfáum orðum á það, sem formælendur þessarar stefnu hafa haldið fram um það, að óhjákvæmilegt væri að fylgja henni til þess að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Ég skal fara fáeinum orðum um þetta sjónarmið.

Þessum ráðstöfunum var ætlað að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðinum. Háu vextirnir áttu að tryggja þetta. En við bendum á, að ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé muni aldrei hafa verið meiri en nú. Því fer fjarri, að þessu markmiði hafi verið náð með efnahagsmálastefnunni, sem þessi lánapólitík er sterkur þáttur í.

Þessum ráðstöfunum var ætlað að koma í veg fyrir verðbólguþróun, skapa stöðugt verðlag og jafnvægi í efnahagsmálum. Það dylst þó engum, að dýrtíðarflóðið hefur farið sívaxandi undanfarið og dýrtíðarvöxturinn hefur orðið margfalt meiri þann tíma, sem þessi útlánastefna hefur verið framkvæmd, en áður var. Um þetta hefur verið rætt hvað eftir annað á hv. Alþingi og sýnt fram á með óyggjandi rökum. Það breytir engu í þessu, þó að vexti verðbólgunnar sé núna leynt að sumu leyti um stundarsakir með síauknum niðurgreiðslum, og mun það fljótlega koma í ljós, að þar hefur engin grundvallarbreyting á orðið.

Það var sagt, að þessar ráðstafanir væru alveg óhjákvæmilegar til þess að skapa grundvöll að fullkomnu viðskiptafrelsi. En í staðinn fyrir viðskiptafrelsið hefur þjóðin fengið lánsfjárhöftin, sem ég hef verið að lýsa, með þeim afleiðingum, sem það hefur haft fyrir atvinnufyrirtækin og almenning í landinu, og skal ég ekki endurtaka það, sem ég er áður búinn að segja um það. Því fer þess vegna alls fjarri, að nokkurt frelsi hafi orðið árangur þessarar stefnu.

Í því sambandi leyfi ég mér að vísa aftur á dæmi úr atvinnulífinu. Í Morgunblaðinu, aðalmálgagni ríkisstj., 20. okt. 1964 er grein, sem heitir: „Á að eyðileggja tréskipasmíði Íslendinga?“ Hún er rituð af Hannesi Þorsteinssyni, sem er vel kunnugur þessum málum, og mun enginn væna hann um að rita þessa grein að ófyrirsynju, til þess að sverta ríkisstj. eða þá, sem að henni standa. Það er óhugsandi að bera honum slíkt á brýn. Hann er aðeins að segja frá því, hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Hann byrjar á því að segja, að „hér“, þ. e. a. s. í þeim iðnaði, sem hann er kunnugastur, „eins og annars staðar í íslenzku atvinnulífi,“ — ég vil biðja menn að hlusta eftir þessu, — „er það fyrst og fremst rekstrarfjárskorturinn, sem er versti þröskuldurinn.“ Það er í hans augum alveg eins og forstjóra Héðins rekstrarfjárskorturinn, sem er versti þröskuldurinn, og svo hvað rekstrarféð er dýrt. Síðan segir Hannes Þorsteinsson frá því, að hann var að glíma við að kaupa efni til skipabygginga, en þá hafi hann rekið sig á hinar ótrúlegustu tálmanir á þeirri leið. Fyrst og fremst var það rekstrarfjárskorturinn. En þá ætlaði hann að reyna að bæta úr því með því að fá lán erlendis til þess að kaupa þetta efni. Er það raunar gott dæmi um það, hvernig þessi lánasamdráttur hér heima fyrir hefur verkað í þá átt, að menn hafa orðið að safna lausaskuldum erlendis, eftir því sem þeir hafa getað, til þess að halda fyrirtækjum sínum gangandi. En þá rak Hannes Þorsteinsson sig á það, að á þeim tíma var ekki heimilt að stofna til langra vörukaupaskulda nema með leyfi bankanna. Síðan segist hann hafa farið á stúfana til þess að reyna að útvega sér leyfi til að bjarga sér á þennan hátt, því að rekstrarfé fékk hann ekki hjá íslenzkum viðskiptabönkum, auðvitað fyrst og fremst vegna þess, að verulegur hluti af sparifjáraukningunni er hreinlega tekinn af viðskiptabönkunum og lagður inn í seðlabankakerfið. Lýsir hann svo því, hvernig hann hafi reynt að fá því framgengt, að hann gæti tekið þetta rekstrarlán erlendis. Og hann segir orðrétt:

„En hver urðu svo viðbrögð bankayfirvalda,“ — ég skal taka það fram, að hann hefði náttúrlega alveg eins getað sagt ríkisstj., því að það er ríkisstj., sem setur bönkunum allar reglur í þessu efni, en hann segir nú bankayfirvalda, vegna þess, að það voru bankastjórarnir og bankamennirnir, sem hann átti samtöl við, en öll þessi stefna er ákveðin af stjórnarvöldunum, — hann segir: „En hver urðu svo viðbrögð bankayfirvalda, þegar þessum ósköpum hafði verið hleypt af stokkunum, sem sé að útvega íslenzkum skipasmíðastöðvum lán út á efnivöru, sem í flestum tilfellum nemur þó ekki meira en ca. 6—7% af endanlegu söluverði skips? Formsins vegna varð að veita þessi vörukaupalán á þriggja mánaða víxlum, sem síðar urðu framlengdir með öðrum víxlum, fyrst um þrjá mánuði og síðar um aðra þrjá mánuði. Samtals yrðu þá lánin 9 mánaða, eins og fyrr segir. Nú upphófst“ — og nú vil ég biðja menn að muna, að þetta er lýsing á frelsinu, eins og það er nú í framkvæmd, og áreiðanlega ekki sagt af manni, sem vill gera hlut ríkisstj. verri en hann er. „Nú upphófst mikið þref og furðulegar Canossagöngur frá Heródesi til Pílatusar og síðan aftur frá Pílatusi til Heródesar. Sú saga er svo löng og furðuleg og mér liggur við að segja skringileg, að það væri farið út fyrir hinn alvarlega ramma þessarar greinar, ef allt yrði upp talið.“ Þannig gekk þetta í landi frelsisins, sem stjórnin segir að Ísland sé orðið í viðskiptalegu tilliti. „Og hver var svo árangurinn?“ er áfram orðrétt. „Bankarnir leyfðu alls 6 mánaða greiðslufrest. Punktum og basta. Meira var ekki leyft. En hvers vegna ekki 9 mánaða greiðslufrest, þegar fullbúin skip fengust allan tímann flutt inn með 7 ára gjaldfresti á allt að 70% af kaupverðinu? Þessari spurningu er enn ósvarað,“ segir greinarhöfundur.

Það er sannarlega ekkert frelsi, sem menn búa við, eins og fullnægjandi kemur fram af þeim tveimur dæmum, sem ég hef tekið.

Þá var þessari nýju efnahagsmálastefnu ætlað að lækka skuldir landsins út á við. En nú hefur hún verið framkvæmd í nálega 5 ár, og þessi 5 ár hafa verið allra mestu uppgripaár af náttúrunnar hendi, sem íslenzka þjóðin hefur nokkru sinni lifað. Skyldu menn nú halda, að það væri búið að lækka hressilega skuldir landsins út á við, því að það var beinlínis sagt, þegar til viðreisnarinnar var stofnað, að menn yrðu að taka á sig nokkra bagga til þess að lækka óbotnandi skuldir landsins út á við, sem orðnar væru vegna skakkrar stjórnarstefnu. En niðurstaðan er sú, að séu innistæður þær, sem landsmenn eiga, og þar með hinn margumtalaði gjaldeyrissjóður, dregnar frá skuldunum, eins og sjálfsagt er að gera, eru skuldir þjóðarinnar út á við nú miklu hærri en þær voru, þegar byrjað var að framkvæma þessa stefnu, mörg hundruð millj. kr. hærri, og lausaskuldir hafa vaxið um mörg hundruð millj., þ. e. lán til stutts tíma hafa vaxið um mörg hundruð millj. kr., eins og ekki er óeðlilegt, þegar lánapólitíkinni er hagað þannig, að fyrirtækin verða annað-

hvort að draga reksturinn stórkostlega saman eða neyðast til að skrapa sér rekstrarlán til stutts tíma erlendis, að svo miklu leyti sem hægt er að fá leyfi til að gera slíkt.

Þá var þessum ráðstöfunum ætlað að afnema uppbætur í öllum myndum. En uppbætur og niðurgreiðslur eru nú orðnar stórfelldar og fara hraðvaxandi, eins og nógsamlega er kunnugt.

Það er því sýnilegt, að þessar aðferðir hafa alls ekki náð þeim tilgangi, sem upphaflega var álitið að þær ættu að ná, en á hinn bóginn hafa stafað af þeim mikil vandkvæði og þær hafa orðið mjög til tjóns á mörgum sviðum. Það er þess vegna mál til komið að okkar dómi að snúa hér við og breyta um stefnu í lána- og vaxtamálum. Ég skal bæta því við, að þessar ráðstafanir áttu að koma sparifjáreigendum mjög til góða og sú efnahagsmálastefna, sem hin mikla vaxtahækkun var liður í. En á þessum árum hefur rýrnun sparifjár orðið meiri en nokkru sinni áður á jafnstuttum tíma, og sú rýrnun á sparifénu hefur gert miklu meira en éta upp þann stundarhagnað, sem sparifjáreigendur virtust hafa af hækkun vaxtanna.

Það sýnir sig einnig af þessu, sem hér hefur verið dregið fram, að sú pólitík að ætla sér að stjórna landinu með peningapólitískum ráðstöfunum af þessu tagi einum saman er alveg óframkvæmanleg hér, eins og dæmin sýna, m. a. vegna fjármagnsfátæktar Íslendinga. Það kemur sem sé í ljós ofan á allt annað, að bæði almenningur og sjálf ríkisstj. freistast til þess að taka þeim mun meira af lánum erlendis sem harðara er gengið fram í því að draga lánastarfsemina saman heima fyrir. Og niðurstaðan verður þess vegna sú, sem ég hef verið að lýsa.

Við, sem stöndum að þessu frv., höldum því fram, að það sé eðlilegt og skynsamlegt að hafa sparifé þjóðarinnar í umferð í lánum, tjalda því, sem til er í þeim efnum, reyna að komast út úr þeim vanda, sem þjóðarbúið er í, með því að nota fjármagnið haganlega til að auka rekstrarfé atvinnuveganna og greiða fyrir þeim, sem þurfa að koma sér fyrir, og af þessu muni verða framleiðni- og framleiðsluaukning, sem muni hjálpa stórkostlega til að leysa þann hnút, sem orðinn er í kjaramálunum. Þetta er í örfáum orðum það, sem fyrir okkur vakir, og ég er alveg sannfærður um, að rás atburðanna hlýtur að þvinga þessa stefnu fram. Það hlýtur að verða að hætta þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í þessum efnum. En spurningin er bara: hversu lengi ætla menn að stimpast á móti?

Ég þykist vita, að það verður komið hér á eftir í þessum umr. eða öðrum umr. og sagt: Það á að auka útlán til iðnaðarins, og sennilega verður sagt, að eitthvað af því fé, sem dregið er inn í Seðlabankann, eigi einmitt að nota í því skyni. Það var líka sagt í fyrra, þegar ráðstafanir voru gerðar til þess að taka meira fé af viðskiptabönkunum en áður hafði verið gert. Mér er þó ekki kunnugt um, að neitt hafi enn verið framkvæmt í þá átt að greiða fyrir iðnaðinum í því tilliti. En e. t. v. er samt svolítið lát á stjórnarvöldunum í þessu efni eins og fleirum, og má það teljast gott, ef svo væri. Þótt slíkt sé vitanlega ekki fullnægjandi, að látið sé undan að einhverju litlu leyti, en meginstefnunni haldið, er það árangur af baráttunni, ef lát er á þessu. En hér dugir ekki minna að dómi okkar flm. en að breyta alveg um stefnu, eins og stungið er upp á í frv.

Við höfum lagt fram hliðstætt frv. þessu á undanförnum þingum, en stjórnarflokkarnir lagzt á móti, og hef ég nú rætt í leiðinni ýmislegt af þeim ástæðum, sem færðar hafa verið fram fyrir því, að ekki hefur verið á það fallizt. En nú á milli þinga í sumar hefur gerzt mjög merkur atburður, sem snertir þetta mál. Ríkisstj. hefur sem sé látið undan síga í vaxtamálunum á þann hátt, að heitið hefur verið að lækka vexti á íbúðalánum um 4% eða um helming, í 4% úr 8%. Er sanngjarnt að minnast þess í þessu sambandi, að framsóknarmenn sýndu fram á það með óyggjandi rökum á síðasta Alþingi, að kjaramálin voru þá orðin óleysanleg með öllu að óbreyttum þeim húsnæðiskostnaði, sem orðinn var, m. a. vegna óhagstæðra lána til íbúðabygginga. Ekki vildi ríkisstj. hæstv. á þetta hlusta þá, og var þá kallað lýðskrum og yfirboð að berjast fyrir vaxtalækkun. En þegar kom fram á vorið eða fram á sumarið, kom það fram, sem framsóknarmenn höfðu bent á, að það var ómögulegt að koma á nokkrum kjarasamningum að óbreyttri stefnu í vaxtamálum. Og þegar ríkisstj. stóð frammi fyrir þessu, stóð frammi fyrir verkalýðsfélögunum og stóð frammi fyrir þessum óleysanlega vanda, reyndist allt í einu framkvæmanlegt að lækka vextina, sem áður var talið fjarstæða og algert brot á stjórnarstefnunni og mundi tefla jafnvægi efnahagsmála landsins í hættu. Og þá var hægt að lækka þá um hvorki meira né minna en helming, úr 8% í 4%.

Nú er alveg óhjákvæmlegt að lækka einnig vexti af öðrum stofnlánum, eins og við flm. leggjum til í þessu frv., og er það þáttur í baráttu okkar fyrir almennri vaxtalækkun. Ég nefndi dæmi úr iðnaðinum til þess að sýna, hvernig hin nýja vaxtapólitík ríkisstj., verkar fyrir þann atvinnuveg. Ég tek dæmi úr landbúnaðinum. Ég tek árgjald af 200 þús. kr. ræktunarsjóðsláni og 100 þús. kr. byggingarsjóðsláni. Vextir af þessum tveimur lánum voru áður rétt um 10200 kr., en hafa nú hækkað um hvorki meira né minna en 5500 kr. Þar að auki er svo launaskatturinn á bændurna til lánasjóðanna. Það er þá ekki um neinn smáræðisskatt að ræða á sveitaheimilin, sem fylgir hinni nýju lána- og vaxtapólitík ríkisstj.

Ég nefni þetta dæmi til að sýna, hversu nauðsynlegt það er að halda áfram baráttunni fyrir lækkuðum stofnlánavöxtum í landbúnaðinum og öðrum greinum, til samræmis við það, sem nú þegar hefur náðst fram varðandi íbúðalánin.

Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að afloknum umræðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar aths. við ræðu hv. flm. þessa frv. og formanns Framsfl. Ég mun þó engan veginn gera tilraun til þess að gera þessar umr. að einhvers konar allsherjarumr. um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum annars

vegar og stefnu Framsfl. á því sviði hins vegar. En nokkur atriði í ræðu hv. þm. finnst mér óhjákvæmilegt að leiðrétta, þar sem þar var um verulegar missagnir eða misskilning að ræða.

Í þessu frv., sem allir hv. þm. Framsfl. í þessari hv. d. flytja, er lagt til, að útlánsvextir og þá væntanlega einnig innlánsvextir séu nú þegar lækkaðir niður í það, sem þeir voru fyrir 1960 eða voru á árinu 1959, og hefur sams konar frv. áður verið flutt í þessari hv. d. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir því, hver var megintilgangur breytingarinnar í vaxtamálum, sem gerð var 1960, um leið og núv stjórnarflokkar tóku við völdum.

Ég held, að engir, sem þekkja íslenzk efnahagsvandamál eins og þau hafa verið undanfarna áratugi, geri sér ekki skýra grein fyrir því, að einn höfuðvandinn, sem var á höndum í íslenzkum efnahagsmálum á áratugnum 1950—1960, var fólginn í því, að mjög áberandi misræmi var á milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé, þ. e. a. s. sparifjármyndun í landinu var miklum mun minni en eftirspurn eftir lánsfé nam. Ég undirstrika, að mér vitanlega er enginn ágreiningur um þessa meginstaðreynd í þessu sambandi, og hv. Framsfl. og þ. á m. formanni hans, sem var fjmrh. allan þennan áratug, var áreiðanlega ljóst, meðan hann var fjmrh., að eitt meginatriði í íslenzkum efnahagsvanda á þessum árum var einmitt fólgið í þessu mjög áberandi misræmi milli framboðsins á sparifé og eftirspurnarinnar eftir lánsfé. En allir, sem lágmarksskilning hafa á þessum efnum, gera sér auðvitað ljóst, að ef ekki er til lengdar, þegar yfir lengri tíma er litið, sómasamlegt samræmi á milli sparifjármyndunar annars vegar og bankaútlána hins vegar, verður það með einum eða öðrum hætti orsök til verðbólguþróunar, sem síðar þrýstir verðlagi og kaupgjaldi upp á við með óeðlilegum hætti, þannig að gengi gjaldeyrisins hlýtur að verða stefnt í voða, og þannig hafi þetta verið á þessum áratug, sem ég áður gat um.

Eitt af því, sem ríkisstj. taldi því nauðsynlegt að gera, þegar hún tók við völdum 1960, var að gera alvarlegt átak til þess að auka samræmið milli sparifjármyndunarinnar og bankaútlánanna. Og hún komst að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegt ráð í því efni væri einmitt hækkun vaxta, en tilraun í þá átt að auka samræmi milli sparifjármyndunar og bankaútlána með vaxtahækkun hafði ekki verið gerð hér á Íslandi í áratugi. Það var sem sagt nýmæli, sem ríkisstj. greip til árið 1960, þegar hún beitti sér fyrir vaxtahækkuninni, sem þá var framkvæmd. Og nú má spyrja, hver árangur hafi orðið af þessu nýmæli, af vaxtahækkunarpólitíkinni, og ef menn vilja leita svars við þeirri spurningu, þá liggur auðvitað beinast fyrir að athuga, hvort samræmi á milli sparifjármyndunar og bankaútlána hafi aukizt eða minnkað á því tímabili, sem liðið er síðan 1960. Og um það liggja fyrir óyggjandi tölur í opinberum hagskýrslum. Sparifé í bönkum og sparisjóðum var í ársbyrjun 1960 1829 millj. kr. Á miðju þessu ári, eða 1. júlí s. l., nam spariféð 4509 millj. kr. Það hefur m. ö. o. aukizt síðan í ársbyrjun 1960 um hvorki meira né minna en 2680 millj. kr., og hefur aldrei í sögu íslenzkra efnahagsmála orðið jafnmikil aukning á sparifé og á þessu tímabili.

Nú má auðvitað endalaust um það deila, hver sé skýringin á þessari miklu aukningu sparifjárins síðan 1960, og enginn getur auðvitað sannað, að það eigi eingöngu rót sína að rekja til vaxtahækkunarinnar á árinu 1960. En það hygg ég þó, að allir sanngjarnir og skynsamir menn hljóti við athugun að verða sammála um, að vaxtahækkunin hlýtur að hafa átt mjög verulegan þátt í þessari aukningu sparifjárins. Hún hefur raunverulega verið meginorsök þessarar sparifjáraukningar. En hvað hefur orðið um þessa sparifjáraukningu? Hv. þm. talaði þannig í ræðu sinni áðan, eins og hér væri nú meiri skortur á lánsfé en nokkru sinni áður og að spariféð hafi verið tekið úr umferð, bankarnir eða öllu heldur ríkisstj. beinlínis héldi sparifénu fyrir framkvæmdamönnum, atvinnurekendum, húsbyggjendum eða þeim öðrum, sem á lánsfé þurfa að halda. En hver er sannleikurinn um þetta efni? Heildarútlán banka og sparisjóða voru 1. jan. 1960 3899 millj. kr. Þau voru í ársbyrjun 1960 3899 millj. kr. Á miðju þessu ári, eða 1. júlí s. l., námu heildarútlán banka og sparisjóða 6324 millj. kr. Þau hafa m. ö. o. aukizt um hvorki meira né minna en 2425 millj. kr. Heildarútlán banka og sparisjóða hafa aukizt um 2425 millj. kr. síðan í ársbyrjun 1960. Ef menn bera þessa einföldu og ótvíræðu tölu saman við fullyrðingar hv. þm. í ræðu sinni hér áðan um það, að sparifénu sé haldið úr umferð og hér ríki gífurlegur lánsfjárskortur, þá verður mjög erfitt að koma þessu tvennu heim og saman. Heildarútlán banka og sparisjóða hafa aukizt um upp undir 2500 millj. kr. eða upp undir sömu fjárhæð og sparifé landsmanna hefur aukizt síðan í ársbyrjun 1960, um hvorki meira né minna en hálft þriðja þús. millj.

Um stefnu ríkisvalds og seðlabanka í vaxtamálum er það að segja, að markmið vaxtapólitíkur hlýtur að sjálfsögðu að vera að stuðla að sem mestu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé, þ. e. a. s. mestu jafnvægi milli sparifjármyndunar og bankaútlána, til þess að komast eins og mögulegt er hjá beinni skömmtun lánsfjár. Þessar tölur, sem ég nefndi áðan um aukningu sparifjármyndunar síðan 1960 og aukningu heildarútlána banka og sparisjóða, sýna, að það hefur verið svo að segja jafnvægi milli aukningar sparifjárins og aukningar heildarútlánanna. Og ég leyfi mér að fullyrða, að sú skömmtun, sem nú er á lánsfé, því miður, og hlýtur að vera, meðan ekki tekst að auka sparifjármyndunina enn meir en tekizt hefur þó með þeirri vaxtahæð, sem nú er viðhöfð, er síður tilfinnanleg nú en hún var yfirleitt á áratugnum 1950—1960. Menn muna vel, hversu alvarleg skömmtunin á lánsfénu var þá, fyrst og fremst vegna þess, að sparifjármyndunin var allsendis ónóg, en þá var sá kostur tekinn að mæta eftirspurninni eftir lánsfé með því að auka bankaútlán umfram sparifjármyndunina, sem hlaut auðvitað að hafa verðbólguáhrif innanlands og rýra gjaldeyrisstöðuna út á við mjög verulega.

Auðvitað er algert ósamræmi í þeim tveimur

staðhæfingum hv. formanns Framsfl., að ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé hafi aldrei verið meiri en nú, að segja þetta í öðru orðinu, en leggja síðan í hinu orðinu til, að vextir séu stórlækkaðir, því að ráðið til þess að bæta úr því, ef um mjög mikla og ófullnægða eftirspurn eftir lánsfé er að ræða, getur auðvitað ekki verið að lækka vexti, því að það hlýtur að verða til þess að auka eftirspurnina eftir lánsfé. Ef hann raunverulega trúir því, að það sé um mjög alvarlega ófullnægða eftirspurn eftir lánsfé að ræða og það sé mjög verulegur vandi í íslenzkum efnahagsmálum nú, getur hv. þm. varla meint í alvöru, að rétta ráðið við því sé að lækka innlánsvexti og draga þannig úr sparifjármynduninni og lækka útlánsvexti og auka þar með eftirspurnina eftir lánsfénu. (EystJ: Viljið þið þá ekki hækka vextina enn þá?) Nei, það er allt annað mál. Auðvitað eru því takmörk sett, hversu skynsamlegt getur talizt að hafa vexti háa. Það þarf auðvitað ekki nánari skýringar. En vextir eiga að vera svo háir, eins og ég sagði áðan, þeir eiga að hafa hæð, sem gerir það eins kleift og mögulegt er að hafa skömmtun lánsfjár litla. Ég tel, að þegar 1960 hafi verið fundin sú vaxtahæð, sem er atvinnuvegunum ekki ofviða, en er sparifjáreigendum samt sem áður mikil hvatning til þess að auka sparnað sinn.

Eins og háttað er í íslenzkum efnahagsmálum, hefur engum dottið í hug, hvorki mér né vitanlega nokkrum öðrum, að hægt sé að koma á jafnvægi á milli myndunar sparifjár og bankaútlána með vaxtapólitíkinni einni saman. Og það er auðvitað alger útúrsnúningur út úr ummælum mínum um þetta efni og þeirri stefnu, sem ríkisstj. og Seðlabanki hafa fylgt, að leggja þann skilning í orð okkar eða stefnu okkar, að við teljum, að ætti að koma á algeru jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé með vaxtahæðinni einni saman. Það hef ég aldrei sagt í þeim miklu umr., sem ég hef þó tekið þátt í um þessi mál, og það hef ég engan stuðningsmann núv. ríkisstj. heyrt segja, svo að það eru algerlega rangtúlkaðar okkar skoðanir, ef þeim er gefin sú merking. Það, sem gera þarf í þessum málum nú, er ekki, eins og ástandið er, að lækka vexti að óbreyttri tilhögun lána, heldur að athuga möguleika á því að vísitölutryggja útlán til langs tíma og athuga þá vaxtalækkun í því sambandi, þ. e. a. s. vaxtalækkun á vísitölubundnum lánum. Það er þetta, sem ríkisstj. hefur verið að athuga undanfarið og er enn að athuga og hefur þegar tekið ákvörðun um að því er snertir húsnæðismálalánin, sem vextir hafa verið lækkaðir á um helming, samtímis því sem þau lán hafa verið vísitölutryggð. Ríkisstj. telur það vera hina skynsamlegustu stefnu í þessum málum að athuga mjög gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að útvíkka einmitt þetta kerfi, þessa tilhögun á útlánum, að gera lán til langs tíma háð verðlagsbreytingum og þá um leið að lækka vexti á slíkum lánum, m. ö. o.: þeir, sem þá áhættu taka á sig að þurfa að endurgreiða sín lán, sem þeir fá til lengri tíma, með jafnverðmiklum krónum, þeir fá þá áhættu bætta og með fullkomnum rétti með því móti, að þeir njóta þá lægri vaxta. Ríkisstj. hefur þegar sýnt það í sínum aðgerðum varðandi húsnæðismálalánin, að hún telur þessa stefnu vera skynsamlega, og hún mun athuga, hvort ekki er hægt að færa hana út til fleiri sviða.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að vextirnir, eins og þeir eru nú, séu mikill baggi á framleiðsluatvinnuvegunum og þá væntanlega ekki sízt útflutningsatvinnuvegunum. Ef það er athugað, hversu mikið sjávarútvegurinn mundi spara við það, að þetta frv. yrði samþ., þ. e. að vextir yrðu lækkaðir niður í það, sem þeir voru 1959, kemur í ljós, að sjávarútvegurinn mundi spara í vaxtagjöldum 40 millj. kr., meira að segja rétt innan við 40 millj. kr., en það er um 1% af heildarkostnaði sjávarútvegsins. Af þessum einföldu tölum sést, hvílík reginfjarstæða það er, að munurinn á þeirri vaxtahæð, sem nú er, og þeirri vaxtahæð, sem mundi vera, þótt þetta frv. yrði samþ., hafi einhverja úrslitaþýðingu fyrir afkomu sjávarútvegsins. 40 millj. kr. fram eða til baka hafa engin úrslitaáhrif fyrir afkomu sjávarútvegsins. Hins vegar mundi vaxtalækkun auðvitað bitna á öllum þeim, sem eiga sparifé, og ef athuguð er heildarupphæð sparifjárins í bönkum og sparisjóðum nú og reiknað út, hversu mikið vaxtatekjur sparifjáreigenda af heildarsparifénu mundu nema, kemur í ljós, að á einu ári mundu sparifjáreigendur í heild missa um 110 millj. kr. vaxtatekjur. Þetta frv. þýðir því í raun og veru að svipta sparifjáreigendur 110 millj. kr. vaxtatekjum á heilu ári, en sjávarútvegurinn mundi ekki spara við þessa vaxtalækkun nema 40 millj. kr. eða því sem næst 1% af sínum heildarframleiðslukostnaði. Þetta tekur af öll tvímæli um, hversu fjarri það er, að þessi vaxtamál hafi þá þýðingu, sem þau eru mjög oft talin hafa í áróðri hv. stjórnarandstæðinga og þá sérstaklega áróðri hv. Framsfl.

Þá vil ég að síðustu fara örfáum orðum um þá staðhæfingu hv. þm. í ræðu sinni áðan, að hin svokallaða innstæðubinding í Seðlabankanum hafi verið skaðleg, en eitt atriði frv. er, að lagt er til, að slíkri innstæðubindingu sé hætt. Ég vil í því sambandi aðeins undirstrika, að tilgangur innstæðubindingarinnar í Seðlabankanum var og er að gera Seðlabankanum kleift að halda áfram útlánum sínum til sjávarútvegs og landbúnaðar samfara því, sem honum er þá gert kleift og hefur verið gert kleift að mynda gjaldeyrisvarasjóð. En þrátt fyrir það, að Seðlabankinn hefur á undanförnum árum getað myndað gjaldeyrisvarasjóð, sem nú 1. okt. nemur hvorki meira né minna en 1548 millj. kr., — það er síðasta talan, sem til er um gjaldeyrisvarasjóðinn, hann nemur 1548 millj. kr., — samtímis því, sem Seðlabankinn hefur getað byggt upp þennan gjaldeyrisvarasjóð, hefur hann getað haldið áfram stofnútlánum sínum til sjávarútvegs og landbúnaðar og meira að segja aukið þau heldur. Endurkeyptir víxlar af sjávarútvegi og landbúnaði námu í ársbyrjun 1960 857 millj. kr., en 1. okt., þ. e. 1. þ. m., námu þessi lán Seðlabankans til sjávarútvegs og landbúnaðar 913 millj. kr. Þau voru m. ö. o. 1. þ. m. 56 millj. kr. hærri en þau voru í ársbyrjun 1960, og þetta hefur tekizt, ekki aðeins að halda þessum útlánum Seðlabankans, heldur jafnframt auka þau samtímis því,

sem Seðlabankinn hefur myndað 1548 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð. Þetta hefði auðvitað ekki tekizt nema með því móti, að Seðlabankinn hefði fengið nokkra hlutdeild í sparifjármyndun landsmanna, eins og tilgangur hinnar svonefndu innstæðubindingar raunverulega var.

Svo var það að síðustu sú staðhæfing hv. þm. í ræðu hans áðan, að erlend lán þjóðarinnar væru nú miklu hærri en þau hefðu nokkurn tíma áður verið og hærri en þau voru í ársbyrjun 1960, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Það er rétt, að heildarskuldir þjóðarinnar erlendis eru nú meiri en þær voru þá. En upphæð heildarskulda þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum er ekki það, sem mestu máli skiptir, þegar um það er dæmt, hvort land sé óeðlilega skuldugt erlendis eða ekki. Enginn hefur mér vitanlega nokkurn tíma haldið því fram, að heildarupphæð erlendra skulda út af fyrir sig sé mælikvarði á það, hvort fjárhagur þjóðar sé heilbrigður eða óheilbrigður. Það, sem máli skiptir varðandi erlendar skuldir þjóðar, er, með hvaða kjörum þær eru fengnar og með hvaða gjaldfresti hin erlendu lán eru fengin. Það, sem var alvarlegt í ársbyrjun 1960, var, að skuldir þjóðarinnar þá voru bæði með erfiðum kjörum, og þó fyrst og fremst, að lán hafa verið tekin til mjög stutts tíma. Það, sem var alvarlegast við ástand þjóðarinnar gagnvart útlöndum í ársbyrjun 1960, var, að mjög verulegur hluti af erlendum skuldbindingum þjóðarinnar var til aðeins nokkurra ára, þannig að samanlögð tala vaxta og afborgana af þessum lánum var orðin alveg óeðlilegur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, var fyrirsjáanlegt að færi upp í um 11% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar, og þegar þannig er ástatt, að þjóð þarf að nota meira en 1/10 hluta af sínum heildargjaldeyristekjum til þess eins að borga vexti og afborganir af erlendum skuldum, þá er voðinn vís, og það var þessi voði, sem við gerðum okkur ljóst að var fyrir hendi í ársbyrjun 1960. Þessu hefur tekizt að gerbreyta. Samsetning þeirra erlendu skulda, sem Íslendingar eru nú í gagnvart öðrum þjóðum, er orðin gerólík því, sem var í ársbyrjun 1960, og mjög verulegur hluti, miklu, miklu stærri hluti en þá er nú til mjög langs tíma, og þess vegna er það engan veginn merki um óheilbrigt fjármálaástand, þó að erlendar skuldir þjóðarinnar séu nú hærri en þær voru í ársbyrjun 1960. Það, sem máli skiptir, er, að kjörin eru betri en þau voru þá og gjaldfresturinn er mun lengri en þá var, og þess vegna er það tvímælalaust rétt staðhæfing, að einnig á þessu sviði hafi efnahagsstefnu núv. ríkisstj. tekizt að láta gott af sér leiða.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru fáein orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið nauðsynlegt að hækka vextina, þeir hefðu verið hækkaðir til að koma á samræmi milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé. Þeir hefðu verið hækkaðir fyrst og fremst í þessu skyni. Við skulum segja, að þetta sé rétt, að þeir hafi verið hækkaðir í þessu skyni. En þá segi ég, að þetta hafi algerlega mistekizt. Ég fullyrði, að ósamræmi milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé hefur sjaldan og sennilega aldrei verið meira í íslenzkum þjóðarbúskap en einmitt nú, eftir að búið er að framkvæma pólitík hinna háu vaxta í nokkur ár.

Ég veit, að hæstv. ráðh. er ljóst, að því fer alls fjarri, að um nokkurt samræmi sé að ræða á milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé á Íslandi. Er nægilegt að vísa í þau tvö dæmi, sem ég tók: Annars vegar ástandið hjá vélaiðnaðinum, sem Sveinn Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Héðni lýsti með sterkum orðum. Hins vegar dæmið frá öðrum framkvæmdastjóra, sem hafði nákvæmlega sömu sögu að segja. Ástandið hjá almenningi er þó sennilega enn þá verra en hjá þeim fyrirtækjum, sem þessir aðilar eru kunnugastir.

Það hefur sem sé sjaldan eða aldrei verið harðsnúnari skömmtun á lánsfé en einmitt nú, því að það eru bókstaflega einu ráðstafanirnar, sem hæstv. ríkisstj. reynir að gera til að hamla gegn verðbólgu og þenslu í landinu, að draga saman lánveitingarnar, og svo það, sem gert er til að koma á almennri kjaraskerðingu. Þannig er það tvíþætt.

Hæstv. ráðh. segir, að sparifjáraukning hafi orðið mikil í landinu, og sagði, að sparifé hefði aukizt um 2680 millj. kr. En það er bara sá galli á, að það eru þessar smáu viðreisnarkrónur, sem hæstv. ráðh. talar um. Sparifjáraukningin hefur orðið furðulega lítil á þessu tímabili, þegar tekið er tillit til verðgildis sparifjárins, sem hefur hrunið að verðgildi ár frá ári. Og mætti sjá þetta með því að bera saman frá ári til árs og miða þá líka við dýrtíðaraukninguna í landinu. En því miður hef ég ekki þær tölur hér við höndina. En það mundi sýna sig, ef dæmið væri tekið á þennan hátt, sem er hinn eini rétti háttur, að sparifjáraukningin er lítil miðað við það góðæri, sem verið hefur í landinu, og allar almennar kringumstæður. Þarna kemur vitanlega til kjaraskerðingin, sem ríkisstj. hefur pínt fram, og svo verðbólgan, sem dregur auðvitað stórkostlega úr sparifjármynduninni. Pólitík ríkisstj. hefur alveg misheppnazt að þessu leyti.

Eiginlega vildi hæstv. ráðh. helzt ekki viðurkenna, að það hefðu verið gerðar neinar ráðstafanir til að draga úr lánsfjármagninu eða peningamagninu í umferð. Mér skildist það helzt á honum núna, að hann vildi a. m. k. sem allra minnst úr því gera. Og rökin voru þau, að bankaútlán í landinu í heild hefðu hækkað um 2500 millj. kr. Og ef ég man tölurnar rétt, þá voru þau á fimmta þúsund millj. áður og á sjöunda þúsund millj. nú, minnir mig vera. Þannig mun láta nærri, að bankaútlánin hafi aukizt um 50—60% En í því er fólginn stórkostlegur samdráttur, þegar þess er gætt, að allt verðlag í landinu hefur hækkað miklu meira en 60%. Það er því engin furða, þó að strekki einhvers staðar í hjá framleiðslufyrirtækjunum, þegar þessar tölur eru skoðaðar, einmitt þessar tölur, sem hæstv. ráðh. flutti hér fram og áttu að sýna það, að útlánastarfsemi í landinu væri ekki miklu minni en áður, skilst manni. En með því að reyna að sýna fram á það er ráðh. í raun og veru farinn að afneita þeirra eigin stefnu, því að hún hefur óumdeilanlega verið byggð á því að takmarka, hversu mikið lánsfé væri í umferð. Þeir hafa

talið það vera nauðsynlegt. Það þarf ekki að vera í neinum feluleik með þetta, því að þessar þús. millj., sem dregnar hafa verið inn í Seðlabankann, hafa að sáralitlu leyti farið þaðan aftur út í innanlandsumferðina. Það kann að vera, að þær hafi að einhverju örlitlu leyti farið út, en að sáralitlu leyti. Það er beinn nettó-samdráttur lána frá því, sem var áður og við viljum hafa. Enn fremur er þess að gæta, að endurkaup hafa verið dregin saman, eins og ég hef margsinnis bent á. Það er þess vegna engin tilviljun, hvernig ástandið er í lánamálunum. En því miður hafa jafnvel ekki þessar fórnir, sem menn hafa verið látnir færa, orðið til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálunum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri fásinna að lækka vextina, á meðan ekki væri fullnægt eftirspurn eftir lánsfé. En ég bara spyr: Lækkuðu þeir vextina á íbúðalánunum vegna þess, að þeir teldu, að það væri allt í einu búið að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé? Var það þess vegna, sem þeir lækkuðu vextina á íbúðalánunum? Nei, auðvitað ekki. Ég held, að það hafi verið vegna þess, að þeir ráku sig á þá köldu staðreynd, að þessi vaxtapólitík þeirra var óframkvæmanleg, og þeir eigi eftir að reka sig á það víðar. Og eins og einhver þm. skaut hér inn í áðan, ef þessi röksemdafærsla ráðh. stæðist, þá ættum við að eiga nú von á gífurlegri vaxtahækkun til að draga eitthvað úr því stórkostlega ósamræmi, sem er á milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé.

Nei, sannleikurinn er sá, og það er bezt fyrir hæstv. ráðh. að játa, að við getum ekki hér á Íslandi látið frjálsa eftirspurn og frjálst framboð á lánsfé ráða vöxtunum. Við höfum aldrei getað það. Og sú pólitík að vera að reyna slíkt ber dauðann í sér og er hættuleg fyrir íslenzkan þjóðarbúskap. Enda hafa allir flokkar ætíð verið sammála um þetta, þangað til þessi nýja stefna var tekin upp, sem við höfum verið að ræða. Við skulum því spara okkur allar hátíðlegar umr. um framboð og eftirspurn á lánsfé í þessu sambandi og snúa okkur að raunveruleikanum, en hann er sá, hvernig þetta snýr að okkar þjóðarbúskap í einstökum greinum.

Síðan kom ráðh. að því, sem hann hefur reyndar stundum komið að áður, að sýna fram á, hvað vaxtamálið væri í raun og veru lítið mál, það væri bara smámál. Þó að það væri breytt vöxtunum úr því, sem þeir eru núna, og niður í það, sem þeir voru áður, væri það í raun og veru smámál. Hann hafði tölur á reiðum höndum, eins og oft endranær. Það væru 40 millj., sem það sparaði sjávarútveginum. Á þessu sæjum við, að hér væri ekki um þýðingarmikinn lið að ræða.

Ég hélt nú sannast að segja, að eftir þær umr., sem orðið hafa um þessi mál á undanförnum missirum, mundi ég ekki heyra rök af þessu tagi framar. Ég hélt, að hæstv. ráðh. væri orðið það ljóst af biturri reynslu, hvaða liður vextirnir eru í þjóðarbúskapnum. Eða hvað var það, sem þeir ráku sig á í kjarasamningunum í vor? Hvers vegna neyddust þeir til að lækka vextina á íbúðalánunum úr 8%, þvert ofan í sína stefnu, og niður í 4%? Hvers vegna? Það var vegna þess, að ef átti að halda áfram með 8% vexti á íbúðalánum, var orðið óhjákvæmilegt, að það kæmi inn í kaupgjaldið í landinu. Og ef átti að halda þeirri vaxtapólitík áfram, sem þeir voru búnir að fylgja í mörg ár og eru enn að tala hér fyrir, þá rak það atvinnulífið gersamlega í strand, því að hvernig hefði atvinnurekstrinn átt að borga það kaup, sem vinnandi maður þyrfti að hafa til þess að geta staðið undir — við skulum bara segja 600—700 þús. kr. íbúð með 8% vöxtum þeirra? Hvað heldur hæstv. ráðh., að sá maður þyrfti að hafa í kaup, sem undir því þarf að standa? Mundi hann ekki vilja reikna það dæmi og segja okkur svo, að það sé þýðingarlítið fyrir íslenzkan sjávarútveg og íslenzkan atvinnurekstur og íslenzkan þjóðarbúskap, hvaða vextir gildi á Íslandi? Ég álít, að það muni þurfa að fara langt til þess að heyra rök eins og þetta úr ráðherrastóli.

Í öðrum löndum er mönnum þetta svo vel ljóst, að þeir gera sér grein fyrir því, að jafnvel ákvörðun um að breyta vöxtunum um ½% er stórkostleg ákvörðun. En hér segir hæstv. ráðh., að það skipti undirstöðuframleiðsluna í landinu núlega alls ekki neinu, hvort vextirnir eru 9% eða 7%, eða hvort þeir eru 9% eða 5½%, eins og gert er ráð fyrir, að þeir verði á endurkaupavíxlunum, ef okkar frv. yrði samþykkt. Þetta eru hraustir menn, sem svona tala, og þessi rök er okkur boðið upp á hér á hv. Alþingi og það ár eftir ár.

Svo eru það ekki aðeins vextir af peningalánum, sem menn þurfa að borga. Fjármagnskostnaðurinn í landinu er ekki aðeins vextir af peningalánum, og það ætti þó hagfræðingum að vera ljósara en nokkrum öðrum. Vextirnir koma inn í kaupgjaldið. Þeir koma inn í verðlagið og húsaleiguna, og það er ekki aðeins t. d. unga fólkið, sem þarf að fá vextina inn í kaupgjaldið. Allir aðrir vilja hafa sama kaup og unga fólkið þarf að fá, og endurgjald fyrir allar eldri eignir hækkar með hækkuðum vöxtum. Fjármagnskostnaðurinn allur vex gífurlega með háum vöxtum, og annaðhvort verður framleiðslan að borga eða menn verða að taka þetta á sig í kjararýrnun. Annaðhvort verður framleiðslan að borga eða þeir, sem eiga ekki eignir, verða að taka þetta á sig í kjararýrnun. Og með þessu eru tekjurnar í þjóðfélaginu og fjármagnið flutt yfir til þeirra, sem eiga eignirnar.

Hér er ekki aðeins um það að ræða, hvað þarf að borga í vexti af láni í banka. Hér er um fjármagnskostnaðinn í landinu að ræða almennt. Og það er ekki að furða, þó að úrskeiðis hafi gengið í þessum efnum, ef það er almennt litið svo á í stjórnarráðinu, að það sé þýðingarlítið atriði fyrir þjóðarbúskapinn og framleiðsluna í landinu, hvað vextirnir séu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að innstæðubindingin hefði verið lífsnauðsynleg, til þess að hægt væri að halda áfram að endurkaupa afurðavíxlana. Ég er á allt annarri skoðun. Ég álít, að það hafi ekki þurft á neinni innstæðubindingu að halda til þess að halda áfram þeirri pólitík, sem rekin var í því efni og ég og hæstv. ráðh. og ýmsir fleiri stóðum að árum saman. Ég álít, að það hafi ekki þurft að koma á neinni innstæðubindingu til þess að halda því áfram og þurfi ekki til að taka þá stefnu upp aftur. Það er sagt, að

þetta hafi verið gert af því, að þessar ráðstafanir hafi áður aukið verðbólguna. Hver er reynsla okkar um verðbólguna nú þessi árin, eftir að nýja stefnan var tekin upp, sem átti að koma í veg fyrir hana, og svo áður? Það hefur verið örari verðbólguþróun hér nú þessi árin en nálega nokkru sinni fyrr. Og varðandi gjaldeyrissjóðinn er þetta að segja: Ætli það hefði ekki orðið heldur lítill gjaldeyrissjóður hjá hæstv. ráðh., ef erlendu lántökurnar hefðu ekki átt sér stað? Og það verður óneitanlega dálítið undarleg pólitík, þegar annars vegar er verið að bisa við að eignast þessar gjaldeyrisinnstæður, en hins vegar er verið að pína íslenzka atvinnurekendur til þess að taka lán erlendis til stutts tíma til þess að halda sínum rekstri gangandi. Gjaldeyrissjóðurinn hefði orðið lítill, ef erlendar lántökur hefðu ekki verið framkvæmdar í stórum stíl og meira að segja lausaskuldasöfnun við útlönd átt sér stað í ríkum mæli eða sem nemur mörg hundruð millj. kr.

Ég sagði hér áðan, að baggar viðreisnarinnar hefðu átt að leggjast á menn til að greiða niður erlendu skuldirnar. Og það er staðreynd, að því var marglýst yfir, að þjóðin yrði að leggja á sig byrðar viðreisnarinnar til þess að greiða niður erlendu skuldirnar, þær væru of miklar og þær þyrftu að lækka. En þær hafa hækkað stórkostlega, og hæstv. ráðh. játaði það. En þá fór hann að halda æðimikla ræðu um, að þessar skuldir, sem nú hefðu bætzt við, væru svo miklu heppilegri lán en hefðu áður verið tekin. Ég hef ekki tölur til þess að mæta svona fullyrðingum af hendi hæstv. ráðh. En ég dreg það í efa, sem hæstv. ráðh. segir um þetta. M. a. er mér vel kunnugt um, að stutt vörukaupalán erlendis hafa einmitt vaxið á þessum síðustu árum um mörg hundruð millj., þannig að mér er nær að halda, að þessu sé alveg öfugt farið við það, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta. Okkur var sagt í upphafi „Viðreisnar“, að skuldirnar væru hættulega miklar og þyrftu að lækka. Það rétta var, að skuldirnar hafa aldrei verið hættulega miklar og þær hafa hækkað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að karpa við hv. þm. um atriði í íslenzkum efnahagsmálum, sem eru þaulrædd bæði hér á hinu háa Alþingi og í umr. um stjórnmál og efnahagsmál yfirleitt. Ég get þó ekki komizt hjá því að leiðrétta mjög alvarlega rangtúlkun á ummælum mínum og skoðunum varðandi þýðingu vaxta og vaxtabreytinga. Það er alger rangtúlkun á orðum mínum og skoðunum á þeim málum, að ég telji eða hafi nokkru sinni sagt nokkuð í þá átt, að ég telji vaxtabreytingar nauðaþýðingarlitlar. Þvert á móti er ég á sömu skoðun og mér vitanlega allir hagfræðingar eru og ég held allir stjórnmálamenn líka, að auðvitað hefur hæð vaxta mjög mikla þýðingu í sérhverju hagkerfi, sérstaklega svonefndu frjálsu hagkerfi. En í hverju er þýðing vaxtanna fólgin? Það er það, sem okkur hv. þm. virðist greina nokkuð á um. Ég held, að allir hagfræðingar og allir fjármálamenn séu um það sammála, að þýðing vaxta, þýðing þess, hversu vextir eru hafðir háir, sé fyrst og fremst fólgin í áhrifum vaxtahæðarinnar á sparifjármyndunina annars vegar og hins vegar á áhrifum vaxtahæðarinnar á framkvæmdastigið eða fjárfestingarstigið, þ. e. á það, í hversu miklar framkvæmdir framkvæmdamenn telja sér hagkvæmt og skynsamlegt að leggja. Þegar það þykja, eins og hv. þm. sagði alveg réttilega áðan, stórtíðindi og er talið hafa stórkostleg áhrif á efnahagskerfi annarra þjóða, sem búa við mun frjálsara hagkerfi en við gerum hér á Íslandi, og talið hafa mikil áhrif, þegar forvöxtum seðlabanka er breytt um ½%, þá er það auðvitað vegna þess, að þá gera menn sér grein fyrir, að hækkunin eða lækkunin hefur tilsvarandi víðtæk áhrif á framkvæmdastigið, á það, hversu miklum hluta tekna sinna hlutaðeigandi þjóð ver til framkvæmda eða til fjárfestingar, og jafnframt er vaxtahækkun talin munu verða til að auka sparifjármyndun, auka verðbréfakaup í því skyni að auðvelda aukna fjárfestingu, en menn gera sér ljóst, að vaxtalækkun mundi þýða minnkun á sparifjármyndun, minnkuð verðbréfakaup alveg sérstaklega. Um þetta eru allir fjármálamenn og hagfræðingar auðvitað sammála, svo að þarna fór hv. þm. með algerlega rétt mál.

Það, sem ég verð hins vegar að undirstrika í mínum orðum áðan og hv. þm. vildi rangtúlka sem ummæli mín í þá átt, að vaxtahæð hefði enga þýðingu, var, að ég væri að benda á, að allt of mikið væri gert úr þýðingu vaxtahæðarinnar fyrir rekstrarkostnað einstakra atvinnugreina. Það er ómótmælanleg staðreynd, að t. d. íslenzkum sjávarútvegi er vaxtakostnaðurinn miklu minni gjaldaliður en allajafna er látið í veðri vaka af hv. stjórnarandstöðu, og það er ómótmælanleg staðreynd, sem byggist á þeim beztu tölum, sem fáanlegar eru, að vaxtalækkun niður í það, sem vextir voru 1959, mundi spara íslenzkum sjávarútvegi tæpar 40 millj. kr., og það er ekki meira en sem svarar 1% af heildarútgjöldum íslenzks sjávarútvegs. Þetta er jafnómótmælanlegt og hitt, að auðvitað hefur það þýðingu fyrir sparifjármyndunina og framkvæmdastigið, hvort vextirnir eru 7%, 9% eða 10%. En þar er um allt önnur atriði að ræða.

Fyrst ég á annað borð taldi mér nauðsynlegt að koma í veg fyrir þennan alvarlega misskilning, vil ég með örfáum orðum víkja að því, sem hv. þm. sagði um áhrif vaxtahækkunar 1960 á sparifjármyndunina síðan og útlánaaukninguna síðan. Ég benti á það í orðum mínum áðan, að sparifé hefði síðan 1960 aukizt um næstum 2700 millj. kr. og heildarútlán banka og sparisjóða hefðu á sama tíma aukizt um næstum 2500 millj. kr. Þetta taldi ég bera þess órækt vitni, að mjög sæmilegt jafnvægi hafi náðst milli sparifjáraukningarinnar og heildarútlána banka og sparisjóða, þannig að sú verðbólga, sem hér hefur því miður verið síðan, á ekki rót sína að rekja til þess, að heildarútlán banka og sparisjóða hafi vaxið umfram eðlilega og heilbrigða sparifjármyndun. En ef við förum nokkur ár aftur í tímann, þ. e. til fyrri ára en 1960, verður allt annað upp á teningnum. Ég hef því miður ekki við höndina hér í þingsalnum tölur, sem ná lengra aftur en til ársloka 1960. En ef við athugum þær breytingar, sem urðu á sparifé landsmanna

frá árslokum 1956 til ársloka 1959 eða ársbyrjunar 1960, þessi þrjú ár, kemur í ljós, að sparifé jókst þá um 595 millj. kr. En hvað halda hv. þm., að bankaútlánin hafi aukizt mikið á sama tíma, á þessum sömu þremur árum? Hvað skyldu þau hafa aukizt mikið? Þau jukust á sama tíma um 1436 millj. kr. M. ö. o.: sparifjármyndunin stóð ekki undir helmingi útlánaaukningar banka og sparisjóða á þessum þremur árum fyrir 1960. Sama mundi koma í ljós, ef ég hefði allar tölur yfir áratuginn 1950—1960, sem ég hef því miður ekki við höndina. Í þessu var einmitt vandi þessara ára fólginn. Sparifjáraukningin dugði ekki upp í helming útlánaaukningar banka og sparisjóða. Þetta var eitt það, sem allra óheilbrigðast var við fjármálaástandið á áratugnum 1950—1960. Og sú nýja stefna, sem upp var tekin 1960, hafði það að höfuðmarkmiði að gera gagngera breytingu á þessu. Afleiðing þess, að sparifjármyndunin dugði ekki einu sinni að hálfu leyti upp í útlánaaukninguna, varð auðvitað óviðráðanleg verðbólga innanlands og stöðugur gjaldeyrishalli í utanríkisviðskiptunum. Þetta tvennt hlýtur að fara saman. Ef bankaútlánin eru aukin meira en helmingi meira innanlands en sparifjármynduninni nemur, getur það ekki haft önnur áhrif en annað tveggja eða hvort tveggja. Hér er afleiðingin hvort tveggja, óviðráðanleg verðbólga innanlands og stöðugur greiðsluhalli gagnvart útlöndum. Þetta var líka einkenni áratugsins 1950—60, óviðráðanleg verðbólga innanlands og stöðugur greiðsluhalli gagnvart útlöndum, með mjög litlum undantekningum.

Þessu hefur tekizt að breyta. Greiðsluhallanum hefur verið snúið upp í greiðsluafgang síðan 1960, það sýnir gjaldeyrisvarasjóðurinn, og þótt að vísu hafi ekki tekizt að vinna bug á verðbólgunni, eru orsakir verðbólgunnar síðan 1960 allt aðrar en þær voru á áratugnum 1950—1960, og það er mergurinn málsins. (EystJ: Hverjar?) Orsakir verðbólgunnar síðan 1960 eru fyrst og fremst víxlhækkanir, sem orðið hafa á milli kaupgjalds og verðlags, fyrst og fremst þær, að sökum þróunarinnar í kaupgjalds- og verðlagsmálum hefur kauphækkunin orðið meiri en útflutningsatvinnuvegirnir hafa getað staðið undir. En það er ekki hægt að rekja verðbólguna frá 1960 að neinu leyti til rangrar stefnu í peningamálum eða fjármálum hér innanlands. M. ö. o.: það hefur ekki verið það misræmi milli sparifjármyndunar og bankaútlána, sem var eitt höfuðeinkenni áratugsins 1950—60. Sönnun fyrir því, að það er ekki hægt að rekja verðbólguþróunina síðan 1960 að neinu leyti til stefnunnar annaðhvort í banka- eða peningamálum, er sú, að sparifjáraukningin hefur numið um 2700 millj. síðan 1960, en heildarútlánaaukning bankanna um 2500 millj. kr. Þær tölur taka af öll tvímæli um það, að stefnan í þessum málum hefur verið heilbrigð, a. m. k. miklum mun heilbrigðari en hún var allan áratuginn 1950—60.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi gert of mikið úr því, sem hann sagði í sambandi við þýðingu vaxtanna fyrir sjávarútveginn. Það gerði ég ekki, því að hæstv. ráðh. var með málflutningi sínum að gefa í skyn, að vextirnir hefðu nálega enga þýðingu fyrir sjávarútveginn. Um tölur hans skal ég ekkert segja, en það veit ég, að þær gefa af þessu ranga mynd, og ég sýndi fram á, að áhrif vaxtanna fyrir sjávarútveginn sem grundvallaratvinnuveg eru margfalt meiri en ráðh. vildi gefa í skyn, m. a. gegnum kaupgjaldið og aðra kostnaðarliði. Tölur þær, sem hann nefndi í því sambandi, gefa ekki af því neina mynd og eru eingöngu fluttar til þess að gefa ranga mynd af áhrifunum einmitt fyrir sjávarútveginn. Þar að auki er auðvitað beinn fjármagnskostnaður sjávarútvegsins margfaldur á við það, sem greitt er beint af lánum, því að frystihúsin reikna sér t. d. vexti af því fé, sem í frystiiðnaðinum liggur.

Hæstv. ráðh. sagði, að áhrif vaxtanna væru að sjálfsögðu mikil, fyrst og fremst á sparifjármyndun og á fjárfestinguna. Mér virðist hann enn þá vera við sama heygarðshornið, að það eigi fyrst og fremst að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu með vaxtapólitíkinni. En ég segi: Við getum alls ekki ákveðið framkvæmdastigið með vaxta- eða peningamálapólitíkinni einni saman. Þarna ber okkur hæstv. ráðh. og mér mjög mikið á milli. Við getum þetta ekki, því að með því að reyna það lendum við úti í slíkum öfgum í lánasamdrætti og hæð vaxtanna, að það verður stórhættulegt fyrir þjóðarbúskapinn, eins og dæmi undanfarinna ára sanna. En um þetta er ágreiningur, og þetta er mín skoðun.

Þá sagði hæstv. ráðh., að útlánum hefði verið stillt í hóf miðað við það, sem áður var, og játaði nú, að útlánasamdráttur hefði orðið. Ég vek athygli manna á því, að í öðru orðinu vill hann ekki viðurkenna þetta, en nú allt í einu sagði ráðh., að það hefði orðið útlánasamdráttur miðað við það, sem áður var. Hann hefði verið nauðsynlegur og góður, sagði hæstv. ráðh.

Ég vek enn athygli á því, að enda þótt þessari útlánapólitík hafi verið beitt og þessari vaxtapólitík, hefur orðið miklu meiri dýrtíðarvöxtur en áður átti sér stað og stórkostleg verðbólga í landinu, enn meiri dýrtíðarvöxtur en átti sér stað, meðan sú útlánastefna var rekin, sem við viljum fylgja, sem þetta frv. flytjum.

Ég greip fram í fyrir hæstv. ráðh. og spurði: Hvers vegna hefur þá verðbólgan vaxið svona stórkostlega, fyrst þeir tóku upp þessar aðferðir í lána- og vaxtamálunum, sem þeir töldu óyggjandi, og menn áttu að leggja það á sig að verða fyrir þeim búsifjum, sem af þeim stöfuðu, til þess að koma verðbólgunni fyrir kattarnef? Ráðh. svaraði og sagði: Það er vegna víxlhækkana á kaupgjaldi og verðlagi. Ég segi: Þetta er ekki rétt, því að það er hægt að sanna, að einmitt á þessum tíma, þessum 5 árum, sem núv. stjórnarstefna hefur verið framkvæmd, hafa kauphækkanir ævinlega verið æðilangt á eftir verðlagshækkunum, og það hefur átt sér stað samdráttur á kaupmætti dagkaupsins, svo að þarna getur ekki legið orsök verðbólgunnar. Orsök verðbólgunnar er allt önnur, og hef ég ekki ástæðu til að fara út í það í þessari stuttu aths. En hún hefur oft verið rædd hér og verður rædd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Nd., 25. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 2. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 12, n. 73 og 261).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 261, gat fjhn. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur til, að það verði fellt, en fulltrúar Framsfl. leggja til á þskj. 73, að það verði samþ.

Í kjölfar l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, fylgdu ýmsar ráðstafanir á sviði peninga- og viðskiptamála. M. a. voru bæði innláns- og útlánsvextir mjög mikið hækkaðir frá því, sem verið hafði um alllangt skeið. Einnig var vaxtakjörum breytt til hækkunar hjá ýmsum stofnsjóðum. Eins og kunnugt er, var ráðstöfunum þessum ætlað að hamla á móti verðbólguþróuninni í landinu og breyta þeim hugsunarhætti almennings, að óskynsamlegt væri að eiga sparifé. Það var líka staðreynd, að allir, sem komizt höfðu yfir fasteignir, högnuðust, þótt þeir hefðu þurft að stofna til mikilla skulda. Ráðstafanir þessar báru þann árangur, að tiltrú fólks á gjaldmiðlinum fór vaxandi. Einnig urðu þær til þess að draga úr óeðlilegri fjárfestingu. Þróunin í efnahagsmálum leiddi til þess, að vextir voru aftur verulega hækkaðir í árslok 1960, og nú um síðustu áramót voru útlánsvextir enn á ný hækkaðir og innlánsvextir þá að sjálfsögðu um leið. Segja má, að útlánsvextir hafi almennt verið hækkaðir um 1%, en vextir af afurða- og rekstrarlánum hækkuðu meira, eða úr 7¼% í 5¾% og 6½%.

Eins og fram er tekið í áliti meiri hl. fjhn., telur hann ekki rétt að ganga lengra í hækkun vaxta en þegar hefur verið gert. Mundi það hafa í för með sér enn meiri eftirspurn eftir lánsfé og draga úr hvöt manna til að eignast sparifé.

Í 4. gr. frv. er lagt til, að fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, hækki ekki fram yfir það, sem þær eru nú. Innlánsfénu í Seðlabankanum er fyrst og fremst ætlað að standa undir endurkaupum bankans á framleiðsluvíxlum. Þar sem búast má við því, að endurkaupin komi til með að aukast, telur meiri hl. n. ekki fært að binda innlánsfé við ákveðna upphæð, enda í ósamræmi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið í peningamálunum að undanförnu. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði fellt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Vegna veikindaforfalla hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssonar, mun ég leyfa mér að hafa hér nokkra framsögu fyrir nál. minni hl. fjhn. þessarar hv. þd. um það frv., sem hér liggur fyrir til umr., en það er um vaxtalækkun o. fl.

Eins og fram kom af máli hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Norðurl. e., varð ekki samstaða um afstöðu til málsins í n., þar sem meiri hl. leggur til, að frv. sé fellt, en minni hl., þ. e. a. s. hv. 1. þm. Norðurl. v., hv. 5. þm. Austf. og ég, mælir með því, að frv. verði samþ.

Efni frv. er í örstuttu máli það í fyrsta lagi, að útlánsvextir verði lækkaðir, svo að þeir verði ekki hærri en þeir voru um áramótin 1959—60, og í öðru lagi, að bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum verði ekki auknar frá því, sem þær verða við gildistöku l. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem slíku máli er hreyft hér á hv. Alþingi. Það mun vera í fjórða sinn, sem slíkt frv. um vaxtalækkun er borið fram af þm. Framsfl. Á síðasta þingi var málið ekki útrætt, og meiri hl. fjhn. skilaði þá ekki áliti fyrr en á síðustu dögum þingsins. En nú virðist málið ætla að fá þinglega meðferð, og þótt nokkur dráttur hafi orðið á nál. meiri hl., ber samt að fagna því, að það skuli koma fram í tæka tíð að þessu sinni, þannig að málið geti fengið eðlilega meðferð.

Í vaxtalækkunarfrv. á síðasta þingi voru m. a. ákvæði um lækkun vaxta af lánum til íbúðabygginga, og fulltrúar stjórnarflokkanna lögðu til, að þetta ákvæði yrði að sjálfsögðu fellt eins og önnur ákvæði. Samt sem áður gerðist það aðeins einum mánuði síðar, þ. e. 5. júní 1964, að ríkisstj. samdi um það við verkalýðsfélögin og samtök atvinnurekenda að lækka vexti af lánum frá byggingarsjóði húsnæðismálastofnunar úr 8% í 4%. Þá var það einum mánuði síðar hægt, sem alveg var talið útilokað hér síðustu daga þingsins og óframkvæmanlegt. Ástæðan fyrir þessari breytingu hlýtur að vera sú, að þegar þarna var komið sögu, hafa valdhafarnir verið búnir að sjá það, sem við stjórnarandstæðingar vissum fyrir löngu og höfðum margsinnis bent á hér, að húsnæðiskostnaðurinn er orðinn óviðráðanlegur fyrir mikinn fjölda manna vegna gífurlegrar hækkunar á byggingarkostnaði og óhóflega hárra vaxta. En hinn hái húsnæðiskostnaður er jafnframt stórkostlegur verðbólguvaldur, því að húsnæði er fólki jafnmikil nauðsyn og föt og fæði. Þess vegna hlýtur kaupgjald ávallt að miðast við, hvað það kostar að afla þessara óhjákvæmilegu lífsnauðsynja, því að enginn getur sætt sig við minni laun en dugi til að framfæra sig og sína. Sambandið milli verðlags og vaxtakjara er því sérstaklega augljóst, þegar um íbúðamálin er að ræða. En slíkt samband er vitanlega á því nær öllum sviðum þjóðlífsins, vextirnir vefast þar alls staðar inn í með miklum þunga.

Því ber að sjálfsögðu mjög að fagna, að hæstv. ríkisstj. hefur látið undan á þessu sviði, enda þótt annað hafi þarna komið í staðinn, þar sem er vísitölubinding vaxtanna, sem getur orðið lántökum háskalegur baggi, ef ekki tekst betur til í baráttunni við verðbólguna en raun hefur á orðið að undanförnu. Vel má vera, að þeir, sem sömdu við hæstv. ríkisstj. í júní í fyrra, hafi flýtt fyrir því, að þau sinnaskipti urðu, sem ég ræddi áðan um í sambandi við vaxtakjör íbúðalánanna. En breytingin fékkst. Þá fékkst líka fyrirheit um hækkun íbúðalánanna úr 150 þús. í 280 þús. á íbúð, og var það ekki síður nauðsynleg ráðstöfun, þar sem byggingarkostnaðurinn á

meðalíbúð hefur síðan 1958 vaxið meira en allri þessari síðar töldu lánsfjárhæð nemur. Þess vegna spyr nú margur að því, hvernig standi á, að svona lengi skuli dragast að framkvæma þennan hluta júnísamkomulagsins, að ekkert einasta lán hefur enn verið veitt samkv. nýju reglunum, og eru þó 8 mánuðir, síðan samkomulagið var gert. Ég hygg, að flestir hafi átt von á því, að frv. um íbúðamálin yrðu með allra fyrstu málum þessa þings, og vitað er, að sum atriði, sem lúta að tekjuöfluninni, hafa verið lögfest, svo sem aukning skyldusparnaðarins og ráðstöfun á lánsfé tryggingafélaganna, og önnur langt til afgreidd hér á hv. Alþingi, eins og frv. um launaskatt, sem nú mun vera til síðustu umr. í hv. Ed. Sjá þó allir, hve brýna nauðsyn ber til að framkvæma þetta samkomulagsatriði engu síður en önnur, en allur dráttur gerir hækkun lánanna óraunhæfari og húsnæðismálin enn verri viðfangs. Til lausnar þeim vanda þarf skjótar aðgerðir, því að byggingarkostnaðurinn hækkar stöðugt, svo að húsnæðislánin ásamt viðbót duga ekki einu sinni til að hamla á móti þeirri hækkun, sem þegar er orðin, hvað þá því, sem svo að segja daglega bætist við. En með því að þessi mál hljóta að koma hér á dagskrá, áður en þingi lýkur, skal ég ekki segja meira um þau að sinni, en aðeins undirstrika á ný, að með vísitöluákvæðum á húsnæðislán eykst enn þörfin á því að kveða verðbólgudrauginn niður, en til þess er lækkun vaxta ein leiðin.

Breyting vaxtakjara á íbúðalánum er þó aðeins skref í áttina. Síðan þetta frv., sem hér um ræðir, var borið fram í þingbyrjun, hefur annað skref í átt til vaxtalækkunar verið stigið, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir, því að 29. des. s. l. tilkynnti Seðlabankinn vaxtabreytingu, sem tók gildi 1. jan. 1965, og útlánsvextir lækkuðu þar yfirleitt um 1%, svolítið misjafnt eftir tegundum og flokkun lána, sem tekin var upp í fyrsta skipti að verulegu leyti hér, en yfirleitt var lækkunin 1%, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, að undanskildum vöxtum á afurðalánum, sem lækkuðu meira, þ. e. a. s. úr 7¼% í 5¾—6½%. Þetta er í annað skipti, síðan stökkbreytingin 1960 var gerð, að slakað er þannig á takinu, enda hlýtur reynslan að hafa sýnt, að hinir háu vextir gerðu stórkostlegt ógagn, eins og ég mun síðar víkja lítillega að.

Ég tel, að sérstakt skilningsleysi hafi verið sýnt framleiðsluatvinnuvegunum með hinni stórfelldu vaxtalækkun á afurðalánunum 1960, þar sem vextirnir voru hækkaðir þá í einu stökki úr 5¼% í 9¼%. Það kom líka fljótlega á daginn, að hér var gengið of langt, og þess vegna voru strax í des. 1960, eða á sama ári og breytingin var gerð, þessir vextir lækkaðir í 7¼%, eins og þeir hafa verið þar til nú um s. l. áramót, að þeir lækkuðu í 5¾% til 6½, eins og ég áðan sagði.

Enn eru þó vextir af flestum tegundum stofnlána og rekstrarlána óhæfilega háir, og skal því til skýringar gerður samanburður á núgildandi vöxtum og þeim, sem í gildi voru fyrir daga núv. hæstv. ríkisstj., með því líka að samanburðaryfirlitið í nál. okkar minni hl. á þskj. 73 er ekki lengur alveg rétt eftir vaxtabreytinguna um áramótin. Eftir hana er samanburðurinn á þessa leið: Af lánum til íbúðarbygginga í sveitum nú 6%, áður 3½%. Af lánum til ræktunar og útihúsabygginga í sveitum nú 6½%, áður 4%. Af fasteignaveðslánum frá fiskveiðasjóði nú 8%, áður 5½%. Af skipakaupalánum frá fiskveiðasjóði 6½% nú, áður 4%. Og af afurðalánum 5¾—6½% nú, en 5—5½% áður. Hér er því mikið ósunnið, og með flutningi frv. er stefnt að því, að vextir af framangreindum lánum og útlánsvextir yfirleitt verði færðir í hið fyrra horf.

Ég hygg, að öllum megi vera ljóst og ekki þurfi um það að deila, að sú mikla hækkun útlánsvaxta, sem gerð var með efnahagsmálaráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í ársbyrjun 1960, hafi átt mikinn þátt í því, með hvílíkum risaskrefum dýrtíðin hefur vaxið hér á landi á sama tímabili. Dýrtíðin hefur valdið fjölda einstaklinga og atvinnufyrirtækja miklum erfiðleikum. Hún hefur gert það að verkum, að allur tilkostnaður við framleiðslu og hagnýtingu afurðanna í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, hefur hækkað og að rekstrarfjárskortur hefur sorfið fast að í þessum atvinnugreinum. Þá hefur dýrtíðin komið ákaflega illa við iðnaðinn, eins og kunnugt er, og hafa að undanförnu birzt opinberlega margs konar lýsingar á því, hvernig komið er fyrir ýmsum iðngreinum nú upp á síðkastið, og sumar af þessum lýsingum eru frá mönnum, sem síður en svo vilja draga skóinn niður af hæstv. ríkisstj. og hafa, eftir því sem ég veit bezt, a. m. k. verið til skamms tíma alveg eindregnir stuðningsmenn hennar. Afleiðing dýrtíðaraukningarinnar er sú, að íslenzkur iðnaður stendur mjög höllum fæti í samkeppninni við útlend iðnfyrirtæki, sem búa við annars konar kjör að því er rekstrarfé og vexti snertir.

Á það hefur oft verið bent, að iðnaðurinn hér á landi ætti að geta staðizt samkeppnina erlendis frá án verndartolla eða óeðlilega hárra aðflutningsgjalda, og er það vissulega athugandi sjónarmið, þótt tæplega sé það einhlítt. En því aðeins getum við gert okkur vonir um að ná þessu takmarki, að iðngreinunum sé ekki, jafnframt því sem erlend framleiðsla flæðir inn í landið, íþyngt svo með ónógu og dýru lánsfé, að samkeppnisaðstaða hans verði þegar af þeirri ástæðu gersamlega vonlaus. Hér er því um vandamál að ræða, sem þarf ýtarlegrar athugunar við og gefast væntanlega tækifæri til að ræða nánar síðar hér á hv. Alþingi í sambandi við þáltill., sem nokkrir þm. Framsfl. hafa flutt um sérstaka athugun á erfiðleikum iðnaðarins, og skal ég því ekki fjölyrða um það hér nú.

Þá sýnist mér augljósara en svo, að um það þurfi að ræða, hverjum örðugleikum háu vextirnir hafa valdið og valda ungu fólki, sem er að stofna eigin heimili og undirbúa sig undir lífsstarfið, sumt með því að hefja eigin atvinnurekstur. Til slíks þarf ævinlega mikið fjármagn, ekki sízt nú á dögum. En venjulega er lítið um slíkt hjá flestum í upphafi. Því er fangaráðið að leita eftir lánsfé, og flestir þykjast heppnir, ef þeim tekst að fá lán. En háir vextir valda þá oft erfiðleikum, sem gleymast í ákafa augna-

bliksins, en koma þeim mun rækilegar til skila síðar.

Eins og muna má, var því haldið fram í upphafi þessa svonefnda viðreisnartímabils, að hækkun innláns- og útlánsvaxta væri gerð til að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands. Í öfugmælapésanum, sem hæstv. ríkisstj. gaf út, þegar hún kom til valda, er þetta orðað þannig, að ráðstafanirnar eigi að tryggja, að áframhaldandi peningaþensla eigi sér ekki stað og eftirspurn eftir lánsfé aukist ekki umfram það, sem aukin þjóðarframleiðsla geri þjóðarbúinu kleift að standa undir. Eða — eins og einhver talsmaður hæstv. ríkisstj. sagði 1960 hér á þessum stað, að ráðstafanirnar ættu að verða til þess, að hægt væri að fullnægja eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé án skömmtunar. Enn fremur höfðu höfundar viðreisnarbókarinnar góða von um, að vaxtahækkunin mundi draga úr spákaupmennsku og hamla gegn verðhækkun fasteigna, eins og þar stendur. En hefur nú þetta jafnvægi náðst? Er nú hægt að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé án skömmtunar? Þekkist ekki spákaupmennska lengur? Og hafa fasteignir ekki hækkað í verði? Í raun og veru er alveg óþarfi fyrir mig að svara þessum spurningum, það getur hver og einn gert fyrir sig út frá þeim atriðum, sem hann þekkir bezt. Ég get fyrir mitt leyti t. d. sagt, að ég held, að eftirspurn eftir lánsfé sé alls ekki fullnægt í dag. Þvert á móti vil ég leyfa mér að halda því fram, að þessi eftirspurn hafi aldrei verið meiri en einmitt í dag, a. m. k. ekki þau ár, sem ég hef starfað í peningastofnun. Og sömu sögu hygg ég að starfsbræður mínir í öðrum bönkum og sparisjóðum geti líka sagt, bæði þeir, sem hér eru nú staddir, og aðrir, eða a. m. k. heyrist mér það á sumum, sem til mín koma, að þeir hafi einnig gengið bónleiðir til búðar annars staðar, enda er það staðreynd, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir hafa yfir allt of litlu fjármagni að ráða til þess að rækja það hlutverk, sem þeim er falið.

Það þarf ekki bankastjóra til að segja fólki þetta. Flestir munu hafa sína eigin reynslu fyrir sér, og ég hygg, að þeir séu næsta fáir nú, sem hafa ekki sjálfir orðið fyrir því að fá ekki það lán, sem þá hefur vanhagað um, sérstaklega þó þeir, sem einhvers konar atvinnurekstur hafa með höndum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé er því að mínum dómi meiri nú en nokkru sinni fyrr. M. a. stafar þetta ástand af því, að dýrtíðin hefur vaxið svo ofboðslega sem raun ber vitni og þess vegna þarf svo miklu fleiri krónur til að halda í horfinu en áður var. En eins og menn muna, var háu vöxtunum ekki aðeins ætlað að stuðla að fyrrnefndu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé, heldur skyldu þeir líka draga úr verðbólgunni. Raunin hefur hins vegar ekki orðið sú, og ég vil því sérstaklega gera aths. við þau ummæli hv. meiri hl. fjhn. í nál., að vaxtahækkunin hafi átt sinn þátt í því að draga úr verðbólgunni. Ég held, að hún hafi þvert á móti aukið verðbólguna og eigi einn stærsta þáttinn í því ásamt tveimur gengisfellingum, að dýrtíðin hefur margfaldazt í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Viðreisnarráðstöfununum og hinum háu vöxtum var líka ætlað að lækka skuldir landsins út á við. Og hv. meiri hl. telur það hafa tekizt ákjósanlega. En þó að erfitt sé að fá sambærilegar tölur frá ári til árs, held ég þó, að þessu sé ekki þannig varið. Ég held, að skuldirnar hafi, þegar á allt er litið, ekki lækkað. En þó að þær hefðu lækkað, held ég, að engum geti fundizt sérstaklega til um það afrek, þegar það er haft í huga, að gjaldeyrisöflun hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar í þjóðarsögunni, verið neitt nálægt því eins mikil og á síðustu árum. Nýlega hefur verið sagt frá því t. d. af opinberum aðilum, að fiskaflinn árið 1964 hafi verið 18% meiri en hann var 1963, en einnig þá var metaflaár, og ekkert árið síðan viðreisnarstjórnin kom til valda hefur aflinn brugðizt, ekki eitt einasta ár. Engar stórframkvæmdir hafa verið gerðar á vegum ríkisins á borð við t. d. sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna á þessu tímabili. Og á sama tíma er það staðreynd, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum fer hækkandi og berast — ekki kannske daglega, en mjög oft, fregnir af því, að íslenzk framleiðsla hækki í verði og íslenzk skip selji afurðir sínar við því hæsta verði, sem fengizt hefur. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það, að engar stórframkvæmdir hafi verið gerðar, er því nú haldið fram, að landið sé svo fátækt, að það sé ekki hægt að bæta úr eðlilegri rafmagnsþörf án þess að fá til þess erlend lán í stórum stíl, og jafnframt, að þau lán sé með engu móti hægt að fá nema tengja þau öðrum málum, stóriðjuframkvæmdum erlendra aðila. Slíkt var þó jafnan hægt áður, og sýnir þetta, að efnahagsstefnan hefur síður en svo leitt til batnandi aðstöðu að þessu leyti, ef málum er svona komið. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að vaxtalækkun sé allra meina bót, en ég held því fram, að hún sé liður í því að breyta um efnahagsmálastefnu, og það er nauðsynlegt.

Því hefur verið haldið fram og er haldið fram, að háir innlánsvextir séu nauðsynlegir til þess að tryggja hag sparifjáreigenda og örva sparnað í landinu, og það er vissulega rétt, að þeirra hlutur hefur verið slæmur, og það er þarft verk og fallegt að rétta hann. Í stöðugu verðlagi eru vextirnir ráðandi afl, algerlega ráðandi afl um sparifjármyndun, og þeir draga úr áhuga manna á fjárfestingu og eyðslu. En við höfum bara því miður ekki búið við stöðugt verðlag á Íslandi að undanförnu. Sú gífurlega dýrtíðaraukning, sem orðið hefur í tíð hæstv. ríkisstj., hefur komið ákaflega illa við sparifjáreigendur. Á þeim 5 árum, sem liðin eru, síðan vaxtahækkunin kom til framkvæmda, hefur ekki aðeins vaxtahækkunin, sem sparifjáreigendur fengu, heldur allir vextirnir af sparifénu og talsverður hluti af höfuðstólnum að auki brunnið í verðbólgueldinum. Reynslan hefur sannað, að hagsmunum sparifjáreigenda verður ekki borgið með háum vöxtum, þegar verðgildisrýrnun peninganna er svo stórkostleg sem hún hefur orðið síðustu árin. Um þann spádóm, að úr verðhækkun fasteigna mundi draga, er þarflaust að fjölyrða. Samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur 375 rúmmetra íbúð hækkað um 332 þús. kr. frá 1. júní 1958 til 1. júní 1964, eða um 77%, og fullvíst er, að

söluverð í Reykjavík hefur hækkað mun meira. Um það þekki ég mörg dæmi, sem ég hirði ekki um að rekja hér. Og það er alveg víst, að spákaupmennska hefur fyllilega haldið hlut sínum í þjóðfélaginu þrátt fyrir breytta efnahagsmálastefnu. Ég tel raunar þarflaust að fjölyrða um þetta, en ég fullyrði, að hvar sem drepið er niður og málin könnuð, muni það sýna sig, að hinir háu vextir hafi hvergi borið þann árangur, sem talað var um í öndverðu, og jafnframt, að þeir hafi valdið stórkostlegum erfiðleikum á athafna- og viðskiptasviðinu. Því er það skoðun okkar í minni hl. fjhn., að tafarlaust beri að hverfa frá þeim og færa vextina í það horf, sem þeir voru fyrir viðreisn, eins og ráðgert er í því frv., sem hér liggur fyrir.

Um hitt aðalatriði frv., innstæðubindinguna, vil ég einnig leyfa mér að segja örfá orð.

Eins og kunnugt er, hefur innlánsstofnunum, bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, verið fyrirskipað að leggja á bundinn reikning í Seðlabankanum allt frá árinu 1960 tiltekinn hluta af sparifjáraukningunni, svolítið mismunandi háan hluta, en lengst af um 30%. Á þennan hátt hafa um 1200 millj. kr. verið teknar undan ráðstöfunarvaldi peningastofnananna, og fengnar ríkisstj. Er vissulega mál að linni slíkum fjárkröfum á hendur innlánsstofnunum um allt land, þar sem skortur á lánsfé stendur í vegi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og atvinnurekstri og mjög víða skortir lánsfé til að koma við nýjungum í rekstri atvinnufyrirtækja og auka framleiðslu þeirra. Vinnutíminn hér á landi er allt of langur. Flestir verða að leggja á sig mikla aukavinnu til að sjá sér og sínum farborða. Slíkt ástand getur ekki og má ekki vara til lengdar, og vinnutímanum verður að koma í eðlilegt horf, og það verður að gerast án þess, að því fylgi tilfinnanlegur tekjumissir. En forsenda fyrir því, að það megi takast, er, að unnt sé að auka framleiðsluna með aukinni tækni, bættu skipulagi og meiri hagræðingu. Þar þarf margt til að koma, svo sem bætt tæknimenntun í landinu, aukin leiðbeiningastarfsemi á sviði iðnaðar og mikið fjármagn til aukningar og endurbóta á tæknibúnaði þjóðarinnar. Þessar endurbætur hljóta að taka töluverðan tíma, og er því brýn nauðsyn að hefjast strax handa. Jafnframt er sjáanlegt, að það hljóti að kosta mikið fé og að í þessu skyni muni þjóðin þurfa á öllu sínu sparifé að halda a. m. k. Því sýnist sjálfsagt að hætta að draga hluta af því inn í Seðlabankann, en gera skipulegar áætlanir um ráðstöfun þess í framangreinda átt.

Með innlánsbindingunni, þessum 1200 millj. kr., sem ég minntist á hér áðan, er þó engan veginn talið allt það fjármagn, sem tekið er af bönkum og sparisjóðum. Fleiri aðgerðir hafa verið framkvæmdar, sem hafa sömu áhrif. Árið 1963 voru teknir upp samningar við bankana og nokkra af stærstu sparisjóðunum um, að þeir verðu 10% af sparifjáraukningu sinni til þess að kaupa ríkisskuldabréf eða ríkistryggð skuldabréf, eftir nánari ákvörðun hæstv. ríkisstj., til þess að framkvæma hluta af framkvæmdaáætlun, sem gerð var 1964. Og árið 1964 voru þessir samningar við bankana enn framlengdir, þannig að á því ári var einnig 10% af sparifjáraukningunni flutt til með þessum hætti. Ég hef ekki við höndina upplýsingar um það, hversu háar fjárhæðir var hér um að ræða, en ég held, að það muni láta nærri, að sparifjáraukningin hjá þessum stofnunum, sem í hlut eiga, hafi numið um 700 millj. hvort ár, og þá væru 10% á þessum tveimur árum um 140 millj. kr., sem teknar hefðu verið þannig undan ráðstöfunarrétti bankanna.

Þá er þess enn fremur að geta, að í des. s. l. voru samþ. hér lög á hv. Alþ., sem heimiluðu ríkissjóði að selja ríkisskuldabréf fyrir 75 millj. kr. Þessi bréf voru með ákveðinni vísitöluviðmiðun og því þannig úr garði gerð, að þau hljóta að hækka óðfluga í verði með þeirri dýrtíðaraukningu, sem fyrirsjáanleg er, enda seldust þau upp á nokkrum dögum. Þessar 75 millj. kr. koma vitanlega fyrst og fremst nálega eingöngu úr innlánsstofnunum, og er því engin goðgá að telja þau með í því fjármagni, sem með stjórnvaldaráðstöfunum hefur verið tekið undan ráðstöfunarrétti lánastofnananna.

Í fjórða lagi ber að hafa í huga, að í maí í fyrra voru hér á hv. Alþ. samþ. lög, sem veittu Seðlabankanum heimild til að gefa út gengistryggð skuldabréf í ótakmörkuðum mæli, og þótt sú heimild hafi enn ekki verið notuð, er hún þó fyrir hendi og því ekki lengur á valdi Alþ. að ákveða neitt um það framvegis, að óbreyttum lögum, hvenær einn banki í landinu hefur samkeppni um fjármagnið við aðrar innlánsstofnanir með svo stórkostlegum forréttindum.

Þegar þetta er nú lagt saman, verður niðurstaðan sú, að með einum og öðrum hætti hafa verið fluttar frá bönkum og sparisjóðum og innlánsdeildum yfir 1400 millj. kr. á 5 árum, auk þess sem skapaðir hafa verið möguleikar fyrir tilflutningi, sem enginn getur sagt til um, hversu mikill verður í reynd. Þótt ég telji þannig haga til hér hjá okkur, að þjóðin þurfi á öllu sínu sparifé að halda til þeirrar uppbyggingar, sem til þarf að koma og ég áðan drap á, get ég vel viðurkennt, að nokkur binding sparifjáraukningar geti átt við rök að styðjast. En fyrir því tel ég eina algera forsendu og það er, að um raunverulega sparifjáraukningu sé að ræða í landinu. En sparifjáraukning, sem verður vegna gengisfellingar og dýrtíðaraukningar, er óraunveruleg, og þau fyrirbæri kalla á stóraukið rekstrarfé og krefjast þess að sjálfsögðu, að miklu fleiri krónur séu í umferð til þess að halda sama viðskiptamagni og áður, meðan verðlag var lægra.

Þeir, sem bönkunum stjórna, verða að fara með um það bil helminginn af allri sparifjáraukningu í þessa stofnun, í Seðlabankann, og hafa engan ráðstöfunarrétt á því fjármagni. En samtímis koma svo þeirra viðskiptamenn í bankana með rekstrarreikninga sína, sem bera það með sér, að allur tilkostnaður hefur tvöfaldazt á skömmum tíma. Afleiðingin er sú, að dæmið gengur ekki upp, sá hluti sparifjáraukningarinnar, sem eftir verður hjá viðskiptabönkunum, nægir ekki til þeirrar auknu fyrirgreiðslu, sem

fyrirtækin og einstaklingarnir geta tölulega sannað að þeir þurfi að fá til að halda í horfinu, miðað við óbreytt viðskipti frá því, sem áður var. Ég held, að það sé því alveg ljóst, að sú feikna blóðtaka, sem sparifjárbindingin með hliðarráðstöfunum er fyrir bankakerfið, sé því alveg um megn, og hún skapar stórkostlega eftirspurn eftir lánsfé umfram það, sem hægt er að sinna, og lamar getu bankanna til þess að gegna hlutverki sínu.

Allir íslenzkir bankar starfa samkv. sérstökum lögum og eru falin sérstök verkefni, sem þeir eiga að rækja. Sparisjóðirnir hafa að vísu ekki lögákveðin verkefni, en hafa þó allir verið geysilega þýðingarmiklir fyrir byggðarlög sín, og sparisjóðirnir hér í Reykjavík og nágrenni, a. m. k. þar sem ég þekki bezt til, hafa allir hjálpað verulega til þess, að fólkið á viðkomandi svæðum hafi getað leyst húsnæðismál sín, og er engin vanþörf á. Ég tel, að ekki megi skerða möguleika þessara þýðingarmiklu stofnana til fyrirgreiðslu og hjálpar meira en orðið er, og ég tel það meira að segja beinlínis hlutverk Alþ. að sjá til þess, að þeim sé gert kleift að valda því verkefni, sem Alþ. með sérstökum l. hefur falið þeim að rækja. Þess vegna ber nú að mínum dómi að fella áframhaldandi bindingu niður, eins og hér er lagt til.

Hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa mjög lagzt gegn því hér á hv. Alþ., að frv. um lækkun vaxta nái fram að ganga, og talið þá stefnu óframkvæmanlega, sem þar er boðuð. Engu að síður hafa þeir þó verið að breyta vöxtum til lækkunar að undanförnu, eins og hér hefur verið bent á. Hæstv. ríkisstj. er því á undanhaldi í þessu vaxtamáli, og ég held, að það sé af því, að hún hefur rekið sig á það, að það er hennar stefna, sem er óframkvæmanleg, þegar til lengdar lætur, og það er vel, að þeir sjái það, því að batnandi mönnum er bezt að lifa.

Við, sem stöndum að því frv., sem hér er til umr., munum því ekki láta það á okkur fá sérstaklega, þótt það verði nú fellt í fjórða sinn, heldur halda áfram að berjast fyrir því, unz fullnaðarsigur er unninn, í þeirri öruggu vissu, að sú stund geti ekki verið langt undan. Vaxtakjörin, eins og þau hafa verið, sliga atvinnureksturinn og auka verðbólguna og verka þannig mjög óheillavænlega á íslenzkt efnahagslíf, og sparifjárbindingin dregur úr möguleikum lánastofnananna til eðlilegrar fyrirgreiðslu á fjármálasviðinu og hindrar þannig nauðsynlega uppbyggingu atvinnulífsins. Þessu þarf að breyta, og því leggur minni hl. fjhn. til, að frv. á þskj. 12 verði samþykkt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál mjög ýtarlega, sem þetta frv. fjallar um og hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni í langri ræðu, sökum þess að þetta mál er þrautrætt, bæði hér á hinu háa Alþ. og í blöðum. Þó tel ég óhjákvæmilegt að víkja mjög stuttlega að tveimur atriðum, sem hann gerði að umtalsefni í ræðu sinni, af því að þar tel ég mjög rangt með farið. Hið fyrra lýtur að þýðingu vaxtanna fyrir útflutningsatvinnuvegina og þá sérstaklega fyrir sjávarútveginn, en hið síðara snertir gjaldeyrisstöðu landsins út á við.

Hv. frsm. minni hl. vék að því hvað eftir annað í ræðu sinni, að þeir vextir, sem útflutningsatvinnuvegirnir nú greiddu, væru þeim sem drápsklyfjar og hefðu úrslitaþýðingu fyrir afkomu útflutningsatvinnuveganna og þá væntanlega fyrst og fremst sjávarútvegsins. Ég athugaði því í skyndingu, hver er nú sú lánsfjárupphæð, sem bundin er í íslenzkum sjávarútvegi, og hversu miklum vaxtagjöldum yrði létt af sjávarútveginum, ef þetta frv. yrði að lögum, og niðurstaðan er í örfáum orðum þessi: Um s. l. áramót hafði íslenzkur sjávarútvegur að láni hjá íslenzkum bönkum og sparisjóðum um 1340 millj. kr. Eftir því sem ég kemst næst, mundu vaxtagjöld af þessum lánum lækka um 16 millj. kr., ef þetta frv. yrði að l. Auk þess ber að geta um fiskveiðasjóðinn og stofnlánadeild sjávarútvegsins, en heildarvaxtatekjur fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildar eru milli 35 og 40 millj. kr., og vaxtagjöld sjávarútvegs til fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildar mundu væntanlega lækka um sem næst 10 millj. kr., þannig að samþykkt þessa frv. mundi létta 25—30 millj. kr. útgjöldum af íslenzkum sjávarútvegi. Þetta vildi ég undirstrika og biðja hv. þm. að veita þessu sérstaka athygli. Það, sem íslenzkur sjávarútvegur mundi hagnast á samþykkt frv., er einhvers staðar á milli 25 og 30 millj. kr. Getur þá hver hv. þm. dæmt um það með sjálfum sér, hvort rétt sé að kalla slíka byrði drápsklyfjar á íslenzkum sjávarútvegi, hvort rétt sé að viðhafa svo stór orð hér um, eins og hv. þm. hafði í ræðu sinni og raunar hefur verið allt of algengt að sjá í opinberum málflutningi undanfarin ár, vikur og mánuði.

Þegar haft er í huga, að útflutningsverðmæti sjávarútvegsins er sem næst 5 þús. millj. kr., má geta nærri, hvort sá sparnaður, sem hv. framsóknarmenn leggja hér til að látinn sé í té í íslenzkum sjávarútvegi, að upphæð 25—30 millj. kr., mundi ráða úrslitum um gengi eða gengisleysi íslenzks sjávarútvegs.

Hitt atriðið í ræðu hv. frsm. minni hl., sem ég tel óhjákvæmilegt að víkja að örfáum orðum, eru staðhæfingar hans um, að gjaldeyrisstaða landsins hefði á undanförnum árum raunverulega versnað og þetta hefði gerzt þrátt fyrir það, að hér hefði orðið uppgripaafli, gjaldeyristekjur aldrei orðið meiri, en gjaldeyrinum hefði sem sagt öllum verið ráðstafað, og þó hefði, eins og hann margundirstrikaði í ræðu sinni, ekki verið ráðizt hér í neinar stórframkvæmdir á undanförnum árum, eins og gert hefði verið á valdaskeiði ríkisstj. Hermanns Jónassonar. Hér er mjög hallað réttu máli, og er hér í raun og veru um að ræða staðhæfingar, sem marghraktar hafa verið opinberlega undanfarin ár og undanfarna mánuði. En það er eins og ekkert bítni á málsvörum hv. Framsfl. Kinnroðalaust endurtaka þeir ósannar og alrangar staðhæfingar æ ofan í æ, hversu oft sem á það er bent opinberlega, ég vildi segja sannað opinberlega, að staðhæfingarnar séu rangar. Það, sem hv. þm. á við, þegar hann talar um, að gjaldeyrisstaða landsins hafi raunverulega versnað undanfarin

ár, er það og það eitt, að heildarupphæð fastra lána Íslendinga erlendis til langs tíma var um s. l. áramót hærri en hún var um áramótin 1959—1960. Kemur það engum að sjálfsögðu á óvart. Engum viti bornum manni getur komið það á óvart, þó að heildarupphæð fastra lána til langs tíma hækki samhliða því, sem gjaldeyristekjur og þjóðarframleiðsla vex jafnmjög og verið hefur hér undanfarin ár. Sannleikurinn er sá, að um áramótin 1959—1960 var heildarupphæð fastra lána erlendis til langs tíma orðin óeðlilega lág, hún var orðin hættulega lág, beinlínis vegna þess, að Íslendingar höfðu verið að glata lánstrausti sínu mörg undanfarin ár. Þeir áttu ekki kost á því að fá þau föst erlend lán til langs tíma, sem þeir hefðu þó með hægu móti getað notað til arðbærra framkvæmda á Íslandi og hefðu áreiðanlega notað, ef þeir hefðu getað fengið föstu lánin erlendis. Allir vita, hvílík umskipti hafa orðið í þessum efnum einmitt á undanförnum 4—5 árum. Íslendingum hefur tekizt með skynsamlegri og gætilegri stjórn sinni á gjaldeyris- og peningamálum að endurreisa lánstraust sitt erlendis. Hvað er þá eðlilegra en þeir hagnýti þetta lánstraust erlendis og taki hagkvæm erlend lán til langs tíma? Þetta hafa þeir gert á undanförnum árum.

Það, sem var höfuðannmarkinn í íslenzkum gjaldeyrismálum og íslenzkum lánamálum erlendis um áramótin 1959—1960, var, hversu mikill hluti af erlendum skuldbindingum þjóðarinnar var til skamms tíma, ekki í sjálfu sér, að þær væru óeðlilega miklar, þannig að Íslendingar gætu ekki staðið undir slíkri lánabyrði erlendis í sjálfu sér, heldur var annmarkinn í því fólginn, að lánin, sem tekin höfðu verið, höfðu verið tekin til allt of skamms tíma, af því að þau höfðu ekki fengizt til lengri tíma, og svo langt var gengið, að fyrirsjáanlegt var, að á árinu 1961 mundi svonefnd greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum, þ. e. sú upphæð, sem árlega þarf að greiða í afborganir og vexti af erlendum lánum, nema hvorki meira né minna en 11% af öllum gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Það var þetta ástand, sem var orðið alveg sérstaklega varhugavert. Það var í þessum efnum, sem beinlínis mikil hætta var á ferðum. Þetta var raunar ein höfuðástæðan fyrir því, að núv. stjórnarflokkar töldu sér nauðsynlegt að gerbreyta um stefnu í efnahagsmálum frá því, sem verið hafði á undanförnum áratugum. Tilgangurinn var ekki sá að draga úr erlendum lánum í sjálfu sér, heldur að tryggja, að erlendu lánin gætu verið til lengri tíma og með hagstæðari kjörum en stuttu erlendu lánin hljóta að vera, og það er þetta, sem hefur tekizt. Það hefur tekizt að stytta meðallánstíma lánanna mjög verulega. Í kjölfar batnandi lánstrausts erlendis sigldi svo auðvitað það, að meiri lán voru tekin til arðbærra framkvæmda í landinu. Það er því fullkomið öfugmæli, þegar því er haldið fram af mönnum, sem maður skyldi halda að vissu betur, að það sé árásarefni á ríkisstj., að föst erlend lán til langs tíma skuli hafa aukizt á hennar valdatíma. Það er þvert á móti ein af mörgum sönnunum þess, að stefnan í efnahags- og gjaldeyrismálum hefur verið rétt, að það skuli hafa tekizt að auka lán þjóðarinnar erlendis til langs tíma, lán, sem fengizt hafa með mjög hagstæðum kjörum, í samanburði við það, sem áður átti sér stað, þegar þjóðin var neydd til þess að taka lán til stutts tíma, sem höfðu í för með sér mjög háa greiðslubyrði og voru raunverulega miklu ódýrari en þau lán, sem tekin hafa verið á undanförnum árum.

Jafnvel þótt erlend lán til langs tíma og með hagstæðari kjörum en áður þekktust hafi vaxið miðað við áramótin 1959—1960, er það samt sem áður ekki svo, að niðurstaðan af gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar í heild hafi ekki verið hagstæð á undanförnum árum. Það liggja að vísu ekki fyrir endanlegar tölur enn fyrir árið 1964, en ég hef tölur og gat mjög fljótlega náð til þeirra, meðan hv. ræðumaður var að tala áðan, um heildargjaldeyrisafkomu þjóðarinnar á árunum 1960—1963, á 4 ára tímabilinu 1960—1963, að báðum árum meðtöldum. Á þessu 4 ára skeiði batnaði gjaldeyrisstaða bankanna, en það er sú tala, sem með öllum þjóðum er talin vera sú, sem gleggsta hugmynd gefi um heildargjaldeyrisstöðu þjóðar út á við, vegna þess að hún táknar gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar, þann gjaldeyrisvarasjóð, sem þjóðin getur hvenær sem er gripið til, til þess að jafna eðlilegar eða óeðlilegar sveiflur í gjaldeyrisviðskiptum sínum, — gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á árunum 1960—1963 um 1455 millj. kr. Á þessum 4 árum námu lántökur til lengri tíma en eins árs 675 millj. kr., en stutt vörukaupalán voru á þessum árum tekin að upphæð 441 millj. kr. Ef lántökurnar til lengri tíma og stuttu vörukaupalánin eru lögð saman, kemur í ljós, að niðurstaðan þar er 1116 millj. kr., en gjaldeyrisstaða bankanna batnaði um 1455 millj. kr., eða m. ö. o. batnaði hún um 339 millj. kr. meira en lántökur bæði til langs og stutts tíma námu á sama tímabili. Þetta tekur vitanlega af öll tvímæli um það, hvaða dóm skynsamir menn eiga að fella um gjaldeyrisafkomu þjóðarbúsins síðan í ársbyrjun 1960, eða þeir menn, sem kæra sig um að hafa það, sem satt er og rétt í þessum efnum. Ef við tökum annað 4 ára tímabil til samanburðar, tímabilið 1955—1958, sem svo oft er vitnað til af hálfu málsvara hv. Framsfl., þá er það að segja, að á þessum 4 árum, 1955—1958, versnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 407 millj. kr. og lántökur til lengri tíma en eins árs námu á þessum árum 1177 millj. kr., en meginparturinn af þessu voru þó stutt lán, eins og þau eru venjulega kölluð. Heildargjaldeyrisstaða þjóðarbúsins versnaði því á árunum 1955—1958 um hvorki meira né minna en 1584 millj. kr. Það þarf því í engar grafgötur að fara um það, hvílík geysibreyting hefur orðið á gjaldeyrisafkomu þjóðarbúsins í heild á þessum áratug, miðað við það, sem er einkenni gjaldeyrisafkomunnar á áratugnum á undan.

Þá er að síðustu að geta þeirrar margendurteknu staðhæfingar af hálfu hv. Framsfl., að á undanförnum árum, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, hafi ekki verið ráðizt í neitt, sem þeir kalla stórframkvæmdir, og nefna þá alltaf áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju. Ég hef oftar en einu sinni bent á það opinberlega, hversu

rangt sé hér með farið, mig minnir, að ég hafi líka gert það hér á hinu háa Alþingi, og samt sem áður verður maður að hlusta á það einu sinni enn hér af hálfu mæts fulltrúa hv. Framsfl. í þessari hv. d., að þessar staðhæfingar séu endurteknar, en þær eru í hróplegri andstöðu við opinberar skýrslur, sem þó eru öllum mönnum og ekki hvað síst þm. mjög auðveldlega aðgengilegar. Á árunum 1955—1958, svo að ég nefni tölur, sem standa í öllum hagskýrslum og allir menn geta flett upp, sem nenna að leggja á sig að rýna í tölur í hagskýrslum, — á árunum 1955—1958 nam innflutningur skipa og flugvéla 778 millj. kr. En hagskýrslur áranna 1960—1963 segja, að á þessum árum hafi innflutningur skipa og flugvéla numið 1446 millj. kr. eða m. ö. o. næstum helmingi hærri upphæð. (BP: Hvað minnkaði verðgildi krónunnar á þessum tíma?) Það er rétt. Nú skal ég einmitt víkja að því til þess að sýna fram á, að ég hef líka hugsað fyrir því, sem hv. þm. af sinni glöggskyggni tók fram, að auðvitað þarf líka að hugsa fyrir þeirri breytingu, sem orðið hefur á verðgildi krónunnar. Nú hef ég ekki lagt í og enginn raunar heldur talið rétt að gera það að breyta innflutningstölunni um skip og flugvélar í sambærilega krónuupphæð. En annað hefur verið gert, sem er miklu áreiðanlegra og miklu viðtækara en það, þó að menn gerðu tilraun til þess að breyta innflutningstölum um skip og flugvélar í sambærilega tölu fyrir árin 1955—1958 annars vegar og hins vegar 1960—1963. Það hefur verið gerð áætlun eða skýrsla um heildarfjárfestingu áranna 1955—1959 annars vegar og 1960—1963 hins vegar. Þessar áætlanir hafa verið gerðar í skýrslum Efnahagsstofnunarinnar, áður Framkvæmdabankans, um þjóðarframleiðsluna og skiptingu hennar á atvinnuvegi og skiptingu hennar í fjárfestingu og ráðstöfunarfé til neyzlu. Þessar skýrslur liggja líka fyrir. Ég veit ekki betur en þær hafi komið á borð hvers einasta þm. og meira að segja ekki fyrir löngu. Allir þm. eiga að þekkja þessar skýrslur. Ef þeir trúa þeim ekki, eiga þeir að segja, að þeir trúi þeim ekki, að þeir telji þær rangar. Og ef þeir telja þær rangar, eiga þeir að leiða einhver skynsamleg rök að því, að þær séu rangar. En meðan menn hafa skýrslur opinberrar hagstofnunar fyrir framan sig á borðinu, skýrslur, sem segja eitt, eiga menn ekki að leyfa sér í ræðum að segja allt annað, en það hendir nú því miður hv. málsvara Framsfl. hvað eftir annað. En hvað segja skýrslur Framkvæmdabankans og Efnahagsstofnunarinnar um heildarfjárfestingu áranna 1955—1958 annars vegar og heildarfjárfestingu áranna 1960—1963 hins vegar? Nú er auðvitað tekið tillit til þess, sem sá glöggi þm., hv. 5. þm. Norðurl. v., benti á að þyrfti að gera og ætti að gera, þ. e. að miða tölurnar við sama verðlag, og við verðlag ársins 1960 er miðað í þessum skýrslum. Hvað skyldi þá koma í ljós? Heildarfjárfesting áranna 1955—1958 nam á verðlagi ársins 1960 8327 millj. kr. En heildarfjárfesting áranna 1960—1963 á sama verðlagi nam 9654 millj. kr. M. ö. o.: heildarfjárfesting áranna 1960—1963 var á sambærilegu verðlagi hvorki meira né minna en um 1300 millj. kr. meiri en hún var á árunum 1955—1958, reiknað í verðmæti 1960, sem mundi náttúrlega gefa miklu hærri tölur, ef reiknað væri með verðlagi dagsins í dag. Þetta tekur því líka af öll tvímæli um það, að allt, sem hér var áðan sagt um þessi efni, er fullkomlega úr lausu lofti gripið.

Hvað þá um Sogsvirkjunina og sementsverksmiðjuna, þessar stórframkvæmdir, sem alltaf er verið að vitna til að ríkisstj. Hermanns Jónassonar hafi hrundið í framkvæmd og var ágætt að hún hratt í framkvæmd, mjög lofsvert, — verið að vitna til, að slík stórvirki hafi þessi afturhaldsstjórn ekki haft manndóm í sér til þess að framkvæma? Þetta er sónninn, sem er rauði þráðurinn í ræðum hv. framsóknarmanna um þessi efni. Hvað halda nú hv. þm., að Sogsvirkjunin og sementsverksmiðjan hafi kostað? Nú skal ég ekki nota gamlar tölur og úreltar, heldur miða við verðlag dagsins í dag. Kostnaðarverð þeirra, miðað við núgildandi gengi og framleiðslukostnað, er talið af fróðum mönnum vera einhvers staðar á milli 450 og 500 millj. kr. Þetta eru þá þau óskaplegu stórvirki, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar hratt í framkvæmd og núv. ríkisstj. hefur engan manndóm haft í sér til þess að gera neitt í áttina, neitt þessu líkt. En þá bara kemur í ljós, að miðað við verðlag ársins 1960 er aukning fjárfestingarinnar á 4 árum, á tíma núv. ríkisstj., næstum þrisvar sinnum meiri en heildarstofnkostnaður Sogsvirkjunar og sementsverksmiðju, miðað við kostnað dagsins í dag. Ég held, að ekki þurfi fleiri orðum um það að fara, að allur kjarninn, bókstaflega allur kjarninn í málflutningi hv. framsóknarmanna í þetta skipti, eins og öll önnur skipti um þessi mál, er gersamlega úr lausu lofti gripinn.

Umr. frestað.

Á 50., 51., 52. og 53 fundi í Nd., 4., 8., 9. og 11. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eiginlega hleyp ég hér í skarðið að nokkru leyti fyrir hv. frsm. minni hl., sem er fjarverandi, eins og hv. þm. er kunnugt, og er mér málið skylt, þar sem ég er 1. flm. þessa frv. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er þó einkum sú, að hæstv. viðskmrh. deildi nokkuð hvatvíslega á framsóknarmenn í sambandi við þeirra málflutning varðandi þessi efni og hélt því fram, að málflutningur þeirra gæfi villandi hugmynd af þróun þessara mála, þ. e. a. s. lánamálanna, vaxtamálanna og í því sambandi afkomu landsins út á við.

Ég ætla að íhuga hér ofur lítið það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta efni, og minnast fyrst á afkomu landsins út á við á síðustu árum.

Við höfum haldið því fram, að afkoma landsins í heild út á við hafi ekki batnað á þeim árum, sem liðin eru síðan vinstri stjórnin hætti, þ. e. a. s. frá því í árslok 1958, heldur hafi hún þvert á móti versnað mjög verulega. Við höf-

um bent á, að hæstv. ríkisstj. hefur ætíð haldið því fram, að fjárhag landsins út á við hafi þá verið mjög illa komið, skuldir orðnar hættulega miklar og þjóðin þyrfti því að leggja æðihart að sér og taka á sig kjaraskerðingu til þess að lækka erlendu skuldirnar, og var beinlínis þannig orðað við fleiri en eitt tækifæri, að það þyrfti að lækka erlendu skuldirnar, sem væru orðnar of miklar.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á nokkrar staðreyndir um þróun þessara mála og þá um leið, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt það fyrirheit að lækka skuldirnar við útlönd, en það sagði hún að væri einn tilgangur þeirra ráðstafana, sem efnt var til, sem hefði í för með sér verulega kjaraskerðingu. Og þá er samanburðurinn þannig, og miða ég þá við upplýsingar um gjaldeyrisstöðu bankanna skv. Fjármálatíðindum og um erlend lán einnig samkvæmt upplýsingum Fjármálatíðinda og ársskýrslu Seðlabankans, og aðrar áreiðanlegustu heimildir eru hér notaðar. Miða ég fyrst við árslok 1963, vegna þess að fram að þeim tíma eru endanlegar tölur komnar, en ég kem svo síðar að þróuninni á árinu 1964, til þess að heildaryfirlit fáist fram að síðustu áramótum. Og þá standa þessi mál þannig: Gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað á þessu tímabili, frá árslokum 1958 til ársloka 1963, um rúman milljarð króna, en skuldir Íslendinga erlendis hafa á sama tíma hækkað miklu meir en því nemur eða í kringum hálfan annan milljarð króna eða vel það, og þar af eru tæpar 500 milljónir vörukaupalán til stutts tíma og mjög mörg önnur lán einnig til stutts tíma. Þá litur dæmið sem sé þannig út, að skuldir landsins út á við, þ. e. a. s. landsmanna, í árslok 1958, að frádregnum innstæðum bankanna, nema nálega 2 milljörðum eða 1 milljarð og 999 þús. En í árslok 1963 eru skuldir umfram innstæður komnar upp í 2 milljarða 347 milljónir eða hafa hækkað um nálega 350 millj., en ekki lækkað. Skuldaaukningin við útlönd er sem sagt miklu meiri en innstæðuaukningunni nemur, þannig að sé litið á þessi mál í heild, kemur í ljós, að þessi margumtalaði gjaldeyrisvarasjóður er í raun og veru byggður upp með lántökum erlendis og þ. á m. stórfelldum vörukaupalánum til stutts tíma.

Ef við svo íhugum þróun þessara mála s. l. ár samkvæmt upplýsingum, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri gaf í fréttaauka í útvarpinu, hafa heildarlántökur erlendis, — en það eru allt saman bráðabirgðatölur og geta eitthvað breytzt, — þá hafa lántökur á árinu 1964 numið um 880 millj., en endurgreidd lán um 420 millj., þannig að hækkun á lánum erlendis hefur numið 460 millj., en vörukaupalán hafa lækkað um 78 millj. Nettóhækkun skulda út á við hefur því orðið um 380 millj. rúmar 1964, en gjaldeyriseignin hefur vaxið um 281 millj., og staðan í heild hefur því versnað um 101 millj. Þannig sjáum við, að skuldir landsmanna út á við hafa farið hraðvaxandi á þessum árum, þó að það væri gefið í skyn, að það ætti að leggja á menn kjaraskerðingu til þess að borga þær niður, sem auðvitað var aldrei neitt annað en endaleysa, að slíkt stæði til.

Skuldir við útlönd hafa farið hraðvaxandi á þessu tímabili og vaxið miklu örar en gjaldeyrisinnstæður hafa myndazt hjá bönkunum. Því er heildarmyndin eins og ég sagði, að aðstaðan út á við er verri, þegar heildarmyndin er skoðuð, en hún var áður.

Það er þess vegna mjög óréttmætt, þegar hæstv. ráðh. er að ásaka okkur fyrir það, að við viljum gefa af þessum málum ranga mynd, því að þetta er sú mynd, sem við höfum brugðið upp, sú sem ég nú hef brugðið upp einu sinni enn, og hún er sú rétta. Það er ekki hugsanlegt, að hún geti verið röng, því að þetta er tekið eftir beztu heimildum opinberra stofnana. Það má vera, eins og ég segi, að þetta geti eitthvað breytzt fyrir 1964, því að þessar tölur eru gefnar af seðlabankastjóranum með fyrirvara, en það getur ekki raskað þessari mynd, svo að neinu verulegu nemi.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það bæri að taka þarna með í reikninginn, sem framsóknarmenn vildu aldrei gera, að þó að skuldir hefðu vaxið mikið út á við, þá væri þeim miklu haganlegar fyrir komið nú en áður og það væri stórkostlegur ávinningur, nú væri miklu minna af stuttum lánum. Og hann lýsti því með sterkum orðum, hvað það hefði verið mikið af hengingarskuldum og stuttum lánum, þegar vinstri stjórnin fór frá, en hversu búið væri að koma þessu nú hagfelldlega fyrir í lengri lánum, þetta væri verulegur ávinningur. Og hann skaut þar inn í setningu t. d. eins og þeirri, að þar að auki hefði lánstraustið vaxið svo mikið, að það væri ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. hefði viljað notfæra sér það og taka talsvert mikið af erlendum lánum. Það er náttúrlega nokkuð annað hljóð í þessum strokk en var, þegar byrjað var, því að þá var talið, að skuldasöfnun landsins í heild væri hættulega mikil og ætti að lækka skuldirnar og leggja á menn byrðar til þess. En látum það nú alveg vera. Athugum aftur hitt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að þessu væri öllu betur og haganlegar fyrir komið nú en áður. Nú hef ég því miður ekki getað fengið neins staðar í opinberum plöggum, — það má vera, að það sé þó til einhvers staðar, þó að ég hafi ekki getað fundið það, — alveg öruggt yfirlit eða samanburð um það, hvernig ríkislánunum og lánum annarra en ríkisins líka hefur verið varið, t. d. annars vegar 1958 og hins vegar 1963 eða 1964 í árslokin. Ég hef því ekki öruggan samanburð um, hvort það er meira eða minna núna af stuttum lánum erlendum en þá var, en ég er nálega alveg viss um, að samanburður á þessu mundi leiða í ljós, að það er miklu meira nú af stuttum lánum, sem Íslendingar skulda erlendis, en var 1958. Í því sambandi má m. a. benda á, að nú eru vörukaupalán, sem eru yfirleitt til nokkurra mánaða, á fimmta hundrað milljónir og hafa vaxið á tímabilinu nálega um þá tölu. Engar sambærilegar skuldir til stutts tíma voru til í árslokin 1958, a. m. k. ekki svo að teljandi sé, á móti þeirri stórkostlegu fjárhæð í lausaverzlunarskuldum, sem safnað hefur verið síðan. Hér er því um stórkostlegar skuldbindingar að ræða til stutts tíma. Þar að auki hygg ég, að lán til skipakaupa, sem eru yfirleitt

til mjög stutts tíma, séu miklum mun hærri núna en þau voru í árslok 1958, og það er raunar ekkert um það að efast, að þau eru miklu hærri núna en þau voru þá.

Bara þetta tvennt er nægilegt til að sýna, að fullyrðingar hæstv. ráðh. um þetta eru algerlega úr lausu lofti gripnar og sennilega öfugmæli. En til viðbótar vil ég svo, til þess að upplýsa dálítið nánar um lántökustefnuna núna þessi árin, svona eins og sýnishorn, rifja hér upp um erlendu lántökurnar árið 1963, en frá þeim er greint í Fjármálatíðindum á bls. 55 og áfram í 1. hefti 1964.

Þar segir þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Hér á eftir verður getið helztu lána, sem samið var um á árinu 1963. Framkvæmdabanki Íslands gekk 14. marz 1963 frá lánssamningi við Export-Import-bankann í Washington um PL — 480 lán, en það er hliðstætt lán og bankinn hefur veitt undanfarin ár til eflingar efnahagsþróunar á Íslandi. Lánið, sem er að upphæð 61 millj. kr., endurgreiðist í íslenzkum krónum með 35 hálfsárslegum greiðslum, og fer fyrsta greiðsla fram þremur árum eftir að byrjað er að nota lánið. Vextir eru 4%, og af láninu var notuð 21 millj. kr. á árinu 1963.“ Þetta er fyrsta lánið, sem þarna er talið, og þetta er til sæmilega langs tíma, en síðan segir: „Framkvæmdabankinn tók lán að upphæð 247500 dollarar (eða nálega 10 millj.) hjá Banque Lambert í Brüssel í Belgíu. Lánið, sem ætlað er til byggingar ullarverksmiðju, var allt endurlánað Álafossi og notað á árinu. Lánið endurgreiðist á fjórum árum og ber 7¼% vexti. Loks tók Framkvæmdabankinn lán hjá Société Generale í London í maímánuði 1963. Lánið, sem er 500 þús. dollarar (þ. e. a. s. um 20 millj.), er í formi víxils til 6 mánaða með vilyrði um framlengingu. Vextir eru nú 5%, en geta breytzt.“ Þarna eru komin tvö lán, annað er til fjögurra ára, og telst vitanlega mjög stutt lán, hitt er víxill með vilyrðum um framlengingu. Svo segir: „Landsbanki Íslands tók þriðja árið í röð lán hjá bönkum í Noregi. Lánið er, eins og hin tvö lánin, tekið vegna fiskveiðasjóðs og ætlað til framlengingar á afborgunartíma fiskibátalána. Lánið var að upphæð 1 millj. 407 þús. norskar kr. (þ. e. a. s. 8—9 millj. ísl. kr.), og var allt notað á árinu. Endurgreiðsla þess fer fram á árunum 1965—1967.“ Það er þriggja ára lán, vextir eru 5½%. Síðan kemur: „Póstur og sími tóku á árinu lán hjá L. M. Ericsson til byggingar sjálfvirkra símstöðva að upphæð sænskar kr. 2015200 (þ. e. a. s. 12—13 millj. ísl. kr.). Lánið endurgreiðist á tveimur árum með 5% vöxtum.“ Síðan segir: „Fjmrn. tók tvö erlend lán á árinu, sem bæði voru notuð til viðgerða á Þorsteini þorskabít. Annað lánið var að upphæð 42810 sterlingspund og endurgreiðist á 3 árum með 6% vöxtum, en hitt lánið var 173760 þýzk mörk og endurgreitt á 2 árum.“ Þ. e. a. s. annars vegar á 3 árum og hins vegar á 2 árum. Síðan segir: „Strætisvagnar Reykjavíkur tóku lán bæði í sænskum kr. og þýzkum mörkum til strætisvagnakaupa, samtals að upphæð 3½ millj. kr. Þessi lán endurgreiðast á næstu 3 árum. Loks samdi Rafveita Vestmannaeyja um lán til kaupa á spennustöðvum hjá Sterling Cable Co. í Englandi. Lánið er að upphæð 40100 sterlingspund og umsamdir vextir 7%. Endurgreiðsla þess fer fram á árunum 1965—1968,“ þ. e. a. s. á 4 árum. Þetta eru sem sé löngu lánin. Síðan kemur: „Aðrar erlendar lántökur opinberra aðila til lengri tíma en eins árs,“ — það er sem sé gefið í skyn, að það sé eitthvað af lánum hjá opinberum aðilum til styttri tíma en eins árs, — „er ekki vitað um á árinu 1963.“

Þetta er nú stefna hæstv. ríkisstj. í framkvæmd, sem ráðherra taldi vera að taka helzt ekki nema löng lán og breyta til frá því, sem áður var. Af opinberu lánunum, sem eru talin upp, er aðeins eitt einasta langt lán, hitt eru allt saman stutt lán og sumt hengingarlán.

Mér kæmi ekkert á óvart, þó að eitthvað svipað kæmi út, ef athugaðar væru lántökurnar 1962 og 1961 o. s. frv., en ég hef ekki haft aðstöðu eða tíma til þess að íhuga það. Þetta var um opinberu lánin.

Síðan kemur: „Ný lán einkaaðila, sem samið var um 1963, námu 431.8 millj., en þar af voru 318 millj. notaðar á árinu. Verulegur hluti þessarar upphæðar var vegna innflutnings á fiskibátum eða 184.6 millj.“ Það eru allt saman mjög stutt lán, og líklega verulegur hluti af hinum einkalánunum líka.

Ég verð að segja, að ég er alveg steinhissa á málflutningi hæstv. viðskmrh. í þessu sambandi. Ég held, að þetta hljóti að vera byggt á einhverjum óskaplegum misskilningi hjá hæstv. ráðh. og sagt í fljótræði, því að það er alveg augljóst af því, sem ég nú hef upplýst, að því fer alls fjarri, að stefnunni hafi verið breytt í þá átt að forðast stutt lán, taka minna af stuttum lánum en áður, en leggja sig á hinn bóginn fram um það að hafa lánin löng. En hæstv. ráðh. lagði svo mikið undir í sambandi við þetta, að ég gat ekki heyrt annað en hann teldi, að stjórnin hefði gengið fram í því að breyta hengingarlánum, sem hann taldi að hefðu verið tekin, í löng lán og svo náttúrlega að varast stuttu lánin við nýju lántökurnar.

Hæstv. viðskmrh. sagði líka, að skuldirnar væru nú ekki eins hættulegar og það væri eðlilegt, að lán hefðu verið tekin, þegar menn hefðu átt svo miklu greiðari aðgang að góðum lánum, þ. e. a. s. hagstæðum lánum, heldur en áður með lágum vöxtum. Hann sagði, að vextirnir af lánunum væru yfirleitt nú miklu lægri en áður. Ég hafði það á tilfinningunni, þegar hæstv. ráðh. sagði þetta, að þetta mundi ekki heldur vera rétt. Ég fór svo að rifja upp þær upplýsingar, sem mig minnti að hefðu komið í Fjármálatíðindum um þessi efni. Ég hef hér fyrir framan mig töflu eða yfirlit um þetta í Fjármálatíðindum, og þar eru þessar upplýsingar, með leyfi hæstv. forseta:

1957 er sagt, að meðalvextir af opinberum lánum hafi verið 2.65%, en af einkalánum 5.40%. Og 1958 er sagt í töflunni, að meðalvextir af opinberum lánum hafi verið 2.48%, en af einkalánum 4.52%. En meðalvextir af erlendum lánum í heild, bæði opinberra aðila og annarra, hafa þá verið 3.23% 1957 og 2.87% 1958. En þetta eru vinstristjórnarárin, sem hæstv. ráðh.

vildi bera saman við. Síðan er sagt í þessari töflu, að 1962 hafi meðalvextir af opinberum lánum verið komnir upp í 3.75%, og enn fremur er sagt, að þá hafi meðalvextir af einkalánum verið komnir í 6.58%, og árið eftir eða 1963 er sagt, að vextir af opinberum lánum hafi enn hækkað upp í 4.06%, en á einkalánum séu meðalvextirnir þá 6.03%. En meðalvextir á öllum lánum eru taldir 1962 4.4%, en 1963 4.5%, á móti 2.8% og 3.6% 1957 og 1958. M. ö. o.: samkv. þessu, sem hér liggur fyrir, hafa vextir af opinberum lánum og einkalánum hækkað stórlega frá því, sem þeir voru, svo að eitthvað skýtur þetta meira en lítið skökku við það, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta.

Loks sagði hæstv. ráðh., að það væri mjög ámælisvert, þegar framsóknarmenn væru að benda á, að þrátt fyrir þessar miklu hækkanir á erlendu lánunum hefðu engin stórvirki verið framkvæmd á borð við Sogsvirkjunina og áburðarverksmiðjuna, því að fjárfesting hefði verið meiri í heild með jöfnu verði en hún var á árunum 1956—1958. En ég sé ekki, að það sé nein ósanngirni í því að benda á þetta, vegna þess að það eru einmitt stórvirki á borð við Sogsvirkjun og áburðarverksmiðjuna, sem kalla á erlendu lántökurnar fyrst og fremst. Smærri verkunum getum við miklu frekar komið upp sjálfir með eigin fjármagni og tiltölulega minni lántökum, jafnvel þó að það dragi sig verulega saman, þegar á heildina er litið og allt er lagt saman. Það eru vitanlega þessi stóru einstöku átök, sem fyrst og fremst eiga að kalla á erlendu lántökurnar. Það er vitanlega heppilegast, að erlendu lántökurnar geti orðið til þess að hrinda slíkum stórvirkjum í framkvæmd, en aftur á móti æskilegast, að sem minnst þurfi að taka af erlendum lánum til að hrinda í framkvæmd öðrum smærri verkum. Þetta vona ég, að við hæstv. ráðh. séum alveg sammála um. Þess vegna er það stórkostlega athyglisvert einmitt, að það skuli hafa safnazt svona gífurlegar erlendar skuldir út á við í þeztu árum, sem þjóðin nokkru sinni hefur lifað hvað framleiðslu og verðlag snertir erlendis, án þess að nokkur slík stórvirki hafi verið gerð, einstök stórvirki eins og Sogsvirkjunin og áburðarverksmiðjan voru á sínum tíma.

Hæstv. ráðh. var svo í leiðinni, að því er mér fannst, að koma því að, að í raun og veru hefðu Sogsvirkjun og áburðarverksmiðja ekki verið svo óskaplega mikil stórvirki, því að þessi verk mundu núna ekki kosta nema eitthvað um 450 millj. Þetta var tónninn í því, sem hæstv. ráðh. sagði.

En ég vil benda á, að þetta voru svo stórkostleg verk, sem þarna voru unnin, að samanlagt kosta þau, að því er ég fæ bezt skilið, ef hæstv. ráðh. gizkar rétt á verðlagið, álíka mikið og þessi stóra Búrfellsvirkjun, sem verið er að bollaleggja og á að vera, ef til kæmi, bæði fyrir landsmenn og til alúmíníumverksmiðjunnar. Og nú er manni sagt, að eiginlega sé alls ekki um það að ræða, að Ísland geti fengið lán til að koma slíkum stórvirkjum í framkvæmd nema með því að tengja þau við samninga við erlenda aðila varðandi raforkusölu og annað slíkt. M. ö. o.: því er haldið fram, að til þess að koma í framkvæmd verki, sem er álíka stórfellt og Sogsvirkjun og áburðarverksmiðja samanlagt, þurfi að gera sérstakar ráðstafanir. Íslandi mundi tæplega vera trúað fyrir svo miklu lánsfé framar til framkvæmda, svo að slíkt væri hægt að gera öðruvísi. Auðvitað legg ég ekki trúnað á, að þannig sé ástatt.

En það er rétt að gera sér grein fyrir því, að bygging Sogsvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjunnar voru stórkostleg átök á sinni tíð, og það fékkst líka mikill stuðningur til þeirra framkvæmda erlendis og þ. á m. mikil lán. Og það er mjög athyglisvert, að svona stórkostleg skuldaaukning skuli hafa orðið við útlönd frá því 1958, enda þótt slíkar einstakar stórframkvæmdir hafi alls ekki komið til á þessu tímabili.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt ár eftir ár, og því hefur ævinlega verið vísað frá, það hefur ekki fengið fylgi stjórnarflokkanna eða stjórnarmeirihl. En frv. er um að lækka vextina niður í það, sem þeir voru fyrir viðreisn, sem kölluð er eða kölluð var, og hætta að draga inn í Seðlabankann hluta af sparifjáraukningunni. Enda þótt þetta frv. hafi ekki verið samþ., hefur barátta fyrir því og þeim málstað, sem það hefur að geyma, borið verulegan árangur. Fyrst, þegar hæstv. ríkisstj. neyddist til þess að lækka vextina strax um áramótin 1960—1961, og með því byrjaði hún í raun og veru að játa, að mistök hefðu orðið stórkostleg með þessari fruntalegu vaxtahækkun. Þá var auðvitað engin slík breyting komin á í efnahagslífinu, að hún gæfi nokkurt tilefni til þess að breyta vöxtunum aftur, heldur byrjaði ríkisstj. þá ofur lítið strax að hala í land og bogna undan þeirri baráttu, sem strax var tekin upp gegn þessum óeðlilega háu vöxtum, sem hlutu að setja hér allt úr skorðum. Og þannig var látið undan strax dálítið.

Í hvert skipti, sem þessu frv. hefur síðan verið hreyft, hefur það verið sagt úr herbúðum stjórnarinnar, að það væri fullkomið ábyrgðarleysi að lækka vextina. Af því hlyti að verða mikil aukning á verðbólgunni, eins og það hefur verið kallað, og það væru ábyrgðarlausar till. stjórnarandstöðunnar að lækka vextina. Síðast í fyrravetur var þetta látið dynja úr herbúðum stjórnarinnar.

Ég benti þeim þá á það einu sinni enn, hvernig horfurnar væru og hvernig þeim litist á það, sem fram undan væri, á hvað þeir stefndu, hvernig mönnum dytti í hug, að hægt væri að halda vöxtunum á íbúðalánunum eins og þeir voru og eins og stjórnin hafði í mörg ár talið lífsnauðsynlegt að þeir væru, þegar þannig var komið málum, að vaxtabyrðin ein af andvirði lítillar íbúðar var orðin bróðurparturinn af verkamannakaupinu. Ég spurði þá að því, hvernig þeir héldu, að það mundi ganga að ná kjarasamningum, ef þetta viðhorf ætti að verða áfram. Þessi vaxtapólitík væri óframkvæmanleg til lengdar, hún væri þegar búin að gera stórkostlegt tjón í dýrtíðarvextinum og búsifjum fyrir framleiðsluna og þetta gæti ekki staðizt. Þá var þetta kallað ábyrgðarleysi einu sinni enn. En hvað gerðist? S. l. vor ráku þeir sig á vegginn,

ráku sig á, að það var ekki hugsanlegt að koma saman kjarasamningum í eitt skipti enn án þess að breyta vaxtapólitíkinni. Ætli það hefði ekki verið nær fyrir hæstv. ríkisstj. að fara fyrr að beygja sig fyrir staðreyndum og fara fyrr eftir því, sem við lögðum til í þessu efni og höfum ráðlagt öll þessi ár? En loksins urðu þeir að beygja sig fyrir því, að það var óhugsandi að koma saman nokkrum kjarasamningum án þess að breyta vaxtapólitíkinni. Þá kom það allt í einu í ljós, að þetta var ekkert ábyrgðarleysi, sem við höfðum haldið fram og við höfðum bent stjórninni á, heldur óhjákvæmileg nauðsyn, sem jafnvel þeir urðu að beygja sig fyrir, sem höfðu árum saman kallað þetta ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar. Svona geta staðreyndirnar verið miskunnarlausar, og svona getur það hefnt sín að þykjast ekki sjá og vilja ekki taka skynsamlegum uppástungum, ef þær koma frá öðrum.

Við höfum líka árum saman bent á, að það væri óhugsandi, að íslenzk framleiðslustarfsemi gæti til lengdar starfað og greitt þá háu vexti, sem hér voru settir á og eru miklu hærri en í nokkru öðru nálægu landi og alveg ósambærilegir við það, sem þeir framleiðendur verða að borga í öðrum löndum, sem keppa við okkar framleiðslu á erlendum mörkuðum. En hæstv. ríkisstj. hefur barið höfðinu við steininn í mörg ár, einnig í þessu tilliti, sagt, að þetta væri ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar að leggja til lægri vexti fyrir framleiðsluna og óframkvæmanlegt, vextirnir væru svo lítill hluti af kostnaðinum við framleiðsluna. Og hæstv. viðskmrh. hefur hér á hverju einasta ári mætt með þetta sama dæmi, sem hann mætti með enn nú um daginn, telur saman bankaskuldir útvegsins, rekstrarlánin, sleppir auðvitað stofnlánunum o. s. frv. Kemur þá út hjá honum, að útflutningsframleiðsluna muni ekkert um vextina. Það sé í raun og veru alveg sama fyrir útflutningsframleiðsluna, hvort vextirnir séu 5% eða 10%, það skipti engu máli. Og þennan málflutning hefur okkur verið boðið hér upp á ár eftir ár og enn núna um daginn af hendi hæstv. viðskmrh.

Nú hlýtur hæstv. viðskmrh. og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, að vita, að vextirnir eru stórkostlegur liður í útgjöldum framleiðslunnar, bæði útflutningsframleiðslunnar og iðnaðarins, og ég hef haft með höndum verðlagningardæmi eða vinnsludæmi fyrir frystan fisk frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Að vísu eru það orðin nokkuð gömul dæmi, þau munu vera frá 1961 eða þar í kring, og hlutfallið er náttúrlega breytt nú frá því, sem það var þá. Þessi dæmi gerðu ráð fyrir, að vaxtakostnaðurinn, auðvitað stofnlánavextir með, væri sem allra næst 40% af kaupgjaldskostnaðinum. Þetta voru þau vinnsludæmi, verðmyndunardæmi, sem gerð voru á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 1961. Þessi mál voru algerlega krufin til mergjar í sambandi við þá miklu deilu, sem varð 1961 út af gengislækkuninni þá og kauphækkuninni. Þá var ýtarlega farið ofan í þetta og þetta allt saman ómótmælanlega sýnt.

Nú hefur þetta hlutfall breytzt, en samt sem áður er það vitanlega þannig, að vextirnir eru stórkostlegur liður í framleiðslukostnaðinum. Og hvað hefur nú komið í ljós varðandi vextina, framleiðslukostnaðinn og útflutningsatvinnuvegina? Það hefur komið í ljós nokkurn veginn það sama og kom í ljós í sambandi við kjarasamningana og vextina af íbúðalánunum, að hæstv. ríkisstj. kom ekki saman verðlagsdæmi eða framleiðsludæmi sjávarútvegsins nú í vetur nema með því að lækka vextina, nema með því að taka ráð hinnar óábyrgu stjórnarandstöðu, sem hún hefur fordæmt öll þessi ár. Hæstv. ríkisstj. neyddist til þess að lækka vextina, fyrst og fremst til þess að hægt væri að koma saman rekstrardæmi hraðfrystihúsanna, og samkv. kröfu forráðamanna sjávarútvegsins, sem öll þessi ár hafa verið sammála okkur í stjórnarandstöðunni um, að þessi vaxtapólitík hæstv. ríkisstj. næði engri átt og væri myllusteinn um háls útflutningsframleiðslunnar.

Það hefur aldrei borið neitt á milli stjórnarandstöðunnar og útflutningsframleiðendanna varðandi skoðanir í þessum málum. Og þetta hefur ekki verið byggt á neinu ábyrgðarleysi, heldur á bláköldum staðreyndum og á þeirri vitneskju, sem hefur legið fyrir, og reynslu varðandi þessi efni.

Hæstv. ríkisstj. gaf að vísu út þá tilkynningu um áramótin, að vextirnir hefðu verið lækkaðir vegna þess, að það væri orðið meira jafnvægi í efnahagsmálum. Að þessu hlógu allir. Þetta þótti bara eins og hver annar brandari, því að það vissu náttúrlega allir, að jafnvægisleysið í efnahagsmálunum hafði aldrei verið meira en einmitt um þessar mundir. Biðraðirnar við bankana hafa aldrei verið lengri en nú, þær ná langt út á götu á hverjum morgni. Ég ímynda mér, að þeir skipti hundruðum, sem standa í biðröðum við bankadyrnar á morgnana, vegna þess að eftirspurnin eftir lánsfé er svo margfalt meiri en hægt er að fullnægja. En hæstv. ríkisstj. gaf út tilkynningu um áramótin: Vextir eru lækkaðir vegna þess, að það hefur þokazt í jafnvægisátt!

Það er svo saga út af fyrir sig, að þegar hæstv. ríkisstj. innleiddi háu vextina, átti það að vera til þess, að það kæmist á jafnvægi milli eftirspurnar og framboðs á lánsfé, — ég vil biðja menn að taka eftir því: eftirspurnar og framboðs á lánsfé. Þá var sagt: Ef við hækkum svona vextina, kemur jafnvægi af sjálfu sér. Afleiðingin verður jafnvægi. Sparnaðurinn eykst mikið. Löngun manna til að taka lán minnkar líka mikið. Og það verður alveg jafnvægi í framboði og eftirspurn á lánsfé. — En við sjáum, hvernig farið hefur. Jafnvægisleysið hefur aldrei verið ferlegra en síðan háu vextirnir voru innleiddir, og það er náttúrlega m. a. vegna þess, að allt var gert í senn, innleidd stórkostleg gengisbreyting, sem reisti gífurlega dýrtíðaröldu, vaxtahækkuninni bætt við, sem hækkaði enn meir risið á þeirri öldu, og nýjar álögur innleiddar. Aldan hlaut að brotna yfir landsmenn, eins og líka reynslan hefur sýnt, því að síðan þetta var gert, hefur bókstaflega ekki ráðizt við neitt, nákvæmlega eins og við sögðum fyrir þegar í upphafi. Þessar ráðstafanir væru svo stórkostlegar

og mundu raska svo gífurlega allri verðlagsmyndun í landinu, að það yrði ekki við neitt ráðið að óbreyttum aðstæðum.

Ég hygg, að það væri bezt fyrir ríkisstj. að vera ekki að láta pressa sig til þess að gera það, sem óhjákvæmilega verður að gera, þ. e. a. s. að breyta vöxtunum enn, þ. á m. stofnlánavöxtum landbúnaðarins til samræmis við vextina á íbúðalánunum o. s. frv., að láta ekki pressa sig á þá lund, sem gert hefur verið, heldur horfast í augu við staðreyndirnar og fallast á þetta frv., því að hún verður pressuð til þess, ekki bara af stjórnarandstöðunni, heldur líka af rás viðburðanna, verður pressuð til að halda áfram á þeirri braut, sem í þessu frv. felst, að sínu leyti eins og hún hefur neyðzt til að gera á þann hátt, sem ég hef hér verið að lýsa.

Svipað er hér að segja um þá aðferð hæstv. ríkisstj. til þess að hafa vald á verðbólgunni að loka inni hluta af sparifjáraukningunni. Þetta hefur alls ekki orðið til þess að draga úr verðbólgunni, síður en svo. Það hefur aldrei logað glaðara, verðbólgubálið, en síðan þessi háttur var upp tekinn. En þetta hefur orðið til þess að raska verulega íslenzkum þjóðarbúskap og hefur valdið gífurlegum vandkvæðum fyrir framleiðsluna vegna skorts á eðlilegum rekstrarlánum og fyrir almenning, vegna þess að menn hafa ekki getað fengið lán til nauðsynlegustu framkvæmda. En þetta hefur ekki skapað jafnvægi í landinu. Verðbólgufram kvæmdirnar duna áfram, en lánapólitíkin hefur í reyndinni aðeins orðið til þess, að þeir, sem hafa mestu fjármagni yfir að ráða sjálfir, hafa getað komið sínum framkvæmdum fram fyrir aðrar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55., 56. og 57. fundi í Nd., 16., 18. og 22. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 23. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 19:14 atkv.

2.—5. gr. felldar með 19:15 atkv.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvarp afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Jafnvægi í byggð landsins.

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [27. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 28 til 1. umr., er byggt á þeirri skoðun, að það sé eitt af meginhlutverkum þjóðfélags okkar Íslendinga að sjá svo um, að Ísland haldi áfram að vera byggt land, og ekki aðeins lítill hluti af landinu, heldur landið allt milli fjalls og fjöru, hið byggilega land utan óbyggða. Við, sem flytjum þetta frv., höldum því ekki fram, að sérhvert íslenzkt heimili eigi að standa þar, sem það hefur staðið eða stendur nú. Þetta frv. fjallar ekki um slíkt, heldur um byggðarlög og landshluta og notkun náttúrugæða af landi og sjó um allt Ísland. En það má að okkar hyggju ekki ske, að umheimurinn hafi á komandi tímum ástæðu til að líta svo á, að heil byggðarlög á Íslandi og heilir landshlutar séu orðnir einskis manns land. Réttur okkar Íslendinga til slíkra landshluta kynni þá að verða vefengdur af þeim þjóðum, sem sjálfar búa við landþrengsli. Kenningin um rétt þéttbýlislanda til lífsrúms í veröldinni er ekki úr sögunni, og það er ekki víst, að hún verði úr sögunni, þó að stórveldin kunni að slíðra sverð sín.

Íbúatala landsins var hinn 1. des. 1963 samkv. hagskýrslum 187 þús. tæpar. Þjóðin er enn ekki fjölmennari en svo, að hún gæti fullvel komizt fyrir í einni borg, t. d. höfuðborginni hér við Faxaflóa, og þetta yrði samt ekki sérlega stór borg á heimsmælikvarða. Það má vel vera, að Íslendingar gætu, þó að þeir byggju allir saman í einni borg, skapað sér nægar tekjur til framfærslu sér og sínum og til öflunar þeirra lífsþæginda, sem nútíminn og framtíðin krefjast. Um það skal ég ekki dæma. En við Íslendingar, þessi 187 þús., gerum þá kröfu til lífsins, sem enginn annar jafnfámennur hópur manna gerir á þessari jörð, en það er að fá að vera sjálfstætt ríki með sjálfstæðri tungu og þjóðmenningu og að eiga landið, sem við erum kennd við, vítt land og fagurt og auðugt að náttúrugæðum. Við vitum það vel eða ættum að vita, að ef við ættum ekki þetta stóra og góða land og ef við ættum það ekki ein, værum við ekki sjálfstæð þjóð.

En eignarréttur landa helgast af byggð. Okkar eignarréttur á landinu er áunninn með landsbyggð. Landið hefur fóstrað og stækkað þessa litlu þjóð og þjóðmenningu hennar. Við gætum búið öll í einni borg og hætt að vera íslenzk þjóð. Við gætum flutt okkur burt af þessu landi til annarra hlýrri og frjósamari landa og hætt að vera íslenzk þjóð. Það er nóg rúm fyrir okkur í sumum þeim löndum. Þúsundir Íslendinga eru sagðar búa við velmegun í annarri heimsálfu. En okkar ósk er að vera fólk mikilla örlaga, að eiga ein land og ríki. Við vitum, hvers virði það er fyrir okkur, sem nú lifum, og afkomendur okkar, að það getur gert Íslendinginn í nútíð og framtíð mann að meiri, frjálsari og höfði hærri en hann ella væri. En þessi örlög leggja okkur þá skyldu á herðar að byggja þetta land. Það er Íslendingum sem slíkum lífsnauðsyn að byggja landið.

Ég vil leyfa mér að minna á það í þessu sambandi, að hér var nýlega á ferð einn af stjórnmálaleiðtogum Norðmanna og flutti hér erindi um landsbyggðarmál Noregs. Margir hv. alþm. hlýddu á mál hans. Honum fórust m. a. orð eitthvað á þessa leið: „Sumir Norðmenn segja sem svo: Hvers vegna eigum við að vera að byggja firði og fjalldali norður á Hálogalandi og Finnmörk? Þeir gætu alveg eins spurt: Hvers vegna erum við að byggja Noreg?“ Þannig leit þessi merki Norðmaður á landsbyggðarvandamál síns lands. Og á þessu sviði eiga Norðmenn og Íslendingar við sama vandamálið að stríða. En Norðmenn hófust handa um að leysa sitt landsbyggðarvandamál á sérstæðan hátt, með Norður-Noregslöggjöfinni fyrir 13 árum. Á þessum 13 árum eru Norðmenn búnir að láta jafnvægissjóði sína hafa til umráða, eftir því sem haft var eftir þessum Norðmanni í íslenzkum blöðum, hátt á 5. milljarð ísl. kr., en til viðbótar kemur svo það fjármagn, sem varið hefur verið til uppbyggingar í einstökum landshlutum Noregs vegna skattafríðinda, sem þar voru tekin í lög samtímis jafnvægislöggjöfinni. Við Íslendingar höfum ekki farið að þeirra dæmi. En það eru fleiri lönd en Noregur, sem telja sig þurfa að taka þetta viðfangsefni föstum tökum og hafa þegar gert það. Ég kem að því síðar.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara mörgum orðum um þá gífurlegu röskun jafnvægis í byggð

landsins, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, hef gert það áður. En í þessu sambandi vil ég þó leyfa mér að fara með nokkrar tölur úr grg. þessa frv. varðandi þær breytingar, sem orðið hafa á búsetu landsmanna síðan á árinu 1940 eða um nálega aldarfjórðungsskeið. Er þá miðað við manntal í árslok 1940 og manntal í árslok 1963. Á þessum 23 árum fjölgaði landsmönnum úr rúmlega 121 þús. upp í nálega 187 þús., eða um 53.9%. Á sama tíma fjölgaði hér við sunnanverðan Faxaflóa, í Kjalarnesþingi, um 122%. En á Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar fjölgaði aðeins um 26.5%, á Suðurlandi um 21%, á Norðurlandi um 13.2%, á Austurlandi um 6.2% og á Vestfjörðum fækkaði um 22%. Íbúum þeirra 6 bæja og sveitarfélaga, sem skipulagsmenn telja nú til Stór-Reykjavíkur, fjölgaði á þessu tímabili úr 43400 upp í 95400, þ. e. a. s. á þessum 23 árum. Þessi fjölgun hér á höfuðborgarsvæðinu hjá okkur er miklu meiri fjölgun hlutfallslega en orðið hefur í höfuðborg Noregs eða á höfuðborgarsvæðinu þar síðan um aldamót og þykir þó um of þar í landi. Í Noregi var í árslok 1960 íbúafjöldi landsins í heild 3 millj. 596 þús., en íbúafjöldinn á höfuðborgarsvæðinu, Osló og Aker, var um sama leyti 477100 eða rúmlega 13% af þjóðinni. En hér er á höfuðborgarsvæðinu, eins og ég sagði áðan, meira en 50% af þjóðinni.

Hér er vissulega um mjög svo varhugaverða þróun að ræða, ekki aðeins fyrir fólksfækkunarsvæðin, — og með fólksfækkun á ég hér bæði við beina og hlutfallslega fólksfækkun, — heldur einnig varhugaverða þróun fyrir höfuðborgarsvæðið sjálft, sér í lagi höfuðborgina. Ég hef áður rætt um það mál hér á hinu háa Alþingi, og það hafa fleiri gert, bæði innan þings og utan, en vegna þessarar þróunar er það frv., sem hér liggur fyrir, fram borið.

Ég kem þá næst að því að lýsa meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins á þskj. 28. Hinar sérstöku ráðstafanir, sem hér er um að ræða, eru samkv. frv. í því fólgnar, að komið verði upp sjálfstæðri ríkisstofnun, sem annist þessi mál og beri ábyrgð á framkvæmd þeirra, og að þessari ríkisstofnun, jafnvægis- eða landsbyggðarstofnun ríkisins, verði tryggt fjármagn, sem um munar, til starfsemi sinnar, að fylgzt verði með þróun byggðar og atvinnulífs víðs vegar um land, framfaraáætlanir gerðar og að hinir einstöku landshlutar og byggðarlög fái aðstöðu og hvatningu til frumkvæðis í þessum málum. Hér er að verulegu leyti höfð hliðsjón af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í Noregi á þessu sviði, en þó að sjálfsögðu miðað við íslenzka staðhætti. Ég vil taka það fram, að með þessu frv. er ekki á neinn hátt hróflað við gildandi lögum frá 1962 um atvinnubótasjóð. Við fylgismenn þessa frv. gerum ráð fyrir, að þau lög standi og að atvinnubótasjóður haldi áfram starfsemi sinni, sem mótazt hefur á sérstakan hátt, en sú starfsemi miðar ekki nema að nokkru leyti að því marki, sem miðað er að með þessu frv.

Í 1. gr. þessa frv. er tilgangur þess markaður þannig, að hann sé sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Stjórn þeirra mála, sem hér er um að ræða, er samkv. frv. falin svonefndri jafnvægisnefnd 7 manna, er kjörnir verði af Alþingi að loknum alþingiskosningum hverju sinni. Þessi nefnd er samkv. frv. stjórn jafnvægissjóðs þess, sem fjallað er um í II. kafla frv. Gert er ráð fyrir, að jafnvægisnefndin komi saman til funda einu sinni í mánuði hverjum og oftar, ef þörf krefur. Fundir hennar eru þá ekki oftar en svo að jafnaði, að nm. gætu verið búsettir hvar sem er á landinu, enda verður það að teljast æskilegt, og gera má ráð fyrir, að fundir verði ekki alltaf haldnir á sama stað. N. verður að sjálfsögðu að hafa fastráðna starfskrafta í þjónustu sinni, enda ráð fyrir því gert í frv. Verkefni n. er samkv. frv. rannsókn á þróun landsbyggðar og atvinnulífs í einstökum landshlutum á hverjum tíma, skýrslugerð í því sambandi, áætlunargerð og ráðstöfun fjár úr jafnvægissjóði. En gert er ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn annist dagleg afgreiðslustörf og reikningshald fyrir sjóðinn.

Í 7. gr. frv. segir svo:

„Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi."

En í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að framkvæmdaáætlanir byggðarlaga og landshluta geti einnig orðið til á annan hátt, að framkvæmdaaðilar heima fyrir á þeim svæðum, sem í hlut eiga, eigi frumkvæði að og vinni að gerð slíkra áætlana og geti fengið til þess fjárhagsstuðning hjá jafnvægissjóði að framkvæma þá vinnu, sem til þess þarf. Gert er ráð fyrir, að þeir aðilar, sem hér er um að ræða, geti verið bæjarstjórnir, hreppsnefndir eða sýslunefndir og einnig fjórðungsþing, þar sem fjórðungssambönd eru starfandi, og að skipuð verði af þessum aðilum framfaranefnd til að annast áætlunargerðina fyrir það svæði, sem um er að ræða. Framfaraáætlun heimagerð yrði síðan lögð fyrir jafnvægisstofnun ríkisvaldsins. Slík áætlanagerð heima fyrir mundi hafa mikla kosti. Hún yrði að jafnaði byggð á meiri kunnugleika og nánari þekkingu á því, hvar skórinn kreppir að, en áætlun fjarlægari landsnefndar. Og áætlunarstarfið heima fyrir mundi hafa hvetjandi áhrif og örva hugkvæma áhugamenn til dáða. En að sjálfsögðu verða slíkar svæðisbundnar framfaranefndir að geta lagt vinnu í áætlunargerðina og fengið sérfræðilega aðstoð, og til þess er ætlazt, að þær geti fengið fjárhagslegan stuðning hjá jafnvægissjóðnum til þess, ef jafnvægisnefnd samþykkir.

Flest þeirra ákvæða, sem ég nú hef nefnt, eru í I. kafla frv. En í II. kafla eru ákvæði um jafnvægissjóðinn, fjáröflun til hans og ráðstöfun

þeirra fjármuna, sem hann ræður yfir á hverjum tíma, til eflingar atvinnulífi og landsbyggð í samræmi við tilgang frv.

Samkv. 9. gr. frv. er ætlazt til þess, að til jafnvægissjóðs renni fastákveðinn hundraðshluti, 1½%, af tekjum ríkissjóðs ár hvert og í fyrsta sinn af tekjum ársins 1964. Miðað við tekjuáætlun fjárl. þessa árs yrðu fyrstu tekjur sjóðsins þá um 40 millj. kr. og samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, yrðu þær 48 millj. kr. á árinu 1965, en því hærri sem ríkistekjur reynast meiri og yrðu sjálfsagt þegar á næsta ári talsvert yfir 50 millj., vegna þess að gera má ráð fyrir, að fjárlögin verði hærri en frv. er nú. Auk þess mundi sjóðurinn að líkindum, er frá líður, hafa nokkrar og eitthvað vaxandi vaxtatekjur, og í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að hann geti tekið lán til starfsemi sinnar á því sviði, sem þar er rætt um, þ. e. a. s. ef sveitarfélögum er veitt aðstoð til að koma upp íbúðum. Þá er og gert ráð fyrir, að kostnaður við störf jafnvægisnefndar, þ. á m. áætlunargerð, greiðist sérstaklega úr ríkissjóði.

Í 10., 11. og 13. gr. eru aðalákvæðin um ráðstöfun á fjármagni jafnvægissjóðsins. Samkv. 10. gr. má veita úr sjóðnum lán til hvers konar framkvæmda, sem eru til þess fallnar að dómi sjóðsstjórnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda sé áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Það er skýrt fram tekið, að hér skuli vera um viðbótarlán að ræða, þ. e. a. s. að lán úr jafnvægissjóði komi ekki í staðinn fyrir þau lán, sem nú tíðkast að veita, heldur til viðbótar við þau, þar sem þess er þörf, til þess að af framkvæmdum geti orðið. Lán jafnvægissjóðs yrðu því áhættulán, enda eðlilegt, að þau séu það. Í frv. eru ekki ákvæði um lánskjör, lánsupphæðir eða lánstíma. Allt slíkt teljum við, a. m. k. fyrst um sinn, verða að vera á valdi jafnvægisstofnunarinnar sjálfrar og að reglur um útlánin verði að mótast af þeirri reynslu, sem hún fær í starfi sínu. Sérstaklega er fram tekið, að veita megi sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum. Það má ekki eiga sér stað framvegis, að landssvæði, sem eiga í vök að verjast, missi af fólki vegna skorts á íbúðarhúsnæði, t. d. sérmenntuðum mönnum eða kunnáttumönnum í verklegum efnum, en því miður hefur slíkt átt sér stað, og núverandi lánsstofnanir taka ekki tillit til slíks.

Í frv. er þó ekki eingöngu gert ráð fyrir lánastarfsemi, heldur einnig óafturkræfum framlögum, en til þess að veita slík framlög er gert ráð fyrir að þurfi aukinn meiri hluta í jafnvægisnefndinni. En þessi óafturkræfu framlög mundu koma til greina, þar sem líklegt þykir, að ekki gæti orðið um endurgreiðslu að ræða.

Þá vil ég vekja athygli á því, að í 15. gr. frv. er gert ráð fyrir þeim möguleika, að jafnvægisstofnunin geti, ef sérstaklega stendur á, gerzt meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót, ef ekki reynist unnt að stofna fyrirtækið á annan hátt, enda sé einnig aukinn meiri hl. a. m. k. því samþykkur í n. Í norsku jafnvægislöggjöfinni, sem ég nefndi áðan, eru einmitt ákvæði, sem að þessu lúta, og norsku jafnvægissjóðirnir hafa gert töluvert að því á undanförnum árum að gerast meðeigendur í slíkum fyrirtækjum.

Einnig vil ég vekja athygli á ákvæðum 13. gr. um sérstaka jafnvægissjóði í einstökum byggðarlögum eða landshlutum. Greinin fjallar um það, að á nánar tilteknu landssvæði sé hægt að koma upp sjálfstæðri jafnvægisstarfsemi á þann hátt, að þetta landssvæði fái til ráðstöfunar sinn hluta af allsherjarsjóðnum, en njóti þá ekki stuðnings af honum með öðrum hætti. Þetta miðar, eins og ákvæði 14. gr. um framfaranefndir, að því að örva frumkvæði og framkvæmdagetu heima fyrir í hverjum landshluta í samræmi við tilgang frv., enda hafi hinir sérstöku jafnvægissjóðir, er til kemur, hlotið löggildingu jafnvægisnefndar. Gert er ráð fyrir, að þeir aðilar, er að slíkum sjóði standa, útvegi sjálfir nokkurt viðbótarfé heima fyrir til starfsemi sinnar eða leggi fram á þennan hátt fé, sem þeir geti ráðstafað til framkvæmda í þágu atvinnulífs til eflingar byggðinni á hlutaðeigandi svæði.

Þá vil ég að lokum vekja athygli á 16. gr. frv. Þar segir svo, að þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skuli ríkisstj. leita álits jafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra. Þetta á að sjálfsögðu eigi sízt við um fyrirtæki eða stofnanir, sem ríkið sjálft á eða rekur á sviði atvinnulífsins, og ætti í framkvæmd einnig að eiga við ýmsar aðrar opinberar stofnanir, þótt eigi þyki hér henta að setja um það almenna reglu, þar sem sumar af slíkum stofnunum hljóta að verða tendgar við ákveðna staði, t. d. höfuðborgina. Þetta ákvæði, eins og fleiri í þessu frv., styðst við erlend fordæmi frá löndum, sem tekið hafa upp jafnvægisstarfsemi, en þar er að því stuðlað af hálfu ríkisvaldsins á ýmsan hátt, að atvinnufyrirtæki, sem eru að hefja starfsemi sína með nýrri fjárfestingu, starfi fremur í þeim byggðarlögum, sem höllum fæti standa, en í hinum stærstu borgum eða umhverfi þeirra.

Í ákvæði til bráðabirgða er og ákvæði, sem ástæða er til að nefna sérstaklega. Þar er svo fyrir mælt, að jafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku l. gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem nú þykir sýnt að dregizt hafi aftur úr og hætta er á að eyðist, þó því aðeins, að þar geti talizt vel viðunandi náttúruskilyrði til atvinnurekstrar, og verja til þeirrar aðstoðar allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins sem óafturkræfu framlagi næstu 3 ár. Sum byggðarlög virðast nú þannig á vegi stödd, að hafa verði hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan, og leyfi ég mér að vísa til grg. frv. og þeirra fundasamþykkta, sem þar er getið, í því sambandi.

Um einstök efnisatriði þessa frv. og rök fyrir þeim leyfi ég mér að öðru leyti að vísa til grg., sem fylgir frv., svo og þess, sem áður hefur verið um þetta mál rætt hér á hinu háa Alþingi.

Frv. að mestu leyti sama efnis og þetta hefur þegar verið flutt á tveim undanförnum þingum, en því miður ekki náð fram að ganga. Nú sýnist mér hins vegar ýmislegt benda til þess, að nýtt viðhorf hafi skapazt til þessara mála og meiri

skilningur en fyrr á hinni aðkallandi nauðsyn þess, að spornað sé gegn því með skipulögðu átaki, sem um munar, að þjóðin leggi meiri eða minni hluta af landi sínu í eyði. Það er nokkuð áberandi stundum í fari okkar Íslendinga og sérstaklega um þessar mundir að gefa gaum að því, sem aðrar stærri þjóðir hafast að, og fara eftir einhvers konar heimstízku í meðferð þjóðmála. Og nú vill svo vel til, að hægt er að benda á það þessu máli til stuðnings, að ekki aðeins frændur vorir Norðmenn, heldur og ýmsar aðrar þjóðir hér í álfu hafa nú í seinni tíð talið sér nauðsynlegt að taka landsbyggðarmál sitt til sérstakrar meðferðar og gert í því sambandi ýmsar mikilsverðar ráðstafanir í löggjöf og stjórnarframkvæmdum. Við, sem að þessu frv. stöndum, höfum undir höndum upplýsingar um opinberar ráðstafanir þessa efnis frá sjö Norðurálfulöndum auk norsku jafnvægislöggjafarinnar. Þessi löggjöf er að sjálfsögðu með ýmsu móti, enda staðhættir mismunandi. En eitt er hér alls staðar sameiginlegt: að í henni, þ. e. a. s. í löggjöfinni, er ákveðið, að þjóðfélögin hafi hönd í bagga um það, hvernig löndin byggist á komandi tímum, og leggi fram til þess mikla fjármuni að koma í veg fyrir, að hin blindu lögmál fjármagns og viðskipta verði hinum félagslegu og þjóðlegu sjónarmiðum yfirsterkari og alls ráðandi. Í Frakklandi hefur verið gerð 10 ára áætlun um flutning ýmiss konar ríkisstofnana burt frá höfuðborginni og um að dreifa starfsemi einstakra stofnana um landið. Atvinnufyrirtæki, sem flytja starfsemi sína a. m. k. 200 km út fyrir París eða út í „græna beltið", sem svo er nefnt, fá sérstaklega hagstæð lán í Frakklandi. Árið 1960 var talið, að búið væri að flytja á þennan hátt um 600 atvinnufyrirtæki, sem höfðu 170 þús. manns í vinnu. Tvær stórar bifreiðaverksmiðjur með 25—30 þús. menn voru t. d. fluttar vestur á Bretagne. Á Ítalíu hefur verið stofnaður sérstakur uppbyggingarsjóður fyrir Suður-Ítalíu og sérstakar uppbyggingaráætlanir gerðar á vegum ríkisins fyrir Sardiníu og Sikiley. Í Bretlandi eru nú skráð á uppbyggingaráætlun um 300 svonefnd uppbyggingarsvæði víðs vegar um Bretland, strjálbýl landssvæði eða landssvæði, þar sem koma þarf upp nýjum atvinnugreinum í stað annarra úreltra, svo og útborgasvæði til að létta á London og öðrum stórborgum. Á þessum uppbyggingarsvæðum hefur ríkið sjálft, brezka ríkið, látið koma upp fjölda atvinnu- og framleiðslustöðva, sem leigðar eru út eða síðar seldar, og einnig eiga atvinnufyrirtæki kost á mjög háu opinberu framlagi, ýmist beinu eða í formi skattgjaldsafsláttar, vegna fjárfestingar á þessum svæðum. Nánari ákvæði um þessi framlög í Bretlandi eru í nýrri löggjöf frá brezka þinginu frá árinu 1963. Í Svíþjóð starfaði mþn. að þessum málum á árunum 1959—1963 og gerði till. um að verja miklu fé til uppbyggingar svonefndra þróunarsvæða í Svíþjóð. Þar er m. a. gert ráð fyrir sérstöku og lægra rafmagnsverði í nyrzta hluta Svíþjóðar og er það athyglisvert fyrir okkur hér á Íslandi, en hér er það nú svo, að hin strjálbýlli héruð greiða hæst verð fyrir raforkuna. Ég nefni aðeins þessi dæmi, en ég skal bæta því við, að í Svíþjóð eins og í Noregi hafa verið uppi og gerðar af opinberum aðilum ákveðnar till. og áætlanir um flutning opinberra stofnana og starfsmanna burt úr höfuðborgunum, þ. e. a. s. stofnana, sem er ekki talið nauðsynlegt að séu þar.

Viðfangsefni stórþjóðanna á meginlandinu eða á Bretlandseyjum eru að sjálfsögðu ólík okkar viðfangsefnum, og við getum ekki sniðið okkar löggjöf eða framkvæmdir nema að nokkru leyti eftir fordæmum þeirra. En það, sem athyglisverðast er í þessu sambandi, er sú grundvallarhugsun, sem nú er að festa rætur í mörgum löndum, að þjóðfélagið geti ekki látið sér óviðkomandi staðsetningu landsbyggðarinnar eða staðsetningu atvinnu og framleiðslu, að samanþjöppun eða „centraliseringu" á litlum landssvæðum verði að vera takmörk sett. Hin nýja og vaxandi samgöngutækni er þegar farin að skapa nýja og áður óþekkta möguleika í þessu sambandi. Margt bendir til þess, að hér sé um að ræða eitt höfuðviðfangsefni þjóðfélaganna á komandi tímum, og þó er það e. t. v. hvergi eins aðkallandi og hér á Íslandi að taka þetta viðfangsefni föstum tökum. Hef ég áður vikið að ástæðum til þess.

Eins og ég sagði áðan, yrðu árlegar tekjur jafnvægissjóðs, miðað við sennilega afgreiðslu fjárl. 1965, að líkindum eitthvað kringum 50 millj. kr. eða rúmlega það samkv. þessu frv. Þetta er ekki mikið fjármagn miðað við þau verkefni, sem fyrir hendi eru. En miklu skiptir, að ekki sé lengur dregið að hefjast handa. Jafnvægisstofnunin þarf að komast á fót sem fyrst. Framkvæmdastjóri norsku jafnvægisstofnunarinnar sagði hér á dögunum, að ráðamenn í Noregi vildu stöðva fólksflóttann úr dreifbýlinu, stöðva strauminn, eins og hann orðaði það. En getum við stöðvað þennan straum? spurði hann, og spurningunni svaraði hann sjálfur á þessa leið: Já, við getum það, þ. e. a. s. við Norðmenn getum það, ef við viljum.

Við Íslendingar getum það líka, ef við viljum. Þjóðfélagið getur gert þær ráðstafanir, sem til þess þarf, að Ísland verði áfram byggt land. Hér er fyrst og fremst um að ræða rétta dreifingu þess fjármagns, sem þjóðfélagið getur ráðið yfir, til þess að skapa framleiðslumöguleika, íbúðir og það, sem til þess þarf að lifa menningarlífi nútíðar og framtíðar um landið allt. Jafnvægisstofnunin á að verða þess umkomin að leggja til það fjármagn, sem á vantar, þegar búið er að fara hinar venjulegu leiðir. Hún á að geta lagt það lóðið á vogarskálina, sem úrslitum ræður. Hún á að hafa varðstöðu og skynsamlega forsjá.

Það getur verið, eins og Carlsen sagði um daginn, að þetta kosti eitthvað. Við megum ekki láta okkur bregða í brún, þó að það kosti eitthvað fyrir svona litla þjóð að vera sjálfstætt ríki og eiga landið. Það kann að reynast, eins og skáldið sagði, dálítið dýrt, a. m. k. um stundarsakir, að vera Íslendingur. En það kynni þó að reynast dýrara fyrir afkomendur okkar að vera það ekki.

Síðustu 23 árin hefur þjóðinni, eins og ég sagði áðan, fjölgað um nál. 54%. Ef gert er ráð fyrir sömu fjölgun hlutfallslega áfram og litið 23 ár fram í tímann til ársloka 1986, ættu íbúar landsins þá að vera rúmlega 100 þús. fleiri en

þeir eru nú. Þegar rætt er um að skipuleggja landsbyggðina, er spurningin fyrst og fremst þessi: Hvar verða heimili þessara 100 þús. Íslendinga, sem bætast við í landinu á þessum 23 árum — eða á einhverjum styttri tíma eða lengri tíma, ef menn vilja svo vera láta? Það er hægt að hugsa sér, að allur þessi mannfjöldi eða mestur hluti hans safnist saman á höfuðborgarsvæðinu. En í sambandi við allan þennan mannfjölda eru líka möguleikar til að efla byggð í öllum landshlutum, og það er það, sem þjóðfélagið þarf að stefna að. Náttúrugæðin eru víða. Landbúnaðurinn í sveitunum ætti að geta tekið á móti miklu meira fólki en við hann vinnur nú þrátt fyrir aukna tækni. Á 19. og 20. öld hafa myndazt víðs vegar um land rúmlega 70 þéttbýlismiðstöðvar fyrir utan höfuðborgina og stærstu kaupstaðina, sem telja nokkrar þúsundir manna hver. Flestar eru þessar þéttbýlismiðstöðvar við sjóinn, en nú í seinni tíð eru þær einnig að myndast í sveitum, á krossgötum í sambandi við verzlun og fleira, í kringum skóla, á jarðhitastöðum o. s. frv. Þessi byggð öll eða mestöll hefur vaxtarskilyrði, ef rétt er að henni búið, en þó misjafnlega góð og slíkir staðir geta orðið fleiri. Ísland mun á næstu áratugum eignast mannafla til að geta gefið hinum mörgu þéttbýlisstöðum nýtt líf og jafnframt til að efla sveitirnar og fáa, stóra kaupstaði eða bæi, t. d. einn eða tvo í hverjum landshluta.

Að þessari þróun er jafnvægisstofnuninni, sem þetta frv. fjallar um, ætlað að vinna. Um það þarf hún að hafa samráð við reynda menn og sérfróða á ýmsum sviðum. Hún þarf að byggja á því, sem fyrir er, en jafnframt að hafa auga fyrir nýjum viðhorfum, nýjum möguleikum. Nútímafólk hér á landi vill, eins og annað nútímafólk, verkaskiptingu og fjölbreytni. Sjávaraflinn mun enn um hríð reynast drýgstur til eflingar hinum mörgu smáu þéttbýlisstöðum við sjóinn og alveg sérstaklega þegar farið verður að nýta hann betur til manneldis en nú er gert. Og íslenzkur landbúnaður kann að eiga sér meiri markaðs- og vaxtarmöguleika en nú er almennt viðurkennt. En Íslendingar eru líka iðnaðarþjóð og hafa raunar alltaf verið. Innlend hráefni og alþjóðleg gerviefni opna sjálfsagt ýmsar nýjar leiðir. Ekki er ólíklegt, að gamall íslenzkur heimilisiðnaður, þjóðleg handavinna eða listmunagerð eigi eftir að veita mörgum vetraratvinnu, e. t. v. ekki svo mjög á sveitaheimilum eins og fyrr, heldur í þorpum og bæjum, þar sem veturinn er nú hjá mörgum dauður tími heima. Í sumum löndum er heimilisiðnaður og ferðamannaþjónusta nátengdar atvinnugreinar. Og þegar sá draumur rætist, að hafizt verður handa um stórvirkjun fallvatna til framleiðsluaukningar, verður þar um að ræða mikla, óvenjulega möguleika til að auka jafnvægið milli landshluta. Það væri stórslys í skipulagsmálum landsbyggðar, ef þeir möguleikar væru látnir ónotaðir, ef nýtt fjármagn á þessu sviði væri látið ýta undir öfugþróun í stað þess að stuðla að jafnvægi.

Ég mun nú ljúka máli mínu. Það er von okkar flm., að sá tími nálgist, að það málefni, sem við berum hér fram, hljóti nauðsynlegt fylgi hér á hinu háa Alþingi. Ég geri ráð fyrir, að ýmsir hafi sannfærzt um það nú í seinni tíð, að hér er bent á hina réttu leið. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til að ræða um þær breytingar á þessu frv., sem til bóta mættu verða. Þegar íslenzk jafnvægisstofnun kemst á fót, verður þar um að ræða tákn þess, að með vaxandi fólksfjölda renni hér upp ný landnámsöld, en ekki landeyðingaröld. Við Íslendingar erum um þessar mundir staddir á þeim örlagastað, þar sem skilur milli feigs og ófeigs. Ef þjóðin hirðir ekki um að láta landið stækka sig, smækkar hún og líður undir lok.

Ég vil, herra forseti, að lokinni þessari umr. leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 28, n. 676).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar, og kemur fram á þskj. 676, að samstaða hefur ekki fengizt í n. um afgreiðslu þessa máls.

Meiri hl. fjhn. leggur til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá, þar sem fram kemur í skýrslu, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi á þskj. 635, að í undirbúningi hjá henni er frv. til jafnvægis í byggð landsins.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál hér. Hér er um að ræða mál, sem ég reikna með að flestir hv. þm. hafi áhuga á að nái fram að ganga, þegar það hefur fengið þann undirbúning, sem þarf, og leyfi ég mér því að leggja til f. h. meiri hl. fjhn., að það fái nú afgreiðslu, eins og kemur fram á nál. á þskj. 676, með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem fram hefur komið í skýrslu ríkisstj., sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á þskj. 635, að ríkisstj. hefur ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, er hafi það hlutverk að tryggja landsmönnum sem jafnasta aðstöðu til alhliða iðnþróunar og uppbyggingar, telur d. ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Ég hafði ætlað mér að flytja allýtarlega framsögu fyrir nál. minni hl. í þessu máli, með því að ég tel málið miklu varða, en þar sem mér er kunnugt um, hvernig nú er hagað störfum þingsins, þá verð ég að fallast á það að stytta mál mitt eftir föngum. En ég vil þó ekki láta hjá líða, að fram komi álit okkar, sem skipum minni hl. fjhn.,

ekki hvað sízt þar sem svo hagar til, að nál. hefur ekki enn þá verið útbýtt og að menn geta þar af leiðandi ekki kynnzt sjónarmiðum okkar með lestri þess.

Þetta frv., sem hér er til umr., er um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eins og það heitir. Frv. er í tveimur köflum, og fyrri kaflinn er um tilgang l. og störf jafnvægisnefndar. Í þeim kafla segir, að stuðla skuli að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknastörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein og hlutfallsleg fólksfækkun hefur orðið undanfarið eða er talin yfirvofandi. Samkv. frv. á Alþ. að kjósa að loknum alþingiskosningum hverju sinni 7 manna n., þ. e. a. s. 7 aðalmenn og 7 varamenn í n., sem kölluð er jafnvægisnefnd. N. á að hafa með höndum framkvæmdir samkv. l. og ráðstöfun þess fjár, sem til þeirra er veitt. Síðari kafli frv. er meginatriðið, en þar er fjallað um jafnvægissjóð. Frv. gerir ráð fyrir því, að til jafnvægissjóðs sé greitt árlega 1½% af tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi. Hlutverk sjóðsins er þar nánar tilgreint að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna. Gert er ráð fyrir að veita lán úr sjóðnum til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en heimilt skal einnig að veita beina styrki úr sjóðnum í þessu skyni, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þá á jafnvægisnefnd að vera heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd jafnvægissjóðs meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang l., enda sé ekki mögulegt að stofna fyrirtæki með öðrum hætti. Til þess er ætlazt, að Framkvæmdabanki Íslands annist afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins fyrir hönd jafnvægisnefndar, til þess að minnka tilkostnað eins og mögulegt er og nota þann banka, sem fyrir hendi er og eðlilegast virðist að um þessi atriði fjalli.

Í grg. með því frv., sem hér er til umr., er greint frá því, hvernig hagar um mannfjölda í einstökum landshlutum árið 1940 annars vegar og árið 1963 hins vegar. En þar kemur fram, að á þessum árum, sem liðin eru frá 1940, hefur orðið bein fólksfækkun í einum landshluta, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, og hlutfallsleg fækkun fólks á öllum landssvæðum öðrum en hér í Reykjavík og næsta nágrenni. Flm. frv. og við, sem erum í minni hl. fjhn., teljum, að þessi þróun, eyðing byggðanna að fólki, sé mjög óheillavænleg, og við teljum, að það þurfi án tafar að gera ráðstafanir til þess að stöðva áframhald hennar, og þetta viljum við segja að sé sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna. Til þess að snúa þessari þróun við er nauðsynlegt fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulífið í þeim landshlutum, sem þannig er ástatt um, að fólkinu fækkar, en þar sem góð atvinnuskilyrði eru fyrir hendi. Vitanlega þarf fleira til að koma en uppbygging atvinnulífsins eins, en það verður þó að teljast grundvallaratriði. Þau fleiri atriði, sem til greina koma í þessu sambandi, eru auðvitað jöfnun aðstöðu til menntunar um allt land og samgöngumálin, sem mjög vega þungt í þessu sambandi. Af því að raforkumál eru mjög ofarlega á dagskrá nú, koma þau upp í hugann sem eitt af þýðingarmestu atriðum í þessu sambandi, þ. e. að rafvæða landið allt og selja raforkuna við sama verði um allt land. Og í sambandi við meðferð þess máls, sem nefnt hefur verið Landsvirkjun, ætti einmitt að gefast sérstakt tilefni til að hugleiða þennan þátt málanna.

Hv. meiri hl. fjhn. hefur ekki viljað fallast á það með okkur hinum að mæla með samþykkt þessa frv., heldur borið fram rökstudda dagskrá, þar sem segir, að d. telji ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. og taki fyrir næsta mál á dagskrá, eins og þar segir. En rökstuðningurinn er sá, að fram hafi komið í skýrslu ríkisstj. á þskj. 635, að ákveðið sé að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, þá sé ekki ástæða til að samþykkja nú þetta frv. Þessu er ég algerlega andvígur og ósammála.

Á bls. 12 í skýrslu ríkisstj. segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af staðsetningu hugsanlegrar álúmíníumbræðslu hér á landi og vegna þess, hve mikilvægt ríkisstj. telur, að jafnvægis sé gætt milli byggðarlaganna, hefur hún ákveðið að undirbúa frv.“ o. s. frv. eins og þar segir.

Af þessu tel ég að augljóslega komi í ljós, að það sé fyrst og fremst, sem fyrir ríkisstj. vakir, að rétta þann skakka, sem yrði af því, ef úr því yrði, að álúmíníumbræðsla yrði reist á Suðvesturlandi. Rökstuðningurinn hnígur í þá átt. En ég held því fram, og ég held, að það verði ekki um það deilt, að mikið misræmi sé nú þegar fyrir hendi í þessu máli, sem nauðsynlegt sé að bæta úr og hefði átt að vera búið að bæta úr fyrir lifandi löngu, enda hafa hér fyrir hv. Alþ. mörg undanfarin ár, fleiri en ég man að telja, legið frv. um sérstakan jafnvægissjóð frá þm. Framsfl., sem jafnan hefur fengið ýmist neikvæða afgreiðslu eða alls enga. Þess vegna tel ég, að þrátt fyrir góðan ásetning hæstv. ríkisstj. í því að bæta upp það misræmi, sem hún skapar með staðsetningu álúmíníumverksmiðju á Suðvesturlandi, beri Alþ. skylda til þess að vinna að lausn þess máls og þess misræmis, sem orðið er, og það er einmitt það, sem þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um.

Ég hygg, að ekki þurfi að eyða löngu máli af dýrmætum tíma hv. Alþ. nú til þess að sanna, hvert misræmi sé nú þegar í byggð landsins. Svo virðist sem loksins séu augu manna almennt að opnast fyrir því, að þetta vandamál sé fyrir hendi, og meira að segja Sjálfstfl. er farinn að álykta um þetta mál á landsfundum sínum, og í forustugrein Morgunblaðsins í dag er skrifað um þetta mál af meiri skilningi en þaðan hefur verið að mæta, ég vil segja bæði fyrr og síðar. En til frekari rökstuðnings þess og til að undirstrika vandamálið vil ég leyfa mér að vitna til bréfs frá Búnaðarfélagi Íslands, sem Alþ. hefur borizt og fjallar um þetta mál, en það er svona, með leyfi hæstv. forseta: „Búnaðarþing skorar á Alþ. að gera ákveðnar og raunhæfar ráðstaf-

anir til þess að efla byggð og treysta búsetu fólks um land allt. Þingið vill vekja athygli á fordæmi Norðmanna í þessu efni og telur æskilegt, að sérstakri stofnun verði hér falið það verkefni að beina fjármagni til framkvæmda í þá landshluta, þar sem byggð vex ekki eðlilega, og að ákveða staðsetningu þjónustustofnana ríkisins, skóla og annarra ríkisstofnana og atvinnufyrirtækja svo, að þau styðji að eðlilegri og jafnari fólksfjölgun um land allt. Stofnuninni verði séð fyrir föstum tekjum, sem haldi gildi sínu, þótt verðfall verði á peningagildi í landinu.“

Í þessu bréfi er sérstaklega vakin athygli á fordæmi Norðmanna. Þeir hafa haft verulega mikið af þessu vandamáli að segja, og þeir hafa mætt því með mjög raunhæfum ráðstöfunum og varið til þess miklu fjármagni. Hv. alþm. var fyrr í vetur gefinn kostur á því að hlýða á erindi, sem norskur sérfræðingur, sem hingað til lands kom, hélt um þetta mál hér í næsta húsi, og ég veit, að það voru margir okkar, sem notfærðu sér þetta boð og fengu glögga yfirsýn af þessu erindi um það, hversu stórt vandamál þetta er talið í Noregi og hversu miklu fjármagni varið er þar til þess að mæta því og bæta úr því. En það er víðar en í Noregi, sem þessu vandamáli er mætt með opnum augum. Þegar ég ásamt hv. 5. þm. Vesturl. var á ferð í Bretlandi fyrir nokkrum vikum, fengum við sérstaklega að kynnast því, að þar í landi er þetta vandamál talið mjög mikilvægt, og það eru miklar ráðstafanir gerðar af hálfu stjórnarvalda til þess að mæta því. Ég skal tímans vegna sleppa að greina frá því, í hverju þær eru fólgnar, en minni á það, að hv. 5. þm. Vesturl. hefur skrifað um það ágæta grein í Alþýðublaðið fyrir nokkrum vikum, og ég vil hvetja menn til þess að kynna sér það til þess að sjá, að þar er þessu vandamáli mætt af fullum skilningi og mikið lagt í sölurnar til þess að bæta úr því.

Þannig hygg ég, að það verði ekki um það deilt, að vandamálið sé fyrir hendi hér og við eins og aðrir þurfum að mæta því. Og ég tel, að það frv., sem hér er til umr., beri að samþykkja. Ég tel raunar, að sams konar frv. hefði átt að samþykkja fyrir mörgum árum, þegar þau voru hér fyrr á ferðinni. Ef svo hefði verið gert, eru allar líkur til þess, að við værum betur á vegi staddir í þessum málum en raun ber vitni í dag. En með því að það hefur ekki orðið, er þó betra seint en aldrei, og ég tel, að þrátt fyrir þá yfirlýsingu, sem er að finna í skýrslu ríkisstj. um byggingu á álúmíníumverksmiðju á Íslandi, eigi sú hugmynd, sem hér er hreyft um sérstakan jafnvægissjóð, fullan rétt á sér, ekki síst þar sem mér virðist, að hugmynd hæstv. ríkisstj. sé bundin við viss atriði, sem alls óvíst er að nokkuð verði úr, og hvort sem úr þeim verður eða ekki, er sýnilegt, að þau sjálf auka svo á þetta vandamál, að það margfaldast.

Það eru mörg atriði, sem koma til greina í sambandi við lausn þessa máls, og víðast hvar hefur þessu verið mætt, eins og ég sagði áðan, með því að veita fjármagn til nýrra atvinnugreina á þessum stöðum. Fleiri leiðir eru vissulega hugsanlegar. Mér dettur t. d. í hug til viðbótar við það, sem ég nefndi áðan, að jafna aðstöðu fyrirtækja í sköttum eða gjöldum, t. d. á þann hátt, að aðstöðugjöld verði í þessum landshlutum a. m. k. ekki hærri en þau eru annars staðar eða jafnvel lægri eða þessi fyrirtæki fengju ívilnanir í opinberum gjöldum í stað beins fjárstyrks. Þessi leið hefur ekki verið valin í því frv., sem hér er til umr., en ég geri ráð fyrir því, að þó að það yrði samþ., sé það engin allsherjarlausn, heldur séu ýmis atriði önnur, sem þyrfti að taka upp við hliðina á því til þess að ná verulegum árangri í þessu mikilsverða máli. Enda þótt hér sé talað um það, að byggð megi ekki eyðast og það sé þjóðfélagslegt vandamál, hve fólkinu fækkar á vissum landssvæðum, því er verr, er það þó ekki tilgangur okkar eða þeirra, sem beita sér fyrir framgangi þessa máls, að búseta skuli haldast á hverju einstöku býli, sem byggt hefur verið að undanförnu. Okkur er ljóst, að þær kröfur eru of hátt fram settar. Hitt er aðalmarkmiðið, að koma í veg fyrir, að góðar sveitir og sjávarþorp, þar sem álitleg framleiðsluskilyrði eru. leggist í auðn.

Sú stefna er mörkuð í þessu frv., að gæði landsins og fiskimið umhverfis landið verði nýtt, hvar sem þau eru, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og öll byggileg landssvæði skuli setin. Þetta verður gert með því að auka ræktun landsins og einnig með því að efla atvinnulíf í sjávarþorpum og kauptúnum, sem fyrir eru, og koma upp nýjum þéttbýlisstöðvum í ýmsum héruðum, sem gætu orðið miðstöðvar viðskipta og iðnaðar fyrir nálægar byggðir. Það fé, sem veitt verður til slíkrar uppbyggingar, mun skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum í vaxandi framleiðslu og þjóðartekjum til hagsbóta fyrir alla íbúa landsins, ekki bara þá, sem á umræddum landssvæðum búa, heldur einnig okkur hina, sem búum í þessu svokallaða þéttbýli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 28, n. 676 og 721).

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 676 samþ. með 19:15 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Verndun fornmenja.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um verndun fornmenja, nr. 40 16. nóv. 1907 [50. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þau lög, sem nú gilda um verndun fornminja á Íslandi, eru frá 1907 og hefur, eftir því sem ég bezt veit, lítið eða ekki verið breytt síðan. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa gengið yfir þjóðfélag vort þær stórkostlegustu breytingar, sem orðið hafa í öllu okkar þjóðlífi og allri okkar sögu. Og það má segja, að sú kynslóð, sem ég enn þá tilheyri, hafi í raun og veru ræturnar í anda aftur í því, sem við venjulega köllum fornöld eða aftur í söguöld, en sú kynslóð, sem nú sé að vaxa upp, standi raunverulega í þeirri hættu að verða rótlaus í okkar landi. Breytingarnar eru svo miklar, að það þarf að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess, frekari en gert var með l. um verndun fornminja 1907, að reyna, að svo miklu leyti sem slík verndun getur orðið til þess að tryggja eitthvert samhengi í sögu þjóðarinnar eða þjóðarerfðinni, að tryggja þessar fornminjar betur en þar er gert, taka meira undir þær en þar er. 1907 hugsa menn fyrst og fremst um okkar söguöld eða þjóðveldistíma, skulum við segja, og raunverulega liggur nokkurn veginn í orðunum, að það séu menjarnar frá þeim tíma, sem er verið að varðveita. Íslenzka þjóðfélagið hins vegar, þrátt fyrir ýmsar breytingar á því, þá á raunverulega það þjóðfélag, sem hér er á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar, meira skylt innbyrðis á þessum 10 öldum heldur en það þjóðfélag, sem nú er að rísa hér upp. Þjóðfélagslega séð getum við þess vegna vel sagt, að það, sem til væri af fornminjum frá fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar, ætti að öllu leyti að heyra undir sömu vernd og gengið var út frá að veita fornminjum, svo sem fyrstu greinarnar í l. um verndun fornminja frá 1907 gera. Þó er það aðeins eitt atriði, sem ég hér tek út úr. Ég veit, að í sambandi við verndun ýmissa lausra forngripa hefur það orðið svo, að það hefur verið safnað alveg jafnt þeim forngripum, sem eru frá miðöldunum, þannig að þar er tiltölulega vel um hugsað. Þó er það svo, að ýmislegt, sérstaklega af tækjum og slíku, er að glatast frá þessum tíma. En það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi gera till. um að bæta nú inn í l. um verndun fornminja, og það er að reyna að varðveita þau hús, sem enn þá standa og byggð hafa verið fyrir 1874 eða byggð á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar og hafa annaðhvort frá almennu byggingarlistar- eða sögulegu sjónarmiði eða að öðru leyti það gildi, að það væri rétt að varðveita þau. Sannleikurinn er, að við höfum nú á síðustu 90 árum eyðilagt ákaflega mikið af slíkum fornminjum. Mikið af slíkum húsum hefur verið rifið, og mörg af slíkum húsum liggja nú undir skemmdum. Það er vitanlegt, að með þeim stórvirku tækjum, sem við nú höfum, er miklu fljótar verið að eyðileggja þessa hluti heldur en áður fyrr, og það er enn fremur vitað, að sparneytni manna hefur stundum komið í ljós í því, að menn hafa rifið gömul, sögulega fræg hús, byggð úr sterkum innviðum fyrir 100—200 árum, og notað sömu innviðina til þess að byggja ný hús úr þeim, þannig að okkar hirðuleysi um slíkar gamlar, sögulegar menjar er því miður mjög mikið.

Það, sem felst í þessu frv., er raunverulega að taka inn undir 2. gr., þar sem talið er, hvað séu staðbundnar fornminjar eða fornleifar, eins og það þar er kallað, í viðbót við þingbúðarústir eða öll gömul mannvirki og annað slíkt, fornar grafir og hellnaáletranir og annað þess háttar, — að taka þar inn undir líka, í viðbót við fornar kirkjur eða bæjarhús og slíkt, öll hús, sem byggð eru fyrir 1874. Það, að ég tek 1874, er náttúrlega að nokkru leyti tilviljun. Það er eins rétt að binda það við fyrstu 1000 ár Íslandsbyggðar. Ég álít hins vegar, að það liggi nógu langt frá okkar eigin tíma til þess, að menn verði að viðurkenna, að það beri a. m. k. að athuga öll þau hús, sem byggð eru á þessum tíma, áður en þau séu rifin.

Ég hef áður sagt það hér í sambandi við baráttu fyrir að reyna að vernda þannig ýmislegt, sem tilheyrir okkar þjóðarerfð, að hvað svo sem þær kynslóðir, sem eiga eftir að taka við í þessu landi, seinna meir geta gert, þá er það eitt, sem þær geta ekki, og það er að byggja aftur gömul hús. Það, sem einu sinni er búið að eyðileggja, geta þær aldrei skapað að nýju. Þær geta gert tilraunir til þess að hlaða upp kot, til þess að reyna að eiga þá einhver kot, þegar búið væri að rífa öll þau gömlu, en það verður ekki það sama og kot, sem menn höfðu einhvern tíma

búið í og unnið í og starfað hér fyrr á tímum.

Þegar ég legg til, að þessi hús, sem byggð eru fyrir 1874, séu varðveitt með þeim skilmálum, sem í 2. gr. frv. greinir, þá eru það hús ýmissa tegunda, sem ég er að hugsa um. Það eru t. d. hús, sem við gætum raunverulega kallað höll, í Viðey. Ég hef á undanförnum áratug a. m. k. þrisvar eða fjórum sinnum flutt till. um það í sambandi við fjárl., að eitthvað verði gert til þess að hindra þá eyðileggingu, sem er að grafa um sig í því húsi. Þær till. mínar hafa aldrei fundið náð fyrir augum meiri hl. hér á Alþingi. Hins vegar sé ég mér til mikillar ánægju, að það er farið að skrifa allmikið um þetta mál nú, þannig að það má vera, að mönnum fari smám saman að renna blóðið til skyldunnar, þegar menn sjá, hvílík vítaverð vanrækslа á sér stað þar, svo að ég nú ekki tali um, — það mundi heyra meira undir handrit, — að verzlunarskjöl frá undanförnum öldum liggja þar í hrönnum uppi á loftinu í Viðey, án þess að nokkur maður taki þau til handargagns, og eru þau þó öll mikils virði fyrir rannsókn á okkar verzlunarsögu. Mér hefur verið bent á, þegar ég hef flutt þessar till. viðvíkjandi Viðey, — ég held, að ég hafi byrjað á því fyrir 10 árum, — að það vantaði raunverulega allar heimildir til þess, að ríkið gæti nokkuð gripið þarna inn í. Með þessu frv. skapast sú heimild hvað það hús snertir og önnur slík. Það stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 2. gr.: „Þegar um er að ræða hús, sem byggð eru fyrir 1874 og notuð eru enn, skal sú skylda hvíla á eiganda að halda þeim við. Séu slík hús eigi notuð eða sé viðhald þeirra vanrækt, er það réttur og skylda ríkisins að halda þeim við á sinn kostnað og gera á þeim þær endurbætur, er í engu spilli gildi þeirra sem söguminjum, en nauðsynlegar eru til viðhalds.“ Og enn fremur segir þar: „Óski ríkisstj. eftir að kaupa slík hús, sem um ræðir í f-lið 2. gr., til varðveizlu eða óski eigandi eftir að selja þau ríkinu, skal fara um mat á þeim eftir 6. gr. laga þessara,“ eins og t. d. um fornminjarnar, þegar eigendur þeirra geta leitað til ríkisstj. viðvíkjandi þeim málum, og þá skal meta þau af lögkvöddum mönnum, eins og þar stendur.

En það er ekki aðeins Viðey, það eru mörg önnur hús, sem ég er þarna að hugsa um. Við höfum varðveitt til allrar hamningju nokkra gamla, góða höfðingjabæi, og þeir eru til fyrirmyndar, og við erum stoltir af því að sýna þá, hvort sem það er Glaumbær, Burstafell eða önnur slík, Grenjaðarstaður eða aðrir. En af gömlu kotunum aftur á móti er ég hræddur um að sé að verða lítið eftir. Og var þó þorrinn allur af okkar forfeðrum, sem bjó þar, en ekki í þeim fögru hibýlum, sem enn þá hafa varðveitzt og voru höfðingjasetur meira eða minna. Ég álít þess vegna alveg nauðsynlegt, að það sé gerð ráðstöfun til þess, að einhver af þessum kotum, sem enn kunna að vera, séu varðveitt í þeirri mynd, sem þau voru, og á þeim stað, sem þau voru. Það getur að vísu verið jafnrétt að byggja upp hér í Reykjavík og láta hlaða lítið kot til þess að sýna það á lóð þjóðminjasafnsins, bara til þess að æskan í Reykjavík, börnin, geti fengið að sjá, hvernig þetta var, en eitthvað af þessum gömlu kotum þarf að varðveita. Ég veit, að það er dýrt, það er hlutur, sem ríkið verður að taka að sér. Mörg af þeim kotum hafa það sorglegar minjar að geyma fyrir eigendurna, fátæktina, þrautirnar, sem minning þeirra er tengd við, að flestir þeirra hafa verið fljótir til að rífa þau, þegar þeir hafa byggt myndarlega upp sína bæi. En fyrir þjóðminjafræði okkar er stórkostlegt tap að slíku.

Þá er enn fremur vitanlegt, að í mörgum gömlum kaupstöðum á Íslandi er enn þá þó nokkuð af húsum frá þessum tíma, sem eru í bráðri hættu. Í fyrsta lagi eru hér í Reykjavík slík hús, sem eru í hættu bara út af lóðaverðinu og öðru slíku. Það er að verða svo hátt, lóðaverðið víðast hvar á þessum gömlu eignarlóðum í miðbæ Reykjavíkur, að freistingin til þess að láta rífa gömlu húsin, sem eru þar, eða flytja þarf burt, sem eyðileggur þau líka, er svo rík, að það þarf sérstakar ráðstafanir að gera, ef menn vilja viðhalda bæði einhverjum gömlum steinbæjum, svo að ég tali nú ekki um torfbæjunum á þeim stöðum, þar sem þeir eru nú í Reykjavík. Og það álít ég nauðsynlegt. Ég álít ekki, að það eigi að vera meginreglan að flytja allt slíkt upp að Árbæ. En það getur þýtt, að það verði að bæta þeim eigendum mjög vel upp, til þess að Reykjavík fái innan sinna gömlu vébanda að hafa slíkar gamlar minjar. Við vitum líka, að á Vopnafirði, Djúpavogi, Eyrarbakka, ótal stöðum á landinu, eru gömul hús enn þá. En ég er hræddur um, að þeim fækki með hverju árinu sem líður, og öðru hverju sér maður jafnvel hér í blöðunum, þegar nýbúið er að rífa slík hús.

Ég held þess vegna, að það sé ekki seinna vænna, að frv. um þetta mál sé samþykkt, og ég held, að það sé að einu leyti alveg sérstaklega tímabært, að við gerum það nú og það þegar á þessu þingi. Við erum að reyna að heimta handritin heim og erum að vonast til þess, að við fáum þau heim. Og við þurfum að sýna það í verki, að við séum ekki bara að gera kröfu til þess, sem Íslendingar og Danir í Kaupmannahöfn hafa varðveitt, heldur að við höfum líka fullan hug á að varðveita það, sem raunverulega tilheyrir fornminjum hérna heima. Og ég held, að það mundi frekar bæta okkar aðstöðu hvað snertir okkar siðferðilegu kröfur, ef við sýndum það, að við værum mjög ákveðnir í því að vilja stíga stór spor til þess að varðveita það, sem gamalt er hjá okkur, og sjá um, að það verði ekki eyðilagt. Þess vegna held ég líka út frá okkar réttlátu baráttu fyrir því að fá handritin heim, þá sé rétt fyrir okkur að gera meira að því að reyna að varðveita það, sem er enn þá eftir t. d. af húsum frá fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar, og fleira mættum við gera og er gert, og þess vegna hef ég flutt þetta mál. Ríkinu eru bundnar nokkrar skyldur með þessu. Þær eru ekki sérstaklega stórar og verða því ekki ofjarl, en það tryggir sér hins vegar með þessu að þurfa ekki að horfa upp á það aðgerðalaust, að slík hús, sem öll þjóðin er sammála um að varðveita, en eru í einstaklingseigu, þau meira eða minna drabbist niður, ekki sízt þegar

um hús er að ræða, sem bæði frá sögulegu og listrænu sjónarmiði eiga skilið að varðveitast og það vel.

Hins vegar er mér ljóst, að það mun vafalaust vera um nokkuð að ræða af húsum, við skulum segja ýmsar skemmur eða skot eða útihús eða slíkt frá þessum tíma, sem koma undir þessi lög, en mönnum mundi kannske ekki þykja rétt endilega að varðveita. Og þá legg ég það með síðustu mgr. 2. gr. í hendur þjóðminjavarðar að taka ákvarðanir um slíkt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þó er þjóðminjaverði heimilt, ef sérstaklega stendur á að hans áliti, að leyfa, að slík hús séu flutt, ef þess er sérstaklega óskað, eða jafnvel rífa þau, ef þjóðminjavörður álítur einskisvirði að halda þeim við.“ Ég treysti þjóðminjaverði, hver svo sem hann er á hverjum tíma, fyllilega til þess að sjá um þetta og vil leggja þetta vald í hans hendur, því að mér er ljóst, að það getur náttúrlega verið um nokkuð af húsum að ræða, sem enginn sérstakur fengur sé að því að varðveita. En l. þurfa hins vegar að gilda um allt saman, um öll hús, sem byggð eru fyrir 1874, þannig að það sé ekkert af þeim rifið eða flutt, nema því aðeins að áður hafi þjóðminjavörður haft aðstöðu til þess að segja sitt álit þarna um og beita sínu valdi.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og vil ég leyfa mér að vonast til þess, að það fái afgreiðslu á þessu þingi og þm. geti orðið sammála um í fyrsta lagi að gera þar á þær breytingar, sem þeir álitu heppilegar, sem ég er fyllilega ásáttur um að gera, og í öðru lagi að samþykkja það og gera það að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 276).

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og hefur sent það til umsagnar þjóðminjavarðar og skjalavarðar Minja- og skjalasafns Reykjavíkurborgar. Báðir þessir sérfræðingar hafa sent umsagnir til n., og eru þær prentaðar sem fskj. nr. 1 og 2 með nál. á þskj. 276. Báðir þessir aðilar fara fram á, að það yrði ýmislegt fleira, sem athugað yrði í sambandi við endurskoðun á l. um verndun fornminja. Þau eru orðin gömul, allt frá 1907, og þess vegna mjög mikil þörf á endurskoðun á þeim með tilliti til fleira en felst í frv. á þskj. 56. Það hefur þess vegna orðið að samkomulagi í menntmn. að leggja til að vísa þessu frv. til ríkisstj. nú í trausti þess, að hún skipi nefnd til þess að endurskoða gömlu l. um verndun fornminja frá 1907, endurskoða þau þá mjög alhliða, þannig að tillit væri tekið til allra þeirra hugmynda, sem fram hafa komið og fram kunna að koma á næstunni um þessi mál, og þá náttúrlega einnig þeirra, sem fram koma í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Við viljum ætla þessari n. að vísu rúman tíma til þess að vinna að þessu, því að þetta er vafalaust allmikið og nauðsynlegt verk, sem þarna þarf að vinna, en þó æskilegt, að hún gæti sem fyrst skilað áliti, en í síðasta lagi, að hún skili því til ríkisstj. þannig, að hægt væri fyrir þingbyrjun 1967 að leggja frv. endurskoðað fyrir Alþingi. Það er þess vegna sameiginleg till. menntmn., að þessu frv. sé nú vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún skipi n. til þess að endurskoða þessi lög.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 276 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 28 shlj. atkv.

---

2. Bann gegn botnvörpuveiðum (frv. LJós).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [66. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 16. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að gerðar verði þrjár breytingar á gildandi lögum um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi. Í fyrsta lagi er lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar allverulega. Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa reynzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp. Og í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvíræð ákvæði í l. um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu. Þessar eru aðalbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. að gera á gildandi l. um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Ég skal nú fara örfáum orðum um hverja þessa breytingu um sig.

Sektarákvæði varðandi landhelgisbrot eru í l. frá árinu 1951. Þau eru þar ákveðin að vísu í gullkrónum, og sektarfjárhæðin hefur því breytzt á þessum tíma til samræmis við breytingar á gengi íslenzkrar krónu. En þó að sektirnar hafi á þennan hátt hækkað nokkuð, fer fjarri því, að þær hafi hækkað til samræmis við önnur meginatriði, sem á að leggja til grundvallar í sambandi við slík brot sem hér er um að ræða. Verðmæti þeirra skipa, sem nú stunda yfirleitt veiðar hér við land og gera sig helzt sek um að brjóta þessa löggjöf, hefur breytzt miklum mun meira en sem nemur breytingum á okkar gjaldmiðli. En það er vitanlega eðlilegt, að brot þessara skipa við löggjöfina séu metin að verulegu

leyti með tilliti til þess, hve þau tæki eru dýr, sem hér eiga hlut að máli. Ég hygg, að verðmæti þeirra togara, sem stunda veiðar við Ísland nú, sé algengast að vera í kringum 40—50 millj. kr. fyrir skipið, reikna þar með verðmæti nýrra skipa. Sú upphæð hefur sem sagt breytzt gífurlega mikið frá því, sem var, þegar sektarákvæðin voru sett í lög árið 1951. Af þessum ástæðum í fyrsta lagi tel ég, að það sé kominn tími til þess að hækka sektir fyrir landhelgisbrot allverulega frá því, sem nú er í gildi. Annað atriði kemur hér einnig til greina, en það er verðmæti þess afla, sem leitað er eftir, m. a. með því að brjóta landhelgislöggjöfina. Það er enginn vafi á því, að verðmæti aflans hefur líka breytzt á þessu tímabili um meira en sem nemur breytingu á gildi íslenzkrar krónu. Það er því enginn vafi á því, að verðmæti aflans er miklum mun meira nú hlutfallslega en það var, þegar sektarákvæðin voru sett í lög árið 1951, og það er því einnig af þeim ástæðum kominn tími til þess að breyta sektarfjárhæðinni. Nú munu sektir fyrir landhelgisbrot vera algengastar 240—260 þús. kr. Þegar þessi fjárhæð er borin saman við verðgildi skipanna og við verð á meðalfiskfarmi þeirra skipa, sem hér er átt við, þá ætla ég, að allir geti orðið sammála um það, að þessi sektarfjárhæð, 240—260 þús. kr., sé orðin harla lítil. Það er líka mín skoðun, að þau mjög svo tíðu landhelgisbrot, sem menn hafa heyrt frá að undanförnu, standi í nánu sambandi við það, hvað landhelgissektirnar séu í raun og veru orðnar lágar, borið saman við verð aflans og verð skipanna, sem þessar veiðar stunda.

Í gildandi l. er miðað við það, að sektum fyrir landhelgisbrot sé skipt í tvo meginflokka, þ. e. a. s. miklum mun lægri sektir fyrir skip, sem eru að stærð undir 200 rúmlestum, en svo allmiklu hærri sektir eða þær, sem ég var að nefna áðan, 240—260 þús., fyrir skip, sem eru yfir 200 rúmlestir að stærð. En í þessu frv., sem ég legg hér fram, er gert ráð fyrir því að hafa á þessu nokkuð annað fyrirkomulag eða skipta þessum sektarflokkum í þrjá mismunandi flokka, þ. e. a. s. fyrir skip undir 200 rúml., í öðru lagi fyrir skip, sem eru af stærðinni frá 200—600 rúml., og svo í þriðja lagi fyrir skip, sem eru yfir 600 rúml. En það er einmitt ein breytingin, sem átt hefur sér stað hin síðari ár, að skipin hafa stækkað verulega, og nú er orðið um allverulegan fjölda af veiðiskipum að ræða, sem eru stærri en 600 rúml., en þau voru tiltölulega fá árið 1951. Samkv. þeim till., sem gerðar eru í þessu frv., er gert ráð fyrir því, að sektir fyrir skip, sem eru að stærð 200—600 rúml., gætu orðið 390—780 þús. kr. Hér er því lagt til að gera allverulega hækkun frá því, sem verið hefur, en samkv. ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því, að sektir skipa, sem eru yfir 600 rúml., geti orðið 780—1365 þús. kr. Og yrði hækkunin auðvitað hjá þessum stærstu skipum þar af leiðandi enn þá meiri en hjá hinum. Ég held, að það megi ekki dragast öllu lengur að breyta þessum sektarákvæðum, sem í gildi eru nú, ef það á að stugga eitthvað verulega við landhelgisbrjótunum og fá þá til þess að forða sér frá því að brjóta lögin, svo að um muni.

Þá er annað atriðið í þessum breytingum það að taka skýrt fram í l., að óheimilt sé að selja veiðarfæri þeirra skipa, sem tekin hafa verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi mánuður er liðinn frá því, að dómur hafi verið kveðinn upp um landhelgisbrotið. En nú er almennt hafður á sá háttur, að veiðarfærin eru að vísu gerð upptæk, en það má heita aðeins að nafninu til, vegna þess að um leið og dómur hefur verið upp kveðinn, fær veiðiþjófurinn venjulega veiðarfæri sín afhent með tiltölulega litilli tryggingu og getur farið út með þau veiðarfæri og byrjað á iðju sinni aftur án nokkurra verulegra tafa. En ég álít, að það þurfi að gera ákvæði l. í þessum efnum miklu ótvíræðari en þau eru nú og taka það beinlínis skýrt fram, að þegar veiðarfæri hafa verið gerð upptæk með dómi, þá sé óheimilt að láta þau aftur af hendi eða selja þau, fyrr en a. m. k. einn mánuður er liðinn frá uppkvaðningu dómsins. Þetta mundi í flestum tilfellum verða til þess, að veiðiþjófurinn yrði nauðbeygður til þess að hætta viðkomandi veiðitúr og halda til síns heimalands aftur, en það er jafnvel meiri refsing fyrir hann heldur en nokkurn tíma sektarfjárhæðin sjálf. Ég álít því, að hér sé um mjög mikilvægt atriði að ræða og það eigi að breyta um framkvæmd í þessum efnum. En það held ég að verði ekki gert, nema tekin séu af öll tvímæli í l. sjálfum.

Þá er þriðja breytingin, sem felst í frv., en hún er um að gera útgerðarfélag skipsins meira ábyrgt í sambandi við sektardóma en er samkv. gildandi lögum. Nú er yfirleitt við það miðað, að það sé skipstjórinn á skipinu, sem sé hinn seki. Hann er dreginn til dóms, og hann hlýtur sektardóminn. En takist nú svo til með einhverjum hætti, að skipstjórinn náist ekki eða smjúgi úr greipum landhelgislögreglunnar, eins og dæmi eru til um, þá virðast okkar lagaákvæði vera mjög óákveðin og óljós um það, hvaða möguleikar séu þá til þess að koma sektardómi á þann, sem skipið gerir út. Ég veit, að allir hv. alþm. kannast vel við dæmið af enska togaranum Milwood, sem hér var tekinn fyrir ekki alllöngu og þar sem einmitt slíkt atvik sem þetta kom fyrir, þar sem hinn seki skipstjóri hafði sloppið, en skipið sjálft var tekið og flutt hingað til hafnar, en það lék lengi mikill vafi á því, hvernig með málið ætti að fara. Ég legg því til, að það séu sett í l. alveg skýr ákvæði um það, að náist ekki í hinn seka skipstjóra eða sleppi hann með einhverjum hætti, þá sé samkv. íslenzkum lögum leyfilegt að ákæra eiganda skipsins eða útgerðaraðila, sem eigi þá að þola sektardóm og alla refsingu. Ég held, að reynslan hafi sýnt, að það sé alveg óhjákvæmilegt að breyta gildandi lögum um þetta efni, því að Milwooddæmið er ekki og verður ekki einasta dæmið í þessum efnum. Það er alveg augljóst, að svona tilvik geta orðið í mörgum tilfellum.

Þessi atriði, sem ég hef hér gert nokkra grein fyrir, eru meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir. Ég flutti á síðasta þingi frv. um sama efni

og þetta og sé því ekki ástæðu til þess að orðlengja hér frekar um málið. Ég vænti þess, að málið fái afgreiðslu nú á þessu þingi, og legg til, að málinu að þessari umr. lokinni verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins bæta nokkrum orðum við þessa ýtarlegu framsöguræðu, sem hér hefur verið flutt um það frv., sem fyrir liggur.

Ég held, að það sé komið í ljós, að það var mjög miður, að þetta frv. skyldi ekki ná fram að ganga á seinasta þingi, en það var fyrst flutt þá. Þeir, sem hafa fylgzt með fréttum blaða og útvarps að undanförnu, hafa ekki komizt hjá að verða þess varir, að varðskipin hafa tekið allmarga togara að ólöglegum veiðum að undanförnu, og er þó vafalaust, að það eru fleiri, sem hafa komizt undan. En það, sem á tvímælalaust mikinn þátt í því, að erlendir togarar halda nú svo mjög uppi ólöglegum veiðum og að því er virðist í vaxandi mæli, stafar af því, hve refsingar eru orðnar lágar fyrir þessi brot, sérstaklega þegar miðað er við stærð skipanna, eins og kom fram hjá hv. flm.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að öll þau þrjú meginatriði, sem felast í þessu frv., séu til mikilla bóta í þessum efnum og dragi úr áhuga erlendra veiðimanna fyrir að gerast brotlegir hér við land í sambandi við veiðar, og e. t. v. er það atriði þó einna þýðingarmest í frv., að það er kveðið skýrt á um það, að eigi megi selja eða láta af hendi upptæk veiðarfæri fyrr en a. m. k. mánuður er liðinn frá uppkvaðningu dóms. Ég hygg, að ef þetta atriði yrði lögfest, mundi það eiga góðan þátt í því, að veiðiþjófar yrðu ragari við sína iðju en ella, því að þetta atriði er að sjálfsögðu mikil refsing til viðbótar hinni beinu sekt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta. Ég vildi aðeins, vegna þess að málið hefur verið svo ýtarlega rætt af flm., leggja áherzlu á, að þetta mál sæti nú ekki sömu meðferð og á síðasta þingi og að sú hv. nefnd, sem fær það til meðferðar, skili um það áliti og greiði fyrir því, að það komist nú í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 74, n. 565).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. á þskj. 74 til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Einn nm., hv. 3. þm. Sunnl., skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Eins og fram kemur í nál., er það álit sjútvn., að endurskoða þurfi í heild lög nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og að við þá endurskoðun þurfi að taka tillit til þeirra atriða, sem frv. á þskj. 74 fjallar um, en það eru einkum þrjú atriði. Í fyrsta lagi er þar lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar verulega. Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp. Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvíræð ákvæði í l. um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Sjútvn. hefur fengið umsögn frá sakadómara ríkisins um frv. og hvert þessara þriggja atriða, sem frv. fjallar um. Er umsögn sakadómara prentuð sem fskj. með nál. Í þeirri umsögn kemur fram rökstuðningur fyrir því, að athuga þurfi nánar þessi þrjú efnisatriði frumvarpsins, og með því að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj., fellst sjútvn. á þá afstöðu sakadómara ríkisins. Hins vegar, eins og fram er tekið í nál., eru innan n. mjög skiptar skoðanir um sjálfar till., sem í frv. felast, eins og fram er tekið í nál.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta, þar sem nál. og bréf sakadómara ríkisins skýra sig alveg sjálf, en leyfi mér, herra forseti, fyrir hönd sjútvn. að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., skrifaði ég undir það með fyrirvara. Ég er alveg sammála því út af fyrir sig, að frv. verði vísað til ríkisstj., sem láti endurskoða þau lög, sem þarna er um að ræða, og þær ábendingar, sem fram koma í frv. sjálfu. Það var aðeins síðasta mgr. 1. gr., sem ég vildi vekja athygli á, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú reynist ekki kleift að ná í skipstjóra þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, eða hann neitar að mæta fyrir rétti, og er þá heimilt að stefna útgerðarfélagi skipsins, sem bera skal alla ábyrgð á brotinu.“

Mér finnst, að einmitt þetta atriði þurfi að skoðast alveg sérstaklega, hvort það getur talizt framkvæmanlegt, að útgerðarstjórn eins skips geti borið alla ábyrgð á broti, sem skipstjóri skipsins hefur framið. Það er vitað, að í l. er það, að verði sektir ekki greiddar innan tilskilins tíma, er um fangelsisrefsingu að ræða, og hlýtur það að vera mjög óeðlilegt, að útgerðarstjórn, sem engan hlut á að brotinu, geti lent annaðhvort í hárri fjársekt eða þá að verða að sæta fangelsisrefsingu. Það var þetta ákvæði eða þessi mgr., sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í sambandi við frv. nú við þessa umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 565 ber með sér, varð ekki samkomulag um það í sjútvn. að afgreiða frv. mitt á þskj. 74, um breyt. á l. um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, með öðrum hætti en þeim, sem fram kemur í þessu nál., þ. e. a. s. lagt er til,

að málinu verði vísað til ríkisstj., en þó með vinsamlegum undirtektum, og það tekið fram, að það sé ætlazt til þess, að um leið og endurskoðun fer fram á l., verði tekið tillit til þeirra atriða, sem frv. fjallar um. Ég tel, að þessu máli sé þokað nokkuð áleiðis með þessari afgreiðslu, og geri mér vonir um það, að þegar hæstv. ríkisstj. tekur að sér að láta framkvæma endurskoðun á þessari löggjöf, muni sú endurskoðun leiða til þess, að meginefni þessa frv. verði tekið í lög, því að ég held, að það sé enginn vafi á því, að það er orðin brýn þörf á því að gera þær breytingar, sem þetta frv. fjallar um. En lengra var ekki hægt að þoka málinu áleiðis hér að þessu sinni, og taldi ég því rétt að fallast á þá afgreiðslu, sem er mörkuð með þessu nál.

ATKVGR.

Till. frá sjútvn. á þskj. 565 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 26 shlj. atkv.

3. Einkasala ríkisins á tóbaki.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki [74. mál] (þmfrv., A. 93).

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er mjög einfalt í sniðum og þarf ekki langra skýringa með.

Svo sem öllum þdm. er kunnugt, er talið vísindalega sannað, að tóbak valdi mjög alvarlegum meinsemdum eða a. m. k. sé sterkur þáttur í að valda þeim, og fyrir eigi alllöngu voru birtar grg. erlendra sérfræðinga, auk þess sem innlendir sérfræðingar hafa einnig um það mál fjallað, þar sem það þótti ótvírætt, að viss tegund tóbaksnotkunar a. m. k. væri mikill skaðvaldur hvað snerti heilsu manna. Það ætti öllum að vera það sameiginlegt áhugamál, og er ekki að efa, að svo sé, að reyna að girða fyrir það, að slík notkun eigi sér stað, að því marki, sem auðið er á hana að hafa áhrif. Hitt er annað mál, að það vitum við öll, að tóbaksnotkun er nautn, sem er hægara sagt en gert að fást við, svipað og með áfengisnautnina, en það hefur þó jafnan verið viðurkennt, að það væri rétt varðandi áfengisnautnina að vinna gegn henni með öllum tiltækum ráðum. Af hálfu hins opinbera hefur verið varið verulegum fjárveitingum í því skyni. Í sambandi við tóbakið hefur ekkert verið gert í því efni og talið, að þar væri um miklu meinlausari atriði að ræða. En nú, eins og ég áðan sagði, virðist augljóst, að hér sé allveruleg hætta á ferðum og a. m. k. séu svo sterkar líkur fyrir því, að tóbakið sé mikill skaðvaldur heilsu manna, að það sé ekki síður ástæða til að sporna gegn notkun þess.

Þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja, er um það eitt atriði, að tóbaksauglýsingar hvers konar yrðu bannaðar. Það mætti kannske segja sem svo, að þetta væri ástæðulítið og þarflaust, því að þetta mætti gera einfaldlega með ákvörðun ríkisstj., þar sem hér er tóbakseinkasala. Tóbakseinkasalan hefur ekki auglýst neitt að ráði tóbak, og það er sjálfsagt einfalt með framkvæmdarákvörðun að takmarka þær auglýsingar.

En ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er fyrst og fremst sú, að það er fullkomin ástæða til að álíta, að einmitt hversu dregið hefur mjög úr einkanlega sígarettureykingum hér á landi á þessu ári, það hafi orðið til þess, að framleiðendur þessarar vöru hafi jafnvel hugsað sér til hreyfings um það að útbreiða hana og koma henni meir á framfæri en verið hefur með auglýsingum. Og það er að sjálfsögðu ekkert í vegi fyrir því, eins og nú standa sakir, að framleiðendur geti kostað hér auglýsingastarfsemi, og þess hefur orðið vart, að það er farið að auglýsa hér í kvikmyndahúsum sígarettur, og ég hygg, að það sé rökstudd ástæða til að álíta, að uppi séu hugmyndir um það og fyrirætlanir hjá framleiðendum á sígarettum að reyna að vinna sér upp það tjón, sem þeir telja sig hafa orðið fyrir hér með minnkandi notkun þessarar tóbaksvöru. Af þessum sökum er þetta frv. flutt til þess að stöðva hvers konar auglýsingar slíkar.

Svo sem hv. þdm. er kunnugt, eru hvers konar auglýsingar á áfengi bannaðar, og hér er gert ráð fyrir, að hið sama gildi um tóbak. Auðvitað er þetta ekki nema einn þáttur í þessu máli, og það þarf að sinna því í stærri stíl bæði af heilbrigðisyfirvöldum og fræðsluyfirvöldum varðandi starfsemi í skólum og af hálfu heilbrigðisstofnana. Inn á það mál er ekki farið hér, enda á það ekki heima í frv. sem þessu, sem er um breyt. á l. um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Ég hygg, herra forseti, að ekki sé þörf á því að þreyta hv. þdm. með lengri tölu um þetta mál, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn., og vil jafnframt mega vona, að hv. n. fyrst og fremst og síðan hv. d. geti sameinazt um það að afgreiða þetta mál og það helzt sem skjótast, þannig að þessi auglýsingaherferð, sem virðist vera að skjóta upp kollinum, verði kæfð í tæka tíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 271).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv., og svo sem nál. ber með sér á þskj. 271, leggur n. til, að það verði samþ.

Síðan frv. þetta var flutt, hafa hv. þdm. vafalaust orðið þess varir, að rekin hefur verið allvíðtæk auglýsingaherferð hér í blöðum fyrir tóbaki og notkun þess, sem er óþekkt fyrirbrigði hér á landi, sem betur fer, fyrr en nú um þessar mundir, þannig að ljóst er, að það er full ástæða til þess að lögfesta það bann, sem hér um ræðir

og er hliðstætt því banni, sem nú gildir um áfengisauglýsingar. Án þess að ég fari að ræða nákvæmlega um skaðsemi tóbaks, held ég, að það liggi samt nokkurn veginn nægilega ljóst fyrir okkur öllum, að þær upplýsingar, sem um það hafa verið gefnar af hinum sérfróðustu aðilum nú upp á síðkastið, a. m. k. réttlæta síður en svo, að það sé verið andvaralaust í þessu efni og a. m. k. ekki farið að taka upp útbreiðsluaðferðir til aukningar tóbaksnotkun, sem hafa ekki verið tíðkaðar áður.

Ég vil upplýsa það hér, að ég hef fengið persónulega bréf frá borgarlækninum í Reykjavík, eftir að þetta frv. var flutt, þar sem hann lætur í ljós mikla ánægju yfir því, að frv. sé flutt, og væntir þess, að það verði lögfest, tekur jafnframt undir það, sem segir í grg. frv., að hér sé ekki nema um einn þátt þessa vandamáls að ræða, og e. t. v. sé veigamesti þátturinn í þessum vanda öllum hinar auknu reykingar unglinga. Nú skal ég ekki út í þá sálma fara hér, því að það snertir ekki þetta frv. En það verður að teljast æskilegt og nauðsynlegt, að það mál sé tekið til athugunar í sambandi við frv. það um barnavernd, sem væntanlega kemur hér senn til hv. d. Þær niðurstöður rannsókna, sem borgarlæknir sendi mér afrit af í sambandi við tóbaksreykingar unglinga og barna hér í barnaskólum, eru vissulega svo uggvænlegar, að það er fullkomin ástæða til þess að gera allt, sem verða má, til þess að sporna þar við fótum, því að þær tölur eru sannast sagna miklu alvarlegri en manni hafði til hugar komið. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, varðar ekki þann þátt málsins. Það verður að gerast með sölubanni á tóbaki til hinna yngstu aldursflokka að reyna að stuðla á móti tóbaksnotkun þeirra. Enn fremur skal ég geta þess við þessa umr., að borgarlæknir skýrði mér jafnframt frá því, að hann hefði óskað eftir því við heilbrmrn., að bönnuð yrði tóbaksnotkun, þ. e. a. s. reykingar, í langferðabifreiðum, sem hann telur hina mestu óhæfu að skuli tíðkast, þar sem fólk oft og tíðum sé veikt í slíkum bílum og valdi því tóbaksreykingar hinum mestu óþægindum á allan hátt fyrir þetta fólk. En hvorugt það atriði snertir beinlínis þetta vandamál. Ég vildi aðeins skýra frá því hér, af því að það er í grg. þessa frv. vikið að því, að það þurfi að fylgja þessu máli eftir einnig á öðrum vettvangi, og kemur þá til álita fyrir hv. þdm. að taka afstöðu til þess á sínum tíma, hvort hér þurfi frekari aðgerða við.

En herra forseti, ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv. Það er mjög einfalt í sniðum, og n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ., svo sem það liggur fyrir á þskj. 93.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og álit allshn. ber með sér, hafði ég skrifað undir það með fyrirvara, og tel ég rétt að gera grein fyrir honum með örfáum orðum.

Þó að ég sé auðvitað ekki sérfræðingur í heilbrigðismálum, tel ég það varla fara á milli mála með tilliti til þess, hve almenn skoðun lækna það er nú, að tóbaksnautn sé skaðleg mannslíkamanum, að hún sé heilsuspillandi, og þar sem ágreiningur er varla um það, að heilsuvernd og heilsugæzla er verkefni hins opinbera, leiðir af því, að eðlilegt sé, að hið opinbera vinni gegn tóbaksnautn. Um þetta hygg ég að varla geti verið ágreiningur.

Annað mál er það, að mér finnst, að sú leið, sem hér er lagt til að farin sé, sé að ýmsu leyti óhugnæm. Það er margt fleira en tóbak, sem fólk notar, bæði fæðutegundir og annað, sem ekki er vafi á að er óhollt frá heilsufræðilegu sjónarmiði. En annað mál er það, hvort réttasta leiðin til að vinna gegn slíku séu bönn af því tagi, sem hér er um að ræða. En þrátt fyrir þetta sé ég þó ekki ástæðu til þess að leggjast gegn þessu frv. og kemur þar tvennt til: Í fyrsta lagi það, að þær vörur, sem hér er um að ræða, hafa sérstöðu í því efni, að ríkið er, eins og kunnugt er, eini aðilinn, sem annast dreifingu þeirra. Þess vegna er ekki hægt að tala um það, að neitt frelsi sé skert, hvað snertir það að auglýsa slíka vöru og vinna að dreifingu hennar, vegna þess að slíkt frelsi er ekki til. Í öðru lagi kemur það til, sem fram kom í ræðu hv. frsm., að tilsvarandi bann er nú þegar í gildi um áfengissöluna, og með tilliti til þess, að mikið álitamál muni vera, hvort sé óheilnæmara, áfengisnautn eða tóbaksnautn, virðist í sjálfu sér ekki ástæða til þess, að munur sé þar á gerður í þessu efni. Þess vegna hef ég ekki séð ástæðu til þess að leggjast gegn samþykkt þessa frv., en vildi þó, að þær aths., sem ég hef gert, kæmu fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. og 52. fundi í Nd., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 20. og 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 93, n. 462).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum athugað og rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1931, um

einkasölu ríkisins á tóbaki, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem meiri hl. n. gerir till. um í nál., að þrátt fyrir bann á tóbaksauglýsingum, sem frv. ákveður, skuli áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins eftir sem áður vera heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

N. hefur við meðferð málsins rætt efni frv. við landlækni, Sigurð Sigurðsson, og borgarlækni í Reykjavík, Jón Sigurðsson. Létu þeir n. í té ýmis fróðleg gögn um skaðsemi tóbaksreykinga og þá aðallega vindlingareykinga á heilsu manna og mæltu annars með samþykkt frv. fyrir sitt leyti.

Báðir lýstu þessir læknar í viðræðum sínum við n. áhuga sínum á því, að sala vindlinga í stykkjatölu yrði bönnuð. Út af þessu vil ég taka fram, að fjmrn. hefur þegar með reglugerðarákvæði bannað sölu vindlinga í stykkjatölu.

Frá Félagi íslenzkra stórkaupmanna hefur allshn. borizt bréf, þar sem lagzt er gegn samþykkt þessa frv. og talið, að auglýsingabannið mundi koma að litlum notum í framkvæmd og að af því mundi m. a. leiða gjaldeyristap vegna tóbaksauglýsinga.

Í grg. með frv. gerði flm. grein fyrir sannfæringu sinni, að bann við tóbaksauglýsingum mundi reynast drjúgur liður í baráttunni gegn tóbaksreykingum og þá sérstaklega reykingum unglinga. Getur meiri hl. n. í aðalatriðum fallizt á þetta álit flm. og leggur því til, eins og ég áður sagði, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem lýst er í nál. og ég hef áður lýst.

ATKVGR.
Brtt. 462 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:12 atkv.
2. gr. samþ. með 17:13 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:13 atkv.

Á 82. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 607).

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það er mín skoðun, að hér sé á ferðinni gott mál. Það er upplýst, að tóbaksreykingar eru hættulegar heilsu manna, og þetta er staðfest af vísindalegum rannsóknum. Þess vegna er ekki nema gott eitt um að segja hverjar þær ráðstafanir, sem hníga í þá átt að takmarka tóbaksnotkun. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að auglýsingabann það, sem setja á samkv. 1. gr. þessa frv., sé of víðtækt, þar sem það nái ekki að öllu leyti tilgangi sínum, ef það er haft óbreytt eins og það er í 1. gr. frv. Ég tel sjálfsagt að banna tóbaksauglýsingar í kvikmyndahúsum, útvarpi og sjónvarpi, þegar þar að kemur. En ég álít, að það sé tilgangslaust að banna tóbaksauglýsingar í innlendum blöðum og tímaritum, á sama tíma og það eru flutt inn í landið hömlulaust erlend blöð og tímarit með aragrúa af skrautlegum og áberandi tóbaksauglýsingum.

Ég álít einnig, að fleira þurfi að athuga í sambandi við þetta mál. Það hefur heyrzt í fréttum ekki alls fyrir löngu, að til stæði að taka upp sums staðar í mestu tóbaksframleiðslulöndum heims merkingar á tóbaksumbúðum, þar sem neytendur séu varaðir við skaðsemi tóbaks. Ég álít, að slíkar merkingar þurfi einnig að taka upp hér og athuga þurfi, hvernig koma eigi þeim fyrir.

En með tilliti til þess, að tími er mjög naumur til að flytja brtt., vil ég með hliðsjón af þessu, sem ég hef nú sagt, leggja til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., og flyt ég þá till. einnig fyrir hönd hv. 8. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vesturl. Við leggjum þetta til í trausti þess, að málið verði betur athugað en tími hefur gefizt til í þinginu að þessu sinni.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég hef að vísu heyrt það í sambandi við þetta mál, að auglýsingar á tóbaki hefðu ekki mikið að segja í sambandi við útbreiðslu þess. Ég vil þó benda á, að auglýsendur virðast telja það svara kostnaði að greiða stórfé fyrir auglýsingarnar, og það sýnist mér benda ótvírætt í þá átt, að þeir telji það nokkurs virði. En hvað sem því líður, tel ég, að það sé augljóst, að það þurfi að taka upp harða baráttu gegn reykingum. Það liggja fyrir óyggjandi sannanir um skaðsemi þeirra. Og við þurfum m. a. að byggja þá baráttu upp á þann hátt að auka stórlega fræðslu um skaðsemi reykinga. Mér finnst það því óviðeigandi, að samtímis því, sem ég vil vænta þess, að dagblöð landsins taki upp baráttu í þessu efni, taki upp fræðslu um skaðsemi reykinganna, birtist í þeim samtímis auglýsingaflóð frá seljendum tóbaksins. Ég sé því ekkert athugavert við það, að við frábiðjum okkur auglýsingar á tóbaki, hvort svo sem það hefur meiri eða minni þýðingu í sambandi við útbreiðslu þess. En ég tel óviðeigandi, að við leyfum svo og svo mikla auglýsingaherferð í þeim efnum, þegar við hljótum að viðurkenna, að við verðum að hefja baráttu gegn reykingunum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það hefur talsvert verið um það rætt nú í seinni tíð, að það bæri brýna nauðsyn til að reyna að hamla gegn vaxandi reykingum, einkum æskufólks í landinu, og það hefur ekki skort á, að ýmsir aðilar hafi tekið þar undir með fögrum orðum, játað þar staðreyndir að vísu um alveg ótvíræða skaðsemi reykinga meðal ungs fólks, en svo þegar kemur að því, að það þarf örlitið að leggja á sig, að e. t. v. gætu einhverjir tapað örfáum krónum, er ekki áhuginn meiri en svo, að þá geta menn látið fögru orðin ein nægja í þessum efnum, en vilja ekki leggja það á sig að tapa kannske örfáum krónum í sambandi við auglýsingar, sem birtast til hvatningar í sambandi við reykingar. Fyrirsláttur er hafður um það, að það hafi ekki unnizt tími til þess að athuga þetta mál niður í kjölinn, menn þurfi að taka sér frest, af því að þetta þurfi að skoðast miklu betur. Sannleikur málsins er sá, að við höfum um mjög langan tíma hér á Íslandi nokkurn veginn verið lausir við að hafa sífelldar auglýsingar um tóbaksnotkun og áfengisauglýsingar líka, við höfum verið lausir við þetta hér að mestu. En tóbaksauglýsingar eru nýlega að

skjóta upp kollinum hér, einmitt um það sama leyti, þegar við þykjumst ætla að gera nokkrar ráðstafanir til þess að vernda okkar unga fólk frá skaðsemi reykinganna. Þessar auglýsingar eru einmitt að byrja nú hjá okkur af alvöru. Og því er málið ósköp einfalt hjá okkur, það er í rauninni bara að taka ákvörðun í málinu um það að stöðva þetta strax í upphafi. Og slík afsökun eins og það, að hingað berist til landsins erlend blöð með tóbaksauglýsingum, — á maður þá von á því, að framhald af þessari röksemd verði það, að það sé líka sjálfsagt að leyfa áfengisauglýsingar í öllum blöðum íslenzkum, vegna þess að erlend blöð auglýsa alveg óspart þessa tegundina af whisky frekar en aðra o. s. frv.? Nei, hér er aðeins spurningin um það: Er einhver alvara á bak við það, sem þegar hefur komið hér fram á Alþ., að við ættum að gera nokkrar ráðstafanir í þá átt að reyna að hamla gegn vaxandi reykingum, einkum meðal ungs fólks í landinu?

Hæstv. menntmrh. gaf hér nokkra skýrslu um það á síðasta þingi, að hann hygðist gera allmikið í þessum efnum og hefði undirbúið málið allrækilega, að sókn yrði hafin einmitt gegn vaxandi reykingum meðal ungs fólks. Og ég geri ráð fyrir því, að nokkuð hafi þegar verið af þessu gert og það sé meiningin að gera þetta. Mér þætti það þá skjóta nokkuð skökku við, þegar æskulýðssamtök í landinu snúa sér til þingflokkanna og biðja um, að ráðstafanir verði gerðar til þess að banna slíkar auglýsingar, sem eru nú að halda innreið sína í blöðum og tímaritum á Íslandi, ef Alþ. ætlar þá að heykjast á því að banna slíkt.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það, sem hér er á ferðinni, er einfaldlega það, að nokkrir aðilar sjá sér hagnaðarvon í því, að þessar auglýsingar fái að birtast í íslenzkum blöðum. Það er málefni út af fyrir sig, að íslenzku dagblöðin sérstaklega standa fjárhagslega höllum fæti, og það þarf efalaust að taka á því vandamáli hér eins og í ýmsum öðrum löndum. En ekki vil ég leysa vanda þeirra á þann hátt, að þau geti birgt sig upp af tóbaks- eða brennivínsauglýsingum. Ég held, að það verði að finna einhverjar aðrar leiðir til þess að leysa vanda blaðanna í þeim efnum. Og svo auðvitað kemur til nokkur hagnaðarvon þeirra, sem fara með umboð fyrir þessi þekktu tóbaksframleiðslufyrirtæki, sem telja það ómaksins vert að ausa út peningum í sambandi við slíkar auglýsingar.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að tóbaksauglýsingar af þeirri gerð, sem hafa verið að birtast í blöðum hér að undanförnu og í kvikmyndahúsunum, hafa vitanlega sitt að segja. Það er enginn vafi á því. Auglýsingarnar eru oft og tíðum þannig úr garði gerðar, að þær vekja athygli, þær vekja áhuga unga fólksins, enda kunna þessir aðilar til verka, sem þarna eru á ferðinni. Ég mæli því sterklega á móti þeirri till., sem hér var lýst af hv. 2. landsk. þm., og ég vil vænta þess, að hv. alþm. úr öllum flokkum sjái hér sóma sinn í því að verða við þeim tilmælum, sem Alþ. hafa borizt einmitt um það að banna þessar auglýsingar, og vera þannig sjálfu sér samkvæmir í sambandi við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið hér á Alþ. að undanförnu, til þess að gera ráðstafanir í þá átt að hamla gegn vaxandi reykingum ungs fólks.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan styðja hverja raunhæfa tilraun, sem gerð er til þess að koma í veg fyrir tóbaksneyzlu unglinga, en hún er svo að segja eingöngu vindlingareykingar, eins og mönnum er kunnugt um. Hins vegar verð ég að telja mjög vafasamt, að auglýsingabann eitt út af fyrir sig hafi veruleg áhrif í þessum efnum. Ég held, að það séu ekki sjálfar auglýsingarnar, sem kenna unglingum að reykja, heldur mennirnir, sem eru farnir að reykja og eru unglingunum eldri, unglingarnir taki sér þá til fyrirmyndar.

Það er fyrst og fremst í félagsskap eldri manna, sem unglingarnir venjast á þessa neyzlu, á skemmtunum, ferðalögum og hvers konar samskiptum við sér eldri og meiri félaga. Á því læra þeir fyrst og fremst að reykja. Og þá eru þeir ekki að lesa neinar auglýsingar, svo að það er vafasamt, eins og ég sagði, hvort það sé hægt að kenna tóbaksauglýsingum um mikið í þessu efni. Þó vil ég segja það, að ég tel ekki með öllu árangurslaust að banna tóbaksauglýsingar, ef þær væru þá alfarið bannaðar.

Þær auglýsingar, sem fyrir sjónum unglinga eru, eru nokkurs konar myndasamkeppni tóbaksframleiðenda um tegundir sínar af tóbaki, og ég held, að unglingar, sem ekki eru farnir að reykja, setji sig ekki mikið inn í þá hluti, hvað sagt er um þessa eða hina tegundina, sem þeir eru ekki farnir að nota.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, boðar ekki neitt algert bann við tóbaksauglýsingum. Það er öðru nær. Það er að vísu svo, að fyrri málsgrein þessa frv. er allákveðin: „Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar.“ Það vantar ekki. En svo kemur sú næsta: „Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.“ M. ö. o.: það er sagt í öðru orðinu, að það skuli banna tóbaksauglýsingar, og í hinu, að það skuli leyfa þær, og það eru þá lög í lagi þetta — eða hitt þó heldur.

Það hefur komið fram till. um það að vísa þessu frv. til ríkisstj. Ef það yrði ekki gert, mundum við eiga að búa við þetta kákfrv. sem lög, þar sem í öðru orðinu eru bannaðar auglýsingarnar, en í hinu leyfðar. Það segir að vísu, að tóbakseinkasalan megi auglýsa verð á tóbaksvörum. Ég veit ekki, hvernig hægt er að auglýsa verðið nema nefna tegundirnar. Varla verða auglýsingarnar eingöngu tölustafir, þá mundi enginn skilja þær. Nei, það verður að nefna tegundirnar skýrum stöfum, jafnvel myndir með. Og þá held ég, að þetta séu fullkomnar auglýsingar. Hef ég veitt því eftirtekt, að þegar tóbakseinkasalan auglýsir, þá auglýsir hún ekki í smáum stíl, það eru heilar síður. Ég hef séð heila síðu í Morgunblaðinu, ein auglýsing frá Tóbakseinkasölunni, og Tímanum og Alþýðublaðinu og víðar. Þetta eru auglýsingar, sem ungl-

ingarnir mundu kannske taka eftir, með nöfnum og lýsingu sennilega og verðinu auðvitað, það verður að fylgja, — ef það fylgir, þá er allt í lagi.

Nei, slíkri löggjöf er ég ekki sérstaklega hrifinn af. Þess vegna held ég, að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá sæti við það, þá þættust menn góðir, búnir að banna tóbaksauglýsingar, þá þarf ekki meira að gera til þess að verja unglingana frá því að reykja. Er ekki betra að vísa þessu frv. hreinlega til ríkisstj., svo að menn fái þá síðar einhverjar þær aðgerðir, sem gagn er í? En að þessu er ekkert gagn. (Gripið fram í.) Það held ég, að geti vel verið, því að frv. er frá stuðningsmanni ríkisstj., svo að ég sé ekkert í veginum, að það geti orðið. Nei, svona frv. get ég ekki sætt mig við, af því að það felst ekkert gagnlegt í þessu, ekki nokkur hlutur. Ef því yrði vísað til ríkisstj., þá held ég, að kæmi kannske síðar eitthvað betra frv., en að þessu er ekkert gagn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér kom í stanz í gær, þegar hv. þm. Birgir Finnsson flutti hér till. um að vísa þessu frv. til ríkisstj. Ég veit ekki betur en þetta frv. hafi verið samþykkt frá Ed. með 13 shlj. atkv. og afgreitt við 2. umr. hér í þessari hv. deild með 20:13 atkv. Og þar með hefur það komið fyllilega fram, að meiri hluti Alþingis er málinu samþykkur. Svo er flutt hér till. um að vísa þessu sama máli til ríkisstj.

Rökin, sem fram voru flutt fyrir þessari till., virtust mér vera einkum tvenns konar: annað það, að það væri auglýst tóbak í erlendum blöðum, sem hingað bærust, og það hefði þess vegna ekkert gildi að banna auglýsingar í innlendum blöðum, og hitt, að það þurfi að gera meira í málinu og þess vegna megi nú ekki gera neitt!

Þetta hvort tveggja, tillöguflutningurinn og röksemdaleiðslan, voru mér fullkomið undrunarefni. Sömuleiðis þau rök, sem hv. 3. þm. Vestf. hafði fram að færa, þar hallast ekki á. Hann virðist aldrei hafa vitað, að til séu undantekningarákvæði í lögum. Það getur vel verið, að hann hafi ekki séð það, en ég hugsa, að ýmsir aðrir hafi séð lög þannig úr garði gerð.

Ég ætla ekki að fara að lengja umr. um þetta mál. Það er ástæðulaust að elta ólar við svona hluti. Menn finna alveg, hvað hér hangir á spýtunni. Og málið er ekkert flókið: Það er almenn skoðun manna, og það þm. eins og annarra, að tóbaksnautn sé háskaleg og ekki sízt unglingunum. Engum lifandi manni kemur til hugar, að tóbaksframleiðendur séu að hefja hér auglýsingaherferð, ef það hefði ekki örvandi áhrif á neyzluna. Allar auglýsingar verka í þá átt. Hér er um það að ræða að draga úr þeim áróðri og ekkert annað. Þetta er mergurinn málsins.

Ég vildi aðeins lýsa þessari skoðun minni, og vitanlega legg ég eindregið til, að frávísunartill. verði felld og sá vilji, sem þegar er kominn fram í hv. Alþingi, nái fram að ganga.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Sú till., sem ég bar fram í gær við umr. um þetta mál, að vísa málinu til ríkisstj. til nánari athugunar, virðist hafa komið sumum hv. þm. í nokkurt uppnám. En það er einmitt þegar menn eru í slíku hugarástandi, sem mönnum hættir til að láta fara frá sér fljóthugsaðar tillögur.

Sumum mönnum, sem vilja beita sér gegn neyzlu áfengis og tóbaks, hættir því miður stundum við að leggja of mikið upp úr hvers konar boðum og bönnum, en eins og alkunnugt er, geta boð og bönn verið ákaflega misheppnuð oft og tíðum. Það bann, sem lagt er til að sett verði á tóbaksauglýsingar í þessu frv., sérstaklega tóbaksauglýsingar í blöðum, mundi áreiðanlega vera misheppnað hér á landi. Það er vegna þess, eins og ég tók fram í þeim orðum, sem ég lét fylgja till. minni í gær, að það streyma inn í landið erlend blöð og tímarit, sem eru full af skrautlegum og áberandi auglýsingum um tóbak, og þessi blöð liggja frammi almenningi til sýnis við hliðina á íslenzku blöðunum. Þótt bannað væri að auglýsa í íslenzkum blöðum, mundu unglingar okkar hafa þetta fyrir augunum eftir sem áður. Það þarf ekki lengra að fara en fram á lestrarsal þingsins til að sjá þetta, þar liggja bæði íslenzk og erlend blöð. Við skulum segja, að það væru engar tóbaksauglýsingar í íslenzku blöðunum, en það væru samt margar auglýsingar svipaðar þessari, sem ég held á, að finna í þeim erlendu. Þetta hafa þingsveinarnir okkar fyrir framan sig, og ef við ætluðum að gera eitthvað raunhæft, þá ættum við kannske að byrja á því að láta ekki slík blöð liggja frammi þingsveinunum til sýnis hér á þinginu. Hér er önnur auglýsing af sama tagi. Í þessum tveimur blöðum, sem eru í þessari möppu, sem ég held á, eru auglýstar sígarettur af tegundunum Marlboro, Players, 2 tegundir, Pall Mall, Piccadilly, Benson Hedges, Chesterfield, Rothmans o. s. frv.

Þetta, sem ég hef nú verið að reyna að útskýra fyrir hv. þm., er aðalástæðan fyrir því, að ég tel, að frv. þurfi nánari athugunar við, vegna þess að það bann, sem þar er gert ráð fyrir á auglýsingum á tóbaki í íslenzkum blöðum, muni ekki koma að gagni.

Hv. 5. þm. Austf. (LJós) varpaði fram þeirri spurningu til mín í gær, hvort ég vildi þá ekki alveg eins taka upp auglýsingar á áfengi. Ég hef ekki lagt það til og ætla mér ekki að leggja það til. Hins vegar álít ég, að auglýsingabannið á áfengi sé tiltölulega gagnslítið, meðan erlendar auglýsingar eru hér yfirfljótandi á bóka- og blaðamarkaðinum. Í þessum sömu heftum, sem ég held hér á, eru auglýstar þessar tegundir af áfengi með mjög áberandi og skrautlegum auglýsingum: Courvoisier, VAT 69, Haig, Stock 84 Brandy, Ballantine's Whisky, Cinzano Vermouth, Highland Queen, Martini Vermouth, Dubonnet og Martell. Þetta geta þingsveinarnir leikið sér að því að stúdera hér frammi á borðinu hjá okkur í lestrarsalnum og auðvitað hv. þm. líka. — Nei, ég held, að bann sem þetta nái varla tilgangi sínum, því miður, þótt ég viti, að fyrir flm. frv. og þeim, sem styðja það hér á Alþ., vaki það auðvitað fyrst og fremst, að einhver árangur verði af þeirri lagasetningu, sem við erum að ráðgera.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég held, að málið liggi alveg ljóst fyrir. Ég tel,

að ef málinu verður vísað til ríkisstj., eigi fyrst og fremst að athuga það gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að banna auglýsingar á tóbaki í kvikmyndahúsum, en þær tíðkast þar mjög, að ég hygg, flestum sýningargestum til mikils ama. Einnig álít ég, að það sé rétt að athuga, hvort ekki eigi að taka upp einhvers konar merkingar á tóbaksumbúðum í þá átt að vara menn við hættunum af reykingum.

ATKVGR.

Till. frá BF, PS og HS um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SI, SE, SvJ, ÞÞ, ÁÞ, BF, BBen, BP, ÁP, EÁ, EmJ, EystJ, GeirG, SJóh, GÞG, HS, IngJ, IG, JóhH, JR, MB, MÁM, PS, SB.

nei: SÁ, SkG, AJ, BFB, EðS, EI, GuðlG, ÓL, VH, JSk, JP, LJós.

4 þm. (RA, BGr, EOl, HV) fjarstaddir.

4. Vestfjarðaskip.

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi [33. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Samgöngumál Vestfjarða hefur oft borið á góma hér í hv. d. og mun svo verða á þessu þingi líka og ekki að ástæðulausu.

Jafnvægið í samgöngumálum er harla bágborið enn. Meðan ekki gætir meiri skilnings hér á hv. Alþingi í verki en orðið er til úrbóta í þessum efnum, er ekki um annað að ræða en halda áfram baráttu fyrir endurbótum á þessum samgöngumálum. 5 ár eru nú liðin frá því, að við framsóknarmenn fluttum till. til þál. um Vestfjarðaskip, og síðan höfum við ásamt hv. 5. þm. Vestf. flutt frv. um slíkt skip þing eftir þing. Fjórðungssamband Vestfjarða hefur á þingum sínum, hverju á fætur öðru, samþykkt óskir til ríkisstj. og Alþingis um þessar strandferðir, og síðasta áskorun í þessu efni, sem ég hef í höndum, er frá sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslunefnd ítrekar fyrri samþykktir sínar um samgöngur á sjó á sérstöku Vestfjarðaskipi milli Vestfjarða og Reykjavíkur og skorar á þm. Vestfjarðakjördæmis að vinna að framgangi þessa máls með festu og alvöru.“ — Samþykkt samhljóða.

En ekkert af þessu hefur borið neinn árangur enn þá. Skoðanir þeirra, sem fella eða svæfa allar till. um endurbætur í þessum efnum, hljóta því að vera á þann veg, að samgöngur á sjó við Vestfirði séu nægjanlegar og óskir Vestfirðinga um sérstakt skip séu ástæðulausar. Ef þetta væri svo, væru líka kröfur fjórðungssambands, sýslunefnda og einstaklinga, sem gerðar hafa verið, með öllu ástæðulausar. En mikið mega þessum fulltrúum vera mislagðar hendur, fulltrúum, sem kosnir eru t. d. á fjórðungsþing Vestfjarða af öllum sýslunefndum Vestfjarða og bæjarstjórn Ísafjarðar, ef þessar óskir allar eru út í loftið. En þessu er ekki þannig varið. Þessir vestfirzku fulltrúar, sem borið hafa fram fyrrnefndar óskir, skilja út í æsar þörfina fyrir sérstakt Vestfjarðaskip og þeir munu treysta því í lengstu lög, að að því komi, að þessum óskum verði fullnægt.

Þar sem þetta mál hefur verið rætt hér á hv. Alþingi þing eftir þing, sýnist mér vera minni nauðsyn á því að fjölyrða mjög um það nú. Ég skal þó nefna fátt eitt. Samgöngur á landi milli Vestfjarða og annarra landshluta liggja allar niðri frá því á haustnóttum ár hvert og fram í maí eða júnímánuð næsta ár. Fjöll og heiðar lokast í fyrstu snjóum, og þar með er vegasambandið rofið. Flutningar á landi koma því Vestfirðingum ekki að gagni nema 4—5 mánuði jafnaðarlega á ári, þótt einstakar undantekningar séu frá þessu í sérstöku góðæri. Flugsamgöngum var haldið uppi lengi vel með sjóflugvélum. En svo féllu þær með öllu úr sögunni. Síðan var komið upp flugvelli á Ísafirði fyrir venjulegar farþegaflugvélar og þar með opnað áætlunarflug þangað. Að þessu varð veruleg samgöngubót fyrir Ísafjörð og næsta nágrenni. En það nær ekki víðar en svo, að t. d. íbúarnir í næsta firði, Önundarfirði, geta ekki notað sér þessar flugsamgöngur að vetri til, af því að yfir heiði er að fara, sem er lokuð allan veturinn. Og hvað þá um fólk, sem fjær Ísafirði býr? Flugferðir Björns Pálssonar, með hinum litlu vélum, hafa að sjálfsögðu komið í góðar þarfir. En þær eru aðeins til örfárra staða og miklum annmörkum háðar í vetrarveðrum.

Sem dæmi um þörfina fyrir sérstakt Vestfjarðaskip má nefna það, að einn af mestu athafnamönnum Vestfjarða hefur ekki getað sætt sig við þá þjónustu, sem Skipaútgerð ríkisins hefur veitt, og hefur því árum saman haldið uppi vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestfjarða á eigin skipi. Enginn veit, hversu lengi það helzt, og augljóst er, að það er ekki nein framtíðarlausn á samgöngumálum Vestfjarða.

Með frv. þessu, sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Vestf., er lagt til, að Vestfjarðaskip verði um 600—700 brúttórúmlestir að stærð. Við áætlum, að byggingarkostnaðurinn kunni að verða um 25 millj., og við leggjum til, að heimilað verði að taka upphæð þessa að láni. Þá leggjum við einnig til, að rekstur skipsins verði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó heimilt að fela reksturinn einhverjum öðrum aðila, sem treysta má til góðrar þjónustu. Með þessu er gengið til móts við skoðanir manna, sem ógjarnan vilja fela Skipaútgerðinni rekstur slíks skips. Þá má enn bæta því við, að um Vestfjarðaskip væntanlegt má hið sama segja og Vestmannaeyjaskip, sem gekk mjög fljótt og vel að fá samþykkt hér á hv. Alþingi og rekstur þess mun hafa gengið með ágætum. Við Vestfirðingar sjáum ekki, hvers vegna það á að þurfa áralanga baráttu hér á hv. Alþingi til að fá samþ. frv. um Vestfjarðaskip,

ef það er borið saman við afgreiðslu á máli Vestmanneyinga á sínum tíma.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál, þar sem það hefur verið svo ýtarlega rætt á mörgum undanfarandi þingum. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 34, n. 660 og 661).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hv. þd. hefur ekki orðið sammála um frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., það er frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi. Meiri hl. n. telur nauðsyn bera til umbóta á samgöngum á sjó við Vestfirði, en þar sem allur rekstur Skipaútgerðar ríkisins er í athugun, telur meiri hl. rétt að vísa málinu til ríkisstj. í trausti þess, að heildarendurskoðun strandferðanna verði lokið hið fyrsta. Minni hl. n. vill hins vegar, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að vera margorður um þetta frv. að þessu sinni. Ég gerði allýtarlega grein fyrir því við 1. umr. málsins. Hv. samgmn. varð ekki sammála, eins og hér hefur réttilega verið sagt frá. Meiri hl. n. vill vísa málinu frá, þ. e. að fella það einu sinni enn, en við hv. 5. landsk. þm. leggjum til, að frv. verði samþ.

Öllum er kunnugt um, að samgöngur eru erfiðar og ófullnægjandi við Vestfirði, ekki aðeins á sjó, heldur líka á landi og í lofti, og hefur svo verið lengi. Flugsamgöngurnar tóku allmikilli afturför fyrir alllöngu, og þó að nokkuð hafi verið bætt úr, var það ekki neitt til móts við það, sem áður var. Komið hefur til mála öðru hverju að gera þær skipulagsbreytingar á siglingum Skipaútgerðar ríkisins, að eitt skip geti gengið milli Reykjavíkur og Vestfjarða, en það hefur verið dauflega tekið undir það og aldrei orðið neitt úr þeim ráðagerðum. Vestfirðingar hafa þó lagt áherzlu á að fá sérstakt skip hliðstætt því, sem byggt var handa Vestmannaeyjum á sínum tíma, og það skip, sem byggt var handa Vestmannaeyjum, hefur gefið mjög góða raun, og ég ætla, að það hafi borið sig eða því sem næst á undanförnum árum. Það eru miklar líkur til þess, að skip, sem gengi á milli Reykjavíkur og Vestfjarða, gæti líka haft sæmilega góða fjárhagslega afkomu móts við önnur skip Skipaútgerðarinnar.

Á fjórðungsþingum Vestfirðinga á undanförnum árum hafa sífellt verið gerðar áskoranir til Alþ. um að samþykkja frv. um Vestfjarðaskip, en það hefur engan árangur borið. Þetta er fjórða árið, sem við flytjum slíkt frv., og enn er lagt til samkv till. hv. meiri hl. samgmn. að vísa málinu frá. Þó viðurkennir hv. meiri hl., að þörf sé á bættum samgöngum á sjó við Vestfirði. Þeir segja orðrétt, að nauðsyn beri til umbóta á samgöngum á sjó, en bæta hinu við, að þar sem allur rekstur Skipaútgerðar ríkisins sé í athugun, álíti meiri hl. n., að rétt sé að vísa þessu máli til ríkisstj. í trausti þess, að heildarendurskoðun á strandferðum verði lokið hið fyrsta. Það var sagt eitthvað svipað þessu fyrir 4 árum, og jafnvel þó að samþykkt verði að vísa þessu máli til ríkisstj. nú, má búast við með sama gangi, að það líði önnur 4 ár, þangað til nokkuð verði gert, eftir reynslunni að undanförnu.

Við, sem skipum minni hl. n., getum ómögulega fallizt á að lýsa yfir neinu trausti á ríkisstj. til þess að hraða þessu máli, því að hinir, sem treystu henni á undanförnum 4 árum, hafa fengið reynsluna af því, hvernig það gafst. Ég held, að enginn geti láð okkur það, þótt við förum ekki að taka nú undir traustsyfirlýsingu eftir 4 ára reynslu í þessum efnum. Við leggjum því eindregið til, að frv. verði samþ., og við væntum þess, að Alþ. láti ekki fimmta árið líða, án þess að nokkuð verði gert í þessum málum.

Ég vil svo óska þess, af því að fáir eru hér viðstaddir, að atkvgr. verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 660 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 20:15 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Vernd barna og ungmenna.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vernd barna og ungmenna [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Núgildandi lög um vernd barna og ungmenna voru sett árið 1947 og eru því orðin um 17 ára gömul. Nokkrar breytingar voru gerðar á l. 1955 og 1962, en smávægilegar þó. Lögin, sem í gildi voru fyrir 1947, voru frá árinu 1932, og voru það fyrstu l. um barnavernd hér á landi. Að vísu voru í gildi í öðrum lögum ýmis ákvæði, sem vörðuðu vernd barna og ungmenna, svo sem lagaákvæði um skilorðsbundna refsidóma, lagaákvæði um óskilgetin börn og ákvæði fátækralaga og skólalaga. Urðu Íslendingar verulega á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum varðandi setningu allsherjarlaga um barnavernd, en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku höfðu slík lög verið sett um s. l. aldamót, eða þremur áratugum áður en til slíkrar heildarlagasetningar kom hér á landi.

Þótt l. frá 1947 hafi verið vönduð lagaskipan á sínum tíma, er þó tvímælalaust orðið tímabært að endurskoða þau og setja ný heildarlög um þessi efni. Á þeim 16—17 árum, sem þau hafa verið í gildi, hafa orðið svo gagngerar breytingar á þjóðfélagsháttum hér á landi, að á ýmsum málum barna og ungmenna þarf nú að taka með öðrum hætti en eðlilegt var og skynsamlegt fyrir 15—20 árum. Fólksfjölgun hefur orðið mikil og mjög ör þróun frá dreifbýli til þéttbýlis. Hefur þetta í för með sér ýmis félagsleg vandamál, sem nauðsynlegt er að hið opinbera láti til sín taka.

Þess er að vísu að geta, og er það raunar ánægjuleg staðreynd, að af opinberum skýrslum barnaverndarnefndar undanfarna áratugi, svo og skýrslum um lögbrot barna og ungmenna, verður ekki dregin sú ályktun, að í kjölfar vaxandi þéttbýlis hér á landi hafi orðið hliðstæð aukning lausungar og lögbrota því, sem átt hefur sér stað í ýmsum nágrannalöndum. Að vísu verður að taka skýrslum um þessi efni með nokkurri varúð. Barnaverndarnefndir fá auðvitað ekki vitneskju um öll þau mál, sem að réttu lagi ættu að verða tilefni barnaverndarráðstafana. Engu að síður er rétt að minnast nokkurra atriða úr skýrslum barnaverndarnefnda og þá fyrst og fremst skýrslum úr Reykjavík. Í síðustu skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur segir, að hún hafi haft afskipti af færri heimilum en á árinu áður vegna ófullnægjandi aðbúnaðar barna. Skýrslur um lögbrot barna síðustu áratugi sýna ekki heldur neina aukningu slíkra afbrota að ráði og raunar hlutfallslega fækkun þeirra, ef tekið er tillit til fjölgunar fólks á því aldursskeiði, sem um er að ræða. Tala stúlkna, sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af, hefur þó farið nokkuð hækkandi, en ekki þó hlutfallslega, þ. e. a. s. miðað við fjölda telpna á því aldursskeiði, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Þegar barnaverndarnefndir hafa afskipti af telpum, er það vegna útivistar, flakks og stundum lauslætis. Um brot gegn hegningarlögum er það hins vegar að segja, að þeim hefur fækkað hlutfallslega tvo síðustu áratugi og eru nú færri hlutfallslega en þau voru síðustu árin fyrir stríð. Skýrsla um börn, sem hafa orðið uppvís að lögbrotum tvívegis eða oftar, sýnir, að hundraðstala þeirra barna, sem tvívegis hafa orðið uppvís að brotum, er nálægt því hin sama nú og á fjórða áratug aldarinnar. En hundraðstala þeirra, sem oftar en tvívegis hafa orðið sek um brot, hefur hins vegar farið verulega lækkandi. Þetta, sem nú var sagt, á við um skýrslur úr Reykjavík, en skýrslur úr hinum kaupstöðunum sýna svipaða þróun.

Þótt ástand í þessum efnum sé, sem betur fer, áreiðanlega ekki eins slæmt og ýmsir virðast stundum álíta og hafi ekki heldur farið versnandi, þá er engu að síður hafið yfir allan vafa, að aukinna aðgerða í þessum efnum er þörf frá því, sem verið hefur, og brýn þörf á átaki til að bæta starfsaðstöðu barnaverndaryfirvalda, svo og að koma á fót ýmsum stofnunum í þágu barnaverndar og starfrækja þær. Næstum tveggja áratuga gömul löggjöf um þessi mikilvægu efni hlýtur að vera orðin úrelt að ýmsu leyti. Þess vegna skipaði ég árið 1961 nefnd manna til þess að endurskoða gildandi lög um vernd barna og ungmenna. Í n. áttu sæti Sveinbjörn Jónsson hrl., formaður barnaverndarráðs, og var hann skipaður formaður n., Ármann Snævarr háskólarektor, Guðmundur Vignir Jósefsson héraðsdómslögmaður, þáv. formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur, séra Gunnar Árnason barnaverndarráðsmaður, dr. Gunnlaugur Þórðarson, varaformaður barnaverndarráðs, Magnús Sigurðsson skólastjóri

og barnaverndarráðsmaður og próf. Símon Jóh. Ágústsson, sérfræðingur barnaverndarráðs. Hefur n. að mestu orðið sammála um frv. það, sem hér er flutt, og hefur samið grg þá, sem því fylgir.

Atriði þau, sem n. hefur lagt sérstaklega áherzlu á, eru fyrst og fremst þessi:

1) Bæta þarf starfsaðstöðu barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs, sérstaklega að því er snertir húsnæði og sérmenntað starfslið.

2) Í gildandi lögum er ákvæði um, að koma skuli upp ýmsum stofnunum í þágu barnaverndaryfirvalda, svo sem athugunarstöð og vistheimili fyrir drengi og stúlkur. Eina athugunarstöðin, sem til er, er gersamlega ófullnægjandi að dómi n. Vistheimili það, sem starfrækt er í Breiðuvík fyrir drengi, fullnægir ekki þörfinni, þótt n. telji, að þar hafi verið unnið nytsamlegt og þakkarvert starf. Hliðstætt vistheimili fyrir stúlkur hefur hins vegar ekki verið stofnsett enn.

3) N. undirstrikar sérstaklega nauðsyn þess, að barnaverndarnefndir hafi í þjónustu sinni sérmenntað fólk, einkum og sér í lagi í öllum stærri kaupstöðum. Telur n. þurfa að hefjast handa um að styrkja fólk til að sérmenntast á þessu sviði og bendir á, að efna þurfi til nokkurrar kennslu í þessum fræðum hér á landi, t. d. í tengslum við háskólann, kennaraskólann eða fóstruskólann.

4) N. bendir einnig á, að barnaverndarráð þurfi mjög á fleiri sérmenntuðum starfsmönnum og ráðunautum að halda.

5) Meiri hl. n. telur, að rétt sé að fjölga meðlimum barnaverndarráðs um tvo og tryggja, að þar eigi ávallt sæti sálfræðingur, læknir, lögfræðingur, auk prests og kennara.

6) N. bendir á, að svo mikið vald sé lagt í hendur barnaverndaryfirvalda, að nauðsyn sé að tryggja betur en nú er gert vandaðri meðferð mála og rökstuddar úrlausnir og treysta með öðrum hætti réttaröryggi á þessu mikilvæga sviði.

7) N. hefur tekið til sérstakrar athugunar ýmis atriði í starfsháttum barnaverndarnefnda og tengslum þeirra við barnaverndarráð, sem og löggæzlu og dómsvald.

8) N. gerir till. um breytingu á ákvæði gildandi laga um fóstur barna.

9) N. hefur endurskoðað gildandi lagaákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna og um kvikmyndaeftirlit, jafnframt því sem hún gerir till. um nýmæli varðandi vegabréf unglinga.

10) N. bendir á, að í nágrannalöndum sé fjallað um barnaverndarmál í félmrn., en ekki í menntmrn., eins og hér er gert, en gerir þó ekki till. um breytingar í því efni.

Það mundi verða of langt mál að rekja allar þær breyt., sem n. hefur gert á gildandi barnaverndarl. í þessu frv., og er það raunar óþarfi sökum þess, hversu ýtarleg grg. fylgir frv. Um nokkur atriði vil ég þó fara fáeinum orðum.

Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um það, að barnaverndarnefnd skuli starfa í hverju hreppsfélagi, og gegnir skólanefnd störfum barnaverndarnefndar, ef slík n. er ekki kosin. Þessu er breytt í frv. og gert skylt, að barnaverndarnefnd sé kosin í sérhverju hreppsfélagi. Þá er veitt fyllri heimild en í núgildandi lögum til ráðningar sérhæfðs starfsliðs.

Sú breyting er gerð á skipan barnaverndarráðs, að ráðsmönnum er fjölgað úr 3 í 5, og þarf formaður að vera lögfræðingur. Skylt skal vera, að barnaverndarráð ráði í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Einn nm. var þó andvígur hugmyndinni um fjölgun ráðsmanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að sú skipan haldist óbreytt, að einn ráðsmaður sé skipaður samkv. tilnefningu Prestafélags Íslands og annar að till. samtaka ísl. barnakennara. Hins vegar er því bætt við, að einn skuli skipa samkv. till. Læknafélags Íslands og annan að till. Félags ísl. sálfræðinga, en hinn fimmta skuli ráðh. skipa og sé hann embættisgengur lögfræðingur.

Til þess að auka réttaröryggi í sambandi við meðferð barnaverndarmála er gert ráð fyrir því, að eigi embættisgengur lögfræðingur ekki sæti í barnaverndarnefnd, skuli héraðsdómari eða í Reykjavík borgardómari taka sæti í n. sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili með sviptingu foreldravalds.

Aldurstakmark þeirra unglinga, sem barnaverndarnefnd hefur eftirlit með, er hækkað upp í 18 ár, ef ungmenni eru líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín. Er löggæzlumanni og dómara skylt að tilkynna það þegar í stað barnaverndarnefnd, ef brot eru framin, sem börn eða ungmenni innan við 18 ára eru við riðin, og ber þá að veita henni kost á að fylgjast með rannsókn máls, og láta nm. fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu.

Þá er í frv. lagt til, að settar verði allýtarlegar reglur um eftirlit með því, þegar börnum er ráðstafað til fósturs. Er áskilið, að enginn geti tekið barn til fósturs, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, og hins vegar lagt bann við því, að handhafi foreldravalds ráðstafi barni til fósturs nema til aðila, er fengið hefur leyfi barnaverndarnefndar í þessu skyni. Eru þessi ákvæði nýmæli í íslenzkum rétti.

Þá er í frv. barnaverndarnefndum gert að skyldu að hafa eftirlit með sumardvalarheimilum í umdæmi sínu. Slíkum heimilum fjölgar mjög, og hefur reynsla sýnt, að eftirlit með þeim er nauðsynlegt.

Í gildandi lögum eru ákvæði, þar sem boðað er, að ríkisstj. skuli koma á fót og starfrækja athugunarstöð eða stöðvar að fengnum till. barnaverndarráðs. Á annan áratug hefur slík athugunarstöð verið rekin í Elliðahvammi, en hún er lítil og húsnæði óhaganlegt. Í þessu frv. er lagt til, að skylda ríkisstj. til að stofnsetja og reka slíkar stöðvar sé gerð fortakslausari en nú er.

Í gildandi l. er einnig rætt um stofnanir fyrir börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Er boðað að setja slíkar stofnanir á fót, þegar fé sé veitt til þess í fjárl. Svo sem hv. alþm. er kunnugt, hefur slíkt vistheimili verið starfrækt fyrir drengi í

Breiðuvík, en enn þá hefur slíku heimili fyrir stúlkur ekki verið komið á fót. Í frv. eru ákvæði um skyldu til þess að reka slík heimili gerð fortakslausari en nú er.

Í gildandi l. eru nokkur ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Annars staðar eru þó slík ákvæði yfirleitt ekki í barnaverndarlögum, heldur í heildarlögum um vinnuvernd. Hér á landi hefur ekki enn verið sett heildarlöggjöf um vinnuvernd. Þess vegna hefur n., sem þetta frv. samdi, talið eðlilegt að halda ákvæðum um vinnuvernd barna og ungmenna í barnaverndarlögum, þótt hún telji barnaverndarnefndir að vísu hafa öruggua aðstöðu til þess að fylgjast með því, að farið sé eftir slíkum ákvæðum. N. hefur talið óráðlegt og raunar ógerlegt að setja víðtæk ákvæði um þetta efni í sjálfan lagatextann. Hún hefur talið hyggilegra að hafa almenn ákvæði í l. og setja síðan reglugerð til fyllingar þessum ákvæðum. Ýmsar breytingar eru þó gerðar á gildandi lagaákvæðum. Í fyrsta lagi er heimilað að leggja bann við því, að börn og unglingar vinni með tækjum eða umgangist tæki, sem slysahætta stafar af. Sama gildir um vinnu, sem hefur á annan hátt slysahættu í för með sér. Telur n., að þau hörmulegu slys, sem orðið hafa á síðustu árum fyrir það, að börn eða ungmenni hafi unnið með tækjum, sem sérstök slysahætta stafar af, geri það mjög brýnt að setja bannákvæði sem þessi. Í öðru lagi leggur n. til, að reglugerðarheimildin verði einnig látin ná til ákvæða, sem sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveðið á um, að læknisskoðun fari eftir atvikum fram til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ákvæði um heimild til setningar reglugerðar um störf, sem siðferði barna getur stafað hætta af. Þá er gerð nokkur breyting á gildandi ákvæðum um ráðningu ungmenna til starfa á skipum og bannað að ráða karlmann yngri en 15 ára og konu yngri en 18 ára til starfa í loftfari.

Þá gerir n. ráð fyrir því, að ráðh. sé heimilt að mæla svo fyrir, að hverju barni eða ungmenni á aldursskeiði 12—18 ára sé skylt að bera vegabréf og sýna það, sé þess krafizt af löggæzlumönnum og eftirlitsmönnum, svo sem dyravörðum. Má binda notkun slíkra vegabréfa við einstök umdæmi, og er ráðh. skylt að mæla fyrir um vegabréfaskyldu í umdæmum, ef barnaverndarnefnd og sveitarstjórn æskja þess.

Þá gerir n. ráð fyrir gagngerum breytingum á kvikmyndaeftirliti. Er gert ráð fyrir, að 3—5 hæfir skoðunarmenn séu skipaðir til 5 ára í senn til þess að framkvæma skoðun kvikmynda. Er gert ráð fyrir því, að kvikmyndaskoðun fari fram í Reykjavík, og gilda úrskurðir skoðunarmanna hvarvetna á landinu. Eru barnaverndarnefndir þá bundnar við úrskurði skoðunarmanna í Reykjavík. Er skoðunarmönnum ætlað að meta, hvort mynd geti haft skaðleg áhrif á siðferði barna eða sálarlíf eða skaðleg áhrif á annan hátt. Skal meta sér í lagi, hvort mynd sé hæf til sýningar fyrir börn innan 12 ára, og í annan stað, ef hún reynist óhæf, hvort hún sé þá hæf til sýningar börnum á aldursskeiði 12—16 ára. Tekið skal fram, að engu máli skal skipta í þessu sambandi, hvort barn er í fylgd með fullorðnum á sýningu. Ef myndin er talin óhæf til sýningar barni á tilteknu aldursskeiði, er þar með fyrir það girt, að barn hafi leyfi til að sjá myndina.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir nokkrum helztu breytingum, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér í gildandi barnaverndarlöggjöf og framkvæmd hennar. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. deildarinnar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er allmikill lagabálkur og mjög þýðingarmikið, að þingið fjalli vandlega um heildarlöggjöf eins og þessa, og samkv. starfsaðferðum þingsins mundi það fyrst og fremst leggjast á nefndirnar, sem fá málið til meðferðar, að athuga það gaumgæfilega.

Það er aðeins eitt atriði og kannske tvö, sem ég vildi aðeins fjalla um og þá fyrst og fremst til leiðbeiningar fyrir n., sem fær málið til meðferðar. Eins og menntmrh. vék að, eru ákvæði um vegabréf í þessu frv. Það er í 39. gr. a. Það eru tvær 39. gr., 39. gr. og 39. gr. a. Í sambandi við ákvæðið um vegabréf, sem hér er, ef þetta yrði samþ., og mundi þá taka til ungmenna á aldursskeiðinu 12—18 ára, vil ég segja það, að eins og menn minnast frá síðasta þingi, urðu nokkrar umr. um vegabréfaskyldu ungmenna í sambandi við frv. til breytinga á áfengislöggjöfinni, sem þá var til meðferðar. En það frv. var ekki afgr. frá þinginu. Hins vegar var afgr. till. í Sþ., þar sem skipuð var nefnd til þess að taka löggjöf og breytingar á löggjöf um áfengismálin til meðferðar. Af þessu tilefni hef ég skrifað nefnd þeirri, sem kosin var í lok þingsins, og tjáð henni, að ég mundi ekki hafa frumkvæði um að flytja að nýju frv. um breytingar á áfengisl., sem dómsmrh. flutti í fyrra, þar sem ég teldi, að Alþingi hefði raunverulega fengið frumkvæði í þessum málum í hendur þessarar n. Hún hefur skrifað mér eitt bréf, þar sem hún vikur að vegabréfaskyldunni og segir eitthvað á þá leið, að áður en lengra sé haldið í hennar störfum, sé hún þó sammála um, að það beri nú þegar að taka ákvarðanir um það að láta ungmenni hafa vegabréf, sem hægt sé að nota til þess að fylgjast með aðsókn þeirra að skemmtistöðum, þar sem selt er og veitt er áfengi, og einnig í sambandi við áfengiskaup. Þetta yrði annaðhvort gert með nýrri löggjöf eða, eins og n. segir, byggt á gamalli löggjöf frá stríðsárunum, sem ég teldi nú ekki hæfa til að byggja slíka vegabréfanotkun á nú. En þá kemur annað aldursmark til greina en hér er, þ. e. 12—18 ára, og ég tel þess vegna, að það þurfi að athugast betur, hvort það sé ekki eðlilegra, að í öðrum lögum en þessum séu þessi ákvæði um vegabréfaskylduna, enda kannske gert ráð fyrir því af n., þar sem greinin er merkt 39 a., að svo kynni að fara, að hentara þætti að fella hana niður. Hins vegar af tilefni þessa bréfs áfengisnefndarinnar er nú verið að athuga og verður bráðlega lokið við hlítar, hvort réttara væri að hverfa að því að gefa út almenn vegabréf til manna, að menn hefðu persónuskilríki á öllum aldri, frá 12—14 ára aldri eftir atvikum og upp úr, og

einnig ef sýndist í of mikið ráðizt og ekki nógu mikil rök fyrir því, þá yrðu gefin út sérstök lög um vegabréfaskyldu eða skyldu ungmenna til að bera á sér persónuskilríki og þá væntanlega til hærri aldurs, allt upp að 26 ára aldri, í sambandi við skyldusparnaðinn upp að þeim aldri og svo aftur í sambandi við bæði aðgang að veitingahúsum, og mætti þá vera lægra markið með hliðsjón af t. d. því, sem fram kemur hér í þessu frv., vegna nauðsynjar á eftirliti með börnum. Þetta bið ég n. að taka til athugunar, og ég býst við, að innan tíðar liggi fyrir hjá dómsmrh. nánari álitsgerð um vegabréfaskylduna, almenna eða takmarkaða, og n. mundi þá hafa samráð við mig, áður en gengið er endanlega frá þessu.

Það er einnig ákvæði hér um föstur í þessu frv., sem væri ástæða til að óska eftir sambandi við n. um. Það komu tilmæli til dómsmrh. frá kvennasamtökum í landinu um þau mál og nýja löggjöf varðandi föstur barna. Það mál hef ég sent, eins og nú standa sakir, til sifjalaganefndar, sem hefur það og önnur mál til athugunar, og býst við innan tíðar að fá álitsgerð frá henni.

Það er í raun og veru aðeins þetta, sem ég vildi á þessu stigi málsins hafa vakið athygli á og þá sérstaklega þeirrar n., sem málið fær til meðferðar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að hér er um mikilsverðan frumvarpsbálk fjallað og mjög vandasamt málefni, og því tel ég það skipta miklu máli, að í meðförum Alþingis verði mál þetta tekið til gaumgæfilegrar athugunar og reynt að sníða burt vankanta, sem kunna að vera í frv. og kunna að finnast við nánari umr. og meðferð í þinginu.

Mig langar til þess þegar við 1. umr. að hreyfa hér nokkrum aths. við sumar greinar frv. og beina nokkrum spurningum til þess hæstv. ráðh., sem í þessu tilfelli er hæstv. menntmrh., er þetta frv. hefur lagt fyrir hv. Nd., í þeirri von, að hv. menntmn. taki þær aths., sem ég vil hér við 1. umr. koma á framfæri, til athugunar, og eins hitt, að ráðh. gefi svör við ýmsum spurningum, sem ég tel að mikilvægt sé að liggi fyrir n., þegar hún tekur frv. til meðferðar.

Í fyrsta lagi vil ég fara nokkrum orðum um ákvæði 12. gr. frv., en að því vék hæstv. menntmrh. í framsöguræðu sinni hér áðan. En 12. gr. frv. gerir ráð fyrir, að fjölga skuli í barnaverndarráði úr 3 í 5, bætt skuli við tveim nýjum mönnum í ráðið frá því, sem verið hefur samkv. gildandi l., og eiga þessir tveir nýju menn að vera tilnefndir, annar af Læknafélagi Íslands og hinn af Félagi ísl. sálfræðinga. Mér finnst, að fjölgun í barnaverndarráði geti verið dálítið vafasöm ráðstöfun og vafasamt, hvort þetta reynist til bóta. Fyrir mér er spurningin fyrst og fremst sú, að þeim peningum, sem hið opinbera kann að verja til þessara mála, sé varið þannig, að þeir komi að sem beztum praktískum notum, en séu ekki notaðir til þess að koma á fót einhverju víðáttumiklu embættisbákni, sem fyrir fram er ekki hægt að fullyrða neitt um að verði til bóta frá þeirri skipan, sem nú er.

Fjölgun í barnaverndarráði úr 3 í 5 hefur að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Í fjöldamörgum greinum má sjá, að gert er ráð fyrir því, að bæði barnaverndarráð og barnaverndarnefndir geti leitað sérfræðilegs álits í sambandi við börn og ungmenni, sem þau hafa með að gera, til hvers kyns lögfræðinga, ekki einungis lækna og sálfræðinga, heldur lögfræðinga og hvers kyns annarra sérmenntaðra manna. Ég held því, að þær læknisfræðilegu leiðbeiningar og upplýsingar, þær sálfræðilegu upplýsingar og leiðbeiningar, sem barnaverndarráð kynni að þurfa að fá í vissum tilfellum, sé hægt að fá eftir öðrum leiðum en þeim að fjölga mönnum í barnaverndarráði. Og það er fleira en þetta, sem gerir það athugavert að mínu viti að binda þetta svona föstum skorðum í sjálfum l. Við vitum, að við lifum á tímum mikillar sérhæfingar, m. a. í læknisfræði, þar sem læknar mennta sig og kynna sér sérstakar greinar læknisfræðinnar, svo sem geðveiki, háls-, nef- og eyrnalækningar og þar fram eftir götunum. Ég hygg, að það geti verið talsverð hætta á því, að ef í ráðinu situr t. d. læknir, þá geti það í sumum tilfellum verið talið nægilegt til þess að veita þær læknisfræðilegu umsagnir barnaverndarráðinu, sem nauðsynlegar eru, sem ekki kynnu að vera eins góðar og þær, sem mögulegt væri að fá, ef væri leitað til sérfræðings einmitt í þeirri grein, er viðkomandi barn kynni að falla undir, vegna þess að læknir sá, sem í barnaverndarráðinu situr, er e. t. v. ekki sérfræðingur í þeirri grein. Þá held ég, að það geti líka verið vafasamt, eins og gert er ráð fyrir í 12. gr., að binda skipun formanns nefndarinnar við það að vera lögfræðimenntaður, og kann það að hljóða einkennilega í eyrum ýmissa að heyra lögfræðing lýsa þessu yfir hér úr ræðustól hv. Alþingis. En ástæðan fyrir því, að ég nefni þetta, er einmitt sú, að það er vitað t. d. hér í Reykjavík, að um áratugaskeið hafa vissir menn unnið að barnaverndarmálum, setið í barnaverndarráði eða barnaverndarnefndum. Þessir menn eru ekki nálægt því í öllum tilfellum lögfræðingar, en þeir hafa vegna áratuga starfa fengið sérstaka þekkingu á þessum málum. Ég tel, að þegar ráðh. er bundinn um skipan fjögurra af fimm meðlimum barnaverndarráðs samkv. till. ákveðinna aðila, þá eigi ekki að útiloka, að hann um skipan þessa eina manns í ráðið, ef Alþingi á annað borð fer inn á þá braut að samþykkja fjölgun í ráðinu, sé bundinn við að skipa formann ráðsins endilega lögfræðing og með því móti e. t. v. koma í veg fyrir það, að sem formaður ráðsins yrði skipaður maður, sem hefði áratuga þekkingu á þessum málum, hefði sýnt sérstakan áhuga á þeim og lagt fram mikið starf, í mörgum tilfellum án nokkurrar umbunar eða endurgjalds fyrir, af því að hann hefur áhuga á málinu, þetta eru hans hjartans málefni. Ég tel það mjög vafasamt að útiloka, að slíkir menn gætu orðið formenn í barnaverndarráði.

Þá finnst mér, að ákvæði 36. gr. frv. um stofnun og rekstur athugunarstöðva, sem að vísu er ekki nýmæli, eins og hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan í framsöguræðu sinni, séu út af fyrir sig góð. En ég vil vekja athygli á því, að samkv. gildandi l. frá árinu 1947, í 37. gr. l. nr. 29 frá

1947, þá er sú skylda, fortakslausa skylda lögð á ríkisstj., að hún skuli, eftir því sem fé er veitt á fjárl., setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð séu börn, sem framið hafa lögbrot eða af einhverjum öðrum ástæðum sé nauðsynlegt að barnaverndarráð og barnaverndarnefndir hafi afskipti af. Þetta er búið að vera í l. síðan 1947, og mér er kunnugt um, að á fjárl. nokkurra síðustu ára a. m. k. hafa verið teknar upp fjárveitingar til stofnunar slíks heimilis. Staðreyndin í dag er hins vegar sú, að í landinu er aðeins starfandi eitt slíkt heimili og það einungis fyrir pilta. Það er í Breiðuvík. Hins vegar gerir 37. gr. gildandi l. ráð fyrir því, að það sé fortakslaus skylda ríkisstj. að stofna annað slíkt heimili fyrir stúlkur. Það heimili er ekki til, og ég hygg, að það sé bráðnauðsynlegt, að ríkisstj. beiti sér fyrir því og gangi í, að vistheimili fyrir stúlkur, svipað því og rekið er í Breiðuvík fyrir pilta, verði sett á stofn strax.

Í sambandi við þessa gr. langar mig til þess að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hversu háar fjárhæðir samanlagt hafi verið veittar á fjárl. undangenginna ára til byggingar vistheimilis fyrir stúlkur. Vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. upplýsti það í umr. hér á eftir, og jafnframt, hvort hann geti gefið hv. d. nokkrar upplýsingar um það, hvenær byrjað yrði á að reisa slíkt hæli.

Í 37. gr. frv., 2. mgr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvert slíkt hæli, svo og hæli, sem rekin kunna að vera af félögum eða einstaklingum, skal hafa sérstaka stjórnarnefnd 3—5 manna, sem skipaðar eru af ráðh. til 4 ára í senn að fengnum till. barnaverndarráðs.“

Nú er mér kunnugt um, að í eina tíð rak félagsskapur í landinu slíkt gæzluvistarhæli, og mér er tjáð af mönnum kunnugum þessum málum, að a. m. k. einn félagsskapur í landinu hafi áhuga á að reisa hæli til þess að veita viðtöku afbrigðilegum börnum, sem hafa lent til meðferðar hjá barnaverndarnefnd og barnaverndarráði vegna einhverra lögbrota eða af öðrum ástæðum. Eins og frvgr. er nú frá hendi hæstv. ráðh., er ekki gert ráð fyrir því, hvort sem það er einstaklingur eða félagsskapur, að eigandi slíks hælis hafi nokkuð um það að segja, hvernig stjórnarnefnd þessa hælis skuli skipuð. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv., að hann hafi tillögurétt eða hafi rétt til þess að fá t. d. 1 af 5 stjórnarnefndarmönnum skipaðan í rekstrarnefndina. Þetta tel ég algerlega ranglátt og óeðlilegt í alla staði og vildi beina athygli hv. n. að þessu og spyrja hæstv. ráðh., hvort hann fyrir sitt leyti geti ekki fallizt á, að þessari grein yrði eitthvað breytt í meðförum þingsins, þannig að ef félagsskapur eða einstaklingur rekur slíkt hæli, skuli hann hafa vissan ákvörðunarrétt eða vissan tillögurétt um menn í stjórnarnefnd slíks hælis.

Í 38. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er barnaverndarnefnd í samráði við sveitarstjórn að semja um meðlag með barni eða ungmenni, er hún ráðstafar í fóstur eða á annan hátt samkv. lögum þessum. Slíkt meðlag skulu framfærendur barnsins greiða, séu þeir þess umkomnir, en ella framfærslusveit barnsins.“

Ég held, að heppilegra væri, að meðlagið yrði ákveðið í l. sjálfum, t. d., að það yrði ákveðið tvöfalt eða þrefalt meðlag eins og það er samkv. gildandi tryggingalöggjöf á hverjum tíma. Mér finnst þetta samningsákvæði minna mig dálítið á þá gömlu daga, þegar verið var að koma niður vandalausum börnum á heimilum sem niðursetningum og sveitarstjórnirnar voru að reyna að losna sem ódýrast út úr þessu. Oft á tíðum varð ákvörðunin um meðlagið til þess, að börn komust ekki inn á ágætisheimili, sem annars stóðu þeim opin, því að hreppstjórarnir vildu, eins og þeim bar raunar skylda til, gæta útgjalda viðkomandi sveitarfélaga. Það strandaði þess vegna oft á þessu atriði, að börn gætu komizt inn á sómasamleg heimili. Ég held líka, að það væri eðlilegra um þessar greiðslur, ef framfærandi barnsins sjálfs getur ekki innt þær af hendi, að skyldan til þess að greiða þær yrði lögð á Tryggingastofnun ríkisins heldur en á framfærslusveit barnsins. Mér finnst það meira í samræmi við þá þróun, sem hefur orðið í „sósíal“-löggjöf, bæði hér á Íslandi og á Norðurlöndum, heldur en að gera ráð fyrir því, að sveitarfélagið skuli greiða þetta.

Í niðurlagi 39. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.“

Ég vil vekja athygli hv. þm. sérstaklega á þessu ákvæði. Af 1. gr. frv. er ljóst, að þegar talað er um börn í frv., er átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en þegar talað er um ungmenni í frv., er átt við einstaklinga að 18 ára aldri. Þess vegna er það ljóst, að eftir frvgr., eins og hún er nú orðuð, mundi vera óheimilt fyrir hjón í sveit að leyfa barni sínu allt að 18 ára aldri að stjórna t. d. dráttarvél eða hvers konar annarri búvél. Menn, sem þekkja til búskaparhátta á Íslandi eins og þeir eru í dag og vita, hversu erfitt er að fá vinnuafl í sveitirnar, hljóta að sjá og gera sér grein fyrir því, að ef á að banna ungmennum allt að 18 ára gömlum að stjórna dráttarvélum og öðrum búvélum, er búskap á sumum sveitabæjum þessa lands, sem að öðrum kosti gæti haldið vel áfram, bókstaflega stefnt í hreinan voða, því að starfsemin á þeim byggist að langmestu leyti eða að öllu leyti á vinnuafli fjölskyldunnar. Ég viðurkenni, að þau slys, sem orðið hafa, í mörgum tilfellum dauðaslys, þar sem unglingar hafa stjórnað dráttarvélum og öðrum landbúnaðarvélum, eru að sjálfsögðu mjög hryggileg og hvetja til allrar varkárni í þessum efnum. En ég hefði haldið, að það væri kannske mögulegt að gera það á annan hátt en þann, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sagt að leggja algert bann við því, að unglingar allt að 18 ára aldri megi fara með þessar vélar. Ég vil benda á, að hér í þinginu var fyrir nokkrum árum flutt þáltill. um, að Alþingi og ríkisstj. beittu sér fyrir því með lagasetningu, að með sérstökum yfirbyggingum yfir dráttarvélar og aðrar búvélar yrði reynt að forða frá slysum, sem þá voru orðin nokkur. Ég held, að það væri miklu ráðlegra að leggja meiri áherzlu á þetta atriði, að reyna að fyrirbyggja slysin,

heldur en banna átján ára unglingum að vinna að sveitastörfum á sínum heimilum. Og ég veit ekki, hverjum er betur trúandi en einmitt foreldrum, sem búa í sveit, til þess að tefla ekki börnum sínum og ungmennum í óþarfa hættu. Þess vegna held ég, að þetta ákvæði frv. ætti að fella niður. Til enn þá frekara rökstuðnings þessari skoðun minni vil ég benda á, að það eitt út af fyrir sig, að ómögulegt er að hafa nokkurt eftirlit með, að þetta ákvæði verði haldið í framkvæmdinni, gerir það að verkum, að það á hér alls ekki heima. Manni finnst það líka dálítið skrýtið, að samkv. landslögum má veita unglingi 17 ára gömlum bifreiðastjóraréttindi að fullnægðum öðrum skilyrðum. 17 ára gömlum unglingi telur löggjafinn heimilt að stjórna bifreið hér í umferðaröngþveitinu, eins og það er oft verst á götum Reykjavíkur, en 18 ára unglingi uppi í sveit á að vera bannað að setjast á dráttarvél og sláttuvél og önnur slík landbúnaðartæki og vinna að framleiðslustörfum í sveitinni. Ég held, að á milli þessa sé ekkert samræmi, auk þess sem það hlýtur að vera, að þeim ágætu mönnum, sem sömdu þetta frv., hafi hlotið að sjást yfir, að ekki er hægt að breyta gildandi ákvæði í landslögum um 17 ára aldurshámark sem skilyrði þess að fá bifreiðastjóraréttindi með setningu reglugerðar.

Þá er seinasta aths., sem ég vildi koma hér á framfæri, áður en mál þetta fer til n., og það er aths. við 39. gr. a. E. t. v. er ástæðulítið að koma þeirri aths. á framfæri eftir þá ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hélt hér áðan, því að eftir því sem ég skildi orð hans, þá telur hann, að þetta ákvæði um vegabréfaskylduna eigi ekki heima í þessu frv., heldur öðru frv. sérstöku, og mæltist hann til þess við n., að þetta yrði athugað, þegar málið kæmi þangað. En miðað við, að eðlilegt þætti, að þessi frvgr. héldist áfram í frv., þá teldi ég eðlilegra, að hér væri um fortakslaust skylduákvæði að ræða, sem sagt að börnum á aldursskeiðinu 12—18 ára væri skilyrðislaust gert að skyldu að bera vegabréf, en ekki hafa það eins og er í frvgr. núna, að aðeins sé um heimildarákvæði að ræða. Fyrir þessari breytingu mæla svo auðsæ rök, að ég tel ekki þörf á að fara um þau nema nokkrum orðum. Ég vil aðeins benda á, að öll löggæzla á skemmtistöðum í höfuðborginni og stærri kaupstöðum þessa lands hlýtur meira og minna að byggjast á því, að í gildi séu lög, er skyldi börn og unglinga á þessu aldursskeiði að bera vegabréf.

Ég vil svo að endingu aðeins endurtaka þá spurningu, sem ég setti hér fram áðan, af því að ég er ekki viss um, að hæstv. ráðh. hafi heyrt hana. Ég spurði að því, hvort hæstv. ráðh. vildi upplýsa hv. n. og hv. þm. um það, hversu háar fjárhæðir samanlagt hafi verið veittar til byggingar gæzluvistarhælis fyrir stúlkur í sveit. Og í öðru lagi spurði ég hann, hvenær vænta mætti þess, að hafizt yrði handa um byggingu slíks hælis, svipaðs því, sem nú er rekið á vegum ríkisins í Breiðuvík fyrir pilta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við eina gr. þessa frv., sem ég vildi gjarnan segja á þessu stigi, áður en frv. fer til nefndar. Það er í sambandi við barnavinnuna, 39. gr.

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur ljóst, að þarna er um verulega erfitt og hættulegt þjóðfélagsvandamál að ræða. Mér liggur við að orða það svo, að barnavinna sé orðin smánarblettur á okkar þjóðfélagi og okkar íslenzka þjóðfélag, sem við að mörgu leyti höfum mikla ástæðu til að vera stoltir af, skeri sig úr til hins illa úr flestum þjóðfélögum Evrópu hvað barnavinnuna snertir. Orsökin til þess er sú, að almenningsálitið hér heima er enn þá á því, að barnavinna sé eðlileg. Við vorum bændaþjóð, sjómannaþjóð, þar sem vinna svo að segja allrar fjölskyldunnar var hið eðlilega og erfitt að komast af án hennar. En sú hugmynd, sem skapast á því stigi þjóðfélagsins, heldur áfram að vera sú ráðandi siðferðilega afstaða, eftir að við erum fyrst og fremst að verða iðnaðarþjóð. Breytingin frá bændaþjóð yfir í iðnaðarþjóð hefur orðið svo ör hjá okkur hér heima, hjá einni einustu kynslóð, að við höfum ekki orðið að heyja samsvarandi baráttu til að breyta almenningsálitinu og við skulum segja næstu nágrannar okkar, Englendingar, hafa orðið að gera. Þar hafa þessar breytingar orðið hjá mörgum kynslóðum, og það hefur verið háð harðvítug barátta til þess að banna barnavinnuna, þannig að í meðvitund almennings er það nú löngu komið í Englandi og Norðurlöndum, að hún sé ekki samboðin neinu menningarþjóðfélagi.

Ég álít, að við verðum í sambandi við 29. gr., í n., sem þetta fer til, að taka þetta til mjög rækilegrar athugunar í samráði við hæstv. ríkisstj. Við vitum, hvernig ástandið er hjá okkur núna. 13 ára gamlir drengir slasa sig eða jafnvel deyja af slysförum í sambandi við uppskipun og annað þess háttar. Barnavinnan og ég tala nú ekki um unglingavinnan er orðin svo algeng, að í vissum vinnustöðvum er raunverulega fyrst og fremst a. m. k. um eitt skeið ársins byggt á þessu. Þegar hér er talað um, að ekki megi ráða börn yngra en 15 ára í verksmiðju, þá liggur mér við að spyrja: Hver er skilgreiningin á verksmiðju að áliti hæstv. ráðh.? Eru hraðfrystihús líka verksmiðjur? Það er það eðlilega, því að hraðfrystihúsin eru fiskiðnaður, og það hlýtur að verða að telja allt slíkt til verksmiðju. En á þá að undanþiggja höfnina í því sambandi? Á ekki sama bann að gilda um hana, uppskipun og útskipun, þar sem hættan er oft jafnvel enn þá meiri?

Ég rak mig á það fyrir nokkrum árum, það eru víst ein 6—7 ár síðan, hve erfitt er jafnvel hér í þessari hv. deild að fást við hugmyndir manna, þ. á m. hv. þm., um þetta efni. Það var í sambandi við meðhöndlun umferðarlaganna þá. Ég kem þá eiginlega úr öfugri átt, miðað við það, sem hv. 4. þm. Reykn. var að segja áðan. Við fluttum þá tveir þm. Alþb., held ég, brtt., þar sem börnum undir 12 ára aldri var bannað að aka dráttarvélum utan vega í sveit. Þessi till. var kolfelld, ég held með öllum þorra atkv. móti 5, þannig að sem stendur er börnum langt innan 12 ára leyfilegt að aka dráttarvélum úti í sveit, enda ekki ófá slys og jafnvel banaslys, sem af því hafa hlotizt, þannig að sem stendur er hættan

meiri, að við séum ekki nógu róttækir í þessum efnum, heldur en við séum of róttækir, þó að bezt sé að gæta meðalhófs.

Ég veit, að almenningsálitið um, að börn og unglingar hafi gott af því að vinna, er svo ríkt enn þá, að jafnvel þegar verkstjórar reka 12—14 ára börn úr vinnu eftir venjulega dagvinnu, þá er það til, að forráðamenn rífist við verkstjórana út af því, að börnin fái ekki eftirvinnu.

Við vitum, að í þessum efnum eigum við við að stríða almenningsálit, sem stafar frá gömlum tímum hér, var ef til vill eðlilegt og óhjákvæmilegt á þeim tímum, en á ekki við í okkar nútímaþjóðfélagi. Þarna þarf þess vegna mjög alvarleg átök, ekki aðeins af hálfu þess opinbera með löggjöf, heldur bókstaflega af hálfu þeirra, sem skapa almenningsálitið, þ. á m. stjórnmálaflokkanna og blaðanna. Ég held, að ég muni jafnvel eftir, að það hafi komið í blöðum myndir af börnum 8, 9, 10 ára og þar í kring og staðið undir: Þessi börn voru að vinna við að bjarga aflanum, vinna í hraðfrystihúsum. — Þau voru ákaflega dugleg, og mega vera stolt af því, hvað þau eru dugleg. Nú vitum við það, að okkar þjóð er ákaflega dugleg þjóð. Dugnaðinum hefur hún þurft á að halda til þess að geta lifað í okkar erfiða landi. En við það iðnaðarþjóðfélag, sem hér er að koma upp, þurfa á vissan hátt þessar hugmyndir að breytast, ekki kannske í ódugnað og leti, en yfir í það að kunna sér nokkurt hóf í þessum efnum. Þess eru dæmi nú þegar, að 13—14 ára gamlir piltar séu farnir að þogna í baki af erfiði, og það er vafalaust ekki vegna þess, að þeir hafi verið reknir til vinnunnar. Börnin á þessum aldri eru eitthvað áhugasamasta fólk, sem maður kynnist, þannig að það þarf yfirleitt að halda aftur af þeim, að þau ofbjóði sér ekki í slíkum hlutum, frekar en hitt. Ástandið í þessum efnum er þess vegna mjög alvarlegt. Ég veit, að hér í hraðfrystihúsunum í Reykjavík er ástandið þannig, að þegar útlenda gesti ber að garði, forðast forráðamenn að sýna þeim hraðfrystihús, svo að þeir sjái ekki, hve mikið af unglingum og jafnvel börnum vinnur þar, vegna þess að forráðamenn bæja vita, að útlendingar líta allt öðrum og svartari augum á þessa vinnu en við Íslendingar gerum.

Mér er líka kunnugt um það, eins og okkur öllum, að mjög mikið af þessari vinnu er svo nauðsynlegt í augnablikinu, að það lægi við, að það mundi stöðvast hálfar eða heilar atvinnugreinar, ef barna- og unglingavinnunni væri kippt burt þarna. Og þetta er eitt af mörgu, sem sýnir það, hve óhjákvæmileg er, ekki sú hagræðing vinnu í verksmiðjum, sem ákaflega mikið er talað um núna, heldur hagræðing sjálfs atvinnulífsins, hagræðing verksmiðjanna, þannig að það sé komið upp nokkurn veginn stórum og myndarlegum hraðfrystihúsum og verksmiðjum, þar sem hægt sé að koma við nútímastarfsháttum í iðnaði, en að skipulagslaus og stjórnlaus fjárfesting í iðnaði, hraðfrystihúsum og slíku sé ekki við haldið, eins og nú er, með forkastanlegri barna- og unglingavinnu.

Við verðum að horfast í augu við, að við verðum að breyta alveg um í þessum efnum, ef við ætlum að skapa slíkt þjóðfélag, t. d. hvað barna- og unglingavinnuna snertir, að við þurfum ekki að skammast okkar fyrir það. Ég vil vekja athygli á því, að það er svo í mörgum skólum í Reykjavík nú, að börn á skólaskyldualdri vinna mjög mikið — ýmis þeirra — utan skólatímans, jafnvel sums staðar svo, að þau hafa ekki tíma til þess að lesa heima lexíurnar sínar, og það án þess að það sé fjárhagsleg nauðsyn á heimilunum, að börnin vinni svona, heldur einungis út frá þessu sjónarmiði, að það þyki svo sjálfsagt, að á meðan vinnueftirspurn er eins mikil og nú, þá fái unglingar tækifæri til að vinna sér inn aura. Og á sama tíma er svo þétt skipað í skólana, tví- og þrísett, að börn, sem ættu raunverulega að hafa tækifæri til þess, ef til vill undir umsjá kennara, að lesa í skólastofunum undir lexíurnar sínar, af því að þau hafa kannske erfiðar aðstæður heima, þau geta ekki komizt að til þess vegna tví- og þrísetninga í skólanum. Svona er ástandið í okkar menningarþjóðfélagi, í okkar þjóðfélagi með eins hátt lífsstig og við að mörgu leyti stöndum á.

Við þurfum þess vegna að láta verða alvarlega breytingu í þessum efnum. Það, sem þarf, eru mjög samræmd átök bæði löggjafans og þeirra, sem skapa almenningsálitið. Minnumst t. d. á eitt lítið atriði í þessu, sem kemur stjórnmálaflokkunum við, því að þeir standa að útgáfu flestra blaða á landinu. Útburður blaðanna er mestmegnis ræktur af börnum hér í Reykjavík. Það mundi t. d. í Kaupmannahöfn vera algerlega bannað og þekkist þar ekki. Sala blaðanna er að mestu leyti rekin af börnum. Slíkt mundi vera bannað í stórborgum erlendis. Ef til vill hefur stundum verið reynt að koma á samstarfi milli blaðanna um útburð og fá þá jafnvel einhvern einn aðila til að annast slíkt. Meira að segja slíkri skipulagningu hefur ekki verið hægt að koma á, og í staðinn er þetta ástand, að börnum er þrengt í þetta, og í hvert skipti, sem skólarnir byrja, þá er kreppa hjá öllum blöðunum vegna þess, að þau fá ekki börnin í þessa barnavinnu. Ég nefni þetta aðeins vegna þess, að þetta er mál, sem kemur okkur öllum saman jafnt við, sem hér erum fulltrúar stjórnmálaflokkanna.

Ég vildi aðeins minnast á þetta, áður en þetta mál fer til nefndar. Það liggur hér fyrir frv. frá hv. 5. þm. Vestf. um vinnuvernd, þar sem eru í IV. kafla sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga, og meðan ekki eru a. m. k. sérstök lög samþykkt, sem mjög væri æskilegt og nauðsynlegt, um vinnuvernd almennt, þá er að mínu áliti mjög nauðsynlegt, að einmitt þessi vísir, sem þarna felst í 39. gr., sé endurbættur, gerður ákveðnari og geti kannske tekið til þess, sem lagt er til í þessu frv., sem ég gat um. Og í þessu sambandi vil ég minna á það, þegar verið er að tala um reglugerðir í þessu sambandi, að það er eins og mig minni, að í þeim barnaverndarlögum, sem nú gilda, séu ákvæði um reglugerð, þar sem heimild sé til ýmiss konar róttækra ráðstafana, en sú reglugerð hafi annaðhvort aldrei verið gefin út eða ekki þá a. m. k. fyrr en alllöngu eftir, eða þá bara alveg nýlega, ef hún er þá til. Þó skal ég ekki fullyrða um þetta, en það er eins og mig minni það.

Ég vil vonast til þess, að milli hv. nefndar og hæstv. ríkisstj. geti tekizt samstarf um það að reyna að stíga stærri spor fram á við hvað snertir þessa grein heldur en ætlazt er til með henni, eins og hún nú er orðuð, og það gæti orðið gert stórvirki í þá átt að breyta ekki aðeins þeim aðstæðum, heldur líka þeim hugsunarhætti, sem enn gildir í okkar þjóðfélagi viðvíkjandi barnavinnu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér, áður en þetta mál fer lengra, að segja um það örfá orð, eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Að meginstofni er þetta frv. lagað alveg eftir núgildandi lögum um barnavernd, en hefur þó að geyma nokkrar breytingar og talsverð nýmæli, sem mér sýnist í fljótu bragði til bóta og a. m. k. eðlilegt að séu tekin upp í lögin.

Það er mjög ríkt einkenni á þessu frv. að gefa barnaverndarnefndarmönnum sem skýrust fyrirmæli um framkvæmd þeirra starfa, sem þeim eru aðallega falin. En hins vegar er þess auðvitað að gæta, að ógerningur er að hafa þessi fyrirmæli svo skýr og svo tæmandi, að það nái yfir öll þau tilvik og geti svarað öllum spurningum, sem gætu risið í sambandi við svona viðamikil og sérstaklega viðkvæm mál, eins og barnaverndarmál hljóta alltaf að vera. Þess vegna skiptir það alltaf höfuðmáli, án tillits til þess, hve margir eru í barnaverndarnefndum eða barnaverndarráði, að í barnaverndarnefndirnar veljist eingöngu vandað fólk og réttsýnt fólk, sem geri sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á því hvílir í starfi. Og án þess að um slíkt fólk sé að ræða, þá hygg ég, að lögin geti ekki náð tilgangi sínum.

Með frv. er gert ráð fyrir allmiklu víðtækara verksviði barnaverndarnefnda en áður var og jafnframt, að barnaverndarmálin hljóti meiri sérfræðiþjónustu en verið hefur. Um þetta er auðvitað það að segja, að á öllu veltur um framkvæmdina. Það er ekki nóg að ætla barnaverndarnefndum víðtækara starfssvið í orði, heldur verður að tryggja, að þær séu þess umkomnar að rækja verkefni sín og þau eftirlits- og varnarstörf, sem á þeim hvíla. Og því aðeins mun ákvæðið um aukna sérfræðiþjónustu koma að haldi, að fyrir hendi séu nægilega margir sérfræðingar, sem geti annað því öllu, sem á þá er lagt að leysa úr. Það er vitað, að á þessu sviði er mikill mannaskortur, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur ekki síður annars staðar á landinu. Þess vegna er það brýn nauðsyn, eins og raunar er bent á í athugasemdum og áliti n., sem frv. samdi, að jafnframt því, sem lögfest verða ákvæði um víðtækara verksvið og vandaðri meðferð barnaverndarmála, þá verði unnið að því að fá fleiri sérfræðinga til starfa og mennta fleira fólk á þessu sviði, því að án þess má það teljast víst, að framkvæmd þessara ágætu og sjálfsögðu ákvæða verði gagnslítil.

Aðalatriðið er því að búa svo að barnaverndarnefndum, að þær geti framfylgt þeirri stefnu, sem boðuð er í frv.

Þá ætla ég aðeins að ræða hér lítillega um þann kafla, sem fjallar um vinnuvernd. En um það eru ákvæði í 39. gr. l. og einnig í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég er sammála höfundum frv. um það, að nauðsynlegt er að hafa allskýr fyrirmæli um þessi efni í lögum eða reglugerðum, því að almenn afstaða þjóðarinnar til barnavinnu er síður en svo til fyrirmyndar, og vil ég taka þar mjög eindregið undir þær skoðanir, sem fram komu hjá hv. 3. þm. Reykv. Það er tíðara hér en í nokkru öðru menningarlandi, að börn séu látin vinna erfiðisvinnu á ýmiss konar vinnustöðum og oft við hinar óheppilegustu aðstæður fyrir börn á vaxtarskeiði. Okkur er jafnvel títt að meta þetta okkur mjög til gildis og höldum því fram, að það sé hollt og nauðsynlegt fyrir börn að vinna, og það er vissulega rétt, að sú skylda hvílir á foreldrum og raunar á þjóðfélaginu að ætla börnum einhver önnur viðfangsefni en skólanámið eitt.

Það er áreiðanlega mikilvægt uppeldisatriði, að börn venjist snemma á eða kynnist vinnu, kynnist af eigin raun helztu atvinnuháttum þjóðarinnar. En það er háskaleg stefna að ætla börnum að skila fullum vinnudegi og ekki aðeins það, heldur líka fullri eftirvinnu til jafns við hrausta og vinnusama karlmenn, eins og allt of mörg dæmi eru um hér á landi. Slík stefna getur ekki einvörðungu verið sprottin af áhuga á því að venja börn við vinnu og vekja áhuga þeirra á atvinnuháttum til lands og sjávar, heldur er þetta meira og minna blandað annarlegum sjónarmiðum, t. d. peningasjónarmiðum, sem ekkert eiga skylt við uppeldisgildi, nema síður sé, og ekki síst vegna þess, að það er ekkert eftirlit haft með því, hvernig börnin eyða þeim peningum, sem þau vinna sér inn. Þess vegna held ég, að þarna sé algerlega um neikvæð uppeldisáhrif að ræða. Auk þess er það svo, að það er síður en svo þroskavænlegt fyrir börn og unglinga, sem vart eru af bernskuskeiði, að láta þau þræla við einhæf verksmiðjustörf innilokuð í hitasvækju og hávaða frá morgni til kvölds allt liðlangt sumarið, en slíkt er ekki dæmalaust í okkar þjóðfélagi og er okkur satt að segja til margfaldrar skammar og ekki hins minnsta sóma.

Þess vegna held ég, að það væri til mikils gagns, ef ákvæði frv. um vinnuvernd barna kæmust í framkvæmd og hægt væri að opna augu manna fyrir því, að vinnuþrælkun á börnum er smán, sem aðrar þjóðir hafa fyrir áratugum — kannske hundruðum ára — lagt blátt bann við bæði í orði og á borði. Og farnast þessum þjóðum sízt verr en okkur í uppeldis- og heilbrigðismálum og um almenna afkomu.

En ég vil samt endurtaka, að þrátt fyrir þetta tel ég mikilvægt, að börnum sé ætlað að vinna eitthvað, því að hæfileg vinna er þeim holl og nytsamleg. En þá veltur á miklu, hver störfin eru og við hvaða skilyrði unnið er. Í því sambandi vil ég nefna það, að æskilegt væri, að skólastarf okkar gæti að sumrinu færzt út á nýtt svið, þar sem einmitt væri lögð áherzla á ýmiss konar verkkennslu. Eins hygg ég, að börnum sé það æði nytsamlegt að vera í sveit og ef til vill að vinna við annan smáatvinnurekstur, eftir því sem kraftarnir leyfa, og þá undir handleiðslu góðra húsbænda. Hitt tel ég að sé forsmán, að kakka börnum inn í verksmiðjur og ætla þeim að starfa þar í mjög ein-

hæfum verkum, kannske 10—12 klukkustundir á dag, eins og ég veit allt of mörg dæmi um. Það er því æskilegt, að þessi kafli laganna verði ekki bókstafurinn einn, heldur verði barnaverndarnefndunum gert mögulegt að fylgjast með í þessum málum og koma á nauðsynlegum úrbótum. En þar skiptir kannske mestu máli að breyta skólunum í það horf, að börn geti lært nytsamleg og holl verkleg störf undir handleiðslu ábyrgra manna. Að vísu er það stærra mál en svo, að barnaverndarnefndir sem slíkar geti komið þeirri skipun á, heldur er það vitanlega verkefni ríkisvaldsins og þá sérstaklega yfirstjórnar skólamálanna að vinna að slíkri þróun.

Í frv. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum að því er varðar kvikmyndaeftirlit, og væntanlega er það tilgangurinn að efla kvikmyndaeftirlitið og gera það virkara en það kann að vera nú. En í því sambandi vil ég leyfa mér að gera athugasemd á þessu stigi málsins og vænti þess, að n., sem kemur til með að fjalla um málið, taki það til athugunar, en þar á ég við það vandamál, sem skapazt hefur í sambandi við sýningar kvikmynda í sjónvarpi. Á kvikmyndaeftirlitið að ná til sjónvarpsins?

Þannig háttar nú í okkar menningarmálum, að hæstv. ríkisstj. hefur af miklu ábyrgðarleysi heimilað erlendum hernaðaryfirvöldum að reka sjónvarp, sem nær til þúsunda íslenzkra barnaheimila. Sjónvarpsheimildin út af fyrir sig er nógu slæm. En í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort hermannasjónvarpið í Keflavík, sem íslenzk börn horfa á í þúsundatali, sé undanþegið íslenzku kvikmyndaeftirliti. Ég veit ekki, hvort svo er, og væri mjög æskilegt að fá það upplýst, því að það væri vitaskuld alger óhæfa ofan á hið fyrra, ef ameríska sjónvarpið fær óátalið að sýna kvikmyndir, sem innlendum kvikmyndasýnendum er bannað að sýna börnum. Ég tel því, að það sé í samræmi við þá stefnu frv. að hafa sem skýrust fyrirmæli um hvað eina, að það sé skýrt tekið fram í lögum, að kvikmyndaeftirlitið nái einnig til sjónvarpskvikmynda, ekki aðeins kvikmynda, sem íslenzkt sjónvarp kemur til með að sýna, heldur líka kvikmynda, sem hæstv. ríkisstj. hefur heimilað erlendum her að sjónvarpa inn á íslenzk barnaheimili.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að það hefur komið fram í ræðum þeirra 4 hv. þm., sem um málið hafa talað, að þeir telja allir, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem nauðsynlegt sé og sjálfsagt að Alþingi taki til hinnar rækilegustu meðferðar.

Eins og kom fram í orðum mínum í upphafi, er ég sömu skoðunar. Í því felst auðvitað ekki, að ég eða ríkisstj. hljóti í einu og öllu að vera sammála hverri grein eða hverri setningu, sem í frv. þessu stendur. Þó að ég sé að vísu þeirrar skoðunar, að n., sem það samdi, hafi unnið ágætt verk og í heild felist í frv. tvímælalaust framfaraspor, þá er það að sjálfsögðu ekki alfullkomið frekar en önnur mannanna verk, og ýmislegt í frv. gæti eflaust enn staðið til bóta, og þess vegna vil ég einnig undirstrika þá skoðun, sem komið hefur fram, að nauðsynlegt sé, að n. þessarar hv. d. taki þetta frv. til rækilegustu meðferðar.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) beindi til mín þeirri fsp., hversu mikið fé hefði verið veitt á fjárlögum til byggingar vistheimilis fyrir stúlkur. Síðan á fjárl. 1959 hafa árlega verið veittar 300 þús. kr. til byggingar vistheimilis fyrir stúlkur, þannig að Alþingi hefur fram til þessa árs veitt 1½ millj. kr. til að koma upp vistheimili fyrir stúlkur. Öllum er þó áreiðanlega ljóst, að hálf önnur millj. kr. nægir ekki til að koma á fót sómasamlegu vistheimili fyrir stúlkur, og er reynslan af byggingarkostnaði vistheimilisins fyrir pilta í Breiðuvík þar órækur vitnisburður um, en til byggingar þess heimilis hefur verið varið miklu meiri fjárhæðum samkv. fjárveitingum frá hinu háa Alþingi.

En sökum þess, að ekki er fyrir hendi nema 1½ millj. kr. í þessu skyni, hefur ekki enn verið fært að hefja neinar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins á þessu sviði. Úr þeim vanda, sem verið hefur í þessum efnum, hefur hins vegar verið reynt að bæta með þeim hætti, að fengizt hefur samkomulag við yfirvöld í Danmörku, sem hafa forráð vistheimila stúlkna þar í landi, um það að taka við til vistunar héðan af Íslandi nokkrum stúlkum árlega, og hefur það verið gert flest árin undanfarið. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að á vegum barnaverndarnefndar hafi ekki verið vandamál í þessum efnum, sem hefur ekki tekizt að leysa fyrir góðviljaða aðstoð og samvinnu yfirvalda í Danmörku með þeim hætti, að völ hefur verið á vist fyrir slíkar stúlkur þar í landi.

Það kom annað atriði fram í ræðu hv. 4. þm. Reykn., sem ég tel ástæðu til að gera að umtalsefni með örfáum orðum. Það er misskilningur af hans hálfu, að í 39. gr. þessa frv., sem fjallar um barna- og unglingavinnu eða vinnuvernd á sviði barna- og unglingavinnu, sé lagt bann við því, að unglingar innan 18 ára aldurs stjórni vinnuvélum í sveit, t. d. dráttarvélum. Um þetta efni er ekki annað sagt í 39. gr. en það, að rétt sé ráðh. að setja reglugerð varðandi þessi efni. Í gr. er ekkert fram tekið um, að í þeirri reglugerð skuli vera ákvæði, er banni unglingum t. d. í sveit að stjórna t. d. vinnuvélum, svo sem dráttarvélum, fyrr en þeir hafi náð 18 ára aldri. Hitt er rétt, að ef lögin verða samþykkt, þá verður skylt að setja reglugerð um þessi efni, og mun þá auðvitað koma til athugunar, við hvaða aldursmark ætti að miða í þessum efnum.

Hæstv. dómsmrh. gerði ákvæði 39. gr. a, um vegabréfaskyldu unglinga upp að 18 ára aldri, að umtalsefni. Ég veit, að þeim mönnum, sem sömdu þetta frv., var að sjálfsögðu kunnugt um þau lagaákvæði, sem nú eru í gildi um heimild til þess að skylda til vegabréfanotkunar, og eru þau ákvæði raunar miklu víðtækari en gert er ráð fyrir að hér verði lögtekið. N. hefur og án efa verið kunnugt um þær umr., sem fram fóru á s. l. ári í sambandi við till. um breyt. á áfengislöggjöfinni og vegabréfaskyldu í því sambandi, þar sem einn af þeim mönnum, sem sömdu þetta frv., prófessor Símon Jóhannes Ágústsson, átti

einnig sæti í þeirri n., sem gerði till. um breyt. á áfengislögunum, þ. e. a. s. nefndinni, sem fékk það úrlausnarefni að rannsaka þá atburði, sem áttu sér stað í Þjórsárdal um næstsíðustu hvítasunnuhelgi. En frv., sem hæstv. dómsmrh. gerði að umtalsefni, var einmitt ein af niðurstöðum þeirrar nefndar, sem prófessorinn átti einnig sæti í.

Mér er kunnugt um það, að n. leggur enga áherzlu á það, að ákvæðin um vegabréfaskyldu séu í barnaverndarlögum. En hún taldi hins vegar rétt að hafa till. um slíkar reglur hér, á meðan ekki væru hliðstæð ákvæði í öðrum lögum eða ákvörðun hefði verið tekin um að setja sérstök lög um vegabréfaskyldu. En það veit ég, að n. hefur ekki á móti því, að slík löggjöf sé sett, og raunar telur fleiri hætti geta komið til greina í þessum efnum en þann, sem þarna er gerð ákveðin till. um. Þykist ég því vita, að höfundar þessa frv. mundu verða til umr. við hv. þingnefnd um aðra skipun á þessum efnum en þarna er gert ráð fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) gerði barna- og unglingavinnu, sem nú á sér stað, allrækilega að umræðuefni. Ég er honum alveg sammála um, að brýna nauðsyn ber til að gera hvort tveggja; alvarlegt átak til að breyta hugsunarhætti almennings og þá fyrst og fremst fullorðins fólks, en ekki barnanna sjálfra, í þessum efnum og jafnframt að setja aukin lagaákvæði og þá fyrst og fremst fyllri reglugerðarákvæði en nú eru í gildi um þetta efni. Hann kvaðst ekki vita, hvort nokkur allsherjar reglugerð hefði verið sett til útfyllingar á þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi um barna- og unglingavinnu. Ég skal upplýsa, að slík reglugerð hefur aldrei verið sett, og hefur þó verið heimild til setningar hennar allt frá því, að núgildandi barnaverndarlög voru sett og samþ. á sínum tíma, eða 1947. Hins vegar geta einstakar sveitarstjórnir sett reglugerðir um barna- og unglingavinnu, og hafa nokkrar sveitarstjórnir sett slíkar reglur og fengið þær staðfestar af menntmrn. í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga.

Varðandi þá spurningu 5. þm. Norðurl. e. (IG), hvort kvikmyndaeftirlit á Íslandi eigi að taka til íslenzks sjónvarps, vildi ég segja það, að ég teldi eðlilegt, að kvikmyndaeftirlit tæki til þeirra kvikmynda, sem sýndar eru í sjónvarpi, eins og þeirra kvikmynda, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum. Varðandi ummæli hans um sjónvarp vallarins í Keflavík er það að segja, að mér er ekki kunnugt um það, að þar hafi nokkurn tíma verið sýnd nokkur kvikmynd, sem íslenzkt kvikmyndaeftirlit hefði bannað.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég beindi einni spurningu til hæstv. ráðh., og hún var sú, hvort kvikmyndaeftirlitið íslenzka næði til þeirra kvikmynda, sem sýndar eru í sjónvarpinu á Keflavíkurvelli. Ég var ekki að spyrja um það, hvort einhver slík mynd hefði verið sýnd, sem ekki mundi hafa staðizt reglur íslenzks kvikmyndaeftirlits. Þess vegna er þeirri spurningu enn ósvarað, hvort íslenzka kvikmyndaeftirlitið nái til þeirra kvikmynda, sem sýndar eru í sjónvarpinu á Keflavíkurvelli. En ég skil orð hæstv. ráðherra þannig, að íslenzkt kvikmyndaeftirlit nái ekki til sjónvarpsins á Keflavíkurvelli. Og ég tel, að þetta sé hin mesta óhæfa.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. ráðh. hélt því fram, að það væri misskilningur minn, að í 39. gr. frv. væri að finna ákvæði, sem bönnuðu unglingum að 18 ára aldri að fara með vinnuvélar í sveit. Mér er kunnugt um, að í n. þeirri, sem undirbjó þetta frv., varð ágreiningur einmitt um þetta atriði. Ég held, að ég geti fullyrt, að í n. ríkti sá skilningur á ákvæðum 39. gr., að verið væri að setja bann við því, að ungmenni, sem væru orðin 18 ára, gætu stjórnað vinnuvélum í sveit. Og þó að það komi hvergi fram í greinargerð frv. eða hafi heyrzt á framsöguræðu hæstv. ráðh. um þetta atriði, þá held ég, að ég hafi það góðar upplýsingar um afgreiðslu þessa máls í n., sem undirbjó frv., að þar varð minni hl. og meiri hl. um þetta ákvæði. Enda kann ég þá lítið fyrir mér í að skýra lög, þó að ég eigi að heita lögfræðingur og hafi setið á sjötta ár á Alþingi, ef lesin er 1. málsgr. 39. gr. frv., án þess að fenginn verði út úr henni sá skilningur, að með samþykkt hennar óbreyttrar sé beinlínis verið að leggja bann við því, að 18 ára unglingar og yngri geti stjórnað vinnuvélum í sveit, því að ráðh. upplýsti hér áðan, eins og í upphafi 3. málsgr. segir, að rétt sé ráðh. að setja reglugerð, er taki til landsins alls eða hluta þess. Eftir ræðu hans áðan er það ekkert vafamál, að slíka reglugerð ætlar hæstv. ráðh. sér að setja, en einmitt í síðari hluta þessarar sömu 3. málsgr. 39. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveða á um hámarksvinnutíma, svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.“

Þrátt fyrir þá yfirlýsingu hæstv. ráðh. hér áðan, að þetta ákvæði bæri ekki að skilja þannig, að bann væri við því lagt, að 18 ára unglingar og yngri gætu stjórnað landbúnaðarvélum í sveit, þótt sú yfirlýsing sé mjög mikils virði og skýrandi um, hvernig skilja beri frv. og skýra, þá tel ég engu að síður í meðförum nefndar þeirrar, sem frv. fær til athugunar og afgreiðslu, að hún ætti að breyta því orðalagi, sem er á niðurlagi 3. málsgr. 39. gr. frv., þannig að um það þyrfti ekki að deila, hvernig bæri að skilja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 269, 268).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. um vernd barna og ungmenna var vísað til

menntmn. snemma á þessu þingi. N. hefur haft frv. til ýtarlegrar athugunar, hefur rætt við n. þá, sem samdi það, og ýmsa aðra sérfróða menn, hefur leitað umsagnar hjá fjöldamörgum samtökum og stofnunum og aflað ýmissa annarra gagna.

Endurskoðun barnaverndarlaganna hefur leitt í ljós mikinn áhuga á þeim málum og vaxandi áhyggjur út af þeim. Þjóðfélag okkar, sérstaklega þéttbýlið á suðvestanverðu landinu, virðist vera að ná þeirri stærð og taka öðrum þeim stakkaskiptum, að búast megi við auknum vandamálum barna og ungmenna, sem af einhverjum ástæðum fá ekki notið eðlilegs uppeldis. Af þessum ástæðum er augljóst, að þjóðfélag okkar verður að gera mun meiri ráðstafanir á sviði barnaverndar í framtíðinni en hingað til hefur verið gert. Það þarf að fá fleira sérmenntað fólk til þeirra starfa og skapa því þá aðstöðu, að vænta megi árangurs af starfinu. Hver einstaklingur, sem hægt er að forða frá skaðlegu uppeldi eða bjarga af glapstigum, mun reynast þjóðinni ómetanlegur.

Hinn mikli áhugi, sem er á þessum málum, hefur komið fram í því, að fjöldamörg samtök hafa látið í ljós óskir við menntmn. um að fá að ræða við hana um þetta mál eða hafa sent henni brtt. við þetta frv. með ýmiss konar nýjum og gömlum hugmyndum. Niðurstaðan hefur orðið sú, að menntmn. er sammála um brtt., sem prentaðar eru á þskj. 268 og eru 29 samtals, en milli 45 og 50, ef undirliðir eru meðtaldir. Nm. áskilja sér að sjálfsögðu rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt., ef ástæða verður til.

Till. þessar eru margar, en fjöldi þeirra fjallar um formsatriði. Ég get nefnt sem dæmi, að n., sem samdi frv., fékk eftirþanka af því, að hún notaði orðið „hæli“ á allmörgum stöðum, og skrifaði menntmn. með ósk um, að því yrði breytt í orðið „heimili“. Þá hefur menntmn. á ýmsum stöðum breytt orðalagi, venjulega í þá átt að gera það skýrara og ákveðnara. Þar er um nokkra, en ekki alvarlega efnisbreytingu að ræða.

Ég mun nú fara fljótlega yfir brtt. og gera grein fyrir þeim, en ræða þær síðan frekar, ef tilefni verður gefið í umr.

Við 1. gr. frv. eru 3 brtt. 1. brtt. er breyting á orðinu „barnahæli“ í „barnaheimili“. — 2. brtt. er á þá lund að láta gæzluleikvelli bætast við þær stofnanir, sem barnavernd samkvæmt þessum lögum nær yfir. — 3. brtt. er á þá lund, að í staðinn fyrir 5. tölulið gr. komi tveir tölulíðir, og er þarna skilið á milli barna, sem þurfa aðstoðar við, vegna þess að þau eru sjúk, líkamlega eða andlega, og hins vegar barna, sem þurfa afskipta barnaverndarnefndar, af því að þau eru á einhvern hátt siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. N. þykir ekki rétt að setja þetta allt undir einn hatt, eins og sams konar vandamál væru, og hefur því lagt til, að þarna yrði skilið á milli.

Við 2. gr. eru þrjár brtt. Má segja, að þar sé um orðalagsbreytingar að ræða, sem þó ganga í þá átt að gera orðalag skýrara og ákveðnara.

Við 4. gr. er efnisleg brtt. Greinin er á þá lund, að barnaverndarnefnd skuli vera í hverjum kaupstað og hverjum hreppi landsins. Menntmn. leggur til, að hafa megi sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, þar sem þeir eru fámennir.

Brtt. við 6. gr. er framhald af þessari till. og í sambandi við hana.

Við 8. gr. gerir menntmn. brtt. Í frv. er ákveðið, að ekki megi kjósa í barnaverndarnefnd eldra fólk en 66 ára gamalt, og er þar reiknað með, að það hafi lokið störfum 70 ára. Þeir, sem frv. sömdu, töldu, að ekki ætti að vera mikið af gömlu fólki í störfum við barnavernd, heldur ungt fólk með nýjar hugmyndir, og er vissulega ástæða til þess að taka undir það. En menntmn. þykir ekki ástæða til að útiloka fólk eftir 66 ára aldur. Vel má vera, að með því sé útilokað, að margir mjög góðir starfskraftar nýtist. Verður að treysta stjórnum sveitarfélaga til að kjósa bezta fólk, sem fáanlegt er, í þessar nefndir, án tillits til aldurs.

12. gr. fjallar um skipun barnaverndarráðs og hefur menntmn. lagt þar til allmikla breytingu. Hingað til hefur barnaverndarráð verið skipað samkv. tilnefningu nokkurra samtaka: Prestafélags Íslands, Sambands ísl. barnakennara, Læknafélags Íslands o. s. frv. Nú hafa komið til greina ýmsar nýjar starfs- og fræðigreinar, sem eru á þessu sviði. Við höfum eignazt sérfræðinga í fleiri greinum, sem hafa sín samtök og gætu átt kröfu á að tilnefna menn í barnaverndarráð jafnt og þau samtök, sem fyrir eru. Niðurstaða menntmn. er sú að leggja til, að ráðherra skipi barnaverndarráð án tilnefningar nokkurra samtaka, og virðist það raunar vera eina hugsanlega lausnin á þessu máli, nema barnaverndarráð væri stækkað verulega til að ganga til móts við ýmsa, sem vilja hafa af ráðinu afskipti. Hins vegar er því haldið, sem er í frv., að formaður ráðsins skuli vera embættisgengur lögfræðingur, og virðist það eðlilegt vegna þess, að barnaverndarráð er að ýmsu leyti dómstóll og þarf að taka ákvarðanir, sem hafa mjög alvarleg áhrif á líf og örlög þeirra barna og þeirra fjölskyldna, sem í hlut eiga. Fram komu till. um að taka fram, að konur skyldu vera í barnaverndarráði og barnaverndarnefndum, og sum samtök óskuðu beinlínis eftir því, að þær skyldu vera mæður. Menntmn. hefur ekki séð ástæðu til að fallast á þessa till., vegna þess að svo verður að líta á, að við höfum náð því þroskastigi, að konur og karlar verði skipuð í þessar stofnanir jöfnum höndum. Reynsla hefur þegar sýnt í barnaverndarnefndum, sem eru hér nærri okkur, að þar er mikill meiri hluti konur. Virðist vera sjálfsagt að hagnýta þá sérstöku reynslu, sem kvenþjóðin hefur oft fram yfir karlmenn, vegna þess að hún hefur meira með börn og uppeldi að gera, en ástæðulaust að setja sérstök ákvæði um skiptingu þessara stofnana á milli kynja.

Brtt. 7, við 13. gr., er nánast leiðrétting.

Brtt. 8, við 16. gr., er ein af þeim till., þar sem orðalag er gert sterkara. Greinin fjallar um það, að barnaverndarnefnd beri að forðast að sundra systkinahópi, ef leysa þarf upp heimili. Í frv. stendur, að það eigi að forðast „eftir föngum“, en menntmn. vill taka þau orð út, og verður orðalagið þá töluvert sterkara á eftir og sýnir

þar af leiðandi áherzlu, sem lögð er á, að barna- og systkinahópi sé ekki sundrað, svo framarlega sem nokkur leið er að komast hjá því.

9. brtt. er við 18. gr., og er þar bætt inn í hjúkrunarkonum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum, þar sem rætt er um ýmsa stéttahópa, sem sérstaklega hafa með þessi mál að gera og skylt er að gera barnaverndarnefndum viðvart, ef þeir verða í starfa sínum varir við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna.

12. brtt. er við 26. gr. Þar er orðið „eiturlyfjanautn". Er lagt til, að þar sé bætt við: „ofnotkun deyfilyfja", en þar hafa verið taldir upp þeir annmarkar á uppeldi barns og ungmennis, sem gefa barnaverndarnefnd tilefni til afskipta.

28. gr. er á vissan hátt sama efnis, en þar er um tilefni þess, að barnaverndarnefnd geti haft afskipti af barni eða unglingi, bætt við: „útivist á óleyfilegum tíma", ef mikið er um slíkt.

Í 30. gr. er talað um kennslu eftir skyldunám fyrir unglinga, sem eru á vegum barnaverndarnefnda. Er þar gert ráð fyrir, að kostnaður af slíkri kennslu greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum, skv. fræðslulögum, eins og segir í frv.: „séu foreldrar eða framfærendur ekki aflögufærir". Menntmn. leggur til, að þessi síðasta setning verði felld niður og unglingurinn eigi sama rétt á, að ríki og sveitarfélag kosti fræðslu hans, hvernig sem efnahag foreldranna er hagað, og ekki sé lögð sú kvöð, að kanna skuli efnahag einstaklinga allt of nákvæmlega, enda mundi unglingurinn ekki fá annað en heilbrigðir unglingar fá skv. núgildandi fræðslulögum.

Á eftir 31. gr. í frumvarpinu kemur gr., sem heitir 31. gr. a. Og síðar í frumvarpinu kemur þetta sama fyrir á tveim stöðum, að tvær greinar hafa sömu raðtölu, en seinni greinin er merkt með a. Það munu vera til fordæmi fyrir slíkri greinatalningu, en þó við sérstakar aðstæður. Menntmn. hefur ekki séð ástæðu til að hafa þennan hátt á hér og leggur til, að greinaröðin breytist, án þess að um neinar a-greinar eða aukagreinar sé að ræða.

16. brtt. er við 35. gr. Eru þar nokkrir liðir, þar sem orðið „heimili" kemur í stað orðsins „hæli".

Í 37. gr. eru fyrstu tvær tillögur einnig um það að breyta orðinu hæli í heimili, en c-liður er efnisleg tillaga, sem rétt er að vekja nokkra athygli á. Þar er lagt til, að við 1. málsgr. bætist eftirfarandi, og er þetta skv. tillögu, sem nefndinni barst frá kennarasamtökunum: „Einnig er ríkisstj. skylt að setja á stofn og reka heimili og skólastofnanir, er annist uppeldi og fræðslu barna og ungmenna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börnin að dveljast þar, gáfnasljórra barna, andlega vanþroska barna og ungmenna, barna, sem sækja ekki skóla á viðunandi hátt, barna, sem að dómi kennara og skólastjóra spilla góðri reglu í skólunum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum, barna, sem að dómi kennara, skólastjóra og skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám. Kostnaður skiptist skv. fræðslulögum."

Sú staðreynd, að kennarasamtökin leggja mikla áherzlu á þessa tillögu, er enn ein sönnun þess, að hér á landi eru að koma fram ýmis vandamál með vaxandi íbúafjölda og þar af leiðandi vaxandi fjölda barna og unglinga í skólum. Virðist vera eðlilegt, að einhvers konar skólastofnunum sé komið upp, þar sem hægt væri að veita þeim börnum, sem þarna eru tiltekin, sérstaka kennslu við þeirra hæfi, og gera skólunum kleift að hafa samstillta bekki, án þess að þurfa að hafa slík börn innan um önnur, þegar það er talið óæskilegt. Menntmn. hugsar sér, að þessar stofnanir yrðu á allan hátt hliðstæðar við skóla og kostnaður við byggingu þeirra skiptist skv. fræðslulögum og á sama hátt. Væri þá, þegar nánari tillögur væru um það gerðar, hægt að ákveða byggingu þeirra með fjárveitingum til þeirra eins og til skólanna.

17. till. d. er nánast leiðrétting og sama má segja um e.

Þá kemur að 38. gr., en þar er rætt um meðlög með þeim börnum, sem barnaverndarnefndir þurfa af einhverjum ástæðum að koma fyrir á öðrum heimilum í fóstur. Í 38. gr., eins og hún stendur í frv., er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn og viðkomandi aðilar skuli semja um greiðslur með þessum börnum. Það er ekki ýkjalangt síðan föðurlaus börn voru nánast á uppboði fyrir lægstbjóðendur. Ég hygg, að það ástand sé svo nærri okkur, sem hér erum inni, að við mundum gjarnan vilja sameinast um að þurrka öll merki um slíka meðferð úr íslenzkri löggjöf. Þess vegna hefur menntmn. lagt til, að það skuli ekki vera samningsatriði, hvað borgað sé með þeim ógæfusömu börnum, sem barnaverndarnefndir þurfa að koma fyrir í fóstur eða á annan hátt samkv. þessum lögum. Er lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins greiði hreinlega með börnunum og upphæðirnar verði ákveðnar í lögunum, þannig að börn innan 7 ára aldurs skuli fá þrefaldan barnalífeyri, en eldri en 7 ára skuli þau fá tvöfaldan barnalífeyri.

Spyrja má, af hverju þessi börn eigi að fá meiri lífeyri en önnur börn, sem koma undir tryggingalöggjöfina. Má svara því á þann hátt, að þjóðfélagið sé þannig að reyna að bæta þeim upp þær uppeldisaðstæður, sem börnunum eru í flestum tilfellum ekki sjálfráðar, en valda því, að þau fá ekki eðlilegt uppeldi á heimili foreldra sinna, eins og allur þorri annarra barna.

Það fé, sem Tryggingastofnunin mundi þurfa að greiða á þann hátt, skal endurgreiðast af framfærslusveit barns, og er því grundvallaratriði breytt, að framfærslusveitin beri þennan kostnað. Samningamakk um þessa hluti viljum við þurrka út með öllu.

39. gr. frv. er um vinnuvernd barna og unglinga, ein vandasamasta og erfiðasta greinin í þessum bálki. Æskilegt væri, að um þetta efni væri sett sérstök löggjöf, en á meðan það er ekki gert, hefur menntmn. talið óhjákvæmilegt að breyta nokkuð ákvæðum greinarinnar og herða á þeim. Þó hygg ég, að segja megi, að nefndin gangi engan veginn eins langt og hún hefði sjálf óskað, vegna þess að vinna barna er vandamál, sem verður ekki leyst á einni nóttu. Þarf að koma til töluverð breyting á hugsunarhætti, og þess vegna verðum við að sætta okkur við að

stíga skref fyrir skref í þessum málum. Þess vegna hefur menntmn. aðeins gert mjög hóflegar breytingar. Í gildandi lögum stendur, að börn innan 15 ára megi ekki vinna í verksmiðjum. Þetta hlýtur að þýða, að þau megi ekki vinna í frystihúsum, en þetta ákvæði hefur verið og er þverbrotið um land allt. Menntmn. hefur þó ekki viljað skilgreina þetta nánar, en hún bætir þarna á eftir við tveimur atriðum, að það megi ekki ráða börn innan 15 ára til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Ætti ekki að þurfa að rökstyðja þetta nánar. Það er ekki ýkjalangt síðan íslenzk blöð færðu þjóðinni þær fréttir, að börn um og innan við fermingaraldur hafi látið lífið í skipum við uppskipunarvinnu við Reykjavíkurhöfn.

Þá eru sett inn nokkur ákvæði um hámarksvinnutíma barna. Er miðað við, hvað viðkemur börnum undir 14 ára aldri, að hámarksvinnutími þeirra skuli vera hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. a. s. fyrir 14 ára barn 7 stundir á dag, fyrir 13 ára 6½ stund á dag, fyrir 12 ára barn 6 stundir á dag o. s. frv.

Þar sem unnin eru átta stunda vinnutímabil, skulu jafnan koma tveir vinnuhópar barna á móti einum vinnuhóp fullorðinna, þannig að 4—5 stundir vinni hvor barnahópurinn.

Þá er ákvæði um, að alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skuli vera 8 stundir, án undantekningar.

Loks er bætt hér inn þessu ákvæði: „Stefna skal að því, að börn skuli ekki vinna frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.“ Þarna er vægt á hlutunum tekið, af því að vissulega væri ástæða til þess að útiloka, að börn vinni a. m. k. nema alveg sérstaklega létt störf og helzt engin, á meðan þau stunda skóla. Mun það vera skoðun lækna, að skólanámið sé að jafnaði ærið nóg álag á börnin, en þó gengur n. ekki lengra en að leggja til þetta orðalag: „stefna skal að því“ — og ber að skilja það í samhengi við síðara ákvæði í greininni um, að gefa skuli út reglugerðir um efni þessarar greinar. Gæti þá viðkomandi rn. reynt að þoka málum nokkuð í rétta átt með reglugerðum um þetta atriði sérstaklega.

Það er viðurkennt, að barnavinna hér á Íslandi tíðkast með þeim hætti, að öðrum þjóðum, sem eru komnar á hátt félagslegt þroskastig, eins og við þykjumst vera líka, blöskrar að sjá, hvernig það ástand er. Hins vegar eru bæði sögulegar og atvinnulegar ástæður fyrir því, að ástandið er svona. Þess vegna verður að gera tilraun til úrbóta skref fyrir skref, og er án efa tilgangslaust að reyna að taka of stór stökk í löggjöf.

Í 40. gr. er lagt fyrir barnaverndarnefndir að vinna gegn áfengisneyzlu barna og unglinga, og er lagt til, að þessu verði breytt í „áfengis- og tóbaksneyzlu“.

Í 42. gr. eru ákvæði um útivist barna og lagt til, að ráðh. gefi út um það reglugerðir. Í c-lið till. er sagt, að samræmi skuli vera í reglugerðum um land allt. Till. um þetta barst frá því fólki, sem starfar við barnavernd hér í Reykjavík og þekkir þessi mál bezt. Nú þegar eru risin upp vandamál þess eðlis, að skemmtistaðir, sjoppur, rísa upp í hreppum, þar sem engar reglur eru um útivist barna og hefur e. t. v. ekki þótt ástæða til að gefa út slíkar reglur. Nú er mikið um bíla og börn, og unglingar nota þá á þeim aldri, sem þessi lög ná til. Hafa þau gert töluvert að því að aka út fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og skemmta sér í nágrannahreppum. Ekki veit ég, hvort brögð eru að þessu annars staðar á landinu, en hættan er augljós, og af þessari ástæðu er óhjákvæmilegt að hafa samræmi í þeim reglum, sem gilda í hinum ýmsu sveitarfélögum um útivist barna.

22. till. er við 45. gr., og þarfnast fyrri liðurinn ekki skýringar, en orðið „mikil“ fellur niður á tveimur stöðum í 45. og 46. gr. Þar er talað um refsingar, sem beita má aðila, sem misbjóða barni eða ungling, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé „mikil hætta búin“, stendur í frv., en n. leggur til, að orðið „mikil“ falli burt, þannig að orðalagið verði, að „líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska sé hætta búin“, og er þarna hert á orðalagi.

25. brtt. er við 49. gr., og er þar lagt til, að barnaverndarráð skuli leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til. Má líta á þetta ákvæði í samhengi við það, að hin ýmsu samtök: læknar, prestar og aðrir, eiga nú ekki lengur að tilnefna menn í barnaverndarráð. Þeir sérfræðingar, sem voru fyrir í ráðinu, verða nú e. t. v. ekki þar, þó að vel geti farið svo, að þar séu bæði læknar og sálfræðingar og aðrir sérmenntaðir menn.

56. gr. fjallar um skoðun kvikmynda. Menntmn. ræddi þetta mál ýtarlega við núv. skoðunarmenn kvikmynda og hlýddi á till. þeirra og hefur gert nokkrar brtt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að skipa skuli 3—5 sérstaklega hæfa menn til kvikmyndaeftirlits, en menntmn. leggur til, að engin ákveðin tala verði tilgreind.

Þá er ákvæði um það, að barn eða unglingur, sem er á þeim aldri, að hann má ekki horfa á kvikmynd skv. úrskurði kvikmyndaeftirlits, skuli ekki mega horfa á myndina, þó að hann komi til kvikmyndahússins í fylgd með foreldrum eða öðrum fullorðnum. Mun hafa viðgengizt í stórum stíl, að börnum sé hleypt inn í kvikmyndahús til að horfa á myndir, sem þau mega ekki sjá aldurs vegna, ef aðeins einhver fullorðinn heldur í höndina á þeim. Nú mun kvikmyndaeftirlitið byggjast á þeim forsendum að reyna að forða börnum frá því að horfa á myndir, sem þau verða hrædd við, þó að fullorðinn sitji við hliðina á barninu, og er því sjálfsagt að herða á þessu ákvæði.

Skoðunarmenn kvikmynda kvarta mjög undan þeirri starfsaðstöðu, sem þeir hafa haft. Hingað til munu kvikmyndahúsin, sem flytja inn kvikmyndir, kalla á skoðunarmenn og segja þeim að mæta, þegar kvikmyndahúsinu þóknast, til þess að skoða nýja kvikmynd, og er það ekki góð aðstaða, að skoðunarmenn skuli þurfa að hlýða þannig, hvernig sem á stendur. Æskilegast væri, að kvikmyndaskoðunin hefði sína eigin aðstöðu, en gera má ráð fyrir, að það sé ofrausn að ætla, að við gætum komið slíkri aðstöðu upp strax. Hins vegar er hugsanlegt, að kvikmyndaeftirlitið gæti leigt sér aðstöðu í kvikmyndahúsunum og skoðað myndir skipulega á ákveðnum

tíma, eins og eðlilegast virðist vera, og er því lagt til, að í lögunum standi, að tryggja skuli skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfa.

Þá er heimild fyrir ráðh. til að ákveða, að skoðun kvikmynda geti farið fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er til fyrir slíka skoðun. Kvikmyndir munu nú vera fluttar inn í Reykjavík og Hafnarfirði aðallega, einstaka mynd í Kópavogi og á Akureyri. Hugsanlegt er, að fleiri **kvikmyndahús utan Reykjavíkur** fái myndir beint frá útlöndum, og er því sjálfsagt að hafa ákvæði um, að hægt sé að láta skoða myndir annars staðar en í Reykjavík.

Loks er síðasta ákvæðið í þessari brtt. um sjónvarp. Innan skamms hefst íslenzkt sjónvarp, og verður þá sjónvarpað miklum fjölda af kvikmyndum. Virðist vera sjálfsagt, að um þær kvikmyndir, sem berast inn á heimili manna, gildi sömu reglur og um aðrar kvikmyndir, en hér er lagt til, að ríkisútvarpinu skuli falið að annast skoðun þeirra kvikmynda, sem það sjónvarpar, m. ö. o. að það beri ábyrgð á því efni, sem er sjónvarpað, eftir anda og ákvæðum þessara laga.

29. og síðasta brtt. er við 58. gr., þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar fræðslustarfi fyrir **þá, sem eru í barnaverndarnefndum** eða hafa með barnaverndarstörf að gera, og hefur menntmn. heldur aukið og fært út þá grein með till. a og b við 58. gr.

Ég hef þá farið í stórum dráttum yfir þessar brtt. Ég vil ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að fram hefur komið mikill áhugi á þessu máli. Þetta er mjög mikilsvert svið uppeldis, þar sem við megum eiga von á hraðvaxandi vandamálum á næstunni, vandamálum, sem sigla í kjölfar **íbúafjölgunar og meira bæjar- og borgarlífs.**

Menntmn. mælir með **því**, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef nú gert grein fyrir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar aths. við frv. og benti á nokkur atriði, sem ég taldi nauðsynlegt að athuga betur í n. M. a. gerði ég vinnuvernd barna að umræðunefni og lýsti þeirri skoðun minni, að nauðsyn bæri til að setja strangari reglur um vinnu barna og unglinga en almennt tíðkast hér á landi. Ég sé, að hv. menntmn. hefur tekið undir aths. mínar um þetta atriði, og sýnist mér sem brtt. n. við 39. gr. séu til verulegra bóta. Ég geri mér vonir um það, að slík hófleg, en þó herðandi ákvæði verði til þess að breyta því almenningsáliti, sem hér virðist ríkja gagnvart barnavinnu. En sannleikurinn er sá, að hér á landi tíðkast sá ósiður, sem er löngu lögbannaður í öðrum menningarlöndum, að þræla börnum út í óhollri og erfiðri verksmiðjuvinnu. Þessi ósiður Íslendinga er þeim mun verri, að engin efnaleg nauðsyn rekur á eftir, og uppeldislega séð er barnavinna af þessu tagi stórhættuleg og auk þess heilsuspillandi. Venjur okkar í þessum efnum ráðast af peningalegum sjónarmiðum og eru því síður en svo af góðu sprottnar. Ég er ekki á móti því, að börn sinni hollri vinnu og létti undir með foreldrum sínum eða nánum vandamönnum, slíkt er uppeldisleg nauðsyn. En erfiðisvinna barna á opinberum vinnumarkaði og í luktum verksmiðjum er hið mesta vandamál og ber að takmarka sem framast má verða og helzt banna.

Þegar frv. var til 1. umr., benti ég einnig á, **að þar væru engin ákvæði** um skoðun og eftirlit með sjónvarpskvikmyndum. Ég benti á þetta af tvennum sökum. Í fyrsta lagi með tilliti til þess, að fyrirhugað er að hefja íslenzka sjónvarpsstarfsemi á næstu árum, og í öðru lagi og ekki síst vegna þess, að ríkisstj. hefur leyft erlendum aðilum sjónvarpsstarfsemi á íslenzku landi. Ég gerði þá fsp. til hæstv. menntmrh., hvort íslenzka kvikmyndaeftirlitið næði til sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli, en af svari hæstv. ráðh. mátti ráða, að svo væri ekki, enda er það ekki. Íslenzkt kvikmyndaeftirlit nær ekki til ameríska sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli. Samt er það staðreynd, að ameríska sjónvarpið er einn öflugasti kvikmyndasýnandi á Íslandi. Það sýnir sennilega fleiri kvikmyndir en nokkurt kvikmyndahús í landinu og á beinan aðgang að 5—10 þús. heimilum í landinu.

Ég benti á þetta atriði við 1. umr. málsins og gerði mér vonir um, að hv. menntmn. athugaði málið og gerði ákveðnar till. til úrbóta í samráði við hæstv. ríkisstj., en sú von mín hefur algerlega brugðizt. Stækkun sjónvarpsstöðvar Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli var ærið hæpin ráðstöfun, að ekki sé meira sagt. En hitt er fullkomið hneyksli, að undanskilja hana íslenzkum lágmarksreglum um kvikmyndasýningar. Ég verð að segja það, að svo lítið traust **sem ég ber til núv. ríkisstj.**, gat ég gert mér vonir um, að hv. menntmn. og ekki síst formaður hennar tæki myndarlega á þessu atriði og beitti áhrifum sínum til þess að finna viðunanlega lausn á þessu vandræðamáli. Ég vænti þess raunar enn þrátt fyrir þær brtt., sem frá n. hafa komið, að hv. menntmn. taki þetta mál til athugunar að nýju með það fyrir augum að leysa málið með sæmilegum hætti. En auðvitað er sá einn háttur sæmilegur, að íslenzkt kvikmyndaeftirlit nái til sjónvarpskvikmynda, sem sjónvarpað er frá Keflavíkurflugvelli. Keflavíkurflugvöllur er þó enn íslenzkt land, þó að stundum líti út fyrir, að íslenzkir ráðamenn hafi gleymt, að svo sé. Auk þess geri ég ráð fyrir, a. m. k. að óreyndu, að yfirstjórn varnarliðsins tæki vel óskum af okkar hálfu um það, að sjónvarpskvikmyndir á vegum hersins lúti íslenzku kvikmyndaeftirliti. En ég býst við, að íslenzka ríkisstj. verði að ríða á vaðið og hefja umr. um það mál. Ég leyfi mér að skora á hæstv. menntmrh. að hafa frumkvæði í málinu og skýt því einnig til hv. form. menntmn. að beita áhrifum sínum að þessu leyti, því að núverandi ástand þessa máls tel ég ósæmilegt.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allt það, sem viðkemur dvöl varnarliðsins í landinu og aðstöðu þess hér, er, eftir því sem ég bezt veit, í varnarsamningnum, og þar hafa verið dregin saman öll þau atriði varðandi samskipti varnarliðsins við íslenzka aðila, sem mönnum kom til hugar þá að kæmu til athugunar. Þess vegna höfum við ekki farið inn á það að setja inn í íslenzka löggjöf, sem við erum hér að

móta og breyta vetur eftir vetur, einstök ákvæði, sem snúa að varnarliðinu, og ég hef litið þannig á, að það, sem aðeins að því snýr, eigi þá að vera fyrst og fremst í sambandi við samninginn og þau einu lög, sem ráða skiptum íslenzku þjóðarinnar við varnarliðið og dvöl þess. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri óviturlegt að fara að dreifa inn í íslenzka löggjöf hér og þar ákvæðum, sem snerta þetta tímabundna ástand, sem er í varnarmálunum, og þær breytingar, sem menn sjá ástæðu til að gera á þeim samskiptum, þurfi að vera á hreinum grundvelli milli íslenzkra yfirvalda, utanrrn., varnarmáladeildar og í gegnum það gagnvart varnarliðinu. Og ef við ætluðum að fara að setja inn í hina almennu íslenzku löggjöf ákvæði um þetta sérstaka fyrirbrigði, held ég, að það mundi ekki reynast okkur vel.

Ég hef af þessum formsástæðum ekki séð ástæðu til að taka undir það í sambandi við þetta mál að fara að blanda varnarliðinu og öllu því vandamáli inn í það. Ég má segja, að það hafi komið fram skilningur í menntmn. á því viðhorfi, þó að ég viti vel, að menntamálanefndarmenn hafa ólíkar skoðanir á hinu erlenda sjónvarpi og öllu, sem því viðkemur. Afstaða menntmn. byggist sem sagt á því, að þetta sé annað mál. Þess vegna var að minni till. aðeins sett inn í brtt. n. ákvæði um það íslenzka sjónvarp, sem væntanlega hefst innan skamms, og ég hefði talið eðlilegast, að varnarmálunum væri haldið á sínum bás, en reynt að blanda þeim ekki inn í aðra löggjöf, enda gæti það orðið allt að því endalaust.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mér þykir miður, að hv. frsm. treystir sér ekki til þess að taka undir þá uppástungu, sem ég hef hér flutt um það að athuga þetta mál nánar. Ég er honum alveg sammála um, að það verður að halda varnarmálunum utan við þetta mál, en sjónvarpsmálið á Keflavíkurflugvelli er tæplega varnarmál. Það er orðið að innanríkismáli, þegar farið er að sjónvarpa hér á íslenzkri grund. Þetta er orðinn liður í íslenzkri menningu, þessi starfsemi barna á Keflavíkurflugvelli. Þá er þetta okkur hreint ekki óviðkomandi og óhætt að segja, að það sé full ástæða til þess að fylgjast vel með því, hver framvindan verður í því máli.

Það urðu ekki öll atvik séð fyrir 14—15 árum, þegar varnarsamningurinn var gerður. Og ég efast ekki um það, að viðsemjendur okkar, Bandaríkjamenn, væru tilbúnir til þess, hvenær sem væri, að ræða einstök minni háttar atriði, sem reynslan hefur kennt okkur að þarf að endurskoða. Og það þyrfti þó ekki að fara út í það að umbylta öllum varnarsamningnum sem slíkum. Þetta er aðeins eitt smávægilegt atriði, sem áreiðanlega væri hægt að ná samningum um, ef vilji ríkisstj. væri fyrir hendi um að ná slíku samkomulagi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði hérna, sem ég vildi víkja að. Við 1. umr. um þetta mál urðu nokkrar umr. um 39. gr. a, eins og henni er stillt upp hér, en þar er ákvæði um heimild til ráðh. að mæla svo fyrir, að hverju barni eða ungmenni á aldursskeiði 12—18 ára sé skylt að bera vegabréf. En það hafði komið til álita á s. l. þingi í sambandi við áfengismálin, að sett yrðu sérákvæði um vegabréfaskyldu unglinga, sérstaklega í sambandi við eftirlit með þeim á skemmtistöðum. Nú hefur nánari athugun þessa máls orðið sú, að ríkisstj. mun leggja fyrir þingið almenna löggjöf um vegabréfaskyldu, og formaður og frsm. menntmn. hefur einmitt spurzt fyrir um þetta og er kunnugt um það. En það kynni að þurfa að fylgjast með því, ef slíkt frv. næði fram að ganga á þinginu, og þá, áður en þetta mál yrði endanlega afgreitt, ástæða til að fella niður þessa 39. gr. a, sem líka er þannig stillt upp af þeim, sem sömdu frv., að hún mundi ekki eiga að vera í þessu frv., ef almennari löggjöf kæmi um þetta. Þetta mál vildi ég að n. hefði til athugunar, enda mun það fljótlega koma fram, þetta almenna frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að hv. menntmn. hafi unnið hér mikið og gott verk í sambandi við athugun á þessu frv. og frá henni komi hér ýmsar till., sem séu mjög athyglisverðar. Það er ein till. hennar, sem ég vildi gera örlítið að umtalsefni, ein af þeim, sem ég hygg að muni valda hér hvað mestu umtali, þegar menn hafa farið að átta sig á því, hvað í till felst. en það er sú till., sem fjallar um vinnu barna og ungmenna.

Það er ekkert um það að efast, að nú á síðustu árum hefur barnavinna færzt stórlega í aukana um allt land og svo mjög, að langt hefur farið fram úr öllu hófi, a. m. k. í mjög mörgum tilfellum. En það er nú svo, að þegar svo hefur til tekizt og það á nokkru tímabili, getur orðið ærinn vandi á höndum að ætla að kippa þessu í lag snögglega. Og mér er nær að halda, að það muni verða fullerfitt að standa að því að framkvæma þær till., sem hv. menntmn. gerir hér um þessi efni, nema þá að það verði betur búið um hnútana en gert hefur verið hvað það varðar að sjá um framkvæmd slíkra ákvæða. Mér skilst, að áfram eigi það svo að vera, að það eigi að vera verkefni barnaverndarnefndanna á hinum ýmsu stöðum að hafa eftirlit með þessum ákvæðum. En það er nú svo, að barnaverndarnefndir hafa ekki verið mjög starfsamar til þessa, og flestar sveitarstjórnir hafa litið svo á, að aðalverkefni barnaverndarnefnda ætti að vera að fást við sérstök vandræðaverkefni, sem oft eru kölluð, sem upp koma við alveg sérstakar aðstæður á einstaka heimilum. En ef verkefni barnaverndarnefnda á að verða m. a. það að fylgjast með því, hvernig vinnutíma barna er háttað, og annað þess háttar, er ég hræddur um, að það þurfi að gera betur við barnaverndarnefndir og starfsaðstöðu þeirra alla en nú er, ef þetta á ekki að verða dauður bókstafur. Og ég held, að menn verði líka að gera sér fulla grein fyrir því, að það er ekki hægt að vænta þess, að góður árangur verði af því að setja slíkar hömlur á vinnu barna og unglinga sem þarna er gert og ég út af fyrir sig er sammála, nema vissar aðrar ráðstafanir fylgi þar líka með.

Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé ekki hægt

að setja reglur um það, að unglingar, 14 og 15 ára gamlir, skuli ekki mega vinna, eins og nú er almennt unnið á Íslandi, í meira en 8 stundir, það sé fortakslaust bannað, nema þá það séu gerðar ráðstafanir til þess að bæta nokkuð félagslega aðstöðu þessara ungmenna á þeim öðrum tíma sólarhringsins, sem þeir hljóta að vera í fullu fjöri og vilja vera að einhvers konar störfum. Það þarf að skapa aukna og bætta aðstöðu og það í stórum stíl, t. d. til íþróttaiðkunar og annars þess háttar, og það verður að breyta okkar skipulagsformum í þessum efnum frá því, sem verið hefur um skeið. Við vitum, að þessu hefur verið þannig fyrir komið, að þegar skólar yfirleitt slíta störfum á vorin, fara kennarar í frí í maímánuði og nemendurnir líka, og nemendunum er þá sleppt í næstu 4—5 mánuði og kennararnir eru þá að litlum störfum í sambandi við eftirlit með börnum. En ég held, að það verði að skipta þannig um, ef á að reyna að koma í veg fyrir þessa miklu vinnu, sem nú á sér stað hjá unglingum á þessum aldri, að ríkið og sveitarfélögin verði að taka verulegan þátt í kostnaði af því að sinna verkefnum þessara ungmenna, sem þá er bannað að taka þátt í störfum á vinnumarkaðinum. Það er verið að leggja fram talsvert mikið fé, bæði af ríki og sveitarfélögum, til þess að búa í haginn í þessum efnum, og það þyrfti einnig að gera ráðstafanir til þess, að t. d. kennararnir í landinu fylgi ungmennunum eftir og hjálpi til við félagsstörf þeirra á þessum langa tíma. Ég hef sem sagt ekki mikla trú á því að setja ákvæði sem þessi varðandi vinnu barna og ungmenna, án þess að slíkar ráðstafanir sem þessar fylgi með. Annars held ég í stuttu máli, að við fáum ekkert annað en heilan flokk af félögum og kraftmiklum ungum börnum og unglingum, sem dragist þá út í ýmiss konar starfsemi, sem ekki verður almennt talin æskileg.

Það var þetta, sem ég vildi aðallega segja um þessa reglu, sem ég tel að sé nauðsynlegt að setja, eins og nú er komið. Það má lengi deila um það, hversu reglurnar eiga að vera strangar, þegar fyrst er tekið á þessu vandamáli. Út af fyrir sig er ég þessum till. samþykkur, en ég held, að þetta tvennt verði að fylgja með, það þurfi að bæta verulega frá því, sem verið hefur, starfsaðstöðu og starfsmöguleika barnaverndarnefnda, sem eiga að líta eftir þessum störfum og öðrum, og það þurfi einnig að búa betur í haginn í ýmsum félagslegum efnum fyrir þessi ungmenni frá því, sem nú er. Ég hefði að vísu einnig viljað fá ákvæði inn í þessa till. frá menntmn. um vinnutíma barna og unglinga, sem hefði lagt blátt bann við allri eftir- og næturvinnu unglinganna, því að mér er það ekki nóg, að það sé ákveðið, að börn á þessum aldri megi ekki vinna lengur en 6—7 tíma eða 8 tíma mest. Ég álít, að það eigi ekki að sjást lengur, að börn á þessum aldri séu á vinnustöðum í næturvinnu, eins og nú þekkist mjög víða. Slík ákvæði hefðu átt að koma þarna inn líka.

Þá tel ég, að betur hefði farið á því hjá hv. menntmn. að herða nokkuð orðalagið frá því, sem hún hefur það varðandi ákvæðin um vinnu barna, á meðan þau eru í skóla. En í þeim efnum hefur menntmn. kosið að hafa það orðalag á að segja, að stefna skuli að því, að börn stundi ekki vinnu þann tíma, sem þau eiga að vera í skóla. Þetta þykir mér mjög lint til orða tekið. Þarna held ég, að hefði ekki síður verið ástæða til þess að segja, að það sé hreinlega bannað að láta börn stunda vinnu, á meðan þau eru í skóla, því að eins og hér var sagt af frsm. n., verður að telja, að barn, sem stundar sitt nám með eðlilegum hætti í skólum landsins nú, hafi fullan vinnudag, og er engin ástæða til þess, að slíkt barn sæki vinnumarkað á sama tíma. Ég held því, að það hefði átt að herða á þessu orðalagi talsvert mikið frá því, sem það er í till. n.

Svo eru það aðeins örfá orð út af því, sem hér hefur fram komið varðandi eftirlit með kvikmyndum og eftirlit með sjónvarpi.

Ég geri ráð fyrir því, að það séu allir fyllilega sammála um, að það verði meira að segja að herða nokkuð á kvikmyndaeftirlitinu frá því, sem verið hefur, og það beri að sjálfsögðu að taka upp eftirlit með sjónvarpsútsendingum íslenzka sjónvarpsins. En ég held líka, að það sé alveg útilokað að grafa hausinn þannig í sandinn í sambandi við það vandamál, sem við stöndum frammi fyrir nú, að það er vitanlega nákvæmlega sams konar hætta í sambandi við uppeldi barna í landinu nú, sem fylgir sjónvarpsútsendingum frá Keflavíkurflugvelli eins og sjónvarpsútsendingum frá íslenzku sjónvarpi. Og það mun enginn taka það mjög alvarlega í framkvæmd að ætla að beita skörpu eftirliti á útsendingum íslenzks sjónvarps, ef ósæmilegar útsendingar frá sjónvarpsstöðinni í Keflavík verða látnar óátaldar. Ég álít því, að það þýði ekki að víkja sér undan þessum vanda og það sé alveg óhjákvæmilegt, þegar einmitt þessi mál eru hér rædd, að grípa þá á þessu vandamáli og rétt íslenzk stjórnarvöld skerist þarna í leikinn og láti stöðva þær útsendingar frá sjónvarpinu í Keflavík, sem geta ekki að eðlilegum hætti smogið gegnum eftirlit með sjónvarpsútsendingum. Mér er það auðvitað ljóst, að ef ætti að fara að beita slíkum ákvæðum við sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli, mundi það þýða í raun og veru fyrir þá, sem þetta sjónvarp á nú aðallega að þjóna, sama og að loka því, því að þeim þætti heldur lítið púður í útsendingum sjónvarpsins, ef það ætti að vera háð eftirliti einhvers barnaverndarráðs. En þá eru menn aftur komnir að því, að það er vitanlega óhjákvæmilegt að sjá um það, að þetta sjónvarp hafi ekki aðstöðu til þess að ryðjast inn á hvert heimili í landinu svo að segja. Það verður að leggja hömlur á það með einhverjum hætti, að þessar útsendingar geti átt sér stað. Það verður að gera þetta sjónvarp, ef menn vilja endilega hafa það, að sjónvarpi eingöngu fyrir þá aðila, sem það átti að vera fyrir.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar hér að þessu sinni. Mér sýnist hins vegar, að mjög margt af því, sem kemur hér fram frá hálfu menntmn., sé mjög til bóta á frv. og að hún hafi þar hreyft við tímabærum verkefnum, og ég lýsi yfir fylgi mínu við þessar till. í öllum aðalatriðum.

ATKVGR.
Brtt. 268,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 268,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 268,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 268,6 (ný 12. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 268,8 samþ. með 29 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 268,9 samþ. með 27 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,12 samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 268,13 samþ. með 26 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,14 samþ. með 27 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 268,15 (31. gr. a verði 32. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
32.—34. gr. a (verða 33.—36. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,16 samþ. með 30 shlj. atkv.
35. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
36. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 268,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
37. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,18 (ný 38. gr., verður 40. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 268,19 (ný 39. gr., verður 41. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
39. gr. a (verður 42. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 268,20 samþ. með 29 shlj. atkv.
40. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
41. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 268,21 samþ. með 26 shlj. atkv.
42. gr. (verður 45. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
43.—44. gr. (verða 46.—47. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,22 samþ. með 27 shlj. atkv.
45 gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,23 samþ. með 25 shlj. atkv.
46. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
47. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,24 samþ. með 27 shlj. atkv.
48. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 268,25 samþ. með 27 shlj. atkv.
49. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
50.—52. gr. (verða 53.—55. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,26 samþ. með 27 shlj. atkv.
53. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 268,27 samþ. með 26 shlj. atkv.
54. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
55. gr. (verður 58. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 268,28 (ný 56. gr., verður 59. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
57. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 268,29 samþ. með 26 shlj. atkv.
58. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
59. gr. (verður 62. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 49., 50., 51. og 52. fundi í Nd., 2., 4., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 284).

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kvaddi hv. 5. þm. Norðurl. e. sér hljóðs og fann að því við hv. menntmn., að hún flytti ekki brtt. við frv. þess efnis, að eftirlit verði með kvikmyndasýningum frá Keflavíkursjónvarpinu. Ég er hv. þm. sammála um, að það er að sjálfsögðu eins mikil þörf á því að hafa eftirlit með kvikmyndum frá sjónvarpi og kvikmyndahúsum og reyndar meiri þörf, þar sem á sjónvarp horfa börn daglega, miklu oftar en þau fara í kvikmyndahús, og enn er þörfin meiri fyrir það, að Keflavíkursjónvarp sýnir myndir, sem eru bannaðar börnum.

Á síðasta fundi nefndarinnar, þar sem gengið var endanlega frá till. um 59. gr. frv., var ég ekki viðstaddur, þar sem ég var utanbæjar, en þar var samþykkt till. um sjónvarp frá ríkisútvarpi Íslands. Ég er að vísu ekkert andvígur þeirri till. út af fyrir sig, þó að ég hafi enga afstöðu tekið til hennar. Till. er meinlaus og gagnslaus, meðan ekkert sjónvarp er til íslenzkt, og nægur tími að ákveða um eftirlit með kvikmyndasýningum þaðan, þegar að því kemur að stofna það. En ég hef ekki heldur flutt neina brtt. í þá átt, sem hv. þm. nefndi um eftirlit með kvikmyndum frá Keflavíkursjónvarpinu, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að Keflavíkursjónvarp er undir sama eftirliti og kvikmyndahúsin í Reykjavík

og annars staðar á landinu. 59. gr. þessa frv. byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum“ o. s. frv. Á þessu er engin undantekning nema sú ein, sem snertir sjónvarp hjá ríkisútvarpinu. Þetta eftirlit á því að framkvæma samkv. þessari gr. frv., og þarf því ekki á neinni brtt. að halda.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég lagði í að lesa þetta frv., þó að langt væri, annars reikna ég yfirleitt með því, um stjfrv., að þau séu viturlega samin og vel orðuð.

Það, sem ég rak fyrst augun í, var, að það var mikið um endurtekningar í þessu frv. Ég hygg, að það væri óhætt að hafa það þrisvar sinnum styttra en það er, og það yrði þá held ég minna af vitleysum og endurtekningum í því heldur en er.

Það má líkja þessu þjóðfélagi okkar við eitt heimili, og æðsti húsbóndi þar er vitanlega forsrh. Vitanlega er ekki hægt fyrir húsbændurna að vinna öll verkin, en þeir þurfa að hafa yfirsýn yfir þau og bera siðferðilega séð óbeint ábyrgð á þeim. Þótt þeir geti ekki unnið öll verkin, verða þeir að kippa í spottann, ef á þarf að halda, og segja þeim, sem fyrir þá vinna, að vinna betur, og ég álít, að það þurfi í þessu tilfelli. Við vitum það allir um hæstv. forsrh., að hann skrifar allra manna bezt mál, er yfirleitt ekki með óþarfa orðalengingar, hvorki í ræðu né riti, og ég er því sannfærður um, að hæstv. forsrh. hefði getað komið þessu efni í svona tvisvar — þrisvar minna mál og haft það miklu viturlegra en er. Mín skoðun er því, að hann eigi að segja viðkomandi aðilum að vinna betur.

Ég ætla ekki að fara að rekja allt efni þessa frv., það er ekki tími til þess, en höfuðsyndirnar eru hjá ungmennum og börnum, þau mega ekki drekka, ekki nota eiturlyf, ekki nota deyfilyf, ekki vera lauslát, ekki elska hvert annað, eins og maður gæti orðað það, eða annað siðleysi, sem kallað er, og svo fremja refsivert athæfi, sem er vafalaust þjófnaður og eitthvað slíkt. Þetta er nú það, sem á að banna blessuðum börnunum hvað syndir snertir, og það er búið að lengja þetta upp í 18 ára aldur. Það eru kölluð ungmenni, sem þarf að líta eftir. Og í 31. gr. segir: „Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.“ Ég held það þurfi að ræða við gróflega marga, ef það má ekkert gera af þessu, sem talið er upp, til 18 ára aldurs. Svo má nú enginn taka ungmenni í fóstur, nema fá samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans, það er sama hvað góður maður það er. Svo eru alls konar nefndir og ráð, sem eiga að koma. Þær kosta nú allar peninga.

En þetta er nú allt saman tiltölulega meinlaust, þar til kemur aftur í 41. greinina. Þá fer nú að verða erfiðara að hlýða lögunum, þó að það væri gerlegt með þau atriði, sem ég minntist á áðan. Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til að vinna í verksmiðjum og við uppskipanir. Út á þetta hef ég í raun og veru ekkert að segja. En það, sem mér virðist með þessa menn, sem hafa samið þetta frv., er, að þeir taki ekki nægjanlegt tillit til aðstæðna okkar hér á landi. Við erum eiginlega ekki iðnaðarþjóð, og iðnaður sá, sem við höfum, er mest viðvíkjandi hráefnisvinnslu. Við höfum ekki stáliðnað, og börnin vinna yfirleitt ekki og unglingar mikið í verksmiðjum.

Það var sannarlega þörf á ströngum lögum viðvíkjandi því í Bretlandi á sínum tíma, þegar börnin voru látin vinna í miklu lengri tíma en nokkurt vit var í inni í verksmiðjum í óhollu lofti og á allan hátt við slæman aðbúnað, af því að þau fengust fyrir lægra gjald en fullorðna fólkið. En þessu er bara ekki þannig varið hér á landi, og það verður alltaf að taka tillit til aðstæðnanna.

Og hér kemur um vinnuverndun blessaðra barnanna, og það hljóðar þannig: „Alger hámarksvinnutími barna undir 14 árum er hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. 8 stunda vinnutímabil skulu jafnan annast 2 vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna 2 vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor.“ Og svo kemur hér: „Alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 8 stundir án undantekninga.“ Það er nefnilega, að þó að líf liggi við, má blessað barnið ekkert hjálpa foreldrum sínum eða neinum, ef það er orðin meira en 8 stunda vinna, hvað mikið sem liggur á, samkv. þessum lögum.

„Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.“ Svo mörg eru þau orð. Það á að vera ákaflega óhollt fyrir barnið að snerta á einhverju nytsömu verki, ef á liggur, allan þennan langa skólatíma. Nú er það þannig með barnaskóla, ætli þetta taki ekki 6 ár hér eða eitthvað slíkt, og börnin eru látin sitja 7 mánuði við. Einu sinni fékk ég dreng héðan úr Reykjavík, — og við höfum ekki nema 2—3 mánaða skólatíma í sveitinni, — hann sagði mér, að hann hefði lært eins mikið á þessum 2—3 mánuðum uppi í sveit og á 2—3 árum hér í Reykjavík. Og þegar námið er ekki erfiðara eða meira en þetta, þá skil ég ekki, að það sé ákaflega hættulegt, að þau geri eitthvað. Hitt gæti ég vel fallizt á, að það mætti ekki ráða börnin í fasta vinnu. Það er allt annað. En þótt þau gripu í verk, ef á lægi, þessir unglingar, þá ætti það ekki að spilla fyrir heilsu þeirra eða siðferði. En það er sem sagt algerlega bannaður meira en 8 stunda vinnutími upp að 16 ára aldri, hvað mikið sem liggur við.

Nú vitum við, að það, sem unglingar vinna aðallega við hér, það er t. d. síldarsöltun og annað, sem börnin hjálpa mæðrum sínum við að sumrinu, og það er heyvinna. Í öðrum stað er tekið fram í þessari sömu grein: „Þá skal einnig setja ákvæði, er sporni við,“ — sporna við er leiðinlegt mál og ætti að segja frekar hindra eða takmarka, það væri þó skárra, — „er sporni við yfirvinnu, næturvinnu, helgidagavinnu barna og ungmenna.“ Þar kemur það aft-

ur. Yfirvinna á vafalaust að vera eftir kl. 5 skv. þeim reglum, sem gilda hér á landi. Nú er það þannig með okkur í sveitinni t. d., að heyið er að þorna fram eftir deginum og við lofum börnunum að sofa út á morgnana eins og þau vilja, svo þegar við förum að taka saman, þurfum við að fá blessuð börnin til að hjálpa okkur. En skv. þessu á algerlega að banna það. Eins er með síldarvinnu, skipin koma siglandi gjarnan um 5-leytið að deginum. Eftir þessu á algerlega að banna blessuðum börnunum að hjálpa t. d. mæðrum sínum að salta. Þetta gera þau ákaflega oft og flýta fyrir. 14—16 ára drengir eru í mörgum tilfellum farnir að hafa allt að því fullkomna krafta. Ef á að hindra þá í að vinna t. d. við síldarsöltun og aðra fiskvinnu eða eitthvað slíkt, ef klukkan er orðin 5, þá held ég séu hafðar anzi miklar tekjur af þessum unglingum. Og meira en það, nú mega blessuð börnin ekkert vinna, en þau mega ekki heldur syndga. Þetta á að ákveða nánar með reglugerð. Þá verður hæstv. ráðh., sem hefur með þetta að gera, að vera meiri en drottinn, því að hann gat ekki ráðið við það, — hann gat ekki ráðið við það að láta fólkið ekki syndga og haft það iðjulaust. Ég hygg, að ef þessi hæstv. ríkisstj. getur þetta, bannað blessuðum börnunum að vinna, — því að ef þau mega ekki hjálpa okkur að taka saman eftir kl. 5 að deginum og ekki vinna við síldarsöltun eða neitt, þá hafa þau ekkert að gera í mörgum tilfellum, — bannað börnunum að vinna og bannað þeim alls konar syndir, þangað til þau eru orðin 18 ára gömul, ekki að elskast og ekki að drekka vín eða haga sér á neinn hátt illa, — ef hæstv. ríkisstj. getur þetta, er hún meiri en guð almáttugur hefur verið, því að hann sá, að það var ráðlegast að lofa mönnum að vinna til þess að halda andlegri heilbrigði, og hefur þó ekki tekizt að hafa mennina syndlausa þrátt fyrir það.

Og svo er hérna: „Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.“ Jú, það er náttúrlega ágætt. En það er bara hér um bil ekkert tæki, sem ekki getur orðið slys við, ákaflega fá a. m. k. Og þetta á að vera ungmenni líka, þannig að þetta á að ná upp að 18 ára aldri. Nú vitum við það t. d., að vinna með dráttarvél, með ýmis heyvinnutæki og annað slíkt, það getur stafað hætta af því alveg eins fyrir fullorðna og börn, og satt að segja er sennilega á aldrinum frá 14—18 ára hvað minnst slysahætta vegna þess, hve eftirtekt unglinga er næm. Hitt gæti ég fallizt á fyrir mitt leyti, að takmarka aldurinn, hafa eitthvert lágmark að vinna með ýmsum tækjum eins og t. d. dráttarvélum, t. d. 12 ár. Ég álít, að það séu allt of ungir sumir krakkar, sem byrja að vinna með þessum tækjum.

Við uppskipunarvinnu og slíkt get ég vel fallizt á, að unglingum sé ekki leyft að vinna upp að a. m. k. 16 ára aldri og eins að fastráða sig ekki. Það nær t. d. engri átt að fastráða unglinga eða börn í verksmiðju, meðan þau eru að læra, meira að segja ekki tíma úr deginum, en að þeim sé algerlega bannað að gera neitt, það er allt annað.

Svo kemur hérna: „Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkv. henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mannréttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sektir eru.“ Ekki eru nú viðurlögin lítil. Svo eru þessi refsiákvæði endurtekin grein eftir grein og það ekki út af stórum hlutum.

Hér er t. d. í 42. gr., það er með vegabréfin. Nú eiga blessuð börnin og unglingarnir eða ungmennin að fara að bera á sér vegabréf. Það er eins og var í lögregluríkjunum oft áður, með júðana, að þeir urðu að bera merki á sér til þess að þekkjast frá öðru fólki. En mér hefur nú skilizt á hæstv. menntmrh., að þessu muni verða breytt, og þess vegna þarf ekki að fjölyrða mikið um það. En það er ákaflega hlægilegt, ef á að láta 12—18 ára unglinga bera á sér einhverja svokallaða passa eða vegabréf um aldur þeirra og til þess að hindra, að þeir fái vín, því að vitanlega er ekkert auðveldara fyrir þessi ungmenni en segja: Ja, ég er eldri en 18 ára, og ég hef ekki nokkurt vegabréf. Ég þarf ekki að hafa það. — Og með því gætu þeir villt heimildir. Má vera, að viðkomandi aðilar séu búnir að sjá, að þetta er ekki rétt leið, því að ef á að hindra þetta, þyrftu þeir einmitt að hafa vegabréfin, sem mættu fá vínið, en ekki þeir, sem mættu ekki fá það, því að það er hægt að skrökva, þannig að enginn fengi vín án þess að hafa passa eða vegabréf. Það er nú ekki ástæða að fjölyrða um þetta. En við broti gegn þessu alvarlega ákvæði á að vera 10 þús. kr. sekt. Ekki veit ég, hvort börnunum er ætlað að borga það eða aðstandendunum, því að það er ekki talað um það. En ef 12—14 ára krakkar eiga að borga 10 þús. kr., gæti ég vel hugsað, að það yrði einhver dráttur á innheimtu á því. Þau eiga ekki öll svo mikið.

Í 45. gr. er talað um það að banna stúlkum innan 18 ára að vinna á veitingastöðum eða skemmtistöðum, þar sem það getur haft slæm áhrif á siðferði þeirra. Þetta er eftirsótt af ungum stúlkum, sem eru í skóla að vetrinum, að fá að vinna á hótelum að sumrinu úti á landi, þannig að það má fara dálítið varlega í því að takmarka það um of.

Í einum stað stendur hérna: „Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum þessarar gr., varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.“ Ég veit nú ekki, hvað það er, þessi þyngri refsing, hvort það á að vera líflátsdómur yfir mannaumingjanum eða hvað. Þetta er yfirleitt hér í annarri hverri og hverri gr., þessar ægilegu heitingar, ef brotið er út af þessu, og þetta eru bara smávægileg afbrot í þessari gr.

Þá er það 46. gr. Það er ákaflega vandlifað samkv. henni. „Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt,“ þá á að refsa honum, „þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.“ Ekki er það nú minna. Sem sagt, það er ekki hægt að

neita því, að ruddalegt og ósæmilegt orðbragð geti verið t. d. blótsyrði. Og ef einhverjum verður á að blóta í návist barns, þá er hægt að stinga kauða inn allt að 3 árum, einnig ef hann ertir barn eða dregur dár að því, — ertir, það er að stríða barninu, það er ekki hægt að neita því. Ef einhver er hyskinn t. d. við vinnu og sagt er: Þú hefur nú staðið þig vel núna, drengur minn, — eða eitthvað slíkt, þá er það vitanlega að draga dár að því. Ég held, að það sé afar erfitt að særa aldrei krakka, sem eru viðkvæmir. En það er þá bara þetta, það er allt að 3 ára tugthús, þegar einhverjum verður á að blóta. Ég segi fyrir mig, að ég treysti mér ekki til þess að vanda þannig umgengni við börn, að þetta gæti aldrei skeð, að ég stríði krakka eða geri smávegis grín að honum, ég treysti mér ekki til þess. Það yrði að byrja á því að ala mig upp.

Hér kemur í 47. gr.: „Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á siðferðilega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.“ Það er nú ekki talað um þyngri refsingu þarna. Ég held, að það verði ákaflega vandlifað. Þeir ætla að sjá um það, að allar stúlkur landsins verði hreinar meyjar 18 ára gamlar. Það er ekki lítið, sem forsrh. okkar tekur að sér á þessum tímum. (Forseti hringir.) Ég hef ekki sagt nokkurt ljótt orð, herra forseti. Þetta stendur allt í frv. En svo er nú ekki nóg með þetta. Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkv. 1. mgr., en lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart. Það er sem sagt ekki nóg með það, að þeir, sem syndga, séu tukthúsmenn allt að 4 árum, heldur einnig þeir, sem þegja yfir syndunum. Ég held, að það verði nú vandlifað hér. Ef ég ætti að þegja yfir öllum syndum ungmenna innan 18 ára, sem ég sæi eða yrði var við á einhvern hátt, yrði ég ekki lengi utan Steinsins. Það verður meira fyrirmyndarríkið, þegar þetta er orðið að lögum og allir breyta eftir þeim lögum.

Svo kemur hér 49. gr.: „Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðilega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er. Vanræksla í þessu efni,“ sem sagt að klaga nábúa sinn, ef eitthvað er að hjá honum, „varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.“ Ekki er talað um þyngri refsingu í þessu tilfelli. Ef t. d. er sóðaskapur á heimili, það er mjög vont fyrir barn, eitthvað slíkt, það getur nú skeð, að húsmæður hafi mikið að gera og þurfi að vinna úti, sé ekki alltaf hægt að hugsa um börnin eins og þyrfti þess vegna og margt komi til greina, og þá er það bara fangelsi fyrir að vanrækja að skýra frá þessu.

Þetta eru smápunktar, sem ég hef tekið upp úr þessu frv. Það er hérna miðparturinn. Það er eins og skipti um andann í frv., þegar kemur að 41. gr., þá koma þessar geysilegu refsingaheitingar. En endirinn og upphafið er tiltölulega meinlaust, óþarflega langdregið, væri hægt að stytta það mikið og laga. En ég get ekki séð, að samkv. þessum lögum geti menn komizt hjá því að brjóta lögin, mér er ómögulegt að sjá það. Það er í mörgum tilfellum, að það er komið í veg fyrir vinnu unglinga og barna með þessu móti og kannske miklu fleiri tilfellum en hinum við þær aðstæður, sem íslenzka þjóðin býr við. Og svo eru þessar geysilegu kröfur til siðferðisins og þær miklu refsingar, sem lagðar eru við brotunum. Og svo eru harðar refsingar við að þegja yfir afbrotum unglinganna. Ég get ekki séð, að ef á að framfylgja þessu, verði þeir margir, sem þyrfti ekki annaðhvort að sekta eða setja í Steininn um það er lyki. En ef ríkisstj. treystir sér til þess að framkvæma þessi lög, þá hún um það. Fyrir mitt leyti hélt ég, að það væri ráð að setja ekki önnur lög en þau, sem væru einhverjir möguleikar á að halda. Ef menn fara að setja lög, sem gersamlega er ómögulegt að framkvæma, hætta menn að virða lögin. Og það er eitt það vitlausasta og versta, sem löggjafinn getur gert, það er að setja lög, sem eru óframkvæmanleg og fólkið þverbrýtur. Mitt álit er, að í þessu tilfelli verði þessi lög algerlega hunzuð og þverbrotin, og það er gersamlega útilokað annað en gera það, beint eða óbeint.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er stjfrv., og ég býst við, að það sé það bezta verk, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert um langan tíma, að leggja þetta stjfrv. fram. Við þetta stjfrv. hefur verið unnið af hálfu menntmn. í allan vetur með 2—3 fundum í hverri viku og allir nm. orðið sammála um þær brtt., sem samþ. voru við 2. umr. á þessu máli, vegna þess að öllum nm. var ljóst, að Ísland var að dragast þannig aftur úr öllum menningarlöndum heims, að stór vansi var að, og að hins vegar voru komin upp hér slík þjóðfélagsleg vandamál í sambandi við uppeldi barna og unglinga, að það var óhjákvæmilegt að setja tiltölulega róttæka löggjöf í þessum efnum. Þess vegna urðu allir nm. sammála, og allar brtt. voru samþ. við 2. umr. málsins.

Við vitum ósköp vel, að það hafa oft verið mikil vandkvæði hér á Íslandi í sambandi við meðferð barna, og við vitum ekki sízt, að meðan okkar þjóðfélag var algert bændaþjóðfélag, voru hreppstjórarnir og sumir stórbændurnir með grimmustu fulltrúum alls afturhalds í því sambandi. Og það muna líklega flestir Íslendingar enn þá eftir þeim beztu sögum, sem ritaðar hafa verið, þegar þeir lýsa meðferðinni, sem slíkir stórbændur og hreppstjórar stundum beittu gagnvart umkomulausum unglingum og börnum. Menn muna „Vistaskipti“ enn þá, og menn þekkja þennan vanda. Það var þess vegna ekki nema mjög eðlilegt, að þær litlu leifar, sem enn þá lifa á Íslandi af slíkum anda, birtust hér í ræðustólnum áðan. Til allrar hamingju var það fulltrúi fyrir útdauð sjónarmið, sem þar talaði, ekki einu sinni fyrir sinn flokk, því að hans flokkur stendur algerlega með þessu frv. og hans menn í n. Og það var raunverulega dálítið tímanna tákn, að nú skyldi þessi uppvakningur ekki lengur treysta sér til þess að koma fram í sinni

gömlu mynd, sem maður þekkti úr „Vistaskiptum“ og öðru slíku, heldur bregða nú yfir sig glensinu og reyna með sínu glensi að breiða yfir þau vandamál, sem við eigum við að fást á þessum tímum. Það átti svo sem að sjá um að gera ungana syndlausa með þessu. En þessi hv. þm. var ekki að tala um það, sem hann hefði getað farið í lögregluskýrsluna til að sjá, að þess eru allmörg dæmi, að það sé verið að kenna börnum 12—13 ára að stela. Hann mundi kannske taka að sér að hafa slíkan skóla. En hann gæti séð það, ef hann væri að leita hér í lögregluskýrslunum, hvernig ástandið er í þessum efnum, og e. t. v. hefur hann séð kvikmynd, sem þm. hefur verið boðið að sjá, þar sem meira að segja foreldrarnir senda börnin út til þess að stela. Það er bezt fyrir hv. þm. að vera ekki að reyna að gera neitt grín að þeim vandamálum, sem hér eru í þessum efnum. Það er bezt fyrir hann að hafa sig algerlega hægan með það. Það á ekki að gera neitt grín að því, ef verið er að leiða börn út á slíka glapstigu, á meðan þau eru kornung. Það er hægt að finna upp allt mögulegt til þess að gera grín að, en það er engin ástæða til að gera slíkt að athlægisefni, þó að eyðilögð sé öll framtíð barna strax í æsku vegna þess, hvernig búið er að þeim og hvernig þau eru misnotuð.

Ástandið er þannig hér á Íslandi hvað vinnu snertir, að 13 ára gömul eru börn farin að bogna í baki af vinnu, vinnuþrældómi, þar sem þessi gamli hreppstjóraandi enn þá helzt við. Þess vegna er það ekki til þess að gera grín að, þegar verið er að reyna að bæta úr þessum hlutum. Og menn ættu að álíta það fyrir neðan virðingu sína að vera að reyna að gera slíkt. Það er sannarlega ekki vegna þess, að okkar þjóðfélag, eins og það er núna, sé eitthvað minna syndum hlaðið en þjóðfélagið hefur verið hér áður hjá okkur, — það er þvert á móti vegna þess, að það er að verða miklu spilltara, að reynt er að reisa þar nokkrar skorður við.

Það var sérstaklega eitt, sem kom við þennan fulltrúa gamla hreppstjóraandans, það var vinna barnanna. Nei, það átti að reyna að sjá til þess, að það væri ekki verið að setja takmarkanir, sem vissulega eru þó ekki harðar hér, við því, að börnum væri ofþjakað með vinnu. Það er nú svo, að það er ekki langt síðan 13 ára gamall drengur beið bana af að vinna í uppskipunarvinnu, og þessum hv. þm. finnst auðsjáanlega ekki nein ástæða til þess að reisa neinar skorður við slíku. Gamla miskunnarleysið lifir þarna enn þá. En nú á að bregða grímunni yfir það allt saman til þess að reyna að láta það tóra áfram.

Það kom eitthvað við hann, þegar farið var að tala um dráttarvélarnar. Hann ætti að telja upp, hve mörg börn hafa dáið undanfarið í sveitunum af því að verða undir dráttarvélum. A. m. k. foreldrar þeirra barna sæju einhverja ástæðu til þess, að það væri reynt að setja einhver takmörk við því, hvað mikið væri að því gert, að börn væru látin keyra dráttarvélar.

Ég held þess vegna, að það sé illt verk að reyna að ráðast á þetta frv., reyna að draga úr því eða reyna að skemma það á nokkurn hátt. Þess mun áreiðanlega verða minnzt í sambandi við afgreiðslu þessa frv., ef það nær fram að ganga, eins og það er nú, að það væri eitthvert bezta verk, sem þetta þing hefur unnið, og einmitt fyrir þá, sem sjálfir eru varnarlausir og eiga enga að.

Ég veit, að einmitt ákvæðin í 41. gr. um vinnu barnanna mundu í flestum löndum Evrópu, ekki sízt í Englandi, þykja hneyksli — hneyksli hvað það snertir, að það sé gengið út frá að leyfa eins mikla barnavinnu og þarna er gert ráð fyrir. Ég býst við, ef útlendur blaðamaður kæmi hingað til Íslands og gæfi lýsingar á því, hvernig barnavinnan er og hve linum tökum núv. Alþ. tekur þetta, einmitt barnavinnuna, mundi það þykja hneykslismál á Norðurlöndum og í Englandi, þar sem menn eru í heila öld búnir að vera að berjast við þennan draug, að þræla börnunum út. Þess vegna er það lífsnauðsyn, ég endurtek: lífsnauðsyn, einmitt gagnvart þessum börnum, gagnvart þeim, sem varnarlausir eru í þessum efnum, að sú löggjöf sé sett, sem nú var samþ. við 2. umr. þessa máls.

Ég veit að vísu, að það er hægt að snúa út úr þessu á margan máta. Hún er ekki svo ákveðin, þessi löggjöf hjá okkur. Það er hægt að segja með þessu móti, að 8 ára gamalt barn megi vinna 4 tíma á dag, og það mundi þykja nokkuð mikið hneyksli í flestum löndum. Það er aðeins í reglugerð, sem hæstv. menntmrh. getur sett ákvæðin um að hindra, að jafnvel 8—9 ára gömul börn séu látin vinna. Það er þess vegna langt frá því, að á almennan menningar- og Evrópumælikvarða sé þetta frv. róttækt. En það er stórt framfaraspor miðað við það, sem hér hefur verið á Íslandi — mjög stórt framfaraspor. Og það verður áreiðanlega uppi smán þess manns, sem reynir að draga fyrst og fremst dár að því, hvað þarna er verið að gera.

Verið er að reyna að halda verndarhendi yfir þeim, sem enga eiga að, því að því miður er það svo með fjöldann allan af þeim börnum, sem þarna er verið að vernda, að þau eiga enga að nema þjóðfélagið. Það var ekki gott í gamla daga að eiga engan að nema þjóðfélagið, meðan stórbændaafturhaldið hér á Íslandi leyfði sér að bjóða börnin upp til þess að þræla þeim út. Og það er kannske hægt að lesa nokkrar sögur yfir þessum hv. þm., sem hér talaði áðan, um hvernig þá var búið að börnum hér á Íslandi. Það er þess vegna einn mesti menningarvottur, sem sézt hefur hér í langan tíma, að þetta frv. skuli hafa verið lagt fram af hæstv. ríkisstj. og því skuli hafa verið eins vel tekið af Alþ. og gert hefur verið fram að þessu, með þessari einustu undantekningu, enda vona ég, að það verði eina undantekningin, sem verður á móti þessu frv. við afgreiðslu þess.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil, áður en þetta frv. fer héðan úr d., leyfa mér að fara um það örfáum orðum. Ég tel, að margt í frv. sé mjög til bóta og meira en orðið tímabært að setja það í lög, þó að annað sé kannske vafasamara og geti orkað þar tvímælis. Ég ætla þó ekki að ræða frv. í heild, aðeins eina gr. þess, 41. gr., eins og hún nú er orðin, en var áður 39. gr., þegar frv. var hér lagt fram.

Í 4. mgr. þessarar gr. er rætt um hámarksvinnutíma barna, og ég tel það mjög til bóta, að ákvæði um slíkt skuli tekið upp í það frv., sem hér er til umr. Þótt að sjálfsögðu séu skiptar skoðanir um það, hvort börnum hér á Íslandi nú hin síðari árin hafi verið ofþyngt með vinnu eða ekki, tel ég, að sjálfsagt sé að setja í lög ákvæði um hámarksvinnutíma, sem leyft er að börn eða unglingar megi vinna. Í 2. mgr. þessarar gr. er skýrt ákvæði um það, að eigi megi ráða börn yngri en 15 ára til vinnu í verksmiðjum, til uppskipunar- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Ég tel, að Alþ. sé þarna í mjög miklum vanda og þurfi að íhuga sérstaklega þetta ákvæði mjög gaumgæfilega, áður en það verður lögfest. Ég tel ekki, að við megum einblína á aðstöðu í öðrum löndum, því að vitað er, að hér á landi er aðstaða að þessu leyti með öðrum hætti, bæði hvað vinnuþörf barna og aðstöðu barna til vinnu viðkemur. Á Norðurlöndum og í okkar nágrannalöndum mun skólaganga barna allt upp að 15—16 ára aldri vera því nær allt árið, eða 10—11 mánuði, og því aðeins um stutt sumarfrí að ræða hjá þeim frá skólagöngunni og þar af leiðandi mjög eðlilegt, að þau séu látin njóta þess sumarfrís frá skólanum, án þess að þau séu ráðin til vinnu. Hér á landi hafa börn á þessum aldri, 14—15 ára, aftur frí allt sumarið, og ég verð að segja, að ég tel það öfgar og ekki fá staðizt, að það sé til þess að bæta siðferði unglinga á þessum aldri að banna þeim með lögum að vinna þá vinnu, sem talizt getur við þeirra hæfi, ef jafnhliða er séð fyrir því, að það sé ekki um ofálag að ræða.

Ég tel, að Alþingi verði mjög í þessu tilfelli að gæta þess, að það á ekki að setja lög, sem við vitum allir fyrir fram að muni verða þverbrotin um land allt og enginn yfirleitt telja sig bundinn af. Ég er sannfærður um það, að ef það ætti hreinlega að banna alla vinnu unglinga upp að 15—16 ára aldri, eins og hér kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., mundu þau lög ekki verða virt og verða brotin, — ja, ég held, að megi segja um land allt. Ég skal viðurkenna, að það er hægt að benda á fordæmi úr sögu Íslendinga og án efa einnig vitað úr sögu annarra þjóða um ofþjökun barna í sambandi við vinnu. En við verðum á hverjum tíma að meta aðstæður, og við verðum umfram allt, tel ég, hér á Alþ. að gæta þess að reyna að finna hinn gullna meðalveg og gæta þess, að þau lög, sem við látum frá okkur fara, séu virt og þau séu haldin og þeir, sem framkvæma eiga lögin, standi ekki frammi fyrir því að ráða ekki að neinu leyti við framkvæmd þeirra vegna almenningsálitsins.

Ég tel því, að þegar þetta frv. fer nú héðan úr d. til hv. Ed., þurfi að skoða það betur en gert hefur verið, þó að ég viðurkenni, að hv. menntmn. þessarar d. hafi lagt mikla vinnu í þetta frv., farið mjög nákvæmlega yfir það og að mörgu leyti unnið mjög gott og þarft verk með þeim endurbótum, sem hún hefur gert á frv.

Ég vildi láta þessa ábendingu frá mér koma fram hér, áður en frv. fer úr d., sem í höfuðdráttum er það, að það verði að líta á aðstæður hér á landi eins og þær eru, en ekki einskorða sig við það, sem er í löggjöf okkar nágrannalanda, og fyrst og fremst gæta þess að láta ekki frv. fara sem lög frá Alþ. á þann veg, að búast megi við, að því verði ekki hlýtt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir hans hógværu og viturlegu ræðu hér áðan. Meginuppistaðan að efni til í ræðu hans, þessa hv. þm., var það, að ég héldi fram útdauðum sjónarmiðum, sem hefðu átt helzt við hjá gömlum hreppstjórum og stórbændum, í öðru lagi, að ég mundi vera vel til fallinn að kenna unglingum 12—13 ára að stela, stofna þjófaskóla, skildist mér, og verða skólastjóri, í þriðja lagi, að 13 ára drengur hefði beðið bana undir traktor, skildist mér. Þetta var aðalinntak ræðunnar. En það var ekkert hrakið af því, sem ég sagði, enda var það ákaflega erfitt, því að ég tók ekki nokkurn hlut fram nema það, sem var í frv. Ég las það upp, þannig að það fór ekkert á milli mála, þetta stóð þarna, þannig að efnislega hef ég ekki miklu að svara viðvíkjandi því, sem ég sagði. Það var allt óhrakið, enda allt satt.

Ég tek það mér til tekna að vera líkur hreppstjórum og stórbændum hér áður, því að það voru yfirleitt valdir mætustu menn í hverju sveitarfélagi til að vera hreppstjórar. Það voru yfirleitt menn, sem hjálpuðu heldur en hitt. Þetta voru menn, sem höfðu traust. Ég tel mér það ekki heldur til skammar að vera líkt við stórbændur. Þetta voru yfirleitt dugnaðar- og manndómsmenn. Náttúrlega voru misjafnir menn í þessum hópi, eins og gerist og gengur, og vafalaust hafa þeir haft sínar yfirsjónir og sínar syndir eins og aðrir menn. En það er ekki skammaryrði að líkja mér við þessa menn, og ég tek mér það til tekna. En viðvíkjandi því, að ég sé vel fallinn sem skólastjóri einhvers konar þjófaskóla, þá vil ég frábiðja mig þeim heiðri, því að ég tel mig ekki færan um það að kenna börnum að stela, ég hef enga æfingu í því.

Það kom fram hjá hv. ræðumanni, að hér væru unglingar að stela 12—13 ára. En af hverju eru blessuð börnin að stela? Það eru engar líkur til, að þetta séu fædd verri börn en gerist og gengur, svo er yfirleitt ekki um börn. Það eru flest börn góð, og ég held, að flestir vilji vera góðir við börnin. En af hverju eru blessuð börnin að stela? Það er af því, að þau hafa ekki nóg að gera. Það er ráðið, sem drottinn fann út, þó að hæstv. menntmrh. og hv. 3. þm. Reykv. virðist ekki skilja það, — það er ráðið til að auka dyggðir, líkamlegt og andlegt heilbrigði, það er að vinna, en ekki að banna börnum að vinna. Annars hélt ég, að það þyrfti engan skólastjóra yfir neinum þjófaskóla hér á landi. Ég held, að þessir kommúnistaforingjar séu þar alveg nægilegir leiðbeinendur. Þar sem kommúnistar ná völdum, sem þessi hv. 3. þm. Reykv. hefur unnið ötullega að, þar er öllu stolið af öllum, og það er ekki hægt að gera betur. Ég gæti ekki kennt unglingum að gera betur, mér væri það ómögulegt, og ekki eins vel.

Barnavinurinn Stalin, sem lengst af hefur verið andlegur páfi þessa hv. þm., hafði það fyrir sið með þessa stóru bændur, sem kallaðir voru kúlakkar, ef þeir voru sæmilega bjargálna, að þeir voru teknir og fluttir til Síbiríu, þ. e. a. s.

ef þeir náðu lifandi þangað, ef þeim var ekki lógað áður. Börnunum var sleppt og þau fengu að vappa grátandi um. Ég hef lesið bækur um þetta. Þetta sögðu þessir hv. fulltrúar, þessi hv. 3. þm. Reykv., að væri tóm lygi, þar til Krúsjef sannaði þetta allt saman. Og það var ekkert verið að hirða um, þótt fólk dæi úr sulti í þessum blessuðum Ráðstjórnarríkjum. Það hrundi niður, þegar þeir voru að koma á samyrkjubúum bændanna, í milljónatali, fólkið í Úkraínu, úr hungri. Það var ekkert verið að hugsa um það, enda lýsti Krúsjef því yfir, þegar hann var að kaupa ameríska kornið, að fyrirrennari sinn, Stalin, mundi ekki hafa verið að því braski, heldur lofað því að sálast, fólkinu þar. Ég efa það ekki, að hv. 3. þm. Reykv. er mannvinur og vill allt vel. Þetta voru hans andlegu feður, sem gerðu þetta, og það var allt gott hjá þeim. Ég er ekki að halda því fram, að hann sé neinn barnaóvinur, en það hef ég ekki ástæðu til að halda um aðra heldur. Ég held yfirleitt, að allt sæmilegt fólk sé gott við börn. Sem sagt, ég held, að það sé alveg óþarfi af ríkinu að fara að kosta neinn þjófaskóla hér á landi, því að það er allt í gangi, eftir því sem hægt verður, með þessari virðulegu kenningu. Það er stolið öllu af öllum, og við höfum ekkert til að jafna við nema aðfarir Húnanna, þegar þeir æddu yfir Evrópu. Þá fengu þeir að lifa, sem ekki óhlýðnuðust þeim í neinu, skrimta, en það var allt étið upp, sem þeir áttu, og þeir æddu yfir Rússland og fleiri lendur þá og komust alla leið til Frakklands einu sinni. Það sama var með nazistana, þeir fóru þannig með júðana, að þeir sálguðu þeim og rændu þá, og við höfum þar fordæmi. En þó að 12—13 ára börnum verði það á í iðjuleysi sínu að næla í eitthvað, ber ekki að taka það of alvarlega.

Þegar ég var unglingur, sagði mér einu sinni gamall bóndi, að þegar hann var drengur, varð honum það á að taka eitthvað, sem hann átti ekki, og borða það. Það var ekki búið að skammta honum það a. m. k. Og þá sagði hann mér um konu þar á heimilinu, að hún hefði talað um það við sig, — hún sá til hans, — að hann skyldi nú aldrei gera þetta aftur. Hann minntist þess alltaf með hlýleik, hvað hún hefði farið vel og viturlega að þessu, hún sagði engum frá þessu, og hann sagðist aldrei hafa gert þetta aftur. En samkv. þessum nýju barnaverndarlögum er þetta dálítið líkt kenningum nazista og kommúnista. Það var sem sagt, ef einhver drýgði einhvern glæp, sérstaklega gagnvart þessari göfugu stjórnmálastefnu, sem þeir ráku, var hans skylda að klaga og kæra, og það er andinn í þessu frv. Ef einhverjum unglingi verður á einhver yfirsjón, er það skylda þeirra, — það er alveg skýrt tekið fram í frv., — þá er það skylda þeirra, sem vita um þetta, að kæra það, og ef þeir ekki gera það, eru þeir orðnir sekir sjálfir. Þetta er alveg nýr andi, sem kemur þarna inn í nokkrar greinar í frv., andi, sem hefur ekki ríkt hér á landi og ég skil ekki fullkomlega. Og vera má, að þetta sé ný uppeldisaðferð, sem eigi að þroska og göfga ungdóminn í þessu þjóðfélagi. En það er hlutur, sem ég skil ekki. Ég held, að það sé réttara að nota aðrar leiðir en hlaupa til að klaga unglinga, þó að þeim verði eitthvað á, því að öllum verður eitthvað á.

Ég held, að það sé þá að mestu svarað þessum hávaða og látum í þessum hv. þm. Ég hélt, að þessi hv. þm. væri búinn að reyna það, að óp og læti þýða ekki mikið í þessum ræðustól, því að hv. þm. hefur iðkað þetta svo lengi án árangurs. En efnislega held ég, að það hafi ekki verið öðru að svara en þessu með stórbændurna og þjófaskólann. Þessi lög eru þannig, þau eru eins og ég las þau upp, það er refsivert allt lauslæti innan við 18 ára, það er refsivert að þegja yfir því, það er tekið alveg skýrt fram í 41. gr. frv., alger hámarksvinna barna 14—16 ára skal vera 8 stundir án undantekninga. Ef hæstv. menntmrh. vildi gera þarna einhverja breytingu á í reglugerð, stangast það við lögin, það er ekki hægt. Þetta má alls ekki koma fyrir.

Nú er með flesta bændur, að þeir eru að basla við búskapinn með börnum sínum. Ef aumingja bændurnir eiga nú að fara að smala um morgun, fara kl. 10 af stað, því að börn þurfa að sofa út, og fara svo að rýja og þeir hafa enga fjárhelda girðingu til að geyma féð í og verða að passa það, kl. 7 er þessi 8 stunda vinnutími búinn, maður gerir ráð fyrir, að það sé ekki eytt meiri tíma í mat en það, kl. 7 er vinnutíminn búinn, og þá geta grannarnir kært þennan bónda, ef hann sleppir ekki fénu órúnu eða er að láta börn snúast eitthvað, við mjaltir og ýmislegt fleira. Ég segi fyrir mig, ég hef búið með börnum mínum í 10 ár. Ef þessi lög eru samþ., verð ég bara að hætta að búa, ég sé enga aðra leið. Mér er ómögulegt annað.

Þá er nú ólukkans heyþurrkunin, þegar sólin fer að skína og maður hefur mikið að taka saman. Það er útilokað fyrir mig að vera búinn að taka saman kl. 5 að deginum, alveg útilokað. Ég verð að vinna, þangað til það er orðið blautt á að nóttunni. Ég má ekki sleppa einum einasta þurrksunnudegi. Ef ég geri það, verður heyið úti að haustinu. Krakkarnir hafa alltaf hjálpað mér. Nú vildi ég bjóða þessum hv. 3. þm. Reykv. að koma til mín að sumri. Ég skal taka eins vel á móti honum og ég mögulega get. (Gripið fram í: Fyrir fjósamann.) Og ég sýni honum krakkana til að vita, hvort hv. þm. finnst þau vera þrælkuð, beygð og heilsulaus af ofþrælkun. Þau hafa gert þetta. Þau hafa unnið fram á nætur með mér, þau hafa unnið á sunnudögum með mér í þurrki. Svo lofar maður þeim að vera inni, þegar rignir. Ef það hefði verið tekið fram, að þetta ætti bara við um verksmiðjuvinnu, — ég býst við, að þessi hv. þm. eigi talsvert í þessu frv., a. m. k. virðist þessi þm. vera mjög ánægður með það, — en ef þeir hefðu verið vitrir menn, hefðu þeir tekið fram, að þetta væri í fastri vinnu, daglegri, fastri vinnu og það innivinnu, — þá væri allt í lagi. En þetta er undantekningarlaust og ekki hægt að breyta þessu með reglugerð. Þetta er nefnilega ekkert smámál, því að ég sé ekki annað en hér um bil allir bændur verði að hætta búskap, ef þetta verður samþ. Það má ekki senda börnin eftir kúnum eftir kl. 5. Þær eru venjulega ekki mjólkaðar fyrr en 7—8. Ég skil þetta ekki.

Ég veit, að þessi hv. 3. þm. Reykv. er gáfaður maður á ýmsum sviðum. En það er nú enginn alvitur. Hann er orðsnjall maður, talar gott mál, er næmur, sennilega minnugur líka. En að hann sé vitmaður, því hef ég aldrei haldið fram. Og ef hann hefði verið vitmaður, hefði hann skotið þarna einhverju aftan við, svo að þetta væri nú föst, dagleg vinna í verksmiðjum.

Ég er ekki á móti því, að börnunum líði vel. En það er nú þannig í okkar landi, þessi atvinna, það er hafið og það er landið, sem fólkið verður að vinna við, og það er ekki alltaf hægt að vinna við þetta. Við getum ekkert gert, þegar rignir. Við getum ekkert gert, þegar ósjór er. Og þá verður að vinna meira endranær. Og að það verði einhver sérstök uppeldisaðferð að banna börnunum að hjálpa mæðrum sínum að salta síld, eftir að klukkan er orðin 5, það skil ég ekki. Þau geta þá verið heima og lært að stela, það væri tækifæri fyrir þau, þegar þau væru foreldralaus heima, að læra hreinlega að stela, og þyrfti þá ekki sérstakan skóla að öðru leyti en sem kommar gætu þá kennt með sínum kenningum. Nei, það var ekkert ósatt í því, sem ég sagði, enda er allt óhrakið.

Svo stendur í þessari sömu gr.: „Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori," — undantekningarlaust yfir allt landið. Nú er það þannig, að menningu okkar hjá þessum hæstv. menntmrh. er ekki lengra komið en það, að við höfum ekki skóla t. d. í sveitinni nema 2—3 mánuði. Þau byrja á haustin, blessuð börnin, eru þar einn mánuð. Svo er bil á milli, 1—2 mánuðir, samkv. þessu er það bannað í lögum, að börnin geri nokkurt handtak þennan tíma. Og það er nú ef til vill af því, að þeim er haldið hér 7 mánuði í skólanum og læra lítið, því miður. Og sannleikurinn er sá, að það er hrein plága á börnunum þessi langa skólaganga. Og ég var sammála hv. 3. þm. Reykv., þegar hann var að tala um læknaskipunina og fór að tala um skólamálin, en það er hlutur, sem er mjög alvarlegur, hvað fólkinu er haldið lengi í skólum, og þessir menn séu hreinlega orðnir of þreyttir, þegar þeir koma úr skólunum. Ég var að hugsa um að tala við þá umr., en það fórst þá fyrir. Ég var ekki við, þegar röðin kom að mér. En það er t. d. þetta menntaskólanám. Ég er sannfærður um, að það mætti gera það miklu hagnýtara en það er. Er ekki hrein vitleysa að vera að skipa hverjum einasta stúdent að hafa lært mörg tungumál? Væri ekki miklu viturlegra, að þeir fengju val? Við vissa skóla væri t. d. kennd enska, franska eða þýzka, að þeir lærðu eitt af þessum tungumálum, sem aðallega er notað í heiminum, auk t. d. eins Norðurlandamálsins, en vera ekkert að baksa við að læra svona mörg tungumál og læra ekkert þeirra til hlítar. Þannig mætti lengi telja. Ég er sannfærður um, að skólanámið gætum við gert miklu hagnýtara en það er nú.

Það er ótalmargt í þessu blessaða frv. þannig. Og svo þessi refsiákvæði, ákvæðin, sem ég las upp áðan, sem ég vil ekki fara að þreyta ykkur á. **Það eru sektir, varðhald, tukthús eða þá enn þyngri refsing, sem mér skilst að sé dauðadómur eða limlesting.**

Þá eru það höfuðglæpirnir. Það er drykkjuskapur og lauslæti, skilst mér, svo er eiturlyfjanotkun, og eitthvað var það nú fleira í 26. gr., auk refsinga, sem varða við refsilög, sem mér skilst að sé þjófnaður, sem mér finnst nú satt að segja að hv. 3. þm. Reykv. ætti ekkert að vera að refsa fólki fyrir, þótt það fengi sér bita eða sopa hjá náunganum eða jafnvel fari á stefnumót. En þetta eru aðalatriðin. Og upp að 18 ára er þetta algerlega bannað. Ég er ekki að halda með því, að unglingar eigi að drekka og því síður að stúlkur eigi að fara að eiga börn innan 18 ára. Það er síður en svo. Það væri sannarlega bót að því, ef það væri hægt að uppræta þetta allt saman. En ég vildi, að þessi hv. þm. vildi svara því: Hvað vill hann gera við stúlkur, sem eiga börn áður en þær eru 18 ára? Á að setja þær í tukthúsið? Á að setja þá í tukthúsið, sem hafa átt börnin með þeim? Á að setja þá í tukthúsið, sem hafa þagað yfir því, að þær hafi gert þetta Samkv. þessum virðulegu lögum á að gera þetta allt saman. Þetta væri gott, ef hæstv. ríkisstj. gæti þetta, — það væri ærið verkefni fyrir hv. 3. þm. Reykv. að taka að sér að líta eftir öllu þessu, öllum stelpunum og öllum strákunum, að þetta drykki ekki, þetta hegðaði sér rétt og vel. Og ef hann gæti þetta, þessi hv. þm., þá skal ég bera lotningu fyrir honum, það skal ekki skorta.

Það var einu sinni hér dómur í þessu landi, sem var kallaður Stóridómur og gefinn út af einum dönskum kóngi. Og hann bannaði allt lauslæti, og það mátti ekki eiga börn saman, ef skyldleiki væri, — ég held, að það hafi verið 3. eða 4. liður. Ef menn áttu barn með mágkonu sinni, var það dauðasök, og það átti t. d. að taka höfuðið af bróður Árna Magnússonar. Hann var kvennamaður mikill og ólíkur Árna í því, að hann átti barn með þremur — tók víst þrisvar fram hjá karlgreyið. Árni bjargaði nú hans haus. En hvað um það, þetta var Stóridómur. Og þegar fólkið var að hrynja niður úr hungri hér á landi, höfðu þeir alltaf dugnað til þess að höggva einhvern á Alþ. fyrir lauslæti. Það var ekki nóg, að fólkið dæi úr hungri, heldur voru þeir að kála því svona. En fólkið var alveg jafnsyndugt eftir sem áður, þótt þessi Stóridómur væri. Það flýði á fjöll og faldi sig og allt gekk á, það var tekið af lífi, það syndgaði alveg jafnt. Hér á víst að fara að setja einn Stóradóm upp. Það er ekki talað um að hálshöggva fólk, heldur: „ef ekki liggur þyngri refsing við en fangelsi" — er talað um hér á einum stað. En það er nú aðallega fyrir að þegja yfir glæpum, skilst mér, eða brjóta eitthvert bann gegn bíómyndum, sem eru óhollar. En þetta á að vera nokkurs konar Stóridómur, og það gæti farið eins og með þennan gamla, sáluga Stóradóm, að fólkið batnaði lítið við svona löggjöf.

Ef þetta tækist og hv. 3. þm. Reykv. vildi taka að sér að framkvæma þessi dásamlegu lög, væri ekkert nema gott um það að segja. En ég óska ekki eftir að hafa heiðurinn af því að greiða atkv. með þeim. Ég tek það hér fram, að ég óska eftir nafnakalli um þetta frv., og vona, að það

farist ekki fyrir hjá hæstv. forseta, og ég ætla að unna öðrum heiðursins af því að samþ. það. Svo ætla ég að skrifa ekkert ólaglega grein, — þó að ég sé ekki eins pennafær og hæstv. forsrh., get ég klúðrað samt þannig saman, að það sé lesið, — um þessa löggjöf, þessa viturlegu löggjöf hjá Alþingi. Og þeir mega hafa heiðurinn af því, sem eiga hann, að hafa samþ. þetta allt saman. Ég var að hugsa að koma með brtt. við þetta frv., en svo, þegar ég las frv., sá ég, að það var svo vitlaust, að það þyrfti alveg að umsemja það.

Reynslan í minum búskap er þannig, að ég hef haft misjafna húskarla. Þeir ferðuðust á sunnudögum og jafnvel á virkum dögum líka. Ég varð þá að gera verkin þeirra, mjólka kýrnar og gefa kindunum og gera það, sem þeir áttu að gera. Oft voru þetta skemmtilegir og greindir menn. Þeir voru að líta eftir stúlkum eða fara á böll, eins og gerist og gengur, eða jafnvel að syndga. Ég álít forsrh. húsbónda á heimilinu. Ég held, að hæstv. forsrh. verði að hafa það eins og ég varð að hafa það við mína húskarla, þegar þeir ferðuðust mikið og gerðu ekki sín verk nægilega vel, hæstv. forsrh. verði að ganga í þessi verk. Og nú er það þannig með hæstv. menntmrh., ég spurði hann að því, hvort hann hefði lesið þetta frv. Þegar ég var búinn að lesa það, sá ég, að það var svo vitlaust, að ég varð alveg undrandi, ef menntmrh. hefði lesið það, og mér skildist, að hann hefði hlaupið yfir það, en ekki lesið það vel. En það er skiljanlegt, því að hann ferðast ákaflega mikið, þessi hæstv. ráðh., til Japans og víðar, og hann spilar á píanó í París og fleira og er hæfileikamaður, músíkalskur og skemmtilegur og ágætur maður á allan hátt. En hann hefur ekki haft tíma til að rannsaka þetta frv. nægilega vel, frekar en húskarlarnir mínir höfðu ekki ævinlega tíma til að mjólka kýrnar og gefa kindunum. Og mér virðist því, að þarna sé ekki um annað að gera, ef menn vilja einhverju breyta, heldur en þessi hæstv. húsbóndi á heimili okkar vildi nú haga sér eitthvað svipað og bændurnir verða að gera, þegar ráðsmennirnir hlaupa í burtu, að ganga í verkin og laga þetta allt til. Annars væri það velkomið, að ég lagaði frv., ef hæstv. ríkisstj. vildi þiggja það, það væri svo margvelkomið. En það hefur nú ekki verið mikið kvabbað á mér um lagasetningar hingað til, og það lítið sem ég hef viljað af góðgirni benda þessari hæstv. ríkisstj. á, hefur verið illa þegið. En þó verð ég að segja það, að af sjálfstæðismönnum hefur það ekki ævinlega verið vanþakkað, og einu sinni sagði Ólafur Thors mér, þegar ég kom með gengistill. mína, sem ég var einn með forðum, sem eðlilegt var, af því að það var vit í henni, þá sagði hann, að það, sem benti til þess, að ég hefði rétt fyrir mér, væri, að ég stæði einn. Hann var alltaf skilningsgóður, blessaður karlinn. Enda var hann, held ég, alltaf á því, að þetta væri ekki svo vitlaust hjá mér. En ef þessi hæstv. ríkisstj. hefði gert þetta og ekki farið að hækka vexti, sem var alveg gagnslaust, væri hún á þurru með allt saman og Thoroddsen gæti verið fjmrh. áfram. Það væri velkomið, að ég lagaði frv. Ég skal stytta það. Ég skal gera það þrefalt styttra og þrefalt skynsamlegra og skila því til hæstv. ríkisstj. eftir svona einn mánuð. En ég geri ekki ráð fyrir, að það verði þegið, og þá sé ég ekki annað ráð, ef þingið vill ekki verða sér til skammar fyrir flónsku og heimsku, heldur en forsrh. sjái um, að þetta sé endurbætt og lagað allt saman, því að frv. er þannig, það er ekki gagn að neinum brtt., það verður að endursemja þetta allt saman. Það eru endurtekningar og bull og vitleysa í því. Það má stytta það og laga á allan hátt, og það er sannarlega ekkert skemmtilegt fyrir þingið. Ég hef enga ánægju af því, að þm. verði sér til skammar með því að samþykkja einhverja vitleysu.

Það er t. d. með kvígufrv. Jónasar, 3. þm. Austf., að þetta var bara meinlaus vitleysa, sem ekki gerði neinum til. Hún var óframkvæmanleg. En þetta er alvörumál með uppeldi barna, það er alvörumál, þetta er stórmál. Og það er mesti misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. að halda það, að ég sé á móti barnavernd, ég vilji fara illa með börn, því fer fjarri. En ég vil bara, að hann komi til mín og sjái mín börn, hvort þau eru nokkuð illa með farin. Og eins skal ég vísa honum á fáeina stráka, sem hafa alizt upp hjá mér og bera mér allir gott orð og enginn gengið úr vist frá mér og allir verið heilsugóðir og enginn þeirra átt krakka, áður en hann varð 18 ára, það get ég upplýst. En það á nú ekki alls staðar það sama við. En svona löggjöf ætla ég ekki að vera með, þið getið haft heiðurinn af því.

Meðan ekkert er hrakið af því, sem ég hef sagt um, hvað stendur í þessu ágæta frv., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meir. Ég frábið mig því að stofna þjófaskóla hér og álít hans ekki þörf, meðan kommar hafa annan eins meistara og þeir hafa hér á landi. En hitt vil ég taka fram, að ég álít ekki alla Alþb.-menn þannig. Þeir skiptast í tvo hópa, þessir Alþb.-menn. Sumir eru borgaralega sinnaðir og álita, að menn eigi að vernda eignarréttinn, og vilja sinni þjóð vel. Aðrir vilja breyta hér um stjórnarháttu, og þá er það einföld aðferð. Það er að hafa löggjöfina sem vitlausasta og grafa allt í sundur, og það er ekki hægt að gera betur en með frv. eins og þessu, að gera rétt alla þjóðina að tukthúslimum, það er anzi laglega að farið, og gera svo að segja ómögulegt að reka nokkurn atvinnuveg hér á landi. Þetta er ekki óklókt, og ég er ekkert hissa, þó að hv. 3. þm. Reykv. sé ánægður með þetta frv. Ég er frekar hissa á því með hv. flokksbróður minn, Sigurvin Einarsson, en mér skildist á honum, að hann væri mjög ánægður með þetta frv. Hv. 3. þm. Reykv. var að hælast um, að allir flokksbræður mínir væru með þessu. Ég veit það ekki. Ég hef ekki verið á flokksfundi, þar sem það hefur verið tekið fyrir, ef það hefur verið minnzt á það. Ég skal ekkert um þetta fullyrða, það er alveg þeirra mál og mér óviðkomandi, hvort þeir eru með þessari speki eða ekki. En ég hef satt að segja enga trú á, að það sé. 4. þm. Reykn. sagði mér, að hann hefði ekki verið á fundi. Og einn minn allra bezti vinur, hv. 2. þm. Norðurl. v., var á fundi í annarri nefnd, og ég held, að þetta sé bara ekki vel athugað, þetta frv. Þeir voru víst, hv. 3. þm. Reykv. og sennilega Sigurvin, eitthvað að dútla við þetta í nefndinni.

Að svo mæltu sé ég ekki frekari ástæðu til að ræða þetta í bili. En ég ætla, eins og ég er búinn að segja ykkur, að skrifa grein um, hve þetta er viturlega orðað allt saman og skynsamlegt og til heiðurs fyrir þetta þing, hvað það hefur gott vit á atvinnumálum. Það er svo mikil vizka í þessu frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Nú þótti mér bara gaman, að hv. 5. þm. Norðurl. v. skreið rétt inn á íhaldsatkv., ef ég man rétt. Það var auðsjáanlega farinn úr honum allur mesti galsinn frá því í dag, eins og það hefði verið stungið á dálitlum blásnum belg og vindurinn hlaupið út. Það var lítið eftir af öllum þessum galsa, sem hann var með í dag, þó að hann væri að reyna að vinna hann upp, en tókst nú ekki, flúði pínulítið á Volgubakka, en gat ekki einu sinni haldizt þar, og er þá fokið í flest skjól hjá honum.

Ég skil það ákaflega vel, þegar þessi hv. þm. kemur hér upp og reynir stundum að leika fífl fyrir okkur hér á þingi. Hann finnur það, að hann hefur alltaf verið sínu kjördæmi til skammar, síðan hann var kosinn hér á Alþ., og verið sjálfur nokkur blettur á þinginu, og hann er að reyna ofur lítið að bæta úr þessu með því að leika fífl. Og þetta getur verið mjög skemmtilegt til dægrastyttingar stundum í tilbreytingaleysinu. En þetta á bezt við, ef hann er t. d. að ræða — við skulum segja eins og hann var að tala um áðan — eitthvert kvígufrv., og það mætti nota það stundum í sambandi við refi og minka og annað þess háttar. En þegar hann fer að gera þetta í sambandi við mál eins og það, sem hérna liggur fyrir, má hann búast við að fá sína refsingu og það allhart útilátna, og það hefur hann fengið. Þess vegna fann hann til þess sjálfur hérna áðan, þegar hann var að telja upp það, sem ég hafði sagt, að það mundi ekki vera viðeigandi að nota allan þann galsa og grín, sem hann var með, þegar hann var að tala um t. d., að 13 ára drengir hefðu dáið hérna suður í Hafnarfirði, orðið undir hlaða við uppskipun, og fleiri slík slys, sem skeð hafa núna upp á síðkastið í þessum efnum. Hann fann það nokkurn veginn á sér, að þetta væru ekki nein gamanmál. Það er vel hægt í sambandi við kvígu og refi og minka að tala svona, en þegar um er að ræða líf og velferð barna, er það ekki viðeigandi. Og meira að segja þessi þm. finnur það.

Þessi hv. þm. þóttist hafa lesið þetta frv. Ekki trúi ég því nú, vegna þess að þetta hrafl, sem hann var að koma með hérna áðan, var allt saman tómur útúrsnúningur, bara til þess að reyna að leika fífl, til þess að reyna að fá einhverja menn til að hlæja. Hann er kannske ekki enn þá farinn að gera sér ljóst, að í þessu frv. er lögð nokkur skyldar á herðar almennings að hjálpa börnum, og vildi fara að gera það að einhverju almennu njósnamáli eða eitthvað þess háttar, að allir ættu að vera að njósna hver um annan. Um hvað er þarna að ræða? Það er um það að ræða, að ef barn á bágt, á engan að, eða þeir, sem það á að, vanrækja það eða jafnvel misþyrma því, er það skylda annarra borgara í þjóðfélaginu að koma því til hjálpar. Þetta á þessi þm. ósköp bágt með að skilja. Þetta verður í hans augum helzt að einhverjum nazisma. Þetta er hins vegar mál, sem er mjög alvarlegt mál, og það hér í Reykjavík. Hann vildi gera grín að öllu, sem laut að lauslæti og slíku. En hann þekkir kannske ekki dæmi þess, að mæður fari þannig burt frá kornungum börnum, að þær gefi þeim svefntöflur áður til þess að reyna að láta þau sofna, eða setja það, sem jafnvel næstum verra er, í pela barns. Hann gerir sér ekki í hugarlund, hvað það er, sem nútíma stórborg á við að etja af þjóðfélagslegum vandamálum og hvers konar barátta það er, sem borgararnir í þjóðfélaginu verða að heyja sameiginlega til þess að bjarga þeim, sem engan eiga að. Hann hefði, heldur en að reyna að koma með eitthvert hrafl úr frv. til þess að gera grín að því, átt að fara niður á lögreglustöð, fá að líta í lögregluskýrslurnar, eða þó að hann hefði ekki gert meira en að sjá eina mynd, sem einn framtakssamur skólastjóri hefur látið taka um lífið í Reykjavík hvað börnin snertir og þeirra aðbúnað sumra hverra, þeirra sem bágt eiga, og þeirra, sem þarf að hjálpa.

Hann var ekkert á móti barnavernd. Hann vildi, að allir væru góðir við börnin. En það er því miður ekki svo. Það eru ekki allir góðir við börnin. Og börnin þurfa þá að finna það, að þau eiga einhverja að í þjóðfélaginu til þess að hjálpa þeim. Svo talaði hann mikið um vinnuna. Ef einhver börn væru að stela, væri það vegna þess, að þau væru ekki látin vinna frá því snemma á morgnana þangað til seint á kvöldin. Það er ráðið, sem hann mundi beita. En ef hann hefði athugað lögregluskýrslurnar, hefði hann séð, að þar voru þess dæmi, að móðir sendi barn sitt út í búðir til þess að stela, ekki að barnið væri að finna upp á þessu sjálft. Það eru ekki allir góðir við börnin.

Það er engin ástæða til þess að loka augunum fyrir þeim þjóðfélagslegu vandamálum, sem við erum að berjast við, eða reyna að gera grín að þeim. Það eru alvarlegri mál en svo. Þarna er um það að ræða að reyna að hjálpa börnunum og reyna að vekja almenning til þess að hjálpa börnunum. Þessi hv. þm. vill hafa sama ráð og þeir hafa haft hér vafalaust í gamla daga, þessir hreppstjórar, sem hann var svona hrifinn af, þræla börnunum endalaust út. (Gripið fram í.) Já, þeir virtust vera einhverjir þeir köldustu gagnvart börnunum, þegar þeir voru að bjóða þau upp á sveitarþingunum. Og þessi þm. er kannske búinn að gleyma því. En ég man enn þá eftir því, að fjölskylda, til þess að vera ekki sundruð, hafi orðið að flýja og það þvert yfir Húnaflóann og Skagafjörðinn til Siglufjarðar, til þess að komast undan því, að systkinunum væri tvístrað og konan og maðurinn aðskilin, af því að þau þurftu að þiggja af sveit. Það er nú ekki lengra um liðið, það eru ekki nema rúm 30 ár. Það er bezt fyrir hann að tala ósköp varlega um hreppstjóraeinræðið á Íslandi og aðferðirnar, sem þeir notuðu, og oddvitarnir höfðu líka með það að gera og voru oft ekki betri. (Gripið fram í.) Það var dálítið svipuð tegund og þessi hv. þm. er svo hrifinn af. Það voru venjulega einhverjir stórbændur, sem voru ekkert nema harðneskjan, eins og hann er.

Var það nokkuð fleira, sem hann þyrfti að fá

svarað strax? Nei, þess vegna er það þannig, og það gerir þessi hv. þm. sér ekki ljóst, að þetta er miklu stærra og meira vandamál en hann hefur hugmynd um, af því að hann veit yfirleitt ósköp lítið um vandamál þjóðfélagsins og setur sig lítið inn í þau. Og þegar hann leyfir sér að taka til máls, þá talar hann án þess að hafa nokkurt vit á þeim. Ég býst við, að þessum hv. þm. finnist ósköp sjálfsagt, að læknar, sem skoða þessi börn, verði að lýsa því yfir, að það sé búið að valda þeim ævilöngum skaða með þrældómi, að 13 ára drengir séu orðnir bognir í baki af of mikilli vinnu. Þess vegna er það, að það, sem gert er með þessu frv. til þess að reyna að vernda börn og unglinga í þessum efnum, er tiltölulega lítið og mundi þykja smánarlega lítið í öðrum löndum Evrópu.

Það er talað hér um, að það sé allt of strangt, að það skuli vera 8 tíma vinnudagur fyrir börn, sem séu 14—16 ára, það sé hreinasta hneyksli. Þessi maður, sem um þetta talar, virðist ekki hafa hugmynd um það, að sem stendur eru fullorðnir karlmenn að knýja það fram í löndunum í kringum okkur og hafa fyrir löngu knúið það fram í flestum þeirra og víkja ekki frá því að hafa 8 tíma vinnudag og vinna alls ekki lengur. Og í fjölmörgum löndum, m. a. sums staðar í Bandaríkjunum, er vinnutíminn á viku kominn niður í 35 klukkutíma. En hérna finnst þessum hv. þm., að það væri aldeilis dæmalaus ósvífni, að 14—16 ára börn eigi ekki að fá að vinna lengur en 8 tíma á dag. Hann er sjálfur kominn alveg í standandi vandræði með sinn búskap. Ég held, að hann ætti ekki að vera að fást við þennan búskap, ef hann á nú 10 börn og segist láta þau öll vinna og getur ekki haft meiri verkaskiptingu á milli þeirra en svo, að þau kæmust ekki af með 8 tíma á dag. Þá kann hann ekki að stjórna búi. Og ef hann er svo ríkur eins og hann er stundum að tala um, hlýtur það að vera af mjög miklum þrældómi, ekki bara hans sjálfs.

Nei, það þýðir ekkert að ætla að reyna að eyðileggja nú á síðustu stundu þetta frv. með einhverjum galsa og glensi og útúrsnúningum og vitleysu. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en svo. Hitt er rétt, sem hv. 3. þm. Sunnl. kom hér inn á, að það verða á ýmsum stöðum viss vandkvæði í sambandi við að knýja þetta mál fram og sérstaklega vegna eins, vegna þess, hvernig almenningsálitið er í þessum málum hjá okkur enn þá. Almenningsálitið er alls ekki nógu vakandi í þessum málum enn sem komið er. Við þekkjum þess dæmi, að þegar börn og það ekki sérstaklega gömul hafa verið búin að vinna 8 tíma t. d. í verksmiðjum og verkstjórarnir hafa rekið þau heim, hafi jafnvel foreldrarnir komið og sagt: Hvað er þetta, geta ekki börnin fengið eftirvinnu alveg eins og þeir fullorðnu? Það þarf meira að segja stundum gagnvart foreldrunum að passa upp á, að börnunum sé ekki þrælað út. Það þarf að breyta almenningsálitinu í þessu sambandi.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. var að láta svo í skína, að með þessu væri algerlega bannað, að unglingar ynnu eftir kl. 5 á daginn. Því miður er það ekki svo, því miður. Það er aðeins í frv., að þau megi ekki vinna meira en 8 tíma á dag. Það þýðir, að þau geta unnið þó nokkuð af þessum 8 tímum í eftirvinnu, við skulum segja t. d. í sambandi við síldarsöltunina. Það er hægt að láta þau vinna að kvöldinu til, því miður, eftir þessu frv., en það má ekki vera lengur en 8 tíma. Ég segi því miður, af því að ég álít, að það ætti helzt að hindra, að það væri nokkur næturvinna fyrir börn, það ætti helzt að hindra það. Í reglugerðinni, sem ráðh. hefur heimild til að setja, er mælt svo fyrir, að það skuli sporna við því, að þau vinni næturvinnu. Það er ekki bann sem sé, það á að reyna að draga úr því, og það er mjög rétt að setja þau ákvæði, og ég hefði satt að segja verið því fylgjandi að hafa þau harðari. Það er vansi á okkar menningu og okkar atvinnulífi að láta börn vinna næturvinnu. Og sannleikurinn er sá, að á meðan það viðgengst, er það vegna þess, að þessi vinna er ekki skipulögð nægilega vel og hún er of ódýr, til þess að atvinnurekendum finnist það borga sig að taka þarna upp almennileg tæki. Það eru til tæki til þess að salta í síldartunnur, án þess að láta mannshöndina koma þar að. Og það væri gott að mörgu leyti að knýja það fram á ýmsan máta, að okkar atvinnurekendur hugsuðu dálítið betur um skipulagningu vinnunnar en þeir gera. Og það mætti gjarnan ýta á þá með það, að þeir gætu ekki bara gripið til ódýrrar barnavinnu til þess að bjarga í slíku, heldur hugsuðu um að þróa vélavinnuna í þessu sambandi. Það var svo forðum daga og hefur lengi þótt svo við brenna, að þar sem vinnuafl hefur verið ákaflega ódýrt, vanrækja menn bæði skipulagningu og vélanotkun. Þess vegna er það því miður svo, að gagnvart þessum börnum innan 14 ára aldurs er það aðeins takmarkað, að þau megi vinna meira en 7 tíma á sólarhring, en það er ekki bannað, að það sé í eftirvinnu eða næturvinnu, aðeins svo fyrir mælt, að það skyldi reynt að sporna við því. Og þetta á að vera í reglugerð. Nú er það því miður svo, að það er búið að vera í lögum árum saman ýmislegt bann í þessum efnum og fyrirmæli um, að það skuli í reglugerð kveðið nánar á um það bann, en sú reglugerð hefur aldrei verið sett. Það hefur aldrei verið sett sú reglugerð, sem átti að setja samkv. þessum barnaverndarlögum. Hins vegar veit ég það nú, að við megum treysta því, að hæstv. ráðh. mun setja þá reglugerð, þannig að það verði nú tryggt, að betur verði séð um framkvæmdina á þessum lögum en verið hefur undanfarið, enda hefur hún verið okkur til ákaflega mikils vansa. Það er ekki víða í jafnstórum borgum og Reykjavík, sem við mundum t. d. sjá annað eins af kornungum börnum, ég held næstum því niður í 6 ára, sem séu að selja blöðin hérna úti og það í hvaða veðri sem er. Þessi krakkagrey hrópa sig hás með blöðin. Þetta er bannað í svo að segja hverju einasta landi í kringum okkur, og útlendir ferðamenn og fréttaritarar, sem hingað koma, eru standandi forviða á þessu menningarleysi Íslendinga. Í öðrum löndum er komið upp litlum blaðsöluturnum, þar sem menn geta keypt sér blöð, en smábörn eru ekki látin vera á götunum í hvaða veðri sem er til þess að selja blöð þar. Það er ekki einu sinni í þessu frv. lagt bann við þessu.

Þess vegna er það engum efa bundið, að þetta frv. er góð tilraun til þess að bæta úr brýnni þörf og afnema ljótan blett á okkar þjóðfélagi. Ég veit, að það kemur til með að kosta allmikla baráttu, ekki sízt við almenningsálitið, að fá þetta framkvæmt, en veit, að það muni takast á endanum.

Það var rætt hér sérstaklega um eða minnzt á, að það væri hart, að það skyldi vera í þessu frv., að það skyldi stefnt að því, að börn skyldu ekki vinna annað, á meðan þau væru í skóla. Ég hefði nú kosið, að það hefði verið sagt beinlínis, að það væri bannað, að þau væru í alls konar lausavinnu, á meðan þau væru í skóla. Sannleikurinn er, að það er ófremdarástand, þegar hér eru nú skólar í Reykjavík t. d. tvísettir og börn, sem fara t. d. kl. 1—2 í skólann, byrja að vinna kl. 8 á morgnana, eru í skólanum allan daginn og koma venjulega ólesin og hafa hvergi aðstöðu til þess að lesa. Skólarnir eru tvísettir og þrísettir jafnvel og ekki aðstaða til þess að lesa í þeim, og fyrir svo og svo mörg börn er engin aðstaða til þess að lesa heima. Og fyrir þessi börn var nauðsynlegt, að kennararnir gætu einmitt leiðbeint þeim í skólunum um eftirmiðdaginn og skólarnir væru bara einsetnir og þau gætu fengið að vera í skólastofunum á eftir og lesa þar í næði og jafnvel spyrja sína kennara. Þannig er þetta í menningarlöndum. Hér aftur á móti er prédikað: Þessi börn, sem eru svona í skólanum, eiga að fara út og vinna. — Og það er svo sem vitanlegt, að sum hraðfrystihúsin hérna og slíkt eru rekin með vinnu barna og unglinga, vegna þess að það er ekki haft almennilegt skipulag á, að það sé hægt að láta þá eldri vinna þar.

Það er þess vegna vægt að orði kveðið þarna, allt of vægt, aðeins rétt stillt upp þessu, að það skuli stefnt að því, að börnum sé ekki þrælað út og unglingum í launavinnu, á meðan þau eru í skólanum. Hins vegar, eins og menn muna kannske eftir, þegar hér lá síðast fyrir skólalöggjöfin, ef ég man rétt, lá þar fyrir yfirlýsing frá læknum, að vinna, sem lögð væri á börn, sem komin eru í landsprófsbekk og þar ofar, væri það mikil, að það ofbyði yfirleitt þeirra heilsu. Satt að segja er það alveg þrælavinna, sem þau börn hafa, sem eru hérna t. d. í landsprófsbekkjunum, ef þau ætla að standast þar, og ekki síður í t. d. menntaskólanum.

Eitt gladdi mig í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., og það er hans yfirlýsing um það, að hann muni greiða atkv. á móti þessu frv., og ég vona, að hann hafi hugrekki til þess að standa við það, og vona enn fremur, að hann sýni sig í því að standa við þau orð sín að skrifa grein á móti því. Það hefði nefnilega verið synd, af því að hann talaði svo mikið um synd hérna, ef hann hefði sleppt því. Komandi sögu er það dýrmætt sögulegt plagg að fá í hendurnar grein frá einum af þessum draugum, einum af þessum gömlu, útdauðu hreppstjórum og oddvitum frá sveitaflutningatímunum, fá grein í hendurnar frá einum slíkum. Hugsið þið ykkur, ef við hefðum nú í dag grein, þar sem maður — við skulum nú ekki tala um, ef það hefði verið þm., hefði verið alveg sérstaklega að mæla með því, hve sveitaflutningarnir væru dásamlegir, hvað það væri indælt fyrir t. d. systkinahóp, að honum væri sundrað og losnaði við það að fá að vera hjá foreldrum sínum, hvað það væri ánægjulegt fyrir 7 og 8, 10 og 12 ára gömul börn að vera boðin upp á hreppaþingi, og hvað þetta væri nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið og hvað það væru hættulegir menn fyrir þjóðfélagið, sem væru að berjast á móti svona nokkru. Því miður eigum við enga slíka grein, en sannarlega hefði sagnariturum 19. og 20. aldar þótt vænt um það að eiga eina slíka. Þess vegna fagna ég því, að hv. 5. þm. Norðurl. v. skuli nú skrifa grein um, hvað það sé voðalegt að setja þessi lög í gegn, og sagnaritarar komandi tíma skuli loksins hafa aðgang að slíkum hugsunarhætti eins og einkenndi þrælahaldarana í gamla daga.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef áður rætt um þetta frv., bæði við 1. og 2. umr. þess, og ég hef raunar ekki miklu við að bæta það, sem ég hef sagt. En þó hafa verið haldnar hér ræður í dag, sem mig furðar stórlega á. Og það er af því tilefni, sem ég ætla að gera hér litlar aths. við það, sem þar hefur verið sagt, og ítreka nokkuð mín sjónarmið.

Fyrst stóð hér upp hv. 5. þm. Norðurl. v. og flutti gamansama ræðu og í þeim sérstaka stíl, sem hann temur sér og okkur þykir öllum gaman að. En ég tók ræðu hans mátulega alvarlega. Hér talaði einnig hv. 3. þm. Sunnl. af miklu meiri alvöruþunga um viss atriði, sem hann hafði í huga af því, sem fram kemur í þessu frv., og gerði þá að umræðuefni 41. gr. frv. Mér finnst margt undarlegt við þessar ræður. Í fyrsta lagi er það dálítið einkennilegt að fara nú að hreyfa þessu hér á síðasta augnabliki, þegar allar horfur eru á því, að þessi hv. þd. afgreiði frv. til Ed. Það er eins og þessir hv. þm. hafi fengið einhverja alvarlega eftirþanka um mál, sem ég hélt þó sannarlega að væri útrætt hér.

Um það efni frv., sem helzt hefur verið rætt, þ. e. 41. gr., þá er það mitt álit, að það sé bezti kaflinn í frv. og það, sem gefur því mest gildi. Mér virðist, að það þoki okkur Íslendingum a. m. k. nokkur mikilvæg spor fram til réttlátara og betra þjóðfélags. Og þó gengur þessi grein alls ekki mjög langt miðað við það, sem er í öðrum löndum. Og úr því að það er farið á annað borð að setja reglur um þessi efni, var áreiðanlega ekki hægt að ganga skemmra en 41. gr. hljóðar um.

Og hvað er það þá, sem felst í 41. gr. frv.? Felst í henni bann við vinnu barna? Það er alls ekki, ekki nema þá að nokkru leyti. Inntakið í gr. er takmörkun á vinnu barna, og það er talsverður mismunur á banni og takmörkunum. Þó felst algert bann við því að nýta vinnuafl barna undir 15 ára aldri á almennum erfiðisvinnumarkaði til jafns við fullharðnaða karlmenn. Það er bannað samkv 41. gr. frv., að börn yngri en 15 ára vinni í verksmiðjum og í uppskipunar- og útskipunarvinnu og byggingarvinnu. Ég skil ákvæði þessi þannig, og það hljóta allir að skilja, að vinnuveitendum sé algerlega bannað að ráða börn á þessum aldri til þessara ákveðnu tegunda af erfiðisvinnu. Þá felur gr. í sér bann við því, að drengir yngri en 15 ára séu ráðnir á skip og loft-

far og stúlkur yngri en 18 ára séu ráðnar í skiprúm eða vinnu í loftfari. Með þessu eru upp talin bannákvæði í gr. Allt annað, sem í gr. segir, eru svo sjálfsagðar takmarkanir á vinnu barna, og þau ákvæði fela alls ekki í sér bann við því, að börn stundi einhverja vinnu.

Þar með er t. d. ekki bannað, að börn á þessum aldri vinni stuttan vinnutíma við ýmis algeng störf, sem til falla. Börn geta hér eftir sem hingað til hjálpað foreldrum sínum við búnaðarstörf og fiskvinnu, svo að dæmi séu nefnd, og atvinnurekendur geta ráðið börn til starfa að því marki, sem greinin segir. Um hámarksvinnutíma barna 14—16 ára segir, að hann skuli vera 8 stundir á dag. Unglingar um eða eftir fermingaraldur mega sem sagt vinna 6—8 tíma á dag. Þetta er ekkert bann við barnavinnu. Hv. 5. þm. Norðurl. e. getur því látið börn sín, sum af þeim a. m. k., vinna 8 tíma á dag og sum kannske minna, þau sem yngri eru. Ég álít, að eins og gr. er nú orðuð, geti allir unað sæmilega við, og það yrði Alþ. til lítils sóma, ef hlaupið yrði til og rýmkað um þau smávægilegu bönn og takmarkanir, sem í henni felast. Ég legg því eindregið til, að hv. þdm. afgreiði 41. gr. frv., eins og hún er orðuð, enda er hv. þd. búin að gangast inn á sjónarmiðið um bann við verstu og óhollustu erfiðisvinnu og takmarkanir á annarri barnavinnu. Ég sé raunar ekki, að það sé hægt að breyta hér neinu, úr því sem komið er, og ef það yrði gert, væri farið inn á braut, sem ekki hefur áður verið farið inn á hér í afgreiðslu þingmála, svo að ég minnist. Ég vona því, að hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 3. Sunnl. verði einir um sínar skoðanir

Björn Pálsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það, að foreldrar færu frá ungum börnum. Það má vel vera, og ég get vel fallizt á það, að konur vinni of mikið úti hér á Íslandi. En það tíðkast nú meira, að konur vinni úti, þar sem flokksbræður þessa hv. þm. ráða ríkjum, því að mér hefur verið sagt, að þær séu óléttar í steypuvinnu hjá Rússum, það sagði mér maður, sem sá það. Hvað frúrnar hafa gert af börnum sínum, ef þau hafa verið fædd, skal ég ekki fullyrða, en ekki geta konur bæði unnið úti, eins og yfirleitt mun gert þar, og litið eftir krökkum. Vafalaust eru þau látin á barnaheimili. Það er nú annað að hugsa um sín heimili, eins og sem betur fer margar konur geta, verið heima og hugsað um börn sín. En þar mun vera algengast, að þær vinni úti, nema hjá gæðingum flokksins.

Þá hefur þessi hv. þm. mikið talað um 13 ára dreng, sem hafi orðið fyrir slysi við vinnu. Vitanlega er alltaf leiðinlegt, þegar menn verða fyrir slysi. En það hafa nú margir fullorðnir orðið fyrir slysi. Og eru ekki alltaf slysin hér á götunum? Og er það ekki einmitt af því, að börnin eru að slæpast á götunum? Það er sannarlega minni hætta, hygg ég, við flesta vinnu, sem börn stunda hér á landi, að þau verði fyrir slysi við vinnu, heldur en einmitt af því að vera að slæpast á götunum. En hitt er annað mál, og það tók ég fram strax við 1. umr., að ég álít rétt, að ekki sé gert of mikið að því að hafa ung börn með vélar eða tæki, sem er vandasamt að fara með, þó að slys geti vitanlega viljað alltaf til og ekki síður hjá gömlu fólki en ungu, því að yfirleitt eru unglingar fljótari að hugsa en aldraðir menn.

Þá ruglaðist þessi hv. þm. á hlutverki hreppstjóra og oddvita hér áðan. Þessi hv. þm. sá ekkert nema blessaða hreppstjórana. En á því tímabili, sem hann man eftir, voru það oddvitar, sem ráðstöfuðu fátæklingum, sem því miður var ekki búið nógu vel að í mörgum tilfellum. Og það var hér áður fyrr á árum, að það var búið illa að fleirum. Fullorðið fólk hrundi niður úr hungri, og það er vafalaust, að börnin hafa dáið líka, en sem betur fer eru þeir tímar liðnir. Og það þýðir ekkert að vera að gala um, hvað var einhvern tíma, það er bara ekki nú. Fólkinu líður miklu betur en því leið, sem betur fer. Og það þýðir ekkert að bera saman erlendar iðnaðarborgir og Ísland. Í þessu stóra landi býr fólk eins og í einni götu í stórborg. Og það á líka við um blaðsöludrengina, það er allt önnur umferð hér eða í stórborgunum. Þar er blátt áfram bannað að hafa börn á götunni. Þau eru ekki látin fara í skólana öðruvísi en þeim sé fylgt. En hitt er annað mál, að það væri alveg saklaust og meinlaust, ég skyldi ekki vera á móti því, að börnum væri bannað að selja blöð á götu, því að sannarlega getur fólkið keypt þetta í búðunum, ef það vill kaupa það, í bókabúðunum.

Ég var ekki að tala um, að það væri gert of mikið fyrir börn, því fer fjarri. Það, sem ég var aðallega að tala um, voru þessar hlægilegu refsingar við því, að börn ynnu og ef börn gerðu einhverjar yfirsjónir eða unglingar. Nú eru þetta engin börn, þetta er upp í 18 ára aldur.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. var að tala um það, að börn um fermingu mættu vinna í 8 tíma. Ég áleit nú, að börn væru fermd 14 ára, það er kannske í Eyjafirði, að þau séu fermd 16 ára, og það má ekki vera nema hálfur aldurinn, svo að ef þau eru fermd 14 ára, eru það 7 tímar. Fermingaraldurinn er í mesta lagi 14 ára aldur og sum eru fermd 13 ára, þá er það 6½ tími. Ég hef aldrei verið neitt að tala um, að það væri ekki nóg vinna hjá 8 ára barni, 4 tímar. 8 ára barn á bara alls ekkert að vinna nema að gamni sínu.

En ég vil segja um 16 ára þroskamikil börn, stúlkubörn, sem hefur liðið vel, eru algerlega fullþroska til vinnu 16 ára gamlar, þá er miklu meiri ástæða með blessaðar kerlingarnar, sem eru búnar að eiga mörg börn, 50—60 ára, að banna þeim að vinna nema 4 tíma, en lofa stelpunum að vinna í 10—12. Ég held, að þessi hv. mannúðarpostuli, 3. þm. Reykv., ætti að taka frúrnar, sem eiga mörg börn, — og þótt þær séu í steypuvinnu hjá Rússum, er það engin fyrirmynd, — og banna algerlega, að þær séu að þræla í marga tíma, það væri mannúðarverk. En að láta stelpurnar ekki vinna nema örstutt og fara svo á stråkaveiðar, það er hreint engin mannúð. Þetta stangast algerlega, að mega ekki vinna og mega ekki syndga. Það er eins og ég sagði í byrjun, þeir eru þá meiri en guð almáttugur, því að hann sá, að það væri hentugast, að menn hefðu eitthvað að starfa og yrðu að vinna

fyrir sínu daglega brauði, til þess að syndin yrði ekki algerlega í algleymingi. Adam og Eva áttu víst ekkert að gera fyrst og byrjuðu undireins að syndga.

Þá var þessi hv. þm. að tala um, að aldrei hefði verið sett reglugerð viðvíkjandi þessum barnaverndarlögum, sem nú eru. Satt að segja eru barnaverndarnefndir í hreppunum, og ég held, að þær hafi ekki farið neitt illa með sitt vald, og það þarf ekki að kvarta yfir því. En það er einmitt þetta, sem getur forðað frá slysum, það er, að unglingunum sé komið í vinnu, en séu ekki að slæpast á götunum fyrir bílum og öðrum tækjum. En það er spurning, hvort ætti ekki einmitt í skólatímanum, þessa 7 mánaða skólatíma, að hafa meiri verklega kennslu en er. Börn hafa ekkert að gera með að sitja 6 ár, 7 mánuði á hverju ári, til þess að læra bóklegt nám, sem lært er undir framhaldsskóla. Það er algerlega óþarfi. Sveitabörnin taka þetta á 12—14 mánuðum og jafnvel 6—8 mánuðum og eru ekkert verr að sér en hin. Nei, það er ekki það, sem ég er að finna að, að það sé gert of mikið fyrir börnin, heldur þessi dæmalausu ákvæði.

Þá segja þessir hv. herrar, að það sé alls ekkert talað um það, að börn megi ekki vinna eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Þetta stendur bara orðrétt: „Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna“ upp að 18 ára aldri. Það er tiltekið í þessu frv. 16—18 ára. Og hvað er að sporna við? Það er ekki að reyna að sporna við. Það er sagt bara: „er sporni við“, sem komi í veg fyrir, þýðir það á íslenzku máli. Við hverju á að sporna? Það er ákveðið sagt: að koma í veg fyrir yfirvinnu, næturvinnu og sunnudagavinnu. Það er ekki neitt undanfæri. Ráðh. á að setja reglugerð, sem kemur í veg fyrir, að það sé unnin yfirvinna, næturvinna og helgidagavinna. Það er ekkert annað. Þetta á að ná til 18 ára aldurs, og hér er alveg skýrt fram tekið, að hámarksvinna á að vera 8 stundir án undantekninga. Nú er það þannig, bæði til sjávar og sveita, að það er ekkert hægt að gera suma daga, svo að meðaltalsvinna getur orðið langt undir 8 tímum, þótt í mörgum tilfellum sé unnið miklu meira en í 8 tíma. Það er ekki hægt að miða atvinnuvegi okkar Íslendinga við stórar iðnaðarborgir, það er allt annað. Hér getum við ekki unnið alla daga, og ef tekið væri fram, að þetta væri aðeins innivinna í verksmiðjum, þá er það sannarlega nóg, að börnin ynnu þetta. En atvinnulíf okkar er þannig, að það horfir allt öðruvísi við. Og þetta er alveg skýrt fram tekið, það á að koma í veg fyrir, að það sé unnin yfirvinna, næturvinna og helgidagavinna. Meira að segja bændurnir mega ekki biðja börn sín upp að 18 ára aldri, hvað stórir dólar sem þetta eru, að reka kýrnar fyrir sig á sunnudegi. Það er hægt að kæra þá fyrir það, eða mjólka. Og svo verða gömul hjón að basla við að gera þetta sjálf, ekki má biðja blessuð börnin, það er hægt að kæra fyrir það. Þetta kalla ég vitlaus lög.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, ÓskJ, DÓ, KTh, EI, EOI, GeirG, GuðlG, GunnG, HV, IG, JSk, JR, LJós, MB, AJ, PS, SÁ, SE, SvJ, ÞÞ, ÁÞ, HSv, SB.

nei: BP.

15 þm. (EðS, EmJ, EystJ, GíslG, GÞG, HÁ, HS, IngJ, JóhH, JP, MÁM, RA, SI, JK, BF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Út af ábendingu hv. 5. þm. Norðurl. e. (IG) um, að ég hefði talað gegn þessu frv., þá sé ég ástæðu til að gera grein hér fyrir atkvæði mínu. Ég held, að hann hafi hlotið að misskilja mín orð í sambandi við frv. Ég tók það fram, að ég teldi mörg ákvæði þess og þá sérstaklega ákvæðið um takmörkun vinnu barna vera mjög til bóta og vera nauðsynlegt í okkar löggjöf. Mín ábending var um það eitt, að ég taldi, að hv. Ed., þegar frv. kæmi þangað, bæri að skoða betur 41. gr., hvort ekki væri hægt að komast fram úr þeim ákvæðum, sem þar eru, á þann veg, að ekki væri hætta á, að lögin yrðu ekki virt, eftir að Alþingi væri búið að afgreiða þau hér og gefa þau út. Þetta var mín ábending í sambandi við þetta frv. Ég hafði alltaf haft í hyggju að greiða því atkvæði hér. Vildi ég koma þessu að, áður en það væri komið út úr deildinni, og ég segi já við frumvarpinu.

Frv. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 15. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. Var hv. menntmn. Nd. sammála um að mæla með samþykkt þess, eftir að hún hafði gert við það allmargar brtt., sem samþ. voru shlj. Hv. Nd. afgreiddi síðan frv. við 3. umr. fyrir nokkrum dögum, og var það samþ. þar með öllum greiddum atkv. gegn einu. Um þetta mál náðist því mjög víðtæk samstaða í hv. Nd., og vona ég, að svo verði einnig hér í hv. Ed., enda er hér tvímælalaust um mjög merka lagasetningu að ræða.

Núgildandi lög um barnavernd og ungmenna voru sett árið 1947 og eru því orðin nær 18 ára gömul. Lögin, sem í gildi voru fyrir 1947, voru frá árinu 1932. Voru það fyrstu lögin um barnavernd hér á landi. Urðu Íslendingar verulega á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum varðandi setningu allsherjarlaga um barnavernd, en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku höfðu slík lög verið sett um síðustu aldamót. Þótt lögin frá 1947 hafi verið vönduð lagasetning á sínum tíma, er þó tvímælalaust orðið tímabært að endurskoða þau og setja ný lög um þessi efni. Á þeim næstum tveim áratugum, sem liðnir eru, frá því að lögin voru sett, hafa orðið svo gagngerar breytingar á þjóðfélagsháttum hér á landi, að á ýmsum

málum barna og ungmenna þarf nú að taka með öðrum hætti en eðlilegt var og skynsamlegt fyrir 15—20 árum. Fólksfjölgun hefur orðið mikil og mjög ör þróun frá dreifbýli til þéttbýlis. Hefur þetta í för með sér ýmis félagsleg vandamál, sem nauðsynlegt er að hið opinbera láti til sín taka.

Mér þykir þó rétt að láta þess getið hér, að í kjölfar vaxandi þéttbýlis hér á landi virðist ekki hafa orðið hliðstæð aukning lausungar og lögbrota og átt hefur sér stað í ýmsum nágrannalandanna. Kemur þetta fram í opinberum skýrslum barnaverndarnefnda undanfarna áratugi, svo og skýrslum um lögbrot barna og unglinga. Í síðustu skýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur segir t. d., að hún hafi haft afskipti af færri heimilum en á árinu áður vegna ófullnægjandi aðbúnaðar barna. Skýrslur um lögbrot barna síðustu áratugi sýna ekki heldur neina aukningu slíkra afbrota að ráði og raunar hlutfallslega fækkun þeirra, ef tekið er tillit til fjölgunar fólks á því aldursskeiði, sem um er að ræða. Tala stúlkna, sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af, hefur þó farið nokkuð hækkandi, en þó ekki hlutfallslega, þ. e. ef miðað er við fjölda telpna á því aldursskeiði, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Þegar barnaverndarnefndir hafa afskipti af telpum, er það vegna útivistar, flakks og stundum lauslætis. Um brot gegn hegningarlögunum er það hins vegar að segja, að þeim hefur fækkað hlutfallslega tvo síðustu áratugina og eru nú færri hlutfallslega en síðustu árin fyrir stríð. Skýrslur um börn, sem hafa orðið uppvís að lögbrotum tvívegis eða oftar, sýna, að hundraðstala þeirra barna, sem tvívegis hafa orðið uppvís að brotum, er nálega sama nú og á fjórða áratug aldarinnar, en hundraðstala þeirra, sem oftar en tvívegis hafa orðið sek um brot, hefur hins vegar farið verulega lækkandi.

Þetta, sem nú var sagt, á við skýrslur úr Reykjavík, en skýrslur úr hinum kaupstöðunum sýna svipaða þróun. Þó að ástand í þessum efnum sé sem betur fer áreiðanlega ekki eins slæmt og ýmsir virðast stundum álíta, og hefur ekki heldur farið versnandi, er engu að síður hafið yfir allan efa, að aukinna aðgerða í þessum efnum er þörf frá því, sem verið hefur, og brýn nauðsyn á átaki til þess að bæta starfsaðstöðu barnaverndarnefnda, svo og að koma á fót ýmsum stofnunum í þágu barnaverndar og starfrækja þær.

Næstum tveggja áratuga gömul löggjöf um þessi mikilvægu efni hlýtur að vera orðin úrelt að ýmsu leyti. Það var þess vegna, að ég á árinu 1961 skipaði n. manna til að endurskoða gildandi lög um vernd barna og ungmenna. Í n. áttu sæti Sveinbjörn Jónsson hrl., formaður barnaverndarráðs, og var hann skipaður formaður n., Ármann Snævarr háskólarektor, Guðmundur Vignir Jósefsson hdl., þáverandi formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur, séra Gunnar Árnason barnaverndarráðsmaður, dr. Gunnlaugur Þórðarson varaformaður barnaverndarráðs, Magnús Sigurðsson skólastjóri og barnaverndarráðsmaður og dr. Símon Jóh. Ágústsson sérfræðingur barnaverndarráðs. Varð n. að mestu sammála um frv., eins og það var lagt fyrir hv. Nd., en aðalatriði frv. og þau, sem n. lagði sérstaka áherzlu á, voru fyrst og fremst þessi:

Í fyrsta lagi taldi n., að bæta þyrfti starfsaðstöðu barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs, sérstaklega að því er snerti húsnæði og sérmenntað starfslið.

Í öðru lagi: Í gildandi l. er ákvæði um, að koma skuli upp ýmsum stofnunum í þágu barnaverndaryfirvalda, svo sem athugunarstöð og vistheimilum fyrir drengi og stúlkur. Eina athugunarstöðin, sem til er, er gersamlega ófullnægjandi að dómi n. Vistheimili, sem starfrækt er í Breiðuvík fyrir drengi, fullnægir ekki þörfinni, þótt n. hafi talið, að þar hafi verið unnið nytsamlegt og þakkarvert starf. Hliðstætt heimili fyrir stúlkur hefur hins vegar ekki verið stofnsett enn.

Í þriðja lagi: N. undirstrikaði sérstaklega nauðsyn þess, að barnaverndarnefndir hefðu í þjónustu sinni sérmenntað fólk, einkum og sér í lagi í stærri kaupstöðum. Taldi n. þurfa að hefjast handa um að styrkja fólk til að sérmenntast á þessu sviði og benti á, að efna þyrfti til nokkurrar kennslu í þessum fræðum hér á landi, t. d. í tengslum við háskólann, kennaraskólann eða fóstruskólann.

Í fjórða lagi: N. benti einnig á, að barnaverndarráð þurfi mjög á fleiri sérmenntuðum starfsmönnum og ráðunautum að halda.

Í fimmta lagi: Meiri hl. n. taldi rétt að fjölga meðlimum barnaverndarráðs um tvo og tryggja það, að þar ættu ávallt sæti sálfræðingur, læknir, lögfræðingur, auk prests og kennara.

Í sjötta lagi: N. benti á, að svo mikið vald sé lagt í hendur barnaverndaryfirvalda, að nauðsyn sé að tryggja betur en nú er gert vandaðri meðferð mála og rökstuddar úrlausnir og treysta með öðrum hætti réttaröryggi á þessu mikilvæga sviði.

Í sjöunda lagi: N. tók til sérstakrar athugunar ýmis atriði í starfsháttum barnaverndarnefnda og tengslum þeirra við barnaverndarráð sem og löggæzlu og dómsvald.

Í áttunda lagi: N. gerði till. um breytingar á ákvæðum gildandi l. um fóstruskóla.

Í níunda lagi: N. endurskoðaði gildandi lagaákvæði um vinnuvernd barna og unglinga og kvikmyndaeftirlit, jafnframt því sem hún gerir till. um nýmæli varðandi vegabréf unglinga.

Í tíunda og síðasta lagi: N. benti á, að í nágrannalöndum sé fjallað um barnaverndarmál í félmrn., en ekki menntmrn., eins og hér sé gert, en gerði þó ekki till. um breytingu í því efni hér.

Þetta voru aðalatriðin, sem n. miðaði starf sitt við og byggði tillögugerð sína í frv. á.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér í einstökum atriðum þær breytingar á gildandi lögum, sem fólust í frv. n. Um eitt atriðið vildi ég þó fara nokkrum orðum, þ. e. ákvæðin um vinnuvernd barna og unglinga, enda voru þau ákvæði einna mest rædd í hv. Nd.

Í gildandi l. eru nokkur ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Annars staðar eru þó slík ákvæði ekki í barnaverndarlögum, heldur í heildarlögum um vinnuvernd. Hér á landi hefur

ekki enn verið sett heildarlöggjöf um vinnuvernd. Þess vegna taldi n., sem þetta frv. samdi, eðlilegt að halda ákvæðinu um vinnuvernd barna og ungmenna í barnaverndarlögum, þótt hún telji barnaverndarnefndina að vísu hafa örðuga aðstöðu til þess að fylgjast með því, að farið sé eftir slíkum ákvæðum. N. taldi og ráðlegt og raunar ógerlegt að setja viðtækt ákvæði um þetta í sjálfan lagatextann. Hún taldi hyggilegra að hafa almenn ákvæði í lögunum og setja síðan reglugerð til fyllingar þessum ákvæðum.

Ýmsar breytingar lagði hún þó til á gildandi lagaákvæðum. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir, að heimilað sé að leggja bann við því, að börn og unglingar vinni með tækjum eða umgangist tæki, sem slysahætta stafar af. Sama gildir um vinnu, sem hefur á annan hátt slysahættu í för með sér. Taldi n., að þau hörmulegu slys, sem orðið hafa á síðustu árum fyrir það, að börn eða ungmenni hafi unnið með tækjum, sem sérstök slysahætta stafar af, gerðu það mjög brýnt að setja bannákvæði sem þessi.

Í öðru lagi lagði n. til, að reglugerðarheimildin væri einnig látin ná til ákvæða, sem sporni við eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveði á um, að læknisskoðun fari eftir atvikum fram til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn.

Í þriðja lagi lagði nefndin til, að sett verði ákvæði um heimild til setningar reglugerðar um störf, sem siðferði barna geti stafað hætta af. Þá gerði hún og till. um nokkrar breytingar á gildandi ákvæðum um ráðningu ungmenna til starfa á skipum og að bannað sé að ráða karlmenn yngri en 15 ára og konur yngri en 18 ára til starfa í loftfari.

Þá skal ég með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim breytingum, sem hv. Nd. gerði á frv. skv. einróma till. hv. menntmn.

Í frv. var gert ráð fyrir því, að barnaverndarnefnd skuli vera í hverjum kaupstað og hverjum hreppi landsins. Þessu var breytt þannig, að hafa megi sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, þar sem þeir eru fámennir.

Í frv. var ákvæði um, að ekki megi kjósa í barnaverndarnefnd eldra fólk en 66 ára gamalt. Þetta ákvæði hefur verið fellt úr frv.

Allmikil breyting var gerð á frv. varðandi skipun barnaverndarráðs. Hingað til hefur barnaverndarráð verið skipað skv. tilnefningu nokkurra samtaka: Prestafélags Íslands, Sambands íslenzkra barnakennara, Læknafélags Íslands o. s. frv. Menntmn. Nd. lagði til, að ráðh. skipaði barnaverndarráð án tilnefningar nokkurra samtaka. Hins vegar var því haldið í frv., að formaður ráðsins skuli vera embættisgengur lögfræðingur, og virðist það vera eðlilegt vegna þess, að barnaverndarráð er að ýmsu leyti dómstóll og þarf að taka ákvarðanir, sem hafa mjög alvarleg áhrif á líf og örlög þeirra barna og þeirra fjölskyldna, sem hlut eiga að máli.

Í frv. var gert ráð fyrir því, að kostnaður af kennslu þeirra unglinga, sem lokið hafa skyldunámi, en eru á vegum barnaverndarnefndar, skuli greiðast hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóði skv. fræðslulögum. Sagði í frv., að þetta ætti við, ef foreldrar eða framfærendur væru ekki aflögufærir. Þessi setning hefur verið felld niður, og er því frv. nú þannig, að unglingur eigi sama rétt á, að ríki og sveitarfélag kosti fræðslu hans, hvernig svo sem efnahag foreldranna er háttað.

Þá er bætt inn í frv. ákvæði um, að ríkisstj. skuli setja á stofn og reka heimili og skólastofnanir, er annist uppeldi og fræðslu ungmenna og barna, sem eru frá heimilum, sem vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börnin að dveljast þar, gáfnasljórra barna, andlega vanþroska barna og ungmenna, barna, sem ekki sækja skóla á viðunandi hátt, barna, sem að dómi kennara og skólastjóra spilla góðri reglu í skólunum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum, barna, sem að dómi kennara og skólastjóra og skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám, og skuli skipta kostnaði samkv. fræðslulögum. Þessi breyting var tekin inn í frv. samkv. tillögu kennarasamtakanna.

Í frv. var gert ráð fyrir því varðandi meðlög með þeim börnum, sem barnaverndarnefndir þurfa af einhverjum ástæðum að koma fyrir á öðrum heimilum í fóstur, að sveitarstjórn og viðkomandi aðilar skuli semja um greiðslur með þessum börnum. Þessu var breytt þannig, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir hreinlega með börnunum og upphæðirnar verða ákveðnar í lögum. Börn innan 7 ára aldurs skulu fá þrefaldan barnalífeyri, en eldri en 7 ára tvöfaldan barnalífeyri.

Þá gerði hv. Nd. nokkrar breytingar á ákvæðum frv. um vinnuvernd barna og unglinga. Hingað til hefur staðið í lögum og stendur í gildandi lögum, að börn innan 15 ára megi ekki vinna í verksmiðjum, og hlýtur þetta að þýða það, að þau megi ekki vinna t. d. í frystihúsum, en þetta ákvæði hefur verið og er þverbrotið um land allt. Menntmn. Nd. gerði ekki till. að skilgreina þetta nánar í frv., en hún lagði til, að því yrði bætt í frv., að ekki megi ráða börn innan 15 ára til uppskipunar- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu.

Þá eru tekin í frv. ákvæði um, að hámarksvinnutími barna undir 14 ára aldri skuli vera hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. fyrir 14 ára barn 7 stundir á dag, fyrir 13 ára barn 6½ stund á dag og fyrir 12 ára barn 6 stundir á dag o. s. frv. Þar sem unnið sé 8 stunda vinnutímabil, skuli jafnan koma tveir vinnuhópar barna á móti einum vinnuhóp fullorðinna, þannig að þá vinni 4—5 stundir hvor barnahópur. Þá er ákvæði um það, að alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skuli vera 8 stundir án undantekningar. Loks var bætt inn þessu ákvæði: „Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.“

Varðandi kvikmyndaeftirlitið var sú breyting gerð á frv., að barn, sem er á þeim aldri, að það má ekki horfa á kvikmynd skv. úrskurði kvikmyndaeftirlits, skuli ekki heldur mega horfa á myndina, þó að það komi til kvikmyndahússins

í fylgd með foreldrum eða öðrum fullorðnum.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir helztu brtt., sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. samkv. einróma till. hv. menntmn. Með hliðsjón af því, að svo að segja alger samstaða náðist um afgreiðslu málsins í hv. Nd., leyfi ég mér að lokum að vænta þess, að eins fari hér í hv. Ed., svo að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mig langar til þess að fara nokkrum orðum um þetta mál, sérstaklega af því að hæstv. menntmrh. (GÞG) er staddur í þessari hv. deild.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann teldi að vísu ekki ástandið í barnaverndarmálum hér á landi sérlega gott eða til fyrirmyndar, en þó hins vegar ekki sem allra verst. Hér get ég ekki verið hæstv. ráðh. sammála. Ég held, að ástand barnaverndarmála hér á landi sé hér um bil eins slæmt og það getur orðið. Annað mál er svo hitt, hverju er um að kenna. Ég tel, að ástandið sé og hafi árum saman, ef ekki alltaf, verið eins bágborið og frekast má verða, og ég vil telja, að í þessum málum hafi hjá okkur til þessa dags gengið allt á tréfótum. Barnaverndarnefndirnar hafa verið látnar vinna til þessa dags við mjög frumstæð og ófullkomin skilyrði. Tilfinnanlegur skortur hefur verið á hvers konar uppeldisheimilum og öðrum barnahælum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, ekki hvað sízt nú síðustu árin, að íslenzk börn eru vinnuþrælkuð úr hófi fram, og ég vil bæta því við, að sennilega er börnum á skólaskyldualdri yfirleitt, a. m. k. í Reykjavík, íþyngt um of með skólanámi. Það er talið, að áfengisneyzla barna og ungmenna fari vaxandi á síðari árum. Í skýrslum barnaverndarnefnda má lesa um það, að börn, — ég veit ekki, hve mörg, — hætti skyldunámi á hverju ári í ótíma eða svo gott sem, þegar þeim býðst við að horfa, og hverfi þannig úr skóla furðulega fákunnandi og jafnvel ólæs. Menn standa ráðþrota gagnvart börnum og ungmennum, sem fremja afbrot eða leggjast í flakk, lauslæti og óreglu. Menn hafa engin tök eða tæki til þess að hjálpa þessum börnum. Það er jafnvel ekki einsdæmi í okkar þjóðfélagi nú á dögum, að börn séu fangelsuð. Það sýnir bezt öngþveitið í þessum málum.

Þannig er þá ástandið í barnaverndarmálum okkar í dag. Nú mætti kannske segja, að þetta væri málað of dökkum litum eða ýkt, og ég skal mjög stuttlega rökstyðja þessar fullyrðingar mínar, eftir því sem tök eru á í stuttu máli.

Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1963. Í þessari skýrslu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, — það er talað um brot barna, sérstaklega lauslætisbrot stúlkna, og síðan segir orðrétt í þessari skýrslu:

„Samfara brotunum eru oft ýmis önnur vandræði, sem ekki er að jafnaði getið í skýrslum nefndarinnar. Má hér t. d. nefna fjarvistir barna úr skólum. Mörg börn á fræðsluskyldualdri hætta að sækja skóla án lögmætra ástæðna og án þess að rönd verði við reist við núverandi aðstæður. Flest eru börn þessi á tveim síðustu árum fræðsluskyldunnar, en önnur hafa ekki lokið barnaprófi, er skólavist þeirra lýkur. Eru sum þeirra mjög fákunnandi, jafnvel ólæs. Er hér um vanda að ræða, sem nauðsyn ber til að taka föstum tökum."

Á þessa leið segir í skýrslunni um þetta efni. En það er fleira fróðlegt í þessari ársskýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963, og ég vil lesa örstuttan kafla til viðbótar til þess að skýra mínar fyrri fullyrðingar, með leyfi hæstv. forseta, — í skýrslunni segir m. a. svo:

„Þau vandamál, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur fæst við, eru ærin og vaxandi. Barnaverndarstarf er hér hins vegar ungt að árum og frumbýlingslegt miðað við það, sem bezt gerist erlendis. Til samanburðar má geta þess, að á þessu ári voru um 270 manns starfandi hjá barnaverndarnefnd Kaupmannahafnar eða milli 6 og 7 sinnum fleiri en í Reykjavík miðað við íbúatölu þessara borga. Mestur þrándur í götu er þó skortur á hvers kyns barnaheimilum og uppeldisstofnunum. Þessi skortur veldur því, að nefndin getur lítið sem ekkert gert til að bjarga hluta þeirra barna og unglinga, sem til hennar er vísað og þarfnast hjálpar."

Þá er talað í þessari skýrslu um mestu og erfiðustu viðfangsefni nefndarinnar, sem eru vandræðaungmenni, sem þarf að koma fyrir á uppeldisheimilum. Það er sagt frá, að til sé í landinu eitt heimili slíkt fyrir drengi, heimilið í Breiðuvík, þörf sé orðin mikil á, að annað drengjaheimili verði sett upp, og síðan heldur áfram orðrétt:

„Verst er þó ástandið að því er varðar unglingsstúlkur, sem lent hafa í brotum. Fyrir þær höfum við, sem kunnugt er, engan samastað. Þess er áður getið, að kvenlögreglan hafði á árinu afskipti af 43 stúlkum, 16 ára og yngri, vegna ýmiss konar brota, mest lauslætis og óreglu. Nokkrar þessara stúlkna hafa verið til lækninga vegna kynsjúkdóma, og aðrar hafa eignazt börn. Nokkrar hafa einnig lent í þjófnaðarbrotum. Ein þessara stúlkna hefur orðið uppvís að 15 þjófnuðum á einu ári. Nemur verðmæti þess, sem hún hefur tekið, um 45 þús. kr. Fárra úrræða er völ til hjálpar þessum stúlkum. Fáeinum hefur á undanförnum árum verið ráðstafað á uppeldisheimili í Danmörku. Fáum öðrum hefur verið komið fyrir á einkaheimilum úti á landi, með misjöfnum og þó oftar litlum árangri. Flestar lifa þó lífi sínu áfram, án þess að barnaverndarnefnd eða aðrir fái rönd við reist. Þær, sem verst eru staddar, eru á vergangi milli stofnana eins og upptökuheimilisins að Elliðavatni, Farsóttahússins og Kleppsspítalans."

Þetta segir í skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur um þau efnisatriði nokkur, sem ég minntist á hér í upphafi míns máls.

Ég minntist á, að alkunn væri vinnuþrælkun íslenzkra barna. Nýlega var hér í Reykjavík gerð athugun á atvinnu skólabarna í Reykjavík sumarið 1962. Athugunin náði til 3694 barna á aldrinum 12, 13 og 14 ára, og það eru um 90% allra barna á þeim aldri á þessu ári. Niðurstaða þessarar athugunar var að mínum dómi mjög sorgleg. Ég skal aðeins geta nokkurra atriði í þeirri niðurstöðu.

Aðeins 2.3% barnanna 12, 13 og 14 ára stund-

uðu engin reglubundin störf sumarið 1962. En yfirleitt hófu börnin vinnu strax að skóla loknum að vorinu og hættu ekki fyrr en í septembermánuði. Vinnudagurinn hjá þessum ungu börnum var þá 8 klst. eða meira hjá 67% barnanna. Og loks má bæta því við, þó að það komi þessu máli kannske ekki sérstaklega við, að áberandi var, hversu laun þessara barna voru lág, t. d. höfðu 1300 börn undir 2500 kr. yfir sumarið.

Ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi að geta þess til skilningsauka á þessu þjóðfélagslega vandamáli, að yfirvöld Reykjavíkur voru síður en svo hneyksluð á þessari niðurstöðu. Þau voru svo hrifin af þessari niðurstöðu, barnavinnunni, að það var gerð sérstök samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þess efnis að benda samtökum iðnrekenda og annarra greina atvinnulífsins á þá miklu möguleika, sem felast í vinnuafli barna. En það er kannske önnur saga.

Varðandi vinnuþrælkun barna vil ég aðeins minna á eitt, sem er harla lærdómsríkt. Það var í júnímánuði 1963, að annað stjórnarblaðið, Morgunblaðið, birti fagnandi frásögn fréttamanna um heimsókn þeirra í eitt af frystihúsum landsins. Fögnuðurinn var einkum fólginn í því, að þar reyndust vera 34 börn að vinnu og þau yngstu 8 ára gömul. Fréttamennirnir töluðu við tvö af þessum 8 ára börnum, dreng og stúlku, og spurðu þau ýmislegs varðandi vinnuna og kaupið og hvað þau ætluðu að gera við kaupið. En aðdáun fréttamannanna á þessu fyrirbæri var ótvíræð. En meðan fréttamaðurinn var að tala við börnin, kom verkstjórinn þar að og áminnti börnin um að láta ekki fréttasnápa vera að tefja sig, þau skyldu halda áfram að vinna.

Hitt kemur svo oft fyrir og blöð skýra frá því, að börn verði fyrir alvarlegum slysum á vinnustöðum og þar með alvarlegum slysum í sambandi við verksmiðjuvinnu. Allt þetta hefur gerzt og gerist enn í okkar þjóðfélagi og hefur farið í vöxt vafalaust á síðari árum.

Ég gat þess lauslega í upphafi míns máls, að ég hefði grun um, að börnum væri íþyngt um of við skólanám, a. m. k. í Reykjavík. Máli mínu til stuðnings get ég nefnt það, að árið 1949 athuguðu skólalæknar í Reykjavík lengd námstíma barna og heimavinnu. Og þá kom í ljós, að flest börnin höfðu mjög langan vinnudag. T. d. var niðurstaðan sú, að 12 ára börn og eldri hefðu lengri vinnudag en almennt gerðist um fullorðna við svipuð, en þó léttari störf. Skýrsla skólalæknanna sýndi m. a., að 12 ára drengir höfðu þá allt að 44 klst. vinnu á viku, 12 ára stúlkur 52 klst. vinnuviku, 13 ára drengir 46 klst. og 13 ára stúlkur 51 klst. á viku. Þetta gefur mér tilefni til að hafa ákveðinn grun um, að börnum sé ekki aðeins íþyngt um of við sumaratvinnu, heldur sé þeim íþyngt um of með störfum allan ársins hring.

Ég skal svo ekki hafa þessa upptalningu miklu lengri, en aðeins minna á, af því að ég minntist á fangelsun barna, að í des. 1963, að ég hygg, skýrðu blöð frá því, að 14 ára dreng úr fátækrahverfi Reykjavíkur hefði verið stungið inn í tukthúsið við Skólavörðustíg. Eitt blaðið hafði tal af formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur, og sagði hann, að pilturinn væri í fangelsinu á hennar vegum. Þessum dreng höfðu orðið á ýmiss konar alvarlegir hlutir, eða alvarlegri hlutir en vanalegt er um bernskubrek, og því var talið nauðsynlegt að koma honum í tímabundna gæzlu og til yfirheyrslu, en aðbúnaður barnaverndarnefndar væri með þeim eindæmum, að hún teldi sig í þessu tilfelli ekki eiga í annað hús að venda með drenginn en hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Og það kom fram í viðtalinu við formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að þetta væri ekki einsdæmi, að skjólstæðingi barnaverndarnefndar væri stungið þarna inn, að vísu hefði það þó aðeins komið fyrir örsjaldan.

Ég hef þá lýst nokkuð og gert grein fyrir því öngþveitisástandi, sem er í barnaverndarmálum hér á landi nú.

Þá vildi ég aðeins með örfáum orðum koma að því, hver er orsök þessa vandræðaástands. Hver er orsök öngþveitisins? Er þetta ástand að kenna úreltum lögum, eða er orsökina að finna annars staðar? Gildandi lög um barnaverndarnefndir voru sett árið 1947. Þau eru því orðin 18 ára gömul. Ég er algjörlega sammála því, sem kemur fram í grg. með þessu frv., að þessi lög eru mjög vönduð að gerð, og ég vil hiklaust neita því, að úrelt lög eigi sök á þessu ófremdarástandi. Ég vil meina, að innan ramma gildandi laga um barnavernd hefði verið hægt að gera og mætti gera allt, sem nauðsynlegt er í þessum efnum til úrbóta.

Gildandi lög eiga sannarlega ekki sökina á þessu, svo mikið er víst. Hitt mun vera sönnu nær, að framkvæmd laganna hafi frá upphafi og sé enn í dag í megnasta ólestri. Og þar hygg ég, að hundurinn liggi grafinn. Það er ekki úreltum lögum um að kenna, heldur slælegri framkvæmd ákvæða þessara laga. Þeir, sem hafa farið með yfirstjórn þessara mála í 18 ár, síðan lögin voru sett, — og mér þykir leitt að þurfa að benda á, að núv. hæstv. menntmrh. hefur farið með þessi mál helming þessa tíma, — það eru þeir, sem hafa vanrækt skyldur sínar umfram alla aðra í þessum efnum. Þeir hafa ekki skeytt um, þótt barnaverndarnefndir mættu heita óstarfhæfar vegna aðstöðuerfiðleika og skorts á starfsfólki. Ekki meinuðu gildandi lög þeim að bæta aðstöðu barnaverndarnefnda í þessum efnum. Þeir hafa einnig vanrækt að framkvæma — blátt áfram vanrækt að framkvæma sumt af því, sem lögin buðu þeim að gera, skylduðu þá til að gera. Og þeir hafa ekki hirt um að notfæra sér heimildir, sem lögin veittu þeim eða veita þeim til bættrar þjónustu á sviði barnaverndar.

Þetta er sannleikurinn í þessu máli. Hann er sá, að lögin frá 1947 hafa ekki komið til framkvæmda enn í dag í veigamiklum atriðum. Ég skal nefna örfá dæmi þessa.

Samkvæmt lögunum er ríkisstj. skylt að setja á stofn hæli, þar sem vistuð skuli börn og ungmenni, er framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Í lögunum segir, að þessi hæli skuli vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum.

Stúlknahælið er ókomið enn, eins og fram kom í skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þó er það ekki hvað sízt í þessum efnum, sem skór-

inn kreppir að og hefur lengi gert. Þörfin er auðsæ, enda hefur oft verið þrýst á um þetta stúlknahæli, m. a. á hinu háa Alþingi, en alltaf fyrir daufum eyrum þeirra, sem þessum málum stjórna.

Ráðherra hefur allt til þessa dags, þrátt fyrir ótvíræða nauðsyn, enn ekki hirt um að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, þar sem nánar sé kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld barna, vinnutíma, orlof og önnur vinnuskilyrði. Í lögunum er ráðh. veitt heimild til þessa, og um þörf á beitingu þeirrar heimildar þarf ég ekki að fjölyrða.

Þá er ríkisstj. skylt samkv. gildandi lögum að reisa og reka athugunarstöð eða stöðvar handa börnum, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum. Eitt slíkt hæli er að vísu rekið, hælið í Elliðahvammi, en það er með þeim myndarbrag, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur stundum þótt skárra að leita með börnin á náðir fangahússins við Skólavörðustíg heldur en á þetta hæli. Svo lélegt kvað það vera að öllum húsbúnaði.

Það má loks telja til vanrækslusynda þeirra, sem með stjórn þessara mála hafa farið á umliðnum árum, að enda þótt lögin um barnavernd séu æ ofan í æ fótum troðin og það í stórum stíl, þannig að blöðin birti af þessu frásagnir undir stórum fyrirsögnum, þá hreyfa yfirvöld hvorki legg né lið til þess að kippa í lag, til þess að draga sökudólga fyrir rétt og láta þá standa ábyrga sinna gerða. Ég hef a. m. k. ekki heyrt þess getið, að ríkisvaldið hafi látið til skarar skríða gegn lögbrotum eins og verksmiðjuvinnu barna 8 ára gamalla eða fangelsun drengsins, sem ég nefndi áðan. Ég held, að það hafi allt saman verið látið heita gott og gilt og jafnvel nánast ágætur fréttamatur blaða og annað ekki.

Nei, það er enginn efi á því, að gildandi lög eiga ekki hér sökina, heldur er það sök þeirra, sem með völdin fara, hvernig umhorfs er á þessu sviði.

Ég skal ekki ræða frv. hér neitt ýtarlega. Það segir í athugasemdum, að menntmrh. hafi á árinu 1961 skipað nefnd manna til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Þetta er að vissu leyti þakkarvert framtak hjá hæstv. ráðherra, og ber ekki að lasta það. Endurskoðun gamalla laga er nauðsynleg og á alltaf rétt á sér, og raunar er það tilfellið um ýmis önnur lög frekar en þau, sem hér er um að ræða.

Mér finnst orka tvímælis, hvort heillavænlegra sé nú að framkvæma gildandi lög eða semja ný lög. Það má segja ef til vill, að það gildi einu, hvor leiðin farin sé, ef áframhaldið á að vera eins og hlutirnir hafa gengið hingað til fyrir sig. Ég lasta hæstv. ráðherra ekki fyrir að skipa þessa nefnd og láta endurskoða þessi lög, þó að ég teldi þau vera góð og í fullu gildi enn. En ég hefði talið miklu lofsverðara, ef hæstv. ráðherra hefði á árinu 1961 tekið sig til og farið að ganga eftir framkvæmd gildandi laga um barnavernd, kippa í lag því, sem aflaga fór, og framkvæma þá hluta laganna, sem aldrei hafa verið framkvæmdir.

Ef til vill er skipun þessarar nefndar 1961 til þess að endurskoða lög um barnavernd eins konar vottur um slæma samvizku, og það gæti ég a. m. k. vel skilið. Þá ætti þetta frv. að vera friðþæging fyrir það, sem vanrækt hefur verið á liðnum árum í þessum efnum. Og síðan á að benda á þessi nýju og fullkomnu lög og halda svo áfram að sofa á verðinum værum svefni.

Eins og hæstv. ráðherra tók fram í sinni ræðu, felast í þessu frv. margar breytingar, og ég vil telja þær yfirleitt til bóta. En örfáar kunna að orka tvímælis. En öllum þeim breytingum, sem um er að ræða frá gildandi lögum, er það sameiginlegt, að þær eru ekki stórvægilegar. Það eru smávægilegar breytingar til útfyllingar eða uppfyllingar í gildandi lög og breyta ekki miklu í sjálfu sér. Nokkrar af breytingum þeim, sem n. gerði í frv., fengu góða afgreiðslu í hv. Nd., og ég tel ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum á þessu stigi málsins.

Eitt hefði verið ástæða til fyrir þessa n. að endurskoða og athuga. Það er sjálfur kjarni málsins í lögunum, um skipun barnaverndarnefnda. Það tíðkast að kjósa barnaverndarnefndir pólitískt. Í þessum nefndum eru að jafnaði leikmenn, sem hafa ekki neina sérþekkingu á þessum málum, og barnaverndarnefndir hafa því einatt með fullum rétti verið gagnrýndar fyrir sín störf. En nefndin, sem endurskoðaði l., hefur ekki séð ástæðu til að hrófla neitt við því, enda er það í sjálfu sér ekki auðvelt hér í okkar strjálbýla landi. Þó vildi ég aðeins benda á, að hér í Reykjavík eða þéttbýlinu hefði mjög komið til álita að fela þessi störf stofnun sérfræðinga, eins og t. d. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, þannig að hún hefði algerlega farið með þau mál fyrir höfuðborgina. Þessi tilhögun um skipun pólitískrar nefndar, sem hafi yfirstjórn þessara mála eða umsjón barnaverndar, er ekki aðeins þekkt hér á landi, heldur líka í nágrannalöndum okkar, en hvarvetna er hún frekar óvinsæl og sérstaklega nú á síðari árum og mjög gagnrýnd.

Ég ætla, eins og ég hef tekið fram, ekki að lengja þessar umr. miklu frekar og sízt af öllu með því að tala um einstök atriði frv. Þó langar mig að lokum til að minnast aðeins lítillega á tvö atriði.

Fyrra atriðið snertir yfirstjórn þessara mála. Menntmrn. hefur og á framvegis að hafa yfirstjórn barnaverndarmála með höndum. Þetta er kannske ekki alveg óeðlilegt, eins og horft hefur við nú að undanförnu hér á landi, þar sem skólanefndir í stórum stíl hafa farið með barnaverndarmál í sínum umdæmum. En nú á sú tilhögun að verða samkv. þessu frv., að barnaverndarnefndir skulu skipaðar í öllum hreppsfélögum. Úr því tel ég, að það fari að verða mjög óeðlilegt, að þessi mál, barnaverndin, heyri undir menntmrn. Ég held, að réttara sé að láta þessi mál heyra undir félmrn., eins og ótvírætt kemur fram í aths. við frv. Ég vil þess vegna kasta þeirri uppástungu fram nú þegar, hvort ekki sé rétt að gera þá breytingu á frv., að félmrn. fari með yfirstjórn þessara mála í stað menntmrn. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig til þess að lesa örstuttan kafla úr grg. frv. Hann er á bls. 18 og fjallar um 2. gr. Þar segir m. a. svo:

„Í öllum norrænu löndunum utan Íslands hefur félmrn. yfirstjórn barnaverndarmála, en ekki menntmrn., svo sem hér er. Eru ýmis rök, sem mæla með því, að mál þessi lúti yfirstjórn félmrn. Barnaverndarnefndir eru kjörnar af sveitarstjórnum, og um kosningar þeirra fer eftir sveitarstjórnarlögum, sveitarstjórnir standa fjárhagslega straum af starfsemi þeirra, náin tengsl eru milli framfærslumála og barnaverndar, þ. á m. þarf ráðuneyti stundum að skera úr ágreiningi um fjárhæð meðlags eða framfærslueyris, sem rót sína á að rekja til ákvarðana barnaverndarnefnda, sbr. t. d. 38. gr. frv. Þau tengsl eru milli barnaverndar og menntamála eftir gildandi l., að í hreppum eru yfirleitt ekki kosnar barnaverndarnefndir, heldur gegna skólanefndir þar störfum barnaverndarnefnda, og sérstaklega hitt, að almenn viðhorf í barnaverndarstörfum og markmið þeirra eru nátengd ýmissi þeirri starfsemi, sem fram fer undir yfirstjórn menntmrn. Samkv. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að það skipulag, að skólanefndir utan kaupstaða séu einnig barnaverndarnefndir, verði fellt úr gildi. Ætla má, að þátttaka okkar í norrænni samvinnu á sviði barnaverndar verði örðugri vegna þess, að sambærilegt ráðuneyti fer ekki með yfirstjórn þessara mála hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndum. N. vekur athygli á þessum sjónarmiðum, en leggur ekki til að svo stöddu, að sú breyting verði á gerð, að félmrn. fari með yfirstjórn þessara mála."

Hér eru svo skýrt og skilmerkilega færð rök fyrir því, að þessi mál heyri að réttu lagi undir félmrn., að ég þarf engu hér við að bæta.

Hitt atriðið, sem ég vildi að lokum aðeins minnast á í sambandi við frv., er það, að í 56. gr. þess segir, að enga kvikmynd megi sýna börnum innan 16 ára aldurs nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Í sömu grein segir enn fremur orðrétt: „Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðsamleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt." Í þessu sambandi er mér sérstaklega spurn: Verður þetta ákvæði um kvikmyndaeftirlit látið ná til þeirra kvikmynda, sem ameríska hermannasjónvarpið sýnir á þúsundum íslenzkra heimila um þessar mundir? En á þær myndir horfa daglega líklega nokkrar tugþúsundir barna, bæði innan 12 ára aldurs og 12—16 ára. Á þessar kvikmyndir hermannasjónvarpsins horfa mjög ung börn meðal annarra og miklu yngri börn en venja komur sínar í kvikmyndahúsin. Mig langar til þess að beina þeirri fsp. í þessu sambandi til hæstv. menntmrh., hvort rætt hafi verið um eða gert ráð fyrir nokkru eftirliti með þessum kvikmyndum í sambandi við kvikmyndaeftirlitið í landinu. Ef ekki er unnt að hafa eftirlit með þessum kvikmyndum, kvikmyndum hermannasjónvarpsins, er að mínum dómi allt kvikmyndaeftirlit í landinu unnið fyrir gýg. Ef ekki reynist unnt að hafa eftirlit með þeim kvikmyndum, sem troðið er inn á þúsundir heimila í landinu, er kvikmyndaeftirlitið í landinu yfirleitt ekkert annað en kák að mínum dómi.

Ég læt svo máli mínu lokið, en ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. lýsti þeirri skoðun sinni í þeirri ræðu, sem hann var að ljúka við að flytja, að ástand barnaverndarmála hér á Íslandi væri bágborið, og varð ræða hans eða niðurstaða hans ekki skilin á annan hátt en þann, að það, sem aflaga færi, væri ekki afleiðing ófullkominnar lagasetningar, heldur ófullkominnar framkvæmdar á ákvæðum gildandi laga, og urðu ummæli hans ekki skilin á annan veg en þann, að þar væri fyrst og fremst við ríkisvaldið að sakast. En þessi niðurstaða, þessi ályktun gengur alveg fram hjá grundvallaratriði gildandi lagasetningar um vernd barna og ungmenna, — grundvallaratriði, sem engar brtt. hafa verið gerðar um á undanförnum áratugum og ekki eru enn gerðar neinar brtt. um, þ. e. því grundvallaratriði gildandi skipunar á barnavernd og unglinga, að ríkið hafi þar vissu, takmörkuðu hlutverki að gegna, en sveitarfélög öðru hlutverki að gegna, þ. e. ábyrgð á framkvæmdum, og vernd barna og ungmenna hefur í gildandi l. frá upphafi hér eins og annars staðar verið skipt eftir vissum reglum milli ríkisvaldsins og hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ég vil segja, að grundvallaratriði gildandi lagasetningar um þetta efni er, að meginvandinn varðandi framkvæmd barnaverndarmála er í gildandi löggjöf lagður á sveitarstjórnirnar, en ekki á ríkisvaldið. Eins og raunar kom fram í öðru sambandi í hans ræðu, er barnaverndarnefndum fyrst og fremst falið að hafa með höndum framkvæmd hinna almennu laga um vernd barna og ungmenna. Barnaverndarnefndir eru kosnar af sveitarstjórnum og starfa á ábyrgð og kostnað hlutaðeigandi sveitarstjórna. Ef hv. þm. telur, að framkvæmd þessara mála sé fyrst og fremst ábótavant, hefði hann átt að segja það alveg skýrt, að hans ádeila í þessum efnum beindist að sveitarstjórnunum, en ekki að ríkisvaldinu, en þannig varð þó ekki komizt hjá að skilja ummæli hans.

Sú skylda, sem á ríkisvaldinu hvílir, er að hafa almennt eftirlit með því, að gildandi lagaákvæðum sé fylgt, og á vegum ríkisvaldsins starfar barnaverndarráð. Það hefur frá upphafi notið verulegra starfskrafta eins helzta sérfræðings okkar í uppeldismálum. Auk þess hvílir sú skylda á ríkisvaldinu að reka heimili, dvalarheimili fyrir unglinga, sem lent hafa á glapstigum, að því er segir í lögunum, a. m. k. eitt fyrir drengi og eitt fyrir stúlkur. Eins og ég gat um áðan, hefur starfað um allmargra ára skeið uppeldisheimili fyrir pilta, þar sem hægt er að vista milli 15 og 20 pilta, en uppeldisheimili fyrir stúlkur hefur ekki verið stofnað enn. Hv. þm. gagnrýndi mjög, að uppeldisheimili fyrir stúlkur hefði ekki verið komið á fót enn. Það stafar að sjálfsögðu af því, að fjárveitingavaldið hefur ekki verið reiðubúið til að veita þær fjárhæðir í þessu skyni, sem nauðsynlegar hefðu verið, til þess að unnt væri að hrinda þessum málum í framkvæmd.

Hv. þm. gat þess, að ég hefði næstum helming þess tíma, sem gildandi lög hefðu verið í gildi,

farið með yfirstjórn þessara mála, og lætur nærri, að það sé rétt. Ákvörðun um stofnun drengjaheimilisins hafði verið tekin skömmu áður en ég tók við yfirstjórn þessara mála, en fjárveitingar til heimilisins höfðu þó verið allsendis ófullnægjandi, og þær voru enn allsendis ófullnægjandi fyrstu árin, sem ég fór með stjórn þessara mála. En þá vildi einmitt svo til, að hv. síðasti ræðumaður og ég vorum stuðningsmenn þeirrar samsteypustjórnar, sem sat að völdum, stjórnar Hermanns Jónassonar. En einmitt á valdatíma þeirrar stjórnar var mjög erfitt að fá samkomulag innan ríkisstj. og milli stjórnarflokkanna um að veita nauðsynlegt fé til fullbyggingar og rekstrar drengjaheimilis á Breiðuvík. Það var ekki fyrr en eftir að sú stjórn var farin frá völdum, sem algerlega nauðsynlegar fjárveitingar fengust til þess að ljúka byggingu drengjaheimilisins í Breiðuvík, sem þó er skylt lögum samkv. að reisa, eins og hv. þm. sagði. Meðan við hv. 9. þm. Reykv. vorum sameiginlegir stuðningsmenn ríkisstj., fékkst ekki einn eyrir á fjárl. til að reisa heimili fyrir stúlkur á glapstigum. Sú litla fjárveiting, sem verið hefur á fjárl. undanfarin ár, fékkst ekki í fjárl., fyrr en sú stjórn, sem við studdum sameiginlega á árunum 1956—1958, var farin frá völdum.

Raunar er það svo, að það þarf að leiðrétta, ef menn draga þá ályktun af ummælum hv. þm., að ríkisvaldið hafi ekkert gert til þess að sinna málefnum stúlkna, sem lent hafa á glapstigum. Fjárveitingar hafa að vísu ekki verið nægilegar til að reisa stúlknaheimili. Það, sem ríkisvaldið hefur gert í mörg undanfarin ár, er að vista slíkar stúlkur á dvalarheimilum erlendis. Það eru þegar nokkur ár síðan menntmrh. tókst að koma á samstarfi við hlutaðeigandi yfirvöld í Danmörku um að taka við ákveðnum fjölda stúlkna árlega til dvalar á dvalarheimilum þar í landi. Samkv. þessu samkomulagi hafa stúlkur verið vistaðar til dvalar í Danmörku, og mér er ekki kunnugt um, að nokkur barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð hafi óskað eftir að vista stúlkur í Danmörku, en verið synjað um það sökum skorts á vistplássi þar í landi. Þvert á móti hefur það mörg árin verið þannig, og ég veit ekki betur en svo sé nú, að Ísland eigi kost á plássi fyrir stúlkur á glapstigum í Danmörku samkv. gildandi samkomulagi, en noti sér það ekki, a. m. k. ekki að fullu. Það er því áreiðanlega ofmælt, að sú vanræksla, sem um hefur verið að ræða, ég mundi segja fyrst og fremst af hálfu fjárveitingavaldsins, um það að veita nægilegt fé til að koma á fót vistheimili fyrir stúlkur, hafi valdið sérstöku vandamáli hér innanlands, vegna þess að við höfum haft samkomulag um ráðstöfun á plássi annars staðar og a. m. k. sum árin ekki notað það pláss, sem við höfum átt kost á.

Hitt er svo annað mál, að nú eru í undirbúningi framkvæmdir í þessum efnum, sem vonandi munu bæta úr brýnni þörf í þessu efni. Velferðarsamtök hér í Reykjavík hafa í hyggju að reisa vistheimili fyrir stúlkur á glapstigum, sem sumpart er gert ráð fyrir að verði skólastofnun, og hefur hið opinbera veitt vissa aðstoð í þeim efnum. Sú reynsla, sem á þann rekstur fæst, á eflaust eftir að geta orðið mjög mikilvæg í sambandi við framkvæmdir hins opinbera í þessum efnum síðar. En ég tel sjálfsagt að halda áfram að vinna að því, að gildandi lagaákvæðum sé fullnægt, þannig að nægilegt pláss sé á vistheimilum hér innanlands bæði fyrir drengi þá og stúlkur, sem á glapstigum lenda.

Þá sagði hv. þm., að menntmrn. hefði ekki gefið út reglugerðir, sem það hefði heimild til að gefa út til að takmarka vinnu barna og unglinga. Samkv. gildandi reglum er það svo, að vald til að gefa út reglugerðir um barna- og unglingavinnu er í höndum sveitarstjórna, en þær séu staðfestar af menntmrn. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að menntmrn. hafi aldrei, a. m. k. ekki síðan ég tók við forstöðu þess, nokkru sinni neitað að staðfesta reglugerð, sem sveitarstjórn hefur óskað eftir að fá staðfesta varðandi vinnu barna og ungmenna.

Að síðustu vil ég svo segja þetta í tilefni af fsp., sem hv. þm. beindi til mín í lok ræðu sinnar varðandi kvikmyndaeftirlit með Keflavíkursjónvarpinu:

Sjónvarpið í Keflavík heyrir ekki undir menntmrn. á sama hátt og ríkisútvarpið heyrir undir menntmrn. eða kvikmyndasýningar heyra undir menntmrn. Keflavíkursjónvarpið heyrir undir utanrrn., og sú löggjöf, sem um það mundi fjalla, er varnarsamningurinn og reglugerðir settar á grundvelli laga til staðfestingar á varnarsamningnum. Hitt er annað mál, að ég tel það alveg tvímælalaust vera á valdi íslenzkra stjórnvalda að hafa fullkomið eftirlit með þeim kvikmyndum, sem birtast í Keflavíkursjónvarpinu. Ég tel það tvímælalaust vera rétt íslenzkra stjórnvalda að hafa fullkomið eftirlit með þeim kvikmyndum, sem birtast í Keflavíkursjónvarpinu Mér hefur aldrei verið greint frá því og kvikmyndaeftirlitsmönnum ekki heldur, að í Keflavíkursjónvarpinu hafi verið sýndar kvikmyndir, sem íslenzkt kvikmyndaeftirlit mundi hafa bannað, og þangað til ég hef fregnir eða kvikmyndaeftirlitsmenn hafa fregnir af slíku, hef ég ekki talið og tel ekki ástæðu til neinna afskipta af minni hálfu um þetta efni. En jafnskjótt og ég fæ um það áreiðanlegar fregnir sem yfirmaður íslenzka kvikmyndaeftirlitsins, að sýndar séu í bandarísku sjónvarpinu kvikmyndir, sem íslenzka kvikmyndaeftirlitið hefði bannað eða mundi vilja banna, mun ég taka það mál til þeirrar athugunar og þeirra afskipta, sem ég tel rétt og heimilt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 10:1 atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. marz, utan dagskrár, mælti

menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á síðasta fundi þessarar hv. d. s. l. fimmtudag svaraði ég með fáeinum orðum fsp. frá hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslasyni, um kvikmyndaeftirlitið og Keflavíkursjónvarpið. Ég hef orðið þess var, að orð mín hafa verið misskilin. Dag-

blaðið Þjóðviljinn spurði og á laugardaginn í fjögurra dálka fyrirsögn að frétt um þessar umr., hvort ég hafi sagt vísvitandi ósatt. Ummæli mín voru svo fáorð, að það kann að hafa gefið tilefni til misskilnings, sem unnt hefði verið að komast hjá, ef ég hefði rætt nánar þau atriði, sem um var spurt. En ég vil ekki, að neinn vafi sé á því, að það, sem ég sagði, er sannleikanum samkvæmt. Ummæli mín voru þessi orðrétt:

„Að síðustu vil ég svo segja þetta í tilefni af fsp., sem hv. þm. beindi til mín í lok ræðu sinnar varðandi kvikmyndaeftirlit með Keflavíkursjónvarpinu:

Sjónvarpið í Keflavíkur heyrir ekki undir menntmrn. á sama hátt og ríkisútvarpið heyrir undir menntmrn. eða kvikmyndasýningar heyra undir menntmrn. Keflavíkursjónvarpið heyrir undir utanrrn., og sú löggjöf, sem um það mundi fjalla, er varnarsamningurinn og reglugerðir settar á grundvelli laga til staðfestingar á varnarsamningnum. Hitt er annað mál, að ég tel það tvímælalaust vera rétt íslenzkra stjórnvalda að hafa fullkomið eftirlit með þeim kvikmyndum, sem birtast í Keflavíkursjónvarpinu. Mér hefur aldrei verið greint frá því og kvikmyndaeftirlitsmönnum ekki heldur, að í Keflavíkursjónvarpinu hafi verið sýndar kvikmyndir, sem íslenzkt kvikmyndaeftirlit mundi hafa bannað, og þangað til ég hef fregnir eða kvikmyndaeftirlitsmenn hafa fregnir af slíku, hef ég ekki talið og tel ekki ástæðu til neinna afskipta af minni hálfu um þetta efni. En jafnskjótt og ég fæ um það áreiðanlegar fregnir sem yfirmaður íslenzka kvikmyndaeftirlitsins, að sýndar séu í bandarísku sjónvarpinu kvikmyndir, sem íslenzka kvikmyndaeftirlitið hefði bannað eða mundi vilja banna, mun ég taka það mál til þeirrar athugunar og þeirra afskipta, sem ég tel rétt og heimilt."

Þetta voru orð mín á fimmtudaginn.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kvikmyndaeftirlit ýmissa landa hefur bannað sýningu kvikmynda alveg og bannað að sýna aðrar myndir óstyttar, þ. e. krafizt þess, að þær væru styttar, áður en þær væru sýndar. Er þess t. d. skemmst að minnast, að ein af nýjustu myndum hins heimsfræga sænska leikstjóra, Ingmars Bergmans, Tystnaden, mun hafa verið bönnuð óstytt í ýmsum löndum, m. a. í Noregi og Þýzkalandi. Fyrir skömmu var mikil deila um það í Svíþjóð, hvort yfir höfuð ætti að leyfa sýningu sænskrar myndar, sem ber heitið 491, þar í landi. Sýning hennar mun hafa verið leyfð þar, en var bönnuð sums staðar annars staðar. Þetta nefni ég aðeins sem dæmi. Það, sem ég átti við, var, að mér væri ekki kunnugt um, að í Keflavíkursjónvarpinu hefðu verið sýndar kvikmyndir, sem talin hefði verið ástæða til þess að banna hér annaðhvort algerlega eða nema að áskilinni styttingu.

Ég var ekki að ræða þá spurningu, hvort í Keflavíkursjónvarpinu hefðu verið sýndar kvikmyndir, sem hefðu verið eða mundu verða bannaðar börnum í kvikmyndahúsum hér, né heldur þá spurningu, hvort gera ætti sýningu mynda í Keflavíkursjónvarpinu háða íslenzkri kvikmyndaskoðun með þeim hætti, að þar mætti ekki sýna neina þá kvikmynd, sem bönnuð mundi verða börnum í íslenzkum kvikmyndahúsum. Ég hafði að vísu ekki séð og hef ekki enn séð þann lista, sem annar hinna tveggja kvikmyndaeftirlitsmanna hér í Reykjavík mun hafa látið formann menntmn. Nd. fá um kvikmyndir, sem sýndar hefðu verið í Keflavíkursjónvarpinu, en hefðu verið bannaðar börnum í kvikmyndahúsum hér. En það skiptir engu máli í þessu sambandi. Ég hef hins vegar talið, að íslenzkt sjónvarp eigi ekki að vera háð kvikmyndaeftirliti með sama hætti og kvikmyndahús. Menntmn. Nd. var á sömu skoðun ágreiningslaust, því að hún gerði till. um að taka ákvæði um það í frv., að væntanlegt íslenzkt sjónvarp skyldi sjálft bera ábyrgð á þeim myndum, sem það sýndi, þ. e. myndir þess skyldu ekki vera háðar skoðun kvikmyndaeftirlitsmanna. Virðist þá varla koma til greina að láta aðrar reglur gilda um Keflavíkursjónvarpið, þó að það haggi auðvitað ekki þeirri staðreynd, sem ég undirstrikaði í orðum mínum á fimmtudaginn, að auðvitað hafa íslenzk stjórnvöld fullan rétt til afskipta af því, sem sýnt er í Keflavíkursjónvarpinu, ef þau kæra sig um. Nákvæmlega sama regla gildir t. d. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í engu þessara landa er sjónvarpið háð kvikmyndaeftirlitinu. Sjónvarpsstöðvarnar bera sjálfar ábyrgð á því efni, sem þær sýna. Í öllum þessum löndum eru oft sýndar í sjónvarpi kvikmyndir, sem almenna kvikmyndaeftirlitið hefur bannað börnum aðgang að í kvikmyndahúsum. En yfirleitt er það þó venjan að láta þess getið í dagskrá og jafnvel á undan myndinni, að hún sé ekki heppileg fyrir börn. Hliðstæðri reglu tel ég, að íslenzkt sjónvarp ætti að fylgja, og ég fyrir mitt leyti teldi rétt, að slíkar reglur yrðu settar um Keflavíkursjónvarpið, þótt það sé ekki í mínum verkahring að setja þær. Hins vegar tel ég ekki unnt að láta slíka reglu gilda um sjónvarp fremur en raunar um útvarp eða blöð og bækur, að þar megi ekkert birtast, sem börnum er ekki ætlað. Slíkri reglu er hvergi fylgt, þar sem ég hef fengið fréttir af.

Húsráðendur á heimilum, sem hafa sjónvarp og raunar útvarp, verða að gæta þess, svo sem kostur er, að börn horfi ekki á og hlusti ekki á það efni, sem þeim er talið óhollt, með sama hætti og sú skylda hvílir á þeim að gæta þeirra t. d. fyrir óhollu lestrarefni.

Með þessum orðum vona ég, að mér hafi tekizt að skýra þau atriði varðandi Keflavíkursjónvarpið og kvikmyndaeftirlitið, sem lauslega var að vikið hér í þessari hv. d. s. l. fimmtudag og virðast hafa valdið nokkrum misskilningi.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 625.

2. Skrásetning réttinda í loftförum.

Á 39. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum [122. mál] (stjfrv., A. 244).

Á 40. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. þurfti að skreppa úr bænum, en ég sé ekki ástæðu til annars en að frv. það, sem hér er á dagskrá, sé hægt að afgreiða til 2. umr. og n. Þetta frv. er samið í framhaldi af og af sömu aðilum og sömdu frv. til l. um loftferðir, sem afgreitt var frá síðasta Alþingi. Um það urðu að vísu nokkrar deilur varðandi minni háttar atriði, en ég geri ráð fyrir, að það sé síður hætta á því í sambandi við þetta frv. og það, sem næst er á dagskrá, því að hér er aðallega um fræðileg og tæknileg atriði að ræða, sem mun vera mjög erfitt fyrir aðra en sérfræðinga að gera sér grein fyrir.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr. og sent til hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 244, n. 659, 672).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á síðasta ári voru sett lög um loftferðir. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um skrásetningu réttinda í loftförum, er samið í framhaldi af þeirri löggjöf og með sama hætti. Skv. 1. gr. laga nr. 49 1947 skal um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið. Nú eru loftför alþjóðleg samgöngutæki. Er því auðsætt, að móta ber reglur um eignarrétt og eignarhöft í loftförum með hliðsjón af því.

Genfarsáttmálinn frá 19. júní 1948 geymir reglur um þessi efni. Er sáttmálinn reistur á málamiðlun á milli lögskipanasáttmála ríkjanna. Ísland undirritaði sáttmálann, en hefur eigi fullgilt hann.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er við það miðað, að Ísland staðfesti sáttmálann og öðlist þar með þá vernd fyrir loftför sín í sáttmálaríkjunum, sem sáttmálinn veitir, en sáttmálinn geymir reglur um, að hve miklu leyti sáttmálaríki ber að virða réttindi í loftförum, er eiga heima í öðrum sáttmálaríkjum.

Samgmn. hefur rætt þetta mál allýtarlega og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því, að hún flytur brtt. við 36. gr. frv., að lögin skuli þegar öðlast gildi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—35. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 672 samþ. með 26 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 684).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum, er samið af Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara. Þegar loftferðalögin voru afgreidd hér á síðasta þingi, var boðað, að frv. sem þetta þyrfti að fylgja með.

Þetta frv. var flutt snemma á þinginu í hv. Nd., en af einhverjum ástæðum tafðist það þar lengi og er nú fyrst nýkomið úr hv. Nd. til þessarar d. Eigi að síður hefur frv. verið í hv. Alþ. og hv. Ed.-menn hafa fengið frv. En það má vera, að það dragist úr hömlu að kynna sér þau mál, sem ekki eru komin til d., og þess vegna hafi hv. Ed.-menn ekki lesið málið.

Ég ætla ekki að fara út í það að lýsa þessum lagabálki, sem er allmikill, í 5 köflum, 37 greinar, það ætla ég ekki að fara út í, vegna þeses að það væri nokkurt mál. En ég vil mælast til þess, að hv. dm. sýni þessu máli þann velvilja, þótt það hafi stuttan tíma verið hér í d., að setja sig inn í það eftir mætti. Það þarf helzt að verða að lögum á þessu þingi, og ég segi: nauðsynlega. Og það má segja, að það sé vanræksla af minni hendi að hafa ekki fylgzt með því í hv. samgmn. Nd., að það væri afgreitt fyrr en raun ber vitni.

Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að nota tækifærið til þess að tala hér einnig fyrir öðru máli. Það er frv. til l. um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Þótt nafnið bendi ekki til þess, er þetta frv. einnig fylgifiskur loftferðal., og eins og segir í aths. við frv., var frv. þetta undirbúið með sama hætti og önnur frv. um loftferðamál. Frv. þetta miðar að því að veita ákvæðum Genfarsáttmálans frá 1948 um uppboð á loftförum lagagildi. Ákvæðin eru þó eigi takmörkuð við sáttmálaríki, þar sem þau þykja eiga við önnur loftför. Sáttmáli um alþjóðaviðurkenningu á réttindum í loftförum, gerður í Genf 19. júní 1948, er fskj. með frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum.

Ég vil einnig, herra forseti, leggja til, að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn. Og um þetta frv., eins og það fyrra, vil ég mælast til, ef hv. dm. treysta sér til þess, það verður vitanlega að fara eftir því, að þetta frv. megi einnig verða að lögum, áður en þingi lýkur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því að heyra framsögu um þetta mál. Ástæðan til þess var sú, að ég hafði heyrt það utan að mér, að til þess væri ætlazt, að þetta mál og raunar þau mál bæði, sem hæstv. ráðh. mælti fyrir hér áðan, væru afgreidd á þessu þingi. En mig fýsti í framsöguræðu hæstv. ráðh. að heyra ástæðurnar fyrir því, að það lægi svo mjög á þessum málum, að það þyrfti nauðsynlega að afgreiða þau á þessu þingi.

Nú kom að vísu sú málaleitun fram hjá hæstv. samgmrh., að þessi frv. yrðu afgreidd á þinginu. En hins vegar verð ég því miður að játa, að ég varð ekki miklu fróðari um það, hvaða ástæður liggja því til grundvallar, að nauðsynlegt þyki að afgreiða þessi mál með þvílíkum hraða sem hér er ætlazt til. Og ég verð að segja, án þess að orðlengja mikið um það, að ég er satt að segja dálítið hissa á þessum tilmælum hæstv. ráðh., þegar tillit er tekið til þess, hvernig þetta mál er vaxið. Eins og hann tók réttilega fram, var þetta mál — eða þessi mál raunar bæði tvö lögð fram á öndverðu þingi eða snemma þingtímans í Nd., og þar hafa þau svo verið síðan, en koma nú fyrst til umr. hér í þessari hv. d., þegar tveir dagar eða máske þrír eru eftir af þeim tíma, sem þinginu er ætlað að sitja. Og til þess er ætlazt af þessari hv. d. og þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún afgreiði það á þessum skamma tíma. Ég verð að segja, að það er til nokkuð mikils ætlazt, vegna þess, eins og hæstv. ráðh. líka réttilega gat um og hv. þm. er sjálfsagt ljóst, að hér er um allviðamikinn lagabálk að ræða, sem er um réttindi á skrásettum loftförum, 5 kaflar og í 37 greinum með allýtarlegum aths. og fskj., og í þessu frv. eru mörg lögfræðileg atriði, sem full ástæða er fyrir alþm. að kynna sér gaumgæfilega, áður en þeir láta svona mál frá sér fara.

Hæstv. ráðh. nefndi þann, sem samið hefur þetta frv., og það er vitanlega ágætur maður og fróður um þessi málefni og önnur lagaatriði. En það réttlætir það auðvitað ekki, að þm. láti mál, sem frá honum koma eða hverjum öðrum, fram hjá sér fara án þess að lesa þau í gegn. En ég vil nú efast um það, — þó að hæstv. ráðh. segði, að það væri að vísu gert ráð fyrir því og mætti ætlast til þess, að mér skildist, af þm., að þeir læsu þau mál, sem útbýtt væri, — að allir hv. þdm. hafi lesið þetta frv. í gegn eða sé ljóst, hvað í því felst. En mér skilst, að það sé dálítil breyting í því frá gildandi reglum. M. a. skilst mér, að það sé meiningin með því að koma á fót einni allsherjarskráningu fyrir landið á loftförum og sú skrásetning fari fram hér í Reykjavík við embætti borgardómara. Nú kann það að vísu að vera réttmætt og eðlilegt, að það sé haldin slík skrá á einum stað í landinu. Þær raddir hafa komið fram um þinglýsingu líka, að það væri heppilegasta kerfið, að það væri allt á einum stað, en ekki hefur verið að því ráði horfið þar. Ég bara bendi á þetta eina atriði sem ofur lítið umhugsunarefni, þannig að það er full ástæða til þess fyrir þm., þó að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði gerðar breytingar yfirleitt á þessu frv., og þó að ég geri ráð fyrir því, að það sé þannig úr garði gert, að við megi una, finnst mér, að þm. eigi ekki að láta slíkt mál sem þetta fara fram hjá sér með þeim hætti, sem hér er til ætlazt. Mér sýnist satt að segja það ekki samboðið virðingu þessarar hv. d. að ætla að bjóða henni slík vinnubrögð.

Við stjórnarandstæðingar höfum verið sérstaklega samvinnuþýðir, að ég tel, með afgreiðslu mála að undanförnu og ekkert síður að því er snertir þennan hæstv. ráðh., sem hér á hlut að máli, heldur en aðra og höfum raunar greitt fyrir því, að mál færu hér í gegn á síðustu dögum með í raun og veru óforsvaranlega lítilli athugun, en það hefur réttlætzt af því, að það hafa verið mál, sem talin hefur verið þörf á að afgreiða. En ég fæ ekki séð, og þar með skal ég fara að ljúka þessum aths. um málið, að það sé nokkur nauðsyn á því að afgreiða þetta á þessu þingi. Ég fæ ekki betur séð en aðalröksemdirnar með þessu frv. séu þær eftir forsendum að dæma, að samþykkt þess sé nauðsynleg, til þess að Ísland geti gerzt aðili að Genfarsáttmálanum svokallaða um flugmál. En þessi Genfarsáttmáli er ekki nýr af nálinni, vegna þess að hann er frá árinu 1948, þannig að við höfum nú komizt af um nokkur ár án þess að þurfa að gerast þar aðili að, og ég býst ekki við, að það sé neitt í hættu, þó að það dragist sumarlangt enn um skeið.

Af því að hæstv. ráðh. mælti jafnframt fyrir næsta máli, sem á eftir fer, mætti ég, herra forseti, aðeins til þess að gera þetta þá líka fljótlegra frá minni hendi benda á, að í því er einnig um að ræða, að ég held eftir fljótlega athugun, talsverða undantekningu frá meginreglum laga um uppboð, þ. e. a. s. mér skilst, að eftir þessu ákvæði geti uppboðsbeiðandi komið fram sölu á loftfari, þó að þeir, sem ofar standa eða framar standa með réttindi, fái ekki kröfur sínar að fullu greiddar. Þetta getur hann, ef sérstaklega stendur á. Þetta er, að ég held, undantekning frá þeim reglum, sem almennt gilda um nauðungaruppboð.

Loks verð ég að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að þessi mál bæði tvö skuli hafa farið til samgmn. í hv. Nd. Ekki mundum við telja, að frv. um þinglýsingar ættu að fara í landbn., þótt að vísu þau snerti jarðir, og alveg eins held ég um þessi efni, þótt þau snerti flugför, að þau mundu frekar eiga heima í allshn. en samgmn. En samgmn. hefur nú fjallað um þetta í Nd. og ekki gert á því miklar breytingar. Eina þó. Höfundur frv. hefur látið vera eyðu fyrir gildistöku þeirra. Hann hefur sýnilega gert ráð fyrir því, að það þyrfti nokkurn aðlögunartíma til þess að koma þessu breytta skipulagi við. En samgmn. Nd. hefur gert þá einu breyt. á þessu frv., að l. skyldu öðlast þegar gildi. Ég hefði talið, að það hefði verið skynsamlegra að gefa svolítinn frest til þess að koma þessum málum öllum í höfn.

En sem sagt, aðalatriðið er, að ég álít, að þessi hv. d. geti ekki látið bjóða sér þau vinnubrögð, sem hér er ætlazt til, þegar engin nauðsyn ber til þess að afgreiða málið, og hún verður að stemma stigu við, ef hún vill halda uppi virðingu sinni í framtíðinni, og afstýra því, að því sé treyst, að það sé hægt að bjóða henni þvílík vinnubrögð sem þessi. Það er ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs og vildi ekki láta þetta frv. fara hér þegjandi og hljóðalaust í gegn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er vitanlega mjög leiðinlegt, ef hv. þm. er misboðið vegna meðferðar á þingmálum. En það er þó vitað, að þessi frv., sem hér um ræðir, hafa legið fyrir Alþ. meginhluta þess vetrar, sem nú er nýliðinn, eða mestan hluta þingtímans. Þótt stutt sé síðan málið kom til þessarar hv. d., eru margir mánuðir síðan þessum málsskjölum var útbýtt hér meðal hv. þm., og ég veit það, að hv. þm., sem hér talaði áðan, lagaprófessorinn, hefur nú alveg gert sér grein fyrir þessum málum, og það er ekki meginástæðan fyrir því, að hann sé ekki búinn að kynna sér málið, að hann telur ekki ástæðu til þess að afgreiða það, heldur að það hafi ekki verið nægilega lengi hér í d. og það sé ekki eins nauðsynlegt og ég vildi vera láta áðan að gera þessi mál að lögum nú. Það er vitanlega rétt, sem hv. þm. sagði, að jafnvel þótt málin yrðu ekki að l., mun vitanlega flugið halda áfram eftir sem áður. En ástæðan til þess, að ég gaf ekki skýringar á því hér áðan, hvers vegna þetta væri nauðsynlegt, er einfaldlega sú, að það vita allir hv. þm., að þessi frv. eru fylgifiskar loftferðal., sem voru afgreidd hér fyrir meira en ári, og þá var ætlazt til og boðað þá, að þessi frv. kæmu á eftir. Þau voru ekki tilbúin á síðasta þingi, það var ekki fyrr en í haust, sem þau voru tilbúin og þess vegna gátu þau ekki fylgt loftferðalögunum.

Nú hefur hv. þm., sem talaði hér áðan, farið dálítið út í það að skýra, í hverju þessi mál eru fólgin, og talar um t. d. það, að samkv. þessu eigi að skrá loftför á einum stað, og það er í samræmi við þann praxis, sem verið hefur. Loftferðaeftirlitið er aðeins hér í Reykjavík, loftferðaskírteini eru gefin út aðeins hér í Reykjavík, og þess vegna hefur verið talið eðlilegt til að hafa samræmi í þessum málum, að skráningin færi fram á einum stað, þannig að það væru alls staðar sömu kröfur gerðar. En þetta er tæknilegt mál, sem ég skal ekki fara lengra út í.

Það mundi kannske einhver segja: Það eru óþægindi fyrir flugvélar utan af landi að þurfa að fara til Reykjavíkur til skrásetningar. En oftast er það nú svo, að a. m. k. þegar þær fljúga í fyrsta sinn til landsins, byrja þær með að lenda í Reykjavík, fá loftferðaskírteini og loftferðaeftirlitið verður að setja sinn stimpil á þær og þá er það nú oft, sem skráningin fer fram á þeim tíma, þannig að þeir, sem kunnugastir eru þessu, telja, að þetta muni ekki valda óþægindum.

En ég ætla ekki að eyða tímanum í að fara út í þessi mál. Eins og ég sagði, tel ég það mjög æskilegt, að þau verði að l., bæði þessi frv., vegna þess að þau áttu vitanlega að verða lögfest um leið og loftferðal., en ef hv. alþm. treysta sér ekki til þess, verður það ekki.

Ég hef ekki vanþakkað stjórnarandstöðunni, aldrei haldið því fram, að hún væri eitthvað skilningslaus eða stirð nú síðustu dagana við afgreiðslu mála, og alls ekki, að hún hafi verið með málalengingar. Það verður að vera mat hvers einstaks þm., hvort hann vill greiða þessum málum atkv. eða ekki. Það er áreiðanlega æskilegt, að það þurfi ekki að dragast lengur, að þessi mál verði að l., en treysti hv. þm. sér ekki til þess, verður það ekki. En það kemur fram í n., sem fær málin, — þau voru bæði í samgmn. í hv. Nd., og það er venjan, að þau fari í sömu n. í seinni d., en það getur verið matsatriði, ég legg enga áherzlu á það sérstaklega, — það kemur þá fram í hv. n., sem um það fjallar, hvort þm. að athuguðu máli treysta sér til að samþykkja þessi frv., sem þeir hafa nú haft á borðinu hjá sér í allan vetur. Ég ætla, að þegar að því kemur, verði niðurstaðan sú, að það verði talið fært fyrir samvizkunni að afgreiða málin.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þá málsmeðferð, sem hér er greinilegt að á að viðhafa, þ. e. a. s. að knýja það í gegn, að geysilegur lagabálkur verði afgreiddur hér á örstuttri stundu. Rétt áðan barst mér fundarboð um fund í samgmn., sem mun eiga að fjalla um þetta, og það var tekið sérstaklega fram að væri aðeins sem snöggvast. Það virðist þess vegna ekki vera svo, sem hæstv. ráðh. lét þó í ljós, að honum þætti mjög leiðinlegt að misbjóða þm., því að ef þetta er ekki að gera það, veit ég ekki, hvað það er. Enda þótt ráðh. drægi það í efa, að þm. hefðu lesið frv., ætlast hann samt til, að það verði afgreitt núna á stundinni. Ég held, að ef hæstv. ráðh. hefði metið, svo sem hann sagðist þó gera, þá samvinnulipurð, sem við hér í stjórnarandstöðunni höfum sýnt hér í þingi og hér í hv. d. alveg sérstaklega, vil ég segja, hefði honum verið sæmst að standa hér upp og taka aftur kröfur sínar um það, að málið verði afgreitt núna með skyndingu, í stað þess að segja aðeins, að það yrði á mati hvers eins þm., hvort þeir greiddu málinu atkv. eða ekki. Það er auðvitað greinilegt af þeim orðum, að hann ætlast til þess, að menn afgreiði málið án þess að hafa kynnt sér það. Ég hef alltaf litið svo á, að þm. bæri engin sérstök skylda til þess að athuga mál gaumgæfilega, fyrr en það kæmi a. m. k. til d., og nefndum ekki fyrr en því hefði verið vísað til þeirra. Ég verð að segja fyrir mitt leyti og játa það alveg hispurslaust, að ég hef ekki lesið stafkrók í þessu frv., og ég leiði því alveg minn hest hjá því að taka nokkurn þátt í afgreiðslu málsins eða gjalda samþykki mitt við þá málsmeðferð, sem hér hefur verið höfð á málinu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi nú mega skilja hæstv. ráðh. svo, að hann í sinni síðari ræðu félli frá till. sínum um það, að þetta mál væri afgr. á þessu þingi, og hann legði það algerlega á vald n., sem fær þetta mál til með-

ferðar, hvort hún afgreiðir það. Þegar þannig er í pottinn búið, efast ég ekki um það, að n. sér þann kostinn réttan að afgreiða þetta mál ekki, þar sem þess er enginn kostur fyrir hana, hvorki að lesa þetta í gegn rækilega og athuga það gagnvart öðrum lögum né kveðja höfund þess á sinn fund o. s. frv. Og ég verð að telja, að hún muni því frekar viðhafa þessi vinnubrögð, þar sem mér virtist það algerlega upplýsast í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að það væri alls engin þörf á því að afgreiða þetta nú. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri fylgifiskur með loftferðal. og það hefði verið gert ráð fyrir því, þegar þau voru sett, að þessi lög yrðu sett líka. Það má allt rétt vera. En loftferðal. voru sett á sínum tíma, og mér er ekki kunnugt um annað en þau hafi verið í notkun og verið beitt alveg með eðlilegum hætti, án þess að þessi lög væru fyrir hendi. Og enn fremur upplýsti hann það, sem vel má vera rétt líka og hann veit auðvitað betur um en ég og aðrir hv. þm., sem þessum málum eru ekkert sérstaklega kunnugir, að í framkvæmdinni hafi þetta verið svo sem gert væri ráð fyrir í þessu frv., að skráning hafi farið fram á einum stað. Þá fæ ég ekki séð, fyrst svo er, að það riði á svo miklu að fá þetta frv. samþykkt 6 mánuðum fyrr en ella. Ég held þessvegna, að þessi hv. d. eigi að láta þetta mál liggja og þar með undirstrika það, að svona vinnubrögð láti hún ekki bjóða sér, minna með því hæstv. ráðh. á, að það er þeirra skylda að fylgjast með afgreiðslu þeirra þingmála, sem þeir leggja fyrir þingið, hvernig þeim miðar áfram í deildum, og gæta þess, að hvor d. um sig fái til umráða hæfilegan og nægilegan tíma til þess að fjalla um mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 8:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Nauðungaruppboð.

Á 39. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð [123. mál] (stjfrv., A. 245).

Á 40. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. stendur í nánu sambandi við það frv., sem nú var verið að afgreiða til 2. umr., og leyfi ég mér að leggja til, að það hljóti sams konar meðferð og það. Þó að þau séu að formi til tvö mál, þá eru frv. samin af sömu aðilum og fer algerlega saman þeirra afgreiðsla.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 658, 673).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er undirbúið með sama hætti og önnur frv. um loftferðamál og miðar að því að veita ákvæðum Genfarsáttmálans frá 1948 um uppboð á loftförum lagagildi. Ákvæðin eru þó eigi takmörkuð við sáttmálaríki, þar sem þau þykja eiga við um önnur loftför.
Samgmn. hefur rætt þetta mál og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því, að hún flytur þá brtt. við 5. gr. frv., að lög þessi öðlist þegar gildi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 673 (ný 5. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 7:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna [131. mál] (stjfrv., A. 266).

Á 47. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 1. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hefur áður komið fram hér í þinginu, að ríkisstj. hefði til meðferðar endurskoðun l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og á s. l. þingi var þáltill. um endurskoðun þessara l. frá nokkrum þm. vísað til ríkisstj. og með vísun til þeirrar endurskoðunar, sem þá var upplýst, að stjórnin stæði að.

Sá háttur var hafður við þessa endurskoðun, að ráðuneytisstjórar og embættismenn í stjórnarráðinu voru til ráðuneytis ásamt hæstaréttardómurum tveimur, Jónatan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfssyni, eins og nánar kemur fram í aths. við frv.

Það er meginatriði í þessu frv. til breytinga frá núgildandi l., að ríkisborgararéttur er skilyrði til þess að geta öðlazt eignarrétt og afnotarétt fasteigna í þessu frv., en áður var það miðað við búsetu hér á landi. Það er enn fremur í 1. gr. nýtt ákvæði varðandi hlutafélög, þar sem það skilyrði er sett fyrir því, að hlutafélög geti átt réttindi yfir fasteign, að meiri hl. hlutafjár sé eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fari með meiri hl. atkv. á hluthafafundum.

Þessi meginatriði frv. koma fram í 1. gr. þess. Það er einnig gert ráð fyrir því í 1. gr. að halda óbreyttri þeirri reglu, að ráðh. sé heimilt að veita leyfi til þess að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteign, þó að menn uppfylli ekki þessi skilyrði, sem koma fram í hinum fjórum töluliðum 1. gr. Að þessu leyti mundu þá gilda áfram hjá okkur eins reglur og á hinum Norðurlöndunum, en það kemur fram í fskj. II, þar sem er smávegis yfirlit um lagaskilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum, en þessi heimild til undanþágu, sem ríkisstj. er veitt, er gildandi í öllum löndum, og ríkisborgararéttarskilyrðið er þar einnig, nema í Danmörku, þar sem ríkisborgararéttur er ekki skilyrði fyrir eignar- og afnotarétti fasteigna. Þar eru líka, eins og hv. þm. sjá, nokkur ákvæði, sem eru svipaðs eðlis og þau nýmæli, sem hér eru tekin upp, að í hlutafélögum skuli meira en helmingur hlutafjárins vera eign íslenzkra ríkisborgara, — svipuð ákvæði eru einnig sums staðar, a. m. k. á hinum Norðurlöndunum, þótt að vísu sé miðað kannske við ekki aðeins helminginn, heldur sums staðar við stærri hluta, sérstaklega í Noregi og reyndar Finnlandi líka.

Í 4. og 5. gr. núgildandi l. og í sömu greinum frv. eru reglur um það, hvernig með skuli fara, er aðili, sem ekki uppfyllir skilyrði l., hefur öðlazt réttindi yfir fasteign, svo og hvernig fari, ef hann kemur ekki málum sínum í löglegt horf á þeim fresti, sem honum kann að verða settur til þess.

Og í 6. og 7. gr. er vísað til reglna 4. og 5. gr. með þeim breytingum, sem leiða kann af hinum sérstöku aðstæðum, þegar hjúskapur og síðari slit hans eða erfðir hafa valdið því, að aðili, sem ekki uppfyllir skilyrði l., hefur öðlazt réttindi yfir fasteign. Breytingar þær, sem gerðar eru í 6. gr. frv., á reglum 6. gr. núgildandi l., stafa einvörðungu af þeim breytingum, sem orðið hafa á lagareglum um fjármál hjóna, eftir að núgildandi lög voru sett 1919. En svo sem kunnugt er, voru hinar eldri reglur um fjármál hjóna við það miðaðar, að eiginmaðurinn væri einn talinn fyrir félagsbúinu, og hefði því raunar verið þörf á að breyta reglum núgildandi laga við setningu l. um fjármál hjóna, nr. 20 frá 20. júní 1923.

Mér þykir rétt að taka fram í þessu sambandi, að þegar rætt hefur verið um stóriðju hér á þingi og reyndar utan þings, með þeim hætti, að erlendir aðilar fengju aðstöðu til að reka stóriðju hér í sambandi við stórvirkjanir og þá helzt alúmíníumbræðslu, eins og kunnugt er, hefur jafnan verið gert ráð fyrir því, og ég held, að um það sé enginn ágreiningur, að um slík mál mundu verða gerðir sérstakir samningar, sem Alþingi fengi til meðferðar og afgreiðslu, ef til þess kæmi, að ríkisstj. vildi stofna til slíks.

Að öðru leyti er nokkurt yfirlit til glöggvunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, í fskj. I. Það er yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnurekstrar á Íslandi, sem tekið var saman af Halldóri Jónatanssyni, starfsmanni í stjórnarráðinu.

Það er ekki gert ráð fyrir því að breyta öðrum lögum beinlínis en lögunum frá 1919, þ. e. a. s. þau verða felld úr gildi, ef þetta frv. nær fram að ganga. Hins vegar hefur þetta frv. auðvitað efnislega ýmis áhrif á aðra löggjöf í landinu, að svo miklu leyti sem um er að ræða eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Það mætti segja, að það hefði e. t. v. verið ástæða til að breyta fleiri lögum, en það varð samt að ráði að fara ekki út í það. Upp á síðkastið hafa verið sett hér á Alþingi lög, sem miða ekki við ríkisborgararétt í sambandi við atvinnurekstur, en að svo miklu leyti sem slíkur atvinnurekstur verður ekki rekinn nema með afnota- og eignarrétti yfir fasteignum, koma þessi nýju ákvæði þessa frv. til að taka til þess, ef þetta frv. yrði að lögum. En 1963 voru sett á Alþingi lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl., og skilyrði til þess að öðlast veitingaleyfi eða önnur leyfi samkv. þeim l. er m. a. heimilisfesti síðasta árið, áður en leyfið er veitt. En miðað við, að þetta frv. taki gildi, mundi hins vegar erlendur aðili eða ekki íslenzkur ríkisborgari geta fengið slík leyfi, en hann gæti ekki rekið það nema þá með leigu á fasteignum í samræmi við þau skilyrði, sem þar um eru sett í þessum lögum, en þar er afnotarétturinn bundinn við 3 ár. Hann má ekki vera bundinn lengur en til 3 ára, eins og hann er núna, eða uppsegjanlegur með árs fyrirvara.

Um ein lögin vil ég taka það fram, lög um verzlunaratvinnu, að þar eru ýmis ákvæði, sem gat komið til álita að breyta um leið. Ég vil láta þess getið, að ég hef skipað n. á s. l. hausti, sem hefur þá löggjöf í endurskoðun, en henni er ekki lokið enn þá.

Að öðru leyti held ég, að að svo stöddu þurfi ég ekki fleira um þetta frv. að segja, og vildi þá mega leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., hefur hér á undanförnum þingum, ég hygg tvisvar, verið flutt þáltill.

um endurskoðun l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og í þeirri þáltill. var stungið upp á því að kjósa mþn. til að endurskoða lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo og lagaákvæði um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi. Var í sambandi við þessa þáltill., sem flutt var af fjórum framsóknarþm., minnt á, að það mundi vera þörf á því að endurskoða báða þessa þætti málanna, sem sé bæði réttindi útlendinga til að eiga hér fasteignir og aðrar eignir og enn fremur, sem er annar þáttur, réttindi sömu aðila til að reka hér atvinnu, þ. e. hafa hér atvinnurekstur. Var bent á, að l. um þessi efni væru mjög ófullkomin, en brýna nauðsyn bæri til að endurskoða þau og gera þau fyllri, gleggri, skýrari og sterkari með tilliti til þess, að hættara væri við því nú á næstunni en áður hefði verið, að útlendingar vildu eignast hér eignir umfram það, sem Íslendingar kærðu sig um að þeir eignuðust. Voru færð rök fyrir þessu.

Þessari þáltill. var vísað til hæstv. ríkisstj., eins og ráðh. sagði, og hefur hún látið skoða þessi mál nokkuð og leggur nú fram frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem á að koma í staðinn fyrir l. frá 1919, en þetta frv. fjallar, eins og hæstv. ráðh. tók fram, eingöngu um þessa hlið, þ. e. a. s. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, en ekki um atvinnurekstrarréttindin. Á hinn bóginn fylgja nokkrar upplýsingar um, hvaða reglur gilda hér á landi um atvinnurekstrarréttindin, þótt frv. fjalli ekki um þann þátt málanna, heldur einvörðungu um réttinn til þess að eiga hér fasteignir eða hafa afnot af fasteignum.

Vil ég víkja nokkuð að frv. Það kemur fram í 1. gr. sú breyting, að menn skuli þurfa að hafa ríkisborgararétt til að geta öðlazt rétt til að eiga hér fasteignir, en áður var það eitt skilyrði, að menn væru hér heimilisfastir. Getur víst ekki verið ágreiningur um, að þetta atriði er til bóta frá því, sem verið hefur, því að það þrengir möguleika útlendinga til að eignast hér fasteignir.

Þá eru hér ákvæði um, að til þess að hlutafélög hafi þessi réttindi, skuli meiri hl. hlutafjárins vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hl. atkv. á hluthafafundum, sem sé, ef einfaldur meiri hl. hlutafjárins er í höndum Íslendinga, eiga þau að hafa þennan rétt, jafnvel þótt 49% væru í höndum útlendinga. Í sambandi við þetta vil ég minna á, að í grg. er sagt frá, hvernig þessu er háttað á Norðurlöndum. Kemur í ljós, að í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa ekki önnur hlutafélög þennan rétt til að eignast fasteignir en þau, þar sem 60—80% af hlutafénu eru í höndum innlendra aðila í Svíþjóð, en 80% í höndum innlendra aðila í Noregi og Finnlandi. Til þess að félög hafi þennan rétt í þessum löndum, þarf því mjög aukinn meiri hl. hlutafjárins að vera í höndum landsmanna sjálfra. Þetta er vafalaust gert í varúðarskyni til að tryggja, að þau félög, sem hafa þennan rétt til að eiga fasteignir, séu raunverulega á höndum innlendra aðila, en ekki aðeins að nafninu til. Og hefur þá sýnilega þótt tryggasta leiðin til að gera þetta öruggt að gera slíkar kröfur um hlutafé.

Ef útlendingar eiga meira í félögunum en 20% í Finnlandi og Noregi og meira en 20—40% í Svíþjóð, hafa þau ekki rétt til þess að eiga fasteignir, en verða að sækja um leyfi til ráðuneytanna eins og erlendir aðilar.

En ég sakna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið neitt tillit til þessa í frv., eins og það liggur fyrir, því að tilsvarandi ákvæði í þessu frv. eru sem sé þannig, að aðeins einfaldur meiri hl. þurfi að vera í höndum Íslendinga, til þess að félag skuli skoðast innlent. Það er nokkuð rætt um þetta í grg. þeirrar þáltill., sem hér var vísað til, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og leyfi ég mér að taka þau rök upp núna:

„Ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið“, það er búið að rekja það áður, að ákvæðin hér eru býsna losaraleg, „að langt er frá því, að ákvæði l. frá 1919 veiti nægilega vörn gegn því, að eignarréttur eða afnotaréttur fasteigna hér á landi færist raunverulega yfir á hendur útlendra ríkisborgara. Það er því full ástæða til að taka löggjöfina um það efni til rækilegrar endurskoðunar. Það þarf að semja ný lög, er setja traustari skorður við hugsanlegri ásælni útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi, en þau lög má sjálfsagt byggja á grundvelli l. frá 1919, og því er þessi þáltill. um endurskoðun þeirra laga.“ En síðan segir, með leyfi hæstv. forseta, og það er það, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á: „Sérstök þörf er á að setja í þessu sambandi skýrari ákvæði um hlutafélög og áskilja t. d., að þau hlutafélög ein, sem íslenzkir ríkisborgarar ættu tiltekinn, aukinn meiri hl. hlutafjár í, gætu öðlazt hér fasteignaréttindi án sérstaks leyfis. Er enn ríkari ástæða til þessa af þeirri sök, að íslenzk hlutafélagalög eru að ýmsu leyti úrelt og ófullkomin, m. a. að því er varðar skilgreiningu á innlendum og útlendum hlutafélögum.“

Ég sakna þess, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa tekið neitt tillit til þess, hvernig þessum málum hefur verið komið fyrir hjá frændum okkar á Norðurlöndum, því að við þurfum áreiðanlega að sýna í þessum efnum mikla varúð, ekkert síður en þeir. Hvort sem menn hafa meiri eða minni vantrú eða meiri eða minni trú á þátttöku útlendinga í því að eiga hér eignir og jafnvel atvinnurekstur, ættu menn þó að geta verið sammála um, að það getur aldrei í raun og veru orðið hliðstætt gagn að því fyrir Íslendinga, að erlendir reki atvinnurekstur inn, á við það, að Íslendingar reki hann sjálfir, því að arður af atvinnurekstri útlendinga mun lengstum sækja út úr landinu, en það er einmitt arðurinn af atvinnurekstrinum, sem verður drýgstur í því að byggja upp til frambúðar.

Þess vegna sýnist mér mjög þýðingarmikið, að þessum málum verði þannig fyrir komið, að Íslendingar geti haft það á sínu valdi sjálfir, hversu mikinn erlendan atvinnurekstur þeir vilja hafa hér og undir hvaða kringumstæðum þeir telja eðlilegt, að erlendir aðilar eigi hér eignir. Því tel ég, að það væri réttara að skoða gaumgæfilega, hvernig Norðurlandamenn hafa gengið frá þessum atriðum, að því er hlutafélögin snertir, og vona, að það verði gert í þeirri n., sem fær

málið til meðferðar, og þá í þessa átt, sem ég hef hér bent.

Þá er einnig, að gert er ráð fyrir því í frv., að ráðh. geti framvegis, — raunar eins og mér skilst að muni vera hægt núna skv. gildandi l., — að ráðh. geti framvegis veitt þau leyfi, sem honum sýnist, útlendingum til að eiga hér fasteign. Ég tel, að þetta ákvæði þurfi líka að endurskoða í n. og íhuga gaumgæfilega, hvort ekki á að setja þessu sérstakar skorður. Það er að því vikið einnig í grg. þáltill., sem ég gat um áðan, að það þurfi að athuga þessa hlið málanna einnig gaumgæfilega, hvernig skuli ganga frá því að veita undantekningar frá almennu reglunni varðandi eignarrétt og afnotarétt útlendinga á fasteignum.

Þá vil ég í þessu sambandi vekja athygli á því, sem reyndar kom einnig fram hjá hæstv. ráðh., að í þessu frv. eru ekki nein ákvæði um atvinnurekstrarréttindi útlendinga, enda er, eins og hann segir, þetta frv. einvörðungu um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. En í þessu sambandi eru þó gefnar þýðingarmiklar upplýsingar í grg. frv., þar sem dregin eru fram ýmis lagaákvæði, sem varða rétt útlendinga til þess að reka hér atvinnu í ýmsum greinum, og eru þær reglur nokkuð sundurleitar. Þessar reglur eru nokkuð á reiki. Og maður getur ekki komizt hjá að hugsa, að ákvæðin í þessu efni séu hér mjög veik og miklu veikari en t. d. annars staðar á Norðurlöndum, eftir því sem ég bezt fæ séð. Ég hygg t. d., að á Norðurlöndum séu hliðstæð ákvæði eða hliðstæðar kröfur gerðar til hlutafélaga, þegar um atvinnurekstur útlendinga er að ræða, eins og hérna kemur fram í upplýsingum frá Norðurlöndum, þar sem rætt er um lagaskilyrðið fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum. Ég hygg, að ákvæðin um atvinnurekstrarréttindi hlutafélaga, sem erlendir eiga í, muni vera mjög hliðstæð, a. m. k. hefur það verið í Noregi.

Mér sýnist því augljóst af því, sem hér kemur fram í grg. um þennan þátt málanna, að okkar ákvæði um þetta séu miklu veikari en þar, og þetta styður þá skoðun, sem kom fram í þáltill., að ákvæðin um atvinnurekstrarréttindi útlendinga þurfi einnig gaumgæfilegrar endurskoðunar við. Hitt er svo annað mál, hvort þetta getur orðið tekið inn í þetta mál beinlínis eða ekki, en ég minni á þetta í leiðinni. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hérna fáeinar setningar úr grg. þáltill. um rökin fyrir þessu, sem ég vil gera að mínum rökum:

„Um leið og endurskoðuð eru lagafyrirmæli um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er rétt, að tekin séu til athugunar ákvæði löggjafarinnar um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi, einkanlega hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð. Þó að lög bindi nú atvinnurekstrarréttindi útlendinga tilteknum skilyrðum, er vafasamt, að þar sé nógu tryggilega um búið, a. m. k. að því er varðar hlutafélög, sem útlendingar kunna að eiga mikið í og raunverulega eru starfrækt af þeim. Þarf að rannsaka ákvæði l. um þessi efni og gera þau skýrari og fyllri, þar sem þörf krefur. Er nauðsynlegt, að mjög ströng skilyrði séu sett fyrir atvinnurekstrarréttindum útlendra aðila. Það má e. t. v. segja, að þess hafi ekki gætt sérlega mikið á undanförnum árum, að útlendingar sæktust eftir að eiga fasteignir eða stofnsetja atvinnufyrirtæki hér á landi. En ýmsar breyttar ytri aðstæður hafa í för með sér aukna hættu í þessum efnum. Landið er ekki svo einangrað sem áður var í þessu tilliti. Það er óneitanlega lítt numið enn að vissu leyti og því ekki óeðlilegt, að það kynni að freista þeirra útlendinga og þá t. d. útlendra auðfélaga, sem eru víða í leit að landsgæðum og aðstöðu. Samkv. núgildandi löggjöf gætu slík félög sennilega stofnað eins konar dótturfélög hér á landi, er gætu keypt eða leigt sér fasteignir og átt atvinnufyrirtæki. En ef útlendingar eignuðust hér fasteignaréttindi í stórum stíl, hefðu Íslendingar blátt áfram glatað frumburðarrétti sínum. Okkur ber því að vera hér vel á verði. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann, og endurskoðun þessari þarf því að hraða."

Þetta á nú einkum við um atvinnurekstrarréttindi útlendinga, sem ekki er fjallað um í þessu frv., eins og ég hef margtekið fram og hæstv. ráðh. einnig minnti á. En það er annar þáttur þessara mála, sem engu síður þarf endurskoðunar við en sá þáttur, sem tekinn er til meðferðar í þessu frv.

Ég skal svo láta þetta nægja, en vildi, að þessi rök kæmu fram nú við 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get vel skilið, að hv. þm. þyki full ástæða til varúðar í því sambandi, að lagaákvæði séu nægilega sterk til að hindra óeðlileg áhrif útlendinga hér á landi, bæði í sambandi við eignar- og afnotarétt og einnig atvinnurekstrarréttindi þeirra. Það getur verið álitamál, hvort á að gera það skilyrði í l., að aukinn meiri hl. þurfi að vera í höndum Íslendinga, til þess að hlutafélög megi starfa hér, eins og hv. 1. þm. Austf. vék að og eins og hann réttilega benti á að er gert í sumum Norðurlandanna, að vísu ekki Danmörku, og það er atriði, sem mér finnst eðlilegt að komi til athugunar í n. og vilji þingsins fái að koma fram um það, ef menn telja ástæðu til þess. Ég held nú, að hættan sé ekki eins mikil og menn vilja vera láta. Það hefur ekkert á henni borið. En ég hef engan veginn neitt við það að athuga, þó að það sé athugað og tekið til frekari skoðunar, hvort ætti að breyta frv. að þessu leyti. En ég minni á það, að ekkert ákvæði hefur verið í íslenzkum lögum um þetta fram til þessa. Nú er tekið upp það nýmæli, að meira en helmingur hlutafjár skuli vera í höndum íslenzkra ríkisborgara.

Mér er ekki heldur alveg ljóst það, sem hv. þm. vék að og las upp úr grg. með þáltill., sem framsóknarmenn fluttu hér í fyrra, um þá miklu þörf, sem sé á endurskoðun l. um atvinnurekstrarréttindi Íslendinga, og ég held, að hættan sé hér miklu minni en hann vill vera láta, og það munu menn sjá, ef þeir athuga málið nánar. Með þeim ákvæðum, sem eru í þeim l., sem nú gilda, og gerð er grein fyrir í fskj., er ekki hlaupið að því fyrir útlendinga að stunda hér atvinnurekstur, og það er síður en svo, að það sé ekkert veru-

legt aðhald í löggjöfinni, þó að hún sé kannske nokkuð á við og dreif. Auk þess má segja, að það sé kjarninn í öllum atvinnurekstri, sem um munar, að menn geti haft eignarrétt yfir atvinnutækjum og fasteignum fyrst og fremst, og það eru ákvæði þessara l., sem til þess taka. Það er ekki mjög auðvelt, held ég, að gera sér grein fyrir því, að það geti verið áhrifamikill atvinnurekstur á höndum útlendinga hér, ef þeir mega ekki eiga neinar fasteignir og hafa ekki neinn afnotarétt af fasteignum. Ég sem sagt held, að það sé í þessari grg. þáltill. gert of mikið úr því, að okkar löggjöf sé ekki nægjanlega sterk til að forðast erlend áhrif, og hv. þm. hafi líka gert of mikið úr því, þó að ég engan veginn vilji hafa á móti því, að það mál verði kannað til hlítar undir meðferð málsins hér í þingi, og er alveg sjálfsagt.

Hann vék svolítið að hlutafélagalögunum, og í sambandi við það vil ég upplýsa, að þau eru í endurskoðun og hafa verið um lengri tíma, og það hefur átt sér stað könnun á því að samræma hlutafélagalöggjöf okkar og Norðurlandanna, og hafa verið tveir hæstaréttardómarar í þessu að undanförnu. Þeirri endurskoðun er ekki lokið, en það væri náttúrlega rétt að upplýsa n., sem fær málið til meðferðar, um það, hvað þeirri endurskoðun er langt komið og hvort einstök atriði hlutafélagalöggjafarinnar, sem verið er að fjalla um, eru kannske þess eðlis, að það sé rétt, að n. sé kunnugt um það, áður en slíkt frv. er afgreitt. Ég vil gjarnan hlutast til um, að hún geti fengið þær upplýsingar, sem hún þarf þar að lútandi.

Það má líka segja, að það sé nokkurt álitamál um það, hvort ráðh. á að geta veitt leyfi, eins og hann hefur mátt gera fram til þessa, þó að skilyrði l. séu ekki uppfyllt. Og því er einnig haldið í 1. gr., að þó að þau skilyrði, sem þar eru sett, séu ekki uppfyllt, geti ráðh. veitt leyfi, ef ástæða þyki til. Um þetta fjölluðum við við undirbúning þessa frv., en það varð niðurstaða okkar, að það mundi verða nokkuð erfitt að setja takmörk fyrir þessu og þá ekki ljóst, hvernig þau ættu að vera. En komi fram hugmyndir um það undir meðferð málsins eða í n., er einnig sjálfsagt, að það sé rækilega athugað. En við sjáum það nú í löggjöf hinna Norðurlandanna, það litla sem til hennar er vitnað hér, að þetta ákvæði er þar eins og engar takmarkanir á heimild ráðh. til að veita sérstök leyfi, ef ekki eru uppfyllt hin almennu skilyrði l. Það varð því úr, að þetta ákvæði er óbreytt í frv., eins og það nú er í l. Það hefur aldrei komið til þess, og ég hef ekki trú á því, að það feli í sér neina sérstaka hættu, eins og hefur verið gefið í skyn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en það, sem hv. 1. þm. Austf. benti á, eru allt atriði, sem rétt er að taka til nánari meðferðar og þá einnig um atvinnurekstrarréttindi útlendinga, ef mönnum þykir þurfa að setja strangari ákvæði en nú þegar eru í löggjöf um það atriði.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en málið fer til n., vil ég vekja athygli á einu atriði alveg sérstaklega.

Eins og fram kemur í grg. frv., eru þau ákvæði í íslenzkum l. um vissar fasteignir og vissan atvinnurekstur, að útlendingum er með öllu bannað að eiga fasteignir eða annast þennan atvinnurekstur, þannig að það er áskilið í íslenzkum lögum, að það séu íslenzkir ríkisborgarar einir, sem eigi að eiga umræddar fasteignir og annast umræddan atvinnurekstur. Eins og kemur fram í grg., gildir þetta í fyrsta lagi um raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Það þarf samþykki Alþingis til hverju sinni, ef útlendingum á að vera leyfilegt að eiga slíkar fasteignir og reka þær. Samkv. l. um rétt til fiskveiðilandhelgi frá 1922 eru það einnig íslenzkir ríkisborgarar einir, sem mega stunda fiskveiðar í landhelgi og mega annast fiskvinnslu í landhelgi. Hins vegar hefur það verið nokkuð umdeilt atriði, hvort samkv. þeim l. mættu útlendingar hafa rétt til að annast fiskvinnslu í landi. Ég hef verið einn þeirra, sem hafa litið þannig á, að þetta væri mjög mikið vafaatriði, og þess vegna flutti ég um það frv. fyrir tveimur árum, að ákvæði l. um rétt til fiskveiða í landhelgi frá 1922 yrðu gerð skýr um þetta atriði, þannig að það næði einnig til fiskvinnslu í landi eins og í landhelgi, þ. e. hana mættu Íslendingar einir annast. Frv. minu var m. a. andmælt hér á Alþingi með þeirri röksemd, að þetta væri óþarft, vegna þess að ákvæði l. frá 1922 giltu jafnt um fiskvinnslu í landhelgi og fiskvinnslu í landi. Nú sé ég hins vegar í grg. þessa frv., að þar er staðfest sú skoðun, sem ég hef haldið fram. Þar segir, með leyfi hæstv. foseta:

„Samkv. l. um fiskveiðilandhelgi mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi og landa afla sínum hér á landi til verkunar eða vinnslu. Hlutafélög mega reka fiskveiðar í landhelgi, enda sé meira en helmingur hlutafjárins í eigu íslenzkra ríkisborgara. Hins vegar mega þau því aðeins stunda fiskverkun í landhelgi, að hlutafé sé allt í eigu íslenzkra ríkisborgara.“ Og svo segir: „Samkv. túlkun hlutaðeigandi íslenzkra stjórnarvalda gildir þetta ákvæði ekki um fiskiðnað í landi, heldur fellur slíkur atvinnurekstur undir ákvæði l. um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927.“

Sem sagt, það liggur hér fyrir sem skýlaus túlkun viðkomandi íslenzkra stjórnarvalda, að l. um fiskveiðar í landhelgi frá 1922 nái ekki til fiskiðnaðar í landi. Það er skoðun mín, sem ég rakti mjög greinilega fyrir tveimur árum, þegar frv. mitt var til meðferðar, að það væri jafnmikil nauðsyn að banna útlendingum með öllu að reka fiskiðnað í landi og banna þeim að annast fiskveiðar og fiskvinnslu í landhelgi. Ég álít það mikla nauðsyn, fyrst þessu máli er hreyft á annað borð um rétt útlendinga til að eiga hér fasteignir og afnotarétt á fyrirtækjum, að þá verði þetta mál gert alveg skýrt og sett í það lagafrv., sem hér liggur fyrir, skýr ákvæði um það, að ákvæði l. frá 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi nái einnig til fiskiðnaðar í landi, hvað því viðkemur, að það séu íslenzkir ríkisborgarar einir, sem mega annast þennan rekstur.

Ég held, að það sé að verulegu leyti rétt, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að útlendingar muni ekki sækjast sérstaklega mikið eftir því

að annast hér atvinnurekstur eða eiga hér atvinnufyrirtæki í velflestum atvinnugreinum, sem eru stundaðar hér á landi. Þó held ég, að fiskiðnaðurinn sé alger undantekning í þeim efnum, það sé sú atvinnugrein, sem þeir muni helzt sækjast eftir að komast inn í, og þess vegna eigum við að láta nákvæmlega sömu lagaákvæði gilda um fiskiðnaðinn og nú gildir um eign og rekstur raforkuvera og eign og rekstur fiskiskipa, sem mega stunda veiðar í landhelgi. Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki upp breytingar við þetta frv. á þá leið, að það verði gert alveg skýrt og ákveðið, að sömu ákvæði komi til með að gilda hér um fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu í landhelgi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, þyrfti, eins og þegar hefur komið fram bæði hjá hæstv. ráðh. og þeim þm., sem talað hafa, að athuga það mjög vel. Það er engum efa bundið, að það þarf að gera miklar breytingar á þeim l., sem nú gilda í þessum efnum, vegna þess að sú einangrun, sem við höfum búið við undanfarnar aldir, Íslendingar, er nú horfin og þess vegna hættan á áhuga útlendinga á að eignast hér fasteignir orðin miklu meiri en verið hefur.

Við hv. 5. þm. Vestf. fluttum á þinginu 1962 frv. til l. um breyt. á stjórnarskránni, þar sem var farið fram á, að 68. gr. væri breytt í þá átt, sem segir í 1. málsl. þar — með leyfi hæstv. forseta:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir."

Eftir þessum till., sem við vildum þá reyna að fá innleiddar í stjórnarskrána sjálfa, átti að vera ómögulegt fyrir útlendinga, ekki heldur í gegnum hlutafélög, að eiga hér fasteignir. Og ég held, að það sé nauðsynlegt, að það sé athugað mjög gaumgæfilega nú, hvort það er ekki óhjákvæmilegt fyrir okkur að setja miklu strangari skilyrði en eru í þessu frv. Þó að það sé margt þar til bóta frá því, sem verið hefur, útheimtar það ástand, sem við lifum við, miklu róttækari breytingar að mínu áliti. Þess vegna vildi ég í fyrsta lagi, að sú n., sem fær þetta til umr., athugaði mjög gaumgæfilega þessa till., sem við fluttum þá, og vildi taka eitthvert tillit til þess.

Í öðru lagi vildi ég sérstaklega benda á það, fyrir utan það, sem hér hefur nú verið rætt um fiskiðnaðinn, að hvað snertir jarðir eru nú jarðir í Vestur-Evrópu eitt það eftirsóttasta, þegar verið er að festa í verðmætum fé af hálfu þeirra, sem mikið hafa af peningum. Og það er engum efa bundið um svo lítt numið land eins og okkar, að á næstu áratugum koma jarðir, jafnvel þó að þær séu nú að falla í verði og margar hverjar óseljanlegar, eins og kallað er, til með að stiga gífurlega. Ég álít, að það ætti að reyna að stefna að því í því sambandi, að t. d. af þeim bændum, sem núna neyddust til að selja sínar jarðir, af því að þeir flyttu burt frá þeim, keypti ríkið þær jarðir og seldi þær ekki aftur, til þess að gera kleifara seinna meir þeim, sem vildu setjast að á þeim, að geta fengið þær svo að segja ókeypis á leigu frá ríkinu, og tryggt þannig sem beztan aðbúnað fyrir þá íslenzka bændur, sem vildu nytja þær í framtíðinni, þegar þar að kemur, að öll jörð á Íslandi verður ræktuð. En nú sem stendur eru jarðir á Íslandi eitt það ódýrasta, sem hægt er að kaupa í Evrópu, og einhver sú bezta fjárfesting, sem útlendir auðmenn, sem væru að festa sitt fé til langs tíma, mundu vilja festa fé sitt í, ef þeir hefðu sæmilegan aðgang að. Og ég er ákaflega hræddur um, að hlutafélög með 49% þátttöku útlendinga mundu, eins og nú háttar til, pólitískt á Íslandi geta þýtt, að útlendingar hefðu alger yfirráð yfir þeim. Það mundi vera orðið svo auðvelt fyrir þá nú að fá leppa, að það væri minnstur vandi að kaupa upp heilar sýslur fyrir útlent auðfélag, og það eina, sem Íslendingar þá hafa að gera, þegar þeir sæju slíkan voða, væri að grípa til þeirra ráða, sem við vissulega hefðum, að taka slíkt eignarnámi, því að þetta heyrir náttúrlega að öllu leyti undir íslenzk lög. En til þess sem sé að koma í veg fyrir allt slíkt og allt málavafstur af slíku tagi, held ég, að sú n., sem þetta fer til, ætti sérstaklega að athuga um jarðirnar, lóðirnar og allt annað slíkt. Við skulum bara athuga í því sambandi, þegar nú er verið að tala um alúmíníumverksmiðju og annað þess háttar, stækkunarmöguleika þar og slíkt, spurninguna um jarðirnar, þar sem á að byggja þetta, fríhöfnina, þar sem þetta á að standa, og annað þess háttar. Við þurfum ekki að leita langt til þess að vita, að það er fljótt farið að athuga slíka hluti. Þegar talað var um að staðsetja slíkt fyrir norðan, var farið að kaupa upp vissar jarðeignir þar, og þegar rætt var um, að Íslendingar gengju e. t. v. í Efnahagsbandalagið, var þegar búið að undirbúa vissar ráðstafanir til að fara að kaupa upp jarðir í Rangárvallasýslu og víðar. Ég vil þess vegna mjög taka undir það, sem líka hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að þetta mál verði athugað mjög gaumgæfilega í n. og það sé af hálfu Alþ. sleginn verulega sterkur varnagli við þeim hættum, sem þarna vofa yfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 266, n. 490, 505 og 531, 506, 532).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum athugað og rætt frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt á fasteignum, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með þeirri aðalbreytingu, að í hlutafélögum, sem eiga eða hafa afnot af fasteignum hér á landi, skuli a. m. k. 60% hlutafjárins vera í eign íslenzkra ríkisborgara, nema sérstakt leyfi ráðh. komi til, í stað einfalds meiri hl., eins og frv. gerir ráð fyrir. Minni hl. n. vill hins vegar ganga lengra en meiri hl. telur

nauðsynlegt í takmörkun á eignahlutum erlendra manna í hlutafélögum, sem eiga eða hafa afnot af fasteignum hér á landi, og einnig vill minni hl. n. takmarka mjög eða fella niður með öllu þá heimild, sem í frv. er áskilin atvmrh. til að veita undanþágu frá 1.—4. tölul. 1. gr. frv. fyrir því, að menn megi eiga eða hafa afnot af fasteignum hér á landi. Telur meiri hl. n. ekki ástæðu til niðurfellingar eða takmörkunar á slíkri leyfisheimild ráðh., enda eru sams konar leyfisheimildir til handa ráðh. eða þjóðhöfðingja í hliðstæðum lögum allra hinna Norðurlandanna, og ekki er til þess vitað, að slík leyfisheimild hafi hingað til komið að sök hér á landi, en í íslenzkum lögum hefur hún verið a. m. k. frá árinu 1919.

Frv. þessu, ef að l. verður, er annars ætlað að koma í stað gildandi l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna hér á landi, en þau eru nr. 63 frá 1919. Felast í frv. þessu aðallega þær breytingar frá núgildandi löggjöf, að tekin eru upp í því ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign í stað heimilisfangs samkv. gildandi lögum. Jafnframt er ákvæði í frv., að meiri hl. hlutafjár í hlutafélögum skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga eða geta án ráðherraleyfis átt fasteignir hér á landi. Er það ákvæði nýmæli miðað við núgildandi lög.

Við 1. umr. þessa máls blönduðust inn í það nokkrar umr. um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur hér á landi og þá sérstaklega fiskvinnslu og fiskverkun. Þótt þetta atriði snerti ekki beinlínis það efni, sem frv. þetta fjallar um, þótti þó meiri hl. n. rétt að láta prenta sem fskj. með nál. lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Sýnir þetta yfirlit, að í þessum löndum gilda að flestu leyti svipuð ákvæði um þessi efni og hér á landi og þó að sumu leyti rýmri ákvæði í hinum löndunum en hér á landi og þó sérstaklega í Svíþjóð, eftir því sem mér sýnist í fljótu bragði.

Eins og ég áður tók fram, herra forseti, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna verði samþ. með þeim breytingum, sem meiri hl. n. gerir till. um í nál.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna til umræðu og athugunar. Það er í upphafi flutt sem stjórnarfrv. af hæstv. dómsmrh. og hafði hann um það framsögu. Ekki hefur í n. náðst fullt samkomulag um endanlega afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með einni breytingu, og varðar hún eignarhluta íslenzkra ríkisborgara í hlutafélögum. Við hv. 1. þm. Norðurl. v. höfum leyft okkur að flytja brtt. við frv. á þskj. 506 og gerum grein fyrir þeim brtt. í nál okkar á þskj. 505. Vil ég nú fara nokkrum orðum um afstöðu okkar til þessa máls.

Um eignarrétt og afnotarétt fasteigna hafa gilt í okkar landi lög frá 1919, og það er ekki nema að vonum, að sú löggjöf sé ekki nú í sem fyllstu samræmi við breyttar aðstæður, sem eiga fyrir sér væntanlega að breytast þó enn hraðar og meir á komandi tímum. Það eru því flestir sammála um nauðsyn þess, að sett verði ákveðnari og strangari lagaákvæði í þessum efnum. Núgildandi löggjöf um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er byggð fyrst og fremst á þeirri höfuðreglu, að heimilisfastir aðilar geti án sérstaks leyfis öðlazt eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. En engin sérstök krafa er í l. gerð um þegnrétt eða búsetu tiltekið tímabil. Líku máli gegnir um félög eða stofnanir. Fullnægi aðili ekki þessu skilyrði, svo rúmt sem það nú er, getur ráðh. samt sem áður veitt honum leyfi til eignar- og afnotaréttinda. Að því er bezt verður séð, er þessi heimild ráðh. til undanþáguveitingar nær ótakmörkuð. Af þessu er ljóst, að l. frá 1919 eru á engan hátt sú vörn gegn hugsanlegri ásælni af hálfu erlendra aðila til fasteignaréttinda og afnota hér á landi, sem telja verður þó nauðsynlega. Fram til þessa tíma hefur að vísu ekki, svo að vitað sé, komið til teljandi ásóknar í þessum málum, en eins og ég gat um lítillega áður, eru og geta orðið nokkuð breyttar aðstæður. Nú eru t. d. mjög aukin viðskipti okkar við aðrar þjóðir og mjög er aukinn kunnugleiki útlendinga á landsgæðum hér og margvíslegri hagnýtri aðstöðu, og þessi atriði gera auðvitað að verkum, að það er mun brýnni þörf en áður á að skapa sem öruggast aðhald og setja strangar og svo afdráttarlausar réttarreglur um fasteignaréttindi útlendinga hér í landi sem auðið er.

Á Alþingi 1962—63 báru fjórir framsóknarmenn fram þáltill. í sameinuðu þingi, sem fjallaði um endurskoðun l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Till. þessi hlaut ekki afgreiðslu á því þingi, og hún var enn borin fram á þinginu 1963—1964 og flutt af sömu þm. Úrslit till. og málsins urðu þá þau, að málinu var vísað til ríkisstj. Dómsmrh. hefur svo síðan haft forgöngu um athugun þessa máls alls og fengið sér til aðstoðar sérfræðinga.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru gerðar breytingar á núgildandi löggjöf með nokkurri hliðsjón af því, sem ég hef getið hér um og nauðsynlegt var að hafa til viðmiðunar. Breytingar frv. eru aðallega tvær frá núgildandi lagareglum. Í fyrsta lagi er krafizt íslenzks ríkisfangs í stað heimilisfangs sem skilyrðis fyrir því að öðlast réttindi yfir fasteignum. Þessi breyting er að sjálfsögðu hin eðlilegasta, enda í fullu samræmi við löggjöf hinna annarra Norðurlandaþjóða flestra. Í öðru lagi er í frv. ákveðið, að meiri hl. hlutafjár, þegar um félög með takmarkaða ábyrgð ræðir, skuli vera í eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hl. atkvæða á hluthafafundum. Þetta er nokkuð veigamikil breyting frá því, sem er nú í lögum. Og þetta eru meginbreytingarnar, sem frv. gerir á núgildandi l. um fasteignaréttindi.

Okkur í 1. minni hl. sýnist, að hér sé, að því er varðar hlutafélögin, gengið of skammt. Við teljum tvímælalaust rétt að herða enn betur að um hlutafjáreign erlendra aðila, þannig að íslenzkir ríkisborgarar eigi a. m. k. hverju sinni, að því er varðar hlutafélög, ¾ hlutafjár og fari með minnst 60% eða ⅔ atkv. á hluthafafundum.

Samkv. því, sem upplýst er um réttarstöðu útlendinga á hinum Norðurlöndunum, að því er

varðar sams konar efni, sýnist þetta koma í ljós: Í Danmörku virðast reglurnar vera nokkuð rúmar og ekki ósvipaðar því, sem er að okkar núgildandi lögum. Aftur á móti í Noregi er það skilyrði, þegar hlutafélag á hlut að máli, að 80% hlutafjár sé norskt og stjórn félagsins öll norsk. Í Finnlandi er það skilyrði að eigi minna en ⅘ hlutafjár séu eign finnskra ríkisborgara og ⅘ atkv. á hluthafafundum séu á hendi finnskra ríkisborgara. Í Svíþjóð er það skilyrði, að minna en ýmist ⅔ eða ½ hlutafjár eða atkvæðamagns megi vera í höndum útlendinga.

Þegar litið er á þessi lagaákvæði um efnið hjá frændþjóðum okkar, sjáum við, að ekki á minna að duga eða rýmri skorður vera settar af okkar hálfu. Við verðum líka að líta til þess, að það hlýtur að vera almennt viðurkennt, að við Íslendingar þurfum að hafa uppi nauðsynlega varðstöðu af okkar hálfu um fasteignaréttindi útlendinga hér á landi, og þegar litið er til þess og okkar sérstöðu að ýmsu öðru leyti, sýnist þessi hlutafjáreign af hálfu íslenzkra í sambandi við hlutafélög vera eðlilegt mark.

Ég hef ekki séð álit frá 2. minni hl., það var ekki komið á borðið hjá mér, áður en ég fór hér upp í ræðustólinn, og ekki hef ég heldur séð þær brtt., sem hans nál. væntanlega fjallar um, þannig að ég get ekki komið inn á þau atriði að svo stöddu. En ég reikna með því, að 2. minni hl. vilji enn þrengri skorður reisa við hlutafjáreign erlendra aðila, hvað sem er um önnur atriði þessa máls.

Þannig fjallar önnur af tveimur höfuðbreytingum, sem við viljum gera á frv. í 1. minni hl., um það, að Íslendingar eigi allténd ¾ eða 75% af hlutafé í hlutafélagi. Nú hefur meiri hl. allshn. komið fram með brtt. við frv., þannig að 60% af hlutafé skuli vera minnst á hendi íslenzkra ríkisborgara. En í frv. er um það getið eða krafa gerð um, að það sé yfir 50% eða meiri hl. hlutafjár, þannig að meiri hl. hefur aðeins þrengt hlutafjáreign erlendra aðila.

Þá kem ég að hinni meginbreytingu okkar í 1. minni hl. Frv. gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu um það, að ráðh. hafi nánast ótakmarkaðan rétt til þess að veita undanþágur frá þeim skilyrðum, sem frv. gerir ráð fyrir í 1.—4. tölul. 1. gr. frv. Það er sem sagt engin breyting frá því, sem nú er, að ráðh. virðist eiga að vera það í sjálfsvald sett að leyfa undanþágur frá þessum skilyrðum. Þessi leyfi ráðh. hafa sjálfsagt hingað til ekki komið að neinni sök, hafi þau verið veitt, a. m. k. ekki svo að ég viti til. En okkur í 1. minni hl. finnst það meira en varhugavert að láta ráðh. hafa heimild til að veita þær undanþágur, sem hér um ræðir, frá öllum þessum skilyrðum, ef verkast vill, þ. e. a. s. ríkisborgararéttindaskilyrðinu, skilyrðinu um hámarkshlutafjáreign útlendinga o. s. frv. Við teljum, að þessi óhefta heimild ráðh. til undanþágu sé í raun og veru fráleit, því að með henni getur hann hvenær sem er vikið frá þessum skilyrðum, sem löggjafinn hlýtur þó að telja mjög mikilvæg og að yfirleitt séu fyrir hendi. Við í 1. minni hl. hljótum að álíta, að löggjafinn telji rétt að leggja á það þunga áherzlu, að þessi skilyrði séu fyrir hendi og framkvæmdavaldinu að því leyti markaður sem þrengstur bás. Og ég tel, að fyrir ráðh. sé það í raun og veru ekki illt að þola að þurfa að leita til Alþingis með undanþágur, ef með þarf. Að taka ákvörðun í ýmsum slíkum málum, sem upp kunna að koma, getur orðið æði erfitt fyrir ráðh., og ætti hann því að vera sæmilega ánægður með það að þurfa ekki að hafa fyrir því að veita undanþágur frá skilyrðum. Mörg mál slík geta komið upp, að honum þætti það betra en ekki. Og þó að hinar Norðurlandaþjóðirnar hafi eitthvað rýmri heimildir um undanþágur úr hendi ráðh., þegar lögmælt skilyrði eru ekki til staðar, teljum við í 1. minni hl., að við Íslendingar getum engan veginn fylgt þeirra fordæmi vegna margvíslegrar sérstöðu okkar. Auk þess er það ekki komið í ljós, hvernig leyfisreglur að þessu leyti eða undanþágur af hálfu ráðh. á hinum Norðurlöndunum eru framkvæmdar. Það má vel vera, að það séu svo þröngar skorður í framkvæmd um þessi ráðherraleyfi, að það jafngildi nánast því, að þau séu bönnuð. En um þetta veit ég ekki svo, en okkur í 1. minni hl. þykir rétt að vera ekki að hafa neina tæpitungu um þetta, heldur að leitað sé til löggjafans yfirleitt, en ráðh. veiti ekki undanþágur frá skilyrðum nema í mjög takmörkuðum efnum. Og það er þegar þannig stendur á, að um erfðagóss er að ræða eða eign í sambandi við hjúskap eða í þriðja lagi, að aðili hafi öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku l. Þá getur ráðh., ef hann sér ástæðu til, veitt undanþágu frá þeim skilyrðum, sem getur í 1. gr. frv.

Ég vil geta þess, ef sérstaklega stendur á um aðila, t. d. erlendan einstakling, og okkur sé mikið í mun að halda honum hér og hann hafi nauðsynleg eignarréttindi og afnota af fasteignum, að þá er leið til og nokkuð skjót eftir atvikum, og það er, að viðkomandi einstaklingur fái hreinlega ríkisborgararétt, þannig að þetta ætti ekki að verða mjög þungt í vöfum um framkvæmd, þó að ráðh. hefði ekki heimild að veita leyfin, en löggjafinn héldi vandlega þeim rétti í sinni hendi.

Þetta eru þá tvær meginbrtt. okkar í 1. minni hl. við þetta frv. Það er annars vegar hinn aukni meiri hl. um hlutabréfaeign á hendi íslenzkra ríkisborgara, upp í 75%, og hins vegar að hefta heimild ráðh. til þess að veita leyfi til undanþágu frá skilyrðunum í 1. gr. Aðrar till. okkar eru til samræmis þessum höfuðbrtt. og orðalagsbreyting á einum eða tveim stöðum. Að öðru leyti fylgjum við að sjálfsögðu frv.

Ég vil svo að lokum geta þess, að í frv. er ekki fjallað um atvinnurekstrarréttindi útlendinga og réttarstöðu þeirra í því sambandi. Það mun þykja betur fara á því, og sennilega er það eðlilegt, að þær réttarreglur verði sérstaklega athugaðar. En víst er um það, að brýna nauðsyn ber til að semja og setja heildarlöggjöf um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi og það verði gert sem allra fyrst.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru löngu orðin úrelt, eins og flestir munu viðurkenna, og vissulega þörf á mikilvægum breytingum. Sérstaklega er nauð-

synlegt að kveða nokkru skýrar á um rétt erlendra manna til að eignast fasteignir á Íslandi. Frsm. meiri hl. og 1. minni hl. allshn. hafa nú gert nokkra grein fyrir því, í hverju þessar breytingar eru fólgnar, sem frv. gerir ráð fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að endutaka það.

Meginstefna Alþb. í þessu efni hefur oft komið fram og mun flestum vera kunnug. Alþb. telur farsælast að hafa það viðhorf að leiðarljósi, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skuli Íslendingar einir eiga. Þó telur Alþb. eðlilegt að gera undantekningu í nokkrum einstökum tilvikum. Ráðh. ætti t. d. að vera heimilt að veita erlendum mönnum leyfi til að eignast fasteignir á Íslandi, sem þeir öðlast við hjúskap og erfðir. Einnig kæmi til greina að leyfa erlendum mönnum, búsettum hér, að eignast íbúðir til eigin afnota. Sjálfsagt væri í samræmi við alþjóðavenjur að leyfa erlendum sendiráðum að eiga hér húseignir, og hið sama gildir raunar um fasteignir í eigu alþjóðlegra stofnana, sem Ísland er aðili að og ætlaðar eru til afnota fyrir menningar- og heilbrigðisstarfsemi. Við teljum hins vegar, að að öðru leyti beri ekki að víkja frá þessari sjálfsögðu meginstefnu, nema alveg sérstök ástæða sé til, og þá verði Alþingi að íhuga það hverju sinni, hvort ástæða sé til að gera slíka undantekningu. Sé það álit manna, að fjárfesting hinna erlendu manna sé óveruleg eða e. t. v. þess eðlis, að hún gæti talizt hættulaus, ber að sjálfsögðu að samþykkja um það lagafrv. hverju sinni. Sem dæmi um slíka málsmeðferð mætti nefna l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem voru samþykkt á s. l. ári hér í þinginu. Þar var einmitt gert ráð fyrir óverulegri hlutafjáreign erlendra manna, en íslenzka ríkið átti að eiga meiri hl. hlutafjár, og sveitarfélög áttu einnig að eiga þess kost að taka þátt í þessu hlutafélagi. Þar sem hér var um mjög óverulegt atriði að ræða, mælti Alþb. ekki sérstaklega gegn þessari tilhögun.

Í allshn. varð enginn ágreiningur um meginefni frv. sjálfs, að ríkisborgararéttur verði að vera skilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti fasteigna í staðinn fyrir búsetu, sem áður var. Þessi tilhögun, að binda skilyrðið við ríkisborgararétt, hefur um árabil verið bæði í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og á enn frekar við hér á Íslandi. Hins vegar urðu nm. ekki á eitt sáttir um það atriði, sem í frv. segir, að allt að 49% hlutafjár í hlutafélögum geti verið í eigu erlendra ríkisborgara, ef um takmarkaða ábyrgð er að ræða. Ég flutti till. um það í n., að allt hlutaféð skyldi vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og þyrfti þá sérstaka lagasetningu hverju sinni, ef út af ætti að bregða. Ég benti á og vil enn benda á það, að nú má ekki selja nokkra jörð úr eigu ríkisins, hvorki stórbú né örreytiskot í útkjálkabyggð, án þess að um það sé fjallað við 6 umr. á Alþ. Tæpast væri ástæða til minni varkárni, þegar hleypa á erlendum auðmönnum inn í íslenzk hlutafélög, og því virðist sjálfsagt, að Alþ. fjalli um það hverju sinni, ef undantekningu á að gera.

Fulltrúar Framsfl. í n. tóku sér stöðu miðja vegu á milli þessara tveggja sjónarmiða og lögðu til, að ekki minna en 75% yrðu að vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og af stjórnarmönnum yrði hið fæsta 60% að hafa ríkisborgararétt. Ég tel það athyglisvert, að bæði fulltrúar Framsfl. og stjórnarflokkanna vilja ganga skemur en gert er í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en þar er, eins og kunnugt er og kom einmitt fram í þessum umr., yfirleitt miðað við það, að meira en 80% atkv. á hluthafafundum tilheyri ríkisborgurum viðkomandi lands í hlutafélagi, ef ekki á að þurfa að sækja um sérstakt leyfi. Verður þó að segjast, að það hlýtur að vera miklu meiri ástæða til varkárni á Íslandi heldur en hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem eru 20—40 sinnum fjölmennari og eiga auðvitað ólíkt hægara með að hafa í fullu tré við erlenda fjármagnseigendur. Ekkert samkomulag varð um þetta atriði í n., eins og fram hefur komið, en áður en umr. lauk í n., gerðu fulltrúar stjórnarflokkanna till. um að hækka lágmarkshlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara í 60%. Að þessu leyti skilar því n. þrenns konar áliti, þar sem fulltrúar stjórnarflokkanna miða við 60% hlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara hið minnsta í hlutafélögum, fulltrúar Framsfl. miða við 75%, og ég geri aftur till., að allt hlutaféð sé í eigu íslenzkra ríkisborgara.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. hafi ótakmarkaða heimild til að veita erlendum mönnum leyfi til að eiga og nota íslenzkar fasteignir, ef honum þóknast svo og þvert ofan í önnur ákvæði frv. Með þessu eru takmörk frv. fyrir eignarrétti útlendinga nánast að engu gerð að mínu áliti. Ráðherrar eru misjafnir, eins og við vitum. Þeir koma og fara, sumir eru varkárir, og aðrir eru ístöðulitlir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna voru sammála um að gagnrýna þetta ákvæði mjög harðlega og töldu það óhæfu, að ráðherra gæti vikið skilyrðum laganna til hliðar, töldu sem sagt sjálfsagt og eðlilegt, að leitað yrði til Alþingis, ef bregða ætti út frá ákvæðunum. Framsóknarmennirnir, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Sunnl., hafa flutt tillögu um þetta atriði, brtt., sem ég styð eindregið, en samkvæmt henni er ráðh. því aðeins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, að um það sé að ræða, að erlendir menn hafi komizt yfir fasteignir við hjúskap eða erfðir.

Þessa dagana hafa stjórnarflokkarnir í undirbúningi að leyfa erlendum mönnum að reisa stóriðjuver á Íslandi, og ýmsir sérfræðingar ríkisstj. fara alls ekki dult með það, að þetta risafyrirtæki eigi að ryðja brautina fyrir erlenda auðmenn í íslenzkum atvinnuvegum. Íslenzkir fjármagnseigendur láta ósjaldan stjórnast af þröngsýnum gróðahagsmunum og sérsjónarmiðum, eins og við vitum. En þeir eru ríkisborgarar þessa lands, og þeir hafa beinan og óbeinan hag af vexti og viðgangi íslenzkra atvinnuvega. Íslenzkir hagsmunir eru yfirleitt þeirra hagsmunir, bæði af fjárhagslegum, siðferðilegum og oft tilfinningalegum ástæðum. Hins vegar er alþjóðlegt auðmagn varhugavert, vegna þess að það spyr aldrei um íslenzka hagsmuni, hag þjóðarinnar. Og íslenzkir atvinnurekendur verða að sjálfsögðu ekki þjóðlegri í hugsun eða athöfn við það að blanda blóði við erlent auðmagn í íslenzkum atvinnuvegum. Réttur útlendinga til

þátttöku í íslenzkum hlutafélögum og ótakmörkuð heimild ráðh. til að veita undanþágu samrýmist illa íslenzkum hagsmunum að mínu áliti. Í báðum þessum tilfellum verður Alþingi að hafa rétt til eftirlits og úrslitaákvörðunar um það, hvort og að hve miklu leyti erlendu fjármagni skuli hleypt inn í landið. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt., sem hefur víst ekki verið prentuð og er ekki búið að útbýta, en hljóðar svo, með leyfi forseta, það er brtt. við 4. tölul. 1. gr.: „Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hlutahafar eða aðilar vera íslenzkir ríkisborgarar."

Um hitt atriðið, þ. e. a. s. heimild ráðh. til að veita undanþágur, er það að segja, eins og ég sagði áðan, að ég styð eindregið þær brtt., sem fulltrúar Framsfl. hafa þegar lagt fram. Ég sá ekki ástæðu til að fara að leggja fram eigin tillögur, sem yrðu í aðalatriðum mjög svipaðar, og vil aðeins lýsa stuðningi mínum við þessar till. á þskj. 506, að undanteknu þessu atriði, sem ég nefndi áðan og ég flyt sjálfur brtt. um.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Iðnfræðsla.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um iðnfræðslu [180. mál] (stjfrv., A. 466).

Á 68. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að lögfest verði gagnger breyting á allri iðnfræðslu í landinu.

Ég hygg, að allir séu sammála um það, að fá verkefni séu nú brýnni eða stærri í íslenzkum fræðslumálum en að bæta tæknimenntun landsmanna mjög verulega frá því, sem verið hefur. Aukin velmegun á Íslandi er sannarlega undir fáu meir komin en einmitt því, að merk menning og tæknimenntun þjóðarinnar taki sem allra mestum og stærstum framförum á næstu árum.

Fyrir nokkrum árum samþykkti hið háa Alþ. samhljóða löggjöf um stofnun Tækniskóla Íslands, en tækniskólanum er einmitt ætlað það verkefni að bæta úr mjög brýnni þörf hér fyrir tæknifræðinga. En samhliða því er nauðsynlegt að stórbæta nám iðnaðarmanna frá því, sem verið hefur, en því hefur að ýmsu leyti verið talsvert ábótavant. Í raun og veru hafði ég gert ráð fyrir því, að lagasetning um tækniskóla, sem fjallaði um hina æðri tæknimenntun, og lagasetning um nýskipan iðnfræðslunnar gætu orðið nokkuð samferða. Raunin varð sú, að tækniskólamálið varð tilbúið til meðferðar á hinu háa Alþ. nokkru fyrr, enda reyndust hv. alþm. á einu máli um að hraða gangi þess gegnum Alþ.

Nú er svo komið, að fulllokið er undirbúningi undir algera nýskipun iðnfræðslunnar, og felast till. um það í því frv., sem hér liggur fyrir. En upphaf þessa máls er það, að 31. okt. 1961 skipaði ég 5 manna n. til að endurskoða öll gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu. Í n. voru skipaðir formaður Landssambands iðnaðarmanna, Guðmundur Halldórsson, formaður iðnfræðsluráðs, Óskar Hallgrímsson, skólastjóri iðnskólans í Reykjavík, Þór Sandholt, formaður iðnsveinaráðs Alþýðusambandsins, Snorri Jónsson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, og síðan skipaði ég sem formann nefndarinnar Sigurð Ingimundarson efnafræðing og alþm. N. lauk störfum á s. l. hausti, og ég hika ekki við að segja, að n. vann gagnmerkt starf, sem ég sé sérstaka ástæðu til að færa henni þakkir fyrir.

Verkefni n. var fyrst og fremst að rannsaka, hvort unnt væri að samræma og sameina verknámsskóla gagnfræðastigsins og forskóla fyrir væntanlega iðnnema og þá með hvaða hætti. Og í því sambandi skyldi hún sérstaklega athuga, hver nú sé þörfin fyrir skólabyggingar vegna verknámsins annars vegar og slíks forskóla hins vegar og hver sé líkleg þróun þessara mála í næstu framtíð. Þá átti n. að rannsaka og gera till. um, hvaða breytingar væru æskilegar á núverandi tilhögun iðnfræðslunnar, bæði að því er tæki til verklega námsins og iðnskólanna, og hafa þá hliðsjón af þeim breytingum í þessum efnum, sem átt hafa sér stað í nálægum löndum. N. var sérstaklega falið að athuga, að hversu miklu leyti æskilegt væri að auka verklegt nám í iðnskólunum sjálfum og þá í hvaða greinum, og enn fremur, hvort hagkvæmt væri að kenna einhverjar iðngreinar að öllu leyti í skólum og þá hvaða iðngreinar. Þá var þess óskað, að n. gerði sér grein fyrir hugsanlegum fjölda iðnnema á næstu árum, þannig að fá megi nokkra hugmynd um þörfina fyrir nauðsynlegar verkstæðisbyggingar, staðsetningu þeirra og annað, sem máli skipti í því sambandi. Að síðustu óskaði ráðuneytið svo þess, að n. gerði till. um framkvæmdaatriði á grundvelli álits og till. þeirrar n., sem starfað hafði áður og falið hafði verið að gera till. um meistaranám, og rannsakaði, hvaða námskeið væri æskilegt að halda að staðaldri við iðnskólana fyrir starfandi iðnaðarmenn og e. t. v. aðra í þeim tilgangi, að þeim gæfist kostur á að fylgjast sem bezt með tæknilegum framförum.

Eins og ég sagði áðan, hóf n. þegar mjög rækilegt og ýtarlegt starf og leitaði álits og samstarfs við alla þá aðila, sem gera mátti ráð fyrir að mál þessi snertu, þ. e. a. s. við meistarafélögin, við sveinafélögin, við iðnskólana, við Vinnuveitendasamband Íslands, við Alþýðusamband Íslands, við Landssamband iðnaðarmanna, við Iðnnemasamband Íslands og við Verkfræðingafélag Íslands. Ég sé ekki ástæðu til að rekja störf n. að því leyti, hvað hver einstakur aðili af þessum, sem rækilegt samstarf var haft við, lagði til málanna, en þó er unnt að draga saman meginniðurstöðuna, sem varð af þessum viðræðum n. við alla þessa aðila. Það virtist vera

sameiginleg skoðun allrar n. og allra aðila, sem um þetta mál fjölluðu, að auka bæri verklega kennslu í iðnskólunum, sér í lagi kennslu í undirstöðuatriðum iðngreinanna. Þá virtust yfirleitt allir telja, að undirbúningsmenntun iðnnema væri nokkuð ábótavant, sérstaklega vegna þess, hve stór hópur kæmi beint af skyldunámsstigi í iðnskólana og hefði því nokkru lélegri undirbúning en að var raunverulega stefnt með iðnskólalöggjöfinni frá 1955. Þá virtust allir aðilar vera sammála um það, að allt of mikill tími iðnskólanna færi til þess að kenna almennar námsgreinar, sem nemendur ættu í raun og veru að læra á miðskólastigi, og af þessum sökum væri ekki unnt að koma við þeirri bóklegu fagkennslu, sem iðnaðurinn þarfnaðist. Enn fremur voru menn þeirrar skoðunar, að það væri of tilviljanakennt, hvað nemarnir lærðu á vinnustöðum, og ekki samræmi í því frá einum vinnustað til annars. Stafaði þetta að sjálfsögðu m. a. af sérhæfðum verkefnum einstakra verktaka og mismunandi aðstæðum og getu til þess að láta í té fullnægjandi verklega kennslu.

Nefndin lét að sjálfsögðu ekki við það sitja að hafa mjög náið samstarf við alla þá innlendu aðila, sem ég nefndi áðan, og taka tillit til umsagna þeirra og óska, heldur leitaði n. sér einnig viðtækra upplýsinga um tilhögun þessara mála í nágrannalöndum, einkum þar sem aðstæður eru svipaðar því, sem hér á sér stað, og þó fyrst og fremst í Noregi, og miðaði við það í tillögugerð sinni.

Sökum þess að ég hef látið prenta með frv. sem fskj. skýrslu iðnfræðslunefndarinnar í heild, sé ég ekki ástæðu til að rekja öll þau atriði, sem þar koma fram, heldur læt nægja að greina í stuttu máli frá helztu breytingunum, sem þetta frv. mundi hafa í för með sér á iðnfræðslunni, ef frv. næði fram að ganga. Helztu breytingarnar eru þessar: Að iðnfræðslukerfið taki ekki einvörðungu til náms í löggiltum iðngreinum, heldur og til starfsþjálfunar vegna annarra greina iðnaðarins, þar sem kennd verði undirstöðuatriði iðnaðarstarfa, og er þetta atriði í raun og veru kjarni og aðalatriði þeirrar nýskipunar iðnfræðslunnar, sem hér er um að ræða. Að stofnað verði til skipulegrar kennslu fyrir verðandi iðnmeistara, þ. e. a. s. að stofnað verði til meistaraskóla. Í frv. er lagt til, að starfræktur verði einn iðnfræðsluskóli í hverju núverandi kjördæmi landsins. Að öll iðnfræðsla lúti yfirstjórn menntmrh. og menntmrn. Að komið verði upp samræmdri yfirstjórn og framkvæmd iðnfræðslunnar, iðnfræðsluskrifstofu, sem iðnfræðslustjóri veiti forstöðu. Að fjölgað verði í iðnfræðsluráði úr 5 í 7, og fá Félag ísl. iðnrekenda og Samband iðnskóla þar fulltrúa. Að komið verði á fót fræðslunefnd innan hverrar iðngreinar, sem geri till. um námsefni, bæði að því er varðar verklegt og bóklegt nám. Að reynslutími samkv. iðnnámssamningi lengist úr 3 mánuðum í 6 mánuði. Og að síðustu, að sú heimild, sem nú er í iðnfræðslul., að veita megi viðtöku í iðnskóla nemendum, sem hafa ekki lokið miðskólaprófi, verði takmörkuð við nemendur, sem eru fullra 18 ára, þegar þeir hefja iðnnám, og enn fremur, að slík undanþága verði því aðeins veitt, að fyrir liggi samþykki viðkomandi iðngreinar. Þetta eru aðalatriði þessa frv. og meginbreytingarnar, sem taka mundu gildi, ef það næði fram að ganga.

Ég lét þess getið í upphafi, í samráði við hvaða aðila þetta frv. er samið af þeirri n., sem er höfundur þess. Þegar n. hafði lokið störfum sínum og samið skýrslu sína, var þessi skýrsla send til allra þeirra aðila, sem upphaflega hafði verið leitað til og samstarf haft við, og sömuleiðis, þegar lokið hafði verið af sérfróðum mönnum við að semja lagafrv. á grundvelli álits iðnfræðslun., var það lagafrv. einnig sent til allra þeirra aðila, sem talið var að áhuga mundu hafa á málinu eða kynnu að vilja koma aths. sínum á framfæri. Og allir þessir aðilar hafa látið í té umsögn sína, og eru umsagnirnar prentaðar sem fskj., en þessar umsagnir eru frá Alþýðusambandi Íslands, frá iðnfræðsluráði, frá Landssambandi iðnaðarmanna, frá Félagi ísl. iðnrekenda, frá Sambandi iðnskóla og skólanefnd iðnskólans í Reykjavík. Allir þessir aðilar hafa lýst samþykki sínu við þá meginstefnu, sem fram kemur í frv., og lýst fylgi sínu við það, að frv. nái fram að ganga. Samband iðnskóla hefur gert nokkrar minni háttar aths., fyrst og fremst við orðalag á einstaka gr. frv., sem ég vona að hv. menntmn. taki til athugunar við meðferð málsins. Ég hygg því, að óhætt sé að segja, að þetta frv. hafi hlotið mjög rækilegan og að ýmsu leyti nokkuð óvenjulegan undirbúning að því leyti, að þeir aðilar, sem venja er að nefndir leiti umsagnar hjá, hafi þegar ýmist verið með í samningu frv. eða fengið aðstöðu til að fjalla um það, eftir að samningu þess var lokið. Og ég tel óhætt að fullyrða, að það sé ánægjuefni, að fullt samkomulag skuli hafa náðst milli forustumanna iðnskólanna annars vegar og forustumanna iðnaðarmanna hins vegar um þá stefnubreytingu í iðnfræðslumálum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta gefur mér ástæðu til að vænta, að þetta frv. fái góða afgreiðslu hjá hinu háa Alþ. og eigi greiðan gang gegnum þingið.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 587.

---

6. Lánasjóður sveitarfélaga.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga [190. mál] (stjfrv., A. 511).

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sveitarfélögin hafa löngum fundið til þess, að skortur væri á framkvæmdafé til ýmiss konar fjárfestingar og rekstrarfé þeim til handa, en bæði samkv. landslögum og venjum og eðli máls eru margvísleg verkefni, sem á sveitarfélögunum hvíla, — verkefni, sem krefjast bæði stofnfjár og rekstrarfjár. Þau verða að hafa með höndum margháttaðar byggingarframkvæmdir og annað, sem þeim er óhjákvæmilegt að fá lánsfé til, vegna þess að ekki er jafnan unnt að fá nægilegt fé úr sveitarsjóðum og ríkissjóði til þeirra framkvæmda. Eins er það með rekstur sveitarfélaganna, að rekstrarútgjöld þeirra falla að verulegu leyti jafnt á alla mánuði ársins, eins og það hvað snertir launagreiðslur, framfærslu og ýmislegt fleira, en tekjur sveitarfélaganna koma seint inn. Meginhluti þeirra tekna, sem sveitarstjórnir hafa, innheimtast á síðari hluta ársins. Þannig sést á yfirliti, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur látið gera fyrir árið 1963 varðandi innheimtu útsvara, aðstöðugjalda og fasteignagjalda í kaupstöðum, að á 1. ársfjórðungi innheimtust aðeins 10½%, 2. ársfjórðungi 16%, 3. ársfjórðungi 25%, 4. ársfjórðungi rúm 48%. Ef maður tekur hina tvo helminga ársins, þá höfðu innheimzt fyrri helming ársins aðeins tæp 27%, en á síðari helming rúm 73%. Af þessu má ljóst vera, hversu brýn þörf er á rekstrarlánum þeim til handa, a. m. k. mikinn hluta ársins.

Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur frá stofnun sinni rætt þetta mál, ég held á hverjum fundi, fulltrúafundi og þingi, sem hefur verið haldinn, og gert álitsgerð um það, og aðalósk og till. sambandsins hefur verið, að stofnaður yrði sérstakur sveitarfélagabanki til að annast þessi verkefni.

Vegna þess að hér er um að ræða mjög mikilvægt verkefni, sem óhjákvæmilegt er að finna lausn á, var skipuð n. manna í ágústmánuði 1963 til að rannsaka og gera till. um, á hvern hátt rekstrar- og stofnlánaþörf sveitarfélaganna verði bezt leyst. En hingað til hefur ekki verið nein sérstök lánastofnun, sem hefur haft það hlutverk að veita sveitarfélögunum lán. Í þessa n. voru skipaðir þeir Jónas Guðmundsson formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, formaður, ráðneytisstjórarnir í fjármála- og félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson og Sigtryggur Klemenzson, Jón Maríasson bankastjóri Seðlabanka Íslands, Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gunnlaugur Pétursson borgarritari í Reykjavík. Þessi n. ræddi ýmsar leiðir til úrlausnar þessu máli, og að lokum varð alger samstaða í n. um þær till., sem þetta frv. felur í sér. En aðalefni þess er að stofna lánasjóð sveitarfélaga, sem verður sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaganna.

Þessi sjóður hefur fyrst og fremst það hlutverk að veita sveitarfélögunum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda og aðstoða þau við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra. Í öðru lagi hefur sjóðurinn það verkefni, að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör, eða veita þeim lán til greiðslu óhagstæðra lána. Í þriðja lagi að aðstoða sveitarfélögin við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum og ábyrgjast slík lán, ef þörf krefur. Það er ekki gert ráð fyrir, að lánasjóðurinn veiti sjálfur rekstrarlán, enda er ekki gert ráð fyrir á hinn bóginn, að hann taki við innláns- eða sparifé, en hins vegar er gert ráð fyrir, að hann hafi milligöngu um það við aðrar lánastofnanir, banka og sparisjóði, að greiða fyrir rekstrarfjármálum sveitarfélaganna, og þá, ef á þarf að halda, með því, að sjóðurinn gangi í ábyrgð fyrir slíkum lánum. Í fjórða lagi er það orðað svo í áliti n., að hlutverk lánasjóðsins sé að stuðla að því, að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur, sem ekki þurfi að setja tryggingar fyrir lánum, sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

Það er gert ráð fyrir að afla sjóðnum tekna með þeim hætti, að ríkissjóður leggi honum til 15 millj. kr. á ári og að jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggi fram sömu upphæð, 15 millj. á ári, þetta verði aðaltekjustofnar sjóðsins, en auk þess er gert ráð fyrir, að hann taki lántökugjald, sem sé 1% af lánsfjárhæð þeirra lána, sem sjóðurinn veitir, og taki gjald vegna ábyrgða, sem hann kann að takast á hendur, og á það að vera ½% af hverri ábyrgðarfjárhæð. Þá er gert ráð fyrir, að sjóðurinn geti gefið út skuldabréf til sölu á innlendum lánamarkaði til að afla sér fjár.

Lán úr sjóðnum til sveitarfélaganna mega vera allt að 20 árum, og er gert ráð fyrir, að fjárhæð stofnlána megi vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda.

Það er gert ráð fyrir, að sérstök stjórn verði yfir þessum sjóði og sé hún skipuð 7 mönnum. Þeir skulu valdir þannig, að sameinað Alþingi kjósi með hlutfallskosningu 3 menn í stjórnina, fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kjósi aðra 3, ráðherra skipi einn mann, sem jafnframt sé formaður sjóðsstjórnar.

Þessi eru aðalatriðin í frv. og skal ég ekki rekja það öllu lengra, en vísa til þeirrar ýtarlegu greinargerðar, sem frv. fylgir.

Ég vænti þess, að þetta mikla hagsmuna- og nauðsynjamál sveitarfélaganna fái góðar undirtektir hjá hv. alþm., og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 511, n. 559).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 559 við 16. gr. þess, að gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.“

Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, hefur um langan tíma, alllangt árabil, verið til umr. hjá samtökum sveitarstjórnarmanna, og ber vissulega að fagna því, að það skuli nú vera komið á þann rekspöl, að það sé komið hér fram í þessari hv. d. sem stjórnarfrv.

Að vísu hafa sveitarfélögin að því stefnt og um það rætt, að stofnað yrði til sveitarfélagabanka. En ég tel, að það skipti ekki máli, hvort um beina bankastarfsemi er að ræða eða lánasjóð fyrir sveitarfélögin, því að þar verður það fjármagnið, sem endanlega ræður úrslitum um það, að hvaða gagni lánasjóðurinn verður sveitarfélögunum.

Uppbygging sjóðsins er skv. 5. gr. þannig, að framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði 15 millj. kr. og framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 15 millj. kr. á móti. Enn fremur gerir 6. gr. frv. ráð fyrir að afla sjóðnum aukins fjár til útlána með heimild til að gefa út skuldabréf f h. sjóðsins, sem seld verða á innlendum lánamarkaði.

Það er sennilega öllum ljóst, að sveitarfélögin hafa um langan aldur átt við nokkra erfiðleika að stríða í sambandi við fjármál sín. Tekjustofnar þeirra hafa af lánastofnunum ekki verið taldir nægilega öruggir til þess, að hægt væri að veita þeim rekstrar- eða fjárfestingarlán út á þá. Aðaltekjustofn sveitarfélaganna hefur allt fram á síðustu ár og er enn hin beinu útsvör, sem lögð eru á gjaldendur, og lánastofnanir vita að sjálfsögðu, að brugðið getur til beggja vona um innheimtu þeirra, og fer það eftir því, hvernig tekjur manna verða og möguleikar til að leggja það af mörkum til sveitarfélagsins, sem ákveðið hefur verið með niðurjöfnun útsvaranna.

Nokkur breyting varð á þessari aðstöðu sveitarfélaganna, þegar jöfnunarsjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum frá Alþingi árið 1960, og hefur það vissulega átt sinn þátt í því að tryggja rekstur sveitarfélaganna, þar sem mörg þeirra, hin smærri sveitarfélög, nú í dag fá allt að 50—60% miðað við álögð útsvör úr jöfnunarsjóði, og tel ég, að afkoma þeirra sveitarfélaga, sem þá aðstöðu hafa, sé stórum bætt og verulega tryggð.

Kaupstaðirnir munu hins vegar fá um 15—20% miðað við niðurjöfnun útsvara, og er það vissulega einnig nokkur trygging fyrir greiðslugetu sveitarfélaganna, þar sem jöfnunarsjóðsframlagið kemur í reglulegum gjalddögum úr ríkissjóði og sveitarfélögin geta treyst á það og hagað greiðslum sínum nokkuð í samræmi við það.

Ég tel, að sveitarfélögin hljóti að fagna því frv., sem hér er komið fram, og er rétt í því sambandi að benda á, að vissulega hafa af löggjafarvaldinu verið lagðar nokkrar þungar skyldur á herðar sveitarfélögum með fjárframlagi til ýmissa mála, sem þau lögum samkv. eru skyldug að annast og standa undir fjárhagslega. Mennta- og menningarmál eru orðin í öllum hinum stærri sveitarfélögum verulegur þáttur í útgjöldum þeirra, og eru þar að sjálfsögðu skólamálin, barnaskólar og unglingaskólar og gagnfræðaskólar, nokkuð þung á metunum, og fara útgjöld þessara stofnana vaxandi ár frá ári og koma því nokkuð við útgjöld sveitarfélaganna. Þeir kaupstaðir, sem sjúkrahús reka, hafa á undanförnum árum orðið að leggja verulegt fé til rekstrar sjúkrahúsanna og einnig annarra heilbrigðismála, sem þau lögum samkv. eru skyldug að annast. Lögreglumál eru í hinum stærri kaupstöðum orðin veruleg útgjöld, en þar hefur ríkisvaldið með löggjöf frá því árið 1961 verulega mætt sveitarfélögunum og þeirra tilmælum, þar sem ríkið hefur komið til með að taka á sig helming útgjalda við lögreglumál. Þá hefur hlutur sveitarfélaganna og þátttaka þeirra í hinu almenna tryggingakerfi mjög farið vaxandi nú hin síðustu ár og er orðinn verulegur útgjaldaliður hjá þeim, auk þess sem framlag til sjúkrasamlaga og atvinnuleysistryggingasjóðs hefur einnig farið hækkandi, og er einnig orðinn þar verulegur útgjaldaliður. Mörg mál eru það fleiri, sem sveitarfélögin verða samkv. lögum að standa straum af fjárhagslega, og önnur mál, sem hvert einasta sveitarfélag verður að annast, bæði vegamál og annað í sambandi við uppbyggingu staðanna og sveitarfélaganna, eru einnig orðin mjög fjárfrek og kostnaðarsöm. Allt þetta leiðir til þess, að sveitarfélögin hljóta að fagna því, þegar ríkisvaldið mætir óskum þeirra og gerir ráðstöfun til þess að tryggja fjárhagslega afkomu þeirra, eins og ég tel, að gert hafi verið í verulegum mæli með stofnun jöfnunarsjóðs og nú einnig með því frv., sem hér hefur verið lagt fram.

Eins og ég sagði, leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 559.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það **bárust** á þskj. 643.

7. Verðtrygging fjárskuldbindinga.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga [198. mál] (stjfrv., A. 550).

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. S. l. aldarfjórðung hefur verðbólga verið helzta efnahagsvandamál Íslendinga. Verðbólguþróunin hefur að vísu ekki verið sérstætt íslenzkt fyrirbæri. Síðan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar má segja, að verðbólguþróun hafi verið alþjóðlegt vandamál. Ekki hefur aðeins verið um að ræða verðbólgu í þeim löndum, sem búa við svonefnt frjálst eða líberalistískt hagkerfi, heldur einnig í löndum, sem búa við áætlunarbúskap. Og verðbólgu hefur ekki aðeins gætt í háþróuðum iðnaðarríkjum, heldur einnig í þróunarlöndunum, sem verið hafa að öðlast stjórnar-

farslegt sjálfstæði og búa við frumstæða atvinnuhætti. Á áratugunum frá 1920—1940 mátti segja, að aðalviðfangsefnin í efnahagsmálum hafi verið fólgin í því að vinna bug á atvinnuleysi og kreppu. S. l. 25 ár hefur meginvandamálið verið að hafa hemil á verðbólgu og koma í veg fyrir skaðleg áhrif hennar á hagvöxt og skiptingu þjóðartekna.

Þótt verðbólga hafi að vísu ekki verið og sé ekki sérstakt íslenzkt fyrirbæri, hefur hún samt reynzt meiri og erfiðari viðfangs hér á landi en í flestum öðrum nálægum ríkjum. Á þeirri staðreynd er ekki til nein ein og ekki nein einföld skýring. Það er augljóst, að stefnan í peningamálum hefur síðan í styrjaldarlok lengst af verið þannig, að hún hefur stuðlað að verðbólgu, og verðbólguþróunin hefði ekki getað átt sér stað nema samhliða slíkri stefnu í peningamálum. Með þessu er þó ekki sagt, að hægt sé að telja stefnuna í peningamálum orsök verðbólguþróunarinnar og unnt sé að stöðva hana einvörðungu með ráðstöfunum í peningamálum. Það er einnig augljóst, að stefna launþegasamtakanna í launamálum og kjarasamningar þeir, sem gerðir hafa verið, hafa ekki samrýmzt jafnvægi í verðlags- og efnahagsmálum yfirleitt. En með því er samt ekki sagt, að stefna launþegasamtakanna sé orsök verðbólgunnar og að verðbólgan væri úr sögunni, ef launþegasamtökin breyttu um stefnu.

Verðbólguþróunin á Íslandi er mjög flókið fyrirbæri, sem ég tel að eigi sér djúpar rætur í gerð íslenzks efnahagslífs og þróun þess síðan á styrjaldarárum. Engin ein ráðstöfun getur stöðvað hana. Ef á að takast að stöðva hana, er þörf mjög margvíslegra og samræmdra aðgerða, sem smám saman hafa í för með sér mikilvægar breytingar á sjálfri gerð íslenzks efnahagslífs. En það, sem gerir þetta vandamál einmitt sérstaklega erfitt viðfangs, er, að sjálf verðbólguþróunin torveldar einmitt þær breytingar, sem eru nauðsynlegar til þess að kveða hana í kútinn. Þess vegna má segja, að í vissum skilningi sé hér um vítahring að ræða. Verðbólgan er hemill á hagvextinum og veldur ranglæti í tekjuskiptingunni. En einmitt þessi hemill á hagvextinum og þetta ranglæti í tekjuskiptingunni gerir það torveldara en ella að hafa hemil á verðbólgunni.

Enginn ágreiningur ætti að þurfa að verða um það, að ein af alvarlegustu afleiðingum verðbólguþróunar er sú, að raunverulegt verðgildi peningaskuldbindinga er sífellt að breytast. Skuldarar hagnast, eigendur peningakrafna, svo sem sparifjáreigendur, tapa. Hagnaðarvonin, sem því er tengd að skulda, er einmitt einn af sterkustu þáttunum, sem gera erfitt að kveða verðbólguna í kútinn. Þótt verðbólguþróun leiði til augljóss ranglætis í tekju- og eignaskiptingu, eru á hinn bóginn sterkir hagsmunir tengdir við verðbólguþróunina. Hér er einmitt dæmi um þann vítahring, sem ég var að nefna áðan og gerir baráttuna gegn verðbólgunni jafnerfiða og hún er í raun og veru. Gera má þó ráð fyrir, að menn séu í grundvallaratriðum yfirleitt sammála um, að það væri æskilegt að eyða óvissunni um framtíðarverðgildi peninganna úr viðskiptum sparifjáreigenda og annarra fjármagnseigenda annars vegar og lántakenda hins vegar. Einkum og sér í lagi ættu menn að geta verið sammála um þetta, eftir að á ný var um það samið á s. l. sumri, að kaupgjald skuli breytast í samræmi við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar. En þetta frv., sem hér er flutt um verðtryggingu fjárskuldbindinga, miðar einmitt að því að verðtryggja fjárskuldbindingar og er þannig einn þáttur þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til þess að eyða skaðlegum og ranglátum afleiðingum verðbólguþróunar, og er þannig í raun og veru mikilvæg ráðstöfun í baráttu gegn áframhaldandi verðbólguþróun. Skal ég nú í fáeinum orðum rekja aðalatriði frv.

Frv. hefur verið samið í Seðlabankanum. Því er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum. Gert er ráð fyrir því, að Seðlabanki Íslands geti veitt heimildir til verðtryggingar samkv. frv., og er ekki heimilt að stofna til annarra fjárskuldbindinga í íslenzkum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmælis umfram það, sem Seðlabankinn heimilar samkv. lögum þessum. Það er meginstefna frv., að verðtrygging sé aðeins leyfð, þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Gert er ráð fyrir sjálfstæðri, en takmarkaðri heimild til verðtryggingar hjá lífeyrissjóðum og fjárfestingarlánastofnunum. Verðtrygging á innlánum eða útlánum innlánsstofnana yrði háð ákvörðun Seðlabankans, svo og verðtrygging í samningum milli annarra aðila. Megintilgangurinn er sá að eyða óvissunni um framtíðarverðgildi peninganna úr viðskiptum sparifjáreigenda annars vegar og lántakenda hins vegar. Er þannig að því stefnt að skapa svipaðar aðstæður að þessu leyti og vera mundi, ef verðlag væri stöðugt. Í reynd hefur óvissunni um framtíðina verið mætt með hærri vöxtum en ella mundi eiga sér stað. Að öðru jöfnu er þó erfiðara að meta þessa áhættu, því lengra sem horft er, og er þess vegna ávinningur að verðtryggingu samanborið við hærri vexti því meiri, því lengri sem fjárskuldbindingin er. Þess vegna er lagt til í frv. að heimila verðtryggingu á fjárskuldbindingum til langs tíma. Má telja líklegt, að við þetta örvist sparnaður og framboð lánsfjár aukist, en jafnframt dragi úr verðbólgufjárfestingunni. Í frv. er gert ráð fyrir, að verðtrygging sé því aðeins leyfð, að fjárskuldbindingin standi í a. m. k. 3 ár. Til greina kemur þó að heimila styttri tíma í verðtryggðum innlánum við innlánsstofnanir.

Í frv. eru margvísleg ákvæði, sem koma eiga í veg fyrir misnotkun verðtryggingarinnar og tryggja nauðsynlegt eftirlit með henni. En þar sem hér er farið inn á nýtt svið, ekki aðeins í löggjöf, heldur einnig í sjálfu skipulagi peningamálanna, er þó hæpið að binda öll atriði í löggjöfinni sjálfri. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn geti haft veruleg áhrif á það, hve ört verðtryggingarákvæði í samningum verði tekin upp og í hvaða formi. Mundi þá verða hægt að láta reynsluna skera úr því, hve hratt skuli farið og hvaða fyrirkomulag endanlega valið.

Hin almennu skilyrði verðtryggingar samkv. frv. eru þau, að verðtryggingin skuli yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum er þó heimilað að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Sé ekki um opinbera, skráða vísitölu eða verðlag að ræða, skal Seðlabankinn í samráði við Hagstofu Íslands setja sérstakar reglur um þann verðtryggingargrundvöll, sem miðað er við. Þá er og gert ráð fyrir því, að verðtrygging sé fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum. Þá skal, eins og ég gat um áðan, fjárskuldbindingin vera gerð til eigi skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Sé samið svo um, að greiðslur hefjist, áður en 3 ár eru liðin, skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma eða sem því nemi, að hún standi eigi skemur en 3 ár að meðaltali. Þannig er gert ráð fyrir því, að lán með jöfnum árlegum afborgunum sé skemmst til 5 ára. Skal ekki miðað við samningstíma, heldur þann tíma, sem skuldbindingin raunverulega stendur. Þá er bannað að reka peningaviðskipti með þeim hætti að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum. Sé um endurlán að ræða, skal það vera meginreglan, að verðtryggingarákvæði standist á í báðum samningum. Þá er þess enn fremur krafizt, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn. Gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn geti heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu. Opinberar fjárfestingarlánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skulu hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal einnig heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veðum í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðarlán húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða eru því aðeins heimil, að samþykki Seðlabankans komi til. Seðlabankinn getur og heimilað líftryggingarfélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti þá eigendur líftryggingarsamninganna alls hagnaðar af þeim verðbótum, sem um kann að vera að ræða. Að síðustu er rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir því, að verði ágreiningur um grundvöll eða útreikning verðtrygginga, geti hver aðili vísað ágreiningsefninu til þriggja manna nefndar, sem skuli vera skipuð hagstofustjóra og fulltrúum frá hæstarétti og Seðlabankanum. Getur sú n. þá fellt fullnaðarúrskurð um deiluatriðin.

Þetta eru meginatriði þessa frv. Hér er um mikið og merkilegt nýmæli að ræða, sem nauðsynlegt er að rætt sé og athugað mjög vandlega. Ríkisstj. telur, að með lagaákvæðum eins og þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, væri stórt spor stigið í baráttunni við verðbólguþróunina og til aukins réttlætis í efnahagsmálum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hér er um ákaflega víðtækt mál að ræða, sem hefur stórkostleg áhrif á allt efnahagskerfið og þjóðarbúskapinn og er nýmæli. Vil ég nú mega vænta þess, þó að hæstv. ráðh. segði það ekki beint, að það geti ekki verið ætlunin að gera tilraun til að afgreiða þetta mál á hv. Alþ. á örfáum dögum, sem eftir eru af þinghaldinu í þetta sinn, eftir því sem manni skilst. Það er ekki einu sinni orðinn tími nú til þess að lesa nál., sem snjóar að, og nýjum málum rignir frá hæstv. ríkisstj., þannig að það kemur nálega eitt nýtt mál á dag. Og manni er sagt að stærstu málin séu ókomin enn, en þinginu eigi að ljúka umfram alla muni fyrir 15. maí.

Við þessi skilyrði er vitanlega óhugsandi að afgreiða stórfelld eða flókin nýmæli eins og hér er um að ræða, og vil ég mega skilja orð hæstv. viðskmrh. þannig, að þetta frv. sé lagt fram til þess, að umr. geti átt sér stað um þau þýðingarmiklu atriði, sem það fjallar um, menn geti svo velt því fyrir sér og haft tóm til að bera saman bækur sínar, áður en til úrslita ætti að draga á hv. Alþ. Í þessu frv. eru t. d. æðimörg atriði, sem ýmsir í þessum sal hafa vafalaust velt fyrir sér áratugum saman, án þess að hafa komizt að niðurstöðu um þau. Því er það áreiðanlega ekki til of mikils mælzt, að menn fái góðan tíma til að komast til botns í þessu.

Það er ekki neitt áhlaupaverk að átta sig á því, hvað í þessu máli raunverulega felst eða hvað af því getur leitt eða hvernig bregðast skuli við öllum þeim nýju viðhorfum, sem blasa við, þegar málið er skoðað. Ég ætla að eyða hér örfáum mínútum til að bregða upp dálitilli mynd af því viðfangsefni, sem þetta frv. færir okkur. Ég ætla ekki að ræða hér almennt um verðbólgumálin, sleppi því alveg, og þess í stað nota þessar mínútur til að bregða upp nokkrum atriðum, sem í hugann koma, þegar menn renna augunum yfir þetta í flýti, en öðruvísi hefur ekki verið hægt að athuga málið.

Ég álít, að þetta mál eigi heima í víðtækri endurskoðun, sem þyrfti að framkvæma á efnahagskerfinu, því að sannleikurinn er sá, að það er náttúrlega engin ein ráðstöfun, eins og hæstv. ráðh. raunar kom inn á, sem getur læknað þau vandkvæði, sem við eigum við að búa, heldur yrðu margar ráðstafanir að koma til, sem yrðu að tengjast saman. Ég mundi því telja mjög vel til fallið, að mál eins og þetta t. d. hefði verið skoðað í mþn., sem starfaði til næsta Alþingis. En það er önnur saga, og mætti athuga þá hugmynd í n., ef mönnum sýndist hún þess virði, að hún væri skoðuð. En sannast að segja eru mál eins og þessi þannig vaxin, að menn þurfa að bera sig saman um þau, áður en þau koma til úrslitameðferðar á hv. Alþ., og þyrfti að breyta

málsmeðferð hér mjög, eins og ég hef oft bent á um vissar tegundir mála, og þetta er ein slík málategund, m. a. með því að hafa samráð fyrir fram við stjórnarandstöðuna varðandi undirbúning þeirra.

Ég skal víkja að því fyrst, að við í Framsfl. höfum haft ákaflega mikinn áhuga á því, að hægt væri að taka upp verðtryggingu sparifjár til þess að koma í veg fyrir verðrýrnun þess. Hefur það þá vakað fyrir okkur að auka frjálsan sparnað, því að það er eitt versta böl í sambandi við verðbólguna, hve sparifé almennings rýrnar, fé þeirra, sem verður að treysta á að leggi af frjálsum vilja sparifé inn í efnahagskerfið. Það hefur svo dregið úr löngun manna til að fara af fullri ráðdeild með fjármuni, ýtt undir óheilbrigða fjárfestingu að ýmsu leyti og alls konar eyðslu. Menn hafa ekki haft trú á því að geyma sparifé sitt af ótta við, að það rýrnaði í verði. Við höfum hvað eftir annað vakið máls á verðtryggingu, og oft hefur þetta verið skoðað, en aldrei hefur orðið úr því, að verulegar ráðstafanir hafi verið gerðar í þessa átt.

Eitt af því, sem ég vil sérstaklega benda á nú í sambandi við þetta frv., er einmitt það, að ég óttast, að eftir þeim leiðum, sem frv. gerir ráð fyrir, verði mjög skammt komizt í þá átt að verðtryggja sparifé og frjálsan sparnað almennings. Ef menn treysta sér ekki til þess að vísitölubinda útlán til skemmri tíma en þriggja ára, sýnist mér meginhlutinn af öllum útlánaviðskiptum bankanna verði utan við þetta verðtryggingakerfi og þar með mikill hluti eða kannske nálega allt sparifé landsmanna, þetta nýja kerfi geti því ekki orðið að liði við að koma verðtryggingu á sparifé. Nú má vera, að það verði lengra hægt að komast í þessu efni en mig grunar, og mundi það koma í ljós, ef skýrslur væru lagðar fram eða áætlanir, hversu mikið af sparifénu gæti fengið vernd með þeim ákvæðum, sem ráðgerð eru í frv. En ekkert slíkt er að finna í grg. málsins, engar upplýsingar eða bendingar um það, að hve miklu liði þessi stefna varðandi verðtryggingu útlána og sparifjár gæti komið við að verðtryggja sjálft sparifé.

Ég hef alltaf litið þannig á, að verðtryggingin á frjálsum sparnaði almennings væri aðalatriðið í þessu máli. Ég hef aldrei litið á það sem keppikefli að koma vísitölubindingu á allar skuldir manna, t. d. lán til langs tíma. Ég hef alltaf viljað nálgast þetta mál þannig, að verðtryggingin á sparifé almennings, til að örva hinn frjálsa sparnað, væri aðalatriðið, og innleiða svo að sjálfsögðu þá vísitölubindingu á lánum á móti, sem nauðsynleg er, til þess að þetta verði framkvæmanlegt, en mjög vafasamt hvort það ætti að vera þar umfram. Ég óttast sem sé, að ekki meira athuguðu máli, að ekki verði langt hægt að komast í þessu efni eftir þeirri leið, sem gert er ráð fyrir í frv. Má þó vera, að hægt sé að komast lengra en mig grunar, og kemur það þá fram við rannsókn á þessu máli, sem hlýtur að verða að fara fram. M. a. hlýtur að verða að fá til afnota fyrir hv. Alþ. og n., sem fjallar um málið, þær álitsgerðir, sem hljóta að liggja hér á bak við frá trúnaðarmönnum Seðlabankans og öðrum, sem hafa fjallað um þetta. Það hljóta að vera merkar og umfangsmiklar álitsgerðir og rannsóknir, sem farið hafa fram, sem liggja til grundvallar þeim uppástungum, sem gerðar eru í frv. Það er nálega ómögulegt að átta sig á því til nokkurrar hlítar, hvað í málinu felst í veigamestu þáttum þess, nema eiga aðgang að þessum upplýsingum.

Ef meiningin er að halda þannig á málinu, sem mér skildist nú hálft um hálft og hef líka hlerað, að það verði lagt fram núna, til þess að umr. geti átt sér stað og menn áttað sig á því eitthvað og síðan verði unnið að því áfram, þá mundi ég telja það mjög mikils virði, að nefndin, sem fær þetta mál, fengi þessar rannsóknir, skýrslur og álitsgerðir til afnota fyrir þm. milli þinga og fyrir flokkana.

En það er fleira í þessu frv. en þessi þáttur, sem ég hef nú farið um nokkrum orðum. Í frv. er heimild til þess í 6. gr. að setja vísitölubindingu á lánveitingar úr öllum opinberum fjárfestingarlánastofnunum, að því leyti sem þær starfa með verðtryggðu fé eða starfa með eigin fé. Ég gæti ímyndað mér, að yrði þetta samþ., yrði það ofan á í langflestum eða öllum opinberum fjárfestingarlánastofnunum, að þær sæktu um þetta til Seðlabankans og sennilega fengjust leyfi til að vísitölubinda nálega öll þvílík útlán, því að í þessum sjóðum er nú að mjög miklu leyti starfað með eigin fé, þ. e. a. s. með þjóðfélagsins fé, það fé, sem ríkið hefur lagt þessum stofnunum. Mundi þá afleiðingin af þessu frv. verða sú í framkvæmd, að ríkið eða það opinbera fengi sína fjármuni tryggða með vísitölubundnum útlánum, þó að sparifjáreigendur fengju sáralitla verðtryggingu á sinn sparnað. Ég mundi telja, að afleiðingin yrði þá líka sú, eins og ég sagði áðan, að meginhlutinn af öllum fjárfestingarlánum í landinu yrði með vísitölubindingu.

Það er engin smávegisákvörðun, sem þarna er um að tefla. Þetta er mjög byltingarkennd ráðstöfun í efnahagsmálum, og mér þykir ástæða til, að menn velti því fyrir sér, hvernig þetta mundi geta orðið í framkvæmdinni, áður en menn taka afstöðu til þess. Heimildin er sem sagt um að innleiða vísitölubindingu á þau lán, sem lánuð eru úr opinberum fjárfestingarstofnunum af eigin fé þeirra, sem í flestum tilfellum er, eins og ég sagði áðan, þjóðfélagsins fé, lagt fram til þessara stofnana.

Þá er það lagt á vald þessara stofnana, fjárfestingarlánastofnana og Seðlabankans, að ákveða, hvernig þessar vísitöluklásúlur skuli vera. En til þess að benda á, hvað hér er um mikinn vanda að ræða og hversu vandlega þarf að skoða þetta mál, vil ég benda mönnum á 4. gr., a-liðinn, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu.“ M. ö. o.: það er gert ráð fyrir að leggja það á vald þeirra, sem stjórna þessum fjárfestingarlánasjóðum, og Seðlabankans að ganga frá því, hvernig þessar vísitölur verða byggðar upp, hvernig verðtryggingunni er háttað,

hvort miðað er við þá almennu framfærsluvísitölu eða hvort miðað er við eitthvað allt annað. Og þetta sýnir enn, að þeir, sem hafa samið þetta mál, hafa fundið, hve hér var um vandasamt efni að ræða og erfitt að setja eina allsherjarreglu, grípa þá til þess að heimila þessum stofnunum að ráðstafa þessum málum eftir sínum geðþótta.

Það er ákaflega stórt skref, sem hv. Alþ. stígur, ef það felur stjórnum fjárfestingarlánastofnana og stjórn Seðlabankans að gera ákvarðanir af þessu tagi, t. d. að ráða því, hver skuli vera sú vísitala, sem breyta skuli lánum til sjávarútvegsins, til landbúnaðarins o. s. frv. Ég get ímyndað mér, að það, sem þarna er um að ræða, sé sú hugsun, að ekki eigi allir jafnþægilegt með að standa undir lánum af þessu tagi og þess vegna verði að mismuna í þessu tilliti. Og þá sjáum við, að það yrðu þessar stofnanir, sem hefðu valdið til þess að mismuna atvinnuvegunum t. d. Hér er því um stórfellt grundvallaratriði að ræða í lánapólitikinni og raunar í öllum þjóðarbúskapnum, og ég á ákaflega erfitt með að ímynda mér, að það geti komið til mála, ef á að fara út á þá braut að kveða á um þessa hluti, að þeir geti orðið ákveðnir annars staðar en á Alþingi.

Svo kemur sú spurning inn í þetta, hvað það er að innleiða vísitölubindingu á fjárfestingarlánunum til að verðtryggja það fé, sem ríkissjóður eða ríkið á í fjárfestingarlánasjóðunum. Ekki er það gert til að verðtryggja sparifé almennings.

Hvernig verkar þetta svo á dýrtíðina í landinu og verðgildi peninganna? Er alveg víst, að þetta verki til að gera verðbólguvandamálið léttara viðfangs? Er það alveg víst? Getur ekki komið til mála, að það þurfi að skoða ýmsa fleti á þeim málum? Ég er alls ekki viss um, að svo verði, nema þá ráðstöfun af þessu tagi sé liður í heilli keðju, sem framkvæmd væri og mætti gera sér von um, að stöðvaði verðbólguþróunina. En sé þetta gert eitt út af fyrir sig, getur stafað af því margvíslegur vandi til að glíma við.

Ég vil taka dæmi um íbúðalán. Ef menn þurfa að greiða af íbúðalánunum samkvæmt vísitölu og það mistekst að halda verðbólgunni í skefjum, vaxa vitanlega þær greiðslur, sem menn þurfa að inna af höndum af íbúðalánunum, og þá vaxa þær kaupkröfur, sem menn gera á hendur atvinnuvegunum, og þetta verkar að sjálfsögðu dýrtíðaraukandi og til þess að auka hraðann á dýrtíðarhjólinu.

Alveg eins er með landbúnaðarlánin. Það er ákaflega þýðingarmikið undirstöðuatriði, hvaða lánakjör eru í landbúnaðinum, vaxtakjör og lánakjör. Ef innleidd er vísitölubinding á landbúnaðarlánunum, fjárfestingarlánunum til landbúnaðarins, og mistekst að halda dýrtíðinni í skefjum, ekki gerðar aðrar nægilega sterkar ráðstafanir til að koma á nýrri skipan, þá aukast verðkröfur landbúnaðarins. Þá þarf að hækka verðlagið á landbúnaðarafurðunum, þegar lánavísitalan hækkar, og menn þurfa að greiða hærri fjárhæðir af lánunum.

Svo gætum við tekið sjávarútveginn. Ef það mistekst að halda dýrtíðinni í skefjum og búið er að setja vísitölubindingu á sjávarútvegslánin, verður erfiðari afkoma bátanna og frystihúsanna og verðkröfur þeirra vaxa, og ef illa gengur með efnahagskerfið að öðru leyti, vaxa kröfur þessarar atvinnugreinar um að fá uppbætur og aðrar fyrirgreiðslur.

Á þessu sjáum við glöggt, hvað þetta er allt saman gersamlega samantvinnað, og því þarf þetta að skoðast í heild og íhuga það gaumgæfilega, hvaða áhrif það hefur á stöðu atvinnuveganna í þjóðfélaginu og verðlagsmálin, ef farið væri inn á þá braut að vísitölubinda nálega öll stofnlán til atvinnurekstrarins og til íbúðabygginga.

Ég legg áherzlu á, að þetta, sem ég hef verið að ræða varðandi fjárfestingarsjóðina og lán úr þeim til langs tíma og vísitölubindingu þeirra, á ekkert skylt við ráðstafanir til að tryggja sparifé almennings og gerir ekkert aðgengilegra fyrir menn að safna í sparisjóði og auka þar með það fjármagn, sem er til útlána og umráða í landinu, í staðinn fyrir að eyða fénu. Það er allt annar þáttur í þessu máli. Og ég óttast, að í þeim mikilsverðasta þætti þessa máls verði lítið ágengt samkv. þessu frv., aftur á móti verði afleiðingar þess mjög víðtækar í sambandi við ákvæðin um að taka upp vísitölubindingu á nálega öllum fjárfestingarlánum. En sú mundi verða afleiðingin, ef þær stofnanir, sem hér eru nefndar í 6. gr., fjárfestingarlánastofnanirnar og Seðlabankinn, ættu að fá þessi mál í sínar hendur.

Færi það þannig, yrði útkoman sú, að ríkið eða þjóðfélagið, sem á þessa opinberu fjárfestingarsjóði, mundi tryggja sig, tryggja sína peninga, en aftur á móti yrðu sparifjáreigendur alveg afskiptir og kæmi lítið öryggi eða trygging fyrir þá. Og ef til vill gæti farið svo illa, ef ekki tækist vel með dýrtíðarmálin og verðbólgumálin yfirleitt, að hagur sparifjáreigenda versnaði, þ. e. a. s. verðrýrnun á sparifé yrði meiri en ella, eftir að búið væri að setja þetta vísitöluhjól á fjárfestingarlánin.

Nú má vera, að það geti farið svo, að við nánari athugun komi í ljós, að ýmislegt af þeim kvíða, sem setur að manni í sambandi við fyrstu skoðun á þessu máli, sé kannske ekki eins ástæðumikið og manni virðist í fljótu bragði. En mér fannst alveg lífsnauðsyn að vekja athygli hv. þm., sem sennilega fæstir hafa haft tækifæri til að kynna sér þetta mál meira en við, sem erum í stjórnarandstöðunni, á því, sem hér er á ferð, þannig að menn skoðuðu þetta gaumgæfilega frá öllum hliðum.

Eitt er það líka, sem er mjög nauðsynlegt í sambandi við þetta mál, ef lagt yrði út á þá braut að innleiða vísitölubindingu á nálega öllum fjárfestingarlánum í landinu, en það er að tryggja í sömu löggjöfinni, að vextir lækkuðu stórlega um leið, en ekki eiga það undir sól og regni, hvað yrði um vextina í sambandi við meðferð þessara mála hjá öðrum stofnunum en Alþ., þegar til kæmi. Þetta er atriði, sem líka er ástæða til að minnast á.

Ég vil svo ekki, af því að mér er kunnugt, hve mikil nauðsyn er á að þoka hér áfram ýmsum málum, lengja mál mitt um þetta meira, þó að það væri margt fleira, sem ástæða væri til

að segja. En ég vildi vekja athygli á þessum atriðum og vona, að samkomulag verði um, að þetta mál fái ýtarlega skoðun. Og sérstaklega vil ég enn beina því til nefndarinnar, sem fær málið, að hún fái frá Seðlabankanum og þeim, sem fjallað hafa um þetta, þær skýrslur, rannsóknir og álitsgerðir, sem hljóta að liggja að baki málinu, og fái þær núna á þessu þingi, áður en þinginu slítur, til þess að menn geti fengið aðgang að og áttað sig á þessu flókna og mjög þýðingarmikla máli.

En ég vil láta það verða mín síðustu orð, að ég álít, að jafnhliða því, sem þarf að skoða mjög vel þessi ákvæði, sem þarna er stungið upp á varðandi fjárfestingarlánin, þarf ekki síður að einbeita sér að því að athuga, hvort ekki væri hægt að gera víðtækari ráðstafanir en þarna er gert ráð fyrir til að tryggja sparifé almennings og ýta þar með undir hinn almenna frjálsa sparnað. Það ríður ekki á því umfram allt að tryggja fjárfestingarsjóðina, sem ríkið byggir upp að verulegu leyti með sínum framlögum, heldur hinu, að tryggja þann almenna sparifjáreiganda gegn tjóni og örva þann frjálsa sparnað í landinu, sem við eigum svo mikið undir.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

8. Mat á matjessíld.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld [72. mál] (stjfrv., A. 87).

Á 18. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, er samhljóða frv., sem lagt var fram í þessari hv. d. á síðasta þingi. Efni frv. er ofur einfalt og er eingöngu það, að matsgjald á útflutningsmetna síld er hækkað úr 50 aurum á tunnu, eins og það er nú, og upp í 6 kr. Þetta gjald hefur verið nokkuð stöðugt, frá því að það var fyrst sett. Þá var gjaldið 25 aurar á tunnu, var síðan hækkað upp í 50 aura og síðan ekki meir. Kostnaður við matið hefur hins vegar aukizt mjög mikið á þessu tímabili og er nú kominn talsvert á aðra millj. kr., sem greidd hefur verið úr ríkissjóði, þar sem matsgjaldið hefur ekki hrokkið nema fyrir broti af matskostnaðinum. Hins vegar er allur undirmatskostnaður af skreið, freðfiski og saltfiski greiddur af framleiðendum, og meiningin hefur verið, að þessi matskostnaður á síldinni væri einnig greiddur af þeim. Það er þess vegna lagt til, að þessi hækkun verði gerð, sem talið er að muni nema nokkurn veginn því, sem þarf til þess, að útgjöldin við matið fáist endurgreidd. Það munu vera um 200 þús. tunnur, sem metnar eru á þennan hátt, ef til vill eitthvað lítils háttar meira, og með 6 kr. gjaldi á tunnu eiga að fást 1.2 millj. kr. upp í þetta, sem mun langt til nægja að greiða kostnaðinn.

Vegna þess að hv. dm. er þetta frv. kunnugt frá síðasta þingi, sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn., en ég mundi mjög vilja fara þess á leit við hana, að hún afgreiddi málið fljótt og greiðlega, því að m. a. fjmrn. leggur verulega upp úr því, að þetta mál fái afgreiðslu nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og með sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Bygging leiguhúsnæðis.

Á 2. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu leiguhúsnæðis [18. mál] (þmfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. og 5. landsk. þm. að flytja hér frv. til l. um byggingu leiguhúsnæðis. Tilgangur þessa frv. er að tryggja, að ríkisstj. hafi heimild til þess að byggja allt að 500 íbúðum á næsta ári og hún megi taka að láni allt að 200 millj. kr. til að gera þetta og hún megi ýmist í samráði við bæjarstjórnir eða húsnæðismálastjórn ráðstafa þessum íbúðum þannig, að þetta leiguhúsnæði sé leigt út með þeim ákvæðum, sem í frv. segir.

Orsökin til þess, að við flytjum þetta frv., er, að það er bæði í Reykjavík og víðar tilfinnanlegur skortur á leiguhúsnæði. Ástandið í landinu er þannig, að einkaframtakið svokallaða bætir alls ekki úr þessum vandræðum. Ég veit vart til þess nú, að þeir, sem byggingar stunda, byggi til að leigja út, þannig að hér standa menn frammi fyrir algerum skorti oft og tíðum á því að geta fengið þak yfir höfuðið. Og afleiðing af þessum skorti er, að það er okurverð á leiguhúsnæði nú, bæði í Reykjavík og víðar á landinu. Íbúðir eru leigðar t. d. í Reykjavík á allt að 5 þús. kr. á mánuði og þó nokkuð þar yfir. Og þegar menn athuga, að laun verkamanna fyrir 8 stunda vinnudag eru kannske 70—80 þús. kr.

á ári, þá geta menn gert sér í hugarlund, hvernig það muni eiga að vera að borga 60 þús. kr. á ári fyrir leiguhúsnæði. Þarna stendur þjóðfélagið frammi fyrir vandræðum, sem hið opinbera verður að leysa. Þetta er ófært ástand, sem þjóðfélagið getur ekki látið viðgangast, og það er enginn annar aðili, sem getur leyst þetta, heldur en hið opinbera sjálft, ríki og bæir. Við tökum það fram. Alþb.-menn, í grg. fyrir þessu frv., að þetta sé þó aðeins hjálp í neyð. Höfuðatriði í okkar stefnu í þessum málum er að gera mönnum mögulegt að byggja sjálfir og eignast sjálfir íbúðarhúsnæði. Í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Till. þær, sem felast í þessu frv., eiga því ekkert skylt við varanlega framtíðarlausn á húsnæðisvandamálunum. Slík framtíðarlausn þyrfti að vera byggð á félagslegu átaki almennings, er ríkið aðstoðaði með því að veita lán, er nemi helzt 75—90% byggingarkostnaðar, til langs tíma, 60—80 ára, og með lágum vöxtum, 2—4%, enda þyrfti þá að vera tryggt stöðugt verðgildi krónunnar og útrýming alls brasks með íbúðir. Till. um framtíðarlausn húsnæðismála munu þm. Alþb. leggja fram óháð þessu frv."

Við lögðum sérstaka áherzlu á það, um leið og við fluttum þetta mál, að framtíðarlausn okkar á þessum málum væri önnur, og hana höfum við markað oft áður hér á þingi og munum líka gera nú. Hana markaði Sósfl. í gamla daga og Alþfl. raunar líka 1948, þegar þeir fengu fram einhverja róttækustu húsnæðismálalöggjöf, sem samþ. hefur verið og var framkvæmd í 1—2 ár, áður en hún var síðan afnumin 1948, þannig að það ætti ekki að þurfa neitt að efast um, hver sé höfuðstefnan í þessum málum. Ég segi þetta vegna þess, að í morgun er í Morgunblaðinu leiðari nr. 2 undir fyrirsögninni „Eigin íbúðir eða leiguíbúðir", þar sem gerð er alveg sérstaklega merkileg tilraun — eða ómerkileg, mundu menn kannske segja, til þess að rangfæra þessa stefnu. Og leiðaranum lýkur með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna er það auðvitað í fullu samræmi við þeirra stefnu", þ. e. hinna vondu kommúnista, — „að reyna að hindra það, að menn eignist íbúðarhúsnæði, og láta ríkið eitt standa í húsbyggingum."

Ég nefni þetta sem dæmi, af því að farið er að lesa að morgninum í útvarpið leiðara úr blöðum, að það er hart, að það skuli vera til ritstjórar, sem leggja það í vana sinn að ljúga vísvitandi til þess að koma lygunum í útvarp. Og það er vert, að menn athugi alvarlega, hvað menn eru að gera með slíkum hlutum. Þær till., sem hér liggja fyrir, hafa veruleg áhrif á, hvað kemur til með að gerast í framtíðinni, og svo verður um fleiri till., sem við flytjum, Alþb.-þm., og það er þess vegna rétt, að bæði Alþingi og ríkisstj. athugi mjög vel, hvað þeir gera í sambandi við þau frv., sem við nú flytjum. Við vitum ósköp vel, þótt við viljum hafa það sem höfuðstefnu að gera mönnum kleift að byggja eigin íbúðir, að með þeim aðbúnaði, sem menn hafa til slíks enn sem komið er, vantar mikið á, að öllum sé það fært. Og það er ekki við því að búast, að ung hjón, sem eru að byrja að búa, geti gert sér það kleift að byggja íbúðir upp á kannske 5, 6, 7, 8 hundruð þús. kr., eins og nú er almennt orðinn kostnaður á sumum íbúðum, og það þýðir, að menn verða að geta komizt í leiguíbúðir, a. m. k. um nokkurt skeið á ævinni. Það er enn fremur vitanlegt, að margt fólk er það efnalítið, að það hefur yfirleitt ekki efni á slíku. Og stórar fjölskyldur eru í vandræðum yfirleitt að fá inni, t. d. í Reykjavík barnafjölskyldur, og gamalt fólk þarf líka á því að halda, að slíkar íbúðir geti verið því opnar eins og leiguíbúðirnar. Þess vegna er ekki til neins að halda því fram, að þó að maður vilji stefna að því að koma upp íbúðarhúsnæði þannig, að menn eigi það sjálfir, getur það ekki verið eina og algilda stefnan, eins og ástandið er nú í þjóðfélaginu og eins og kjörin eru til þess að eignast eigin íbúðir. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt, að leiguíbúðum sé komið upp um leið, og það gerir enginn annar en hið opinbera.

Við leggjum áherzlu á það í þessu frv., að þetta verði að gerast á tæknilega hagnýtan máta, tökum fram, hvað það þurfi að byggja margar, t. d. hér í Reykjavík skuli bjóða út a. m. k. 100 íbúðir í einu, þær séu með svipaðri gerð, 2—3 herbergja, því að á þeim er mestur skorturinn. og það er vitanlegt, að aðferðirnar við að byggja yfirleitt, sérstaklega hér í Reykjavík, eru algerlega óþolandi frá því sjónarmiði, hvað það er dýrt og óskipulagt, og það byggja varla nokkrar þjóðir á sama máta og við gerum. Og við eigum að geta byggt miklu ódýrar en nú er gert, og þess vegna eru sérstök ákvæði í þessu frv., einmitt til þess að hið opinbera með sínum afskiptum af þessu tryggi slíkt, og í samræmi við það, að hið opinbera á að geta gert það, setjum við það ákvæði í frv., að leigan skuli vera 8% af verði íbúðanna. Við reiknum þá með því, að ríkið útvegi sér sjálft lán, t. d. 2—3%. Ríkið ræður því sjálft, hvernig það lætur Seðlabankann lána sér eða aðra slíka, og jafnvel þeir sjóðir. sem það vildi fá lán hjá, þyrftu ekki að græða nema lítið á þeim. Við álítum, að það sé hægt með slíku móti að tryggja, að leiga í slíkum íbúðum, sem komnar væru upp, ætti að vera ekki nema helmingur af því, sem nú er algengt í þessum íbúðum, sem mjög dýrt eru leigðar, — helmingi lægri ætti hún að geta verið en okurleigan, sem nú tíðkast.

Ég álít, að það beri að athuga mjög alvarlega svona till., og vil sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj. að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar, ekki síst í sambandi við þær vinnudeilur, sem búast má við á næsta vori. Afgreiðsla þessa máls verður viss prófsteinn á ábyrgðartilfinningu Alþingis um, hvað menn vilja gera í sambandi við lausn þeirra vinnudeilna, sem yfir vofa í júní næsta ár, og við skulum gera okkur það ljóst, að yfirleitt með þau frv., sem við komum til með að flytja hér í vetur um ýmsar endurbætur fyrir almenning, er það allt saman þáttur í því að reyna að gera þessar vinnudeilur auðleystari.

Verkalýðssamtökin sýndu það í júnísamkomulaginu í vor, að þau vilja meta aðgerðir, t. d. í

húsnæðismálum, sem kjarabót. Húsnæðisútgjöldin eru nú einhver tilfinnanlegustu útgjöld launþegafjölskyldu, hvort sem það eru útgjöld til eigin húsnæðis eða útgjöld til leigu. Ekki síst er það svo fyrir unga fólkið. Stórlækkun á útgjöldunum til húsnæðis er því ákaflega þýðingarmikil sem þáttur í lausn á þeim vinnudeilum, sem verða næsta vor. Eins og menn muna, sömdu verkalýðsfélögin í júní síðasta ár um vopnahlé til eins árs. Það, hvað gerist í þessu eins árs vopnahléi, ræður áreiðanlega úrslitum um, hvað gerist næsta vor. Þegar kemur að vinnudeilum, segja venjulega flestir, að þeir vilji fá friðsamlega lausn og þeir vilji ekki láta koma til verkfalla. Ég vil taka fram það álit mitt, að það, hvað gert er í vetur hér á Alþingi, hefur að mínu áliti úrslitaáhrif á, hvað gerist í vor. Ef róttæk umbótalöggjöf, eins og við þm. Alþb. höfum flutt og flytjum nú aftur og munum bæta nýjum við, — ef róttæk umbótalöggjöf verður samþ., léttir það alla samninga í vor, því að verkalýðssamtökin hafa sýnt það, að þau taka mikið tillit til þess, hvaða endurbætur er hægt að knýja fram eða fá framkvæmdar á Alþingi.

Það er að vísu ekki neitt nýtt, að verkalýðssamtökin geri slíkt. Það hefur viðgengizt í yfir 20 ár, að þau jafnvel svo að segja setji lög með verkföllum, að það sé samið um þá hluti í verkföllum eða vinnudeilum, sem síðan verða lög. Svo var um orlofslögin, þegar þau voru samþ. Svo var um atvinnuleysistryggingasjóðinn, þegar honum var komið á. Svo var um 12 tíma hvíldartíma á togurum o. fl. Þetta er rétt fyrir alla þm., hvort sem þeir eru með ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu, að hafa í huga.

Ég verð að segja það, að asnaspörk eins og þau í leiðara Morgunblaðsins í morgun sýna ákaflega vel það skilningsleysi, sem er til í röðum ofstækismanna í stjórnarflokkunum, og það ofstæki er alveg þveröfugt við þann skilning, sem hæstv. ríkisstj. sýndi í vor. Og ég býst líka við, að það samkomulag, sem hæstv. ríkisstj., verkalýðssamtökin og atvinnurekendur gerðu þá, hafi ekki verið að skapi þeirra ofstækismanna, sem láta til sín heyra á svipaðan hátt og er gert í þessum leiðara Morgunblaðsins í morgun.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. sé þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Það á að vera hlutverk þessa þings að leysa þannig lífskjaramál verkalýðs og launafólks, að samningar næsta vor verði því auðleystari. Það er hægt á þessu þingi, og það er einmitt tíminn á þessu þingi til að framkvæma þær endurbætur, sem geti skapað áframhaldandi frið og komið í veg fyrir vinnudeilur. Ef Alþingi vanrækir þá skyldu sína að afgreiða slíkar endurbætur, stofnar það til harðvítugra vinnudeilna. Það er vitanlegt, að verkalýðurinn muni ekki sætta sig við annað en stórfelldar lífskjarabætur, á hvern hátt sem þær verða, því að hann á rétt á þeim. Afstaðan til þessa frv. eins og fleiri frv., sem við komum til með að flytja, verður þess vegna prófsteinn á vilja og getu Alþingis til að leysa þau vandamál, sem launafólkið í landinu, verkafólkið og alþýðan yfirleitt, á við að búa og um leið eru vandamál þjóðarinnar í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Lækkun skatta og útsvara.

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um lækkun skatta og útsvara einstaklinga á árinu 1964 o. fl. [19. mál] (þmfrv., A. 19).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 26. og 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., fjallar um ráðstafanir til þess að létta skatta- og útsvarsbyrðina á þessu ári og að nokkru um framtíðarskipulag þeirra mála. Það er alkunna, að þessi mál hafa undanfarna mánuði vakið alveg óvenjumikla eftirtekt og verið jafnvel enn þá meira umræðuefni manna á meðal og áhyggjuefni en venja er til, og er þá vissulega töluvert sagt, því að það er ávallt þýðingarmikill liður í afkomu fólks hverju sinni, hversu háa beina skatta þarf að greiða, og þess vegna er alltaf beðið eftir útkomu skattseðlanna með eftirvæntingu. En athyglin, sem skattskráin vakti að þessu sinni, er alveg sérstaklega mikil. Ég mun því leyfa mér að rekja nokkuð aðdraganda þessa máls, áður en ég sný mér að því að gera grein fyrir því, um hvað frv. fjallar.

Þar er þá fyrst til máls að taka, að með l. nr. 18 frá 12. apríl 1960 var afnuminn umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, en sú aðferð að umreikna þessa liði með hliðsjón af raunverulegu gildi teknanna hafði verið í l. frá árinu 1954, og með l. nr. 43 frá 1960 voru enn fremur ákveðnir fastir útsvarsstigar, sem ekki gerðu ráð fyrir breytingum, þó að verðgildi peninganna breyttist. Þessar ráðstafanir höfðu þær óhjákvæmilegu afleiðingar, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna vaxandi dýrtíðar á því tímabili, sem þessi regla var í gildi. Þessar breytingar voru sagðar vera liður í framkvæmd á því stefnuskráratriði hæstv. ríkisstj. að breyta um í skattamálum, þannig að ríkistekjurnar skyldu í vaxandi mæli innheimtar í formi óbeinna skatta og tolla, enda voru jafnframt lagðir á þjóðina nýir söluskattar, er námu hundruðum millj. kr.

Niðurfelling umreikningsins hefði vitanlega ekki komið að sök, ef hæstv. ríkisstj. hefði tekizt að framkvæma annað af aðalstefnuskráratriðum

sínum, sem gefið var á sama tíma, nefnilega það að halda dýrtíðinni í skefjum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sú barátta hefur mistekizt. Allir viðurkenna nú dýrtíðarvöxtinn, enda annað vitanlega gersamlega þýðingarlaust. Á árinu 1963 óx dýrtíðin meira en nokkru sinni fyrr, og sá vöxtur á því ári varð til þess, að miklar launahækkanir áttu sér stað á miðju árinu. Tekjur manna urðu því miklu hærri að krónutölu en verið hafði undanfarin ár. Það var því öllum ljóst og hæstv. ríkisstj. auðvitað líka, að samkv. óbreyttum álagningarreglum hlutu tekjuskattur og útsvar að hækka stórkostlega og langt umfram það, sem nokkrir möguleikar væru á að innheimta. Þess vegna var á síðasta þingi lagt fram frv., sem gerði ráð fyrir hækkun á persónufrádrætti, en samhliða var í því frv. að finna ákvæði um breytingar á skattstigunum, sem leiddu til hækkunar, þannig að lagfæringin, sem fékkst með hækkun persónufrádráttarins, var að verulegu leyti tekin aftur með fækkun skattþrepanna. Þegar á s. l. vori, þegar þetta frv. var til meðferðar á hv. Alþingi, var augljóst, að hér var hvergi nærri nóg að gert, og á það var bent, að samþykkt frv. hæstv. ríkisstj. í óbreyttu formi mundi valda því, að skattar og útsvar hækkaði meira en hóflegt væri.

Þm. Framsfl. bentu rækilega á þetta hér á hv. Alþingi og hér í þessari hv. d. og báru fram brtt. til lagfæringar, sem voru fólgnar í þrennu: Í fyrsta lagi að hækka persónufrádráttinn meira en frv. gerði ráð fyrir, í öðru lagi að fella niður þá grein frv., sem gerði ráð fyrir fækkun skattþrepanna, og í þriðja lagi að taka upp á ný umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, eins og var í l. frá 1954, óbreytt að öðru leyti en því, að miða skyldi við framfærsluvísitölu, vegna þess að kaupgjaldsvísitala var ekki lengur reiknuð. Þessar lagfæringar mundu hafa haft þær afleiðingar, að afskræming verðbólgunnar á skatta- og útsvarsreglunum frá 1960 hefði verið afnumin, ef samþykktar hefðu verið, en því miður voru þær kolfelldar með atkv. viðstaddra stjórnarsinna á Alþingi og þeim voru valin hin háðulegustu eftirmæli í blaðakosti ríkisstj. Þær voru kallaðar yfirboð, sem ekkert mark væri á takandi, og ýmislegt fleira í þeim dúr.

Við umr. hér á hv. Alþingi í vor, bentum við á það, að brtt. okkar gerðu ráð fyrir því, að tekin væru upp á ný ákvæði skattalaga frá 1954 um umreikning tekjutalna og persónufrádráttar, og við lögðum áherzlu á, að það færi ekki á milli mála, að nauðsynlegt væri að hafa slíkan öryggisventil sem umreikningurinn er í skattalögum á slíkum verðbólgutímum sem nú eru hér. Ef það væri ekki gert, mundi afleiðingin óhjákvæmilega verða sú, að skattbyrðin þyngdist með hverju árinu vegna stighækkunar skattsins. Þær tekjur, sem taldar voru hátekjur árið 1960, þegar umreikningurinn var numinn úr gildi, eru nú aðeins þurftartekjur eða kannske tæplega það. Hæstu laun það ár voru t. d. 100 þús. kr. Það þykja ekki há laun núna. Það samsvarar launum í 12. launaflokki, og það þykja ekki hálaunamenn, sem þar eru settir, þegar þess er gætt, að launaflokkarnir eru nú 28. Nei, aukning skattbyrðarinnar án umreiknings er óhagganlegt lögmál, og þetta bentum við á og að það væri vegna þessa lögmáls, sem hæstv. ríkisstj. varð á s. l. vori að fá samþykktar breytingarnar á skattal., sem þá voru gerðar, til þess að skila aftur nokkrum hluta af því, sem verðbólgan hefur tekið af mönnum í formi tekjuskatts umfram það, sem l. sjálf gerðu ráð fyrir. Við bentum líka á það, að endurgreiðslan væri ekki næg, vegna þess að persónufrádrátturinn væri aðeins hækkaður um 30%, en dýrtíðin hefði hækkað meira, og að ekkert tillit hefði verið tekið til dýrtíðarauknингarinnar að því er snertir þann hluta teknanna, sem umfram eru persónufrádráttinn. Og við sögðum, að ef frv. hæstv. ríkisstj. yrði samþ. án nokkurs varnagla, eitthvað svipað því sem okkar brtt. gerðu ráð fyrir, þá mundi misræmið verða enn þá meira á næsta ári en það er nú, vegna þess að meðalvísitala framfærslukostnaðar ársins 1964 mundi verða miklu hærri en meðaltalið var árið 1963, og ákvæði frv. dugðu þó ekki einu sinni til að jafna þau met, sem orðin voru á árinu 1963. Þess vegna mun, sögðum við, á næsta ári verða að bera fram enn þá frv. um hækkun persónufrádráttar eða eitthvað, sem jafngilti því.

Þetta voru þau rök, sem við færðum fram fyrir brtt. okkar á s. l. vori, og margt fleira. Þetta var sá málflutningur, sem kallaður var yfirboð, sem ekkert mark væri á takandi, í blöðum hæstv. ríkisstj. En nú hefur allt þetta, sem við sögðum, komið fram. Það hefur komið fram, að skattabyrðin samkv. lögum hæstv. ríkisstj. frá því í vor er svo gífurleg, að mjög miklum fjárhagsörðugleikum veldur á fjölmörgum heimilum í landinu, og víða er nú svo komið, að langmestur hluti launanna fram að n. k. áramótum a. m. k. fer til að greiða opinber gjöld, og það eru dæmi til þess, að öll launin hrökkva ekki einu sinni til. Mér sýnist það alveg augljóst, og það hygg ég, að fleiri muni gera, að þegar þannig löguð skattheimta bætist ofan á þær miklu fjárhæðir, sem heimilunum er nú gert að greiða í ríkissjóð í formi óbeinna álaga, þá er gjaldgetu fólks alveg ofboðið og víða horfir til hreinna vandræða af þessum sökum. Þetta finna allir. Og strax eftir að gjöldin höfðu verið á lögð og kunnugt varð um álagninguna, var það, að því er virtist, allra manna mál, að nú hefði verið gengið lengra en fært væri í álögunum og ekki kæmi annað til greina en leiðrétta þau mistök, sem orðið hefðu. Þessi skoðun var almenn og mjög útbreidd og m. a. gengu dagblöðin hér í Reykjavík mjög röskleга fram í að skýra frá því, hversu útkoman úr reiknivélunum væri í hrópandi ósamræmi við það, sem allir hefðu átt von á. Það er auðvitað engan veginn óþekkt fyrirbæri, að menn telji opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða, of há, og þeir, sem eru í andstöðu við yfirvöldin, hvort sem það er hjá ríki eða hjá sveitarfélögum, tala mjög gjarnan hátt um það skattrán, sem verið sé að fremja. Það má því segja, að engum hafi komið á óvart, þó að dagblöð stjórnarandstöðunnar í Reykjavík, Tíminn og Þjóðviljinn, héldu því fram, að of langt væri gengið í skattheimtunni, og þau viðhefðu nokkuð stór orð um þessa skattaálagningu, sem fór fram í sumar. Þó verður það að segjast, að meira að segja þeirra málflutningur var talsvert harðorðari en oft áður, enda gild

ástæða til. En það, sem var óvenjulegt að þessu sinni, var þó hitt, að stjórnarblöðin voru engu mildari í dómum sínum, a. m. k. fyrst eftir að kunnugt varð um skattaálagninguna, og að einnig þau réðust harkalega á niðurstöðurnar. Til þess að minna á, hvernig þau skrifuðu í sumar, ef einhverjir skyldu kannske hafa gleymt því, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að fara með nokkrar tilvitnanir úr Morgunblaðinu, Vísi og Alþýðublaðinu. Þar er af nógu að taka, því að svo að segja í hverju tölublaði þessara blaða í sumar voru skattamálin gerð að umtalsefni, en ég skal reyna að takmarka tilvitnanirnar við örfá atriði, með því líka að tónninn var mjög á einn veg. Ég vitna þá fyrst í Alþýðublaðið. 1. ágúst birtist ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu, í henni stóð þetta:

„Hin mikla krónuhækkun útsvara og skatta skapar alvarlegt innheimtuvandamál, sérstaklega fyrir fastlaunamenn. Fyrstu sjö mánuði ársins hafa verið heimtar af þeim upphæðir, sem miðaðar voru við eldri útsvör. Nú er krafizt greiðslu á því, sem á vantar, á 4—5 mánuðum, með þeim afleiðingum, að fjöldi manns fær lítið sem ekkert annað en kvittanirnar í launaumslögum sínum."

Sama dag skrifaði sá blaðamaður Alþýðublaðsins, sem nefnir sig „Hannes á horninu", m. a. þetta:

„Stopp. Ég sagði í fyrradag: Vomurinn kemur. Hann kom og er orðinn landfastur, a. m. k. í hugum fólksins. Ég hef fylgzt með því, þegar skattskráin hefur komið, í 40 ár, og aldrei hefur hún valdið annarri eins reiði, undrun og furðu og í þetta sinn. Álögurnar hafa hækkað hjá fjölmörgum, sem ég hef talað við, um 30—60%, án þess þó að tekjurnar hafi hækkað nálægt því síðan í hittiðfyrra."

Þessi skrif halda áfram. 14. ágúst segir í Alþýðublaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur haldið fund út af skattskránni. Þetta er sögulegur viðburður, því að aldrei fyrr hefur verið haldinn sérstakur ráðuneytisfundur af tilefni skattskrárinnar. Hvers vegna var það gert? Til hvers bendir það? Svörin liggja í augum uppi, þó að þau séu ekki látin fylgja með. Skattskráin er vandræðamál. Útkoma hennar kemur á óvart, einnig ríkisstj."

Og sama blað, Alþýðublaðið, talar um það 18. ágúst, þegar heitast brann í kolunum vegna skattamálanna og reiði almennings var við suðupunkt, að sjálfsagt væri að athuga það, hvort ekki væri rétt að endurgreiða þau opinberu gjöld, sem á hefðu verið lögð á þessu ári.

Ég læt þessar tilvitnanir til Alþýðublaðsins nægja að sinni. En það er, eins og ég áðan sagði, af nógu að taka og hægt að lesa hér í allan dag. Svo mjög voru þessi mál ofarlega í hugum þeirra, sem rituðu blöðin, og svo mjög fundu þeir andúð almennings gegn þessu máli. Ég mun þá leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna örlítið í dagblaðið Vísi, en einnig þar birtust löng skrif um þessi mál. Laugardaginn 15. ágúst í sumar var birt viðtal við ríkisskattstjórann, þar var haft eftir honum:

„Breytingarnar, sem gerðar verða á skatta- og útsvarsl., munu felast í tvennu, sagði ríkisskattstjóri, persónufrádráttur verði hækkaður og skatta- og útsvarsstigaþrepunum verði breytt í samræmi við launahækkanirnar á undanförnum mánuðum, þannig að menn þurfi ekki að greiða hlutfallslega hærri upphæð af launum sínum í skatta og útsvar þrátt fyrir auknar tekjur." Svo segir blaðið í viðtalinu: „Í vor, þegar skatta- og útsvarsl. nýju voru samþykkt á Alþingi, var þegar ljóst, segir ríkisskattstjóri, að enn á ný þurfti að breyta skatt- og útsvarsstiganum vegna þeirra hækkana, sem þá höfðu orðið á kaupgjaldi í landinu, m. a. eftir desemberverkfallið. Í ljós hefur nú komið, að tekjuaukning almennings árið 1963 var mun meiri en reiknað hafði verið með og nýju skattal. voru byggð á. Til þeirrar aukningar verður að taka tillit í sambandi við þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar."

Og forustugrein blaðsins fjallar um þetta viðtal og segir svo, með leyfi forseta:

„Í viðtali á forsíðu Vísis í dag greinir ríkisskattstjóri frá því, að unnið sé nú að breytingum á skattal., persónufrádráttur verði hækkaður og skatta- og útsvarsþrepunum breytt í samræmi við auknar tekjur manna, þannig að þrátt fyrir hækkuð laun þurfi menn ekki að greiða hlutfallslega hærri upphæð í skatta. Hér er verið að leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefur í skattlagningunni vegna þeirrar dýrtíðarþróunar, sem verið hefur í þjóðfélaginu síðustu árin, og hinnar miklu aukningar á tekjum manna. Munu menn almennt telja þetta góð tíðindi, og vissulega má segja, að slíkar breytingar séu tímabærar vegna fyrrgreindrar þróunar. Hún hefur valdið því, að margir skattgreiðendur hafa færzt mun ofar í skattstiganum, þótt aðeins hafi verið um venjulegar launatekjur að ræða."

Þetta segir Vísir 15. ágúst, blaðið, sem lengst gekk í því fyrir 2—3 mánuðum þar á undan að kalla till. okkar framsóknarmanna hér á hv. Alþingi til breytinga á skattal. yfirboð, sem ekkert mark væri á takandi. Nú er þetta orðinn heilagur sannleikur, hafður eftir sjálfum ríkisskattstjóranum, og þannig undirstrikað, að það var algert fleipur, sem blaðið fór þá með, að okkar till. væru óraunhæfar. Þvert á móti, þær voru nauðsynlegar, eins og nú er játað. Að þessu sinni hef ég ekki fleiri tilvitnanir í Vísi uppi hér, þær eru margar, eins og ég hef áður sagt.

Ég mun leyfa mér að vitna örlítið í Morgunblaðið. Þar segir í ritstjórnargrein 5. ágúst:

„Eins og Morgunblaðið hefur áður sagt, hefur tekjuaukning orðið svo mikil, að skattalagabreytingarnar á síðasta þingi hafa naumast nægt til þess, að heildarniðurstaðan yrði jafnhagkvæm fyrir skattgreiðendur og næstu árin á undan."

Hún byrjar fremur hógværlega, játningin í Morgunblaðinu, en það á eftir að koma meira. Í því blaði er 9. ágúst skrifað á þessa leið, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að vera leiðindastarf að standa í því að telja öðrum trú um hluti, sem maður trúir ekki sjálfur og veit jafnvel að aðrir fást ekki til að trúa heldur. Þetta hafa leiðarahöfundar eins dagblaðsins í Reykjavík verið að fást við upp á síðkastið í sambandi við alræmda álagningu opinberra gjalda. Okkur hefur verið sagt það mjög ótvíræðum orðum í nefndu blaði, að skattar og útsvör hafi lækkað, að almenningur standi betur

að vígi fjárhagslega en áður og sé hæstánægður með útreikninga skattheimtunnar. Þetta og annað svipað lesa menn í blaðinu, meðan þeir handfjalla gjaldseðilinn hálfringlaðir, því að hann segir allt aðra sögu og miklu iskyggilegri um stórauknar opinberar álögur, skattpíningu, sem ekki á sér hliðstæðu um mörg undanfarin ár. Mér hefur lengi verið það hrein ráðgáta, hvaða tilgangi leiðarahöfundar þykjast vera að þjóna með slíkum skrifum. Nú er það að vísu rétt, að íslenzkir kjósendur eru sauðtryggir og einstaklega fylgispakir. En dettur umræddum skriffinnum raunverulega í hug, að menn taki meira mark á fjálgum orðum þeirra en óhugnanlegum tölum á skattseðlinum? Það er út af fyrir sig gott og blessað að geta kastað fram háfleygum hagfræðilegum skýringum, studdum töfraformúlum tölvisinnar, á hinu nýja skattafargani. En sagði ekki hæstv. núv. forsrh. einhvern tíma, að buddan væri, þegar öll kurl kæmu til grafar, öruggasti hagfræðingurinn, og nú segir hún vissulega ömurlega sögu á þessum síðustu tímum opinberrar bjartsýni."

Þetta var tilvitnun úr Morgunblaðinu 9. ágúst s. l. Í sama blaði segir í forustugrein 14. ágúst, með leyfi forseta:

„Eins og margsinnis hefur verið bent á hér í blaðinu, voru breytingar á skatta- og útsvarslögunum, sem samþ. voru á síðasta þingi, miðaðar við það að létta byrðar lágtekjumanna, þótt það yrði til þess, að hinir tekjuhærri fengju hærri skatta en ella. Það er nú ljóst, að almennar launatekjur eru miklu hærri en menn þá gerðu sér grein fyrir og fjöldi launamanna fær því hærri skatt en tilætlunin var."

Hér er sagt alveg berum orðum, að fjöldi launamanna fái hærri skatt en tilætlunin var. Enn segir í sömu forustugrein:

„Enn á ný urðu hér miklar kauphækkanir og verðhækkanir í kjölfar þeirra," — sem áður er minnzt á í greininni, — „þannig að skattstigar röskuðust og hin heilbrigðu skattalög urðu úrelt. Á þeim voru að vísu gerðar breytingar til úrbóta, en nægðu þó ekki, eins og í ljós hefur komið."

Og ég skal fara að ljúka þessum tilvitnunum í Morgunblaðið. Það er aðeins ein enn, sem ég vildi leyfa mér að fara með að þessu sinni. Hún birtist í blaðinu 25. ágúst og er svona:

„Kröfurnar á hendur ríki og sveitarfélögum hafa stöðugt aukizt undanfarna áratugi. Af því hefur að sjálfsögðu leitt mikla skattheimtu. Menn gera sér nú grein fyrir því, að of langt hefur verið gengið í þessu efni, og þess vegna eru menn á einu máli um það, að draga þurfi úr sköttum."

Eins og þessar fáu tilvitnanir, sem ég hef leyft mér að fara með, sýna ljóslega, var það allra manna mál, eftir að skattskráin kom út, að útkoman væri í ósamræmi við það, sem allir höfðu búizt við, og að of langt væri nú gengið í innheimtu opinberra gjalda.

Ég hef sleppt hér tilvitnunum í Þjóðviljann og Tímann, en þær voru mjög á sama veg, og ég tel ástæðulaust að gera grein fyrir þeim af ástæðum, sem ég gat um í upphafi. Þessi skoðun, sem dagblöðin hér túlkuðu og ég hef leyft mér að vitna til, var svo útbreidd á þessu tímabili, að sjálft ríkisútvarpið hófst handa um það að efna til sérstaks þáttar, þar sem fulltrúum frá öllum þingflokkunum var gefinn kostur á því að koma fram og svara tveim spurningum þessu máli viðkomandi. Þeir, sem komu fram í útvarpinu, voru fyrir hönd Alþb. formaður þess, Hannibal Valdimarsson, fyrir hönd Alþfl. kom fram hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, fyrir hönd Framsfl. kom fram formaður flokksins, Eysteinn Jónsson, og fyrir hönd Sjálfstfl. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen. Og ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna örlítið til þess, sem hver þessara manna sagði í þessum útvarpsþætti, vegna þess að mér finnst það skipta máli, þegar verið er að gera sér grein fyrir, hvaða viðbrögð útsvars- og skattaseðlarnir vöktu á sínum tíma. Ef ég leyfi mér að taka þessa hv. ræðumenn í sömu röð — stafrófsröð flokkanna, eins og ég áðan gerði, þá vil ég fyrst vitna til þess, sem Hannibal Valdimarsson, hv. 5. þm. Vestf., sagði. Hann sagði:

„Núverandi skattalöggjöf verður að breyta eins fljótt og við verður komið. Sú skattaálagning, sem þessa dagana hefur verið birt almenningi, hefur sannfært alla réttsýna menn um nauðsyn þess. Það er alkunna, að árlega nöldra sumir gjaldendur yfir sköttum, sem á þá eru lagðir. Þá skortir þegnskap til þess að bera sínar þjóðfélagsbyrðar án möglunar. Ég tek ekki undir við þessa sérhlífnu skattanöldrara. En eru hin almennu viðbrögð skattborgaranna nú ástæðulaust nöldur eitt? Nei, nú hefur reiðialda risið, og hún fer hækkandi með hverjum degi. Hér er um að ræða heilaga bræði þess fólks, sem sér sig rangindum beitt, horfir á réttlætið fótum troðið og krefst réttlætis."

Hæstv. viðskmrh. sagði í sama útvarpsþætti m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingum hefur því miður aldrei tekizt að setja sér skynsamlega og heilbrigða löggjöf um tekjuöflun til opinberra þarfa. Þeim hefur þó tekizt miklu verr að koma á laggirnar embættiskerfi, sem sé fært um að framkvæma slíka löggjöf af myndarskap og réttsýni. Og sjálfu siðferði þjóðarinnar í þessum efnum hefur verið svo ábótavant, að mikill hluti þjóðarinnar virðist telja það jafnsjálfsagt að hafa fé af opinberum aðilum með því að skjóta sér undan að greiða skatt og útsvar eða toll, og menn telja það fráleitt að hafa fé af náunga sínum, jafnvel svarnasta fjandmanni. Gallana á skipulagi þessara mála hér hjá okkur tel ég fyrst og fremst vera þessa: 1) Algerlega ófullnægjandi eftirlit með því, að raunverulegar tekjur séu taldar fram. 2) Tekjuskatts- og útsvarsstigarnir eru of háir, og þá sérstaklega: hámarkinu er náð við of lágar tekjur. Þegar skattstigar eru jafnháir og hér á sér stað, verður ranglæti þess, að sumir skjóta tekjum undan, en aðrir ekki, enn þá tilfinnanlegra. 3) Skattarnir eru greiddir heilu ári eftir að tekjurnar myndast. 4) Tollar eru hér allt of háir og valda verulegu misræmi á verðlagi innanlands og erlendis og hafa í för með sér smygl. 5) Tollaeftirliti er hér eins og skattaeftirliti stórlega ábótavant."

Síðan segir hæstv. viðskmrh. í útvarpinu 17. ágúst:

„Það er skiljanlegt, að mönnum hafi þótt hækk-

un opinberu gjaldanna mikil og meiri en þeir höfðu búizt við. Menn hafa áreiðanlega ekki gert sér nógu ljósa grein, að tekjuaukning þeirra á s. l. ári var að miklu leyti verðbólguaukning, en ekki raunveruleg tekjuaukning. Hér við bætist það, að tekjuaukning á s. l. ári var meiri en almennt var gert ráð fyrir. Ef Alþingi og ríkisstj. hefðu vitað það, þegar skatta- og útsvarslögin voru sett á síðasta þingi, hverjar tekjur manna raunverulega yrðu 1963, er líklegt, að skatta- og útsvarsstigar hefðu verið hafðir nokkuð öðruvísi en reyndin varð."

Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., sagði í þessum sama útvarpsþætti 17. ágúst m. a.:

„Ástandið núna eftir nýjustu álagningu skatta og útsvara sýnir glöggt, að knýjandi nauðsyn ber til að breyta mjög skatta- og útsvarslöggjöfinni. Mikill þorri manna sér enga leið til að greiða gjöld sín, eins og nú er komið málum. Opinberu gjöldin, sem nú er búið að leggja á, eru öllum fjöldanum alveg óviðráðanleg. Mín skoðun er því sú, að það verði að lækka þessi gjöld."

Og hæstv. fjmrh. sagði í sama útvarpsþætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er svo annað mál, að æskilegt er að gera frekari breytingar á skattalögunum. Tekjur manna hafa almennt hækkað mikið á s. l. ári og munu einnig hækka verulega á þessu ári. Þeir láglaunamenn, sem síðasta skattalagabreyting var einkum fyrir, virðast vera miklu færri en áður var talið, en fleiri og fleiri komast of ört upp í hina hærri skattstiga."

Og síðar í sömu ræðu segir hæstv. fjmrh. þetta:

„Ég tel æskilegt að gera ýmsar breytingar á skattalöggjöfinni til viðbótar þeim umbótum, sem að undanförnu hafa verið gerðar, bæði í lögum og í framkvæmd. Meðal þeirra breytinga, sem ég tel æskilegar, eru þessar: Að hækka enn persónufrádráttinn eða skattfrjálsar tekjur. Að breikka þrepin í skattstiganum, þannig að það þurfi hærri tekjur en nú til þess að komast upp í 20% og 30% skatt. Að setja í lögin ákvæði um breytingar á persónufrádrætti og skattstiga með hliðsjón af kaupgjalds- eða framfærsluvísitölu. Að innheimta bæði tekjuskatt og útsvar af tekjum jafnóðum og þeirra er aflað."

Mér finnst þessar breytingar, sem hæstv. fjmrh. telur æskilegt að gera á skattalögunum, koma mér nokkuð kunnuglega fyrir sjónir. Mig minnir, að við framsóknarmenn hér í þessari hv. d. hefðum í vor, fyrir 4 eða 5 mánuðum, flutt þessar brtt. og hæstv. fjmrh. eða blað hans a. m. k. hafi þá talið þær marklaust yfirboð. Ég verð að segja, að það eru orðin mikil og ánægjuleg sinnaskipti þarna, en vitanlega hefði það verið æskilegra, að þau hefðu komið svolítið fyrr, þannig að við þyrftum ekki nú að standa frammi fyrir því vandamáli, sem hér er til umr., að skatta- og útsvarsálagningin er svona óviðráðanleg, eins og reyndin var, og miklu hærri en nokkur maður átti von á. (Gripið fram í.) Ekki spillti það áliti mínu á honum, ef svo væri.

Eftir allar þær yfirlýsingar, sem ég hef hér rakið, hygg ég, að allir landsmenn hafi trúað því, að ekki mundi koma annað til mála en að gjöldin á þessu ári yrðu lagfærð, þar sem svona háttsettir menn í öllum þingflokkunum, formenn tveggja þeirra og ráðherrar hinna tveggja, höfðu sagt, að útkoman á skattaálagningunni væri allt önnur en menn hefðu átt von á. Og annar þeirra hæstv. ráðh., sem ég vitnaði til að talaði í útvarpið á sínum tíma, sagði það beinlínis berum orðum, að ef Alþingi og ríkisstj. hefðu vitað það, þegar skatta- og útsvarslögin voru sett á síðasta þingi, hverjar tekjur manna raunverulega yrðu árið 1963, þá sé líklegt, að skatta- og útsvarsstigar hefðu verið hafðir öðruvísi en reyndin varð.

Miðstjórn Framsfl. sendi hæstv. ríkisstj. ályktun, sem var svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess alvarlega vanda, sem nú hefur skapazt eftir síðustu álagningu skatta og útsvara, leggur stjórn Framsfl. til eftirfarandi: 1) Að ríkisstj. gangist án tafar fyrir skipun n. með þátttöku allra þingflokka til þess að gera nú þegar till. um endurskoðun þeirra opinberu gjalda, sem nú hafa verið á lögð, og réttmæta skipan skatta- og útsvarsmála til frambúðar. 2) Að ríkisstj. geri þær ráðstafanir til bráðabirgða að fresta innheimtu á verulegum hluta af álögðum opinberum gjöldum, á meðan þessi endurskoðun fer fram."

Og svipuð ályktun barst, að mig minnir, og áreiðanlega var það svo, frá miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins, þar sem einnig var farið fram á, að ríkisstj. gerði einhverjar ráðstafanir í tilefni af þessari skattaálagningu. Og það var í tilefni af þessum ályktunum, sem ríkisstj. hélt hinn sögufræga fund, sem Alþýðublaðið skýrði frá á sínum tíma og ég leyfði mér lítillega að drepa á áðan. Í þeirri samþykkt ríkisstj., sem gerð var á hinum sögufræga fundi, fyrsta og eina fundinum, sem haldinn hefur verið í tilefni af skattskránni, var mönnum gefinn kostur á því að fresta greiðslu á nokkrum hluta af álögum sínum fram á næsta ár. Og stuttu síðar, þegar samtök launamanna vildu ekki una því, að þetta eitt væri að gert, þá mun hafa verið skipuð n. frá Alþýðusambandinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga ásamt fulltrúa frá ríkisstj. til þess, eins og þar segir, „að athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum."

Það var því, eins og ég hef leyft mér hér að fullyrða, allra manna mál á s. l. sumri, að ekki kæmi annað til greina en að lagfæring yrði gerð á álagningunni á þessu ári. Nú virðist mér aftur á móti svo komið, að ráðamenn hér séu að komast á þá skoðun, að þrátt fyrir allt þetta, sem ég hef hér gert grein fyrir, sé það nú svo, að það þurfi kannske lítið eða ekkert að gera til að lagfæra ranglætið.

Í frásögn, sem ég las í Morgunblaðinu af fundi í Varðarfélaginu um daginn, er það haft eftir hæstv. fjmrh., að rannsóknir sýndu, að eiginlega væru skattar hér á landi alls ekki hærri en annars staðar gerðist. Og það voru birtar margar tölur þessu til staðfestingar. Þó varð niðurstaðan samt sú, að óhjákvæmilegt var talið að lækka skattana hér. Og nú er talað um að hjálpa fólki til að greiða þessa árs skatta með því að lána því til tveggja ára einhvern hluta hinna opinberu gjalda, auðvitað með vöxtum. Þessi niðurstaða finnst mér skjóta skökku við þær forsend-

ur, sem áður eru raktar, um það, að skattabyrðin hér sé léttbærari en annars staðar, því að það þekkist þó ekki annars staðar mér vitanlega, að fólki sé lánað af opinberri hálfu til að greiða opinber gjöld. Og þessi niðurstaða er náttúrlega í hrópandi ósamræmi við yfirlýsingar, sem ég hef leyft mér að vitna til.

Þegar talað er um að lána fólki fyrir sköttum, þá finnst mér það helzt minna á, að tveir menn hefðu átt skipti saman og kæmust svo að því, að verðið, sem þeir hefðu komið sér saman um, væri of hátt, og þá mundi fara fram samtal eitthvað á þessa lund: Kaupandinn segði við seljandann: „Þú hefur haft af mér í viðskiptunum. Verðið á ekki að vera svona hátt.“ Og seljandinn mundi svara þessu svona: „Þetta er alveg rétt hjá þér. Ég hef látið þig borga of mikið. Ég skal bara bæta þér þetta upp með því að láta þig hafa frest. Þú mátt borga það, sem þú átt ekki að borga, á tveimur árum með 9% vöxtum. Það er alveg sjálfsagt. Ég er svo sanngjarn í viðskiptum.“

En ég er hræddur um, að þetta yrðu taldir dálítið einkennilegir viðskiptahættir. Og það er áreiðanlega ekki svona lagfæring, sem fólk vonaðist eftir og það telur sig mega eiga von á eftir þær yfirlýsingar valdhafanna og stuðningsmanna þeirra, sem ég hef hér lítillega gert grein fyrir.

En hér þurfa annars konar aðgerðir að koma til, raunhæfar aðgerðir. Og það frv., sem hér er til umr., er flutt til að koma skriði á það mál. Það, sem lagt er til í frv. til lagfæringar á álagningunni á þessu ári, er tvennt:

Í fyrsta lagi að lækka tekjuskatt einstaklinga á árinu 1964 um 7000 kr. á hvern gjaldanda, en einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en 7000 kr., falli niður. Þessi eftirgjöf, 7000 kr., jafngildir því, að skatturinn sé felldur niður af fyrstu 50 þús. kr. af skattskyldum tekjum og byrjað að reikna skattinn á 30% þrepinu. Vissulega hefði verið miklu æskilegra að breyta persónufrádrættinum og haga álagningunni eitthvað svipað því, sem till. okkar framsóknarmanna frá því í vor gerðu ráð fyrir. En til þess að því mætti verða við komið að þessu sinni, þyrfti að endurreikna öll framtölin. Og við, sem flytjum þetta frv., teljum þá aðferð of seinvirka. Við höfum valið að benda á þá fljótvirkustu leið til lagfæringar, sem völ er á.

Ég vil taka það fram fyrir mína hönd og að ég held allra annarra flm. þessa frv., að ef bent væri á aðrar leiðir til lagfæringar á ástandinu á þessu ári, sem teldust heppilegri og hægt væri að framkvæma, þá er það að sjálfsögðu ekkert kappsmál hjá okkur, að það sé sú aðferð, sem við bendum á, sem valin verður. Aðalatriðið er hitt, að það verði eitthvað gert, því að lagfæringar þurfa til að koma.

Hin leiðin, sem við leggjum til að farin verði, er sú, að öll tekjuútsvör, sem lögð voru á einstaklinga á árinu 1964, verði lækkuð um 20%. Okkur er ljóst, að sveitarfélögin geta ekki tekið þessa lækkun á sig, eftir að vera búin að gera sínar fjárhagsáætlanir, og við gerum þess vegna tillögu um það, að þessi lækkun verði þeim bætt úr jöfnunarsjóði sveitarfélaganna, en ríkissjóður leggi honum það fé, sem til þarf, og við teljum, að ríkissjóður geti það, eins og ég mun aðeins koma að síðar.

Þessi tilhögun, að lækka útsvörin um 20%, hefði að sjálfsögðu jafngilt því, að sveitarfélögin öll hefðu notað fimmtungi minna af útsvarsstiganum en þau hvert um sig gerðu, en fengju þess í stað meiri greiðslur úr jöfnunarsjóði. En jöfnunarsjóður er, eins og öllum er kunnugt að sjálfsögðu, til þess stofnaður og starfræktur að fá sveitarfélögunum í hendur fjármagn, til þess að þau geti lækkað útsvörin, því að útsvarsbyrði hvers sveitarfélags er vitanlega það, sem á vantar til þess að bera uppi útgjöldin, sem áætluð eru hverju sinni.

Það má í þessu sambandi benda á það, að við þm. Framsfl. fluttum till. um það á s. l. þingi, í febr. s. l., þegar verið var að ákveða nýjan 300 millj. kr. söluskatt, að nokkur hluti af honum gengi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í því skyni að létta undir með sveitarfélögunum, en sú tilhögun mundi hafa jafngilt útsvarslækkun og í rauninni jafngilt því, sem hér er verið að leggja til.

Önnur ástæða fyrir því, að við bendum á þessa leið sem heppilega og mögulega að framkvæma, er sú, að það er auðvelt og verður að vera auðvelt fyrir jöfnunarsjóð að reikna út þær endurgreiðslur, sem hvert sveitarfélag um sig á að fá. Og sú framkvæmd þess verður auðveldust á þann hátt, að það sé um fastan hundraðshluta að ræða, sem útsvörin í heild eru lækkuð um.

Þessi ákvæði, sem ég hef nefnt, miða að skjótri og sem sanngjarnastri leið til úrbóta. Ég er ekki að segja, að það sé allra sanngjarnasta leiðin, sem hér er bent á. Sanngjarnasta leiðin er önnur, en við teljum, að hún sé hartnær ófær vegna þess, hve mikið verk er að framkvæma hana.

Þeir, sem hafa talað hér á hv. Alþingi og annars staðar fyrir hönd hæstv. ríkisstj., hafa gefið þær skýringar m. a. á því, hve skattarnir urðu háir á þessu ári, að tekjur manna á árinu 1963 hafi farið langt fram úr áætlun og menn hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað þær væru raunverulega háar, þess vegna væri afskræmingin svona ofboðsleg. Sé þetta rétt, sem ég rengi ekki, þá lætur að sjálfsögðu að líkum og er augljóst mál, að tekjuskatturinn hefur þá einnig farið mikið fram úr áætlun og ríkissjóður hefur fengið miklu meiri tekjur af þeim tekjustofni en ráðgert var. Þá má ætla, að sú eftirgjöf, sem hér er gert ráð fyrir, verði ríkissjóði ekki þungbær, vegna þess að það er hægt að nota þær tekjur, sem hann átti ekki von á og ekki var reiknað með, þegar fjárlagafrv. var gert, til þess að standa undir þessum hluta endurgreiðslunnar.

Við gerum einnig ráð fyrir því í frv., að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum lækkun útsvaranna, þannig að hann leggi jöfnunarsjóði fé það, sem hann þarf til þess að bæta þeim það upp, sem á vantar. Og við höldum því fram, að ríkissjóður geti þetta. Við bendum því til staðfestingar fyrst og fremst á raunverulega greiðsluafganga undanfarinna ára. Og mér þykir sennilegt, að sú verði einnig raunin á að þessu sinni, að það verði greiðsluafgangur. Ég byggi það á því ár-

ferði, sem við höfum búið við, þeim aflabrögðum og ýmislegu þess konar, sem ég skal ekki fara út í að rökstyðja frekar.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að fram fari viðtækari rannsóknir á framtölum manna en átt hafa sér stað að undanförnu, og einnig þannig er líklegt, að ríkissjóði bætist enn tekjur til að mæta þeim álögum, sem hér eru ráðgerðar.

Ég segi, að okkur þyki það sérstaklega líklegt, vegna þess að ég minnist þeirra skrifa, sem sett voru á prent hér í sumar, þegar skattskráin kom út, um það, hvernig framtölum væri nú hagað hér á landi og hversu mikið ósamræmi væri þar í framtölum og raunverulegum tekjum.

Þessi ákvæði, sem ég nú er að tala um, eru í 4. gr. frv. og eru á þann veg, að það skuli fara fram sérstök rannsókn á skattframtölum ársins 1964, þ. e. fyrir tekjuárið 1963. Þess er skylt að geta, að við meðferð tekjuskattslaganna hér í vor báru þm. Alþb. nokkrir fram till., sem gekk í þá átt að láta fara fram sérstaka rannsókn á skattframtölum, nokkuð svipað því, sem hér er tekið upp. Þetta var ágæt till., en hún hlaut ekki stuðning stjórnarliða hér á Alþingi frekar en aðrar till., sem reynslan hefur sýnt að áttu þó rétt á sér.

Við gerum ráð fyrir því, að þessi rannsókn nái til 3% allra framtala þeirra, sem bókhaldsskyldir eru, og til 2% af öðrum framtölum. En fyrst og fremst, og það vil ég undirstrika, á þó að rannsaka þau framtöl, sem gefa tilefni til grunsemda. Það er auðvitað augljóst mál og þarf kannske ekki að taka það sérstaklega fram, en ég geri það þó til að fyrirbyggja misskilning, að við viljum að sjálfsögðu leggja megináherzlu á, að þau framtöl, sem gefa tilefni til grunsemda, séu rannsökuð, og nú hefur verið stofnuð sérstök rannsóknardeild, sem hlýtur að hafa það hlutverk.

En við teljum það bara ekki nóg. Við viljum tryggja það, að enginn maður í landinu, hversu góða aðstöðu sem hann telur sig hafa til að telja rangt fram, geti treyst því, að hans framtal verði ekki rannsakað. Og það er þetta, sem till. okkar miðar að. Segja má, að það væri hægt að fela rannsóknardeild skattstofunnar að ákveða sjálf, hvaða reglur hún hefði við það að tína úr framtöl til rannsóknar, þ. e. handahófsúrtaks rannsóknir, en hér í frv. er gert ráð fyrir því, að framtölin séu valin með úrdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkv. reglum, sem hún setur.

Þetta ákvæði er alls ekki sett til þess að lýsa neinu vantrausti á þá ágætu menn, sem falið hefur verið að rannsaka skattaframtöl, það er öðru nær. En við flm. viljum bara hlífa þeim við þeim vanda að þurfa að ákveða það sjálfir, hvaða framtöl þeir taki til rannsóknar, og við teljum það fullkomlega réttmætt, að hagstofan framkvæmi þessi úrtök eftir reglum, sem hún setur sjálf, þannig að fulltryggt sé, að enginn geti verið viss um að sleppa við rannsóknina.

Það var mikið skrifað um skattsvikin í vor, og ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að rifja mikið af því upp, en það var skrifað í öll blöðin um það, hvað skattsvikin væru almenn, og það eins og hitt, að skattálögurnar væru of háar, var mjög almenn skoðun. T. d. segir í Alþýðublaðinu 5. ágúst svona, það er Hannes á horninu, sem skrifar, með leyfi forseta:

„Mér datt ekki í hug, að skattskráin liti svona út. Ég hélt, að einhvers konar vit væri í þessu. En það er ekkert vit í þessu. Hverjir kunna að telja fram? Kunna þeir einir að telja fram, sem bera byrðar samkv. tekjum sínum, eða er það í raun og veru svo, að þeir einir kunni að telja fram, sem bera nú léttustu byrðarnar? Það er að verða trú fólksins, að svo sé. Ég fullvissa stjórnarvöldin um, að þetta getur ekki gengið. Það er alveg ljóst, að skattskráin nú, hin augljósu skattsvik, stórþjófnaðirnir, þjófnaðir einstaklinga og fyrirtækja, hlýtur að hafa varanleg áhrif í stjórnmálalífinu."

Og til þess að gera nú báðum stjórnarflokkunum alveg jafnhátt undir höfði, leyfi ég mér að fara með eina eða tvær tilvitnanir í Morgunblaðið því til staðfestingar, hversu almenn sú skoðun var, að skattsvikin hefðu aldrei verið meiri en nú. Þar segir 9. ágúst:

„Íslenzkt þjóðfélag hefur á undanförnum áratugum þokazt æ meir í átt til hreinræktaðs braskarafélags, og það er löngu kominn tími til að þjarma að braskaralýðnum og lukkuriddurunum, sem grassera í þjóðfélaginu."

Og Morgunblaðið segir í Reykjavíkurbréfi þann 16. ágúst:

„Menn eru óánægðir með háa skatta, en ekki síður yfir því, að þeim er kunnugt um einstaklinga, sem berast mikið á, en greiða lítil gjöld. Menn sjá því skattsvik fyrir augunum og una því ýmist illa að greiða af öllum sínum tekjum eða þá að þeir freistast til þess að skjóta einnig undan skatti. Viðreisnarstjórnin hefur upprætt margháttaða spillingu, sem þróaðist í skjóli haftanna og uppbótanna. Hún hefur afnumið bitlingana og margvíslegt brask. Engu að síður er enn mikið verk óunnið í þessu efni, og er margt af því, sem miður fer, bein eða óbein afleiðing af því, að ekki hefur tekizt að tryggja rétt og heiðarlegt framtal."

Mér finnst hálfgert ósamræmi í þessu og því, sem ég las áðan, en þetta er samt úr sama blaðinu. Það er ekki við mig að sakast um það. Ég hygg, að þessar litlu tilvitnanir, — sem raunar kannske voru óþarfar, því að það var allra manna mál, að skattsvikin væru nú meiri en nokkru sinni fyrr, — að þær rökstyðji það, svo að ekki verður um deilt, að til mjög róttækra ráðstafana þarf að grípa til þess að uppræta þennan ósóma. Og sú till., sem við flytjum í 4. gr. þessa frv., sem hér er til umr., miðar að því.

Þá kem ég að síðasta atriði þessa frv., en það er ákvæði til bráðabirgða, sem er þannig, að sameinað Alþingi kjósi 7 manna nefnd hlutfallskosningu til þess að gera tillögur um skipan skatta- og útsvarsmála. N. skal leggja till. sínar fyrir Alþingi svo fljótt, að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf um þessi mál á yfirstandandi þingi.

Ég hygg, að varla verði um það deilt, að skatta- og útsvarsmálin séu nú orðið mjög mikið vandamál, sem brýna nauðsyn ber til að ráða fram úr. Og okkur flm. þessa frv. finnst það vera a. m. k. tilraun til þess að leita að viðeigandi ráðstöfunum í þessu efni, að allir þingflokkar leggist

þar á eitt til þess að finna sem sanngjarnasta lausn málsins, því að hér er komið í hreinan voða.

Ef nokkur efast um það og það þykir ekki nóg, sem vitnað hefur verið til, þá vil ég að síðustu leyfa mér að vitna til greinar, sem ritstjóri Fjármálatíðinda skrifar í síðasta blaðið, sem út kom, júlíblaðið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það virðist nú almennt álitið, að þær skattareglur, sem í gildi eru, hafi bæði leitt til hærri skattbyrðar á launþegum en þeir vilja sætta sig við og jafnframt því hafi stórfellt ranglæti átt sér stað vegna útbreiddra skattsvika. Beinir skattar á tekjur hér á landi séu með öðrum orðum orðnir hærri en svo, að hægt sé að tryggja sæmilega réttláta skiptingu skattbyrðarinnar, jafnframt því að sú hætta sé yfirvofandi, að skattarnir dragi verulega úr áhuga manna á starfi og heilbrigðri tekjuöflun. Augljóst virðist, að úr þessu virðist ekki bætt nema með verulegri lækkun beinna skatta."

Þegar svo er komið, að við borð liggur, eins og hér segir, að skattarnir eru farnir að draga úr „*áhuga manna á starfi og heilbrigðri* tekjuöflun", þá er augljóst, að komið er í óefni, og það er ekki lengra síðan en svona klukkutími, að þess var minnzt hér í þingsölunum, að ástandið á skipaflotanum, síldveiðiflotanum sérstaklega, væri orðið þannig, að margir vildu ekki vinna eins mikið og þeir gætu, vegna þess að allt færi í skattinn, eins og þar var sagt. Og þetta er alveg rétt. Ég minnist þess, að það er ekki langt síðan ég las um það í einu dagblaðanna hér í borg, að tveir landsþekktir aflakóngar ætluðu sér á næsta ári að skiptast á um skip. Það var ekki getið um, vegna hvers það væri, berum orðum, en það skildu allir, vegna hvers það var, og annar af þessum landsþekktu aflakóngum ætlaði sér að eiga frí að sumrinu til til þess að vera þá betur búinn undir vetrarvertíðina. Þegar svona er komið, er um mikið vandamál að ræða, og það er skoðun okkar flm., að skynsamlegt sé að *játa það, að vandamálið sé stórt, og freista þess* að taka höndum saman um lausn þess. Og þess vegna er till. í bráðabirgðaákvæði okkar fram borin, að allir þingflokkar takist það sameiginlega á hendur að reyna að leysa þetta mikla vandamál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um tvö meginatriði. Annað er um lækkun skatta og útsvara, sem álögð hafa verið í ár, hins vegar um endurskoðun á skipan skatta- og útsvarsmála.

Varðandi fyrra atriðið er rétt að rifja það hér upp, að í miðjum ágústmánuði rituðu Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ríkisstj. og fóru fram á, að viðræður yrðu hafnar við fulltrúa þessara tveggja sambanda um, hvernig skatta- og útsvarsmálum hefði verið hagað á þessu ári. Ríkisstj. taldi sjálfsagt að verða við þessum tilmælum. Voru haldnir tveir viðræðufundir með fulltrúum ríkisstj. og þessara aðila. Á síðara fundinum náðist samkomulag um það, að tilnefndir yrðu 4 menn til þess að athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum og kanna nánar önnur þau atriði, sem fram höfðu komið í viðræðunum. Þeir, sem skyldu tilnefna þessa fulltrúa, voru ríkisstj., Samband ísl. sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Þessir 4 menn, en það voru þeir Jónas Haralz, Páll Líndal, Árni Halldórsson, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, tilnefndir í sömu röð og ég taldi aðilana áðan, tóku þegar til starfa, og unnu að þessu af mikilli samvizkusemi og nákvæmni. Þeir hafa skilað mjög ýtarlegri grg. og skýrslu um þetta mál allt. Þeir hafa reynt að kanna það, hvernig útsvör og skattar hafa komið við ýmsa tekjuhópa úr ýmsum stéttum á þessu ári, og athugað þróun þessara mála undanfarin ár. Þessi ýtarlega grg. þeirra verður væntanlega birt almenningi nú innan skamms tíma, og skal ég ekki fara út í það mál frekar að sinni, en þó taka það fram, að allir *þessir 4 menn urðu sammála um grg. og þær* niðurstöður, sem þar fengust, og tillögur.

Varðandi hitt atriðið, um endurskoðun útsvars- og skattalaga til frambúðar, er þess að geta, að ríkisskattstjóra var á sínum tíma falið að gera till. hér til endurskoðunar og breytinga á. Ég geri ráð fyrir, að innan skamms verði lagt fram á Alþingi frv. um breytingar á tekjuskattsl., sem ríkisskattstjóri hefur undirbúið. Útsvarsmálin hafa einnig verið í athugun, en áður en frv. um breytingar á útsvarsl. verður lagt fram, verður að sjálfsögðu haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.

Það, sem þetta frv. fer fram á varðandi árið 1964, er, að allur tekjuskattur lagður á einstaklinga í ár skuli lækkaður um 7 þús. kr. á hvern gjaldanda, en einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en 7 þús. kr., skuli felldur niður. Framtalsskyldir einstaklingar nú á þessu ári voru 84550. Af þeim voru tekjuskattslausir 51305. Tekjuskattur í ár var þannig lagður á 33245 einstaklinga. Þegar reynt er að gera sér grein fyrir, hvernig þetta frv. mundi verka á tekjuskatt manna, kemur í ljós, að samkv. frv. mundu til viðbótar þeim, sem tekjuskattslausir eru þegar í landinu, rúm 51 þús., þá mundu rúmlega 24 þús. manns verða tekjuskattslausir til viðbótar, þ. e. a. s. þeir, sem hafa lægri skatt í ár en 7 þús. En þeir, sem hafa yfir 7 þús. kr. í tekjuskatt, eru rúmlega 9 þús., en allir þeir eiga að fá afslátt, sem nemur þessari upphæð. Alls mundi þetta frv. hafa í för með sér lækkun á álögðum tekjuskatti í ár um ca. 125 millj. kr.

Varðandi útsvörin er gert ráð fyrir í 2. gr., að öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skuli lækkuð um 20%. Eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, má gera ráð fyrir, að tekjuútsvör einstaklinga álögð í ár séu um það bil 730 millj., e. t. v. rösklega það. Afslátturinn, sem hér er því lagt til að veittur verði, nemur upp undir 150 millj. kr. Það, sem þetta frv. felur þannig í sér að ríkissjóður taki að sér á þessu ári, er ýmist niðurfelling eða beinar greiðslur, sem nema samtals líklega um 275 millj. kr., og

þetta á að gerast á mánuðunum október—desember nú á þessu ári.

Varðandi það atriði, hvernig eigi að afla fjár til þessa mikla afsláttar og tekjurýrnunar, er farið heldur fljótt yfir sögu og lauslega í frv. Þar segir aðeins, að ríkissjóður skuli leggja jöfnunarsjóði sveitarfélaga þetta til. Og síðan segir á bls. 3 í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður er þess vel megnugur að taka á sig þessa byrði.“ Þannig er það mál afgreitt.

Varðandi afkomu ríkissjóðs nú í ár hef ég nýlega við 1. umr. fjárl. gert grein fyrir því, að afkoma ríkissjóðs verður örðug á þessu ári, og stafar það af þeim orsökum, sem ég greindi, sumpart að megintekjustofnar ríkissjóðs virðast ekki fara, a. m. k. neitt að ráði, fram úr áætlun á þessu ári og sumir þeirra verða undir áætlun, hins vegar hafa hlaðizt á ríkissjóð á þessu ári ýmsar greiðslur og það verulegar, sem ekki var gert ráð fyrir, þegar fjárlög voru afgreidd, og á ég þar fyrst og fremst við niðurgreiðslur á vöruverði til þess að halda visitölunni óbreyttri, og er það auðvitað langstærsti útgjaldaaukinn, sem hér veldur líka mestu um. Það er því engan veginn hægt að gera ráð fyrir því, að ríkissjóður hafi á þessu ári nokkra möguleika eða bolmagn til þessarar tekjulækkunar og framlaga, sem þetta frv. fer fram á. Þvert á móti má segja, að það séu engar líkur til þess, að hann sé í ár eða verði aflögufær til þess.

Þá er spurningin, hvort mætti taka af greiðsluafgangi undanfarinna ára til að fá fé til þessara greiðslna, sem eins og ég rakti eru hátt á 3. hundrað millj. kr., nú fyrir áramót. Það er rétt, að ríkissjóður hefur haft allverulegan greiðsluafgang, bæði á árinu 1962 og 1963. Þeim greiðsluafgangi hefur þegar verið ráðstafað að töluvert miklu leyti. Er þess fyrst að geta, að lagðar voru 100 millj. í jöfnunarsjóð ríkisins samkv. l. frá 1932, sem ekki höfðu komið til framkvæmda fyrr, en tilgangur þessa sjóðs er sá, að í hann sé lagður greiðsluafgangur eða hluti af greiðsluafgangi ríkissjóðs, og hann á að geyma til þess að mæta erfiðum árum, sem eftir lögmálum náttúrunnar venjulega koma öðru hvoru, hvort sem það yrði með aflabresti, ótíð, markaðstregðu, verðfalli eða af öðrum ástæðum okkur óviðráðanlegum. Það er engin heimild til þess í l. að taka þessar 100 millj. úr jöfnunarsjóði ríkisins og verja því til að lækka tekjuskatt og útsvar manna. Ef það er ætlunin að verja nú fé úr þessu í þessu skyni, þyrfti þetta frv. að sjálfsögðu að fela í sér slíka heimild, en hún er ekki í frv. En efnislega er það náttúrlega fráleitt og gersamlega gagnstætt tilgangi þessa sjóðs, ef í góðæri eins og nú er og veltiári á marga lund, þar sem næg er atvinna í landinu að undanteknum einstaka stað, sem vegna staðhátta eða tímabundins atvinnuleysis hefur orðið fyrir þungum búsifjum, en yfirleitt er hér góðæri í landi, mikill afli, miklu meiri þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur en nokkru sinni fyrr, og að fara að verja 100 millj. úr þessum sjóði nú til þess að lækka útsvör og tekjuskatt er gersamlega gagnstætt tilgangi sjóðsins og í rauninni óverjandi. Varðandi tekjuafgang ríkissjóðs að öðru leyti undanfarin ár hefur töluverðum hluta af honum verið varið til þess að greiða niður skuldir ríkisins og að því leyti búið að ráðstafa honum. Þetta hefur m. a. haft þau áhrif, að um undanfarin þrenn áramót hefur ríkissjóður ekki haft neinar lausaskuldir. Í þriðja lagi hefur verið lagt til af hendi ríkisstj. í fjárlagafrv. að verja 40 millj. til að grynna á vangoldnum framlögum til hafna og sjúkrahúsa, en eins og kunnugt er, hefur það verið um mörg ár og jafnvel áratugi þannig, að ríkissjóður hefur ekki greitt jafnóðum sín lögboðnu framlög eða sinn lögboðna hluta til þessara framkvæmda, og er þessi ráðstöfun gerð m. a. til þess að reyna að lækka þessa skuld, ef má orða það svo, eða grynna á þessum vangoldnu framlögum. Að öðru leyti en þessu þrennu er greiðsluafgangur ríkissjóðs undanfarin ár rekstrarfé ríkissjóðs, og nægir það þó hvergi nærri til, þannig að t. d. á þessu ári hefur ríkissjóður orðið mikinn hluta ársins að sækja verulegar upphæðir til rekstrar í Seðlabanka Íslands.

Það, sem þetta frv. felur í sér raunverulega, ef þetta er rakið sundur, er annaðhvort það, að þessar 275 millj. eigi að sækja í Seðlabankann sem viðbótarrekstrarfé til handa ríkissjóði og nota það til þessara hluta. Hvort það er hyggileg ráðstöfun fyrir efnahags- og atvinnukerfi landsins í heild að taka þannig upp undir 300 millj. kr. til viðbótar úr Seðlabankanum og dæla því út, það er svo annað mál, og í rauninni býst ég ekki við, að neinn maður muni mæla með þeirri leið. Hin leiðin, ef á að taka þetta frv. alvarlega, hlýtur þá að vera sú, að leggja þurfi á nýja skatta til að afla fjár til þessara greiðslna. Og þá erum við komin að því, sem í rauninni er efni þessa frv., það er frv. um að lækka útsvör og skatta með því að leggja á nýja skatta. Að vísu hafa hv. flm. ekki gert tilraun til að leggja fram þær till., að leggja skuli á nýja skatta, en þegar málið er skoðað, er auðvitað engin leið til önnur en þessi, ef á að taka frv. alvarlega.

Það hefur löngum verið vinsælt að bjóða upp á brauð og leiki, og það má vel vera, að það verði vinsælt fyrir Framsfl. að bjóða rúmlega 24 þús. landsmanna að strika út tekjuskatt þeirra og bjóða svo öðrum 9 þús. upp á það að lækka þeirra tekjuskatt um 7 þús. kr., bjóða svo öllum landslýðnum upp á það að lækka útsvarið um fimmtung. Þetta er kannske vinsælt, en ég hefði nú haldið, að Íslendingar væru það hugsandi menn og hefðu þá ábyrgðartilfinningu, að þeir tækju svona hluti ekki fyrir góða og gilda vöru. Hins vegar tel ég sjálfsagt að taka því með þökkum, að hv. 1. flm. fullyrti, að að áliti Framsfl. gæti ríkissjóður vel tekið þetta á sig án sérstakra ráðstafana, og felur það náttúrlega í sér mikla traustsyfirlýsingu til fjármálastjórnarinnar, sem skylt er að þakka. Hins vegar finnst mér ákaflega lítil þakklætiskennd koma hjá hv. 1. flm. í garð ritstjóra málgagns Framsfl., því að í sinni löngu ræðu hér er hann alltaf að vitna til stuðnings máli sínu í Morgunblaðið og Alþýðublaðið og Vísi, en sýndi ekki sínu flokksblaði og hinum ötula málsvara flokksins, sem veitir því blaði forstöðu, þann sóma að vitna til hans, og finnst mér þetta ómaklegt, þegar það er athugað, hversu mjög hann hefur lagt sig í líma um að styðja þennan málstað.

Í sambandi við álagða skatta nú á þessu ári og útsvör mun gefast tækifæri til þess, þegar skýrsla fjórmenninganna verður birt, að taka það mál allt rækilega til athugunar, og ég mundi telja, að sú nákvæma og samvizkusamlega rannsókn og grg., sem þar liggur fyrir, gefi réttari mynd af þessu en ýmis þau blaðaummæli, sem hv. 1. flm. las hér upp í sinni ræðu. En varðandi þessi mál til frambúðar gefst tækifæri til að ræða þau öll ýtarlegar, þegar ríkisstj. leggur fram sín frv. til breytinga á tekjuskatts- og útsvarslögum.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef nú í rauninni ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði hér um daginn, þegar þetta mál var hér til umr., en ræða hæstv. fjmrh. gefur mér þó tilefni til þess að fara um málið á ný örfáum orðum.

Hæstv. ráðh. gerði tvö atriði þessa frv. nokkuð að umtalsefni á síðasta fundi, þegar þetta mál var til meðferðar. Hann taldi þá öll tormerki á því, að ríkissjóður gæti, að því er manni skildist helzt, yfirleitt nokkuð látið af hendi rakna til þess að leiðrétta þau mistök, sem gerð voru í vor. Og ég gat ekki skilið ræðu hans á annan veg en svo, að við svo búið yrði að standa og þannig væri þá allt talið um of háa skattlagningu og ráðstafanir, sem gera þyrfti vegna hennar, markleysa ein. Af þessu tilefni vaknar m. a. sú spurning, hvernig farið hefði um hag ríkissjóðs, ef útkoman úr skattadæminu hefði orðið eins og búizt var við. En allir hafa játað, að því fari víðs fjarri. Það er hætt við, ef rétt hefði komið út úr dæminu, að mikil vandkvæði hefðu orðið í stjórnarráðinu.

Við þá mynd, sem hæstv. ráðh. dró hér upp, er fleira að athuga. Hann lét þess t. d. ekki getið, sem skiptir þó vitanlega miklu máli, hvað það var mikið, sem ríkissjóður fékk í auknar tekjur af tekjuskatti umfram það, sem ráð var fyrir gert, ef tekjur manna hefðu reynzt eins og búizt var við. Það hlýtur þó a. m. k. að vera hægt að nota þessa fjárhæð til þess að skila því aftur, sem oftekið var, enginn vafi getur leikið á því. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir víðtækri rannsókn á skattaframtölum ársins 1963, og ef nokkuð væri hæft í því, sem almennt hefur verið talað, að mikið hafi verið um röng skattaframtöl á s. l. ári, er óhugsandi annað en miklar fjárhæðir gætu komið til skila eftir rannsóknarleiðinni. Og vissulega er það svo, að allt það, sem haldið hefur verið fram um skattsvikin hér, er ekki úr lausu lofti gripið, og það hlýtur að vera hægt að upplýsa margt eftir þeim leiðum, sem frvgr. gerir ráð fyrir. Og þá mætti enn fremur í þessu sambandi minna á það, að í fyrra, í febrúar, var lagður á hér nýr söluskattur upp á nokkur hundruð millj. kr. Þá báru þm. Framsfl. fram till. um það, að nokkur hluti af honum yrði látinn renna til jöfnunarsjóðs, en það var fellt, heldur var þessum söluskatti varið í ákveðnu skyni. Nú er það svo um nokkurn hluta af því verkefni, sem þessum söluskatti var ætlað að leysa, að það hefur verið horfið frá þeirri leið, og þá vaknar sú spurning: Má ekki taka einhvern hluta af því, sem þannig var ætlað að ráðstafa, til þess að lagfæra þessi mistök?

Hér var sagt, að tekjuafgöngum undanfarinna ára væri ráðstafað og þeim væri m. a. ráðstafað sem rekstrarfé ríkissjóðs og af þeim ástæðum væri útilokað, að hægt væri að sjá af nokkrum hluta þess í þessu skyni. Það, sem tekið var af mönnum í formi skatta og útsvara umfram það, sem tilætlunin var með l. frá í vor, hefur lagzt svo þungt á mörg heimili, að þar er ekkert rekstrarfé lengur til, og víða vantar mikið á, að tekjurnar dugi fyrir nauðþurftum. Dýrtíðin hefur vaxið svo risavaxið að undanförnu, að menn hafa ekki lengur undan margir hverjir. T. d. hefur verð meðalíbúðar hækkað á einu ári um 120 þús. kr. Og húsnæðiskostnaðurinn einn er þannig að verða mönnum alveg ofviða. Óbeinir skattar og tollar eru innheimtir hærri en nokkru sinni fyrr. Þegar þar við bætist, að beinir skattar verða milljónatugum hærri en jafnvel hæstv. ríkisstj. átti von á, þá er augljóst, að hér er of langt gengið og að ráð verður að finna til úrbóta. Þetta viðurkenndu allir í sumar, eins og ég leyfði mér að sýna fram á hér í umr. um daginn. Það, sem var sagt í sumar, er enn í fullu gildi. Skattheimtan var of hörð, skattbyrðin er orðin of þung og þyngri í mörgum tilfellum en undir verði risið. Eina leiðin til að bæta úr þessu er að veita afslátt af þessum álögum, hvort sem það verður gert eftir þeirri leið, sem frv. okkar framsóknarmanna gerir ráð fyrir, eða einhverri annarri leið, það er ekkert aðalatriði, eins og ég tók fram hér síðast. Og við flm. frv. höldum því fram, að þennan afslátt sé hægt að veita, ef vilji er fyrir hendi. En það er vitanlega alger forsenda fyrir því, að nokkuð sé gert, að hæstv. ríkisstj. geri sér ljóst, að mistök hafi átt sér stað, og hún hafi vilja til að lagfæra þau. Annars er aðvitað tómt mál að tala um þetta. Þess vegna verður að mínum dómi, ef önnur ráð eru ekki tiltæk, að grípa til einhvers af rekstrarfé ríkissjóðs í þessu skyni og reyna þá að jafna metin umfram það, sem með öðrum leiðum er hægt, með þeim sparnaði, sem löngum hefur verið boðaður, en lítið hefur sézt af í framkvæmd.

Hæstv. fjmrh. var ánægður yfir þeim ummælum mínum, að ég gerði ráð fyrir tekjuafgangi á þessu ári, og taldi það sýna traust mitt á fjármálastjórn hans. Það er fjarri mér að vanmeta hæfileika hæstv. ráðh., og ég vona, að til þess komi aldrei, að ég geri það. En ég tel hann þó ekki það ofurmenni, að honum einum beri að þakka einmuna afla, gott árferði, hækkandi afurðaverð og aðra þá hluti, sem ég í minni fyrri ræðu byggði þessa skoðun mína á. Þar hygg ég, að fleira muni til koma en fjármálastjórnin ein.

Þá var þess saknað nokkuð um daginn, að ég vitnaði ekki í Tímann, þegar ég las nokkrar umsagnir úr dagblöðunum um skattamálin í sumar. Ég get vel skilið það, því að málflutningur Tímans um þessi mál var mjög skeleggur. En ég sagði þá, að það væri engin nýlunda, að stjórnarandstöðublöðin væru harðorð um skattana, og þess vegna sleppti ég að vitna í skrif Tímans og skrif Þjóðviljans, sem líka voru mjög skelegg um þessi

mál, en alls ekki af því, að þau væru slakari í kröfum sínum í þessu efni, nema síður væri. En það, sem var óvenjulegt í sumar, var það, að stjórnarblöðin voru sammála hinum í því að fordæma álögurnar. Þess vegna vitnaði ég til þeirra. Úr þessu atriði er að sjálfsögðu mjög auðvelt að bæta, en ég mun þó ekki fara út í það nú.

Hæstv. ráðh. sagði, að úrræði okkar framsóknarmanna væru að lækka skatta með því að leggja á nýjan skatt. Ég hef nú raunar þegar rakið, að við flm. frv. teljum ekki þörf á nýjum skatti, heldur teljum, að ríkissjóður geti tekið byrðarnar á sig, og ég skal ekki endurtaka þann rökstuðning einu sinni enn. En það eru fleiri, sem hugsa eitthvað þessu líkt og m. a. einn af allra orðheppnustu þm. stjórnarliða, hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson. Hann hefur sagt frá því í Morgunblaðinu, að frv. minnti sig á úrræði Münchhausens í hinni frægu för hans til tunglsins, þegar hann skar ofan af kaðlinum og hnýtti við fyrir neðan. Nú hefur því verið lýst yfir af hæstv. ríkisstj. og m. a. af hæstv. fjmrh. í Varðarmálstofunni, að hann muni beita sér fyrir lækkun tekjuskatts og útsvara á þessu þingi, og ég skal ekkert draga það í efa, að við þetta fyrirheit verði staðið. Hvort ríkissjóði og sveitarfélögunum verður bættur sá tekjumissir með nýjum tekjustofnum, liggur enn ekki fyrir. E. t. v. finnast á þessu þingi úrræði til þess, að ríkissjóður geti tekið á sig skattalækkun, úrræði, sem ekki sjást núna. En ef það þarf að leggja á nýja skatta til þess að lækka tekjuskatta og útsvar, þurfa menn þó a. m. k. ekki að vera í vafa um það, hvaðan hugmyndin er fengin. Svo er hv. 3. þm. Austf. fyrir að þakka.

Þess hefur nokkuð gætt að undanförnu, að stjórnarliðar vilja afgreiða frv. þetta á þann hátt að kalla það óraunhæft yfirboð, sem ekkert mark sé á takandi. Þetta kemur okkur ekkert á óvart. Úrræði hæstv. ríkisstj. í skatta- og útsvarsmálum, þau að hækka persónufrádrátt, fjölga skattþrepum og taka upp umreikning, voru líka nefnd þessu nafni, þegar við framsóknarmenn bárum þau fram hér í vor. Þau voru kölluð yfirboð, sem ekkert mark væri á takandi, þó að síðar hafi ekki fundizt önnur úrræði tiltæk til að bæta úr málunum en þessi. Það er því ekki líklegt að mínum dómi, að þessi málflutningur hafi mikil áhrif eða skaði framgang þessa frv.

Því hefur líka verið haldið fram. að við framsóknarmenn leggjum fram till. um niðurfellingu skatta og lækkun útsvara í því skyni einu að afla okkur vinsælda. Ég hef nú sýnt fram á, að tillöguflutningur okkar er í samræmi við það álit í skatta- og útsvarsmálum, sem allir virtust hafa í sumar, en það er, að mistök hafi átt sér stað og að þau beri að leiðrétta. En það er svo sem engan veginn í fyrsta sinn, sem vinsældir ber á góma í sambandi við skatta- og útsvarsmál. Frásagnir stjórnarblaðanna af hinum rómuðu skattalækkunum í vor benda sannarlega ekki til þess, að hæstv. ráðh. hafi óttazt óvinsældir þeirra vegna. Nei, það var áreiðanlega talið vinsælt þá að halda því fram, að allar meðaltekjur skyldu vera tekjuskattsfrjálsar. Það var meira að segja svo vinsælt umræðuefni meðal stjórnarliða, að þeir höfðu uppi miklar ráðagerðir um það fyrir hönd fólks, hvað skyldi nú gera við alla þá peninga, sem skattalækkunin færði mönnum. Þannig segir í forustugrein Vísis í júní s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Hundruð, ef ekki þúsundir manna fara nú utan í sumarleyfi, sem ekki hafa haft efni á því fyrr. Ástæðan er sú, að svo mjög hafa skattar verið lækkaðir á launamönnum, að þeir hafa nú efni á að veita sér ærlegt sumarfrí. Þorri þeirra hefur nú verið gerður alveg skattlaus. Þeir geta því eytt þeim 10—15 þús. kr., sem þeir greiddu áður í gjöld, til sumarleyfis, hvíldar og hressingar. Þannig finna menn hagsbætur hinna miklu skattalækkana í verki, og það mun heldur ekki gleymast, að núverandi ríkisstj. var sú fyrsta, sem lækkaði skattana.“

Ætli þessi orð séu rituð til þess að ófrægja ríkisstj.? Nei, ég býst við því, að greinin sé skrifuð í því skyni að afla vinsælda. Hitt er svo annað mál, að hér var tekið nokkuð hrikalegt forskot á sæluna, og hætt er við, að sólbrennd andlit ferðalanganna hafi fölnað nokkuð, þegar heim kom og þeir tóku að handfjalla gjaldseðilinn hálfringlaðir, svo að notuð sé lýsing Morgunblaðsins á því, sem gerðist í sumar.

Hér er ekki verið að fara fram á neinar orlofsferðir eða fristundagreiðslur fyrir íslenzka skattgreiðendur í þessu frv., sem hér liggur fyrir, heldur aðeins það að bægja voða frá dyrum fjölmargra heimila, sem svo er ástatt fyrir mörgum hverjum, að opinber nefnd telur þau þurfa á kreppulánum að halda til að komast af í mesta góðæri, sem elztu menn muna. Og þó er í rauninni enn meira hér í húfi. Í yfirlýsingu, sem Alþýðusamband Íslands lagði fram um miðjan ágúst í sumar, segir svo, með leyfi forseta:

„Andi þess samkomulags, sem A.S.Í. gerði á liðnu vori við ríkisstj. Íslands, var sá, að lífskjör launþega skyldu ekki skert á samningstímanum. Með þeim drápsklyfjum skatta, sem launþegum er nú ætlað að bera, er algerlega raskað grundvelli þeim, sem griðasáttmáli ríkisstj. og A.S.Í. byggðist á. Þegar hann var gerður, voru allir fulltrúar verkalýðssamtakanna, sem að honum stóðu, í góðri trú um, að skattar mundu lækka, en ekki hækka, a. m. k. á lágtekjum og miðlungstekjum. Fyrir því höfðu menn hátíðlegar yfirlýsingar og fyrirheit sjálfs fjmrh., sem nú eru að engu orðin. Í stað lækkaðra skatta hafa hinar ofsalegu skattahækkanir, sem nú blasa við, komið eins og reiðarslag yfir launastéttirnar. Greiðsluþoli velflestra launþega er algerlega ofboðið. Mestur hluti launa nokkuð fram á næsta ár fer til skattgreiðslu, og lítið og í sumum tilfellum ekkert verður eftir til lífsframfæris. Hér gengur skattníðslan á launþegum því langt úr hófi fram. Er það ástand óþolandi með öllu. Augljóst er, að skattsvik vaða uppi og stórgróðafyrirtækjum og auðmönnum er hlíft við réttmætum skattbyrðum. Þannig eru launþegar að borga fyrir aðra, þeir fátækari fyrir þá ríkari. Skattabyrðar þær, sem launþegum er nú ætlað að bera, jafngilda verulegri kauplækkun og ógna þeim friði, sem samið var um.“

Og í framhaldi af þessum rökstuðningi fer stjórn A.S.Í. fram á viðræður við ríkisstj. í því

skyni að finna ráðstafanir í einhverri mynd launþegum til kjarabóta. Þannig er því til viðbótar afkomu fjölda heimila um það að tefla, hvort staðið skuli við þau fyrirheit, sem gefin voru í vor, eða ekki, hvort gera á þann áfanga til vinnufriðar, sem náðist í vor, að engu og stofna þannig málum þessum í nýjan voða. Þegar þetta allt er haft í huga, hygg ég, að mönnum verði það ljóst, að hér er ekki nein vinsældakeppni á ferðinni, heldur alvarlegt vandamál, sem finna verður lausn á. Þess vegna er frv. borið fram, og þess vegna treystum við flm. þess því, að það fái góðar undirtektir og raunhæfar leiðir verði fundnar til þess að leiðrétta þau mistök, sem urðu í vor.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun hér gera að umræðuefni aðeins aðra hlið málsins, það er þá hlið, sem að sveitarfélögum landsins snýr, niðurjöfnun útsvara.

Ég hygg, að þm. sé öllum ljóst, að það er ekki á valdi Alþingis að ákveða útsvar hvers og eins, heldur eru það sveitarstjórnirnar hver fyrir sig, sem þar ráða. Það eru sveitarstjórnirnar, sem ákveða heildarupphæð útsvara á hverjum stað, og það er ákveðin leið, hve stóran hluta af tekjum sínum hver og einn gjaldandi í sveitarfélaginu verður að greiða. Það, sem að Alþingi snýr í því sambandi, er, hvernig skipting útsvaranna verður innbyrðis í hverjum tekjuflokki, og er það þar bundið af útsvarsstiganum, sem ákveðinn er í l. um tekjustofna sveitarfélaga. Er lög um tekjustofna sveitarfélaga voru sett og þá í fyrsta sinn lögbundinn útsvarsstigi til handa sveitarfélögunum að fara eftir, þá var þegar við þá breytingu að því stefnt að lækka útsvörin á hinum lægri tekjum. Allar breytingar, sem síðan hafa verið gerðar á þessum l., hafa miðað í þá átt, þessa sömu átt, að lækka útsvör á hinum lægri tekjuflokkum. Síðasta breytingin, sem gerð var á l. um tekjustofna sveitarfélaga á síðasta þingi, gekk enn frekar en áður í þessa sömu átt, að lækka útsvör á hinum lægri tekjum en hámark í útsvarsstigunum var látið halda sér, 30%, eins og áður hafði verið.

Ég hafði aðstöðu til þess að fylgjast nokkuð með þeirri breytingu, sem gerð var á útsvarsl. á síðasta þingi, og samkv. þeim upplýsingum, sem þar lágu fyrir, var það af fróðum mönnum um sveitarstjórnarmál talið mjög hæpið, að sveitarfélögin næðu til að geta jafnað niður þeim upphæðum, sem þær í sínum fjárhagsáætlunum höfðu ákveðið að útsvör skyldu vera, með stiganum og þeim breytingum til lækkunar, sem á honum voru gerðar þá, nema nota heimild l. um að leggja ákveðnar prósentur, allt að 20%, ofan á stigann í heild. Eftir niðurjöfnun kom það í ljós, að sums staðar hafði þetta farið eins og óttazt var, að sum sveitarfélög náðu ekki í tekjurnar með útsvarsstiganum, heldur urðu að bæta ofan á hann, eftir að niðurjöfnun hafði verið lokið, til þess að geta náð út þeim tekjum, sem áætlað hafði verið að útsvörin ættu að gefa. Almennt mun hafa verið svo í kaupstöðunum, að nokkur afsláttur hafði verið gefinn á útsvörum, eftir að niðurjöfnun hafði átt sér stað, og hygg ég, að meðaltal muni þar vera um 10%, þó að hafi borið við, eins og ég sagði áðan, að sum sveitarfélög gátu engan afslátt gefið, en urðu þess í stað að bæta við stigann.

Eftir því sem ég þekki til sveitarstjórnarmála og sveitarstjórnarmanna, er ég sannfærður um, að hver og ein sveitarstjórn hefur það ávallt að markmiði að þurfa ekki að leggja á hærri útsvör en frekast er hægt að komast af með, þannig að vilji er þá ábyggilega fyrir hendi að fara ekki lengra niður í vasa borgaranna en sveitarstjórnirnar á hverjum tíma telja alveg nauðsynlegt. Okkur, sem lengi höfum staðið í sveitarstjórnarmálefnum, er ljóst, að um áratugabil hefur verið háð barátta af samtökum sveitarstjórnarmanna um að fá nýjan, óbeinan tekjustofn sveitarfélögunum til handa. Því miður höfðu stjórnir landsins ávallt daufheyrzt við þessum kröfum. Sveitarstjórnarmenn gerðu þetta að sjálfsögðu í tvennum tilgangi og þó náttúrlega aðallega í þeim tilgangi að hafa útsvörin hverju sinni eins lág og frekast væri kostur á og geta lækkað þau með óbeinum tekjustofni og einnig til þess að tryggja rekstur sveitarfélaganna, því að útsvörin höfðu fram að síðustu árum, vil ég segja, reynzt mjög hæpinn og oft erfiður tekjustofn, ef halda átti öllum greiðslum sveitarfélaganna í lagi og þau geta staðið í skilum, eins og af þeim var krafizt.

Það er fyrst þegar núv. ríkisstj. tekur við völdum hér á landi, sem þessum tilmælum sveitarfélaganna er sinnt. Það er í fyrsta skipti, sem þau hafa fengið nokkra fyrirgreiðslu hér á Alþingi. Það skref, sem stigið var með l. sem jöfnunarsjóð sveitarfélaga, varð sveitarfélögunum mjög til hagræðis, tryggði rekstur þeirra og aflaði þeim óbeinna tekna, sem þau lengi og ég vil segja um áratugabil höfðu þráð og höfðu farið fram á við stjórnarvöld landsins að þeim yrði séð fyrir. Nú eftir 4 ár er komin allveruleg reynsla á, hvernig þetta kemur út fyrir sveitarfélögin. Opinberar skýrslur um þetta, sem félmrn. hefur safnað árlega eftir niðurjöfnun útsvara hjá sveitarfélögunum, sýna, að í kaupstöðunum mun þetta nema 15—20%. Þessar tekjur úr jöfnunarsjóði munu nema 15—20%, miðað við álögð útsvör. Í hinum smærri sveitarfélögum hefur breytingin orðið mun meiri. Það var á s. l. ári, 1963, við þá niðurjöfnun, sem þá fór fram og úthlutun úr jöfnunarsjóði, þá var það komið svo, að fjöldi sveitarfélaga, mjög stór hópur sveitarfélaga, var kominn að og í skerðingarmarkið, sem er í lögunum, þannig að þau voru komin í það að fá greidd 60% úr jöfnunarsjóði, miðað við álögð útsvör árið áður.

Það segir sig alveg sjálft, að fyrir hin smærri sveitarfélög hefur jöfnunarsjóður sveitarfélaga verkað mjög til hagræðis, tryggt þeirra fjárhag og skapað þeim aðstöðu til að þurfa ekki að leggja nema ¾ hluta af gjöldum hreppsins á í útsvörum, miðað við það, að jöfnunarsjóður hefði ekki verið til. Og í kaupstöðum var þetta og er komið á það stig, að þeir fengu s. l. ár sennilega 15—20% úr jöfnunarsjóði, miðað við niðurjöfnun útsvara árið áður.

Ég held, að það sé óhætt að segja, að öll hin smærri sveitarfélög hafi á árinu 1963 haft aðstöðu til að veita verulegan afslátt frá hinum

lögbundna útsvarsstiga, flest yfir 30—40%, jafnvel allt upp í 70—80%, þannig að aðeins 20% af útsvarsstiganum var notað hjá þessum sveitarfélögum, sem hæstan afslátt veittu.

Einnig hefur sveitarfélögunum nú í fyrsta sinn verið mætt af núverandi ríkisstj. í margra ára baráttu sinni fyrir ákveðnum tekjustofni til lagningar vega úr varanlegu efni. Þetta er búið að ganga í gegnum öll þing sveitarstjórna, ég vil segja síðustu 20—30 árin, en þessum kröfum hefur aldrei verið sinnt og þau aldrei fengið neina leiðréttingu í þessu fyrr en nú við samþykkt vegalaganna á síðasta Alþingi.

Þá hefur einnig nú á síðustu árum af núverandi ríkisstj. verið komið á móts við þá margra ára kröfu sveitarfélaganna, að ríkissjóður tæki enn frekari þátt en áður hafði verið í kostnaði þeirra vegna lögreglumála. Og mun nú á þessu og á næsta ári vera svo komið, að sveitarfélögin fá endurgreiddan lögreglukostnað úr ríkissjóði, og skiptir þetta hin stærri sveitarfélög mjög miklu máli fjárhagslega séð.

Einnig var á s. l. þingi með þeirri breyt., sem gerð var á l. um sjúkrahús, mjög komið á móti tilmælum sveitarfélaganna um frekari styrk bæði hvað rekstur og byggingu sjúkrahúsa snertir.

Ég tel rétt, að þetta komi fram við þær umr., sem hér hafa orðið um það frv., sem hér liggur fyrir, því að allt þetta, sem ég hef bent á, er beint til þess að létta útsvarsbyrðinni af gjaldendum í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Að sjálfsögðu er það markmið sveitarfélaganna, að jöfnunarsjóður verði enn efldur og honum útvegaðir frekari tekjustofnar, þó að það, sem þegar hafi verið gert, hafi að mínum dómi gerbreytt allri aðstöðu fyrir sveitarstjórnarmenn að starfa að sveitarstjórnarmálum, miðað við það, sem áður var, meðan sveitarfélögin höfðu útsvörin ein sem tekjustofn.

Ég tel mig hafa reynslu af þessu, af því að ég hef lifað sem sveitarstjórnarmaður báða þessa tíma og finn muninn á því, hvernig það er í dag að starfa að þessum málum hvað fjárhag sveitarfélaganna við kemur og hvernig það var áður. Og þar sem nú bregður svo við, að hér í þessari hv. d. liggur þetta frv. fyrir um lækkun skatta og útsvara og fleira, það er flutt af að mér sýnist öllum hv. deildarmönnum Framsfl. að tveimur undanskildum, þá væri fróðlegt fyrir þá ekki síður en okkur að rekja það nokkuð, hvað Framsfl. gerði fyrir sveitarfélögin, hvernig hann mætti þeirra kröfum, meðan hann hafði hér aðstöðu á Alþingi. Það er mjög fljótfarið yfir þá sögu, því að sannleikurinn er sá, að þar er ekkert, sem hægt er að benda á í þá átt, að þessi flokkur hafi nokkurn tíma orðið við nokkrum tilmælum sveitarfélaganna um úrbætur um aðstöðu til að geta létt útsvarsbyrðarnar á gjaldendum hinna ýmsu sveitarfélaga.

Mér er það kunnugt, að í a. m. k. einu sveitarfélagi, sem ég er kunnugur, var útsvarsstiginn ekki kominn í hámarkið 30%, hann var kominn í hámarkið 42% og náði þar allt niður í hæstu verkamannalaun. Ég hygg, að ef nú í ár eða á s. l. þingi hefði verið lögfestur slíkur útsvarsstigi, þá hefði margur fyrir því fundið. Ég bendi á þetta hér til að sýna fram á, að við þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í þá átt að skapa sveitarfélögunum óbeinan verulegan tekjustofn, eins og nú er, hefur skapazt aðstaða til þess einnig að létta á útsvarsbyrðunum í hverju sveitarfélagi og á hverjum gjaldanda, þó að það að sjálfsögðu komi misjafnlega niður á hverjum stað, eins og ég hef bent á, þar sem í kaupstöðunum var á s. l. ári sennilega ekki afsláttur hærri en 10% að meðaltali, en liggur þegar fyrir, þó að allar skýrslur séu ekki komnar inn frá hinum dreifðari sveitarfélögum og smærri hreppum, að þar er afslátturinn þegar kominn hjá sumum allt upp í 70%, almennt segir ráðuneytið mér 30% og þar yfir, en dæmi eru um, að afsláttur sé þar allt upp í 70%, þannig að ef ríkissjóður grípur nú inn og endurgreiddi 20% af þessu, þá mundu gjaldendur í þeim sveitarfélögum, þar sem afslátturinn er slíkur, aðeins greiða 10% af því, sem útsvarsstiginn ætlaði þeim að greiða.

Mér þótti rétt hér, vegna þess að hér er um frv. að ræða, sem Framsfl. eða þm. hans í þessari hv. d. standa nokkuð óskiptir að, að benda á þá staðreynd, sem liggur fyrir í þessum málum, að sveitarfélögin fengu aldrei og útsvarsgreiðendur aldrei neina leiðréttingu sinna mála, á meðan Framsfl. var og hét og réð um stjórn landsins.

Það segir í grg. með þessu frv., sem er að sjálfsögðu alveg rétt, að þetta 20% mark hafi verið sett inn í lögin vegna þess, að það væri svo auðvelt að reikna lækkun út eftir þeim leiðum. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. Það er ákaflega auðvelt að draga 20% frá. Ég held, að flestir sveitarstjórnarmenn væru mjög vel færir um það. En spurningin er, hvort þetta sé í alla staði réttlátt.

Ég benti á það sem dæmi áðan, að afsláttur í hinum ýmsu sveitarfélögum er mjög misjafn, og þar sem hann kemst upp í 70%, hvort það væri þá réttlátt, að gjaldendur á þeim stöðum fengju einnig 20% afslátt. En það er þó annað, sem ég veit ekki, hvort flytjendur þessa frv. hafa athugað, að ég er ekki viss um, að þessi einfalda framkvæmd, sem þeir bera fram, mundi reynast svo í framkvæmd.

Ef við tökum dæmi af fyrirtæki, sem greiðir 200 þús. kr. í útsvar. Það er áður búið að hafa aðstöðu samkv. lögum að leggja 25% í varasjóð, það er einnig samkv. lögum. (Gripið fram í.) Það mun vera rétt hjá flm. Ég hafði farið fram hjá því. En þó, eins og ég benti á áðan, kemur þetta þegar misjafnt niður vegna hins misjafna afsláttar, sem gefinn er, og vegna þess, hvað útsvarsstiginn er mishátt notaður í hinum einstöku sveitarfélögum.

En það er þó staðreynd, að þeir, sem hæstu útsvörin greiða, sem hæstu tekjurnar hafa, og maður verður að ætla, að hægast eigi með að greiða útsvörin, maður, sem t. d. hefur það miklar tekjur, að hann greiðir 150 þús. kr. í útsvar, eins og dæmi eru víða um landið, hann mundi fá 30 þús. kr. í afslátt, þó að ég hyggi, að flestir séu sammála um, að hann ætti jafnvel hægara með að greiða sitt 150 þús. kr. útsvar en maður, sem greiðir 20 þús. kr. í útsvar af sínum tekjum, en fengi ekki nema 4 þús. kr. í

afslátt. Ég er því ekki alveg viss um, ef málið er skoðað til botns, hvort réttlætinu, sem hér er verið að prédika, mundi verða komið við eins og eðlilegt væri.

Ég hygg, þegar málið er skoðað eins og það liggur raunverulega fyrir og hér er sett fram í þinginu, þá sé hér, eins og raunar hefur áður verið bent á, um hreina sýndarmennsku að ræða hjá þeim flokki, sem það flytur. Okkur, sem að sveitarstjórnarmálum höfum starfað, hlýtur að detta það í hug vegna þeirrar reynslu, sem við höfum af afskiptum þessa flokks af sveitarstjórnarmálum hér á Alþingi á undanförnum áratugum. Ég ætla ekki að fara að rekja það. Fjmrh. gerði það í sinni ræðu, benti á, að ef þetta frv. ætti að koma að haldi fyrir útsvarsgreiðendur og sveitarfélögin, vantaði alveg fjárhagsgrundvöllinn fyrir því. Hann benti á atriði, sem liggur ljóst fyrir að ekki eru fyrir hendi. Það er ekki bent á neinar leiðir til að afla fjár til að lækka útsvörin, heldur aðeins bent á, að það megi fara í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þannig lækka þau og ríkissjóður eigi í staðinn að útvega jöfnunarsjóðnum nýjar tekjur.

Fyrir alla, sem nokkuð þekkja inn í þessi mál og lesið hafa frv., liggur þetta auðvitað alveg ljóst fyrir, að svona verða mál ekki afgreidd. Ef þau eru borin fram í alvöru og ekki til að sýnast, þá hlýtur um leið að vera gerð grein fyrir og færð rök fyrir því, að þau ákvæði, sem í lögunum eru, séu framkvæmanleg. Og mér er nær að halda, að ef Framsfl. hefði verið í stjórnaraðstöðu nú og farið með fjárreiður í ríkisstjórn, þá hefði frv. ekki komið fram. A. m. k. hlýtur maður að ætla það, ef maður horfir til baka til afstöðu þessa flokks áður, sem eftir því sem ég hef reynslu af hefur ávallt verið neikvæð. Ég tel, að sveitarstjórnarmenn hljóti um land allt að fagna þeim breytingum, sem orðið hafa á þessum málum hjá hæstv. núv. ríkisstj., og fagna einnig, að Framsfl. skuli þar ekki hafa haft aðstöðu til að setja sitt dauðamark á og sína neikvæðu afstöðu, koma henni við, eins og ávallt var áður, meðan hann hafði nokkra aðstöðu til að ráða gangi mála.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í fyrradag, tók til máls hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason. Út af ræðu hans ætla ég að segja hér nokkur orð.

Nokkuð efni af ræðu þessa hv. þm. var þetta venjulega innihald úr ræðum þeirra stjórnarsinna, að þingmál okkar framsóknarmanna væru sýndarmennska og yfirboð. Ég held, að ef hv. stjórnarsinnar hugleiddu það, að þeir hafa sjálfir gefið út yfirlýsingu á s. l. sumri, að þeir þyrfti að breyta l. um skatta og útsvar á yfirstandandi þingi, sem þeir settu á síðast, þá ættu þeir að gera sér grein fyrir því, að það er full þörf á því að gagnrýna frv. þeirra og fylgjast fullkomlega með þeim, og það væri þá helzt, sem þeir hefðu við það að athuga frá okkar hendi, að við hefðum ekki verið nógu skeleggir í gagnrýni á þessi mál, þegar þau voru hér til meðferðar í fyrra.

Ég minnist þess úr ummælum blaða á s. l. sumri um þetta mál, að það var eitt af haldreipum stjórnarblaðanna, að Framsókn hefði greitt atkv. með frv. Það var alveg rétt. Það gerðum við, eftir að okkar till. höfðu verið felldar og við höfðum sjálfir gert okkur grein fyrir því, að frv., sem þá voru til meðferðar, voru þó skárri en lögin, sem í gildi voru.

Þess vegna held ég, að ef þeir skoða þetta betur og gera sér grein fyrir því, hve mikið af málum, sem við höfum borið fram, þeir eru nú á einhvern hátt farnir að framkvæma, þá ættu þeir að spara sér þetta tal um sýndarmennsku.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Sunnl. gat um jöfnunarsjóðinn, þá er það alveg rétt, að núverandi hæstv. ríkisstj. kom á l. um jöfnunarsjóð. En hvernig var það gert? Á Alþingi 1960 lagði hæstv. ríkisstj. söluskatt á allar vörur og þjónustu. Á fjárlagafrv. því, sem nú liggur hér fyrir hv. Alþingi fyrir árið 1965, er gert ráð fyrir því, að þessi söluskattur gefi ríkissjóði hvorki meira né minna en 600 millj. kr. Á þessu sama þingi lagði hæstv. ríkisstj. á nýjan söluskatt í innflutningi, sem var 8%, og sá söluskattur, áður en hann var felldur inn í tollskrána á fjárlögum, var gert ráð fyrir að gæfi ríkissjóði 270 millj. kr. Það var af þessum söluskatti, sem hæstv. ríkisstj. ákvað að sveitarfélögin skyldu fá hluta. Það var af þessum nýja tekjustofni, sem ríkisstj. ákvað handa ríkissjóði og nú mun samtals gefa ríkissjóði sennilega hartnær 1 milljarð.

Það er alveg rétt, að það er óvanalegt, að hæstv. ríkisstj. láti öðrum eftir af þeim sköttum, sem hún hefur lagt á þjóðina, heldur en sjálfri sér til ráðstöfunar, og þess vegna var þetta atriði breyt. frá því og þakkarvert. Og ég mun sýna fram á síðar, að þetta var hið mesta nauðsynjamál, svo sem hefur sýnt sig. En það var gert með því að leggja nýjan skatt á þjóðina, en ekki að ráðstafa neinu af þeim tekjustofnum, sem fyrir voru. Þeir hæstv. stjórnarsinnar þekkja það vel í fleiri tilfellum en þessu, hvernig það er að leysa mál með nýjum sköttum.

En ég vil benda hv. 3. þm. Sunnl. og öðrum á, að það, sem hefur gerzt, síðan þessi ákvörðun var tekin, er það, að þrátt fyrir jöfnunarsjóðsframlagið, sem nú er áætlað um 150 millj. kr. á næsta ári, hafa sveitarstjórnirnar orðið að leggja á svo há útsvör sem raun ber vitni um, vegna þess að dýrtíðin og aðrar álögur ríkisstj. eru búnar að eyða þessu.

Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði, sveitarstjórnirnar ákveða heildarútgjöld sín. Þær gera það með hliðsjón af lögum og þeim þörfum, sem þær verða að leysa á hverjum tíma. Og það ömurlega við þetta er það, að dýrtíðin er þarna sem annars staðar á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. búin að eyða því ágæti, sem þessi sjóður átti raunverulega að vera sveitarfélögunum. Þrátt fyrir framlagið úr jöfnunarsjóðnum hafa sveitarstjórnirnar orðið að ganga svo langt í útsvarsálagningu sem raun ber vitni um, eins og hv. þm. benti á, að sumum nægði ekki útsvarsstiginn. Þetta sýnir, til hvers stjórnarstefnan

hefur leitt og sú óðaverðbólga, sem gengið hefur yfir á valdatíma hennar.

Það er líka annað atriði, sem þarna kemur til greina. Með breytingu á skattalögum og framkvæmd þeirra var því haldið fram af núverandi hæstv. ríkisstj., að veruleg breyt. yrði í þá átt að útiloka skattsvikin. Hvað hefur gerzt í þessum efnum? Hafa skattsvikin verið útilokuð? Hvað sögðu stjórnarblöðin um það á s. l. sumri?

Það, sem hefur gerzt, er það, að skattsvikin hafa ekki verið útilokuð, og það, sem er sýnilegt af breyt. á framkvæmd skattalaga, sem gerð var hér 1960, er það, að kostnaðurinn við framkvæmdina hefur margfaldazt, en framkvæmdin ekki gert þessi mál auðveldari eða betur af hendi leyst en áður var, heldur hefur það átt sér stað víðs vegar um landið, að skattstofurnar hafa verið svo seinvirkar, að til stórra vandræða hefur horft í ýmsum bæjar- og sveitarfélögum, vegna þess að það hefur ekki verið hægt að framkvæma álagningu á réttum tíma, vegna þess að skattstofurnar hafa ekki verið búnar að leysa sín verk af hendi.

Auðvitað verða hin grófu skattsvik, sem nú eru orðin og hafa færzt í vöxt á síðustu árum, þess valdandi, að útsvörin á hina almennu borgara verða hærri, og það var á síðasta þingi boðað, að skattaeftirlit yrði hert og skattdómstóll upp settur. Nú á þetta að vera komið í framkvæmd, og vonandi verður eitthvað úr þessu bætt. En betur má, ef duga skal. Og sú aðferð, sem við leggjum til í þessu frv., er sú leið, sem happadrýgst mun reynast til að fyrirbyggja skattsvik.

Þá vék hv. 3. þm. Sunnl. að því, að ef sú breyt. yrði gerð, sem við leggjum til í okkar frv., að lækka álagt útsvar um 20%, ef framkvæmdin yrði gerð á þann veg, sem við leggjum til, þá mundi þetta koma misjafnt niður í krónutölu. En hvað er hér á ferðinni? Ekkert annað en það að framkvæma útsvarslögin, eins og þau eru nú. Þegar við í hinum einstöku sveitarfélögum lækkuðum útsvörin frá útsvarsstiga, gerðum við það eftir þessari reglu, og við gátum ekki gert það eftir neinni annarri reglu, því að lögin heimila það ekki.

Það, sem um er að ræða, er það, að ef ekki er þörf fyrir útsvörin samkv. útsvarsstiganum, þá á að lækka þau öll hlutfallslega, og allar aðrar leiðir eru bannaðar samkv. lögum. Þess vegna er ekki hér verið að gera neitt annað en að framkvæma lögin, eins og þau liggja fyrir, og lækka útsvörin hlutfallslega, eins og gert hefði verið, ef jöfnunarsjóðsframlagið hefði verið hærra og útsvörin þar af leiðandi lægri. Hér er því nákvæmlega verið að fara eftir gildandi útsvarslögum og þeim reglum, sem þar eru settar um heildarlækkun útsvaranna, eftir að álagning hefur farið fram, ef þörf er ekki á þeim tekjum, sem útsvarsstiginn gefur. Og þess vegna var engin önnur leið framkvæmanleg í raun og veru til lækkunar en fylgja þeim reglum, sem í gildi eru.

Hv. þm. virtist vera hissa á því, að þetta mál skyldi vera til umr. frekar nú en áður hefði verið. Það hefur að vísu verið gerð ýtarleg grein fyrir því af 1. flm., að hér er óvanalegt á ferðinni. Og ég vil minna þennan hv. þm. á það, að stjórnarblaðið Alþýðublaðið sagði frá því, að aldrei hefði skattskráin valdið annarri eins reiði, sagði einn af blaðamönnum þess blaðs og sagðist vera búinn að fylgjast með þessum málum í 40 ár. Var því ekki eitthvað óvanalegt á ferðinni? Var nokkuð að undra, þegar framkvæmdin gerðist með þeim hætti, að engin 40 ár höfðu gefið aðra eins ástæðu til gagnrýni, þó að einhverjar frekari ráðstafanir verði gerðar nú en áður hefur verið? Ég vil líka minna hv. þm. á það, að í Alþýðublaðinu 14. ágúst var sagt frá sögulegum fundi ríkisstj., þar sem í fyrsta sinn í sögunni væri fjallað um skattskrána á fundi ríkisstj. Heldur hv. þm., að stjórnarblaðið Alþýðublaðið hefði verið að segja frá þessu að gamni sínu? Hér var óvanalegur atburður á ferðinni, og þess vegna var farið að fjalla sérstaklega um málið. Heldur hv. 3. þm. Sunnl., að hæstv. ríkisstj. hafi farið að beina þeim tilmælum til sveitarstjórna í landinu að fjölga gjalddögum á útsvarsinnheimtu, ef ekkert hefði sérstakt verið að gerast? Í lögin 1960 voru sett þau ákvæði, að útsvör skyldu öll vera greidd fyrir áramót og menn skyldu njóta þess við álagninguna næsta ár. Hæstv. ríkisstj. varð að gera frávik frá þessu atriði. Af hverju? Ekki af því, að málið væri venjulegt, heldur af því, að það var að hennar dómi komið út af venjulegri leið. Heldur hv. 3. þm. Sunnl., að hæstv. ríkisstj. og Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefði farið að skipa sérstaka viðræðunefnd um þessi mál, ef ekkert sérstakt hefði verið að ske? Hvað var þá ríkisstj. að gera? Var hún að leika sér að því að reyna að búa til vandræðamál úr venjulegri framkvæmd á skattheimtu til ríkis og sveitarfélaga? Nei, hér var það óvanalega að gerast, og þess vegna var það, sem hæstv. ríkisstj., þó að hún neitaði því, sem Framsfl. benti réttilega á, að allir þingflokkar settust að samningaborðinu og reyndu að leita að lausn í þessu máli, þá sá hæstv. ríkisstj. sér ekki fært annað en skipa n. ásamt Alþýðusambandi Íslands, m. a. út af þeim samningum, sem hún hafði nýlega gert við stéttasamtökin í landinu um kaup og kjör. Og hvers vegna heldur hv. 3. þm. Sunnl., að ríkisútvarpið, sem þeir stjórnarsinnar ráða, hefði farið að efna til sérstakra spurningaþátta hjá forráðamönnum stjórnmálaflokkanna í landinu um framkvæmd þessara laga, ef ekkert hefði verið að ske utan það venjulega? Það hefur ekki verið venja hér á landi, þó að menn hafi borið sig illa undan sínum sköttum og útsvari, að það væri gert slíkt veður út af því. En það var af þeirri einföldu ástæðu, að hér var óvenjulegt mál á ferðinni, sem nú er reynt að gera að venjulegu máli. En það er ekki til framdráttar fyrir hæstv. ríkisstj. að láta sér detta það í hug.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að það er ekkert lítið að gerast. Það er ekkert undarlegt, þótt fólkið í landinu gerði ráð fyrir, að beinir skattar lækkuðu verulega, þegar búið var að leggja á söluskatta upp á nærri einn milljarð. Það er ekki að ástæðulausu, þó að fólk hafi búizt við því, að skattar lækkuðu. En það er síður en svo, heldur eru þeir hærri en áður.

Ég vil líka benda á, að það eru fleiri skattar

á fólkið í landinu, sem hafa hækkað verulega hin síðari ár, og þegar það allt er saman komið, — við skulum gera okkur grein fyrir því, að gjald af borgurum núna til almannatrygginga og sjúkrasamlaga og sóknargjöld, þessi gjöld í heild eru nú orðin eins og meðalútsvar var fyrir 3 árum, — þegar þetta bætist við á útsvarsseðlinum, þá er ekki að undra, þó að fólk finni til. Og við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að það er ekki venjulegt, að sú hugmynd skjóti upp kollinum, eins og nú hefur átt sér stað, að það væri farið að lána fólki kreppulán með 9% vöxtum til þess að greiða skatta sína. Og ef ekkert óvenjulegt var á ferðinni, hvernig datt þá mönnum í hug, að skattborgararnir gætu bætt ofan á greiðslu útsvara og skatta á næstu tveim árum því, sem afgangs yrði af árinu í ár. Þess vegna held ég, að það sé fásinna ein að halda því fram, að hér sé ekkert óvanalegt að ske.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði, og það mun einnig hafa komið fram í ræðu hæstv. fjmrh., að ríkissjóður gæti engu sleppt af sínum tekjum, það væri ekki of mikið, sem hann næði til sín. En hvernig hefði nú farið fyrir ríkissjóði, ef tekjuskatturinn og eignarskatturinn hefðu ekki gefið nema þessar 255 millj., sem áætlaðar voru, því að það er ekki hægt að rökstyðja það, að þessir skattar gefi ekki verulega hærri upphæð í ár, þegar því er haldið fram í grg. fjárlagafrv., að þessir skattar mundu að óbreyttum skattstiga gefa 480—500 millj. kr. á næsta ári. Því er haldið fram í grg. fjárlagafrv., og það segir okkur það, að þessir skattar hljóti að gefa nú á milli 300 og 400 millj. kr. a. m. k.

Hvernig á fólkið að fara að, sem hefur fengið í launaumslögum sínum aðeins kvittanir? Ég þekki ung hjón, sem hófu búskap í fyrra, og þegar bóndinn, sem er kennari, fór að sækja sín laun í ágúst í sumar, þá fékk hann 50 kr. Þannig verður þetta fram að jólum. Og halda menn, að þetta fólk hafi meiri möguleika til þess að komast af heldur en ríkissjóður, þó að hann skilaði aftur því, sem hann hefur fengið umfram sínar áætlanir í þessum eina tekjustofni?

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er fullkomin ástæða til að vera hér vel á verði. Á síðustu árum hefur hver skatturinn rekið annan, bæði þeir, sem greiddir eru í sambandi við fjárlögin, og til annarra, en allir sækja þeir sitt í vasa borgaranna í landinu. Það er fullkomin ástæða til þess að vera vel á verði um þessa hluti, því að þessari stefnu verður ekki haldið áfram óbreyttri. Og ég sé nú ekki, hverjir það verða hér á hv. Alþingi, sem verða á verði í þessu máli, ef það verður ekki Framsfl., því að frá hinum stjórnarandstöðuflokknum heyrist lítið um þessa hluti. Það er rétt, Framsfl. hefur verið á verði áður og mun halda því áfram.

Ég vil svo að lokum segja það, að við skulum gera okkur grein fyrir því, að þrátt fyrir framlag jöfnunarsjóðs hefur dýrtíðin nú eytt því öllu. Þess vegna er fjárþörf sveitarfélaganna svo mikil sem raun ber vitni um. Þess vegna verður það að vera verkefni okkar á þessu þingi, jafnframt því sem almennir skattar verða lækkaðir, að finna aukinn tekjustofn til sveitarfélaganna í gegnum jöfnunarsjóðinn. Það er ábyggilegt, að til þess er ætlazt af okkur og það verðum við að gera.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Hann átaldi það, að ég hefði sagt í minni ræðu, þegar þetta mál var til umr. fyrir tveimur dögum, að ég teldi, að þarna væri um sýndarmennsku eina að ræða með flutningi frv., eins og það lægi fyrir. Ég byggði þetta á því, sem ég held að allir muni sjá, að þegar lagt er til, að greitt sé úr ríkissjóði fast að 300 millj. kr., án þess að nokkur tilraun sé gerð til að benda á tekjur til að standast þau útgjöld, þá hljóti þar að vera um hreina sýndarmennsku að ræða.

Það hefur af hæstv. fjmrh. verið upplýst, hvernig tekjuafgangi fyrri ára hefur verið ráðstafað. Það hefur einnig af honum verið bent á, að sá tekjuafgangur, sem kynni og hefði mátt reikna með að hefði orðið á þessu ári, mundi fara til niðurgreiðslu á vöruverði í landinu, þannig að það væri ekki hægt að byggja, eins og stæði í dag, á neinum tekjum til að mæta þeim útgjöldum, sem þarna er gert ráð fyrir.

Hv. 3. þm. Vesturl. benti á, að boðað hefði verið af stjórnarflokkunum, að lögum um skatta og útsvar mundi verða breytt á þessu þingi, en ég tel, að þar sé um allt annað mál að ræða en að ætla sér að láta ríkissjóð greiða niður útsvör, sem búið er að leggja á og eru þegar að mestu leyti orðin gjaldfallin. Ég tel, að þarna sé mikill munur á og ekki um nein skyld mál að ræða að því leyti. Annað er um álagningu skatta framvegis og hins vegar um niðurgreiðslu á sköttum eða útsvörum, sem þegar hafa verið lögð á og gjaldfallin að mestu leyti.

Hv. 3. þm. Vesturl. viðurkenndi sem sveitarstjórnarmaður, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sem stofnaður var með l. frá 1960, hefði verið mjög til þess að styrkja og bæta aðstöðu sveitarfélaganna fjárhagslega. Er ég honum þar að sjálfsögðu sammála, eins og ég réttilega mjög undirstrikaði í minni ræðu, þegar þetta mál var hér til umræðu.

Hv. 3. þm. Vesturl. benti á og vildi draga úr gildi jöfnunarsjóðs með því að benda á, að það hefði verið lagður nýr söluskattur á til að afla honum tekna. Og er það alveg rétt, að sveitarfélögin komust nú í fyrsta sinn í þá aðstöðu að fá hluta af tekjum ríkissjóðs til ráðstöfunar til sinna þarfa. Ég vil í þessu sambandi benda á, að það hefur áður verið lagður á söluskattur hér á landi, og einmitt þá fóru sveitarfélögin fram á, að þau fengju hluta af þessum skatti handa sér, til þess að með því móti væri unnt að lækka útsvörin hjá þeim. Það er rétt í þessu sambandi að benda á, að þegar á sínum tíma var flutt till. um það á Alþingi, að sveitarfélögin fengju hluta af þeim söluskatti, sem þá var í gildi, gekk Framsfl. fram fyrir skjöldu um, að það frv. næði ekki fram að ganga. Sjálfstfl. og Framsfl. voru í stjórnarsamvinnu, og eftir því sem hér hefur verið upplýst á Alþingi, var því beinlínis hótað af Framsfl., að ef þetta frv. næði fram að ganga, væri stjórnarsamvinnan þar með rofin. Hann

lagði það ofurkapp á, að sveitarfélögin kæmust ekki í þá aðstöðu, sem þau síðar komust, að fá hluta af óbeinum tekjum ríkissjóðs til ráðstöfunar í því skyni að geta lækkað útsvörin hjá sér hvert fyrir sig og þar með einnig betur en áður *tryggt fjárhagsafkomu sína*.

Þá vildi hv. 3. þm. Vesturl. mjög láta í það skína, að sú bætta aðstaða, sem sveitarfélögin fengu með lögum um jöfnunarsjóð, væri horfin vegna aukinnar dýrtíðar í landinu og þar með að sjálfsögðu hækkaðs rekstrarkostnaðar hjá sveitarfélögunum. Ég held, að þetta sé haldlítil röksemdafærsla, því að ef hv. þm. vill horfa eitthvað aftur í tímann, hefur það fyrr skeð hér á landi en hin síðustu 3—4 ár, að almenn verðhækkun hefur orðið. Dýrtíðin hefur verið að hækka jafnt og þétt síðustu einn eða tvo áratugina, og er það ekki neitt nýtt fyrirbæri, þó að hún hin síðari ár hafi einnig vaxið. Því miður hefur ekki enn þá náðst nægilega sterk samstaða um það á Alþingi að koma í veg fyrir verðhækkanir, sem s. l. tvo áratugi hafa átt sér stað hér á landi. En ef hv. 3. þm. Vesturl. er eitthvað að efast um, að dýrtíðin hafi aukizt hér á landi fyrr, þá ætti hann að lesa yfirlýsingu þáv. formanns Framsfl., þegar stjórnarskiptin urðu 1958, þar sem því var beint lýst yfir, að stjórnin treysti sér ekki til að halda störfum áfram vegna vaxandi dýrtíðar, sem þá var nefnd óðaverðbólga. Ég hygg, að sú stjórn hafi ekki hrokkið úr hálsliðnum vegna þess, að þar hafi allt verið með felldu, heldur var þetta beint gefið upp sem ástæða fyrir stjórnarslitunum, að skollin væri á óðaverðbólga í landinu, sem stjórnin treysti sér ekki til að ráða við. Það þýðir þess vegna lítið að halda því fram nú, að þetta sé nýtt fyrirbæri í rekstri sveitarfélaganna, að þeirra útgjöld hafi vaxið vegna aukinnar dýrtíðar almennt í landinu.

Hv. 3. þm. Vesturl. benti á það, sem er rétt, að það er í l. um tekjustofna sveitarfélaga, ef útsvarsstiginn er ekki fullnotaður, þá skal hann lækkaður jafnt á öllum útsvörum, jafnt á háum og lágum. Ég hygg, að þetta sé nokkur þyrnir almennt í augum sveitarstjórnarmanna. Það er einmitt af þessari ástæðu, að alltaf hefur verið miðað að því með öllum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á útsvarslögunum, að hafa útsvarsstigann þannig, að ekki þyrfti að koma til lækkunar á honum. Hann hefur verið lækkaður á lægri tekjum það mikið, að ekki þyrfti að koma til lækkunar á stiganum og þar með ekki til afsláttar, eins og lögin gera ráð fyrir.

Ég benti á það, þegar ég ræddi þetta mál hér fyrir tveim dögum, að sú breyting, sem gerð var á útsvarsstiganum á síðasta þingi, hefði frekar en aðrar breyt. áður miðað í þá átt að lækka útsvörin á hinum lægri tekjum, og var þá reiknað með, að farið væri allt upp undir meðaltekjur, sem lækkunin næði, eða vel það. Það var engin breyting gerð á hámarki útsvarsstigans. Hámarkið var áður 30%, og það er í l. enn 30%. Af þessu hlýtur að leiða, að útsvör geta ekki hlutfallslega af tekjum neins hækkað, útsvarsstiginn er bara ekki lækkaður að hámarki, en hann var lækkaður á lægri tekjum. Þar af leiðandi geta útsvörin ekki hlutfallslega hækkað af tekjum hjá einum eða neinum útsvarsgreiðanda. Það er öllum ljóst, að það, sem skeði, var, að tekjur urðu meiri árið 1963 en reiknað var með. Hafi það verið vitað fyrir fram, hvernig tekjurnar urðu, þegar verið var að breyta l., hefði að sjálfsögðu verið reynt að miða útsvarsstigann við það. Það, sem kom mönnum á óvart, eftir að búið var að leggja á útsvör, var, að tekjurnar höfðu almennt hækkað meira en gert var ráð fyrir. Þó sýndi það sig, eins og ég hef bent réttilega á hér áður, að sum sveitarfélög komust þó ekki af með þennan útsvarsstiga, eins og frá honum var gengið eftir breytinguna 1963. Önnur gáfu nokkurn afslátt. Meðalafsláttur mun hafa verið í kringum 10%. Þetta sýnir og sannar, að farið var eins neðarlega með útsvarsstigann og þá var nokkur hugsanleg leið að gera, því að heföu tekjur ársins 1963 orðið eins og almennt var þá reiknað með, þegar verið var að ganga frá þessum málum, er nokkurn veginn öruggt, að mun fleiri sveitarfélög hefðu þurft að fullnota stigann og bæta við hann heldur en þó varð, þegar til kastanna kom.

Hv. 3. þm. Vesturl. benti á greiðslu sveitarfélaganna til almannatrygginga, að hún hækkaði þeirra útgjöld. Þetta er alveg rétt. En ég held, að við hljótum að vera sammála um, að það sé einhver bezta ráðstöfun, sem við gerðum við sveitarfélögin, það er hækkun almannatrygginganna. Það fólk, sem nú nýtur þar góðra ellilauna og eftirlauna, ég er sannfærður um, að margt af því hefði átt erfitt með að komast af, án þess að sveitarfélögin hefðu eitthvað þurft að greiða fyrir því, ef það hefði ekki þessa aðstöðu, sem það hefur nú í dag, að fá þau ellilaun og eftirlaun, sem nú hafa verið lögfest. Ég tel því, að sveitarfélögin geti mjög vel tekið á sig hækkuð framlög til þessara mála. Ég held, að sveitarstjórnarmenn hljóti frekar að fagna því heldur en álasa það, þótt þeir verði fyrir einhverjum meiri útlátum í bili, því að það kemur óbeint til þeirra aftur í mjög bættri aðstöðu í hverju sveitarfélagi hjá því fólki, sem undir þau lög heyrir.

Ég skal nú ekki orðlengja meira um þetta, aðeins undirstrika það, sem ég sagði, þegar frv. var hér rætt síðast, en hv. 3. þm. Vesturl. kom ekki inn á, að Framsfl. hefur, frá því að ég fór fyrst að kynnast sveitarstjórnarmálum, alltaf verið neikvæður hér á hv. Alþingi um að laga á nokkurn hátt fyrir sveitarfélögunum með auknar, óbeinar tekjur og þar af leiðandi að sjálfsögðu neytt sveitarfélögin til að leggja á útsvör fyrir megninu af öllum sínum gjöldum. Með tilkomu jöfnunarsjóðs hefur þetta mjög breytzt til batnaðar, og ekki einungis með tilkomu jöfnunarsjóðs, heldur einnig með vegal., þar sem sveitarfélögin fá verulegan hluta af benzínfé til gatnagerðar úr varanlegu efni með breytingunni, sem gerð var á hlutfalli sveitarfélaganna í sambandi við lögreglukostnað og hlutfalli þeirra í sambandi við byggingu og rekstur sjúkrahúsa. Eftir því sem ég í fljótu bragði hef séð, hygg ég, að þetta sé 20—30% af álögðum útsvörum hjá kaupstöðunum. Það er að sjálfsögðu nokkuð misjafnt, en ég hygg, að almennt sé þetta milli 20 og 30%, miðað við álögð útsvör

í kaupstöðum. Þetta eru verulegar bætur, sem sveitarfélögin hafa þarna fengið og þau sannarlega nutu ekki áður, meðan Framsfl. réð hér málum á Alþingi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja að þessu sinni í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Sunnl., bæði hér áðan og eins sem hann flutti fyrir 2 dögum.

Hv. 3. þm. Sunnl. brá upp mynd af mjög svo vinsamlegri afstöðu núv. ríkisstj. í garð sveitarfélaganna og nefndi því til sönnunar löggjöf, sem sett hefði verið á valdatímabili núv. hæstv. ríkisstj., svo sem löggjöfina um hlutdeild sveitarfélaganna í jöfnunarsjóðsgjaldi, löggjöfina um lögreglumenn, löggjöfina um vegalög og að síðustu löggjöf um sjúkrahús. Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) kom inn á margt af því, sem hefði getað gefið tilefni til að ræða vegna ræðu hv. 3. þm. Sunnl. hér fyrir 2 dögum, og mun ég því láta það liggja kyrrt.

Mig langar til þess að víkja að einu atriði, bregða upp einni mynd, sem ég hygg að sé algerlega sönn og skýri það nokkuð vel, að sú vinsemd, sem hæstv. ríkisstj. hefur sýnt sveitarfélögunum með löggjöfinni um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, er ekki svo stórkostleg, að hægt sé að halda um hana stóra ræðu, eða hún sé þess eðlis, að hún beri sérstakri vinsemd ríkisstj. í garð sveitarfélaganna mikinn vott. Það er staðreynd, að bæði hæstv. ríkisstj. og eins sveitarstjórnirnar verða að taka sínar tekjur fyrst og fremst með álögum á tekjur og eignir gjaldendanna. Ríkissjóður gerði þetta aðallega í formi aðflutningsgjalda og einnig að nokkru leyti í formi beinnar skattheimtu. Sveitarfélögin hins vegar hafa aðallega gert þetta með álagningu á tekjur gjaldenda, þ. e. a. s. bæði einstaklinga og félaga. Eins og öllum hv. dm. er vafalaust kunnugt, hefur skattheimta ríkissjóðs fyrir hvert ár ætíð komið á undan skattheimtu hinna einstöku sveitarfélaga, og þar sem gjaldstofn bæði ríkissjóðs og sveitarfélaganna er að mestu leyti sá sami, þ. e. a. s. tekjur og eignir gjaldendanna, hlýtur það að liggja í augum uppi, að ef ríkissjóður eykur mjög verulega sína skattheimtu, hlýtur það að koma niður á möguleikum viðkomandi sveitarfélags til innheimtu á gjöldum sínum, því að þeim mun meira sem ríkissjóður tekur til sín frá borgurunum, þeim mun minna er eftir fyrir sveitarfélögin að leggja á til sinna eigin þarfa. Samkv. fjárl. 1958 var innheimt af landsmönnum eftir einni eða annarri leið um 804 millj. kr. í beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs. En samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1965 er áætlað að innheimta 3 milljarða 212 millj. kr. Innheimta ríkissjóðs af landsmönnum hefur því frá árinu 1958 til ársins 1965 meira en fjórfaldazt á þessum 7 árum. Það, sem gerist einfaldlega, er svo það, að ríkissjóður með því að fjórfalda skattaálögur á gjaldendur í landinu hefur að sjálfsögðu með svo gífurlegri aukningu á skattaálögum getað gefið til baka til sveitarfélaganna nokkurn — mjög óverulegan **hluta af þessari auknu skattheimtu** sinni. Er málið er því grandskoðað, þá sést, að jöfnunarsjóðstillagið til sveitarfélaganna byggist á því, að ríkissjóður eykur stórkostlega skattheimtu sína á gjaldendur í landinu. Með því minnkar hann mjög verulega þá möguleika, sem sveitarfélögin hafa til innheimtu útsvara á gjaldendur í sveitarfélögunum, og hann bætir það að nokkru upp með því að skila til baka hluta — mjög óverulegum hluta af þeirri gífurlegu skattaaukningu, sem hefur orðið í landinu á tímabili hæstv. núv. ríkisstj. Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, sem ég hygg að sé sanngjarnt, þá hygg ég, að ekki sé af miklu að státa í sambandi við viðskipti hæstv. ríkisstj. og sveitarfélaganna í landinu. Það, sem gerzt hefur, er, eins og ég sagði: Ríkissjóður gefur eftir hluta — mjög óverulegan hluta af þeirri auknu skattheimtu, sem hefur verið framkvæmd á yfirstandandi kjörtímabili.

Ég vil svo að endingu aðeins taka undir þá till. hv. 3. þm. Vesturl., sem hann kom með fram áðan, að sett verði á fót sérstök lánastofnun eða lánasjóður til að lána sveitarfélögum úr til framkvæmda. Ég hef um nokkurra ára skeið átt sæti í bæjarstjórn og hef fylgzt með gangi mála í því bæjarfélagi, sem ég er búsettur í, og ég þori að fullyrða, að þótt oft hafi verið þar erfitt um fjármagn til framkvæmda og þröngt fyrir dyrum, þá hygg ég, að það hafi aldrei verið í svipuðum mæli eins og nú, og svipaða sögu held ég, að ýmsir aðrir sveitarstjórnarmenn geti sagt. Ég held því, að það sé mjög aðkallandi mál, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, að á fót verði komið einhvers konar lánastofnun, sem láni til sveitarfélaganna til þeirra framkvæmda, sem þau þurfa að standa í á hverjum tíma.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Sunnl., sem ég þarf að segja hér.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að við hefðum ekki bent á tekjuleið í sambandi við þetta frv. okkar, þótt ég benti hins vegar á það, að þessi tekjustofn, tekju- og eignarskatturinn, mundi, miðað við það, ef hann hefði gefið að óbreyttum lögum 480—500 millj. kr. tekjur á næsta ári, eins og segir í grg. fjárlagafrv., þá hlýtur hann að fara á annað hundrað millj. kr. fram úr áætlun á þessu ári. Það hefði því ekki verið goðgá, þó að þessu hefði verið skilað aftur til þeirra, sem oftekið var af. Ég vil líka benda á það, að tekjuafgangur ríkissjóðs s. l. ár hefur numið hundruðum millj., og eitthvað verður maður að ætla, að eftir sé af honum.

Í sambandi við það, sem hann ræddi hér um till. um ráðstöfun á söluskatti, sem mun hafa verið hér á þingunum eftir 1950, — ég man ekki nákvæmlega, hvort það var 1953 eða 1954, — en þar mun hafa verið gerð till. um að ráðstafa tekjustofni, sem ríkissjóður þá hafði, en ekki eins og gert var, þegar jöfnunarsjóðurinn varð til, að taka hluta af tekjustofni, sem tekinn var upp og þá við það miðaður, hafður það hár, að þessu var ráðstafað á þann hátt, að til jöfnunarsjóðsins gengi nokkur upphæð.

Hv. 3. þm. Sunnl. vék einnig að jöfnunarsjóðnum og því, sem ég hafði sagt um það, að dýrtíðin hefði þynnt hann mjög út. Ég vil máli mínu til sönnunar nefna til þess að sýna, að þrátt fyrir þennan tekjustofn hafa útsvörin verið

hærri en áður hefur verið, dæmið, sem ég nefndi hér áðan um blaðamann Alþýðublaðsins, sem sagðist hafa fylgzt með þessum málum í 40 ár og ekki hafa orðið var við annað eins og nú hefði verið á borð borið. Ég vil líka nefna það, að hér hafa verið gerðar á þessu ári meiri ráðstafanir eða meira talað um ráðstafanir en nokkru sinni hefur átt sér stað fyrr út af skattskránni, sbr. hinn sögulega fund hæstv. ríkisstj., sem stjórnarblaðið Alþýðublaðið skýrði frá í ágúst í sumar. Þetta sýnir, að dýrtíð núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt að velli þennan tekjustofn og meira þó.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að ég hlyti að vera minnugur þess, að dýrtíð hefði átt sér stað hér á landi fyrr en nú, og nefndi þar til, er vinstri stjórnin fór frá völdum. Ég er minnugur þess, að dýrtíðin hefur verið til hér á landi fyrr en nú, þó að aldrei muni hún hafa vaxið jafnmiklum risaskrefum og síðustu ár. Ég vil líka segja það, að vinstri stjórnin ætlaði sér að stöðva þessa dýrtíð. Henni tókst það ekki, og hún náði ekki samstöðu um það, sem forsrh. lagði til að gert yrði til að stöðva dýrtíðina, og þá sagði hann við þing og þjóð: Fyrst stjórnin nær ekki samstöðu til að leysa það verkefni, sem hún tók að sér, þá segir hún af sér til að gefa öðrum kost á að leysa það, ef þeir geta betur. — Hvað gerðist upp úr því, að sú stjórn sagði af sér? Það var mynduð samstaða Sjálfstfl. og Alþfl. Og hvað var höfuðmarkmiðið? Það var að stöðva dýrtíðina í landinu, og því var lýst yfir, að það hefði tekizt. Og hvað segja svo staðreyndirnar? Þær segja, að dýrtíðin hafi vaxið hraðari skrefum en áður átti sér stað. En ríkisstj. situr þrátt fyrir það, því að hennar takmark er að sitja í ráðherrastólunum, en ekki að leysa verkefnin, sem hún lýsti yfir að hún mundi leysa.

Hv. 3. þm. Sunnl. vildi enn á ný reyna að halda því fram, að ekki væri ráðstafana þörf út af álagningu skatta á s. l. sumri. Ég ætla ekki að fara að leiða hér mörg vitni til viðbótar því, sem leidd hafa verið fram í þessum umr., en vil þó — með leyfi hæstv. forseta — vitna í ummæli forseta A.S.Í., hv. 5. þm. Vestf., en hann segir 17. ágúst m. a. þetta:

„Það er réttilega sagt, að hækkun skatta jafngildir verulegri kauplækkun og ógnar þeim friði, sem um var samið.“

16. ágúst er sagt frá ályktun Alþýðusambands Íslands í Þjóðviljanum, en hún var gerð 15. ágúst. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað lækkunar skatta hefur hin ofsalega skattahækkun, sem nú blasir við, komið eins og reiðarslag og lamað launastéttirnar. Skattabyrðar þær, sem launþegum er ætlað nú að bera, jafngilda verulegri kauplækkun og ógna þeim friði, sem um var samið.“

Ég undrast, hvað þeir, sem að þessum ályktunum stóðu, hafa verið rólegir, og það er fullkomin þörf á því að vera á verði út af þeirri skattaframkvæmd, sem átti sér stað á s. l. sumri.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. hafði ég ekki hugsað mér að segja fleiri orð að sinni en það, sem ég gerði við fyrri umr. málsins. En það eru tvö atriði, sem fram hafa komið í þessum umr., sem ég vildi aðeins minnast á.

Annað er það, að því er haldið fram, að tekjuskattur til ríkissjóðs muni fara svo stórkostlega fram úr áætlun fjárlaga á þessu ári, að það fé megi nota til þess að lækka tekjuskatt og útsvör. Hér er um algeran misskilning að ræða. Í fjárlögum fyrir árið í ár er tekjuskatturinn áætlaður 255 millj. kr. Álagður tekjuskattur á öllu landinu í ár var upphaflega um 300 millj. kr. Eftir þeim venjum og reynslu, sem verið hefur undanfarin ár um, hversu mikið greiðist annars vegar af álögðum skatti það ár og hins vegar af eftirstöðvum frá fyrri árum, liggur fyrir áætlun um það nú, að tekjuskatturinn, sem greiðist til ríkissjóðs í ár, verði um 265 millj., m. ö. o. 10 millj. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Það er því alger misskilningur, að hér sé um stórkostlegar fjárfúlgur að ræða, jafnvel á annað hundrað millj., sem verði þarna umfram af tekjuskatti til ríkissjóðs í ár.

Hér var minnzt í öðru lagi á þörfina á lánastofnun fyrir sveitarfélögin og áskoranir til ríkisstj. um að gera eitthvað í þeim efnum. Ég vildi minna á það, sem ég hélt að hv. alþm. væri kunnugt, að í ágústmánuði árið 1963, í sambandi við þing Sambands íslenzkra sveitarfélaga, skipaði ég n. manna til að athuga og undirbúa stofnun lánasjóðs eða lánsstofnunar fyrir sveitarfélögin og væri ætlunin sú, að sú stofnun gæti bætt úr tvenns konar þörf hjá sveitarfélögunum, annars vegar stofnfjárþörf eða þörf fyrir fjárfestingarlán og hins vegar þörf þeirra fyrir rekstrarfé. Þessi n., en formaður hennar er Jónas Guðmundsson, formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga, hefur unnið mikið starf að undanförnu og mun í þann veginn að ljúka störfum nú og skila sínum till. til ríkisstj. Þetta mál hefur því verið undirbúið og kemur sem sagt frá n. með grg. og till. væntanlega næstu daga.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kemur með þær upplýsingar nú, að tekjuskattur verði líklega ekki nema 265 millj. á þessu ári, en hann er búinn að skýra frá því í grg. með fjárlagafrv., að skatturinn verði á næsta ári að óbreyttum lögum um 500 millj. Hvernig víkur þessu við? Er hægt að fá nokkra skýringu á þessu núna? Mér sýnist, að þetta stangist eitthvað.

Í fyrradag var hv. 3. þm. Sunnl. að ræða um frv., sem hér er til umr., og þ. á m. um afslátt af útsvörum. Hann nefndi dæmi um það, að ef eitthvert sveitarfélag hefði notað 30% af skattstiganum og svo yrði þetta frv. samþ., þar sem ætti að gefa eftir 20%, þá væru ekki eftir nema 10%. Ja, mér datt í hug vísan: „Þegar dragast þrír frá sex, þá eru eftir fjórir“. Hvernig reikna þeir í Vestmannaeyjum þetta? Mér skilst, að ef einhver gjaldandi hefði átt að borga 10 þús. kr., ef útsvarsstiginn væri allur notaður, ætti hann að greiða 3000 kr., ef 30% af honum er notað, og ef svo ætti að lækka þessar 3000 kr. um 20%, þá fæ ég ekki út nema 600 kr. afslátt. En hv. þm. komst að því, að þá væru bara 1000 eftir. Er ekki einhver skekkja í þessum reikningi hjá honum, eða hefur hann misskilið frv.? Ég held, að það sé ekki hægt að láta þessar umr. fara svo

fram að leiðrétta ekki svona skekkjur, að 20% afsláttur af útsvari þýðir ekki 20 þús. af 30 þús. eða 2 þús. af 3 þús. Þetta hélt ég að þyrfti ekki bæjarstjóra til þess að reikna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Áætlunarráð ríkisins.

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [23. mál] (þmfrv., A. 23).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. þdm. eru farnir að kannast það vel við þetta frv., að ég sé ekki ástæðu til að fara að kynna það almennt fyrir mönnum oftar, heldur eru það aðeins þrjú atriði, sem eru mjög brýn orðin til úrlausnar í okkar þjóðarbúskap nú sem stendur, sem ég vildi leyfa mér að taka fyrir og lausnir felast á í þessu frv., og láta annars eiga sig þá almennu framsögu sem ég hef oft haldið áður um þetta mál hér.

Af þessum þrem atriðum vildi ég fyrst taka eitt. Það er nauðsyn á samræmingu þeirra áætlana, sem gerðar eru, eða réttara sagt að útbúa heildaráætlun. Eins og vitað er, er þessi áætlanagerð og annað slíkt komin ákaflega mikið í tízku, og það eru allir mögulegir að tala um áætlanir og gera áætlanir. Það er talað um 10 ára áætlun í landbúnaði, það er talað um 10 ára áætlun í raforkuframleiðslu, það er jafnvel, held ég, talað um 5 eða 10 ára áætlun um vegalagningu, og það er farið að tala þannig um áætlanagerð á öllum einstökum sviðum. Hæstv. ríkisstj. hefur meira að segja látið gera sérstaka áætlun um ríkisbúskapinn sjálfan fyrir hvert ár. En allar þessar áætlanir eru meira eða minna óskalistar og gerðar út í hött, út í bláinn, á meðan það er ekki til ein heildaráætlun, þar sem þetta er samræmt. Það er ekki til neins fyrir eitt þjóðfélag að ætla að búa til lista yfir, hvað það ætlar að gera á hverju einstöku sviði, og athuga aldrei, hvort þjóðfélagið sjálft hefur aðstöðu til að gera allt þetta til samans. Það þýðir t. d., að þeir, sem eiga að útbúa áætlun um landbúnaðinn, þeir, sem eiga að útbúa áætlun um vegina, þeir, sem eiga að útbúa áætlun um framkvæmdir ríkisins, þeir gera hver um sig þessa áætlun eins og kannske er þeirra óskadraumur, en þeir athuga ekkert, hvort þetta rekst ekki allt saman á. Og þannig er það. Þetta er að verða tóm vitleysa, þegar á að fara að framkvæma þetta, ef ekki hefur verið tekið tillit til þess, hvað þjóðarbúskapurinn í heild þolir, hvað fjárfestingin í heild á að verða mikil. Menn óska kannske eftir svona og svona mikilli fjárfestingu í vegum, svona og svona mikilli fjárfestingu í raforku, svona og svona miklu í landbúnaði. En hvernig er þetta í samræmi við þá fjárfestingu, sem þjóðfélagið sem heild ætlar að leyfa sér? Þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að það er hreinn molbúaháttur að vinna á þann máta að vera að búa til áætlanir og það jafnvel langt fram í tímann um hvert atriði, um hvert einstakt svið út af fyrir sig, en enga áætlun um þjóðarbúskapinn í heild. Með þessu móti verður ekkert samræmi milli þessara áætlana, og svo strax og hæstv. ríkisstj. er búin að útbúa eina áætlun, um t. d. ríkisbúskapinn og hans framkvæmdir, þá kemur hæstv. ríkisstj. með löggjöf um, að henni leyfist að draga úr þessum áætlunum, eftir því sem þörf þykir, m. ö. o. gera það ekki að neinni áætlun, vegna þess þá hvað hennar ráð rekast á við allt, sem verið er að athuga af einkaframtakinu, samvinnuframtakinu og öðrum slíkum á öðrum sviðum þjóðfélagsins, m. ö. o. tóm ringulreið og vitleysa, og það er undir tilviljun komið, hvort þetta rekst á eða ekki.

Svona er ekki hægt að stjórna þjóðfélagi, og það er það, sem menn þurfa að gera sér ljóst. Þess vegna er heildaráætlun í þessu sambandi alveg óhjákvæmileg. Núna t. d. er verið að tala um heildaráætlun viðvíkjandi raforku, og það er sett hver nefndin á fætur annarri til að vinna að þessu. Í sambandi við þessa heildaráætlun um raforku er svo verið að gera þær mismunandi eftir því, hvort tekst að koma upp þessari verksmiðju, tekst að koma upp hinni, en ekkert samræmi þarna á milli. Ég veit, að það er t. d. talað um, að það sé áætlun um að þrefalda áburðarframleiðsluna fram að 1980, áætlun um það, engin ákvörðun tekin. Auðvitað er hrein fásinna að vera að tala um að þrefalda áburðarframleiðslu fram til 1980 hér á Íslandi án þess að taka um leið það með í reikninginn, þegar verið er að ákveða raforkuframleiðsluna. Það eru óhæf vinnubrögð að láta sér detta slíkt í hug. Auðvitað verður sami aðili, sama stofnun endanlega að ákveða: Svona skal raforkuframleiðslan aukin mikið, m. a. með tilliti til þess, að svona skal áburðarframleiðslan aukin mikið.

Ég hélt satt að segja. að menn hefðu átt að vera búnir að læra ofur lítið af þessu. Þegar deilan stóð um áburðarverksmiðjuna hér fyrir 12—14 árum á þinginu, bentum við á, að það ætti, um leið og ákveðin væri stærð áburðarverksmiðjunnar, að ákveða raforkuframleiðsluna og reikna með, hve hún yrði mikil. Nei, það var ómögulegt að koma vitinu fyrir menn með slíkt. Áburðarverksmiðjan og hennar stærð var ákveðin með tilliti til þess, hvaða ónotað rafmagn væri á því augnabliki, og svo var haldið áfram, ómögulegt að fá menn til þess að samræma þetta. Hver er svo afleiðingin? Jú, afleiðingin varð náttúrlega sú, að það verður að minnka áburðarframleiðsluna ár frá ári, vegna þess að við höfum

ekki nægilegt rafmagn handa áburðarverksmiðju. Alveg sama var, þegar sementsverksmiðjan var staðsett á Akranesi. Það voru ein höfuðrökin fyrir þeirri staðsetningu, að það væri svo mikil rafmagnsframleiðsla í Andakílsvirkjuninni á því augnabliki, þá var Andakílsvirkjunin ekki fullnotuð. En hvað varð að gera svo skömmu seinna? Það varð auðvitað að leggja streng frá Sogsvirkjuninni til Andakílsvirkjunarinnar upp á Akranes, til þess að það væri hægt að reka sementsverksmiðjuna. M. ö. o.: við allt það, sem gert hefur verið enn sem komið er á Íslandi af þeirri stóriðju, sem við höfum komið upp, þá hefur aldrei verið hugsað fram í tímann, hvernig þetta skyldi skipuleggjast. Það hefur hvað rekizt á annars horn. Og svo flytja menn inn dýran áburð frá útlandinu, af því að áburðarverksmiðjan stendur meira eða minna kyrr, vegna þess að raforkuframleiðslan var ekki skipulögð á sama hátt og áburðarframleiðslan og með tilliti hvort til annars. Og nú á líklega að fara út í þessa vitleysu einu sinni enn þá, að segja: Það á að þrefalda áburðarframleiðsluna, það á ekkert að hugsa um, hvernig eigi að fara með raforkuna á sama tíma.

M. ö. o.: það er alveg lífsspursmál, ef maður ætlar að stjórna þjóðarbúskap þessa þjóðfélags af einhverju viti, að þetta sé gert samtímis allt saman. Og það er eitt af því, sem raforkufræðingarnir sérstaklega bollaleggja um í þeim áætlunum, sem þeir leggja fyrir okkur. Þeir segja: Við þurfum að athuga, hvernig við eigum að fara að því að skapa markað fyrir rafmagnið, og við þurfum að athuga, hvort við verðum ekki að koma upp olíustöðvum, rándýrum í rekstri, fyrst til þess að skapa markaðinn. — En þeim dettur ekki í hug að leggja til á sama tíma, sem verið sé að undirbúa virkjanirnar, að þá sé verið að undirbúa verksmiðjustofnanir líka í landinu. Auðvitað á þetta að fylgjast að, og auðvitað eru engin vinnubrögð að ætla sér að ákveða raforkuframleiðsluna alveg án tillits til þess, hvaða verksmiðjur skuli koma upp í landinu. Þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt, ef nokkurt vit á að vera í þessum vinnubrögðum, að það verður að vera ein miðstofnun í þessu, eins og áætlunarráð, sem samræmir þessa hluti. Hver einasti einkaatvinnurekandi mundi reka þessa hluti svona, og þetta verður ríkið að gera, þegar það hefur þriðjunginn af öllum rekstrinum á Íslandi, þegar það á að sjá um alla raforkuframleiðsluna og þegar það á áburðarverksmiðjuna og ætlar að margfalda hana og annað slíkt. Þess vegna vil ég nú vonast til þess, að menn íhugi, af því að menn tala um stórar framkvæmdir hér hjá okkur á Íslandi og allir eru sammála um að vilja leggja í þær, að þessar framkvæmdir verða meira eða minna vitleysa, sem reka sig hver á annars horn, svo framarlega sem þetta er ekki skipulagt af einni miðstofnun, sem hugsar um þetta í einu. Það þýðir ekki, að hún eigi að hafa öll völd um þetta. Ríkisstj. og Alþingi og allir þeir aðilar hafa völdin eftir sem áður, en þau komi saman í einum miðdepli.

Annað einstakt atriði, sem ég vildi ræða um, er skipulagning iðnaðarins í sambandi við heildaráætlun. Ég skal taka fram, að það gilda tvenns konar lögmál um okkar atvinnurekstur: önnur um landbúnaðinn og sjávarútveginn, hin um iðnaðinn. Hvað landbúnaðinn og sjávarútveginn snertir, þar á ég við fiskveiðarnar sjálfar, þá byggjum við það náttúrlega fyrst og fremst á dugnaði einstaklinganna, þeirra framtaki, og það mun eiga heima áfram sem grundvallaratriði í landbúnaðinum og sjávarútveginum, þó að samstarf, tækni og allt annað slíkt hafi þar eins miklu hlutverki að gegna og við allir vitum. En þegar við komum að iðnaðinum, er það ekki einstaklingsframtak eða neitt slíkt, sem er aðalatriðið. Þá er aðalatriðið skipulagning. Nútímaiðnaður byggist fyrst og fremst á einu: það er tækni og skipulagning. Ef menn eru að tala um iðnað og ætla sér að koma upp iðnaði og ætla að láta þann iðnað lifa, án þess að taka tillit til þessa lögmáls, sem gagnsýrir allt líf iðnaðarins í heiminum, þá fer sá íslenzki iðnaður á hausinn. Þegar um er að ræða íslenzkan iðnað fyrir innlendan markað, þá er okkar innlendi markaður svo lítill, að það er venjulega, að ein verksmiðja eða í hæsta lagi tvær geta framleitt það, sem þarf til að fylla þann íslenzka markað. Það er það raunverulega ástand. Nútímatækni í iðnaði er svo fullkomin og hún heimtar svo mikinn stórrekstur, að það er ekki rúm nema fyrir 1—2 verksmiðjur í hverri grein, — miðað við einokun, mundu menn náttúrlega segja. Við skulum segja, að við gætum stundum haft þær tvær, ef önnur væri rekin af einhverjum einstökum atvinnurekanda, hin væri rekin af t. d. samvinnufélögunum, þær kepptu sín á milli, þær fengju þó einhvers að njóta af þeirri frjálsu samkeppni, ef það færi þá ekki svo, að þær allt í einu tækju upp á þeim fjanda að koma sér saman um verðið, eins og t. d. olíuútsölur eða eitthvað slíkt. Ég býst þess vegna við, að íslenzkur iðnaður, sem framleiðir fyrir innlendan markað, þurfi alltaf að vera undir mjög skörpu opinberu eftirliti, því að vegna tækninnar og nauðsynjar á stórrekstrinum á hann svo að segja að hafa allt að því einokunaraðstöðu.

Ég veit, að það er talað núna í íslenzka iðnaðinum um nauðsynina á mikilli hagræðingu. Í flestum tilfellum er þessi hagræðing, sem talað er svo mikið um, raunverulega aðeins skipulagning á vinnuþrældómi, aðeins skipulagning á því að reyna að pína verkakonur, sem vinna í hraðfrystihúsum, til þess að flýta sér meir og lækka um leið við þær kaupið raunverulega eftir afköstunum. Sums staðar er dálítið vit í þessari hagræðingu, sums staðar jafnvel til hreinnar skammar, meira að segja svo, að teikningarnar, sem gerðar eru og farið er að framkvæma, stemma alls ekki við plássið, sem vélarnar standa í. Það er í raun og veru hrein blekking að tala um hagræðingu í öðrum eins smáatvinnurekstri og víðast hvar er í íslenzka iðnaðinum. Það, sem er spurningin á þessu sviði, er hagræðing í sjálfu atvinnulífinu, og það er það, sem er verið að taka fyrir.

Við skulum taka nokkur dæmi viðvíkjandi þessum íslenzka iðnaði. Að vísu þekkjum við ekki þróunina þar í öllum atriðum nógu vel, það mundi kannske fjhn. athuga betur, þegar hún fengi það til meðferðar. Eftir iðnaðarskýrslun-

um 1960 voru 9 skógerðir á öllu landinu. Þar unnu alls 190 manns. 8 af þessum skógerðum voru í Reykjavík. Meðaltal í hverri af þessum skóverksmiðjum var 20 manns. Ég þekki að vísu ekki mikið inn á skóframleiðslu. En við, sem fórum til Bretlands í vor, sú þingmannasendinefnd kom inn í eina af skóverksmiðjum í gömlum, ekkert mjög stórum bæ, þar á austurströnd Bretlands. Okkur var sýnd þar m. a. ein skóverksmiðja. Það er, eftir því sem gerist í Bretlandi, líklega frekar lítil verksmiðja. Þar unnu 1000 manns. Þar var tiltölulega vel skipulögð vinnan. Það, sem framleitt var, voru eingöngu kvenskór og það ekki kvenskór miðaðir við t. d. Lundúnamarkaðinn, heldur eftir því sem okkur var sagt, kvenskór miðaðir við — eigum við að segja sveitirnar. M. ö. o.: 1000 manna skóverksmiðju var hægt að reka þarna sæmilega með því að einbeita sér einvörðungu á kvenskó og einvörðungu fyrir þá, sem gerðu ekki eins háar kröfur og t. d. Lundúnabúar. Ég heyri sagt, að hér hafi verið reynt í skóverksmiðjum að framleiða máske allt frá inniskóm upp í sjómannastígvél og allt, sem þar væri á milli. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að það er ekki hægt að standast neina samkeppni við útlönd með svona smárekstri. Ég heyri sagt, að mikið af þessum nýju skógerðum á Íslandi sé nú farið á hausinn, það séu ekki nema 1—3, sem séu eftir, — ég veit ekki, hve margar. Það er kannske einhver að kvarta yfir þessu, en líklega hefur enginn minnzt á, að það kæmi til mála fyrir þessa aðila að reyna einhvern veginn að sameina sig. Það er sú þróun, sem svona iðnaður mundi hafa tekið í hverju öðru landi. Það er það, sem hefur einkennt alla 20. öldina, að vélarnar hafa verið að færast saman á einn stað, kannske á eina hönd. Það hefur einhver verið leiður yfir þeirri þróun, en þetta er þróun, sem tæknin og skipulagningin hefur skapað og þýðir, að menn geta framleitt vörurnar ódýrar og praktískar og borgað miklu hærra kaup en áður.

Hér á Íslandi munu vera samkv. iðnaðarskýrslunum 1960 um 18 súkkulaði- og sælgætisgerðir, 14 í Reykjavík og 4 utan Reykjavíkur. Í þeim vinna um 200 manns. Ég býst við, að ein einasta súkkulaðiverksmiðja, sem er til norður á Akureyri, mundi geta afkastað öllu því, sem allar þessar verksmiðjur afkasta. A. m. k. man ég fyrir einum 10 árum, þegar okkur þm. voru sýndar hér nokkrar iðnaðarverksmiðjur í Reykjavík, þá sáum við þar t. d. eina sjálfvirka karamelluvél, sem gat framleitt allar þær karamellur, sem étnar eru á Íslandi, og miklu meira til vafalaust, og efast ég þó ekki um, að það hafi verið til fleiri slík sjálfvirk karamellutæki í svo að segja hverri einustu af þessum verksmiðjum. Það, sem einkennir okkur í þessum efnum, er, að við höfum fjárfest í vélunum margfalt meira en nokkur þörf er á. En notkunin á vélunum er fyrir neðan allar hellur, hún er svo lítil og skipulagningin á vinnunni til skammar og tjóns. Ef meira væri gefið frjálst hérna um innflutning á súkkulaði, þá efast ég ekki um, að mikið af okkar súkkulaðiverksmiðjum fer á hausinn, endar með því, að það er kannske ein, sem rís upp, og hún reynir að hafa útlendan markað líka. En það er ósköp vitlaust nú á síðari hluta 20. aldar að vera endilega að beita þeim aðferðum, sem gerðust á 19. öldinni, við að láta verksmiðjurnar fara á hausinn á þennan máta í staðinn fyrir að reyna að ráðleggja mönnum frá upphafi, hvernig skipuleggja skuli þessa hluti.

Hér í Reykjavík eru 72 fatagerðir eða aðrar verksmiðjur, og kannske er sumt af þeim aðeins klæðaverkstæði. Það vinna í 90 vinnustöðvum alls, 72 í Reykjavík og 18 utan Reykjavíkur, um 800 manns eða að meðaltali undir 10 í hverri. Ég sá nýlega í blöðunum, að það væri verið að kvarta yfir, að það væru of ódýr föt, sem kæmu til Íslands, almenningur í dýrtíðinni gæti fengið of ódýr föt, það væri alveg stórhætta á ferðum. Hvaða hætta er á ferðum, þegar menn geta fengið ódýr föt? Vilja ekki íslenzkir iðnrekendur gera svo vel að athuga sinn gang ofur lítið betur og sjá til, hvort þeir hafa gert allt, sem þurfti, til þess í fyrsta lagi að skipuleggja betur sína eigin framleiðslu og af meira viti og um leið að borga hærra kaup þar?

Þessa hluti alla verðum við að taka mjög alvarlega. Það er ekki nóg að heimta bara vernd frá ríkinu, styrk frá ríkinu, uppbætur frá ríkinu eða segja, þegar vinnudeilur hefjast, að þjóðfélagið þoli þetta ekki, atvinnureksturinn þoli þetta ekki. Það er vitleysan í atvinnurekendunum, sem það þolir ekki. Það er þeirra ómögulegi rekstur. Þeir, sem reka dálítið stórt hér á Íslandi, standa sig betur í þessu. Þeir eru komnir upp í verksmiðjur, sem hafa 100—200 menn í vinnu, og þá fer skipulagningin að verða af einhverju viti, og til allrar hamingju höfum við líka hér í Reykjavík einmitt þó nokkuð af verksmiðjum, sem þannig eru skipulagðar, en það eru verksmiðjur, þar sem eigendurnir hugsa stórt í þessum efnum, þar sem þeir kunna eitthvað um nútímaskipulagningu. Við verðum að gá að því, að með smárekstrinum erum við að dauðadæma þann iðnað, sem rekur hann. Og með því að tvístra honum svona er þetta vonlaust, nema með því að skapa honum einokunaraðstöðu, bara til að vernda þetta hraðfrysta, gamaldags stig, sem ætti að hverfa.

Ég verð að segja, að það er hart, að ég skuli verða að segja þetta sem einn af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar hér á Alþingi. Þetta er það, sem auðmannastéttin venjulega sér sjálf um í öllum löndum, að skipuleggja skynsamlega sinn iðnað. En svo framarlega sem svona ástand í iðnaðinum er notað til að segja við verkafólk: Við getum ekki borgað meira kaup, þá náttúrlega kemur til kasta verkalýðshreyfingarinnar að segja á móti: Gerið þið svo vel að skipuleggja ykkar iðnað af viti, — og það þýðir: skipuleggja hann í stærri stíl. Ég ætla ekki að tala um það, þar sem hneykslið er kannske allra algerast hérna, það er í byggingariðnaðinum, ekki sízt í Reykjavík, þar sem menn vinna á þann máta að vera að teikna eitt og eitt hús og byggja eitt og eitt hús, þar sem eru þó byggð nokkur hundruð húsa á ári, og fá svo út úr því náttúrlega einhverjar dýrustu og að sumu leyti ópraktískustu byggingar, en góðar byggingar, en væri hægt að gera það alveg jafngott með miklu meiri skipulagningu á þessu.

Ég þykist vita, að það sé til fyrirtæki hér í Reykjavík, sem t. d. tekur að sér að steypa upp parta af húsum. Við getum hugsað okkur, það er hægt að steypa upp hús fram með heilli götu einvörðungu með slíku móti og ætti að geta verið margfalt ódýrara en sá handverksmáti, sem við höfum á þessu. En við verðum að komast yfir í þennan stórrekstur, svo framarlega sem við ætlum að fara að gera alla þessa hluti verulega ódýrt, og það getum við vel gert og borgað þó um leið hærra kaup.

Þegar eitthvað slíkt steðjar að, eins og t. d. fatagerðunum, sem finnst þær vera að fara á hausinn, vegna þess að það sé samkeppni frá útlöndum, þá væri það, sem lægi næst fyrir, að sameina sig, að verða sterkari, skipuleggja sig betur, koma á miklu meiri hagræðingu, nota tæknina betur og um leið miklu stærri verksmiðjur. Ég þykist vita, að þær verksmiðjur, sem koma til með að standast bezt í þessu, það eru þær stærstu og þær, sem bezt eru skipulagðar. En þetta þýðir allt saman, að ef við ætlum ekki að bíða eftir því, að menn fari á hausinn með þeim harmkvælum, sem það þýðir í ýmsum iðngreinum, þá á sú stofnun, það áætlunarráð, sem á að skapa, að ráðleggja iðnaðinum, hvernig sé praktískast að reka þessa hluti, og hjálpa og aðstoða með það, að slíkt sé gert. Erlendis mundu bankarnir gera slíkt. Bankar mundu skipta sér af því, til hvers væri verið að verja peningunum, sem þeir lána í. Þeir mundu segja jafnvel við atvinnurekendur: Viljið þið ekki heldur, þegar þið komið hérna tveir og viljið stofna sína litlu fataverksmiðjuna eða litlu súkkulaðiverksmiðjuna hvor, — viljið þið nú ekki heldur slá ykkur saman og reka þetta eins og menn? Ég held, að bankastjórar hugsi ákaflega lítið í slíkum efnum. Það virðist yfirleitt ekki mikill skilningur á því að reyna að þróa íslenzkt atvinnulíf eitthvað svipað og iðnaðurinn erlendis þróast.

Hvað snertir nýjar verksmiðjur, vitum við, að það eru til og eru alltaf að skapast nýjar iðngreinar, og auðvitað eiga þær að hafa sitt rúm hér á Íslandi eins og annars staðar. Plast er að verða mjög auðvelt að framleiða. Ég veit ekki, hvað margar plastgerðir eru komnar upp hér á Íslandi. Ég býst ekki við, að það sé í neinum iðnaðarskýrslum frá 1960, en trúað gæti ég því, að tilhneigingin væri sú gamla, að koma helzt plastgerðum upp í öðru hverju þorpi. Svo mundi enda með því, að eftir allmörg harmkvæli fjárhagslegs eðlis fyrir eigendurna færi svo og svo mikið af því á hausinn og eitt til tvö lifðu, í staðinn fyrir, að það, sem við eigum að gera nú og vafalaust komum til með á næstu 5—10 árum, þá væri möguleiki til að skapa verksmiðjur í greinum, sem ekki eru til á Íslandi núna, kannske 10—20 verksmiðjur. Við eigum að hugsa það fyrir fram, hvar og hvernig sé praktískast að koma þessum verksmiðjum fyrir. Þjóðhagslega séð höfum við, þegar undan eru skildar sjálfar afurðirnar, sjálf úrvinnsla afurðanna úr sjávarútveginum og landbúnaðinum, þá höfum við ekki pláss fyrir venjulega nema eina verksmiðju í hverju af þessu. Ég hef oft tekið dæmi t. d. af nælonsokkaverksmiðju eða einhverju slíku. Það er enginn vafi á því, að ein nælonsokkaverksmiðja eða eitthvað slíkt, sem er sett niður, getur framleitt með þeim vélum, sem hún hefur, ef rétt eru reknar og vel passað upp á, alla þá nælonsokka, sem með þarf á Íslandi. Þegar við ætlum að setja slíka verksmiðju niður, þá er rétt að taka tillit til þess með slíka vöru, að það er alveg sama upp á markaðinn, hvort hún er staðsett á Blönduósi, Sauðárkróki, Akranesi eða Hafnarfirði. Flutningskostnaður er ekki neitt. En fyrir bæi eða smáþorp, sem eru að berjast við atvinnuleysi, getur það þýtt líf eða dauða, hvort slíkar verksmiðjur eru staðsettar þar.

M. ö. o.: okkar þjóðarbúskapur á að vita af því fyrir fram, að við getum á næstu 10 árum kannske komið upp 20—30 verksmiðjum í nýjum greinum, þar sem við vinnum úr útlendum efnum fyrir íslenzkan markað, og þurfum raunverulega bara eina verksmiðju í hverri grein. Það getur verið einn einstaklingur, sem rekur hana, það er alveg sama, hvort það er einstaklingur, samvinnufélag eða hvað það er þannig, en tæknilega séð er það praktískast, að það sé einn aðili og það sé sett niður á einum ákveðnum stað. Ég veit, að það koma einhverjir og fara að syngja um frjálsa samkeppni. Hún er dauð fyrir langalöngu. Og það eru aðeins afturgöngur í Morgunblaðinu, sem reyna að halda þessu við, þar sem kjörorð nútímans er skipulagning á þessum sviðum. Það, sem nútímatæknin heimtar, er skipulagning. Og ef þið ætlið að stofna 10 nælonverksmiðjur fyrir nælonsokka á Íslandi, fáið þið ekki neina frjálsa samkeppni út úr því, heldur þvert á móti. Þið fáið alla ókosti við einokun, margfalt dýrari vöru en ella og ópraktískustu notkun á vélum, sem hægt er að hugsa sér. Þess vegna er það frá sjónarmiði skipulagningar iðnaðarins á Íslandi, bæði þess iðnaðar, sem fyrir er, hvað snertir fyrir innlendan markað, og þess iðnaðar, sem á eftir að koma upp, líka fyrir innlendan markað, þá er það lífsnauðsyn, að þetta sé skipulagt frá upphafi, þannig að það sé ekki nema 1—2 verksmiðjur í hverri grein og undir góðu opinberu eftirliti, vegna þess að menn fá meira og minna einokunaraðstöðu, sem tæknin og skipulagningin í nútímaþjóðfélagi heimtar.

Hvað það snertir hins vegar, þegar um er að ræða okkar framleiðslu fyrir útlendan markað, þá kemur allt annað til greina í sambandi við úrvinnslu úr okkar landbúnaðarvörum, úrvinnsluna úr okkar fiski. Þá náttúrlega þurfum við ótal verksmiðjur. Í fyrsta lagi þurfum við úti um allt land í sambandi við sjávarútveginn hraðfrystihús á hverjum stað. Hins vegar skal taka annað dæmi aftur. Það er molbúaháttur að koma upp t. d. í Ólafsvík tveim hraðfrystihúsum og tveim fiskimjölsverksmiðjum. Svona eiga menn ekki að vinna. Það á að vera ein verksmiðja á hverjum stað. Upp á reksturinn er það það eðlilegasta. Ef menn koma sér ekki saman um, hverjir eigi að eiga þetta, látið þá ríki eða bæ eiga þetta og látið sjómennina og útvegsmennina reka þetta. En að koma upp tveimur verksmiðjum af sama tagi, það þýðir venjulega, að annað fyrirtækið fer á hausinn. Svona var gert á Sauðárkróki. Það þýðir, að annað fer á hausinn á endanum og bær eða ríki eða einhverjir aðilar stórtapa fé á þessu. Þetta er reynslan,

vegna þess að náttúrlega Ólafsvík og Sauðárkrókur þurfa ekki nema eitt hraðfrystihús og eina fiskimjölsverksmiðju, og sjómennirnir fá meira fyrir fiskinn, ef það er bara eitt af hvoru, svo framarlega sem það er ekki beitt einhverri einokun í sambandi við verðið, og þess vegna þyrftu sjómenn og útgerðarmenn sjálfir í raun og veru að hafa allan reksturinn, jafnvel þó að aðilinn, sem ætti þetta, væri það opinbera.

Alveg sama gildir svo, þegar um er að ræða t. d. niðursuðu-, niðurlagningarverksmiðjur og allt annað slíkt. Þar er náttúrlega eins og margt, sem við framleiðum til útlanda, þar er möguleiki fyrir margt. Þá þurfum við á ótal stöðum að hafa þetta, vegna þess að það stendur í sambandi við okkar fisk, þannig að það er alveg tvennt ólíkt, sem við þurfum á að halda í skipulagningu, eftir því, hvort við eigum við íslenzkan iðnað, sem framleiðir fyrir innlendan markað, eða hvort við eigum við íslenzkan iðnað, sem framleiðir fyrir útlendan markað.

Samt verðum við að gá að því, að á vissum sviðum kemur þetta sama spursmál um tæknina og skipulagninguna upp. Við skulum segja eins og spursmálið um kassagerðina. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það hrein vitleysa að ætla að koma upp tveim kassagerðum. Hins vegar, svo framarlega sem okkar ágætu kapítalistar koma sér ekki saman um það, annars vegar þeir, sem fiskiðnað reka, og hins vegar þeir, sem kassagerðina eiga, hvernig eigi að skipta arðinum af þessu og hvaða verð skuli vera þarna á, þá er langbezt að hafa það eins og forðum, þegar var verið að deila um slíkt, að taka af þeim kassagerðina og ríkið reki hana og þeir geti fengið að hafa menn þarna í stjórn til að líta eftir þessu. Tæknin heimtar bara eina kassagerð. Verðlagningin heimtar kannske, að það sé opinber rekstur, og til þess að hann sé praktískur, getur verið eðlilegt, að eigendur hraðfrystihúsa og aðrir slíkir hafi sína fulltrúa einmitt í stjórn slíks fyrirtækis. En við verðum að hugsa iðnaðinn á Íslandi eins og við værum að hugsa út frá einum einasta aðila, þ. e. þjóðinni sjálfri, hvað sé praktískt, hvað samsvari kröfum tækninnar.

Það verðum við að vísu líka að gera hvað hraðfrystihús snertir. Ég hef talað um það áður og skal ekki tala um það aftur, að það var engin þörf fyrir 22 hraðfrystihús á svæðinu frá Sandgerði til Reykjavíkur. Og það var sízt af öllu nokkurt vit að byggja hraðfrystihús langt frá höfninni í Reykjavík, í staðinn fyrir að byggja þau á Grandagarðinum, eins og áætlað var í gamla daga í nýbyggingarráði, og stækka Grandagarðinn og gera hann jafnbreiðan alla leið í land. Það var það eina, sem vit var í. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að draslast með hvern þorskhaus frá 10 upp í 20 km, þegar raunverulega ætti fiskur aldrei að koma á bíl. Dansinn með þorskinn fram og aftur, út á Seltjarnarnes og inn á Klett, er til athlægis fyrir atvinnurekstur. Og svo koma þeir sömu menn, sem standa að þessu skipulagsleysi og stjórnleysi, og heimta árlega stórfé úr ríkissjóði og segja árlega, þegar vinnudeilur eru: Við stöndum ekki undir þessu. — En þeir ætlast til þess, að þjóðfélagið eigi að standa undir allri vitleysunni í skipulagningunni. Við verðum sem sé meira að segja líka í hraðfrystihúsunum að taka tillit til samkeppni.

Ég man það ekki núna, en ég hef sagt frá því hér áður, hvað stórt það hraðfrystihús er, sem Findus er að byggja í Hammerfest og hve vel skipulagt. Og við verðum að gá að því, við hverja við erum að keppa. Við erum að keppa við bezt skipulagða auðhringa í Evrópu, þar sem Findus og Unilever eru, og við verðum að kunna að skipuleggja hér heima og þora að skipuleggja. Meðan við erum að fást við fiskinn úr sjónum, draga hann, þá erum við í toppi alls þess, sem til er í Evrópu, fremstir allra hvað afköst snertir. Og þegar við erum komnir með fiskinn á land, erum við eins og molbúar, drífum hann upp á bíla, dönsum með hann fram og aftur, hálfeyðileggjum hann hvað gæðin snertir og leggjum margfaldan kostnað á hann. Þarna verðum við að taka okkur á, einmitt til þess að geta slegizt við þessa aðila, sem við komum til með að keppa við. Ég held þess vegna, að fyrir skipulagningu iðnaðarins á Íslandi, bæði þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir íslenzkan markað, og þess iðnaðar, sem framleiðir úr okkar landbúnaðar- og sjávarútvegsvörum fyrir útlendan markað, þá sé það lífsspursmál, að við komum heildarskipulagningu á okkar þjóðarbúskap, komum upp miðstöð eins og áætlunarráð á að vera til þess að hafa yfirstjórn á þessu, hvað snertir sumpart hugmyndirnar, sumpart valdið, náttúrlega í samráði við ríkisstj. og Alþingi.

Í þriðja lagi vildi ég aðeins minna á eitt út af þeim umr., sem hér fara fram um vandamál dreifbýlisins. Mannfækkun í dreifbýli, ég skal endurtaka það einu sinni enn þá, hún stafar af því, að lögmál, blint lögmál óhefts peningavalds er látið ráða. Meðan peningavald fær að staðsetja atvinnutæki þar, sem því þóknast, út frá gróðasjónarmiði, þá staðsetur peningavaldið tækin þar, sem gróðamöguleikarnir eru mestir og þar sem þægilegast er að vera og þar sem atvinnurekandinn helzt kýs að njóta þess gróða, sem hann hefur, en það þýðir: í Reykjavík eða þar rétt í kring. Meðan þetta peningavald er látið ráða og þess lögmál óheft, heldur áfram sú þróun, að atvinnutækin safnast til Reykjavíkur og fólkinu fækkar út um allar byggðir landsins. Það, sem þarna þarf að gera, er, að þjóðfélagið sjálft taki í sínar hendur völdin á því, hvar atvinnutækin eru staðsett, eins og gengið er út frá í 3. gr. þessa frv. Þar með getur þjóðfélagið ákveðið að staðsetja þau með það fyrir augum, hvað praktískast sé fyrir þjóðarheildina, líka upp á að ráða byggðaþróuninni á landinu, ráða því, hvar við viljum láta myndast bæi, sem hafa sína 20—30 þús. íbúa, hvar við viljum skapa slíkar miðstöðvar í landinu, hvernig við viljum láta þróunina í byggð landsins verða. Það er staðsetning atvinnutækjanna, sem er undirstaðan að því, hver verður byggðaþróunin. Menn eru stundum að hugsa um, og ég veit, að Framsfl. hefur stundum verið að flytja á þingi frv. um að mynda einhvern sjóð, það eigi að leggja nokkrar millj. eða milljónatugi í einhvern sjóð og veita úr þessum sjóði einhverj-

um, sem vill koma upp einhverju fyrirtæki einhvers staðar úti í dreifbýlinu. Þetta er eins og að kasta snjóboltum í helvíti. Þeir bráðna. Það dugir ekkert í þessum efnum annað en að stjórna þessu frá einni miðstöð, ráða því, hvar maður ætlar að láta byggðina verða. Ég vil í sambandi við þetta minna á það, fyrir utan það, sem ég talaði hér áðan um staðsetningu atvinnufyrirtækja, sem framleiða fyrir íslenzkan markað, sem hægt væri að staðsetja hringinn í kring í dreifbýlinu og hjálpa því þannig, þá vil ég koma ofur lítið og örstutt inn á stóriðjuspursmálið.

Allt það, sem talað hefur verið um stóriðjuna með útlendum efnum, hefur verið tilviljanakennt. Það hefur allt saman eiginlega verið eftir því, hvaða útlendir stórhringar hafa sýnt áhuga á því að vilja t. d. ná í fossafl hjá okkur, við skulum segja eins og alúmíníumhringarnir núna. Hins vegar hefur ekkert í svo að segja miðstöð hér, eins og t. d. í slíku áætlunarráði, verið athugað um aðra möguleika. Ég skal nefna sem dæmi, einmitt ef menn væru að hugsa um stóriðju úr útlendu efni fyrir dreifbýlið, — ég tala ekki um úr íslenzka hráefninu, sem ég álít höfuðatriðið í þessu, ég er búinn að undirstrika það oft, að næsta tímabil hjá okkur verði fyrst og fremst fullvinnslan úr okkar sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum, — en við skulum segja, að við værum að hugsa um, að við þyrftum samt að koma upp stóriðju úr einhverju aðfluttu efni og þyrftum að ráðast í það eftir 5 eða 10 ár eða eitthvað svoleiðis, þá eigum við að rannsaka þetta hér, fá hér sérfræðinga, íslenzkt áætlunarráð til að athuga, hvað tæknilega kæmi hér til greina. Menn tala helzt um eitthvað úr alúmíníum. Vissulega var alúmíníum fyrir 70—80 árum svo dýrt, að það var dýrara en gullmolar, og var sýnt á sérstökum diski fyrir Bretakonunga á þeim tímum, einmitt að það hefði tekizt að framleiða þennan hlut, sem nú er orðinn algengasti hlutur í daglegri notkun. En það er ekki fyrst og fremst þróun alúmíníums, sem hefur tekið stórum stökkum í heiminum nú. Sú bylting, sem er núna í veröldinni í stóriðjuframleiðslu, er fyrst og fremst á einu sviði, og það er svið, sem kallað er á útlendu máli „petrolkemi". Það er efnaiðnaður, sem vinnur úr olíu sem hráefni. Það á ekkert skylt við olíuhreinsunarstöð eða slíkt, heldur það, að olían sjálf er klofin niður í efni, sem hægt er að framleiða úr hvort heldur maður vill nælon, plast, sem maður getur notað í vefnaðarvörur eða sem maður getur notað í það, sem maður nú mundi kalla stálskip eða annað slíkt, þ. e. a. s. í staðinn fyrir stál og annað þess háttar. Og þetta er sá iðnaður, sem hefur tekið langsamlega hröðustu þróun í veröldinni á síðustu 10 árum. Þetta er sú raunverulega stórkostlega iðnbylting, sem þarna er að gerast.

Ef menn væru að hugsa um einhverja stóriðju fyrir utan þá, sem við kæmum upp sjálfir, Íslendingar, úr okkar eigin efnum, okkar fiski og öðru slíku, sem getur áreiðanlega dugað okkur næstu 5—10 árin og lengur, þá held ég, að menn ættu að athuga dálítið með hliðsjón af því, hvaða hráefni er þægilegast fyrir okkur og ódýrast að flytja og hagnýta og hvaða hráefni við gætum unnið mest úr sjálfir. Við skulum segja, að olían er eitt af því allra praktískasta sem hráefni til að flytja eða skipa upp og annað slíkt, einmitt fyrir land, sem er umflotið sjó eins og okkar, og allir bæir við sjóinn. Þannig er olían að mörgu leyti langpraktískasta hráefnið til að vinna úr, og hún skapar okkur hins vegar möguleika til að skapa við hliðina á verksmiðjum, sem framkvæma þennan klofning efnisins, úrvinnsluverksmiðjur í stórum stíl, fullvinnsluverksmiðjur. Það, sem við þurfum fyrst og fremst til þess, er raunveruleg þekking. Ég hef nokkrum sinnum lagt hér til í sambandi við fjárlögin, að við létum nokkra menn fara í það að stúdera þennan efnaiðnað, læra hann. Það hefur því miður aldrei verið samþykkt. Ég ámálgaði þetta í þeirri atvinnumálanefnd ríkisins, sem ég hef átt sæti í og talað hefur verið um. Formaður hennar fór síðan að kynna sér þetta mál og sagðist vera alveg sammála mér um það, að þetta væri eitt af þeim málum, sem þyrfti endilega að taka fyrir. Hins vegar er ekkert gert í svona málum, nema því aðeins að við getum fengið sérfræðinga, sem við getum treyst í þessum efnum, íslenzka sérfræðinga. Og það að framleiða slíka sérfræðinga íslenzka, það tekur 5—6 ár. Ef við ætlum bara að láta nokkra menn, sem við treystum vel, fara að læra þessa hluti og komast helzt inn á laboratorium og annað slíkt erlendis, þá tekur það slíkan tíma.

Það, sem svona áætlunarráð þarf að gera í slíkum efnum, er að hugsa alllangt fram í tímann um þessi efni, bæði hvað mannkraft, hráefni, sérþekkingu og allt annað slíkt snertir. Þetta tilviljanakennda í öllum þessum undirbúningi, ég hef tiltölulega fylgzt vel með því. Ég veit ósköp vel t. d., að menn fóru að tala um alúmíníum bara vegna þess, að tveir ákveðnir menn, raunar báðir framsóknarmenn, höfðu mjög mikinn áhuga fyrir þessu alúmíníumi og settu sig í samband við vissa hringa í Bandaríkjunum í þessu sambandi, og það eru meir en 7 ár síðan það gerðist. En þetta má ekki vera komið undir slíku einkaframtaki einstaklinga. Við þurfum að rannsaka þessa hluti. Það þýðir, að við þurfað hafa eina miðstöðvarstofnun, eina stofnun eins og áætlunarráðið, sem geri þetta.

Ég vildi aðeins minnast á þetta þrennt: Samræmingu áætlananna á hinum ýmsu sviðum, skipulagningu iðnaðarins íslenzka og vandamál dreifbýlisins, til þess að minna á, hve brýnt verkefni það er orðið fyrir Alþingi að samþ. frv. eins og þetta hérna.

Ég vildi svo að endingu setja fram þá aðvörun til hæstv. ríkisstj. og til atvinnurekendastéttarinnar í landinu að daufheyrast ekki eins við þessum málum og þessir aðilar hafa gert fram að þessu. Ég fullyrði, að íslenzk atvinnurekendastétt sé hlutfallslega dýrasta atvinnurekendastétt í rekstri af öllum atvinnurekendastéttum Evrópu. Og ég vil sanna það með því, að hún sé hlutfallslega fjölmennari, atvinnurekstururinn smærri, hver einstakur atvinnurekandi, meira að segja í smáholu, álítur sig helzt vera einhvern stórlax, sem helzt þurfi bæði að eiga sína villu, sinn bíl og annað slíkt, og hann lætur meira eða minna af sinni persónulegu

eyðslu yfir á skattaframtal atvinnurekstrarins, gerir kannske sjálfan sig og atvinnureksturinn meira eða minna skattfrjálsan með því, svo að allt dengist yfir á launþegana. Eyðsla íslenzkrar atvinnurekendastéttar, ég býst við, að allur þorrinn af heldri kaupsýslumönnum finnist þeir þurfa að sigla oft á ári til þess að kaupa inn og annað slíkt, og svo fær maður lélegasta vörusafn, sem til er í Evrópu, þannig að ferðafélögin skipuleggja sérstakar flugferðir til Bretlands, til þess að menn geti keypt inn ódýrara en á Íslandi. Íslenzk atvinnurekendastétt er sú dýrasta í rekstri af öllum atvinnurekendastéttum Evrópu hlutfallslega, m. a. vegna þess, að hún hefur ekki kunnað að skapa og þróa stórrekstur á sama hátt og aðrar atvinnurekendastéttir. Því stærri hins vegar sem reksturinn er, því ódýrari hlutfallslega eru atvinnurekendurnir fyrir þjóðfélagið.

Ég held, að það hafi verið einmitt á aðalfundi Félags ísl. iðnrekenda, sem var sagt frá því nýlega, samkv. skýrslu Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar, þá hefði fjárfestingin á Íslandi verið 28% af þjóðarframleiðslunni, meðan meðaltal annarra auðvaldslanda í Evrópu var 20%, en hagvöxturinn á Íslandi hins vegar 4% á ári, og var það lélegt samanborið við það, sem var úti í Evrópu. Íslenzk atvinnurekendastétt tekur til sín hlutfallslega stærri hluta til fjárfestingar af þjóðartekjunum en nokkur atvinnurekendastétt önnur í Evrópu og skilar lélegri hagvexti af því, — ég undanþigg alltaf sjávarútveginn, — heldur en aðrar þjóðir. Af hverju? Af því að það fer of mikið í vitlausa fjárfestingu af þessu, sem þarna er varið. Ég skal þó taka það fram til að vera fullkomlega sanngjarn, að það eru vissir hlutir hjá okkur á Íslandi, sem eru af eðlilegum ástæðum dýrari alltaf en annars staðar. Við þurfum vandaðri hús, við þurfum að verja meiru til húsbygginga og annars slíks. En jafnvel þótt við tækjum það einvörðungu hvað snertir sjálfan okkar iðnrekstur og annað slíkt, þá er ég hræddur um, að útkoman yrði sú sama. Okkar atvinnurekendastétt hefur lélegustu stjórnina á þjóðarbúskap, sem við höfum í Evrópu, og þetta á ekki að þýða það, að íslenzkir atvinnurekendur yfirleitt séu svona lélegir. Við höfum nokkrar verksmiðjur og nokkur fyrirtæki á Íslandi, sem eru til fyrirmyndar í þessum efnum, sem eru nákvæmlega eins vel rekin og önnur fyrirtæki í sínum greinum. Það gildir bæði með sumt af járniðnaðinum, sumt af fatagerðunum og slíku, en ekki nema sumt. Ég veit, að við höfum tekið stórframförum á vissum sviðum, með viss fyrirtæki, frá 1945. Og samanborið t. d. við fyrirtæki, sem voru meira að segja í Svíþjóð, hefur staðið þannig tiltölulega vel, en sem sé, það eru undantekningarnar. Heildin í þessu er slæmur rekstur.

Það, sem gerir, að ég er að undirstrika þetta, er, að íslenzkur verkalýður ætlar sér ekki að borga fyrir þessa óstjórn. Hann er búinn að gera það nógu lengi. Það er ekki til neins að koma, þegar vinnudeilan kemur, og segja: Þjóðfélagið ber ekki hækkað kaup, atvinnureksturinn þolir ekki hækkað kaup, — en hafa látið það viðgangast, að stjórnin á atvinnurekstrinum væri fyrir neðan allar hellur. Það er gott að hafa sín 22 hraðfrystihús á hringavitlausum stöðum og keyra eins og vitlausir menn í sambandi við þau og koma svo og segja við verkamennina: Ég stend ekki undir þessu kaupi, sem þú vilt fá, þú verður að una við sama kaup og fyrir 20 árum. — En verkamenn vilja bara ekki sætta sig við þetta, og þjóðfélagið á ekki að sætta sig við þetta. Þjóðfélagið á að skapa aðhald til handa atvinnurekendunum í þessum efnum. Það er ákaflega ópraktískt, að allt aðhald að atvinnurekendunum þurfi að fara fram á þann máta, að verkamenn verði að stöðva verksmiðjurnar 1—3 mánuði til þess að kúska þá til að láta undan kaupkröfunum. Það er hringavitlaust fyrirkomulag í einu þjóðfélagi. Þvert á móti, áður en til vinnudeilnanna kemur, á þjóðfélagið að taka þennan atvinnurekstur fyrir og segja: Heyrið þið nú, mínir góðu atvinnurekendur, sem segið í júní á vorin: Atvinnureksturinn ber ekki kaupið, — hvað hafið þið gert til að laga þetta? Nú er nóvember, nú eru 8 mánuðir enn þá eða svo til júní næsta árs. Nú er tíminn til að lagfæra þennan atvinnurekstur. Og þennan tíma á að nota, og ef sá tími er ekki notaður, er það ekki sök verkalýðshreyfingarinnar, ef atvinnurekendurnir segjast ekki vera færir um að bera hærra kaup í vor, þegar að vinnudeilunum kemur.

Við leggjum til, að þetta áætlunarráð sé skipað 9 mönnum, 4 tilnefndir af hverjum núverandi þingflokka, 4 tilnefndir af A.S.Í., Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Það þýðir, að allir þeir pólitísku flokkar og allar höfuðstéttirnar á landinu hefðu aðstöðu til að vinna saman að þessu. Og ég sé satt að segja ekki, hvernig hægt er að þverskallast ár eftir ár við því að verða við þessum kröfum, því að bak við þessar kröfur stendur A.S.Í. líka. Ár eftir ár hefur það á sínum þingum gert samþykktir um þetta. Mér er nær að halda, að raunverulega sé farinn að verða meiri hl. hér á þingi hvað viljann snertir fyrir því að fara inn á eitthvað slíkt. Alþfl. hefur t. d. lengi staðið með þessu. Ég man eftir því fyrir nokkrum árum, að hæstv. menntmrh. kom hér fram út af þessu frv. og sagði við mig: Við erum bara að framkvæma þetta allt saman, sem þú ert að leggja til, Einar. Ríkisstj. ætlar að framkvæma þetta. Það er hreinasta vitleysa af þér að vera með nokkurt frv. — En það hefur ekki orðið sú reyndin. Það eru einhverjar taugar til stjórnleysisins, til hinnar svokölluðu frjálsu samkeppni í þessu enn þá. Og hins vegar hefur mér heyrzt stundum á Framsókn hún vera farin að nálgast þetta eitthvað, þótt hún því miður bæri ekki gæfu til að gera það þegar í vinstri stjórninni, þegar hún hafði valdið til að framkvæma þetta og sprengdi allt þá frekar en að gera slíkt.

Ég vil þess vegna að síðustu segja, að það er núna, sem við eigum að taka höndum saman um að vinna að þessu. Það er of seint í júní í vor. Verkamenn munu gera sínar kröfur um verulega kauphækkun þá, og það verður að verða við þeim, og það er engin afsökun fyrir að verða ekki við þeim. En það er núna, sem við getum hjálpað atvinnurekendunum til að skipuleggja

dálítið skynsamlegar sinn rekstur. Við verðum að hugsa um þjóðarbúskap Íslands sem eina heild, og það er þó lítil heild á heimsmælikvarða séð. Það eru ekki fleiri verkamenn hér á Íslandi en vinna hjá einu stóru sænsku fyrirtæki, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Það þarf að stjórna þjóðarbúskapnum sem einni heild, en innan þeirrar heildar getum við haft öll þau rekstrarform, sem við viljum: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur, ríkisrekstur og hvað sem er. Ég álít það þess vegna ábyrgðarleysi að taka ekki afstöðu til þessa frv. nú. Ég legg til, að það fari til fjhn. Ég legg til, að sú nefnd afgreiði það, það komi í ljós, hvaða afstöðu menn taka til þessa máls. Ég veit að vísu, að það er hægt að svæfa frumvörp, og það hefur lengi verið gert, ekki síst með þetta frv. En verkföllin í vor verða ekki svæfð. Og verkalýðurinn á Íslandi, sem enn þá býr við lægri kjör hvað snertir kaupmátt tímakaups en 1945, hann mun ekki vera viljugur þess að láta sér blæða endalaust fyrir vitlausa og eyðslusama stjórn á þjóðarbúskapnum af hálfu atvinnurekendastéttarinnar.

Skipulagningin á atvinnulífinu er óhjákvæmileg. Það þýðir ekkert að koma til verkalýðshreyfingarinnar og segja: Þjóðfélagið ber ekki þetta og þetta. — Þjóðfélagið ber 20, 30, 40% hærra kaup en það er núna. En það ber ekki þann óskapnað, sem reksturinn á þessu er. Þess vegna er tækifærið núna í vetur, núna í nóvember og desember, til þess að taka ákvarðanir um að stofna til skynsamlegrar skipulagningar á íslenzkum þjóðarbúskap, stærri og betri rekstrar á íslenzkum atvinnufyrirtækjum heldur en verið hefur, og gera þannig atvinnurekendastéttinni íslenzku kleift að komast út úr sínu stjórnleysi og rísa verulega vel undir stórfelldum kauphækkunum hjá verkalýðnum og geta jafnvel kannske um leið lækkað sína vöru, því að það er það, sem hægt er að gera með því að skipuleggja allan iðnaðinn og allan okkar atvinnurekstur af verulegri skynsemi.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. sé vísað til fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Vinnuvernd o. fl.

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. [26. mál] (þmfrv., A. 27).

Á 9. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. var frumflutt á síðasta Alþingi, en hvort tveggja er, að frv. er nýsmíði í íslenzkri löggjöf að mestu leyti og kom tiltölulega seint fram á síðasta Alþingi, og má því heita eðlilegt, að það hlyti ekki afgreiðslu á síðasta þingi. En nú hefur hv. þm. gefizt tóm til að hugleiða efni þess, og væri þess meiri von, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi.

Ég hef tekið það fram í grg., að sitthvað af nýmælum þeim, sem í frv. felast, kunni að orka tvímælis, og hef lýst því yfir og endurtek það hér með, að ég er að sjálfsögðu fús til allra viðræðna og nákvæmari athugunar á slíkum efnisatriðum og meira að segja til viðtals um breyt. á efnisatriðum frv. Hins vegar tel ég svo mikla þörf á, að almenn vinnuverndarlöggjöf hér á landi verði sett, að ég legg á það áherzlu, að hv. alþm. kryfji þetta mál til mergjar og séu viðbúnir þess á öðru þingi, nú þegar það er flutt, að afgreiða það sem lög.

Í vorsamningunum milli Alþýðusambands Íslands, vinnuveitendasamtakanna og ríkisstj. var gefið fyrirheit um það, að á þessu þingi yrði afgreidd vinnuverndarlöggjöf, og má því segja, að það sé samningsatriði milli verkalýðssamtakanna og ríkisstj., að slík löggjöf verði sett. Hitt skal ég fram taka, að það var ekki um það samið, að það verði nákvæmlega þetta frv., sem verði gert að lögum, heldur var gert ráð fyrir því, að hin svokallaða vinnutímanefnd ynni að undirbúningi málsins, og hefur hún gefið út yfirlýsingu um það, að hún muni stefna að því að hafa slíkt frv. tilbúið svo snemma, að það geti hlotið afgreiðslu. Hvort það yrði nýtt frv., sem kæmi fram frá vinnutímanefnd, þá sennilega sem samkomulagsgrundvöllur, eða það yrði þetta frv., sem yrði lagt til grundvallar slíks samkomulags, skal ég ósagt láta. En a. m. k. liggur það augljóst fyrir, að þetta frv. er sá lágmarksgrundvöllur, sem Alþýðusamband Íslands gæti sætt sig við, að því er snertir efni slíkrar lagasetningar sem þessarar.

Þetta frv. er allyfirgripsmikið. Það er í 8 köflum. Efni frv. felst í 7 köflum þess, 8. kaflinn er einungis um gildistöku frv., og efni kaflanna er um það, hvernig aðbúnaður skuli vera í fyrsta lagi á vinnustað, í öðru lagi ákvæði um vinnutíma og vinnutilhögun alla, í þriðja lagi sérstök ákvæði um vinnu kvenna. Og þá er næsti kafli sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Í sambandi við hann er kannske ástæða til að minna á það, að í frv., sem gerð var grein fyrir hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum, var kafli um vinnuvernd barna og unglinga. Það var í frv.-bálkinum um barnavernd, sem fyrst og fremst fjallar um siðferðileg vandamál ungmenna og eftirlit og vernd frá ríkisvaldsins hendi í sambandi við slík vandamál, en að engu leyti um vinnutíma barna eða þátttöku þeirra í atvinnulífinu. Það var líka tekið fram af höfundum þessa frv., sem var milliþn., að þeim væri það kunnugt, að erlendis væru slík lagaákvæði ekki í almennri barnaverndarlöggjöf, heldur í almennri löggjöf um vinnuvernd, og töldu það réttilega orka tvímælis. Ég tel, að slík lagaákvæði sem þar voru eigi heima í löggjöf sem þessari, sem hér um ræðir, en alls ekki í hinni almennu barnaverndarlöggjöf. Þau ákvæði eru

allt annars eðlis, og sú löggjöf fjallar ekki um vandamál barna og unglinga í sambandi við þátttöku þeirra í hinu almenna atvinnulífi.

Næsti kaflinn í þessu frv. er svo um greiðslu vinnulauna. Um þau efni eru ákvæði í gildandi löggjöf og eru aðeins ákvæði þessa kafla nokkru fyllri og þær viðbætur, sem eru frá gildandi löggjöf, aðallega byggðar á reynslu hins vinnandi fólks í sambandi við greiðslu vinnulauna, um meðferð þeirra mála, sem betur mætti fara.

Þá er sjötti kaflinn um uppsagnarfresti, sjöundi kaflinn um refsiákvæði vegna brota á þessari löggjöf og að lokum sá áttundi um gildistöku laganna.

Ég veit ekki, hvort það hefur nokkra verulega þýðingu að flytja langt mál til skýringar þessu frv. Ég gerði nokkuð ræki lega grein fyrir því á síðasta þingi og hygg, að örlög málsins velti miklu fremur á því, hvernig afstöðu þingmenn taka til þeirra hugmynda, sem í frv. felast við *nákvæma skoðun og athugun á því, og í öðru* lagi ef til vill því, hvaða samkomulag kann að verða gert hér í þinginu um framgang löggjafar í einhverri mynd um almenna vinnuvernd og önnur þau atriði, sem í þessu frv. felast.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og legg til, að frv. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Hafnargerðir.

Á 7. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um hækkun ríkisframlags til hafnargerða [36. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það mun hafa verið árið 1958, sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að láta í samráði við vitamálastjóra endurskoða gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar *við hafnargerðir milli ríkis og* sveitarfélaga. Enn fremur var í þál. gert ráð fyrir að endurskoða lög um landshafnir og ýmis önnur atriði laga um hafnargerðir, er ástæða þætti til að breyta að fenginni reynslu, og sömuleiðis var þar samþykkt, að gerð skyldi 10 ára áætlun um hafnarframkvæmdir.

Ríkisstj. fól á sínum tíma atvinnutækjanefnd, er þá var starfandi, ásamt vitamálastjóra að framkvæma þetta verk. Ég ætla, að það hafi verið haustið 1961, sem þessu verki var lokið og ríkisstj. þá afhent frv. til nýrra hafnarlaga og sömuleiðis áætlun sú, sem ég nefndi áðan. Nú hefur ekki orðið af því enn þá, að ríkisstj. hafi lagt fyrir Alþingi frv. til nýrra hafnarlaga. Frv. það, sem samið var á sínum tíma, hefur verið í athugun síðan hjá ríkisstj. eða hlutaðeigandi ráðuneyti. Það hefur sem sé ekki orðið af því enn þá, að það eða annað frv. til nýrra hafnarlaga yrði lagt fram, en vera má, að það verði gert.

Hins vegar virðist okkur flm. þessa frv., að þó að ekki sé samþykkt ný heildarlöggjöf á þessu sviði, þá sé orðið aðkallandi að breyta a. m. k. til bráðabirgða, þangað til ný hafnarlöggjöf yrði sett, sumum ákvæðum í hafnarlögum. Og það, sem við eigum við í því sambandi, eru ákvæðin um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkisins og hafnarsjóðanna eða þeirra sveitarsjóða, sem standa að hafnargerð á hverjum stað. Og frv. það, sem við höfum lagt fram á þskj. 37, fjallar eingöngu um þetta atriði. Ef það frv. yrði að l., gerum við ráð fyrir, að það mundi verða í gildi ásamt hinum eldri hafnarlögum, þangað til *hér á Alþingi yrði sett ný heildarlöggjöf*, sem mætti þá fella inn í þau ákvæði, sem í þessu frv. felast, eða önnur ákvæði.

Samkv. gildandi lögum er skiptingin á kostnaðinum milli ríkisins og hafnarsjóðanna yfirleitt þannig, að hlutaðeigandi hafnarsjóður eða sveitarfélag, sem þarna á hlut að máli, á að leggja fram 60% af kostnaðinum, en ríkið 40%. Frá þessu eru undantekningar í sambandi við þau hafnarmannvirki, sem ekki hafa kostað meira en tiltekið er í l., en þá er hluti ríkisins nokkru meiri eða 50%. En hin almenna regla er þetta, að hafnarsjóðirnir leggja fram 60% og ríkið 40%.

Við erum þeirrar skoðunar, að þessu verði að breyta. Það hefur sýnt sig, að mjög víða eru hafnarsjóðirnir eða sveitarfélögin ekki þess megnug að standa undir þeim skuldum, sem á *þeim hafa hvílt vegna mannvirkjagerðar*. Fjár til þess að greiða hluta hafnarsjóðanna hefur að jafnaði verið að verulegu leyti aflað með lántökum, og ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir lánunum. Þegar hafnarsjóðirnir hafa svo ekki getað greitt af lánunum vexti og afborganir, þá hefur ríkissjóður orðið að greiða, og á þann hátt hafa safnazt fyrir skuldir, sem í seinni tíð hefur verið reynt að semja um á þann hátt. að hafnarsjóðirnir hafa undirritað ný skuldabréf. En í raun og veru er það ekki nein lausn á þessu máli. Sannleikurinn er sá, að mjög víða er svo ástatt, að það er engin von til þess, að hlutaðeigandi byggðarlag geti staðið undir það miklum hluta af hafnargerðarkostnaðinum, sem því er ætlað að bera, a. m. k. ekki á meðan mannvirkjum er ekki lokið. Það er nú svo víða hér á landinu, að þessi hafnarmannvirki eru í smíðum. Þeim er að meira og minna leyti ólokið, og meðan svo er, er ekki að búast við því, að þau hafi þau áhrif til eflingar atvinnulífi á hlutaðeigandi stöðum, sem til þess þarf, að von geti verið til þess, að hafnarsjóðirnir hafi tekjur til að standa undir verulegum skuldbindingum. Það er því skoðun okkar, að það sé miklu réttara að breyta hér til og að ríkið taki beinlínis að sér að greiða stærri hluta af hafnargerðarkostnaðinum og yrði það þá e. t. v. til þess, að minna yrði um það, að hafnarsjóðir gætu ekki greitt af lánum, og einnig mundi það að sjálfsögðu létta undir með hafnarsjóðum eða

sveitarfélögunum við þessar framkvæmdir almennt.

Í núgildandi lögum um hafnargerðir og lendingarbætur eru taldir upp þeir staðir, þar sem gert er ráð fyrir að ríkið leggi fé fram til hafnareða lendingarbóta, að því tilskildu, að framkvæmdir séu samþykktar af vitamálastjóra. Þessar framkvæmdir eru í 1. greindar í tvennt, annars vegar það, sem kallað er í 1. hafnir, og það, sem kallað er í 1. lendingarbætur. Hafnirnar eru alls samkv. l. 35, en lendingarbætur 78, að ég ætla, þannig að hér er samtals um 113 staði að ræða, sem taldir eru upp í hafnarl. Hins vegar fer því fjarri, að um hafnar- eða lendingarbótaframkvæmdir hafi verið að ræða á öllum þessum stöðum. Þeir staðir eru allmargir, þar sem aldrei hefur verið framkvæmt neitt, og á sumum stöðunum hafa framkvæmdir ekki verið miklar. En eigi að síður, þótt e. t. v. megi telja, að tilgreindir séu í l. fleiri staðir en líklegt sé að hér komi til álita í reynd sem hafnarstaðir, þá eru þær hafnir eigi að síður mjög margar, sem þarf að byggja hér á landi. Og það er víst óhætt að segja það, að í ákaflega mörgum byggðarlögum er það beinlínis eitt frumskilyrði fyrir eflingu atvinnulífs, að unnt verði að koma upp sæmilega viðunandi höfnum. Landsbyggð er nú þannig hér á landi eða hefur þróazt þannig á síðustu öldum, að myndazt hafa þéttbýlisstaðir við firði og víkur, þar sem helzt eru hafnarstæði og mið nálæg, og þessir hafnarstaðir eru víðast eins konar miðstöðvar eða það, sem menn nú vilja kalla þéttbýliskjarna, í hlutaðeigandi byggðarlögum. Það er mjög mikilsvert fyrir landsbyggðina, að þessir staðir eflist og verði ekki fyrir áföllum, að þar eigi sér ekki stað hnignun í atvinnulífinu, sem verður til þess að fólk flyzt brott, því að þá er byggðarlagið allt í hættu. En þetta, að atvinnulíf og byggð eflist á þessum stöðum, er víða ákaflega mikið komið undir hafnarmannvirkjunum. Það er nú svo, að það má segja, að nokkuð víða séu hafnirnar vel á veg komnar. En víðast hvar er það samt svo, að mikið vantar á, að þær séu komnar í það horf. sem gert hefur verið ráð fyrir, og annars staðar eru þessi mannvirki skammt á veg komin.

Í sambandi við þessa þörf á hafnargerð almennt hér á landi teljum við flm. í sjálfu sér þörf meiri aðgerða en felast í þessu frv., t. d. að meiri möguleikar verði skapaðir til útvegunar lánsfjár almennt og að öðruvísi fyrirkomulag yrði upp tekið en það, sem er nú í þeim efnum. En við höfum ekki tekið til meðferðar að þessu sinni nema þetta eina atriði, sem er líka mest aðkallandi, og um það fjallar frv.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að lokinni þessari umr., að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. frsm. þessa máls, að árið 1961, í árslokin, skilaði nefnd, sem sett hafði verið til að athuga þessi mál, áliti, sem síðan hefur verið til athugunar í samgmrn. Ég vildi aðeins skýra frá því, að þó að nokkur dráttur hafi orðið á því að bera frv. fram hér um þessi atriði, þá er það ekki vegna þess, að rn. hafi gefið málið frá sér á neinn hátt, heldur hefur það verið til athugunar hjá ýmsum aðilum, sem þetta mál snertir, og rn. hefur ekki enn þá gengið frá því á þann hátt, að það væri tilbúið til að leggja fram um það frv., en að því hlýtur að draga innan mjög skamms tíma. En ég vildi aðeins segja frá því, í hverju þeir erfiðleikar liggja fyrst og fremst, sem hafa orðið þess valdandi, að um þetta hafa þurft að fara fram allvíðtækar umr.

Ég vildi segja, að í fyrsta lagi væru erfiðleikarnir þeir, að möguleikar sveitarfélaganna til þess að taka þátt í kostnaði við þessa mannvirkjagerð eru mjög mismunandi. Þeir eru allt frá því að vera, ef ég svo má segja, engir upp í það að geta sæmilega vel staðið undir kostnaðinum í þeim hlutföllum, sem gert er ráð fyrir með núverandi hafnarlögum, þ. e. a. s. að viðkomandi sveitarfélag standi undir 60% af kostnaðinum, en ríkissjóður greiði 40%. Sumar hafnir komast vel af með þessa skiptingu á kostnaðinum og geta staðið undir sínum hluta. Aðrar hafa aftur litla eða enga möguleika til að gera það, en hafa þó svo sannarlega þörf fyrir framkvæmdina. Það er og verður sjálfsagt erfitt að „gradera“ þessi framlög heimabyggðarinnar, svo að öllum líki, en það þarf samt að gera, til þess að þeim sé ekki ofboðið á neinn veg með hóflegri mannvirkjagerð, og ekki heldur hitt, að þau noti ekki það fé, sem inn kemur í hafnarsjóðinn, til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þeim eru ætluð. Möguleikarnir í þessu efni eru mjög mismunandi hjá hinum ýmsu stöðum, og ég tel mig hafa séð fram á, að það sé ekki hægt að hafa alla undir sama hatti. Það er ekki langt síðan, það eru aðeins nokkrir dagar, að til mín barst málaleitun um það að beita mér fyrir því, að fé yrði veitt á fjárl. til lendingarbóta á stað, sem hér er ekki langt í burtu, þ. e. a. s. ekki alveg í næsta nágrenni, en þeirri beiðni fylgdi það, að heimabyggðin mundi ekki geta greitt til þessara framkvæmda einn einasta eyri, og ég hygg, að það sé rétt, því að þar er aðeins um lítið sveitarfélag að ræða með örfáum íbúum. Þetta er eitt af því fyrsta, sem þarf að taka til athugunar og reyna að fá einhvern mælikvarða á, eftir því sem mögulegt er, og það hefur valdið nokkrum erfiðleikum að finna hann, þó að ég vilji engan veginn segja, að það sé útilokað að gera það, en það verður að gera það, þó að sjálfsagt líki ekki öllum sú niðurstaða, sem fæst eða verður gerð till. um.

Annað atriði, sem er líka ákaflega þýðingarmikið í þessu sambandi, er, að hinar ýmsu gerðir hafnarmannvirkja gefa af sér mismunandi tekjur. Sum hafnarmannvirki gefa tekjur mjög fljótlega, eins og viðlegupláss og þess háttar. Þau skila fyrst af öllum hafnarmannvirkjum þeim tekjum, sem ætla má að nægi til þess, að heimabyggðin geti staðið undir sínum hluta. Aftur eru önnur mannvirki, sem engar tekjur gefa, við skulum segja eins og öldubrjótar, eins og dýpkun yfirleitt, þó að hana megi náttúrlega sums staðar taka í samhengi með viðlegubryggjum, en yfirleitt eru dýpkunarframkvæmdir þannig, að það er ekki hægt að reikna af þeim sérstaklega nein hafnargjöld. Þetta gerir það að verkum, að það

er ekki auðvelt að setja þessi hafnarmannvirki öll undir sama greiðsluhlutfall úr ríkissjóði, enda kom það fram í till. atvinnutækjanefndar, að hún lagði til, að ríkisframlögin yrðu nokkuð mismunandi eftir því, hver mannvirkin væru, sem kæmu til framkvæmda. Þá hefur enn torveldað framkvæmdir, vil ég segja, að ríkissjóður hefur verið mjög á eftir með greiðslu á sínum hluta og hefur safnazt fyrir ógreiddur hali, sem hefur valdið byggðarlögunum talsverðum erfiðleikum. Auk vaxtagreiðslna af þessum upphæðum hefur líka leitt af þessu, að sveitarfélögin hafa ekki getað aflað sér þeirra nauðsynlegu lána, sem þau hefðu þurft að gera til þess að koma verkunum í framkvæmd. Nú hefur að verulegu leyti úr þessu rætzt, eins og hv. alþm. hafa séð, þar sem lagt er til á fjárlagafrv. núna, að það verði veittar af greiðsluafgangi ársins 1963 20 millj. í því skyni að greiða upp í ógreiddar eftirstöðvar ríkissjóðs af hafnargerðarkostnaði. Þessi upphæð hjálpar áreiðanlega mjög verulega til og gerir það að verkum, að ógreidda upphæðin úr ríkissjóði verður orðin tiltölulega miklu minni en hún var og ekki meiri en svo, að vel má hugsa sér, að sjáist fyrir endann á henni innan ekki mjög langs tíma.

Þetta eru þeir aðalerfiðleikar, sem við hefur verið að fást í sambandi við greiðslu hafnargerðarkostnaðarins, bæði vanmáttur ýmissa sveitarfélaga, mismunur í mannvirkjum og ógreidd framlög ríkissjóðs. Þetta verður sjálfsagt allt tekið til meðferðar í væntanlegu frv. að nýjum hafnarlögum.

Þá hefur vitamálaskrifstofan gert 10 ára áætlun um framkvæmdir, og er höfð hliðsjón af þeirri áætlun um þau mannvirki, sem ákveðið er að byggja nú á hverjum tíma.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að framlag ríkissjóðs verði hækkað úr 40% upp í 65% á fyrstu 3 millj., sem varið er til hafnargerðarkostnaðar. En mér skilst þá, að það, sem umfram kynni að verða 3 millj., verði áfram greitt á sama hátt og nú er gert, með 40% úr ríkissjóði og 60% frá viðkomandi sveitarfélagi. Þetta er sjálfsagt hugsað sem bráðabirgðalausn og sem slíka hef ég sjálfsagt út af fyrir sig ekkert við hana að athuga, en ef okkur tækist að koma hafnarlögunum fram núna eða leggja fram hafnarlagafrv. tiltölulega fljótlega, vildi ég, að þau yrðu tekin til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls eða réttara sagt, þetta mál yrði tekið fyrir í sambandi við afgreiðslu þess, ef þessar bráðabirgðaráðstafanir þá reynast nauðsynlegar, eftir að það hefur verið lagt fram.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra það af munni hæstv. ráðh., að hafnarlögin séu í athugun hjá rn. og trúnaðarmönnum þess. Og ég skildi hans ummæli á þá leið, að fyrr eða síðar sé að vænta frá ríkisstj. frv. til nýrra hafnarlaga. Ég vildi þá mega vænta þess, að ef dráttur verður á því, að frv. komi fram, þá geti tekizt samstarf milli okkar flm. þessa frv. og hæstv. ráðh. um framgang þessa frv., sem hér liggur fyrir, því að það er aðkallandi að breyta ákvæðunum um kostnaðarhlutföllin.

Það getur verið, að ég hafi misskilið hæstv. ráðh., en mér virtist, að hann hefði lagt þann skilning í frv., sem ekki er í samræmi við efni þess, eins og sjá má af grg. frv. Skal ég þess vegna skýra nokkru nánar það, sem frv. fjallar um, en ég fór ekki langt út í það í framsöguræðu minni áðan.

Frv. er um það, að framlag ríkisins til þeirra mannvirkja, sem þar eru talin, verði 65%, en framlag hafnarsjóðanna 35%. Auk þess gildir þessi regla um þá staði, þar sem framkvæmdakostnaður er enn ekki kominn fram úr 3 millj. kr. Hér er í raun og veru aðeins um að ræða breytingu á ákvæði, sem þegar er í hafnarlögum, það er sem sé ákvæði í hafnarlögum um það nú, að á stöðum, þar sem framkvæmdakostnaður er ekki kominn yfir 1.6 millj. kr., skuli hluti ríkisins vera hærri en til annarra staða. Og það er þetta ákvæði, sem við tökum þarna upp, en setjum í frv. 3 millj. í staðinn fyrir 1.6 millj., þannig að ákvæðið nær til staða, þar sem framkvæmdakostnaðurinn er ekki kominn í nema 1.6 millj. kr. En ég geri ráð fyrir því, að það sé ljóst eða geti verið ljóst, að þannig getur staðið á á sumum stöðum, að þar sé verið að byrja á lendingarmannvirkjum og þá ekki að öllu leyti einmitt á þeim mannvirkjum, sem annars eru nefnd í frv., það sé ekki verið að byggja hafnargarð eða bátakví eða afgreiðslubryggju, eða að um dýpkun sé að ræða. Það getur verið um framkvæmdir af öðru tagi að ræða. Og ég hef einmitt ákveðna staði í huga, þar sem lendingarbótaframkvæmdir eru með öðru móti að nokkru leyti, og við það á þessi málsl. um það, að 65% reglan skuli ná „enn fremur til fyrstu framkvæmda á hverjum stað", auk þess sem hún nær til þeirra mannvirkja fyrst og fremst, sem tilgreind eru í frvgr.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, enda þekkir hann manna bezt til þessara mála, ekki aðeins sem hafnarmálaráðh., heldur sem embættismaður ríkisins um áratugi á þessu sviði, — alveg rétt hjá honum, að geta hafnarsjóðanna til þess að standa straum af stofnkostnaði, sem taka verður að láni, er mjög mismunandi. Ég ætla, að í hafnarlögunum sé e. t. v. gert ráð fyrir vissum möguleika til að taka tillit til þessa mismunar. En ákvæði frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 37, er einmitt við það miðað, að þátttaka ríkisins sé mest og á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, í sambandi við hin nauðsynlegustu mannvirki, þau mannvirki, sem í raun og veru má kalla undirstöðumannvirki í hverri höfn, og við gerum þá auðvitað ráð fyrir því, að þegar slíkum mannvirkjum er lokið, þá taki okkar frv. ekki til þeirra mannvirkja, sem síðar koma. T. d. ef byggðar eru stærri hafnarbryggjur með lengri leguköntum en gert er ráð fyrir í frv., þá gildi um það hinar almennu reglur hafnarl. Mundi þetta þá í reyndinni verða þannig, að þeir staðir, þar sem mikið er um að vera, ef svo mætti segja, og tekjumöguleikar mestir og þá af eðlilegum ástæðum og öðrum fremur mundu leggja út í það að byggja út hafnirnar, auka hafnarmannvirkin, mundu ekki falla undir þessi ákvæði, sem hér er um að ræða, með þau mannvirki, heldur aðeins með undirstöðumannvirkin. Með þessu er

í rauninni að nokkru leyti haft í huga það sjónarmið, sem hæstv. ráðh. skýrði hér frá áðan. Það er alveg rétt, að hafnarmannvirki eru misjafnlega fljót að skapa tekjuauka fyrir hafnarsjóðina. Og það er líka rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að möguleikar sumra staða til þess að leggja fram fé til hafnarmannvirkja eru mjög litlir. Ég get ákaflega vel trúað því, að einhver sveitarstjórn hafi komið til hans og sagt, að hún þyrfti að bæta hjá sér hafnarskilyrðin, en hefði í raun og veru ekki peninga til að leggja fram til þess. Ég er ekki svo mjög undrandi yfir þessu, því að ég veit, að það er víða svo og líka mjög eðlilegt, að sveitarfélög hafa í raun og veru mjög lítið eða stundum ekkert fé haft til slíkra framkvæmda, heldur orðið að taka það að láni. Þetta er náttúrlega mjög skiljanlegt, þegar athugað er annars vegar, hve dýr þessi mannvirki eru, — þetta eru yfirleitt milljónafyrirtæki, — og hins vegar, hve litlir tekjuöflunarmöguleikar hinna fámennari sveitarfélaga eru. En það er von manna á þessum stöðum, sem vilja ráðast í hafnarframkvæmdir, og það er von okkar allra, sem höfum áhuga á því, að hafnarframkvæmdir verði sem mestar í landinu, að þessar framkvæmdir, þegar þeim er lokið, hafi í för með sér eflingu atvinnulífsins, beina eða óbeina, á hverjum stað og að þá muni um leið tekjur hafnarsjóðanna aukast meira eða minna og þeir verða a. m. k. betur færir um að standa straum af stofnkostnaði hafnanna heldur en þeir eru, á meðan þær eru í smíðum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vildi, af því að mér fannst vera tilefni til þess, skýra nánar efni frv., en annars segja það, að það gleður mig, að þetta mál í heild skuli vera í athugun á vegum ráðuneytisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Menntaskóli Vestfirðinga.

Á 10. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði [44. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Um efni þessa frv. þarf ég ekki að vera fjölorður, sökum þess að nákvæm grein hefur verið gerð fyrir efni þess átta sinnum hér á hv. Alþingi, og ættu því hv. alþm. að vera farnir að kannast við efni þess. Í fáum orðum má þó segja, að efni þessa frv. er mjög sniðið eftir efni þeirra l., sem í gildi eru um hinn almenna menntaskóla í Reykjavík. Í frv. eru gerðar mjög svipaðar kröfur til náms og kennslu í skólanum, deildaskipting í honum fyrirhuguð á sama hátt og sömu prófkröfur og gerðar eru til nemenda menntaskóla, sem ganga skulu undir stúdentspróf í hinum almenna menntaskóla og menntaskólanum á Akureyri og öðrum þeim skólum, sem rétt hafa til að brautskrá stúdenta. Meginefnið er sem sé alveg hliðstætt við ákvæði l. um hinn almenna menntaskóla. Um efni þess tel ég ekki ástæðu að fara fleiri orðum af þeirri ástæðu, sem ég í upphafi máls míns gat um.

Um flutning málsins fram að þessu vil ég aðeins rekja nokkrar helztu staðreyndir, en þær eru á þá leið, að í fyrstu er frv. flutt í hv. Ed. af mér og þáv. hv. þm. Norðmýlinga, Páli Zóphóníassyni. Það mun hafa verið á þinginu 1946. Málið fékk ekki afgreiðslu. Og árið eftir, 1947, var það flutt á ný af sömu flm., og var það í bæði þessi skipti breyting við menntaskólalögin á þann veg, að í landinu skyldu vera fjórir menntaskólar, þ. e. í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði og að Eiðum. Einnig fluttum við þetta frv. í þriðja sinn, sömu flm., á þinginu 1948. Svo liggur málið niðri um skeið, en á þinginu 1959 er málið flutt í fyrsta sinn í því formi, sem það liggur nú fyrir hv. Alþingi, þ. e. sjálfstætt frv. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Flm. voru þá Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson og Sigurður Bjarnason eða m. ö. o. þeir þm. Vestfjarðakjördæmis, sem þá áttu sæti í Nd. Alþingis. Síðan hefur málið verið endurflutt og flm. ávallt verið þeir Vestfjarðaþm., sem sæti eiga í Nd. Alþingis, nú síðast þeir Sigurvin Einarsson og Matthías Bjarnason í viðbót við fyrri flm. En ávallt hefur flutningi frv., síðan það var flutt fyrst í þessu formi, verið hagað þannig, að því hefur verið yfirlýst, að að málinu stæðu einnig þm. Vestfjarða í hv. Ed. og þar með stæðu allir Vestfjarðaþm. að baki þessu máli.

Þetta er saga málsins, og má af því sjá, að svo hefur hér til tekizt, að eikin hefur ekki fallið við fyrsta högg. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þannig vaxið, að hverjir sem sæti eiga á Alþingi í umboði Vestfirðinga, þá eigi málið svo mikil ítök í vilja kjósendanna á Vestfjörðum, að það verði ekkert undanfæri fyrir Vestfjarðaþm. að flytja þetta mál á Alþingi, þangað til það verður afgreitt héðan sem lög. Vestfirðingar telja sig ekki aðeins vera að fylgja hér fram sér mjög þýðingarmiklu og nauðsynlegu máli, heldur telja þeir sig eiga jafnréttiskröfu við aðra landsmenn um það, að efnilegir námsmenn á Vestfjörðum eigi þess kost að njóta stúdentsmenntunar og fá þannig undirbúningsnám undir háskólanám heima á Vestfjörðum.

Þegar málið var fyrst flutt, var aðeins einn menntaskóli í Reykjavík. Það var hinn almenni menntaskóli, fyrrum nefndur hinn lærði skóli eða latínuskólinn. Það virtist lengi vera skoðun hv. alþm., að þjóðin hefði ekki neina þörf fyrir fleiri menntaskóla, almenni menntaskólinn í Reykjavík fullnægði þörfinni. A. m. k. var þetta upp á teningnum fyrir 1920, þegar þm. Norðlendinga hófu að berjast fyrir menntaskóla Norðlendinga á Akureyri. Það mál var margflutt, fyrir því var þvælzt og vafizt af alþm. lengi, en málið

var flutt hvað eftir annað, þangað til það loks náði fram að ganga. Helztu rökin, sem fram voru borin gegn menntaskólamáli Norðlendinga, voru þau, að það væri ekki þörf nema fyrir einn menntaskóla og það færi langbezt á því, að þeir væru allir brautskráðir í Reykjavík. Sumir héldu því fram, að það væri ekki hægt að fá kennarakost til Akureyrar, norður í land, til þess að halda þar uppi stúdentafræðslu. En öll þessi rök, sem flest voru sýndarrök og önnur á misskilningi byggð, ultu þó um koll og menntaskóli Norðlendinga sigraði, það varð til annar menntaskóli í landinu. Og það sýndi sig brátt, að það var full þörf á því, að menntaskólarnir væru tveir.

Þegar menntaskólarnir voru orðnir tveir og nokkur ár liðin þar frá, leið ekki á löngu, áður en það varð skoðun manna, að það væri þörf á því að stofna til hins þriðja menntaskóla í landinu, og það var gert með nokkuð sérstökum hætti, sem virðist benda til þess, að þörfin hafi verið talin ákaflega aðkallandi og brýn. Það gerðist nefnilega á þann hátt, að þáv. menntmrh. gaf út ráðherrabréf, er heimilaði einum skóla í Reykjavík, Verzlunarskóla Íslands, að mega brautskrá stúdenta. Þannig varð þriðji menntaskólinn í landinu til, alveg óefað og tvímælalaust fyrir mjög brýna og aðkallandi nauðsyn, því að ef málinu hefði ekkert legið á, hefðu aðstandendur málsins vafalaust gefið sér tóm til þess að láta málið fara gegnum Alþingi Íslendinga og stofna hann að lögum, eins og áður hafði verið gert um hina tvo menntaskólana. En þarna var þá kominn annar menntaskóli í Reykjavík, og hann starfar enn og hefur brautskráð marga stúdenta, og er mér ekki kunnugt um annað en stúdentar frá honum hafi þótt jafnhlutgengir í þjónustu þjóðarinnar sem menntamenn og stúdentar frá hinum tveimur menntaskólunum, sem starfa samkv. settum lögum. Með þessu var að fullu viðurkennd nauðsyn þess að fjölga menntaskólum.

Og enn verður engum stoðum undir það rennt, að offramleiðsla stúdenta sé hjá íslenzku þjóðinni, námskröfur hafa vaxið svo, kröfur til menntunar hafa vaxið svo, að ekki verður um það deilt, að stúdentsmenntun er nokkuð almenn undirbúningsmenntun undir hvers konar framhaldsnám og að mörgu leyti alveg bundið því, að menn fái leyfi til að stunda háskólanám, að þeir hafi áður stúdentspróf. En hér var ekki látið staðar numið. Nú komu upp kröfur um það, að það væri ekki rétt og þjóðhollt, að allir menntaskólar landsins væru í Reykjavík og í kaupstöðum landsins, heldur mundi það vera réttara, að næsti menntaskóli, sem komið yrði á fót, yrði í sveit. Og um þá kröfu fylktu sér margir alþm. og þá ekki sízt sunnlenzkir þm. og höfðu það fram, að stofnaður var menntaskóli í sveit og hann staðsettur á Suðurlandi. Þar með höfðu þá Norðlendingar og Sunnlendingar fengið menntaskóla og Reykvíkingar tvo.

Nú líður nokkur tími og áfram er haldið að flytja það mál, að Vestfirðingar og Austfirðingar eigi báðir nokkurn rétt á því, að þar verði reistur menntaskóli, og málið flutt á Alþingi, eins og ég hef gert grein fyrir. En á meðan þetta mál er margflutt og túlkað í sölum Alþingis, er á það fallizt, að enn þá sé þörf fyrir nýjan menntaskóla og hann í Reykjavík. Og það er ekki langt síðan Kennaraskóla Íslands var með l. heimilað að brautskrá stúdenta og þar með honum veitt að nokkru leyti, auk síns upprunalega hlutverks að brautskrá kennara, einnig það hlutverk að brautskrá stúdenta. Þannig er það þá staðreynd, sem öllum Reykvíkingum hlýtur að vera kunn og landslýðnum ætti að vera kunn, ef blekkingum væri þar ekki beitt, að það er ekki aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, heldur eru þeir þrír. Þeir eru þrír, sem brautskrá stúdenta, og þegar nú er hreyft því máli að bæta við menntaskóla í Reykjavík, þá væri það sá fjórði í Reykjavík, en ekki annar, eins og birt er í blöðum fyrir fólkið úti á landsbyggðinni. Í dag er í einu af dagblöðum borgarinnar með feitu letri sagt, að menntaskólar í Reykjavík skuli verða tveir. En þeir eru fyrir, hinn almenni menntaskóli, Verzlunarskóli Íslands, sem hefur heimild til að brautskrá stúdenta, og Kennaraskóli Íslands, sem einnig hefur heimild til að brautskrá stúdenta. Samkv. íslenzkri málvenju er sá skóli, skóli með menntaskólaréttindi, lærður skóli, sem undirbýr menn til háskólanáms og útskrifar nemendur sína með stúdentsprófi, það er menntaskóli að íslenzkum skilningi. Ég felli mig því fremur illa við það, að slíkar blekkingar séu í frammi hafðar, að það sé nú verið að breyta l. um hina almennu menntaskóla á þann veg, að það megi verða tveir menntaskólar í Reykjavík, af því að sannleikurinn er sá, að það er verið að breyta menntaskólal. á þann veg, að hér bætist við fjórði menntaskólinn í Reykjavík, áður en Austfirðingar og Vestfirðingar fái sína menntaskóla.

Ég hygg, að flestum alþm. sé ljóst, að það fer varla gegnum Alþingi á einu þingi að stofna þrjá menntaskóla, þann fjórða í Reykjavík og svo vestfirzkan og austfirzkan menntaskóla, og ég leyfi mér því að halda því fram, að það sé veila í heilindunum við málstað Austfirðinga og Vestfirðinga að hamra jafnframt á því á sama þingi að bæta við fjórða menntaskólanum í Reykjavík, enda er fólkinu úti á landsbyggðinni ekki kunngert, að það standi til að bæta við fjórða menntaskólanum í Reykjavík, heldur að menntaskólarnir í Reykjavík verði tveir.

Nú gæti það verið, að það væri skoðun manna, að það, sem væri mest aðkallandi í landinu, væri að bæta við fjórða menntaskólanum í Reykjavík, og þá eiga menn að segja það og láta það berast út um landsbyggðina líka, að það væri afstaða manna. En hins vegar fer ég ekki dult með þá skoðun mína og hygg, að ég tali fyrir munn allra okkar flm., að við teljum þörf á auknu skólarými á menntaskólastiginu og við teljum, að þar sem Reykjavík er með þrjá skóla af þessari tegund, Sunnlendingar hafa sinn stúdentaskóla og Norðlendingar sinn, en Vestfirðingar og Austfirðingar ekki, þá sé það, sem eigi að sitja fyrir í þessu máli, að koma upp litlum menntaskóla á Vestfjörðum og öðrum í framhaldi af því á Austfjörðum. Þetta þyrftu vafalaust ekki að vera stórar stofnanir. Ég geri ráð fyrir, að fyrstu árin yrði þarna farið af stað með

fjögurra deilda skóla, fjögurra bekkja skóla með 20—25 nemendum í ársdeild, og þannig yrðu þessir skólar til að byrja með hvor um sig ekki nema með 100 nemendur eða svo, ekkert bákn og algerlega óþarft að láta þá kosta hvorn um sig marga milljónatugi. En ef svona væri tekið á málinu og litið á þetta mál sem nauðsynjamál, og réttlætismál og jafnréttismál landsbyggðarinnar móts við þéttbýlið, ætti að taka þannig á málinu að gefa út lög frá Alþingi um þessa skóla austanlands og vestan. Sú úrlausn mundi líka létta á þessum þremur menntaskólum hér í Reykjavík í bili a. m. k. En þegar það sýndi sig, að sá menntaskólakostur, sem þá væri fyrir hendi, dygði ekki, þá mundi ég a. m. k. ekki beita mér gegn því, að fjórða menntaskólanum í Reykjavík væri bætt við.

Það er almennt á orði haft í umr. um jafnvægi í byggð landsins eða í umr. um þá þjóðfélagsnauðsyn að byggja upp þéttbýliskjarna til þess að veita fólki sem jafnasta aðstöðu til að byggja þetta land, að til þess þurfi ekki aðeins uppbyggingu atvinnulífs, sem sé hið fyrsta skilyrði, heldur einnig uppbyggingu samgöngumála á sjó og landi og í lofti, þannig að aðstaða manna á þessum sviðum verði sem jöfnust í landinu. Í þriðja lagi, að það sé nauðsynlegt út frá þessum sjónarmiðum að veita fólkinu nokkurn veginn fullnægjandi aðstöðu til félagslegrar og menningarlegrar starfsemi og aðstöðu til menntunar, og það er kannske ekki veigaminnsti þátturinn. Þetta segja menn a. m. k., þegar þeir tala um jafnvægi í byggð landsins. En er það samt svo, að jafnvel þm. dreifbýlisins telji það réttmætt að bæta samt við fjórða menntaskólanum í Reykjavík, áður en Austfirðir og Vestfirðir fái hvor litla menntastofnun, sem brautskrái stúdenta? Ég fæ ekki séð, að það samrýmist a. m. k. Ef það gæti leyst málið, að menntaskóli á Vestfjörðum mætti ekki heita menntaskóli, en hafa samt að lögum rétt til þess að brautskrá stúdenta, þá fullnægði það mér nokkurn veginn. Ef gagnfræðaskólinn á Ísafirði fengi frá Alþingi lagaheimild til að reka fjórar ársdeildir menntaskóla og heimild til að brautskrá stúdenta, þá væri það lausn á málinu. Ef það leiðir til þess, að það sé aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, að einn þeirra heitir Verzlunarskóli Íslands, annar heitir Kennaraskóli Íslands, en hafa báðir rétt til þess að brautskrá stúdenta, og hægt sé þá að segja: Það er bara einn menntaskóli í Reykjavík, — gætu menn glatt sig við að segja, að það væri enginn menntaskóli á Vestfjörðum, þó að gagnfræðaskólinn á Ísafirði hefði fengið lagaheimild til þess að brautskrá stúdenta, en í sama stað kæmi, að það væri kominn þar menntaskóli. Ég geri nú ekki ráð fyrir því, að þetta skipti máli, heldur sé það staðreynd, að við verðum að gera það upp við okkur, alþm., hvort við teljum rétt að byggja áfram út menntaskólakerfi í Reykjavík, þannig að sá fjórði bætist við, áður en Vestfirðingar fái sinn menntaskóla, áður en Austfirðingar fái sinn menntaskóla. En þá tel ég réttmætt, að fólkið í landinu fái að vita það, að Alþingi hafi bætt við fjórða menntaskólanum í Reykjavík, en ekki öðrum. Ég held, að það mundi eiga þátt í að aftra fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi og af Austfjörðum, en aðstaða er mjög svipuð á margan hátt í báðum þessum landshlutum, ef unga fólkið þar, sem hefur hæfileika og löngun til að þreyta nám til stúdentsprófs, fengi aðstöðu til að gera það í sínum heimabyggðum, því að mér er kunnugt um, að það eru ekkert fáar fjölskyldur, sem flutzt hafa af Vestfjörðum, höfðu þar sæmilega lífsaðstöðu á flestan hátt, en fluttu sig úr sínum heimabyggðum, þegar að því kom, að fyrsta barnið þurfti að fara að þreyta menntaskólanámið í Reykjavík eða á Akureyri. Og ef börnin voru fleiri, sem höfðu hæfileika og getu og löngun til þess að stunda slíkt nám, þá átti fátækt fólk eða fólk með miðlungstekjur einskis annars úrkosta en að fylgja börnunum eftir til þess að veita þeim aðstöðu til að vera á heimilinu og stunda námið jafnframt, og þá varð auðvitað að flytjast til Reykjavíkur. Þetta hefur í mörgum tilfellum verið frumorsök til þess, að mjög mannvænlegt fólk hefur tekið sig upp, þrátt fyrir það að það hefði alls enga löngun til að skipta um búsetu og flýja sinn landshluta. Það var til þess að fullnægja skyldum sínum við börnin og að búa þau til manndóms og mennta, eins og kostur væri á. Það eru því áreiðanlega ekki neinar grillur, þegar þeir halda því fram, að ef menn meina eitthvað með því, að það eigi að byggja upp jafnvægi í byggð landsins, þá verði það ekki aðeins að gerast gegnum umbætur í atvinnumálum og samgöngumálum og félagsmálum, heldur ekki hvað síst menntamálum. Og það er á þessu sviði sem fólkið, hvar sem það er búsett á landinu, á hinn fyllsta rétt til að heimta jafnrétti við aðra. Og í þessu tilfelli er hægt að verða við þeirri kröfu. Ég vil heldur segja: Það er ekki hægt að komast undan því að fullnægja þessari réttlætiskröfu, hvort sem mönnum tekst að vefjast fyrir því 1, 2 eða 3 ár.

Eru nú líkur til þess, að lítill menntaskóli á Vestfjörðum gæti orðið nokkuð nema nafnið tómt? Eru líkur til þess, að þangað fengjust kennarar? Það er einmitt það, sem sagt var um Akureyri, hann mundi aldrei fá kennara. Það hefur nú tekizt nokkurn veginn hjá skólameisturunum á Akureyri að afla sæmilegs kennaraliðs þangað eins og til menntaskólans í Reykjavík. Það má vera, að þetta sé nokkrum erfiðleikum bundið og þurfi atfylgi forstöðumanns skóla, það skal ég ekki fortaka, en þetta hefur tekizt utan Reykjavíkur, og það mundi eins takast á Vestfjörðum og annars staðar. En svo mikið er víst, að menntaskóli með 100—300 nemendur væri að öðru jöfnu betri uppeldisstofnun en menntaskóli með 900 nemendur. Það fullyrði ég af þeirri þekkingu, sem ég þó hef á skólamálum. Það er ekki leiðin til þess að byggja upp hina fullkomnustu uppeldisstofnun að hrúga þar saman þúsund nemendum, þegar sundur slitna öll tengsl að heita má milli kennara, þ. e. uppalenda, og nemenda. En í skóla upp að 300 nemendum er hægt fyrir skólastjóra og kennara að hafa persónuleg áhrif á nemendurna og vera þeim stoð og stytta að því er snertir þroska þeirra og uppeldi. En allt hvað skóli verður stærri en þetta og hefur nemendur á hinu erfiðasta aldursskeiði, þá fer lítt að gæta uppeldis-

áhrifa kennara og skólastjóra, og þá missir einn skóli mikið. Ég fullyrði því, að lítill menntaskóli á Austfjörðum og Vestfjörðum mætti hafa mun verra kennaraliði á að skipa en stór menntaskóli hér í Reykjavík, ef hann ætti að verða lakari fræðslu- og uppeldisstofnun, en sé þó enga ástæðu til að ætla annað en ötulum skólastjóra mætti takast að fá þangað jafnhæfa menn og hingað.

Þá kemur að hinu: Er nokkur þörf fyrir Vestfirðinga að fá menntaskóla? Eru til svo margir unglingar í þessum litla og fámenna landshluta, sem ljúka miðskólaprófi og eiga þar með rétt á því að hefja menntaskólanám, að það svari til ársbekkjar í menntaskóla? Og þessu er til að svara, reynslan sýnir það, að það er ekki undir 20 nemendum, sem á ári hverju fara af Vestfjörðum í menntaskólana í Reykjavík og annars staðar á landinu til þess að hefja stúdentsnámið. Héraðsskólar og gagnfræðaskólar á Vestfjörðum hafa á undanförnum árum útskrifað svo marga nemendur með landsprófi, að það er fyllilega efni í eina ársdeild menntaskóla, t. d. með 20—25 nemendum. Auk þess er það nú mín reynsla, að skóli fær, ef hann hefur ekki á sér bókstaflega óorð, alltaf á ári hverju aðsókn af nemendum úr öðrum landshlutum einnig, og ég álít það hollt, að nemendur skiptist þannig á og jafnvel unglingur úr Reykjavík setjist á skólabekk við menntastofnun utan Reykjavíkur á einhverju skeiði ævi sinnar.

Auk þess er það mín sannfæring, að það muni ekki líða mörg ár, þangað til við bætist héraðsskóli á Vestfjörðum, þ. e. a. s. héraðsskóli á Reykhólum í Barðastrandarsýslu. Ég er alveg sannfærður um, að það er eitt af málunum, sem að kallar að leysa og er réttlátt og hagstætt fyrir þjóðina að leysa, að koma upp héraðsskóla á Reykhólum, svo að þeir yrðu tveir á Vesturlandinu, Reykholtsskóli og héraðsskóli á Reykhólum. Þeir eiga því áreiðanlega fyrir sér frekar að fjölga, héraðs- og gagnfræðaskólarnir á Vestfjörðum, en frá slíkum skólum komast nemendurnir í menntaskólana.

Ég skal nú ekki þreyta miklu lengra mál um þetta, aðeins geta þess enn einu sinni, að gagnfræðaskólinn á Ísafirði fékk fyrir mörgum árum heimild til þess að kenna sínum nemendum námsefni 1. bekkjar menntaskóla, og það varð til þess, það er mér fullkunnugt um, að nokkuð margir unglingar, sem annars höfðu ekki efnahagslega aðstöðu til þess að fara út í langskólanámið, hófu þá nám í þessari byrjunardeild og reyndu síðan að klífa þrítugan hamarinn til að geta haldið þessu námi áfram til stúdentsprófs og hafa síðan orðið nýtir og góðir embættismenn, sem þjóðin hefði ekki fengið sem starfsmenn sína á því sviði, ef þessi litla byrjun hefði ekki verið gerð. Að því kom svo eftir nokkur ár, þó að menntaskólinn á Akureyri og síðar menntaskólinn í Reykjavík viðurkenndu prófið frá þessari deild, að hún fékk ekki ráðherraleyfi til að starfa lengur. Sá menntmrh., sem þá kom, felldi heimildina niður. Og svo liðu nokkur ár. En fyrir þrábeiðni og margendurteknar, ákveðnar, þungar kröfur Vestfirðinga um, að deildin fengi aftur að taka til starfa, þá veitti núv. hæstv. menntmrh. gagnfræðaskólanum á Ísafirði heimild til að hefja þessa 1. bekkjar kennslu menntaskóla að nýju, og hefur sú deild starfað fram á þennan dag. En þetta er Vestfirðingum ekki nóg. Þeir vilja fá menntaskóla, sem hafi að lögum heimild til að brautskrá stúdenta, svo að efnilegir unglingar í landsfjórðungnum geti lokið sínu stúdentsprófi þar heima og þurfi ekki að fara burt úr sínu byggðarlagi, fyrr en háskólanámið tekur við.

Ég hef hér rætt um þörf Vestfirðinga fyrir að fá þessu máli framgengt. Ég hef rætt um rétt þeirra til þess, og ég hef rætt um það, hvaða grundvöllur sé fyrir nemendamateríali í slíkan lítinn menntaskóla, og ég held, að ekkert af þessu verði vefengt, allt þetta sé fyrir hendi.

Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að hafa enn þá uppi einu sinni ummæli Sigurðar heitins Guðmundssonar skólameistara á Akureyri, sem hann lét falla við skólaslit 1928, þegar hann var að útskrifa sína fyrstu nemendur sem stúdenta. Hann sagði:

„Menntaskólarnir mega ekki allir vera á einum stað. Menningarblóðið þarf að streyma um allar æðar þjóðlíkama vors.“

Það var hans skoðun. Og það er skoðun flestra nú, að það hafi verið óréttmætt að berjast eins og barizt var gegn menntaskóla Norðlendinga. Eða hver er sá, sem telur, að það hafi verið óheillaspor, er nokkur nú, sem vill halda því fram, að það hafi verið meira gæfuspor fyrir þjóðina að kasa öllum menntaskólum saman í Reykjavík? Ég hygg ekki. Ég held, að menn séu sammála um, að það var gæfuspor, að Norðlendingar fengu sigur í sínu skólamáli. Er nokkur, sem telji það ógæfuspor að hafa stofnað til menntaskóla í sveit og vilji enn halda því fram, að þeir hefðu allir átt að vera í Reykjavík? Nei, ég held ekki. Ég held, að það sé alveg auðsætt mál, að það er affarasælast fyrir þjóðina, að menntunaraðstaðan fyrir ungt fólk sé gerð sem jöfnust, og það sé rétt stefna, að það eigi að vera menntaskóli til í öllum landsfjórðungum.

Nú hefur þetta mál verið flutt alveg í upphafi þings, og ég vil treysta því, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, afgreiði þetta mál á eðlilegum tíma, grandskoði það að vísu, en leggist ekki á það til þingloka, heldur láti málið koma hér til umr. á Alþingi, svo að hv. alþm. gefist kostur á að sýna afstöðu sína til þess, fella það þá einu sinni enn, ef það er þeirra sannfæring, að þeir geri rétt með því, heldur en láta það nú enn þá einu sinni veslast upp í n., en það er meðferðin, sem þetta mál hefur sætt í átta skipti og er nóg. Ég treysti því, að hv. menntmn. láti málið ekki liggja hjá sér óafgreitt til þingloka og það fái þinglega meðferð, sem það hefur ekki fengið til þessa.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr., þegar þessari umr. lýkur, og til hv. menntmn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vildi ég leyfa mér að láta fylgja þessu frv., sem ég er meðflm. að, við þessa 1. umr. þess í hv. þingdeild.

Um það verður ekki deilt, að í nútímaþjóðfélagi er góð menntun eitt af frumskilyrðum farsældar og lífshamingju. Þess vegna er þýðingarmikið, að aðstaða þegnanna til að afla sér hennar sé sem bezt og jöfnust, hvar sem þeir búa í landi sínu. Sú staðreynd verður ekki sniðgengin, að enn þá er aðstaða Íslendinga í þessum efnum mjög misjöfn. Hér í höfuðborginni eru t. d. þrír skólar, sem hafa rétt til þess að brautskrá stúdenta, en hvorki á Vestfjörðum né Austurlandi hafa enn verið stofnaðir slíkir skólar. Enn fremur eru stúdentaskólar á Laugarvatni og Akureyri.

Nú er það almennt talið, að of þröngt sé orðið í þeim menntaskólum, sem fyrir eru í landinu, og nauðsyn beri til þess, að fleiri stúdentar útskrifist árlega. Leyfi ég mér um þetta atriði að vísa til merkrar ræðu, er Þórarinn Björnsson skólameistari á Akureyri flutti við setningu menntaskólans þar á s. l. hausti. Tilfinnanlegur skortur er á ýmsum háskólamenntuðum mönnum hér á landi, svo sem læknum og verkfræðingum. Auk þess gengur þróunin í þá átt, að stúdentsmenntun er í vaxandi mæli að verða sú almenna menntun, sem unglingum er talin æskileg og gagnleg. Stúdentar þurfa ekki endilega að ganga langskólaveginn, eins og það hefur verið kallað. Þeir geta orðið nýtir og dugandi bændur, skipstjórnarmenn eða iðnaðarmenn og verzlunarmenn.

Þegar á þetta er litið og nauðsyn þess að stækka og fjölga menntaskólunum er viðurkennd, hlýtur það að verða talið skynsamlegt og sanngjarnt að dreifa þessum menntastofnunum milli hinna ýmsu landshluta. Það getur ekki verið heppilegt að safna flestum eða öllum æðri menntastofnunum þjóðarinnar saman í höfuðborginni, auk þess sem það er fjarri því að vera réttlátt. Stofnun menntaskólans á Akureyri fyrir 37 árum var merkilegt spor í menningarmálum landsmanna. Stofnun menntaskóla í sveit var einnig merkur atburður, þótt ég hafi að vísu alltaf talið, að hann hefði átt að rísa í Skálholti, en ekki á Laugarvatni. Um nytsemi þessara tveggja menntaskóla utan höfuðborgarinnar eru menn nú almennt sammála. Flestir munu einnig sammála um það, að aðstöðu til stúdentsmenntunar þurfi að bæta með fjölgun og stækkun menntaskólanna.

Þegar þessa er gætt, þykir mér auðsýnt, að frv. það, sem hér liggur fyrir um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði, eigi fullan rétt á sér og sé raunar hið mesta nauðsynja- og sanngirnismál. Til viðbótar þeim rökum, sem flutt hafa verið fyrir þessu máli, vil ég leggja áherzlu á þetta:

Nýr menntaskóli á Vestfjörðum er ekki aðeins í þágu þeirra tæplega 11 þús. íbúa, sem byggja þennan landshluta. Hann er í þágu þjóðarinnar í heild. Á sama hátt og mikill meiri hl. þeirra unglinga, sem nú sækja héraðsskólana á Vestfjörðum, er úr öðrum landshlutum, eins mundi fjöldi æskufólks víðs vegar að af landinu sækja menntaskóla á Ísafirði. Vestfirzkur menntaskóli greiddi ekki aðeins göngu margra vestfirzkra ungmenna til mennta og héldi þeim um leið heima í átthögum sínum, heldur yrði hann mikilsverð menningarmiðstöð á sama hátt og menntaskólinn á Akureyri hefur verið höfuðstað Norðurlands og nálægum héruðum.

Eins og hér hefur komið fram, er vísir að menntaskóla þegar orðinn til á Ísafirði. Próf frá framhaldsdeild þeirri, sem þar hefur starfað um árabil, eru nú viðurkennd af menntaskólunum í Reykjavík, á Akureyri og á Laugarvatni. Þessi vísir þarf hið fyrsta að verða að fullkomnum menntaskóla. Þess vegna er þetta frv. flutt. Allir þm. Vestfjarða standa að flutningi þess, einnig þeir, sem sæti eiga í hv. Ed. Það er því von mín, að þessu frv. verði vel tekið og það hljóti lagagildi á þessu þingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá þeim flm. þessa frv., sem hafa talað hér á undan mér, hefur þetta frv. verið flutt í átta skipti hér á hv. Alþingi, fyrst 1946 og síðan 1947 og 1948 í því formi að breyta lögum um menntaskóla, að menntaskólar á landinu skyldu þá verða fjórir: í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og að Eiðum, og svo aftur síðar, þegar málið var flutt næst á Alþingi, 1959, þá var frv. flutt sérstaklega og í líku formi og nú um menntaskóla á Vestfjörðum, staðsettan á Ísafirði.

Það er mikið talað um nauðsyn þess, að fólkið, sem landið byggir, þjappist ekki allt saman hér í Reykjavík og í næsta nágrenni hennar og það þurfi að gera margvíslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það með því að jafna sem mest aðstöðumuninn. Þessum aðgerðum hefur því miður miðað hægt áfram og þá ekki sízt á sviði menntunar, eftir að barnaprófi lýkur í sveitum úti um landið og gagnfræðaskólaprófi í kaupstöðum úti á landi, að Akureyri undanskilinni. Á Alþingi í fyrravetur urðu miklar umr. um þessi frv., sem þá voru flutt um menntaskóla, bæði frv. um menntaskóla í Reykjavík, frv. um menntaskóla á Ísafirði og frv. um menntaskóla Austfirðinga að Eiðum. Við 2. umr. þess máls komu fram raddir gegn menntaskóla bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum, en 2. umr. lauk ekki, málið var tekið af dagskrá og við vorum þá nokkrir á mælendaskrá, sem ekki höfðum tækifæri til að láta í okkur heyra þá. En það er sami háttur og hafður hefur verið á frá upphafi, að þetta mál hefur ekki fengið þinglega afgreiðslu, og við það verður ekki hægt að sætta sig lengur, að mál, sem búið er að flytja í átta skipti, fái ekki þinglega afgreiðslu á Alþingi Íslendinga.

Þessar raddir, sem þá komu fram gegn menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, töldu, að fólk flytti ekki búferlum vegna þess, að menntaskóli væri ekki á þessum stöðum. Ég skal segja þeim mönnum það, sem þessu halda fram, bæði hér á Alþingi og utan þess, að í minum heimabæ, þar sem ég er fæddur og uppalinn og hef átt heima alla tíð, þekki ég þessi mál jafnvel og betur en aðrir utan þess staðar, og ég veit til þess, að það eru ekki einn eða tveir tugir af fjölskyldum, sem hafa á þessum áratugum yfirgefið bæinn af þessum ástæðum, heldur tugir fjölskyldna. Við vitum, að þegar verkamannafjölskylda, sjómanna- eða iðnaðarmannafjölskylda er að senda 2—3 börn sín til framhalds-

náms í menntaskóla, þá er uppihaldskostnaður barna eða nemenda það mikill, að þessar fjölskyldur geta ekki styrkt nemendur, eins og lengi vel var, þegar var lítið um atvinnu og litlar tekjur hjá þessu fólki og sömuleiðis enn í dag. Þess vegna var það nauðsyn, að foreldrarnir flyttu einmitt hingað til Reykjavíkur, til þess að börn þeirra gætu stundað þetta nám, gætu verið heima á heimilinu, fengið þar bæði að borða og vera, til þess að spara útgjöld fyrir fjölskylduna. Þess vegna má segja, að þetta mál hefur orðið til þess að gera það að verkum, að fleira fólk hefur flutzt í burtu en ella hefði orðið.

Það getur verið, að þið, sem búið í Reykjavík, og þið, sem hafið þessa aðstöðu, skiljið kannske síður tilfinningar þessa fólks. En ég hef séð það, að þegar nemendurnir heima úr mínu byggðarlagi eru að hverfa að haustinu til framhaldsnáms í menntaskólum landsins, verzlunarskólum og í margs konar tækninám, þá er tómlegt heima á eftir.

Við 1. umr. þessa máls ætla ég ekki að tala miklu lengra mál. En ég vil aðeins minna í örstuttu máli á þær staðreyndir, að fólkinu í landinu fjölgar og þeim, sem vilja stunda langskólanám, fjölgar hlutfallslega enn meira en fólkinu í landinu, því að alltaf eru það fleiri og fleiri, sem eru að fara út í langskólanám, því að kröfur til náms eru alltaf að verða háværari og háværari. Fram undan er því mjög aðkallandi annaðhvort að stækka menntaskóla eða byggja nýja eða hvort tveggja. Það er því kominn tími til þess, að landsfjórðungur, sem borið hefur fram sínar óskir um menntaskóla hér á hv. Alþingi í tæplega tvo áratugi, fái nú afgreiðslu á þessu máli. Á Vestfjörðum ríkir almennur áhugi og samhugur meðal allra manna, hvar í stjórnmálaflokki sem þeir eru, fyrir þessu máli, og mér er kunnugt um það, að í öllum hreppum Vestfjarða fara nú fram undirskriftasafnanir um áskorun til Alþingis að samþykkja þetta frv. um menntaskóla á Vestfjörðum. Mér finnst rétt að segja frá því hér strax við 1. umr., þó að þessar undirskriftir séu ekki komnar, en þær eru almennar og það er almennur vilji hvar sem er á Vestfjörðum fyrir þessu máli.

Nú kunna einhverjir að segja: Er það lausn á námi þeirra Vestfirðinga, sem eru lengst frá Ísafirði, þótt menntaskóli sé þar stofnaður? Geta þeir ekki alveg eins haldið áfram að fara norður til Akureyrar, þangað sem flestir Vestfirðingar hafa farið? Ég vil við það bæta, að í menntaskólanum á Akureyri eru nú í vetur um 440 nemendur, þar af eru 176 nemendur í heimavist og 280 nemendur í mötuneyti menntaskólans. Allt þetta er fullsetið, og það er ekki hægt að taka við fleiri nemendum, og hefur orðið að neita fjölmörgum nemendum um pláss í heimavistinni nú í vetur. Sá mikli skólamaður, skólameistari menntaskólans á Akureyri, er þeirrar skoðunar, að það sé ekki æskilegt að stækka menntaskólann á Akureyri frá því, sem nú er. Liggur því ekki næst að stofna til menntaskóla í þeim landsfjórðungum, sem engan menntaskóla hafa? Á s. l. vetri voru á milli 40 og 50 nemendur frá Vestfjörðum í menntaskólanum á Akureyri og auk þess nokkuð af nemendum í öðrum menntaskólum landsins. Það þarf því ekki að vera að byggja á öðrum stöðum fyrir þá. En við þurfum einnig að byggja heimavist á Ísafirði fyrir þá nemendur, sem koma að, það skulum við gera okkur ljóst í upphafi og engan blekkja á því sviði.

Ég vil segja sem Ísfirðingur, að Ísfirðingar mundu við stofnun menntaskóla greiða ákveðið skólagjald, sem yrði varið til að greiða niður kostnað fyrir aðra Vestfirðinga, sem þurfa að kosta börn sín í menntaskólanum á Ísafirði. En það er atriði, sem við höfum ekki heyrt frá öðrum stöðum, þar sem menntaskólar hafa starfað í marga áratugi.

Ég treysti því, að hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta mál til afgreiðslu, sýni þessu máli skilning og geri sér það ljóst, að biðlund Vestfirðinga er að þrotum komin. Það er skylda okkar, sem förum með umboð þeirra hér á Alþingi, að fylgja þessu máli fast eftir og með öllu því afli, sem við eigum yfir að ráða. Ég vænti þess, að aðrir hv. alþm. kynni sér þetta mál vel og sýni því skilning og afgreiði nú þetta gamla baráttumál þessa landshluta á þessu þingi, sem nú stendur yfir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það virðist svo, að það séu allir sammála um, hversu mikla þýðingu menntun hefur, ekki bara fyrir einstaklingana, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Menn eru víst sammála um það, að sú þörf fer sívaxandi, að sem flestir njóti menntunar, og allir eru sammála um, að þjóðinni sé það fyrir beztu. Ég er meira að segja svo bjartsýnn að trúa því, að það verði ekki margir áratugir þangað til það þykir sjálfsagt mál, að öll ungmenni landsins stundi menntaskólanám. En ef menn eru nú svona sammála um þýðingu menntunar, geta menn þá ekki líka orðið sammála um, að það verði að skapa mönnum sem jafnasta aðstöðu í landinu til þessarar menntunar? Á að halda áfram að segja við ungmenni á Vestfjörðum og Austurlandi: Farið þið til Reykjavíkur, farið þið til Akureyrar, farið þið til Laugarvatns? Er þetta jafnrétti? Er réttmætt að segja þetta við íbúa þeirra landshluta, sem enn hafa ekki fengið menntaskóla? Ef þetta væri réttlæti, mætti alveg eins segja við Reykvíkinga, Akureyringa, Sunnlendinga: Farið þið í menntaskóla austur á Eiðar eða vestur á Ísafjörð. En auðvitað segir það enginn, og það á ekki að segja það heldur. Þéttbýlið á að fá að hafa sína menntaskóla, tvímælalaust. En heilum landshlutum, sem enga menntaskóla hafa, verður ekki með neinu réttlæti neitað um þá lengur.

Allir vilja, að ungmennin menntist. Menn segja við þau: Farið í skóla. — En skólarnir eru yfirfullir og að segja þeim að fara í yfirfulla skóla er ekki til neins. Það er hægt að segja við ungmennin: Stundið þið menntaskólanám, — en að segja jafnframt: Þið fáið engan menntaskóla í ykkar landshluta, — það er ekki réttmætt.

Þeir, sem vilja í raun og veru jafnrétti, þeir, sem vilja réttlæti í þessum málum, hljóta að samþykkja þetta frv. um menntaskóla á Ísafirði, og ég hef ekki heyrt í þeim umr., sem fram hafa farið á undanförnum þingum, nokkur rök

fyrir því, að það eigi ekki að reisa þennan skóla. Það er þegjandi þumbazt við og málin svæfð í nefnd þing eftir þing. En eins og hér var réttilega sagt áðan, *bíðlund Vestfirðinga er á þrotum*, og ég held, að hv. alþm. ættu að gera sér grein fyrir því nú, að hún er á þrotum. Það reynir á það enn einu sinni, hvaða vilji er fyrir því hér á hv. Alþingi að sýna í verki jafnréttishugsjónina í menningarmálum. Það er nefnilega ekki nóg að hafa um þetta falleg orð, það verður að koma fram í verki, og eftir því bíðum við.

Það eru liðin 18 ár, *síðan* hreyft var þessu máli á Alþingi. Á ég að trúa því, að 19. árið eigi að bætast við, að Vestfirðingum sé neitað um þetta réttlætismál? Ætlar Alþingi í 9. sinn að svæfa málið? *Væri það ekki rétt til minningar* um Jón Sigurðsson að nota 20 ára afmæli lýðveldisins á Íslandi, endurreisnar lýðveldisins, til að stofna menntaskóla á Vestfjörðum? Ég held, að það væri í anda hans og mætti ekki seinna vera.

Ég vil strax við þessa 1. umr. leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., hver er afstaða hans til þessa máls. Vill hann gera svo vel að láta í ljós við þessa umr., hvort hann vill styðja að því, að málið nái fram að ganga á Alþingi? Hann hefur sýnt áhuga til umbóta í menntamálum, það skal ég ekki af honum draga. En ég vil spyrja hann: Sér hann sér ekki fært að veita málinu nú stuðning, svo að það sé tryggt, að málið nái nú fram að ganga? Telur hann það jafnrétti eða réttlæti að neita Vestfirðingum einu sinni enn um þennan skóla? Og þar sem ég veit, að hann vill yfirleitt vel í þessum málum, þá vil ég spyrja hann, hvort hann finni nú ekkert til með fjölskyldunum á Vestfjörðum, sem ár eftir ár og áratug eftir áratug hafa orðið að gera annað af tvennu, að flytjast burt með börnunum til þess að geta komið þeim í menntaskóla eða neita þeim um þetta nám.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég trúi á það meir nú en áður, að þetta mál nái fram að ganga.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það var út af ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem mig langar til að segja hér aðeins örfá orð. En ég tek það fram, að það verður mjög lítið, sem ég segi hér að þessu sinni, vegna þess að á dagskrá fundarins í dag er annað frv. um menntaskóla, sem ég er 1. flm. að, og vonast ég til þess, að mér gefist þar tækifæri til að tala meira um þessi mál.

Ég get vel skilið áhuga hv. 5. þm. Vestf. á því, að Vestfirðingar fái menntaskóla, og ég get metið hans rökfasta og harða málflutning því til stuðnings, og ég get tekið undir flest þau rök, sem hann hafði þar fram að færa, svo og aðrir þeir, sem hér hafa talað. En mér hefði fundizt viðkunnanlegra, að hann hefði treyst sér til þess að fylgja þessu réttlætismáli sínu úr hlaði án þess að láta uppi dylgjur til annarra og brigzlyrði og það þá helzt til þeirra, sem málinu eru hlynntir. Hann sagði, hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, að þeir menn, sem flyttu nú frv. til l. um byggingu menntaskóla í Reykjavík, sýndu vafasaman stuðning við þetta dreifbýlismál. En ég vil fullvissa hann um það, að ég er hlynntur því, að Vestfirðingar fái menntaskóla, og í því frv., sem ég hef flutt hér, er einmitt sérstaklega tekið fram af okkur flm., að það sé það, *sem við viljum*.

Hann sagði, að við reyndum að blekkja landslýðinn með því að segja í frv., að menntaskólar skuli vera fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri *og einn á Laugarvatni. Þessi uppsetning er* ekki gerð til þess að blekkja einn eða neinn. Hún er aðeins gerð til þess, að því er varðar menntaskólann í Reykjavík, að fá því máli framgengt með l. frá Alþingi, að menntaskólar í Reykjavík skuli verða tveir, og ég get ekki séð, að við hefðum getað komið þessari ósk á framfæri með öðru móti. Verzlunarskólinn og Kennaraskólinn *starfa samkv. sérstökum lögum og* heimildum og hafa leyfi til þess að brautskrá stúdenta og gera það, brautskrá nokkra stúdenta á ári. Þeir hafa náttúrlega fyrst og fremst annað aðalhlutverk, sem er að mennta fólk í verzlunarfræðum og undirbúa það undir kennarastarf. Við þurftum ekki, sem stöndum að þessu frv. hér, að flytja frv. til lagabreytinga, til þess að þessir skólar fái heimild til að brautskrá stúdenta, þeir hafa hana þegar. Við þurftum að flytja frv. til að fá að fjölga menntaskólunum í Reykjavík upp í tvo, vegna þess að í menntaskólalögunum segir, að hér skuli vera einn menntaskóli. Og ég kannast ekki við það, að þessi málflutningur sé til þess gerður að blekkja landslýðinn á því, að hér sé ekki nema einn skóli, sem hafi heimild til að brautskrá stúdenta. Ef einhver fær það út úr þessum málflutningi, þá er það misskilningur, það var aldrei tilætlunin.

Það er almennt viðurkennt, að menntaskólinn í Reykjavík býr við ófullnægjandi húsakost, og hann heldur áfram að gera það, enda þótt sú viðbygging, sem nú er verið að gera á menntaskólalóðinni, komist í notkun. Og það er enn fremur viðurkennt, að menntaskólinn í Reykjavík er of stór. Það er almenn skoðun skólamanna, að betri nýting verði að náminu í minni skólum heldur en svona stórum. Menntaskólinn í Reykjavík telur nú á 10. hundrað nemendur, og ég gæti flutt fram mjög sterk rök fyrir því frá skólamönnum landsins, að þessi skóli sé of stór. En ég þarf þess ekki hér, vegna þess að það var rétt áðan gert af hv. 5. þm. Vestf. og það svo vel, að ég treysti mér ekki til að bæta um það. Hann sagði það alveg réttilega, þegar hann talaði fyrir sínu máli um menntaskóla á Vestfjörðum, að það væri einmitt spor til þess að fá betri menntaskólamenntun en nú er að mynda þar skóla, sem ekki yrði mjög stór, og taldi það fram máli sínu til stuðnings, að þar mundu verða 100—300 nemendur, sem væri miklu betri skóli en þegar nemendur væru 900—1000. Og ég er honum alveg hjartanlega sammála, og þetta eru aðalrökin fyrir því, að það frv., sem ég stend hér að, er flutt.

Ég tel, að það hafi ekki verið hægt að fara fram á lagaheimild fyrir því að byggja annan menntaskóla í Reykjavík, sem nauðsynlegt er, bæði til þess að taka við einhverri fjölgun og eins til þess að minnka þann menntaskóla, sem fyrir hendi er, með öðrum hætti en að orða greinina eins og hér er gert. Ef við værum, flm.

frv., eingöngu að hugsa um það, að fleiri nemendur kæmust að, þá hefðum við náttúrlega alveg eins getað flutt frv. um það, að menntaskólanum yrði fenginn meiri húsakostur en hann hefur nú, ef við værum ánægðir með það fyrirkomulag, að hann héldi áfram að stækka. Það er auðvitað hægt að byggja við menntaskólann í Reykjavík þannig, að hann geti tekið 1500—2000 nemendur. En við, sem stöndum að þessu frv., sem ég hér tala fyrir, erum ekki þeirrar skoðunar, að það sé heppilega leiðin, heldur hitt, að byggja annan menntaskóla, þannig að þeir verði í hæfilegri stærð og geti veitt þá beztu kennslu, sem hv. 5. þm. Vestf. lýsti réttilega hér áðan.

Hitt er svo annað mál, sem ég skal koma að síðar, þegar að *minu frv.* kemur, að það er mjög mikil nauðsyn á því að fjölga menntaskólum í landinu, og ég tel sjálfsagt, að þeim sé dreift. Það er staðreynd, að við verðum að byggja framtíðar þjóðarheill okkar í vaxandi mæli á langskólamenntun, til þess að við getum tekið vísindi og tækni í þjónustu okkar á þann hátt, sem okkur er nauðsynlegt til þess að geta verið sjálfstæð þjóð. Hér fara of fáir í langskólanám eða í menntaskólanám og færri en gerist með nágrannaþjóðum okkar, og þessu þurfum við að breyta, ef við ætlum að halda til jafns við aðrar þjóðir í þeirri samkeppni, sem nú á sér stað í *heiminum, og ef við eigum að geta tryggt þegnum* okkar sambærileg lífskjör við það, sem aðrir njóta. Og ég tek alveg undir það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði og margir aðrir hér, að ég tel sjálfsagt, að inn á þá braut sé farið að dreifa menntaskólunum, til þess að ná því æskilega jafnvægi í byggð landsins, sem allir nú virðast vera sammála um að nauðsynlegt sé. Það breytir ekki hinu, að Reykvíkingar eiga að mínum dómi rétt á því að njóta einnig þeirra beztu kjara í menntamálum, sem hægt er, og til þess að svo geti orðið, hef ég leyft mér að flytja hér frv. um það, að menntaskólarnir hér í Reykjavík verði tveir, en ekki til þess að koma í veg fyrir, að Vestfirðingar fái menntaskóla, eða til þess að blekkja landslýð í því efni, að verzlunarskólinn og kennaraskólinn hafi ekki heimild til að brautskrá stúdenta.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram, tel ég rétt að segja þetta: Ríkisstj. hefur þegar ákveðið að byggja nýjan menntaskóla hér í Reykjavík og verður bygging hans hafin þegar næsta vor. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að byggja fleiri menntaskóla í landinu en væntanlegan menntaskóla hér í Reykjavík og gera það sem fyrst. Og ég tel þrjár framkvæmdir í þeim efnum vera nauðsynlegar: Í fyrsta lagi að byggja við heimavist menntaskólans á Laugarvatni til þess að geta fullnýtt þá kennslukrafta, sem við menntaskólann á *Laugarvatni starfa, en þeir eru ekki full*nýttir nú, þ. e. a. s. bekkjardeildir eru ekki fullskipaðar vegna skorts á heimavistarhúsnæði við menntaskólann á Laugarvatni. Auk þess tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að menntaskólar verði reistir á Vestfjörðum og á Austurlandi, þannig að menntaskólar séu starfræktir í öllum fjórðungum landsins.

Menntaskólalöggjöfin er nú í mjög ýtarlegri endurskoðun. Sú endurskoðun beinist að vísu fyrst og fremst að námsefni menntaskólanna. En ég tel einnig sjálfsagt, að n. fjalli um staðsetningu væntanlegra menntaskóla í landinu. Auk þess hefur nú um nokkurt skeið undanfarið verið unnið að mjög ýtarlegri áætlun, eins konar framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir næstu ár. Því verki er ekki enn lokið, en bygging nýrra menntaskóla og staðsetning þeirra hlýtur að sjálfsögðu að verða tekin til mjög rækilegrar athugunar af þeim trúnaðarmönnum og sérfræðingum, sem að framkvæmdaáætluninni í skólamálum vinna.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi koma hér á framfæri vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf. Hann var, að mér fannst, í sínum skelegga og glögga málflutningi fyrir áhugamáli Vestfirðinga um menntaskóla með óþarfan tón, er var á þá leið, að það sæti illa á dreifbýlismönnum að styðja að því eða vera meðflm. að frv. um menntaskóla í Reykjavík. Ég vil ekki í frumflutningi máls hér á hv. Alþingi, að menn byrji á því að hafa slíkan tón í málflutningi, einkanlega þegar vitað er, að við, þeir sömu menn, sem þarna er aðeins ýtt við, þó að *það skaði ekki, erum hjartanlega sammála þeim* málflutningi og þeim till., sem þessi hv. þm. var að flytja hér, sem sannast bezt á því, að á síðasta þingi, þegar ég átti hér stutta viðdvöl, var ég eindreginn meðmælandi einmitt með menntaskóla á Vestfjörðum og einnig á Austfjörðum, þó að það mál dagaði uppi á því þingi. Ég lít líka þannig á, að hv. 1. flm., 5. þm. Vestf., hafi sannað í sínum málflutningi nauðsyn þess, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það sé brýn nauðsyn, að hér komi upp annar menntaskóli í Reykjavík. Ég lít þannig á, að það sé einmitt ágætt, að þm., hvar sem þeir eru búsettir á landinu, jafnvel þó að þeir séu búsettir í dreifbýlinu, fylgi og styðji þörf mál Reykvíkinga, alveg eins og ég tel eðlilegt, að Reykvíkingar styðji góð og þörf mál dreifbýlisins. Og ég get alveg eins verið meðmæltur nauðsynlegum skóla hér í Reykjavík, eins og ég vænti, að hv. þm. Reykv. fylki sér og verði meðmæltir góðu akvegasambandi um Suðurland. Þetta er gagnkvæmt og á svo að vera, ef við ætlum að vinna saman í þjóðfélaginu og gera það bezta gagn, sem við getum.

Að lokum vil ég aðeins lýsa yfir því, að ég álít ágætt og sjálfsagt, að það verði unnið að því af fremsta megni, að það verði komið upp menntaskólum á Vesturlandi og Austurlandi. Og ég er líka þakklátur fyrir þá yfirlýsingu, sem hæstv. menntmrh. gaf hér áðan um það mál, sem ég er hér meðflm. að og kemur bráðum til umr., að það skuli þegar sjást fyrir endann á *því, að úr því verði leyst.*

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að ég hefði í framsöguræðu minni fyrir menntaskólafrv. Vestfirðinga haft í frammi dylgjur og brigzlyrði í sambandi

við það frv., sem hann flytur um menntaskóla í Reykjavík. Ég held, að þetta sé ofsagt hjá honum. Ég talaði að vísu enga tæpitungu, en ég brigzlaði engum. Ég mótmæli því, að ég hafi brigzlað nokkrum, og ég mótmæli einnig, að ég hafi haft í frammi nokkrar dylgjur í sambandi við það mál. Ég sagði hins vegar, að ég kynni illa við það, að því væri slegið stórt upp fyrir fólki úti á landsbyggðinni, að það væri verið að fara fram á, að menntaskólar í Reykjavík yrðu tveir, þetta væri ekki sannleikanum samkvæmt, þeir væru þrír og það væri verið að hreyfa því að byggja þann fjórða, og þetta er sannleikur.

Er þetta bara frá blaðinu, að segja, að það sé farið fram á, að menntaskólar í Reykjavík verði tveir? Það gæti verið, og þá væri hv. flm. alveg saklaus af því að hafa sett málið þannig upp. En svo er ekki. Í grg. hans segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vegna þessara ástæðna," sem hann hefur áður talið, „þarf að fjölga menntaskólum í Reykjavík í tvo." Hann segir, að það sé bara einn hérna, þurfi að fjölga þeim í tvo, það sé ætlunin með frv. Það er ekki rétt, að það sé bara einn hér í Reykjavík. Þeir eru þrír, sem hafa rétt til að brautskrá stúdenta, og það er verið að flytja frv. á þessu þingi um þann fjórða. Hér hef ég ekki farið með dylgjur. Þetta stendur svart á hvítu í grg. frv. og er villandi að mínu áliti fyrir hvern þann, sem les. Hins vegar er í hans grg. ákaflega vel rökstutt, hversu mikil þörf sé fyrir aukinn fjölda ungs fólks með stúdentsmenntun, því að hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar."

Um þetta er ég honum algerlega sammála og tel því, að það skjóti rökum undir fjölgun menntaskólanna um landið og affarasælast sé, að þeir séu reistir í öllum landshlutum.

En það, sem ég vildi sérstaklega að fram kæmi í minni framsöguræðu, var engin barátta á móti nauðsynlegum menntaskóla í Reykjavík. Ég vil bara, að það sé sagt satt frá því, að þeir eru þrír fyrir og verið að biðja um þann fjórða, meðan enginn er kominn á Austfjörðum og Vestfjörðum. Og ég taldi, að það væru litlar líkur til þess, en það getur verið, að það sé annað mat hv. þm., — ég taldi, að það væru litlar líkur til þess, að það yrði ráðizt í byggingu menntaskóla í Reykjavík, menntaskóla á Vestfjörðum og menntaskóla á Austfjörðum í einu, og sagði: þá kemur til þess að meta, hvað eigi að sitja í fyrirrúmi. Og ég taldi, að réttlætiskrafa Vestfirðinga væri sú og Austfirðinga, að þar væri byrjað, áður en bætt væri við þeim fjórða í Reykjavík. Þetta er mín málstúlkun, og ég held, að hv. þm. hafi eins og aðrir þm. skilið þetta. Ég var ekki að berjast á móti því, að það yrði bætt við þeim fjórða í Reykjavík, en taldi rangt að gera það, áður en Vestfirðingar og Austfirðingar fengju sína litlu menntaskóla. Ég hef sem sé ekki trú á því, að það verði ráðizt í þetta þrennt í einu. Spurningin væri, hvað væri nr. 1, hvað nr. 2, hvað nr. 3. Og þó að hann sé, hv. 11. þm. Reykv., málsvari fyrir Reykvíkinga, sem hafa þessa aðstöðu, sem ég hef hér gert grein fyrir og allir vita, þá hygg ég, að hann finni á sér, verði að játa það, að það er rangt að ætlast til þess af Austfirðingum og Vestfirðingum að bíða, þangað til búið er að bæta fjórða menntaskólanum við hér í Reykjavík, og má þá hver kalla það fjandskap við Reykvíkinga af minni hendi. Þessu sjónarmiði held ég fram og held, að það hafi nokkuð til síns máls.

Svo kom hæstv. menntmrh. og gerði grein fyrir því, hvaða aðgerða væri von í menntaskólamálum. Og það var ekki aldeilis nr. 1 hjá honum menntaskóli fyrir Vestfirðinga og Austfirðinga. Nei, það var bara tilkynning um það, að hæstv. ríkisstj. væri búin að ákveða, að það yrði byggður nýr menntaskóli í Reykjavík, sá fjórði, og bygging yrði hafin næsta vor. Ég vil nú vona, að það fari ekki eins og með gatið gegnum Strákafjallið um þetta ráðherraloforð. En sem sé, það er ákveðið, það skal byggjast nýr menntaskóli í Reykjavík, nr. 2 að stækka menntaskólahúsið á Laugarvatni, nr. 3 er að játa nauðsyn þess, að menntaskóli rísi á Vestfjörðum og Austfjörðum, — játa nauðsyn þess, það var engin tilkynning um, að það yrði gert, eða ég skildi það ekki þannig, því miður. Þetta er ætlun hæstv. menntmrh., ef hann mætti ráða þróun málsins. En það er Alþingi, sem á að marka hér stefnuna, og ef Alþingi telur fært að ráðast í menntaskólabyggingu í Reykjavík og á Austfjörðum og Vestfjörðum í einu, þá skal ég ekki amast við því, enda tjóar það lítið. Þegar ríkisstj. er búin að taka ákvörðun um það og ætlar sér að byrja að byggja næsta vor, þá verður hitt að gerast, ef okkar mál á ekki að verða sett til hliðar. Og það er það, sem ég sem málsvari fyrir menntaskólamáli Vestfirðinga vil ekki una við og tel ekki byggt á réttlæti.

Svo kom hér hv. 4. þm. Sunnl. og kvartaði undan því, að það hafi verið óþarfur tónn í minni ræðu. Já, það má vel vera, að menn skilji það ekki. Það eru 18 ár síðan ég í fyrsta sinn flutti frv. um menntaskóla Vestfirðinga, það eru 18 ár, og ég játa það, mér er margt skár gefið en þolinmæði. En það má hver lá mér það sem vill, að þolinmæði mín í þessu máli skuli vera þrotin eftir 18 ár, engin von kannske til, að hv. þm. skilji það. En svo mikið er víst, að ég vék ekkert að því, að það hefði verið illa ráðið, að Sunnlendingar hefðu fengið sinn menntaskóla. Ekki gerði ég neina tilraun til þess að draga skóinn ofan af þeim eða þeirra rétti, og ekki skal ég heldur hamla gegn því, að stækkaður verði menntaskólinn á Laugarvatni, bætt aðstaða hans, það hefði mátt gera fyrr.

Ég held, að ef menn vilja líta raunhæft á þessi mál, þá verði hv. alþm. á þessu þingi að skera úr um það, hvað þeir telji sanngjarnt og réttlátt og mest aðkallandi að gera í menntaskólamálum á þessu þingi. Og það er á þeirra valdi að ákveða, hvort sú röð, sem hæstv. menntmrh. hefur tilkynnt hér, verður á þessum framkvæmd-

um eða hvort henni verður snúið við og það, sem hann impraði á sem þriðju leið, þ. e. a. s. menntaskóli á Vestfjörðum og Austfjörðum, yrði kannske nr. 1. Ég held, að allmörg réttlætisrök hnígi undir, að þingheimurinn geri það.

Ég skal aðeins í tilefni af orðum hæstv. ráðh. segja það, að mér hitnaði í hamsi á síðasta þingi, þegar það var hans till., að í viðbót við 3 menntaskóla í Reykjavík yrðu byggðar hér heimavistir handa æskufólkinu af Vestfjörðum og Austfjörðum. Það fannst honum við hæfi þá. En nú segir hann að vísu, að það sé eðlilegt, að það verði byggðir menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum, og tel ég það til bóta. En mér fullnægði það ekki í fyrra að heyra þessa till. hans um heimavistarbyggingar í Reykjavík fyrir unga fólkið af Vestfjörðum og Austfjörðum. Það fullnægir þeim ekki að fá hér byggðar verbúðir fyrir sig.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér þykir miður, að hæstv. menntmrh. er nú ekki viðstaddur. Ég hafði hugsað mér að taka svari hans hér, og ég verð þá að gera það, án þess að hann sé við.

Ég held nefnilega, að það hafi gætt misskilnings hjá hv. 5. þm. Vestf. hér áðan, að það hafi falizt í ummælum hæstv. ráðh., að hann ætli að fara að hindra þetta frv. Ég spurði hæstv. ráðh. beint: Hvaða stuðning vill hann veita þessu frv.? Vill hann styðja það, að það nái fram að ganga? Og svar hæstv. ráðh. er það, að hann telji rétt, að það komi menntaskóli á Vestfjörðum og Austurlandi. Er þetta ekki jákvætt svar? Ég tek þetta sem yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að hann ætli að styðja þetta frv., og ég vil þakka honum fyrir. Ég held, að þetta sé þess vegna á misskilningi byggt hjá hv. 5. þm. Vestf. Hæstv. ráðh. ætlar að styðja frv. okkar. (**Gripið fram í:** Ef það kemur til atkvæða.) Það kemur til atkvæða á sínum tíma auðvitað, og ég hef enga ástæðu til þess að rengja það, að hann ætli að styðja það. Það er ekki hægt að svara á þennan hátt, eins og hæstv. ráðh. gerði, ef hann ætlar ekki að styðja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Jarðræktarlög (frv. ÁÞ o. fl.).

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950 [46. mál] (þmfrv., A. 50).

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 50 um breyt. á jarðræktarl., nr. 45 frá 1950, er flutt af mér og 6 öðrum þm. Framsfl. hér í þessari hv. d. Sams konar frv. var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu. Er það því endurflutt nú með þeirri breytingu einni, að framlag til framræslu er hækkað nokkuð.

Eins og kunnugt er, hafa framlög til þeirra framkvæmda í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í frv., staðið í stað síðan 1959, en áður höfðu framlögin verið greidd samkv. vísitölu. Nú hafa síðan farið fram tvennar breytingar á skráningu hinnar íslenzku krónu til mjög mikillar lækkunar og dýrtíð og kostnaður við framkvæmdir vaxið mjög mikið. Hluti sá, er framlög samkv. jarðræktarl. greiða raunverulega í kostnaðinum við framkvæmdirnar að jarðrækt og húsabótum, hefur af þessum ástæðum lækkað hlutfallslega mjög mikið og er orðinn í raun og veru mjög lítils virði fyrir þá, sem framkvæmdirnar gera, miðað við það, sem þó áður var.

Varðandi sjálfa túnræktina hefur þó talsvert verulega verið komið til móts við þá, sem minnstu túnin hafa, fyrst með því að láta þá, sem höfðu minna en 10 ha., hafa aukaframlag, og síðan hefur þetta mark verið hækkað tvívegis, fyrst í 15 ha. og svo í fyrra fært í 25 ha., og þýða þessar færslur á túnstærðartakmarkinu það, að fleiri ná nú í aukaframlagið en áður. Hins vegar ber á það að líta, að sífellt þarf bóndinn stærra og stærra tún og meiri framleiðslu til þess að geta notið nútíma þæginda og tækni og enn fremur til þess að hafa við hinni sífellt auknu dýrtíð. Það er þess vegna hin mesta nauðsyn að hækka hið almenna jarðræktarframlag, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., á allar framlagsskyldar framkvæmdir. Þetta er að mínum dómi nauðsynlegt a. m. k. af tveimur ástæðum. Það er í fyrsta lagi til að styðja bændur fjárhagslega við framkvæmdirnar og í öðru lagi til þess að reyna að koma í veg fyrir, að ræktun og umbætur í sveitunum dragist saman. Slíkt tel ég og við flm. þessa frv. að væri þjóðhagslega mjög hættulegt. Hér á landi munu vera um 90 þús. ha. ræktaðs lands. Það er talið, að hér séu um 6000 bændur, sem ég hygg að sé þó heldur oftalið, en sé nú samt byggt á þessari bændatölu, koma 15 ha. ræktaðs lands á hvern bónda að meðaltali.

Nú er tala landsmanna um 187 þús. Það er þá tæplega 1 ræktaður ha. fyrir hverja 2 landsmenn. Eftir 40 ár er talið líklegt, að íbúar landsins verði nálægt 400 þús. Þá má að mínum dómi ekki vera búið að rækta minna til viðbótar því, sem nú er ræktað, en um 110 þús. ha., til þess

að 2 menn verði um hvern ræktaðan ha. Það þýðir, að það þarf að rækta til jafnaðar nálægt 3 þús. ha. á ári, til þess að það sé líklegt, að þörf þjóðarinnar fyrir kjöt og mjólk verði fullnægt um næstu aldamót. Ég tel hins vegar, að hér þurfi þó að setja markið allmiklu hærra á þessu sviði, svo að þjóðin geti flutt út mikið af landbúnaðarafurðum, kjöti og skinnum, ull og ullarvörum og ýmsu fleiru, því að ég er sannfærður um, að markaður eykst fyrir þessar afurðir og verð hækkar í næstu framtíð. Með vaxandi fólksfjölda í heiminum er ekkert annað líklegra en að svo verði.

Kindakjötsframleiðsla okkar var á s. l. ári, árinu 1963, 12201 tonn, og er það nálægt 65 kg á hvern mann í landinu. Ef þessi framleiðsla stendur í stað, t. d. þetta tímabil fram að næstu aldamótum, þá yrði framleiðslan á hvern mann komin niður í 30 kg um næstu aldamót, miðað við þá íbúafjölgun, sem ég gat um að áætluð væri á þessu tímabili. Á s. l. ári er talið, að öll mjólkurframleiðslan hafi verið 113½ millj. kg á landinu. Og það koma þá á hvern íbúa um 605 kg, reiknast mér til. Ef stöðnun kæmi í mjólkurframleiðsluna, yrði meðaltalið á íbúa eftir 40 ár orðið um 280 kg.

Ég veit, að það vex ýmsum í augum sú landbúnaðarframleiðsla, sem hér er nú umfram neyzlu þjóðarinnar, og það kostar talsvert fyrir ríkissjóð að bæta upp verðið á því, sem út er flutt. Á árinu 1963 voru flutt út 429 tonn af mjólkurdufti og rúmlega 300 tonn af kaseíni, eða sem svarar því, að afgangs hafi verið til neyzlu hvers íbúa í landinu um 4 kg samanlagt af hvorri tveggja þessari vöru. Af frystu og söltuðu kindakjöti voru flutt út úr landinu 1963 3113 tonn. Það svarar til þess, að afgangs hafi verið til neyzlu hvers íbúa 16—17 kg. Þegar litið er á það, að alltaf geta komið ár, sem vegna grasleysis eða ótíðar geta dregið mjög úr framleiðslunni, þá má segja, að afgangur þessara vara, sem ég hef hér nefnt, kindakjöts og mjólkurvara, sem fluttar eru út úr landinu, sé ekki meiri en svo, að tæpara megi í raun og veru ekki standa um framleiðsluna, að hún sé nóg, ef árferði verður undir meðallagi, og því megum við vissulega alltaf eiga von á. Það hafa alltaf þótt sjálfsögð hyggindi hjá hverjum manni að vera vel birgur af því, sem nauðsynlegt er til fæðu, þegar út af kann að bera um tíðarfar eða aðdráttarmöguleika. Mér finnst, að slíkt sjónarmið þurfi að hafa varðandi landbúnaðinn, að hann sé efldur svo, að hann sé jafnan fær um það, þótt árferði sé ekki gott, að sjá þjóðinni fyrir og fullnægja þörfum hennar á sem flestum sviðum í matvælaframleiðslunni. Mér finnst, að þing og stjórn megi aldrei gleyma þeim atvinnuvegi, sem veitir þjóðinni möguleika til þess að búa í landinu, en það er hér eins og annars staðar landbúnaðurinn. Án hans væri hér ekkert öryggi fyrir þjóðina og í raun og veru væri landið þá ekki byggilegt, ef við hefðum ekki allblómlegan landbúnað. Ræktun landsins er þess vegna lífsspursmál fyrir búsetu þjóðarinnar í landi sínu, og það má aldrei slá slöku við þann þátt í atvinnulífinu, og það er lítill skaði að mínum dómi, þó að framleitt sé eitthvað meira en þjóðin þarf í góðum árum eða auðvelt væri að selja úr landinu. Hitt væri verra, ef afurðirnar vantaði. Mér finnst betra, að nokkuð sé afgangs, jafnvel þó að þurfi að selja það úr landi fyrir lægra verð en þyrfti upp í framleiðslukostnaðinn. Ég hygg þess vegna, að það sé skynsamlegasta stefnan í landbúnaðarmálum hér hjá okkur að hlynna að svipuðu búskaparformi og því, sem hér hefur verið. Ég á hér við það, að búin séu rekin af sjálfstæðum bændum, sem ýmist njóta aðstoðar fjölskyldu sinnar við búskapinn eða þá hafa að einhverju leyti aðkeypta aðstoð vinnuafls, þegar því er að skipta. Eða þá enn fremur, að bú séu rekin á félagslegum grundvelli af þeim, er komið hafa sér saman um slíkt fyrirkomulag, eins og ég veit að dálítið hefur tíðkazt hér upp á síðkastið, og ég hef kunnugleika á því, að það hefur gefizt vel, þar sem fólk hefur verið samhent um slíka hluti.

Eitthvert það auðveldasta og eðlilegasta form til stuðnings af hálfu hins opinbera við bændur og landbúnað er einmitt það að veita fjárframlög við ræktunina og byggingarnar í sveitunum og fyrirgreiðslu um hentug peningalán til slíkra framkvæmda og þá ekki síður til þess að hjálpa með fjárhagslegum stuðningi, eftir því sem með þarf, ungu fólki til þess að stofna bú í sveit. En fátt mun landbúnaðinum nauðsynlegra nú, eins og sakir standa, en einmitt það, að frumbýlingar fái nauðsynlega hjálp, því að síðan tæknin kom til sögunnar með öll hin dýru tæki, sem nú þarf til búskaparins, og einnig síðan dýrtíðin og fjármagnskostnaðurinn óx svo sem raun ber vitni, þá er ungu fólki næstum ómögulegt að hefja búskap í sveit, nema þeim fáu, sem eru svo heppnir að erfa jörð og bú eða fá slíkt gefins, en því miður eru nú fáir, sem verða fyrir slíkum höppum.

Fjárframlögin, sem hið opinbera veitir til stuðnings við jarðræktina og byggingarnar í sveitunum, eru alveg eins í þágu hins almenna borgara í landinu að mínum dómi eins og bóndans, sem umbæturnar gerir og við framlagi ríkisins tekur, því að það hjálpar til þess að tryggja framleiðslu nauðsynlegrar og hollrar vöru, sem allir þurfa á að halda, og framlagið af hálfu ríkisins styður einnig að hóflegu verðlagi á vörunni, en þess njóta svo allir landsmenn. Ég tel þess vegna, að Alþingi og ríkisvald eigi að hafa þá stefnu í landbúnaðarmálum m. a. að veita allriflega aðstoð við jarðrækt og aðra þá þætti í starfi bænda, sem miða að aukinni og bættri framleiðslu. Það frv., sem hér er á ferðinni, miðar að slíku, og ég tel, að þær breytingar, sem það gerir ráð fyrir á framlaginu til stuðnings við bændur, séu þær miðaðar við allar þær kröfur, sem nú eru yfirleitt gerðar á öllum sviðum til ríkisins, þá séu þær mjög hóflegar og alls ekki of háar. Við flm. þessa frv. teljum það fyrirkomulag úrelt orðið að miða framlögin við einingar, eins og gert var, og ákveðna krónutölu, þar sem verðlagið, eins og við vitum, og gengi peninganna hefur verið og er í raun og veru mjög óstöðugt á yfirstandandi tímum. Við teljum þess vegna alveg sjálfsagt að breyta þessu í það horf, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, í ákveðinn hluta af kostnaði framkvæmdanna.

Leiðbeiningarstörf eru alls staðar aukin mjög hvarvetna hjá bændum meðal annarra þjóða og talin landbúnaði og bændunum sjálfum mjög þýðingarmikil nú á þessum tímum vísinda og tækni og þess vegna til slíkra leiðbeiningastarfa varið miklu fé alls staðar af hálfu hins opinbera. Það er enginn vafi á því, að þessi störf er mjög nauðsynlegt að stórauka hér hjá okkur, og ég veit, að bændur eru mjög áhugasamir um slíkt. En félagssamtök þeirra, búnaðarsamböndin, eru mjög fjárvana. Það er því mikil nauðsyn, að ríkið komi hér meira við sögu með aukinni þátttöku í launagreiðslum og ferðakostnaði héraðsráðunautanna en hingað til hefur verið gert. 1. gr. frv. er um slíka aukningu á framlögum hins opinbera til þessara mála.

Ég sé ekki þörf á því að rekja efni frv. nánar en ég hef gert hér með þessum fáu orðum, því að það skýrir sig sjálft og er mjög einfalt til skilnings, og enn fremur vísa ég til frekari athugunar í grg., sem fylgir frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur nú gert nokkra grein fyrir þessu máli og lýst því yfir, sem satt er, að sams konar frv. var flutt á síðasta þingi. Hann gat einnig um þær mikilsverðu breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum á síðasta þingi og lögunum um landnámið, og hefur auðheyrilega fylgzt með því, sem þá var gert. En síðan síðasta þing leið, hefur farið fram hjá hv. þm., hvað hefur gerzt í þessum málum, og hélt ég þó, að þeir, sem blöðin lesa og á útvarpið hlusta, vissu það, að ríkisstj. gerði á s. l. vori samkomulag við Búnaðarfélag Íslands um breytingu á jarðræktarl. og svo aftur í haust var gert viðbótarsamkomulag við fulltrúa bænda í 6 manna nefnd og því lofað, að flutt yrði frv. til nýrra jarðræktarlaga á þessu þingi. Búnaðarfélagið og landnámsstjóri hafa unnið að samningu þessa frv. og er því að verða lokið, og má vænta, að það verði lagt fram hér í hv. Alþingi næstu daga. En hv. flm. hafa sennilega ekki gert sér grein fyrir því, að á þessu væri von, og þess vegna hafa þeir endurflutt frv. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, en ég geri ráð fyrir því, að hv. flm. verði í aðalatriðum ánægðir með það frv., sem ríkisstj. flytur í samráði og samkomulagi við bændasamtökin og væntanlega kemur fyrir Alþingi bráðlega.

Það er vitanlega ekkert nýtt við það, sem hv. 1. flm. sagði hér áðan í sambandi við ræktunarmálin og landbúnaðinn. Það er það, sem við erum sammála um og vitum allir, að það er nauðsynlegt að rækta jörðina. Það er nauðsynlegt að auka ræktunina. Þessir 90 þús. ha., sem við nú höfum ræktað, eru fertugasti hlutinn af því landi, sem er ræktanlegt, og það, er hv. þm. var að tala um, að það þyrfti að rækta a. m. k. 3 þús. ha. á ári til þess að hafa við fólksfjölguninni, það er náttúrlega það minnsta. Við höfum ræktað s. l. ár 4500 ha. og sennilega talsvert meira á þessu ári vegna breytinganna á l. á síðasta þingi, og þegar nýju jarðræktarlögin eru komin í gagnið, gæti það enn ýtt undir ræktunina. Og það eru vitanlega sannindi, að það er fyrir þjóðfélagið í heild, sem ræktunin er gerð, og búskaparhættirnir eiga vitanlega eftir að breytast og þjóðin að framleiða meira af þeim vörum, sem borgar sig bezt að framleiða til útflutnings, frekar en það, sem síður borgar sig að flytja út. Er enginn vafi á því, að bændur munu hafa fullan skilning á því. Og það hefur verið svo fyrr en nú, að það beri nauðsyn til að halda þannig á landbúnaðarmálunum, að ávallt sé framleitt nóg fyrir þjóðina. Það hefur verið svo fyrr en nú, segi ég og að gefnu tilefni, vegna þess að það er ekki nema stutt síðan ekki var framleitt nóg fyrir þjóðina. Það var um það leyti, sem hv. framsóknarmenn fóru frá völdum. Þá var ekki meiri glæsibragur yfir landbúnaðarframleiðslunni en það, að það þurfti að flytja inn smjör næsta ár á eftir. Aftur á móti hafa á þessu ári verið flutt út 500 tonn af smjöri, og þyrfti sennilega að flytja út meira, þannig að framleiðslan hefur vaxið nú síðustu árin, eftir að núv. ríkisstj. hefur setið að völdum og gert margs konar ráðstafanir landbúnaðinum til handa, sem hafa ýtt undir aukna framleiðslu, m. a. með því að tryggja fullt verð fyrir alla framleiðsluna, sem ekki var áður gert.

Mér þótti vænt um það, þegar hv. frsm. var að telja hér upp áðan þær vörur, sem hafa verið fluttar út. Það var ágætt, að hann gerði það, því að ég hef einhvers staðar heyrt það eftir honum haft, að útflutningstryggingin, sem landbúnaðurinn nú hefur, væri í rauninni harla lítils virði. En ég skal fyrirgefa hv. þm. þessi ummæli, vegna þess að það hefur verið sagt í athugunarleysi, það hefur verið sagt í fljótfærni. Það segir enginn, eftir að hafa hugsað út í málið og eftir að vita það, að útflutningstryggingin á s. l. ári gaf hverjum bónda til jafnaðar 25 þús. kr., því að það þýðir ekki að segja, að bændur gætu náð þessu verði án útflutningstryggingarinnar. Það var ekki hægt, áður en útflutningstryggingin varð til, og það er því síður hægt nú. Enda kom það á daginn á s. l. ári, að það dró jafnvel nokkuð úr smjörsölunni, eftir að það hafði hækkað, þannig að bændur geta ekki náð fullu verði fyrir allar afurðirnar með því að hækka verðið á innlenda markaðinum. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að ganga langt í því efni.

Ég stóð ekki upp að þessu sinni til þess að halda hér neina stólparæðu. Ég sá tilefni til þess að vekja athygli á, að á næstu dögum verður flutt frv. til nýrra jarðræktarlaga, sem er byggt á samkomulagsgrundvelli við búnaðarsamtökin. Í aðalatriðum var þetta samkomulag gert á s. l. vori, og til viðbótar því samkomulagi, sem gert var á s. l. vori, var gert samkomulag við fulltrúa bænda í 6 manna nefnd í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara s. l. haust. Og ég tel, að þegar við höfum fengið hin nýju jarðræktarlög, eins og ætlað er að þau verði, þá sé þessum málum nokkuð vel komið, a. m. k. í bili. Það er vitanlega alltaf hægt að flytja frv. og bera fram óskir um enn þá meiri leiðréttingar. En það er með þetta eins og annað, að það kem-

ur ekki allt í einu, og þó að nú verði sett jarðræktarlög, sem eru allgóð, þá er alls ekki loku fyrir það skotið, að það þyki ástæða til að breyta þeim og endurbæta aftur eftir nokkurn tíma. Og þegar var verið að ræða þessi mál á síðasta Alþingi, en þá voru gerðar hinar mikilsverðustu umbætur á jarðræktarlögunum, þá var því lýst yfir, að frekari heildarendurskoðun jarðræktarlaganna væri á næsta leiti, og það mun nú koma fram.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú farið nokkrum orðum um þetta mál, sem ég hafði hér framsögu fyrir, og það er að heyra á því, sem hann segir um það, að það sé von á frv. núna frá ríkisstj. næstu daga, sem fari raunverulega alveg í sömu átt og þetta og nái sama tilgangi. Ég verð að segja, að mér þykir vænt um að heyra þetta, að ríkisstj. skuli þannig vera að ganga inn á stefnu okkar framsóknarmanna á þessu sviði, sem við settum skýrt og greinilega fram í fyrra á hinu háa Alþingi, í sams konar frv., sem við fluttum þá, eins og þessu, sem við flytjum nú. Þetta þykir mér vera mikill sigur fyrir okkur og gleðst yfir því, að það skuli vera von á þessu frá ríkisstj., og mun vissulega ekki standa á okkur framsóknarmönnum að styðja það mál, þó að það sé flutt af ríkisstj., fyrst það gengur í sömu stefnu og þá, sem við höfum markað og viljum láta ná fram að ganga.

Mér var vel kunnugt um það, að ríkisstj. hafði gert samkomulag við Stéttarsamband bænda og fulltrúa í 6 manna nefnd einmitt um aukin framlög til jarðræktar. Það er vissulega full þörf á slíku, því að sannleikurinn er sá, að þessi ár, þessi a. m. k. 4 ár, sem liðin eru, síðan visitalan var sett föst, eru bændur búnir að tapa á því, sennilega milljónatugum, og það veitti sannarlega ekki af því, að nú yrði eitthvað bætt fyrir þær syndir, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur þannig drýgt gagnvart bændastéttinni.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að hann skyldi fyrirgefa mér eitthvað. Ég verð nú að segja það, að ég veit ekki til, að ég hafi gert þessum hæstv. ráðh. nokkurn skapaðan hlut á móti, þannig að hann þurfi neitt að fyrirgefa mér. Ég tel mig ekkert ósáttan við hann, og ég vissi ekki til þess, að hann væri ósáttur við mig, svo að ég óska ekki eftir neinni fyrirgefningu. Ég hef aðeins unnið hér á Alþingi út frá þeirri stefnu, sem ég hef í landbúnaðarmálum, og í samræmi við þá stefnu, sem minn flokkur hefur í þeim málum, alveg án tillits til þess, hvaða skoðanir hæstv. ráðh. hefur á þessu máli. Og ég hef þess vegna ekki nokkra ástæðu til þess að vera honum reiður fyrir hans skoðanir og hef heldur aldrei verið.

Ég held, að í raun og veru sé ekki ástæða til þess fyrir mig að hafa þessi orð fleiri. Ég sem sagt fagna því, að það er von á þessum úrbótum frá hæstv. ríkisstj., og ég lýsi því yfir, að það muni ekki standa á okkur. Fyrst þetta fer, eins og hæstv. ráðh. sagði, í sömu stefnu og við erum hér með í frv., þá skal ekki standa á okkur að flýta fyrir því máli og styðja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Áburðarverksmiðja.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1945, um áburðarverksmiðju [55. mál] (þmfrv., A. 62).

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef áður flutt þetta frv. hér, svo að það ætti nú ekki að þurfa að ræða það mjög lengi, ef það væri einhvern tíma hægt að komast að samkomulagi um, að það fengi að koma til atkv. En það hefur gengið svo undanfarin 10 ár, að það hefur aldrei tekizt að fá þetta frv. út úr hv. fjhn., og öll þau stjórnarfrv., sem hafa verið lögð fyrir þingið og fjallað hafa um áburðarverksmiðju, hafa stöðvazt í fjhn. líka, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að láta greiða atkv. um sín eigin stjórnarfrv. um áburðarverksmiðjuna, vegna þess, hvert öngþveiti þetta mál er komið í. Þetta er orðið slíkt feimnismál fyrir Alþingi, að Alþingi hefur ekki þorað að sýna það við 2. umr., og svona getur það ekki gengið lengur. Það er búið að brjóta lög nú ár eftir ár í sambandi við reikninga áburðarverksmiðjunnar, í sambandi við afskriftirnar og annað slíkt, og meira að segja þegar hæstv. landbrh. hefur sjálfur verið að flytja brtt. við lögin eða flytja stjórnarfrv., þá hefur hann líka látið málið stöðvast í fjhn. til þess að fá ekki atkvgr. við 2. umr. um þessi mál.

Það, sem í stuttu máli er um að ræða í þessu frv., sem ég flyt, er að slá því föstu, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins og hafi alltaf verið, og að það ákvæði, sem er í 13. gr., að hún skuli rekin sem hlutafélag, það tákni aðeins, að hlutafélagið Áburðarverksmiðjan h/f sé rekstrarfélag, sem taki að sér rekstur þessarar verksmiðju, en eigi ekkert í henni. Þetta frv. fer þess vegna fram á, um leið og því sé slegið ótvírætt föstu með því að fella 13. gr. niður, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, þá skuli greiða þeim mönnum, sem lögðu fram 4 millj. í rekstrarfé fyrir eitthvað 10 árum, það aftur mjög ríflega. Það skuli sett nefnd af hálfu Alþingis, sem semji við þá, ef þeir vilja fá meira en sína vexti, og eins og ég hef áður sagt við þessa umr., þá getur maður vel hugsað sér, að þeim væri bætt það upp þannig, að þeir fengju annaðhvort vísitölu á þetta eða það væri miðað við erlendan gjaldeyri eða annað slíkt. Það er ekki höfuðatriði, hvort þessar 4 millj. eru orðnar að 10 eða 20 millj., þegar það er greitt til baka, heldur

hitt, að ríkið sé eigandi þessarar verksmiðju, viðurkenndur frá upphafi vega, og þessum mönnum sé greitt og það jafnvel ríflega fyrir það fé, sem þeir hafa einu sinni lagt þarna fram.

Fer að verða mjög brýnt að afgreiða þetta mál á Alþingi. Nú liggur fyrir áætlun að þrefalda áburðarverksmiðjuna að stærð fram til 1980. Má ég spyrja: Á að fara að bæta þessu öllu saman við, þrefalda þessa áburðarverksmiðju, sem nú kostar yfir 300 millj., á þetta fyrirtæki að fara upp í 900 millj. kannske að verðmæti, án þess að það sé ljóst, hver eigi það, eða með þá skaðabótakröfu yfir höfði sér, að ef einhver líti svo á, að þetta hlutafélag ætti verksmiðjuna, þá ætti seinna meir, þegar þetta væri orðið 800 eða 900 millj. kr. virði, að borga nokkrum hluthöfum 40% af því andvirði út, m. ö. o. kannske 300—400 millj. kr., þegar komið væri fram til 1980, fyrir þær 4 millj., sem þeir lögðu fram 1953? Ég vona, að menn sjái, í hvert óefni þetta er komið, ef Alþingi treystir sér ekki til að taka á svona máli. Það dugir þess vegna ekki lengur að láta þetta ganga þannig til.

Til þess að benda mönnum á hættuna, sem orðin er í þessu, skal ég minna á, að allmargir þm. Framsfl. lögðu hér fram á síðasta þingi frv. á þskj. 568 um áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem þeir leggja til, að núverandi áburðarverksmiðja, sem þeir líta auðsjáanlega á sem eign hlutafélagsins, sé tekin eignarnámi og síðan sé þessum mönnum borgað rétt eins og þegar tekið er eignarnámi, eins og 40% af hlutafénu væri þeirra eign. M. ö. o.: Framsfl. eða meginið af honum leggur til hér í þessari hv. d. á síðasta þingi að fara að greiða þeim hluthöfum, sem lögðu fram í rekstrarfé áburðarverksmiðjunnar 4 millj. fyrir eitthvað 10 árum, raunverulega til baka svona um 140 millj. kr., — það mundi vera um 40% af verðmæti áburðarverksmiðjunnar núna, um 140 millj. kr. nú. Þarna sýnir það sig, hvers konar dýr misskilningur er kominn inn í þessi mál, ekki sízt eftir að ráðh. Framsfl. fyrir nokkrum árum lýstu því yfir, að þeir litu svo á, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þvert ofan í lög, þar sem lögin segja, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, eins og stendur í 3. gr., og í 13. gr. segir aðeins, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag. Þess vegna er þarna stór hætta á ferðum, mikið af þm. er farið að ruglast svo í ríminu í þessum málum, að þeir eru farnir að leggja til, að það séu borgaðar út úr ríkissjóði 140 millj. kr. við það, að áburðarverksmiðjan, sem ríkið á sjálft, sé tekin eignarnámi, en áður sé því slegið föstu, að hún sé skoðuð sem eign rekstrarhlutafélagsins, sem á hana ekki. M. ö. o.: Framsfl. virðist leggja til, að þessum mönnum, sem lögðu fram þessar 4 millj., séu gefin 40% af áburðarverksmiðjunni, síðan sé áburðarverksmiðjan tekin eignarnámi og þessum mönnum borguð þessi gjöf út með 140 millj. kr. Mér sýnist ekki öllu hatramlegra atferli hafa verið framkvæmt af hálfu verzlunarauðvaldsins í Reykjavík heldur en þetta, þegar þeir ætla að fara að taka sig saman, fulltrúar Sambandsins og fulltrúar einkabrasksins í Reykjavík, sem eiga þarna báðir sínar 4 millj. til samans, að setja þessar 4 millj. upp í 140 millj. og borga þær úr ríkissjóði. Ef þetta á að ganga svona lengur til og við skulum segja áburðarverksmiðjan er stækkuð, þrefölduð, eins og áætlunin er núna, hún er nú talin 340 millj. kr. virði, — hvað verður hún, þegar hún er þrefölduð? Ætli hún verði ekki allt að 800 millj. kr. virði, og ætli við eigum svo eftir að lifa það eftir 10 ár, að Framsfl. komi aftur með till. um að borga nú þessum mönnum út 40% af því, sem þarna er í? Þá væru þessar 140 millj., sem hann vildi borga á síðasta þingi, komnar upp í einar 300 millj., kannske meira.

Ég segi þetta nú til þess að reyna að gera þm. ljóst, að þeir eru kosnir af almenningi í landinu m. a. til að sjá um hagsmuni almennings og hvert verið er að fara með því að þora ekki að snerta á því að afgreiða þetta mál. Það er hneyksli að láta þetta mál standa svona lengur, og það er til skammar fyrir þingið og fyrir þessa hv. d., sem stóð sig vel í þessu máli, þegar lögin voru samþ. 1949. Það var samþ. við 3. umr. hér í þessari hv. d., að þetta skyldi vera ótvírætt ríkiseign. 13. gr. er sett inn við síðustu umr. í Ed. 1949, rétt fyrir kosningarnar þá, í öllum þeim önnum, sem þá voru. Og af hverju var hún sett inn? Við vitum ósköp vel, hvernig það er til komið. Við vitum, að það er til komið um leið og Marshallféð var lánað í þetta. Þá var það sett að skilyrði af þeim fulltrúum einkaauðvaldsins bandarísku, sem sáu um þetta, að það yrði að reyna að láta það heita, að það yrði a. m. k. einkarekstur á þessari áburðarverksmiðju, hvað sem snerti ríkiseign, þá yrði að vera einkarekstur á henni. Eitthvað yrði Ameríkaninn að fá fyrir sinn snúð, hann gæti þó ekki verið að styðja sósíalisma á Íslandi, eins og þeir mundu líta á ríkiseign. Þess vegna var látið undan þeirri fyrirskipun frá Washington, og Björn Ólafsson leggur til við síðustu umr. um áburðarverksmiðjuna í Ed. að breyta þessu svona, setja þetta tvírædda orðalag, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag. Og svo þegar allt einkabraskið færðist í aukana og helmingaskiptastjórnin var mynduð og helmingaskiptin gagnsýrðu allt þjóðfélagið, eins og þá var, milli Sjálfstfl. og Framsóknar, þá smitaðist Framsfl. þannig og var smitaður raunar fyrir, að hann lýsti því yfir, að þetta hlyti að vera eign þessa hlutafélags. M. ö. o.: einkareksturinn, sem Ameríkanarnir vildu koma hér inn, átti að flæða þarna inn í áburðarverksmiðjuna, sem enginn maður hafði talað öll þau ár, sem hún var undirbúin, um annað en sem ríkiseign. Hún átti allt í einu að fara að verða eign þessa hlutafélags.

Við fórum raunar ekki varhluta af þessum útlendu fyrirskipunum í sambandi við áburðarverksmiðjuna þá. Sú næsta kom 1953, þegar Sogsvirkjunin átti að semja um rafmagnið til þessarar verksmiðju. Þá setti Marshallstofnunin það skilyrði, að ef Sogsvirkjunin ætti að fá lán til að reisa Írafossstöðina, þá yrði að semja til 15 ára um rafmagnið til áburðarverksmiðjunnar. Og Sogsvirkjunarstjórnarmeðlimirnir fjórir beygðu sig fyrir þessari fyrirskipun, ég greiddi einn atkv. á móti henni. Síðan var gerður 15 ára samningur um það ódýra rafmagn, sem áburðarverksmiðjan hefur. Hann rennur út 1968, og það

er búið að segja þeim samningi upp. Og ég veit satt að segja ekki, hvort menn ætla að bíða eftir því, að að því komi að ákveða endanlega, að það sé ríkið, sem á þessa verksmiðju og þurfi sjálft að semja þess vegna um rafmagnið, eða hvort á að reyna að fara að koma því inn, að það séu einhverjir einkahluthafar, sem ræna henni úr höndum almennings.

Mér sýndist þess vegna, þegar ég sá þetta frv. Framsóknar koma fram á síðasta þingi, að það væru orðin síðustu forvöð, að þarna yrði gerð sú breyting á, sem ég hef lagt til í heilan áratug, frá því að þáv. landbrh. Framsfl. í fyrsta skipti lýsti því yfir, að hann skoðaði áburðarverksmiðjuna sem eign hlutafélagsins. Ég mótmælti því þá þegar og lýsti því yfir, að ráðh. bæri sjálfur persónulega ábyrgð á þeim skaðabótum, sem ríkið kynni að verða fyrir seinna meir, ef notaðar væru þessar yfirlýsingar hans til þess að reyna að eigna þessu litla hlutafélagi þessa dýru og miklu áburðarverksmiðju.

Ég skal minna á það einu sinni enn þá, að um þetta frv. hefur frá upphafi, þegar það var fyrst flutt, þegar Sósfl. flutti það, þá hafa hann og Alþfl. verið sammála um það, og svo hefur líka verið síðan Alþb. flutti það. Stefán Jóh. Stefánsson, sem var forsrh. í ríkisstj., þegar þetta frv. var samþ. í upphafi, 1949, var á móti þessu. Ásgeir Ásgeirsson, núv. hæstv. forseti Íslands, var í fjhn. líka sammála því að afgreiða málið á þann hátt, sem ég hef lagt til, þannig að verkalýðsflokkarnir á þingi hafa staðið saman um þetta mál. Spurningin er þess vegna um, hvort þeir flokkar, sem hafa annars nokkra hliðsjón kannske af verzlunarauðvaldinu hérna í Reykjavík, ætla nú að kóróna skömm sína með því að koma sér undan því einu sinni enn þá að skera úr um þetta. Ég álít, að svona óvissa geti ekki gengið lengur, menn verði annaðhvort að hafa hugrekki til að fella þetta frv. eða þá dug í sér til að samþykkja það.

Að einu leyti hef ég breytt þessu frv. frá því, sem ég flutti það áður, og það er seinni hluti 1. gr. Það er búið nú um mörg ár að skattleggja bændur með beinum lagabrotum af hálfu áburðarverksmiðjunnar eða þess hlutafélags, sem er látið stjórna henni, með því að reikna áburðarverðið miklu hærra en lög leyfa. Afskriftirnar eru hafðar miklu meiri en lög mæla fyrir. Reikningarnir eru rangir, eins og þeir hafa verið afgreiddir, og þess vegna er stolið árlega af bændum svo og svo miklum fjármunum í sambandi við það áburðarverð, sem út er reiknað. Ég hef gert þá till., að um leið og breyting yrði gerð þarna á og kosnir, eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. l., 5 í staðinn fyrir 3 aðeins, þá hef ég gert ráð fyrir, að aðalsamtök bænda í landinu, Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda, mættu tilnefna 2 menn, sem hefðu atkvæðisrétt um verðlagningu áburðarins, þegar stjórn áburðarverksmiðjunnar tæki verðlagninguna fyrir, þá hefðu þessir tveir menn atkvæðisrétt einnig. Þetta er gert til að tryggja hag þeirra aðila, sem þarna eiga mest undir, bændanna, sem kaupa áburðinn, að ekki sé verið að taka meira af þeim en lög mæla fyrir. Okkur virðist það í alla staði eðlilegt. Enn fremur er í þessari sömu grein lagt til, að þessir menn geti haft atkvæðisrétt um það, hvaða tegundir áburðar séu framleiddar. Það hefur verið frá upphafi kvartað yfir því, að áburðarverksmiðjan framleiddi ekki þá heppilegustu tegund fyrir landbúnaðinn, sem æskilegt væri, og með þessu verzlunarauðvalds- og brasksfyrirkomulagi, sem verið hefur á stjórn áburðarverksmiðjunnar, hefur verið erfitt fyrir kaupendur áburðarins að koma sínum hagsmunamálum þarna fram. Þess vegna tel ég rétt, að bændur hafi aðstöðu til að taka þátt í því að ákveða, hvaða áburðartegundir séu þarna framleiddar. Þetta er alveg sérstaklega nauðsynlegt, þegar við hugsum út í það, að það er talað um að þrefalda nú áburðarverksmiðjuna, framleiða í henni nýjar tegundir áburðar líka og kannske blanda þær öðruvísi, og þá er alveg nauðsynlegt, að þeir menn, sem eiga að kaupa þennan áburð og nota hann, hafi einhver áhrif og einhvern möguleika til þess að ráða einhverju um þetta, því að raunverulega eru þeir ofurseldir alveg þessari raunverulegu einkasölu, sem þarna er komið á.

Ég skal enn fremur minna á það, að í 3. gr. er þeirri þingnefnd, sem gert er ráð fyrir að skipa í sambandi við endanlegt uppgjör við hlutafélagið, líka gefin heimild, ef hún vill, til að rannsaka tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, vegna þess að það hafa verið uppi ýmsar kvartanir út af því, hvernig gengið hafi verið frá þessari verksmiðju og hvernig það hafi verið undirbúið allt í upphafi. Það virðist sem sé hafa orðið nokkuð skörp smitun af áhrifunum frá Marshallstofnuninni og Atlantshafsbandalaginu og því öllu saman, sem gerðist, þegar þessi áburðarverksmiðjulög voru samþykkt og tekið var að framkvæma þau, því að það halda sumir því fram, að það sé nær því að vera sprengiefni, það sem menn hafa ætlað sér að geta framleitt í þessu, heldur en áburður og þess vegna hafi þetta allt saman verið gert svo fínlegt eins og það var. Nú hef ég ekki neitt vit á að segja um það. En hitt er víst, að það væri ekki vanþörf á því, því að þetta er einn hinn fyrsti stórrekstur, sem við höfum lagt í, að öll þessi mál væru rannsökuð frá upphafi vega. En það er allt saman smáræði hjá hinu, að koma því endanlega í lag, að þessi áburðarverksmiðja sé, eins og 3. gr. l. mælir fyrir, sjálfseignarstofnun, ríkiseign, á sama hátt og t. d. Landsbankinn er það eða önnur slík, og að ljúka þessu óþolandi millibilsástandi, sem þarna hefur verið skapað og er alveg að rugla menn í ríminu.

Ég skal geta þess t. d. í sambandi við frv. Framsfl., að ef þessir hlutir væru framkvæmdir, sem Framsfl. leggur þarna til, þá þýðir það að stórhækka allt áburðarverð á Íslandi. Og ég hélt, að það væri ekki fyrst og fremst það, sem Framsfl. væri að berjast fyrir í sambandi við þessi mál. En hann hefur kannske ekki gert sér ljóst, hvað þetta frv. hans þýddi.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að sú n., sem ég legg til að fái þetta frv. til meðferðar, hv. fjhn., treysti sér nú til að afgreiða þetta mál, að hún leggist ekki á þetta mál og reyni að sveifa það, að hún hafi þá ábyrgðar-

tilfinningu, að hún láti þetta mál koma hér aftur til kasta deildarinnar og það verði greidd atkv. um þetta og hver einstakur þm. verði sjálfur að taka ábyrgð á sig af því, hvernig hann afgreiðir þetta mál. Og ég vil vona, af því að ég veit, að það eru alltaf í fjhn. nokkrir menn, sem hafa haft áhuga á því, að þessu máli væri komið á hreint, að þeir taki saman höndum um, líka þeir, sem kannske eru annarrar skoðunar en ég er og við Alþb.-menn, — taki saman höndum um að afgreiða málið úr n. og láti það nú koma til kasta þingsins, þannig að það séu ekki sveefð þessi mál, gerð að slíkum feimnismálum á Alþingi, að menn þori hvorki að ræða þau né afgreiða þau.

Svo legg ég til, að frv. þessu sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn., herra forseti.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. um frv. framsóknarmanna frá því í fyrra. Hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að við höfum lagt til, að hlutabréf einstaklinga í áburðarverksmiðjunni yrðu metin á 140 millj. kr., eftir því sem hann sagði hér áðan, þessi 4 millj. kr. hlutabréf yrðu metin á 140 millj. Ég vil algerlega mótmæla þessari firru, að nokkrum hafi dottið slíkt í hug. Það stendur í 14. gr. þess frv., sem þá var flutt, að sú nefnd, sem hæstiréttur skipaði til að meta bréfin, skuli miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna. Og þetta sannvirði telur hv. þm., að sé um 140 millj. Þessari firru vildi ég mótmæla, því að ég sé ekki, á hvaða rökum hún getur verið byggð, og eru þess vegna hugleiðingar hv. þm. út af þessu hinar fáránlegustu.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er auðséð, að það er ekki hægt að koma því inn í höfuðið á þessum hv. þm., 3. þm. Vestf., frekar en öðrum þeim, sem þetta frv. flytja, hvað þeir eru sjálfir að gera með því frv., sem þeir fluttu í fyrra. Hann er að tala um sannvirði í sambandi við þessar 4 millj. Allt frv. framsóknarmanna gengur út frá því, að þetta hlutafélag eigi áburðarverksmiðjuna, og nú þætti mér vænt um, að einhver framsóknarmaður mótmælti þessu, og þessi vitleysa, að þetta hlutafélag eigi áburðarverksmiðjuna, byggist á yfirlýsingu, sem landbrh. Framsfl., Hermann Jónasson, gaf fyrir um það bil 10 árum, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins, sem var mótmælt þá. Hér er lagt til að taka áburðarverksmiðjuna eignarnámi. Hvað þýðir að taka áburðarverksmiðjuna eignarnámi, ef það yrði viðurkennt, að það væri skoðað sem þetta hlutafélag ætti hana? Það þýðir að leggja fyrir hvort heldur það er hæstarétt eða þá dómkvöddu menn, sem þarna eru að dæma, hvers virði áburðarverksmiðjan sé. Áburðarverksmiðjan er núna talin vera milli 300 og 400 millj. kr. virði. Ef svo er litið á, að hlutafélagið eigi áburðarverksmiðjuna, þá eru 4 millj., 40% af hlutafénu, það er 10 millj. kr. hlutafé, þá eru 4 millj. í hlutafé þess virði, sem 40% af heildarverði áburðarverksmiðjunnar eru, og ef það er metið milli 300 og 400 millj. kr., þá gæti svo farið, að það yrði t. d. 140 millj. kr. virði. Þetta er tiltölulega einfaldur reikningur. Og það getur orðið hærra en 140 millj. eftir nokkurn tíma, ef svona er haldið áfram.

Nú vil ég skora á hv. 3. þm. Vestf. að koma hér í ræðustólinn og lýsa því yfir, að það sé skoðun hans, og mér þætti vænt um, ef hann gæti lýst því yfir, að það væri líka skoðun annarra framsóknarmanna, því að hann var 2. flm. þessa frv. seinast, að þessi áburðarverksmiðja sé ekki eign hlutafélagsins. Ég skora á hann að koma hér nú á eftir mér og lýsa því yfir, að það sé skoðun hans, að þessi áburðarverksmiðja sé ekki eign hlutafélagsins, og taka upp þessi orð eftir mér. Ég skora á hann og hvern annan þann mann, sem flutti frv. Framsfl. hér í fyrra, að koma hér upp nú og gefa yfirlýsingu um það, að áburðarverksmiðjan sé ekki eign hlutafélagsins. En svo framarlega sem menn líta svo á, að hún sé eign hlutafélagsins, og ef menn samþykkja, að hún kosti t. d. 350 millj. kr., þá eiga þessir eigendur þessara 4 millj. kr. í hlutafé kröfu á 40% af því. Og það geta vel orðið 140 millj.

Ég veit ekki, hvort mér hefur tekizt að koma þessu inn í höfuðið á hv. þm., en nú skora ég á hann að koma hér og lýsa því yfir, að það nái ekki nokkurri átt, að þessi áburðarverksmiðja sé álitin vera eign þessa hlutafélags upp á 10 millj. Ég endurtek áskorun mína til hans og vonast til, að hann komi hér nú upp á eftir mér.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. er búinn að slá því föstu, að áburðarverksmiðjan sé 350 millj. kr. virði, og hann reiknar svo dæmið þannig, að 4 millj. kr. hlutabréf séu 40% af þessari upphæð, svona fær hann upphæðina út, 140 millj. En heldur þessi hv. þm., að sé verksmiðjan orðin 350 millj. kr. virði, sé það vegna þessara 10 millj., þær séu orðnar 350 millj.? Nei, það er fyrir fé, sem ríkissjóður hefur lagt verksmiðjunni, og þótt það fé hafi aukizt, kannske margfaldazt, þá getur það aldrei komið í hlut þessara eigenda að einum 4 millj. Í þessu liggur vitleysan hjá honum.

Flm. (Einar Olgeirsson): Það er alveg hárrétt hjá hv. 3. þm. Vestf., það væri hreinasta firra að ætla að borga þessum mönnum, sem leggja fram 4 millj., 140 millj. Það er bara það, sem Framsfl. leggur til. Það er það, sem hann leggur til. Af hverju þorir hv. þm. ekki að svara þeirri spurningu, sem ég legg fyrir hann? Það er alveg rétt, að 10 millj., sem menn lögðu fram um árið, hafa aldrei skapað neitt í þessu, þær eru hlægilegt atriði. Ríkið lagði fram sínar 140—200 millj. í þetta sem lánsfé. 10 millj. hafa aldrei skipt neinu máli í þessu. Þær voru settar fram til þess að fullnægja kröfum Marshallstofnunarinnar. En það, sem gerðist, og það, sem var hættulegt, var, að landbrh. Framsfl., Hermann Jónasson, lýsti því yfir, að áburðarverksmiðjan væri eign þessa hlutafélags, þessa 10 millj. kr. hlutafélags, og því mótmælti ég þá. Ég man ekki, hvort hv. 3. þm. Vestf. var á þingi þá, en hann hefur a. m. k. aldrei mótmælt því. Af hverju var ég að mótmæla þessu? Af því að ef það var litið þannig á,

að áburðarverksmiðjan væri eign þessa hlutafélags, þá hlutu eigendur þessara 10 millj. kr. hlutabréfa að skoðast eigendur áburðarverksmiðjunnar. Skilur hv. 3. þm. Vestf. það, að ef hann ætti t. d. í dósaverksmiðju og það væru 100 þús. kr. hlutabréf í henni og þótt hún væri orðin 10 millj. kr. virði, þá mundu þeir, sem ættu hlutabréfin í henni, engu að síður eiga hana eftir sem áður, og ef t. d. 10 þús. kr. hlutabréf í þessu væri selt, þá mundi það vera metið sem 1/10 hluti úr þessari dósaverksmiðju? Alveg sama mundi gilda, ef hæstiréttur tæki orð landbrh. Framsóknar gild og liti svo á, að hlutafélagið væri eigandi áburðarverksmiðjunnar. Þá mundi vera litið svo á, að þetta væru eigendurnir og þeim ætti að greiða.

Ég hef ekki slegið því föstu, að hún væri 340 millj. kr. virði, en hún hefur verið áætluð það, miðað við t. d. þann stofnkostnað, miðað við, hvað mundi kosta núna að byggja hana, og miðað við það, sem farið er að innleiða nú, sem ég álít mjög vitlaust í sambandi við skattframtöl, að það sé leyft að láta menn meta til endurbyggingarverðs, þá býst ég við, að áburðarverksmiðjan mundi verða metin á eitthvað slíkt. Þess vegna er stór hætta á, ef ætti að taka áburðarverksmiðjuna eignarnámi núna, að þeir menn, sem til væru kvaddir, t. d. annaðhvort hæstiréttur eða dómarar, dæmdu svo, m. a. með því að styðja sig við yfirlýsingar ráðh. Framsfl. úr ráðherrastólum, að þessi áburðarverksmiðja væri eign hlutafélagsins, þá yrði dæmt svo: Þeir menn, sem eiga 40% af hlutafénu, eiga að fá 40% af verðinu. Og ég er hræddur um, að það sé nokkuð rökrétt. (SE: Stendur það í frv.?) Nei, en það er inntakið í því öllu saman. Allt frv. byggist á því að taka þetta eignarnámi og skoða þetta sem eign Áburðarverksmiðjunnar h/f, skoða þetta sem eign hlutafélagsins.

Framsóknarmennirnir, sem fluttu þetta frv., voru Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson og Halldór Ásgrímsson. Það sýnir sig sem sé, að a. m. k. annar aðalmaðurinn af þessum hefur ekkert vitað, hvað hann gerði, þegar hann flutti þetta, ekkert skilið í því, hvað hann var að fara. Það á nú víst að fyrirgefa mönnum, ef þeir vita ekki, hvað þeir gera. En þeir verða þá að sýna einhverja iðrun. Þeir verða þá að koma hér fram og segja: Þetta var hreinn misskilningur hjá okkur, alveg misskilningur, við biðjumst afsökunar á þessu, við ætlum alls ekki að fara að ná þarna 140 millj. úr ríkissjóði handa mönnum, sem lögðu fram 4 millj. — Mér þætti vænt um þann heiðarleika, sem kæmi fram hjá hv. 3. þm. Vestf., þegar hann rekur sig á þetta, að hann ætlaði alveg óvart að fara svona djúpt í vasa ríkissjóðs og henda þar 140 millj. fyrir 4 millj. Ég skil það vel og met það vel við hann, hve fráleitt slíkt væri. En þetta hefur verið sú hrapallega stefna forustumanna Framsfl.

Það eina, sem getur afstýrt þessu og ég hef verið að berjast við að afstýra nú í 10 ár, er, að því sé slegið föstu með því að fella 13. gr. burt, þar sem talað er um þetta hlutafélag sem rekstrarfélag, að verksmiðjan sé ríkiseign. En ef 13. gr. fellur burt, þá er þetta áburðarverksmiðjufélag ekki lengur til og enginn grundvöllur fyrir því, og það er hægt að semja við þá menn, sem þar voru, og bæta þeim það, sem þeir hafa lagt fram. En þá er ríkið ekki að neinu leyti bundið við neinar spurningar um það, að einstakir menn geti haldið, að þessir aðilar væru einhverjir eigendur þessarar áburðarverksmiðju, sem er sjálfseignarstofnun eftir 3. gr. l. Og nú vil ég enn einu sinni, af því að hv. þm. í sinni einfeldni og trú kom hér fram og talaði alveg réttilega um það, hve fráleitt það væri að ætla að greiða mönnum, sem hefðu lagt fram 4 millj., 140 millj., — nú vil ég skora á hann að koma fram og segja: Þessi áburðarverksmiðja er eign ríkisins og þetta hlutafélag á hana ekki. (SE: Ég er búinn með ræðutímann.) Viltu ekki skjóta því fram, meðan ég er hérna? Ég skal þegja á meðan. Ég vona, að hv. þm. noti tækifærið, og ég skírskota til forseta að gefa honum tækifæri til að bera af sér sakir, og hann gæti sagt þetta til þess að forða sínum heiðri.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta skal vera stutt. — Það er eins og hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki tekið eftir því, að það er skýrt tekið fram í 14. gr. þess frv. sem við fluttum í fyrra, að nefnd, sem hæstiréttur skipar, skuli metasannvirði hlutabréfanna. Hv. þm. metur þau á 140 millj., en hvort sú nefnd, sem hæstiréttur skipaði, gerði það, það er annað mál. En ég vil ekkert vera að þrátta við hv. þm. um það, hvernig slík nefnd mundi meta. Ég er sannfærður um, að hún mundi ekki meta hlutabréfin eftir forsendum hv. þm., það dettur mér ekki í hug, og ég efast um, að nokkrum öðrum en honum detti það í hug.

En hvað er hann að staglast á því að slá því föstu, að verksmiðjan sé ríkiseign? Hann er alltaf annað veifið að tala um, að hún sé ríkiseign. Af hverju þarf hann þá að vera að slá því föstu, að hún sé það? Er það ekki fast? (Gripið fram í.) Nú, ekki getur Framsfl. breytt l. með einhverjum ummælum úr ræðustól. Hann er einmitt að slá því föstu, sem er óvisst í lögum. Og þó byggir hann alla sína dóma um það, sem ég hef hér sagt, á því, að hún sé ríkiseign, en þarf hann þá að „slá því föstu". Ekki er nú þetta á föstum grunni hjá honum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Menntaskólar (frv. EÁ og ÓskJ).

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla [56. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 14. og 15. fundi í Nd., 12. og 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 63 hef ég leyft mér ásamt hv. 4. þm. Sunnl., Óskari Jónssyni, að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 7. maí 1946, um menntaskóla. Frv. samhljóða þessu fluttum við á síðasta þingi, en það var þá afgreitt á þann hátt að vísa því til ríkisstj. samkv. till. meiri hl. hv. menntmn. þessarar d. með þeim rökstuðningi, að hæstv. ríkisstj. hefði ýmsar áætlanir á prjónunum um málefni menntaskólanna í landinu og m. a. sæti á rökstólum nefnd, sem hefði það hlutverk að endurskoða námsefni þeirra skóla. Þess vegna þótti ekki fært að samþykkja þetta frv., sem hér um ræðir, og var því vísað til ríkisstj. að tillögu meiri hl. hv. menntmn.

Þegar þetta frv. var hér til umr. í fyrra, flutti ég um það allýtarlega framsöguræðu, og ég get því nú að mestu leyti leyft mér að vísa til þess, sem ég þá sagði, enda eru ástæður í þessum málum lítt eða ekki breyttar frá því, sem þær voru þá. En ég vil þó leyfa mér við þessa 1. umr. að gera í örstuttu máli grein fyrir því, um hvað þetta frv. fjallar.

Frv. gerir ráð fyrir því, að 1. gr. laga um menntaskóla orðist þannig: „Menntaskólar eru 4, 2 í Reykjavík, 1 á Akureyri og 1 á Laugarvatni. Stofna skal auk þessa 1 menntaskóla á Austurlandi og 1 á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra á fjárl. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.“ Og er engin breyting fólgin í því.

Samkv. gildandi menntaskólalögum er nú aðeins einn menntaskóli í landinu, menntaskólinn í Reykjavík. Sá skóli er til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, sem nú er orðin yfir 100 ára gömul og var byggð fyrir latínuskólann þáverandi, sem hafði 60 nemendur. Nú eru nemendur í þessum skóla á 10. hundrað, og er því augljóst, að þetta gamla skólahús er þegar orðið allt of lítið fyrir þann skóla, sem þar er til húsa. Þess er auðvitað skylt að geta hér, eins og gert hefur verið áður, að nú hefur verið ráðizt í talsverðar viðbyggingar á menntaskólalóðinni. Þær eru að vísu ekki tilbúnar til notkunar, en senn líður þó að því. En enda þótt þær verði teknar í notkun, leysa þær ekki húsnæðisvandamál menntaskólans nema að mjög litlu leyti, þar sem þær eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir kennslustofur í sérgreinum, sem mjög mikill skortur hefur verið á við menntaskólann, eins og kunnugt er, og ýmislega verklega kennslu, sem þar á fyrst og fremst að fara fram.

Til viðbótar þeim augljósu rökum, sem af því leiðir, að menntaskólahúsið er orðið of lítið, er það rökstuðningur okkar, sem flytjum þetta frv., að menntaskólinn sjálfur sé orðinn of stór, þ. e. a. s. þar séu orðnir of margir nemendur, það séu of margir nemendur í menntaskólanum, til þess að þeir, sem honum stjórna, og þeir, sem þar kenna, geti haft eins náið samband við nemendurna og þarf að vera, til þess að beztu not fáist af kennslunni. Mér hefur verið tjáð af skólamönnum, að æskilegasta stærð slíkra skóla væru skólar, sem hefðu 300—400 nemendur. E. t. v. er hér of lág tala nefnd, en fæstir held ég ráðleggi stærri skóla en 500—600 upp á beztu nýtingu á kennslu, sem völ er á. Eftir þeim tölum og með hliðsjón af því, að nemendur í menntaskólanum í Reykjavík eru nú þegar á 10. hundrað, eins og ég sagði áðan, þá er augljóst, að nú þegar eru not fyrir tvo menntaskóla hér.

Ég tel skylt að geta þess til þess að blekkja nú engan í sambandi við þetta mál, að hér eru tveir skólar í Reykjavík, sem hafa leyfi, annar samkv. lögum og hinn heimild frá ráðh., til þess að útskrifa stúdenta, þ. e. a. s. Verzlunarskóli Íslands og kennaraskólinn. Verzlunarskólinn hefur á undanförnum árum útskrifað nokkra stúdenta á ári, 25 í fyrra. Kennaraskólinn hefur til þessa enga stúdenta útskrifað, og þaðan er þess ekki að vænta, að nýir stúdentar komi fyrr en árið 1967 eða 1968, ég man ekki alveg, hvort heldur er. En báðir þessir skólar hafa fyrst og fremst öðru hlutverki að gegna. Þeir eiga að búa fólk undir verzlunarstörf og undir að taka að sér kennslu, og þeir stúdentar, sem þaðan útskrifast, eru nemendur, sem fyrst og fremst hafa lagt sig eftir verzlunar- og kennaramenntun, en hafa svo fengið heimild til þess að bæta við einu eða tveim árum til þess að öðlast stúdentspróf.

Þrátt fyrir þetta, sem vitanlega munar mjög lítið um í þeim stúdentafjölda, sem héðan útskrifast árlega, teljum við, sem að þessu frv. stöndum, augljóst, að menntaskólunum hér þurfi að fjölga hið bráðasta í tvo. Enda eru þau gleðilegu tíðindi nú fyrir hendi, að hæstv. menntmrh. upplýsti hér fyrir nokkrum dögum, að þegar væri ákveðið að byggja annan menntaskóla í Reykjavík.

Undanfarin allmörg ár hafa verið starfræktir menntaskólar á Akureyri og Laugarvatni, eins og kunnugt er. Þeir eru starfræktir samkv. heimild í menntaskólalögunum, en sú heimild hefur fyrir lifandi löngu verið notuð, og finnst mér a. m. k. full ástæða til þess að breyta lögunum með hliðsjón af þeim staðreyndum, sem fyrir hendi eru, og að kveða fullum fetum á um það, að þarna séu menntaskólar. Hér er aðeins um formsbreytingu að ræða, en ekki efnis, og ætti ekki að þurfa að vera neinn ágreiningur um það.

Undanfarin allmörg ár hafa borizt utan úr dreifbýlinu mjög háværar raddir um það, að nauðsynlegt væri að koma upp menntaskólum víðar en þeir eru nú, og sérstaklega hefur verið talað um Vestfirði og Austurland í þessu sambandi. Hér hafa áður í þessari hv. þd. farið fram nokkrar umr. um þörf þess að stofna menntaskóla á Vestfjörðum, og nú í dag var útbýtt á hv. Alþingi frv. um menntaskóla á Austurlandi. Þegar frv. um menntaskóla á Vestfjörðum var

hér til umr., voru dregin fram mörg mjög sterk rök því til stuðnings, og ég vil lýsa því yfir í tilefni af þessum frv.-flutningi, sem hér um ræðir, að við flm. þessa frv. erum þeim fyllilega sammála, sem berjast fyrir því, að menntaskólum sé komið upp á þessum stöðum. Við teljum, að það sé undirstaða framtíðarþróunar á Íslandi, að sem allra flestir eigi kost á því að njóta langskólamenntunar, og það sé ekki einungis gott, heldur beinlínis nauðsynlegt, að það geti orðið sem allra víðast og að skilyrði til menntunar séu sem allra jöfnust fyrir öll ungmenni, hvar á landinu sem þau eru búsett. Breyttir þjóðfélagshættir auka þörf okkar fyrir sérmenntað fólk til starfa í margvíslegum greinum. Vonir okkar um batnandi þjóðarhag byggjast í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í notkun í þágu atvinnuveganna, og þess vegna teljum við flm. nauðsynlegt, að sem allra flestir eigi þess kost að afla sér þeirrar menntunar, sem til þess þarf.

Nú mætti kannske segja, að þar sem frv. hefði verið flutt um menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi og þar sem yfirlýsing hæstv. menntmrh. lægi fyrir um það, að hafin skyldi bygging á nýjum menntaskóla í Reykjavík, væri þetta frv. óþarft. Ég tel þó, að svo sé ekki, a. m. k. ekki að því er snertir skólana á Vestfjörðum og Austurlandi, fyrr en lög um þá hafa verið samþykkt, og ekki heldur menntaskólann í Reykjavík, enda þótt yfirlýsing frá hæstv. ráðh. liggi fyrir. Við flm. þessa frv. teljum, að það eigi að vera Alþingis að marka brautina í þessum efnum, og satt að segja skil ég ekki þá tregðu, sem mér finnst koma fram hjá hæstv. menntmrh. í því efni að vilja ekki afla sér lagaheimildar til þeirra framkvæmda í menntaskólamálum, sem hann lýsir yfir að þegar séu ákveðnar. Ég held, að það ætti að vera svo í málefnum menntaskólanna eins og í öðrum fræðslu- og kennslumálum hér á landi, að það sé Alþingi sem markar stefnuna, og þess vegna sé það ekki óþarft, heldur nauðsynlegt, að lagaheimildar frá Alþingi til þessara framkvæmda, sem hér um ræðir, sé aflað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta hér við 1. umr., sérstaklega með skírskotun til framsöguræðu, sem ég hélt um sama málefni í fyrra, en leyfi mér að lokinni umr. að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Endurálagning útsvars og tekjuskatts.

Á 12. *fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:*

Frv. til l. um endurálagningu útsvars og tekjuskatts einstaklinga árið 1964 [60. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að tekjuskattur álagður s. l. sumar og útsvör álögð um svipað leyti verði tekin til endurálagningar, þ. e. a. s. að gjöld þessi verði endurskoðuð og lögð á að nýju samkv. reglum, sem frv. greinir. Lagt er til, að við endurálagningu verði skattstigi og útsvarsstigar, sem í gildi voru árið 1960, lagðir til grundvallar, þó þannig, að þessir gjaldstigar verði umreiknaðir samkv. breytingum á verðlagsvísitölu á þessu tímabili.

Mér þykir rétt að gera nokkra grein fyrir, hvernig stendur á því, að í frv. er lagt til að miða við þá gjaldstiga, sem í gildi voru árið 1960. Það var einmitt árið 1960, sem hæstv. núv. ríkisstj. gerði mjög umfangsmiklar breytingar á efnahagsmálum landsins. Þá var í ýmsum grundvallaratriðum breytt um skatta- og tollainnheimtu. Söluskattar voru stórhækkaðir frá því, sem áður hafði verið. Tollar voru í rauninni einnig hækkaðir verulega með hinni miklu gengisbreytingu, sem þá var samþykkt, en jafnhliða þessu var gerð allveruleg breyting á beinum sköttum, þ. e. a. s. að tekjuskattstigi var lækkaður verulega. Um þetta sama leyti var einnig gerð sú sama breyting á varðandi tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, að þau fengu nú hluta af söluskatti, sem þau höfðu ekki haft áður, og því var þá haldið fram, að það ætti að verða til þess, að hægt yrði að lækka útsvörin í landinu almennt. Það var því árið 1960, sem nýr grundvöllur var að verulegu leyti lagður í sambandi við tekjuskattsálagningu ríkisins og einnig í sambandi við útsvarsálagningu bæjar- og sveitarfélaga. Og um það hefur ekki verið deilt, að á árinu 1960 urðu allverulegar lækkanir í þessum efnum á tekjuskatti einstaklinga og á útsvörum, líklega í flestum eða öllum sveitarfélögum landsins. Síðan 1960 hafa að vísu verið gerðar nokkrar breytingar, bæði á útsvarslögunum og einnig á tekjuskattslögunum, en því hefur jafnan verið haldið fram, að þær breytingar væru allar til lækkunar. Það hefur aldrei heyrzt á það minnzt, að verið væri að hækka álögurnar frá því, sem hafði verið ákveðið árið 1960. Hins vegar hefur það ekki farið á milli mála, að þeir, sem greiða eiga skatta til ríkisins og til bæjar- og sveitarfélaga, hafi mjög haldið því fram, að þessar álögur væru nú að þyngjast eigi að síður.

Og við vitum öll, hvernig á því stendur, að þannig hefur þessu verið varið í raun og veru, að þessar álögur hafa verið að þyngjast. Það er

dýrtíðin, sem hefur í raun og veru verið að hækka þessar álögur. Tekjur manna hafa hækkað í krónum talið, án þess að í mjög mörgum tilfellum væri um hækkaðar raunverulegar tekjur að ræða eða tekjur, sem gæfu meira kaupmáttargildi. Þetta hefur leitt til þess, að hinar almennu launatekjur hafa færzt ofar í skatta- og útsvarsstigana, sem hafa verið stighækkandi, og eftir þessari leið dýrtíðarinnar hafa þessi gjöld verið að hækka á landsmönnum yfirleitt á síðustu árum. Það er talið, að þessi hækkun hafi ekki orðið ýkjamikil árið 1961 og ekki heldur árið 1962, en að á árinu 1963 og á yfirstandandi ári, 1964, hafi hækkunin af þessum ástæðum orðið allveruleg. Okkur flm. þessa frv. hefur því þótt rétt að leggja til grundvallar við breytingar á álögðum gjöldum á þessu ári, þ. e. a. s. tekjuskatti einstaklinga og útsvörum einstaklinga, að leggja til grundvallar þá gjaldstiga, sem í gildi voru hér árið 1960, og reynt sé að halda sig við það, að þau gjöld, sem menn eiga að greiða á þessu ári, 1964, eigi út af fyrir sig ekki að vera hærri hlutfallslega, þegar tillit er tekið til dýrtíðarbreytinga, heldur en þau voru árið 1960. Auðvitað er hægt að deila um það, hvort gjaldstigarnir, sem í gildi voru árið 1960, hafi í öllum greinum verið sanngjarnir eða ekki, og það er auðvitað enginn vafi á því, að allir alþm. eru þar ekki á einu máli. En eigi að síður eru þetta ákvæði, sem hafa verið samþykkt hér á Alþingi og hafa verið í gildi og eru óumdeilanlega þau hagstæðustu fyrir gjaldþegna í landinu, sem verið hafa um langan tíma, og af því sýnist full ástæða til þess að miða við þau ákvæði, sem í gildi voru árið 1960.

Ég þarf ekki að fara hér mörgum orðum um það, hvaða orsakir liggja til þess, að þetta frv. er flutt, um endurálagningu útsvars og tekjuskatts einstaklinga árið 1964. Hér í þessari d. hefur annað frv. verið flutt um sama efni, og umr. hafa þegar farið fram um það. Frsm. þess máls, hv. 11. þm. Reykv., flutti þá hér mjög ýtarlega og greinargóða ræðu um þær orsakir, sem liggja til þess, að nú eru fluttar till. um það að taka upp endurskoðun eða breytingar á álögðum gjöldum á þessu ári. Ég get tekið undir öll ummæli, sem fram komu í ræðu hans um þetta mál. Ég veit, að allir hv. alþm. muna það fullvel, að á s. l. sumri reis upp mjög almenn og víðtæk óánægja gjaldenda í landinu með álagða skatta á þessu ári. Og viðbrögð manna úr öllum flokkum urðu með nokkuð svipuðum hætti. Meira að segja öll dagblöðin í Reykjavík urðu um það sammála, að álögurnar á þessu ári sýndu, svo að ekki væri um að villast, að óhjákvæmilegt væri að taka gildandi skattalög og útsvarslög til endurskoðunar. Og ég ætla að flestir hafi verið á því máli þá, að það væri einnig óhjákvæmilegt, að gerðar væru einhverjar ráðstafanir til þess að lækka hin álögðu gjöld. Og það fer ekki heldur á milli mála, að nefndir voru skipaðar af ríkisstj. sjálfri til þess að hugleiða þessi mál, og satt að segja hugsa ég, að flestir hafi búizt við því, að einhverjar ráðstafanir yrðu gerðar til lækkunar á þessum álögðu gjöldum nú snemma á þessu þingi.

Við Alþb.-menn leggjum fram þetta frv., sem hér er til umr. nú, sem tillögugrundvöll af okkar hálfu um það, hvernig ætti að framkvæma breytingarnar í þetta skipti. Framsóknarmenn hafa lagt fram sitt frv. og talað fyrir sínum till. í þessum efnum. Við Alþb.-menn getum ekki tekið undir þessar till. framsóknarmanna. Við teljum, að á þeim séu verulegir gallar. Í þeim er lagt til í aðalatriðum, að tekjuskattur einstaklinga, sem álagður var á s. l. sumri og er undir 7 þús. kr., verði felldur niður og að tekjuskattur annarra einstaklinga verði lækkaður um 7 þús. kr. Út af fyrir sig, þó að hér sé um nokkuð ónákvæma aðferð að ræða, hefðum við ekki gert aths. við þessa till., því að við því mátti búast, eins og hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, að í þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem hér þyrfti að gera, yrði að lúta að því að miða till. við það, sem yrði tiltölulega auðvelt að framkvæma, jafnvel þó að þær næðu ekki hinu fyllsta réttlæti. En annar meginliðurinn í till. framsóknarmanna er um það, að öll álögð útsvör einstaklinga verði lækkuð um 20% og að ríkið greiði síðan bæjar- og sveitarfélögum þann mismun, sem þá kemur fram. Þessa till. teljum við fráleita. Það er ekki um það að villast, að útsvörin í hinum einstöku sveitarfélögum eru mjög mismunandi há. Sum sveitarfélögin hafa veitt mjög mikinn afslátt frá gildandi útsvarsstigum, önnur hafa aftur ekki veitt neinn afslátt, heldur beinlínis orðið að hækka útsvarsstigana, sem við hefur verið miðað. Að gera till. um það, að öll álögð útsvör um allt land skuli lækkuð um sömu prósentutölu hjá öllum, 20%, teljum við því alveg fráleitt.

Við teljum, að miklu eðlilegra sé að miða breytingarnar við það, sem fram kemur í okkar frv., að láta fram fara endurútreikning á öllum útsvörum og sköttum álögðum á þessu ári eftir alveg tilteknum útsvarsstigum og tekjuskattsstiga. Þar er um grundvöll að ræða, sem Alþingi hefur áður fallizt á og viðkomandi staðir, sveitarfélögin, hafa einnig miðað við, og við álítum, að í bráðabirgðaráðstöfunum, sem nú þarf að grípa til, sé ekki hægt að finna annan grundvöll, sem út af fyrir sig sé eðlilegri. Ég býst að vísu við, að því verði borið við, að það muni verða ærið mikið verk að framkvæma þessa endurálagningu á þennan hátt. En við álítum, að það sé fyrirsláttur einn. Þegar gengið er út frá því, að framtöl einstaklinganna liggja þegar fyrir fullafgreidd frá skattayfirvöldum landsins og aðeins væri um það að ræða að endurútreikna skattinn samkv. gefnum skattstiga eða endurútreikna útsvörin samkv. áður ákveðnum útsvarsstigum, þá er slíkur endurútreikningur ekkert ofsaverk. Það er hægt að framkvæma hann á tiltölulega skömmum tíma. Starfið verður fyrst mikið og flókið, ef á að taka upp vinnuna við hin einstöku framtöl. Og þó að það sé okkar skoðun, að þar sé mörgu áfátt og að mörg af framtölunum séu harla langt frá því að vera í réttum búningi, þá gerum við enga till. um það varðandi þessa bráðabirgðalausn að kafa niður í það vandamál að þessu sinni.

Við höfum flutt á síðasta þingi till. um, að breyting yrði gerð á eftirliti með framtölum, og teljum, að slíka till. ætti að framkvæma. En slík athugun hefur fyrst og fremst gildi, ef hún hefur verið samþ. á Alþingi, áður en framtöl

eru afhent til skattayfirvaldanna, því að slík till. mundi fyrst og fremst veita mjög mikið aðhald við framtölin, auk þess sem auðvitað athugunin samkv. till. sjálfri mundi hafa sitt að segja.

Það er skoðun mín, að það sé vel unnt að framkvæma þá endurálagningu á útsvörum og tekjuskatti einstaklinga árið 1964, sem lögð er til með þessu frv. En spurningin er um það, hvort hægt er að fá samkomulag um að vinna þetta verk með nýrri lagasetningu hér á Alþingi. Ég tel engan vafa á því, að ef þetta frv. yrði samþ. og unnið yrði að framkvæmdum samkv. því, mundu álögð gjöld á þessu ári lækka allverulega. Lækkunin mundi að sjálfsögðu verða mjög misjöfn, t. d. hvað viðkemur útsvarslækkunum, eftir því, á hvaða stað það er, því að þar hafa verið lagðir til grundvallar mjög mismunandi útsvarsstigar, eins og menn vita. Ég get að vísu ekki gert grein fyrir því, hvað búast má við mikilli lækkun þessara gjalda samkv. frv., en ég tel, að það sé enginn vafi á því, að lækkunin yrði talsvert veruleg. Í grg. frv. eru birt nokkur dæmi um það, um hvers konar breytingu hér er að ræða, og þau dæmi sýna, að um talsvert verulega lækkun yrði að ræða í flestum tilfellum. Sem dæmi vil ég nefna, að samkv. þeim tekjuskattslögum, sem í gildi eru enn, og þeim útsvarsreglum, sem giltu nú á þessu ári hér í Reykjavík, mundu t. d. hjón með tvö börn, sem hafa haft 180 þús. kr. tekjur, hafa greitt í útsvar 33215 kr., en í tekjuskatt 11009 kr. Slík fjölskylda með jafnháar tekjur, 180 þús. kr. tekjur, mundi samkv. þessu frv. greiða í útsvar 29049 kr. í staðinn fyrir 33215 kr. og í tekjuskatt 3570 kr. í staðinn fyrir 11009 kr. Hér er því augljóslega um allverulega lækkun að ræða frá þeim gjöldum, sem álögð voru nú á þessu sumri. En þessi mismunur, sem kemur fram í þessu dæmi, er um leið vísbending um það, hvernig þessi gjöld hafa hækkað umfram þann grundvöll, sem lagður var árið 1960 með lögum hér frá Alþingi, um það, hvernig verðbólgan hefur verið látin hækka gjöldin á sambærilegum tekjum. Og það kemur í ljós m. a. í þessu dæmi, að tekjuskatturinn hefur hækkað miklum mun meira samkv. leið dýrtíðarinnar en útsvarið. Tekjuskattur, sem hefði átt að vera 3570 kr., eins og ég sagði, hefur nú orðið 11009 kr. Dýrtíðin hefur séð um þessa hækkun. En um nokkra hækkun hefur líka beint af völdum dýrtíðarinnar verið að ræða á útsvarinu, en engan veginn eins mikla.

Á það hefur verið bent, m. a. í stuðningsblöðum ríkisstj., að till. okkar Alþb.-manna samkv. þessu frv. miði að því að lækka meir gjöldin á hátekjumönnum en á almennum launþegum, og dæmi hafa síðan verið tekin um það, hve mikið gjöldin mundu lækka t. d. á fjölskyldu, hjónum með tvö börn, sem hafa 220 þús. kr. í tekjur, og svo aftur í hinu tilfellinu hjónum, sem hafa aðeins 90 eða 120 þús. kr. tekjur. Ég tel, að þessar athugasemdir, sem fram hafa komið bæði í Alþýðublaðinu og Vísi, séu út af fyrir sig alveg fráleitar. Í fyrsta lagi er þess ekki gætt, að hinar almennu launatekjur eru, sem betur fer, ekki orðnar 90 þús. kr. á ári. Þær eru orðnar allmiklu meiri, og það eru einmitt þeir launþegar, sem nú hafa 150 og upp í 200 þús. kr. og verða beinlínis að hafa þær tekjur til þess að geta staðið undir meðalstórri fjölskyldu. Og menn afla sér þeirra tekna með því að leggja mjög mikið að sér. Það eru orðnar tekjur fjölda launþega í landinu.

Það er rétt, að fyrir allmörgum árum mátti tala um það, að 180—220 þús. kr. tekjur væru tekjur hátekjumanna. En það er auðvitað fjarstæða að tala um það, eins og verðgildi peninganna er orðið nú. Það er út af fyrir sig rétt, að gjöld á lægstu tekjum, eins og t. d. 90 þús. kr. tekjum fjölskyldu, eru ekki mikil núna. Eftir þeim reglum, sem eru í gildi í dag, þá er ekki greiddur neinn tekjuskattur til ríkisins af slíkum árstekjum, og útsvar á slíkar tekjur, sem að vísu er nokkuð, er ekki verulega hátt. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á útsvars- og skattalögunum á síðustu árum, hafa fremur miðað í þá átt að vernda hag hinna allra tekjulægstu, því verður ekki neitað. En almennar launatekjur áttu að verða skattfrjálsar samkv. því, sem ríkisstj. lofaði með till. sínum árið 1960. Þá var ekkert úr því dregið í málflutningi ríkisstj., að stefnt væri að því, að almennar launatekjur ættu að verða skattfrjálsar.

Með till. 1960 var skýrt frá því, m. a. í fjárlagafrv. fyrir árið 1960, að tekju- og eignarskattur, sem mundi verða þá eftir gildandi lögum um 180 millj. kr., yrði með þeim breytingum, sem þá voru gerðar á lögunum, lækkaður niður í 80 millj. kr. eða um meir en helming. Og á því var auðvitað enginn vafi, að þá var framkvæmd veruleg lækkun á beinum sköttum til ríkisins, á sama tíma sem verið var að stórlækka söluskatt og tolla. En eins og ég hef gert nokkra grein fyrir, hefur þróunin orðið sú, að þessi gjöld hafa hækkað á nýjan leik eftir leiðum verðbólgunnar.

Um það verður auðvitað spurt, hvernig eigi að bregðast við þeim vanda, sem upp kemur, ef frv. eins og þetta yrði samþ. um lækkun skatta og útsvara, að því leyti til, hver eigi að borga lækkunina. Í frv. er gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög eigi að halda áfram þeim tekjustofnum, sem þau hafa haft samkv. álagningunni á s. l. sumri, en að ríkissjóður eigi að bæta þeim upp að því leyti til, sem gjöld þeirra verði lækkuð, og að ríkissjóður eigi síðan að taka á sig lækkunina, sem verður á tekjuskatti einstaklinga. Samkv. fjárlögum fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir því, að tekjur ríkisins af tekju- og eignarskatti yrðu 255 millj. kr. En nú er upplýst. að álagður tekju- og eignarskattur á þessu ári nemur 301 millj. kr. eða hefur farið fram úr áætlun um 46 millj. kr. (Gripið fram í.) Þetta er tekið beint upp úr fjárlögunum í ár og upp úr gögnum frá þeirri n., sem hefur verið að athuga þessi mál. (Gripið fram í.) Samkvæmt áætluninni á fjárlagafrv. voru þessi gjöld áætluð 255 millj., ekki rétt? Það er rétt. Og samkv. upplýsingum skattstjóra eða skattstofu ríkisins eru álögð gjöld á árinu 1964 301 millj. kr. (Gripið fram í: Það er líka rétt.) Það var þetta, sem ég var að segja. (Gripið fram í.) Tölurnar eru sambærilegar að því leyti til, að það hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkið fengi tekjur af þessum tekjustofnum upp á 255 millj. kr., en álögð eru

þessi gjöld upp á 301 millj. kr. Þær eru algerlega sambærilegar að öðru leyti en því, að hugsanlegt er, að tilflutningur á milli ára geti orðið eitthvað breytilegur. Að öllu öðru leyti eru þær auðvitað sambærilegar. Og það er engin ástæða til að búast við því, að hér þurfi að verða um flutning á milli ára að ræða til verulegra breytinga frá því, sem áður var. Hér er því alveg tvímælalaust um það að ræða, að allt bendir til þess, að þessi tekjustofn gefi tekjur í ríkissjóð upp á 46 millj. kr. hærri fjárhæð en áætlað var. Þessari fjárhæð er sanngjarnt að ríkissjóður verji til leiðréttingar á gjöldunum, sem álögð voru á þessu ári. Enda liggur það fyrir staðfest bæði af skattayfirvöldum og af ríkisstj. líka, að tekjur reyndust á árinu 1964 mun hærri en áætlað hafði verið, og þar af leiðandi varð tekjuskatturinn miklum mun hærri en búizt hafði verið við. Ég álít því, að réttmætt sé að verja fjárhæð svipaðri þessari, 46 millj. kr., til leiðréttingar á álögðum gjöldum á þessu ári. Auk þess tel ég svo, að fjárhagur ríkissjóðs sé með þeim hætti og hafi verið nú síðustu árin, að hann leyfi það, að ríkissjóður hlaupi hér nokkuð undir bagga, ef á þarf að halda, með beinu framlagi til þess að lækka gjöldin.

Ég álít, að það, sem hér er um að ræða, sé fyrst og fremst þetta: Vill hæstv. ríkisstj. viðurkenna þann skattagrundvöll, sem lagður var árið 1960 og sem hún hældi sér þá mjög mikið fyrir að setja? Vill hún halda sér við þann grundvöll og fallast á það, að honum verði ekki raskað með breyttu verðlagi, samsvarandi tekjur nú og þá eigi að bera samsvarandi gjöld? Um það er spurningin. Fáist ríkisstj. ekki til að viðurkenna þetta, er hún að slá hinu föstu um leið, að hún hafi ætlað sér og vilji standa á því að hækka álögurnar frá því, sem var 1960, með leið dýrtíðarinnar.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv., eru þær till., sem í frv. felast, hugsaðar sem bráðabirgðalausn á því vandamáli, sem upp kom á þessu ári í skatta- og útsvarsmálum. Hitt liggur alveg ljóst fyrir, að það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að það þurfi að gera í grundvallaratriðum breytingar á gildandi skatta- og útsvarslögum. Um till. í þeim efnum fjallar þetta frv. ekki. Það er skoðun okkar, að það þurfi að hækka í lögunum reglur um persónufrádrátt og það eigi í l. að tryggja umreikning á gjaldstigum, þannig að gjöldin séu aldrei hækkuð á mönnum eingöngu vegna þess, að verðlag hafi breytzt í landinu. Það er einnig álit okkar, að það þurfi að breyta skattstiganum í ýmsum efnum. En það, sem við teljum þó þýðingarmest af öllu að gera til breyt. á skattalögunum, er að tryggja, að eftirlitið með skattframtölum, sérstaklega þeirra, sem hafa með höndum rekstur eða einhvers konar fésýslu, sé annað og betra en það er nú og það hefur verið um langan tíma.

Það hefur æðioft komið fram hér í umr. á Alþingi, að alþm. hafa gert sér grein fyrir því, að skattalögin eru í raun og veru þannig í framkvæmd, að þeir, sem hafa með höndum rekstur eða einhvers konar fésýslu, geti í raun og veru ákveðið sína skattgreiðslu sjálfir. Eftirlitið er ekki meira en svo, að þeir, sem kunna sæmilega til verka að setja upp framtöl sín og skila þeim á réttum tíma til skattyfirvaldanna, komast upp með það, sem þeir vilja, í þessum efnum.

Þessi galli hefur leitt til þess á undanförnum árum, að beinu skattarnir hafa verið að færast í síauknum mæli yfir á herðar almennra launamanna í landinu. En reglur um það að tryggja, að rétt framtöl væru hjá launamönnum, hafa verið, óhætt að segja, sæmilegar. Þar hefur ekki verið um raunveruleg undanskot að ræða.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að mikilvægasta breytingin á skattalögunum, sem þurfi að gera, sé einmitt fólgin í þessu, að reyna að tryggja, að framtöl þeirra, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða einhvers konar fésýslu, verði réttari en þau eru nú. Það er vitanlega hægt með ýmsum ákvæðum að tryggja, að þessi framtöl séu betri en þau eru, en til þess þarf auðvitað vilja.

Eins og ég sagði áður, fluttum við á síðasta þingi till., sem miðaði í þessa átt. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að samþykkt slíkrar till. mundi verða mjög til gagns. En þar var gert ráð fyrir því, að samkv. sérstökum útdrætti, sem Hagstofa Íslands stæði fyrir, yrði tiltekinn hluti af framtölum allra bókhaldsskyldra fyrirtækja tekinn til nákvæmrar athugunar, bókhald viðkomandi fyrirtækja skoðað og jafnvel skoðað nokkur ár aftur í tímann. Ef öll framtalsskyld fyrirtæki í landinu vissu, að þau ættu það á hættu, að þeirra hlutur kæmi upp í þessum efnum, og slík athugun færi fram á rekstri þeirra öllum, þá efast ég ekki um, að það mundu margir telja öðruvísi fram fyrir þessi fyrirtæki heldur en þeir gera nú.

Sjálfsagt er einnig að láta fara fram nákvæma athugun einnig á framtölum einstaklinga, þó að þeir hafi engan beinan rekstur með höndum, líka samkv. sérstökum útdrætti, og ráð var fyrir því gert einnig í till. okkar.

Við teljum líka þeim mun meiri nauðsyn vera á því, að tryggilega og vel sé um þessa hnúta búið, sem lengra er gengið í þá átt, eins og hefur verið nú á síðustu árum, að leggja á söluskatta og fela atvinnurekstrinum í landinu eða ýmsum fésýslumönnum aðstöðu til þess að innheimta skattana fyrir ríkið. Það gefur vitanlega auga leið, að ef framtal t. d. kaupmanns er rangt, vegna þess að hann vill skjóta undan tekjum sínum, þá eru allar líkur til þess, að svo fari í framkvæmdinni, að í hans einkavasa renni nokkuð af álögðum söluskatti, sem hann hefur innheimt af viðskiptavinum sínum, auðvitað að forminu til fyrir hönd ríkisins, en skilar ríkinu því aldrei.

Það er því orðin aðkallandi nauðsyn, þegar söluskattarnir eru orðnir jafnháir og nú er, að tryggja betur rétt framtöl en gert hefur verið hjá þessum aðilum.

Um þessi atriði, sem ég hef hér aðeins gert að umtalsefni, um breyt. á skattalögunum, fjallar þetta frv. í sjálfu sér ekki. Það fjallar aðeins um bráðabirgðabreytingu á gildandi l. varðandi álagningu þessara gjalda nú á þessu ári. Ég skal svo ekki eyða hér lengri tíma í umr. um þessi mál að svo komnu, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. um sama efni og það, sem hér er til umr., frá okkur nokkrum þm. Framsfl. hefur legið fyrir hv. Alþingi í nokkrar vikur, án þess að nokkur afgreiðsla hafi á því fengizt. Og það sannast hér í þessu máli sem raunar öðrum, að það er talsvert langt á milli orða og athafna hjá sumum þeim mönnum a. m. k., sem við útkomu skattskrárinnar í sumar áttu tæplega nógu sterk orð til þess að lýsa vanþóknun sinni á því, sem þá hafði skeð, og kepptust við að krefjast leiðréttingar á þeim mistökum, sem fram höfðu farið og allir viðurkenndu að fram höfðu farið. En þegar svo borin eru fram á Alþingi frv., sem ganga í þá átt að lagfæra þessi mistök, þá fást þau tæplega rædd og alls ekki tekin fyrir í þeim nefndum, sem þau þó seint og um síðir hafna hjá. Ég veit, að fólk mun yfirleitt vera furðu lostið yfir þessu skeytingarleysi, sem ríkir um skatta- og útsvarsmálin, og undrast afstöðu þeirra stjórnarþm., sem skeleggast gengu fram í því í vor að krefjast réttlætis í skattamálum, en hafa nú setið í nærri 6 vikur á hv. Alþingi án þess að hreyfa legg eða lið til þess að knýja fram einhverjar úrbætur. Það má mikið vera, ef biðlund þeirra, sem loforðunum trúðu, þrýtur ekki senn, þegar svona er að farið. Hinum, sem varlegar treysta yfirleitt orðum stjórnarliða, bregður að vísu minna við, en samt held ég, að einnig þeir menn hafi vonað, að í þessu máli mundi ranglætið vera svo augljóst, að lagfæringar hlytu að fást. En á því er nú orðinn allmikill dráttur.

Þegar rætt var um þetta frv., frv. á þskj. 67, frá hv. 5. þm. Austf. og fleirum, fyrir viku, var ég, þegar þeim fundi var frestað eða málið tekið út af dagskrá, búinn að kveðja mér hljóðs til þess að segja hér örfá orð. Og þó að langt sé nú um liðið og sumt af því gleymt, sem ég ætlaði þá að segja, tel ég þó rétt að leggja hér nokkur orð í belg, en ég skal vera stuttorður, þar sem málið fer væntanlega til hv. fjhn., þar sem ég á sæti, og gefst þá væntanlega tækifæri til þess að íhuga málið betur þar.

Eins og ég sagði áðan, höfum við nokkrir þm. Framsfl. flutt frv. til l. um lækkun skatta og útsvara einstaklinga á árinu 1964, frv. á þskj. 19. Aðalefni þess er í örstuttu máli í fyrsta lagi, að allur tekjuskattur lagður á einstaklinga á árinu 1964 verði lækkaður um 7 þús. kr. á hvern gjaldanda, en einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en 7 þús., falli niður, og í öðru lagi, að öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skuli lækkuð um 20%. Þegar ég hafði framsögu fyrir þessu frv. u. þ. b. fyrir mánuði og við framhaldsumr., sem fóru fram um það, tók ég, að ég held, mjög skýrt fram, að þetta frv., sem ég og fleiri flytjum. væri alls ekki eina leiðin. sem við teldum koma til greina til að lagfæra ástandið í skatta- og útsvarsmálum. Fyrir okkur var ekki aðalatriðið, að þessi leið yrði endilega farin, heldur hitt, að staðið yrði við loforðin, sem gefin voru í sumar um lagfæringu á opinberum gjöldum. Ég lét þess, að ég held, jafnframt rækilega getið, að við framsóknarmenn hefðum við meðferð skatta- og útsvarsmála í vor gert grein fyrir því, hvað það væri, sem við vildum í þeim málum, og við gerðum það með því að flytja brtt., sem ekki náðu þá fram að ganga. Þær brtt., sem við stóðum þá að og voru hér felldar af hv. meiri hl., voru aðallega þrjár, þ. e. að hækka persónufrádráttinn frá því, sem stjfrv. gerði ráð fyrir, fjölga skattþrepunum og taka upp umreikning miðaðan við vísitölu framfærslukostnaðar eða vísitölu verðlags og þjónustu eða einhvern annan þann mælikvarða, sem miðaður væri við *lífsviðurværistilkostnað*. *Og það var þetta* þrennt, sem við töldum nauðsynlegt að gert væri, þessar þrjár breytingar, til þess að útkoman úr skattadæminu yrði ekki fjarstæða, eins og sýndi sig verða, þegar brtt. voru ekki teknar til greina, heldur frv. stjórnarinnar knúið fram í óbreyttu formi.

Okkar afstaða til þessa máls er að sjálfsögðu óbreytt. Við teljum enn þá réttast að fara eftir þessum till., sem við sáum í vor, að einar mundu leiða til þess, að afskræming verðbólgunnar kæmi ekki fram við niðurjöfnun opinberra gjalda. En ég sagði í framsöguræðu, sem ég hélt um daginn, að ég teldi hæpið, að svona gagngerð endurskoðun fengist framkvæmd eða hún væri framkvæmanleg á þeim tíma, sem sú leiðrétting, sem hér þarf til að koma, kæmi að notum, því að augljóst er, að til þess að gagn verði að lagfæringunni, þarf hún að koma núna, en ekki einhvern tíma miklu seinna, eftir að fólk er búið að búa við ranglætið mánuðum og jafnvel árum saman með þeim stórkostlegu þrengingum, sem af því leiðir fyrir afkomu fjölmargra heimila. Þess vegna var það, að úrbótatill. okkar þm. Framsfl. voru fyrst og fremst hafðar einfaldar og óbrotnar, þannig að hver einasti sveitarstjórnarmaður gæti framkvæmt þær og reiknað samkv. þeim, eins og hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, tók réttilega fram hér um daginn. Það er vitanlega okkar skoðun, að betra sé heilt en viðgert. Vissulega hefði verið betra að taka till. okkar til greina í vor og leggja á samkv. þeim, eins og líka hefur komið á daginn, að nú vilja allir viðurkenna og þeir hæstv. ráðh. og aðrir þm. stjórnarliðsins, sem mest börðust gegn þessum till. okkar í vor, eru nú farnir að benda á sem einu leiðina til þess að ná réttlæti í þessum málum. En það er bara búið að missa það tækifæri að gera þetta rétt og búið að gera það rangt. Og þess vegna er um það að ræða nú að bæta úr á sem einfaldastan og óbrotnastan hátt því misrétti, sem hefur átt sér stað.

Hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, 1. flm. þess frv., sem hér er til umr., sagði í ræðu sinni um daginn, að frv. okkar framsóknarmanna væri of ónákvæmt, þannig að hann gæti ekki fellt sig við að framkvæma leiðréttingu samkv. því. Vegna þessara ummæla hef ég reiknað það út í þeim dæmum, sem hv. 1. flm. tekur um það, hver afsláttur inn af sköttunum yrði, og hef reiknað það út miðað við till. okkar framsóknarmanna á þskj. 19, og ég ætla að leyfa mér að greina frá þessum samanburði. Ég byggi þá á útreikningum hv. 5. þm. Austf., tel víst, að þeir séu réttir, og hef lagt þá til grundvallar. Og þá verður samanburðurinn þannig:

65 þús. kr. tekjur: Einhleypur maður samkv. frv. Lúðvíks Jósefssonar afsláttur 1455 kr., samkv. frv. framsóknarmanna 1456 kr. Hjón með þessar tekjur samkv. frv. Lúðvíks Jósefssonar, hv. 5. þm. Austf., 758 kr., samkv. frv. framsóknarmanna 1092 kr. Hjón með 1 barn í fyrra tilfellinu 1351 kr., í síðara tilfellinu 930 kr. Hjón með 2 börn 1884 kr. á móti 728 kr. Og hjón með 3 börn 2721 kr. á móti 546 kr.

90 þús. kr. tekjur: Einhleypir 4854 á móti 5345. Hjón 1457 á móti 2274. Hjón með 1 barn 1459 á móti 2002. Hjón með 2 börn 1637 móti 1729. Hjón með 3 börn 1959 á móti 1456.

120 þús. kr. tekjur: Einhleypingar 9249 á móti 11458. Hjón 4956 á móti 6842. Hjón með 1 barn 4361 á móti 5266. Hjón með 2 börn 3226 á móti 3670. Hjón með 3 börn 3345 á móti 3094.

180 þús. kr. tekjur: Einhleypingar 18372 samkv. frv. hv. 5. þm. Austf., 14735 samkv. frv. framsóknarmanna. Hjón 14847 á móti 14189. Hjón með 1 barn 13226 á móti 13916. Hjón með 2 börn 11606 á móti 13643. Hjón með 3 börn 9508 á móti 13370.

Og að lokum 220 þús. kr. tekjur: Samkv. því frv., sem ég hef talið hér fyrr, þ. e. frv. hv. 5. þm. Austf., einhleypingar 20086 móti 16919. Hjón 18551 á móti 16333. Hjón með 1 barn 18070 á móti 16100. Hjón með 2 börn 17349 á móti 15827. Og hjón með 3 börn 16372 á móti 15554.

Þá hef ég gert grein fyrir þeim mismun, sem er á öllum þeim tilvikum, sem hv. 5. þm. Austf. tilgreinir í sinni grg. Og ég hygg, að þessi samanburður verði talinn sýna, að mjög litlu skeikar, þegar á heildina er litið. Það ber ákaflega lítið á milli þessara tveggja leiða, sem hér eru lagðar til. Þess er auðvitað skylt að geta, að öll þessi dæmi eru miðuð við útsvarsálagningu í Reykjavík, þar sem afsláttur var 9% frá stiga. En þess er þá enn fremur að gæta, að í flestum kaupstöðum landsins, að ég hygg, mun útsvarsstiginn hafa verið notaður yfirleitt mjög svipað og gert var hér, þannig að þegar á heildina er litið, mun, að ég hygg, í langflestum tilfellum vera um það að ræða, að útsvarsstiginn sé notaður með mjög óverulegum frádrætti. En ég viðurkenni það fúslega, að í þeim tilfellum, þar sem sveitarfélög hafa notað minna eða miklu minna af útsvarsstiga, verður munurinn samkv. þessum tveimur till. að sjálfsögðu talsvert meiri. Og þá er það, sem að mínum dómi er eftir að meta, hvort sá galli, sem vissulega er á frv. okkar framsóknarmanna, að í þeim að ég hygg miklu færri tilfellum, þar sem lítið er notað af skattstiganum, þar verður mismunurinn nokkru meiri, hvort sá galli sé það stór, að menn vilji þess vegna hafna þeirri einföldu og óbrotnu leið, sem lögð er til í frv. okkar þm. Framsfl., hvort mismunurinn sé svo mikill, að þess vegna sé leggjandi í það að fara fram á heildarendurskoðun allra álaganna, sem vissulega mundi taka langan tíma, eða hvort heldur ætti að fara hina einfaldari leiðina og geta þá fengið lagfæringuna fram strax. En eins og ég sagði hér áðan, tel ég, að þessi lagfæring þurfi að koma fljótt og sé raunar að verða um seinan, ef ekki verður undinn bráður bugur að því.

Hv. 5. þm. Austf. talaði um það ákvæði í frv. okkar framsóknarmanna, sem lýtur að því að láta fara fram sérstakar bókhaldsrannsóknir í tilefni af skattframtölum ársins 1963, og ég get verið honum alveg sammála um það, að það er vissulega miklu betra, að þau ákvæði séu fyrir hendi, þegar talið er fram, því að þau hindrandi áhrif, sem tilvist slíkra ákvæða og vitneskja manna um þau hefur, eru vissulega mikils virði. Engu að síður tel ég þó, að rétt sé að láta þessa aukarannsókn fara fram, þannig að enginn geti verið óhultur um það, að hans framtal gefi ekki tilefni til endurskoðunar eða verði ekki endurskoðað. En að sjálfsögðu er það meining mín, að þessi rannsókn komi á eftir rannsókn á þeim framtölum, sem tilefni gefa til grunsemda, því að vitanlega á fyrst og fremst að beina rannsóknaraugunum að þeim.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt hér að þessu sinni. Ég vænti þess, að þetta frv. komi til afgreiðslu í hv. fjhn. og að þar fáist, þegar þetta frv. bætist í hópinn, fljót og góð afgreiðsla beggja þeirra till., sem fyrir hv. Alþingi liggja um lagfæringu á þeim mistökum, sem áttu sér stað í álagningu skatta og útsvara á s. l. sumri.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Um það er ekki að villast, að hv. 11. þm. Reykv. og ég erum í öllum aðalatriðum sammála varðandi þörfina á því að breyta skattaálögunum á þessu ári — Það skiptir því miklu minna máli, að okkur greinir á um það, hvaða leið er tiltækilegust til að framkvæma þessa nauðsynlegu leiðréttingu, og það er því í rauninni ekki nein þörf fyrir mig að gera hér margar aths. við það, sem hann sagði. Ég er honum líka sammála um, að það er fyrst og fremst þörf á því að koma fram þessum leiðréttingum fljótlega. Það skiptir í rauninni höfuðmáli. En það held ég, að væri hægt að gera, hvort heldur till. framsóknarmanna eða till. okkar Alþb.-manna væru lagðar til grundvallar.

Ég álít, að samkv. þeirri leið, sem bent er á með því frv., sem hér er nú til umr., frv. okkar Alþb.-manna, væri hægt að leiðrétta álögð gjöld á tiltölulega mjög skömmum tíma. Það er eins og ég sagði hér, þegar ég hélt mína framsöguræðu fyrir þessu máli, þegar því er slegið föstu, hvaða gjaldstigar eiga að leggjast til grundvallar, þá er tiltölulega fljótgert að reikna út gjöldin samkv. þeim framtölum, sem þegar liggja fyrir afgreidd. Þessi útreikningsvinna þarf ekki að taka langan tíma. Hitt vita svo allir, að ef á að taka hvert einstakt framtal og rannsaka það, gera á því breytingar og vinna að öðrum athugunum, þá getur það tekið mjög langan tíma.

Það, sem fyrst og fremst hefur skilið á milli í þessum till., till. framsóknarmanna og till. okkar Alþb.-manna, er, að till. framsóknarmanna viðvíkjandi breytingum á álögðum útsvörum teljum við vera mjög ónákvæmar og að öðru leyti óeðlilegar. Þó að sá samanburður, sem hv. 11. þm. Reykv. gerði hér varðandi þá útreikninga, sem birtir eru í grg. með okkar frv., sýndi ekki mjög verulegan mun á till. þeirra framsóknarmanna og till. okkar, þá byggist það á því, sem hann vék líka að, að þar eru gjöldin hér í Reykja-

vík eingöngu lögð til grundvallar. En það er sem sagt staðreynd, að útsvörin hafa verið lögð á með þeim hætti, að það er mjög verulegur munur á, hvernig þau hafa verið lögð á á hinum einstöku stöðum í landinu. Í sumum kaupstöðum landsins var útsvarsstiginn samkv. lögunum lagður til grundvallar, en hann síðan hækkaður um nokkur prósent. Í öðrum kaupstöðum landsins var útsvarsstiginn samkv. l. lagður til grundvallar, en síðan veittur afsláttur, sem nam á milli 20 og 30%. Hér vitanlega skakkar því mjög miklu, og það sýnist því, að á sumum stöðum á landinu sé ekki ástæða til þess, þó að eigi að gera hér leiðréttingu á, að veita afslátt frá álögðum útsvörum, hreinlega ekki, því að það hefur verið áframhaldandi lækkun á stiganum á undanförnum árum, á sama tíma sem það hefur ekki verið á öllum stöðum. Ég veit líka, að hv. 11. þm. Reykv. er auðvitað ekki á móti þeirri leið, sem bent er á í frv. okkar Alþb.-manna, því að hann hefur áður lýst afstöðu sinni til þeirrar till. með því að standa að slíkri till., að hann játar, að þar er um tiltölulega réttlátan grundvöll að ræða. Það er aðeins þetta, að hann virðist hafa óttazt, að ef þessi leið yrði farin, tæki hún of langan tíma í framkvæmd, en það held ég, að sé misskilningur. Ég held, að það sé auðvelt að fá það sannað, að ef þessum gjaldstiga er slegið föstum, sé hægt að fá fyrirliggjandi og afgreidd framtöl reiknuð út samkv. hinum nýja skattstiga á mjög stuttum tíma. Spurningin er því einfaldlega sú, hvort sú leið, sem mörkuð er í þessu frv., er ekki réttlátari og nákvæmari en sú, sem lögð er til í frv. þeirra framsóknarmanna.

Ég verð svo að taka undir með honum og lýsa undrun minni á því, að þegar mál eins og þetta liggur hér fyrir til umr. eftir allt það, sem á undan er gengið í þessum málum, þá skuli maður ekki heyra eitt einasta orð frá ríkisstj. í málinu. Það er engu líkara en hún telji, að allur þessi vandi sé þegar leystur, um hann þurfi ekkert frekar að tala og þessi mál megi ganga til n. og þar muni þeim verða borgið. Ég held, að hæstv. ríkisstj. verði að gera sér grein fyrir því, að svona auðveldlega sleppur hún ekki út úr þessu máli. Það er enginn vafi á því, að almenningsálitið í landinu krefst þess af ríkisstj., að gjöldin, sem á voru lögð, útsvör og skattar til ríkisins á s. l. vori, verði leiðrétt. Það eru öll rök, sem mæla með því, og það er ekki frambærilegt af ríkisstj. að ætla að skjóta sér undan í þessum efnum með þeirri afsökun, að það sé ekki hægt að koma leiðréttingunni við. Annað eins hefur verið gert, og það er enginn vafi á því, að það er hægt að framkvæma þessa leiðréttingu. Spurningin er einfaldlega sú: Hvað á að leiðrétta hér mikið, og er vilji fyrir hendi til þess að standa að þeirri leiðréttingu, sem menn hafa þó játað áður í umr. að væri sanngjarnt að framkvæmd yrði?

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða hér frekar um málið, en vænti þess, að málið fái eðlilega afgreiðslu í nefnd þeirri, sem fær málið til meðferðar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Það er búið að skýra þessi mál hér rækilega, og ég vil aðeins undirstrika, að frá þessum málum verður ekki komizt án verulegrar leiðréttingar. Það kæruleysi, sem einkennt hefur það, hvernig tekið hefur verið á þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstj., er a. m. k. í mjög miklu ósamræmi við það, sem er nauðsynlegt nú að gera, og það gætu þeir launþegar nú sagt bezt um, sem fá umslög sín, sem í eiga að vera kaupgreiðslur, nær tóm af peningum, en aðeins skattakvittanir í staðinn.

Það er einn þáttur þessa máls, sem mig langar að skýra hér nokkuð og sérstaklega vegna þess, hvernig sá þáttur málanna stendur. Skömmu eftir að skattskráin hér í Reykjavík hafði birzt og séð var, hvers konar álögur hér voru á ferðinni, kom miðstjórn Alþýðusambands Íslands á fund til að ræða skattaálögurnar og sendi þá frá sér um miðjan ágústmánuð ríkisstj. mótmæli, þar sem talið var, að þessar drápsklyfjar skatta, sem launþegum væri ætlað að bera, væru langt umfram það, sem gerlegt væri að leggja á þeirra herðar. Ég ætla ekki að lesa þetta, þetta er öllum hv. alþm. kunnugt. En upp úr því, að þetta bréf var sent ríkisstj., hófust viðræður milli ríkisstj. annars vegar og hins vegar nefndar frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Það voru tveir viðræðufundir við ríkisstj. um þessi mál, og virtist eins og ríkisstj. vildi gjarnan taka á þeim með fullri alvöru. Það varð niðurstaðan, að sett var starfsnefnd af hálfu þessara aðila þriggja, sem átti að athuga og endurskoða þær álögur, sem fram höfðu farið, og koma með till. um, hvernig hægt væri að standa að endurskoðun þeirra mála. Starf þessarar n. dróst æðimikið og allt of lengi, því að það er eins og hér var sagt áðan, að það var nauðsyn á að leysa þessi mál strax, og það er þegar orðið allt of seint að gera það, þótt enn væri úr miklu hægt að bæta, ef vilji væri fyrir hendi. Loksins, þegar þessi starfsnefnd skilaði áliti, var það á þá lund, að vissulega væri úrbóta þörf, og viðurkennt, að þessar skattaálögur legðust mjög þungt á ýmsa launþega, en niðurstaða n. var þó sú, að hún kom ekki með till. til breytinga, en gerði hins vegar till. um, að skattgreiðendur, sem sérstaklega þyrftu á því að halda, fengju gjaldfrest á sínum greiðslum. Það er vert að athuga, að einn af helztu ráðunautum ríkisstj. um öll efnahagsmál, Jónas Haralz, var í þessari n., og það var niðurstaða hans ekki síður en annarra nm., að álögurnar væru svo gífurlegar, að nauðsynlegt væri að þyrma skattgreiðandanum á einhvern hátt og þá helzt með gjaldfresti, eins og till. þeirra var um.

Eftir að samtökin, Alþýðusamband Íslands og BSRB, höfðu kynnt sér þessa grg. n. og niðurstöður hennar allar, létu samtökin frá sér fara til ríkisstj. grg. sína um þetta, og þar var enn lögð áherzla á, að það væri úrbóta þörf, og gerð krafa um, að greiðslur útsvars og tekjuskatts verði lækkaðar og gerðar alveg ákveðnar till. um, hvernig með skyldi fara, bæði hvernig lækkanirnar skyldu verða og eins hitt, hvernig skyldi staðið undir þeim útgjöldum eða réttara sagt þeim tekjumissi, sem sveitarfélögin yrðu fyrir vegna lækkunar á útsvörunum. Ég ætla ekki heldur að lesa þetta bréf nákvæmlega, en vil að-

eins minna á, að við gerðum þarna strax gagntill. og vildum engan veginn fallast á, að það væri nægjanlegt, að mönnum yrði veittur gjaldfrestur, heldur töldum við álögurnar undanfarin tvö ár og afleiðingar þeirra svo iskyggilegar, að full nauðsyn og brýn nauðsyn væri á beinni eftirgjöf á álögðum gjöldum á þessu ári.

Eftir að við höfðum sent þetta frá okkur, samtökin, til hæstv. ríkisstj. og rætt málið við hana, var enn hlé á, og ríkisstj. tók sér æðidrjúgan frest til að athuga þessar till. okkar. En loksins þegar svar hennar barst, sem var, ef ég man rétt, um mánaðamótin október—nóvember, var það aðeins á þann veg, að hæstv. ríkisstj. rakti þá niðurstöðu, sem starfsnefndin hafði komizt að, og lýsti sig fúsa til að létta undir með skattgreiðendum, sem illa stæði á fyrir, á þann hátt, að gjaldfrestur yrði veittur, þannig að mönnum yrði gert kleift að dreifa skattgreiðslunni 1964 fram á árin 1965 og 1966. Það var gert ráð fyrir, að menn tækju lán, nánast víxillán, sem gengið yrði svo í ábyrgð fyrir, en menn áttu sjálfir að hugsa um sín lán á annan hátt. Það hefur a. m. k. ekki annað komið fram.

Þegar er við höfðum kynnt okkur þetta svar ríkisstj., varð enn viðræðufundur, og við vildum fá það alveg ljóst fram, hvort um væri að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. lækkun á álögðum gjöldum 1964 eða hvort það væri hið eina, sem hún gæti hugsað sér, að gjaldfrestur væri veittur. Í þessum viðræðum — það var aðeins einn viðræðufundur — var það greinilega tekið fram, að ríkisstj. neitaði öllum lækkunum á álögðum útgjöldum ársins 1964, og það eina, sem hún vildi koma til móts við gjaldendur með, var að veita þennan gjaldfrest og þó aðeins í tilteknum tilfellum, sem nánar átti síðan að fjalla um. Eftir að þetta hafði komið fram, tóku nefndirnar sér örlítinn frest til að forma sitt svar, og það var sent hæstv. ríkisstj., ef ég man rétt, daginn eftir, 6. nóv. s. l., og það bréf ætla ég að leyfa mér að lesa hérna, með leyfi hæstv. forseta, og er það þannig:

„Reykjavík, 6. nóv. 1964.

Á viðræðufundi fulltrúa ASÍ og BSRB með fulltrúum ríkisstj. 5. þ. m. var kröfu launþegasamtakanna um lækkun tekjuskatts og útsvara á árinu 1964 hafnað. Jafnframt kom það fram í skriflegu svari ríkisstj., að hún væri fús til þess að gera ráðstafanir til að draga úr erfiðleikum skattgreiðenda á þessu ári með lánveitingum í samræmi við tillögur starfsnefndar aðila. Nefndir ASÍ og BSRB telja leið þessa alls ófullnægjandi, en vilja þó eigi hafna aðild að henni, ef eftirfarandi skilyrðum fæst fullnægt:

1. Lánin verði vaxtalaus og án vísitölubindingar (en slík hugmynd hafði komið fram).
2. Lánstími verði 3 ár.
3. Lánveitandi verði ríki og/eða sveitarfélög.
4. Lánin séu talin jafngilda greiðslu á útsvari fyrir áramót og því frádráttarbær á næsta ári."

Ég held, að það sé ekki nauðsynlegt að rekja hér hvert einstakt atriði, en vil þó aðeins ræða um töluliðina, þ. e. a. s. þau skilyrði, sem við vildum setja fyrir því að verða á einhvernn hátt aðilar að þessari lánastarfsemi til einstaklinga á þennan hátt. Það var í fyrsta lagi, að lánin verði vaxtalaus og án vísitölubindingar. Það þarf náttúrlega ekki útskýringar við. Og í öðru lagi, að lánstími verði 3 ár í staðinn fyrir 2, sem ríkisstj. hafði látið í skína. Í þriðja lagi, að lánveitandi verði ríki og/eða sveitarfélögin, þ. e. a. s. að hver einstaklingur þurfi ekki að fara að standa í því að taka lán, enda er þetta naumast lán í þeim skilningi, sem venjulega er, heldur er hér um að ræða, að hið opinbera hefur gengið of nærri gjaldþoli þegnanna, og það er þess vegna þess að sjá fyrir því, að menn geti greitt þessar óhæfilegu álögur á lengri tíma en annars, ef það er einasta úrbótin, sem hægt er að fá. Það er þess vegna ríkisins og/eða sveitarfélaganna að afla sér lánsfjár, ef þau geta ekki veitt þennan greiðslufrest án þess að afla sér fjár í staðinn. Í síðasta og fjórða lagi var svo, að lánin væru talin jafngilda greiðslu á útsvari fyrir áramót og því frádráttarbær á næsta ári.

Eins og ég sagði áðan, var þetta bréf eða þetta svar okkar sent 6. nóv., strax daginn eftir að síðasti viðræðufundur var við ríkisstj. eða fulltrúa hennar. Síðan eru liðnar þrjár vikur, og við höfum ekki heyrt eitt einasta orð frá hæstv. ríkisstj. eða fulltrúum hennar, þannig að við höfum nú fyllstu ástæðu til að ætla, að ekki einungis það, að neitað sé öllum lagfæringum á álögunum, heldur og að þessum möguleika, sem einn virtist vera í boði, þ. e. a. s. að greiðslufrestur yrði veittur, — við höfum fulla ástæðu til að ætla, að ekki einu sinni hann muni verða í boði.

Það hefur ekki verið haft hátt um þær viðræður, sem fram hafa farið milli ríkisstj. og samtaka launþega um þetta mál, en þegar nú eru liðnar 3 vikur frá því, að við sendum okkar síðasta svar, og höfum ekkert heyrt, þá tel ég, að ekki sé um neitt þagmælskubrot að ræða, þó að hér sé skýrt frá því, hvernig þessi mál hafa gengið til. Ég held, að menn verði að gera sér ljóst, að hvað sem menn telja, að mögulegt sé að sanna með alls konar tölulegum skýrslum, þá er sjálfur raunveruleikinn þannig, að það eru hundruð manna hér í þessum bæ, og ég tel, að það sé og víðar, en a. m. k. hér, sem verða nú á hverjum útborgunardegi eða svo til, hvert sinn sem þeir fá laun sín greidd, að taka á móti kvittunum fyrir skatta, sem eru miklu hærri en það, sem eftir er í umslaginu, og mörg dæmi eru þess, að menn fá svo til alveg tóm umslög. Menn hafa og þegar orðið að grípa til sérstakra ráðstafana. Menn eru í skuld við kaupmennina, menn reyna að fá fjölskyldulán og hvað eina. Þannig er þetta í veruleikanum. Og það er enginn efi á því, að það var fullra úrbóta þörf og launþegasamtökin voru ekkert að leika sér að því að fara þessa bónarferð til ríkisstj. En við höfum gengið bónleiðir til búðar með þetta erindi, og ég hygg, að þó að síðar verði, eigi margur launþeginn eftir að þakka fyrir sig á annan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Barnaheimili.

Á 13. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla [61. mál] (þmfrv., A. 68).

Á 19., 20. og 22. fundi í Nd., 23., 24. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það eru 3 atriði í þessu máli, sem ég flyt hér, frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Fyrsta atriðið er, að ákveðið sé að styrkja þau barnaheimili, sem rekin eru. Það skuli vera veittur frá ríkisins hálfu 600 kr. styrkur á hvert barn eða að jafnaði a. m. k. þriðjungur kostnaðar af barnaheimilunum. Barnaheimilin eru orðin það almennt fyrirbrigði og þurfa að verða enn þá almennara fyrirbrigði, þannig að það er ekki nema eðlilegt, að ríkið taki að sér að styrkja þau á svipaðan hátt og það styrkir barnaskólana. Þetta er einn þáttur í uppeldismálum nútímaþjóðfélags, alveg eins og þeir.

Enn fremur er þarna lagt til í öðru lagi, að ríkið leggi fram helming kostnaðar við byggingu barnaheimila. Það er samsvarandi og ríkið gerir nú við skólana, og sett þarna inn í frv., 2. gr., svipuð ákvæði og eru um byggingu barnaskólanna. Eitt af því, sem þar með er ákveðið, er, að félmrn. skuli samþ. teikningar að slíkum barnaheimilum. Og ég held, að það sé orðin alveg brýn nauðsyn, að það opinbera láti þessi mál nokkuð til sín taka.

Ég skal geta þess, að ég minntist á það hér, þegar ég flutti þetta mál í fyrra, að þá var á áætlun t. d. Reykjavíkurbæjar bygging heimilisins við Dalbraut. Þá var áætlað, að það mundi kosta — ég held alls um 6 millj. kr. 1963 og 1964. Það sýnir sig nú, þegar farið er að framkvæma þetta, að þessi áætlun hefur verið alveg út í bláinn. Og sú áætlun, sem var lögð fyrir, þegar loksins var lokið öllum teikningum af þessu, var þannig, að það var gengið út frá því, að þetta mundi kosta um 20 millj. kr. Og ýmsir bæjarfulltrúar í Reykjavík tóku sig þá til til þess að reyna að fá þetta nokkuð lækkað, og var áætlunin lækkuð niður í um 15 millj. kr.

Nú held ég, að það sé fjarri lagi, að kostnaðurinn við að byggja barnaheimili sé eitthvað svipaður þessu. En það virðist vera þannig, að einstakir arkitektar, þegar þeir teikna svona hús, þá vilji þeir gjarnan gera þessi hús að einhverju svo að segja fallegu minnismerki um þeirra byggingarlist, og það er náttúrlega atriði, sem ekki á við í þessum efnum. Það þarf ekki endilega að vera í svona húsum allt það fínasta erlent, sem til er. Það er orðin tilhneiging, ekki síst hér í þessu reykvíska þjóðfélagi, til slíkrar sýndarmennsku, slíks bruðls og eyðslusemi í sambandi við ýmislegt, sem gert er af hálfu þess opinbera, að það nær ekki nokkurri átt. Það er tvennt ólíkt að vilja skapa einhverja fagra hluti eða hitt, að allt að því í hvert einasta skipti, sem byggt er á vegum hins opinbera, sé eytt í þessar byggingar miklu meira en nokkurt hóf er í. Og það er orðið alveg nauðsynlegt, að það opinbera, ríkið sjálft, hafi nokkurt eftirlit með þessum hlutum og þeim peningum, sem teknir eru af almenningi, og ekki síst þegar eins hart er gengið að með útsvörum og öðru slíku og nú er. Þá er alveg nauðsynlegt, að þarna sé höfð nokkur gát, þannig að fé almennings sé ekki eytt í tóm flottheit, ef svo mætti segja. Ég býst við t. d. hvað snertir dagheimilið við Rauðalæk, að þá sé það sama. Það var áætlað 6 millj., í þeirri áætlun, sem ég birti hér með mínu frv. í fyrra, en er áætlað 15 millj. núna. Ég held þess vegna, að afskipti hæstv. ríkisstj., í þessu tilfelli félmrn., af þessum málum séu mjög nauðsynleg, og um leið og ríkið færi þarna að leggja fram, mundu þau sem sé koma, og mér sýnist, að með svona gífurlegum kostnaði sé alveg vonlaust að ætla að koma upp barnaheimilum, sem að nokkru leyti nægi fyrir eftirspurninni, t. d. hér í Reykjavík, nema því aðeins að aðstoð ríkisins komi til.

Í þriðja lagi er svo lagt til í þessu frv., að fóstruskólinn, sem nú er raunverulega einkafyrirtæki, sé ríkisrekinn. Ég hef tekið eftir því, síðan ég flutti þetta mál í fyrra, að bæði hlaut það þá góðar undirtektir ýmissa samtaka, og ég hef birt hér sem fylgiskjöl nokkuð af þeim ályktunum, það er bæði frá Menningar- og friðarsamtökum íslenzkra kvenna, enn fremur mjög eindregin ályktun, sem gerð var af hálfu Kvenréttindafélags Íslands, þar sem m. a. er í d-liðnum alveg sérstaklega undirstrikað, með leyfi hæstv. forseta, að brýn nauðsyn sé að koma á heimavistarskóla fyrir börn á skólaskyldualdri, sem af heimilisástæðum, hegðunarvandkvæðum eða öðrum orsökum eiga að áliti sérfræðinga ekki samleið með öðrum skólabörnum. Og enn fremur hefur Bandalag ísl. kvenna á sínum aðalfundi gert mjög eindregna samþykkt um, að það verði að koma upp ríkisreknum fóstruskóla til þess að hjálpa til að leysa úr þeim vandkvæðum, sem nú eru fyrir hendi, og sem fskj. VI er þetta álit aðalfundar Bandalags kvenna í Reykjavík birt.

Sú mikla breyting, sem orðið hefur á öllum okkar þjóðfélagsháttum, hefur gert að verkum, að þau félagslegu vandamál hafa aukizt stórkostlega, og það eru ekki síst börnin, sem verða harðast fyrir barðinu á þeirri miklu þjóðfélagslegu breytingu, sem orðið hefur hjá okkur. Með þessu frv. er raunverulega, eins og er raunar líka í barnaverndarl. og þó kannske varla nógu ákveðið, slegið föstu í fyrsta lagi skyldu þjóðfélagsins við þau, en alveg þó sérstaklega reynt að gera ráðstafanir til þess að hjálpa bæði börnunum og foreldrunum, þegar þessi félagslegu vandkvæði steðja að. Annars vegar eru þessi félagslegu vandkvæði þess eðlis, að konur vinna nú úti í miklu ríkara mæli en áður. Bæði er það orðið lífsnauðsyn fyrir fjölskyldurnar vegna þeirra lágu launa, sem menn búa við, og um leið vegna þess, hve mikið fjölskyldurnar gera nú að því að reyna að koma þaki yfir höfuðið, sem

þær eigi sjálfar, og verða þess vegna að leggja ákaflega mikla peninga í slíkt. Enn fremur er það svo, að það er orðin þjóðfélagsleg nauðsyn í mjög ríkum mæli, að konur vinni úti. Við könnumst bara við það t. d., hve miklar kröfur eru nú gerðar til þess að fá fleiri hjúkrunarkonur, og við vitum, að það er allmikið af hjúkrunarkonum, sem hér er menntað og útskrifað, en ákaflega mikið af þeim fer að vinna á sínum heimilum, eftir að þær giftast. Það er hins vegar gefið mál og kom líka fram, þegar var verið að ræða um vandkvæðin með hjúkrunarkonurnar, hjúkrunarkvennaskortinn, að svo framarlega sem væru til miklu fleiri barnaheimili, mundu miklu fleiri hjúkrunarkonur taka að sér að vinna á spítölunum, þannig að eitt af því, sem getur hjálpað til að leysa þessi miklu vandkvæði, — og við vitum, að það liggur við, að þær viðbætur við spítalana, sem nú eru að koma upp, geti varla tekið til starfa út af hjúkrunarkvennaskorti, — þá mundu barnaheimili, ef þeim væri komið upp í verulega ríkum mæli, hjálpa til þess að bæta úr þessum skorti. Enn fremur vitum við, að kvenfólkið er í miklu ríkara mæli en áður að búa sig undir ýmiss konar sérnám og annað slíkt, og það er þjóðfélagsleg nauðsyn, að það geri það. Það þýðir um leið, að það er enn þá meiri nauðsyn á því, að þær geti komið sínum börnum fyrir á barnaheimili. Bæði í sambandi við vinnustöðvar og í sambandi við jafnvel Háskóla Íslands og annað slíkt ætti að koma upp svona barnaheimilum, og það er gert ráð fyrir því í frv., að slíkt sé gert, og víða erlendis er það beinlínis orðið þannig, að t. d. stúdentaheimilin gera alveg eins ráð fyrir, að hjón geti búið á stúdentagörðunum og barnaheimili séu í sambandi við þá.

En svo er hitt, sem er jafnvel enn þá viðkvæmara þjóðfélagslegt vandamál, að það er nú út af ýmsum félagslegum vandkvæðum miklu meira um það, að það verði að taka börn af heimilum til þess að bjarga þeim börnum frá foreldrunum bókstaflega og til þess að veita þeim sæmilegt uppeldi. Og þá er það oft, að það þurfa að vera ekki aðeins þau venjulegu barnaheimili, heldur líka sérstök svo að segja heimavistarheimili, sem þar koma til greina, og einmitt Kvenréttindafélagið leggur sérstaka áherzlu á þá hluti. Aðbúnaðurinn, sem sum börn eiga við að búa, — það gildir ekki aðeins um börnin á þeim aldri, sem eru undir barnaskólaskyldualdrinum, heldur líka þar fyrir ofan, — þar er um að ræða orðið brýna nauðsyn á því, að hægt sé að koma þessum börnum fyrir, þannig að það þarf að koma upp barnaheimilum, bæði fyrir þau yngstu og meira og minna líka fyrir þau, sem eru í barnaskólum.

Ég gerði allýtarlega grein fyrir þessu frv., þegar það var hér til umr. í fyrra, og ég hef orðið var við það, að þetta frv. hefur vakið nokkra athygli. Og sérstaklega meðal þeirra samtaka kvenna í þjóðfélaginu, sem láta sig félagsmál verulega skipta, er áhugi á því, að það nái í einhverri mynd fram að ganga, og við flm. erum auðvitað reiðubúnir til þess að gera þær breytingar á þessu frv., sem nauðsynlegar væru, til þess að slíkt gæti skeð. En ég vil leggja áherzlu á, að það er nauðsynlegt, að eitthvað sé gert í þessu, því að þær úrbætur, sem nú er verið að reyna að gera, þó að góðar séu, í ýmsum bæjarstjórnum, eru í allt of smáum stíl, ganga allt of seint og eru allt of dýrar, þannig að þarna þarf að verða breyting á.

Ég leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að þetta frv. fari að lokinni þessari umr. til 2. umr. og til menntmn. Ég býst við, að það eigi ótvírætt þar heima. Fóstruskólinn á þar heima, og öll barnaverndarlögin eru þar. Það er að vísu að verða mjög mikið, sem til þeirrar nefndar fer, og þótt hún haldi fundi þrisvar sinnum í viku, gengur samt hægt hjá okkur, sem sæti eigum í henni. En ég held þó, að þetta frv. eigi fyrst og fremst þar heima, enda er þar verið að ræða mál, sem eru mjög skyld þessu.

Ég vil svo leyfa mér að vona, að hv. þm. taki vel undir þetta mál og það megi verða að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Menntaskóli Austurlands.

Á 15. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um menntaskóla Austurlands á Eiðum [71. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 16. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Allir 5 þm. Austurlands standa að þessu máli, þótt aðeins séu 4 flm., því að einn á sæti í hv. Ed., og það, sem ég segi hér um þetta mál, segi ég fyrir hönd okkar allra þingmanna af Austurlandi. Við höfum áður flutt sams konar frv., en það hefur ekki hlotið afgreiðslu, en nú viljum við mega vænta þess, að hv. deild fallist á að afgreiða frv.

Ég hygg, að skilningur sé vaxandi á því, að nauðsynlegt er, að öflugar menntamiðstöðvar komi upp í hverjum landsfjórðungi. Þetta mundi hafa stórfellda þýðingu til að styðja byggðina í fjórðungunum og verða eitt mikilvægasta skref til að vinna að auknu jafnvægi í byggð landsins. Það er áreiðanlega engu minna um vert, að menntastöðvar verði í öllum landshlutum, en hitt, að þar sé öflugt atvinnulíf. Þetta verður hvort tveggja að fylgjast að og haldast í hendur. Á þessari skoðun er flutningur okkar á þessu máli byggður.

Við viljum leyfa okkur að benda á, að skóla-

árið 1963—1964 var samtals við nám í Eiðaskóla 131 nemandi, í gagnfræðaskóla Neskaupstaðar sátu þá 79 nemendur, og í unglingaskólum á ýmsum stöðum á Austurlandi stunduðu þá nám 200 nemendur. Í þessum landshluta voru þá sem sé rúmlega 400 nemendur á gagnfræðastiginu, en þó hefðu fleiri þurft að komast að, því að ýmsir af skólunum urðu að vísa nemendum frá vegna þrengsla, eins og t. d. Eiðaskóli, og varð því æðimargt af unglingum á Austurlandi að leita sér gagnfræðamenntunar og undirbúningsnáms undir menntaskóla utan fjórðungsins. Við sjáum á þessu, að það er fjölmennur og fallegur hópur, sem stundar nám á gagnfræðastiginu á Austurlandi, og sífellt vaxandi.

Þá er þess að geta, að þörfin fyrir menntaskóla í landinu vex hröðum skrefum. Vísindi verða í vaxandi mæli undirstaða alls atvinnulífs, og þá þarf á fleiri vísindalega menntuðum mönnum að halda og fleiri þurfa að ganga í menntaskólana, og það þarf ekki mikinn spámann til að sjá, að á næstu árum margfaldast tala þeirra ungmenna, sem þurfa að ganga í menntaskóla til undirbúnings vísindanámi. Það er því alls ekki hægt að miða við tölur ungmenna í menntaskólanum núna eða þá, sem sækja í menntaskólana núna, þegar menntaskólaþörf næstu framtíðar er metin. Hún verður miklu stórkostlegri en flesta grunar nú.

Af þessum ástæðum sýnist okkur því eðlilegt og skynsamlegt að festa það í lög, að menntaskóli verði settur á fót á Austurlandi. Í fyrra — og áður raunar — komu fram ýmsar mótbárur í þessu sambandi, og það var bent á, að e. t. v. yrði ekki nægilega mikil aðsókn að slíkum skóla strax, og voru færðar til nokkrar tölur. Ég hef farið gegnum umr., sem urðu, þegar verið var að setja á stofn menntaskóla á Akureyri, og lítillega einnig athugað umr. um menntaskóla á Laugarvatni, þegar hann var að fæðast, og þá sé ég, að nákvæmlega sömu rökum hefur verið beitt gegn stofnun þessara skóla og imprað hefur verið á undanfarin ár, þegar um hefur verið að ræða að setja á fót menntaskóla á Austurlandi. Það var óttazt, að aðsókn að menntaskólum á þessum stöðum yrði ekki nægilega mikil, það yrðu vandkvæði á að afla kennaraliðs og hafa kennsluna nægilega fullkomna og þar fram eftir götunum. En reynslan hefur sýnt, að kvíði manna í þessu hefur verið ástæðulaus. Nú er á Akureyri mjög myndarlegur menntaskóli og menntaskólinn á Laugarvatni í góðum vexti. Við flm. teljum nokkurn veginn öruggt og raunar alveg víst, að sama mundi reynslan verða, ef stofnaður yrði menntaskóli á Austurlandi, þar mundi verða nægilegt verkefni fyrir slíka stofnun án tafar.

Ég hygg ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta mál og vil enda á því að láta í ljós sérstaka ánægju yfir þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. nú fyrir nokkrum dögum, þar sem hann lýsti því yfir, að hann væri fylgjandi því, að stofnsettur yrði menntaskóli á Austurlandi. Við flm. fögnum sérstaklega þessari yfirlýsingu ráðh., og við vonum, að nú verði samkomulag um að gera þetta frv. að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Verkfall opinberra starfsmanna.

Á 16. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, o. fl. [73. mál] (þmfrv., A. 91).

Á 20., 22., 23. og 24. fundi í Nd., 24. og 30. nóv., 3. og 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt 5. þm. Austf. (LJós) og hv. 10. landsk. þm. (GeirG) frv. til laga, sem felur í sér tvennt: Í fyrsta lagi að fella l. nr. 33 frá 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, úr gildi. Og í öðru lagi að fyrirskipa sérstakar ráðstafanir í sambandi við nokkrar einstakar starfsgreinar og samninga um verkfallsrétt í þeim, sem ég mun nánar koma inn á á eftir.

Lögin um bann við verkföllum opinberra starfsmanna eru bráðum orðin 50 ára gömul. Þessi lög voru þrælkunarlög, þegar þau voru sett. Þau voru sett á tíma, þegar það var alveg sérstök kúgun gagnvart starfsmönnum ríkisins, sem kom fram í því, að þau voru sett þá. Verkalýðshreyfingin var sjálf að byrja þá að hreyfa sig alvarlega gegn dýrtíðaröldunni, sem þá var að rísa vegna stríðsins, og þessi lög voru þá sett til þess að hindra opinbera starfsmenn í því að geta fengið nokkrar endurbætur á sínum hag. Síðan er nú brátt liðin hálf öld, og hafa orðið á þeirri hálfu öld meiri þjóðfélagslegar breytingar í okkar þjóðfélagi en á meir en þúsund árum áður, þjóðfélagið svo umskapað, að gersamlega er ólíkt því, sem þá var. En þessi lög hafa verið látin standa. Þau hafa orðið þarna eins og steingervingur, sem heldur enn þá í fjötrum þeim réttindum, sem opinberir starfsmenn eiga eins og aðrir launþegar að hafa.

Það var lítið um baráttu gegn þessum lögum, þegar þau voru sett. Það var Guðmundur Björnsson landlæknir einn svo að segja, sem barðist gegn þeim og greiddi atkv. gegn þeim. Hann sagði þá um þau, að þau væru svo ófrjálsleg, að þau mundu flekka íslenzka löggjöf. Og þessi blettur á íslenzkri löggjöf hefur haldizt síðan. Á þessum tíma, sem liðinn er, hafa sambönd opinberra starfsmanna risið upp og sérstaklega nú á síðustu árunum orðið mjög sterk og voldug og samhuga. Þau hafa á undanförnum áratug

hvað eftir annað krafizt þess að fá þennan verkfallsrétt, sem öll launþegasamtök í landinu annars hafa. Og ég álít nú tíma til þess kominn og við, sem flytjum þetta frv., að það verði orðið við þessari kröfu.

Það gerðist allstór breyting í þessum efnum, þegar lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru sett, og út í það þarf ég ekki að fara, það er öllum hv. þm. enn þá svo í fersku minni. Það eru ekki nema tæp 3 ár síðan þau lög voru sett. En þegar þau lög voru undirbúin, voru í þeirri nefnd, sem falinn var undirbúningurinn, m. a. 2 menn, sem voru sérstaklega, vil ég leyfa mér að meina, sem fulltrúar opinberra starfsmanna. Það voru þeir Guðjón B. Baldvinsson deildarstjóri og Eyjólfur Jónsson lögfræðingur. Og þeir skiluðu sérstöku nál. eða réttara sagt útbjuggu sérstakt lagafrv., og í frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eins og það var lagt fyrir Alþingi 1961—62, er þetta lagafrv. þeirra prentað sem eitt af fskj. N. þriklofnaði, og þessir fulltrúar bandalags opinberra starfsmanna voru þar tveir saman um þá kröfu, að opinberir starfsmenn fengju þá þegar verkfallsrétt, og í þeirra frv. að kjarasamningunum fólst það, að eftir öll þau stig, sem samningarnir gengju í gegnum í hvers konar nefndum og sáttanefndum og öðru slíku, þá skyldu þeir þó að lokum hafa rétt til verkfalls.

Þeir sóttu sína fyrirmynd alveg sérstaklega í þau lög, sem nýlega höfðu verið sett í Noregi 1958, og um þau lög segir í þeirra grg., sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, — þar segja þeir um þessi norsku lög:

„Verður með þeim lögum sú breyting á, að nú ber ríkisvaldinu og samtökum ríkisstarfsmanna gagnkvæm skylda til þess að taka upp samninga um kaup og kjör samkv. kröfu frá öðrum hvorum aðila. Er ríkisstarfsmönnum með l. fenginn svipaður réttur til samninga um kaup og kjör og aðrar stéttir hafa á hinum frjálsa vinnumarkaði. Launalög eru úr sögunni, og ríkisstarfsmenn fá verkfallsrétt, þó með undantekningum (öryggisþjónusta og æðri embættismenn). Tiltekin ágreiningsatriði skal úrskurða af gerðardómi, og nákvæmar reglur eru settar um sáttaumleitanir. Þá er heimilt að skylda starfsmenn til þess að gegna stöðum sínum um þriggja mánaða skeið, þótt þeir hafi sagt þeim löglega upp, ef brottför þeirra úr starfi stofnar í hættu mikilvægum þjóðfélagshagsmunum."

Þetta er það, sem þeir segja þarna um þau norsku lög, sem þá höfðu verið sett rétt áður, 1958, og þeir að nokkru leyti byggðu á sínar till.

Það kom alveg greinilega í ljós þá, að bandalag opinberra starfsmanna var mjög inni á þeim till., sem þessir svo að segja fulltrúar þeirra í n. voru með. Þegar hins vegar kom til þess að útkljá um þetta hér á Alþingi, þá varð það ofan á, sem hæstv. ríkisstj. þá hafði gert að sinni till., að opinberum starfsmönnum var veittur samningsréttur. Þeim var veittur réttur til að standa nokkurn tíma í samningum til að geta jafnvel greitt í félögunum atkv. um slíka samninga, til þess að geta þannig látið sínar skoðanir koma í ljós, og þeir voru viðurkenndir sem samningsaðili gagnvart ríkisstj. Þetta var stórt spor fram á við frá því, sem áður hafði verið. Og eins og þá var komið, þegar ekki var nein von til þess að fá neitt annað í gegn, þá tókum við Alþb.-menn þá afstöðu a. m. k. flestir á því þingi, að við vorum ekki á móti framgangi þessa lagafrv., vegna þess að í því voru þó spor fram á við frá þessum þrælkunarlögum frá 1915, en hins vegar greiddum við flestir ekki heldur atkv. með því, vegna þess að við álitum, að opinberir starfsmenn ættu þarna meiri rétt og þyrftu að fá þennan rétt.

Stjórnarfrv. var síðan samþ., og eins og menn muna, kom síðan rétt á eftir til þeirra úrskurða, sem kjaradómur þá kvað upp. Menn muna kannske eftir því, að það var þó nokkur hækkun, sem fólst í því, þó að hún væri misjöfn og kæmi misjafnt niður, og það sköpuðust þá vonir hjá ýmsum opinberum starfsmönnum og jafnvel fleiri um, að með þessari nýju leið þarna, kjaradómi án verkfallsréttar viðkomandi launþega, væri fundin ný leið til að gera launþega mjög ánægða með eins konar gerðardóma. Hins vegar leið ekki á löngu, áður en þær vonir, sem einhverjir hafa gert sér út af þeim úrskurði, urðu að frekar litlu, þegar frekari dómar voru kveðnir upp, og ég held, að það sé óhætt að fullyrða það nú, að almennt hafi starfsmenn hins opinbera orðið fyrir miklum vonbrigðum af þessum lögum, sérstaklega vegna þeirra dóma, sem kveðnir hafa verið upp nú upp á síðkastið í þeim málum, sem þeir hafa skotið til úrskurðar kjaradóms.

Því er nú komið svo, að meðal opinberra starfsmanna eru áreiðanlega sterkari og almennari kröfur um það en jafnvel nokkru sinni fyrr, og hafa þeir þó samþykkt þetta þing eftir þing hjá sér, á þingum BSRB, að fá nú fram fullan verkfallsrétt. Það eina, sem raunverulega bannar þessi verkföll, eru lögin frá 1915. Og það eina, sem gerir þau refsiverð, eru lögin frá 1915. Að vísu er, — ég vil taka það fram, vegna þess að í þessu frv. okkar tvímenninganna felst ekki nein breyt. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, — í l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna er aðeins í einni grein eitt orð, sem gæti í raun og veru skoðazt sem eins konar bann. Það er þetta í 21. gr.: „Dómur kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu." Það væri hægt að skilja þetta orð, „fullnaðarúrlausn", þannig, að verkföll væru bönnuð. En þegar ekki er tekið sérstaklega fram, að þau séu bönnuð, þá er það hins vegar mjög hæpið að líta svo á. Og þegar þar að auki engin sektarákvæði eru í slíkum l., þá lít ég svo á og við, sem flytjum þetta frv., að með því að fella l. frá 1915 úr gildi sé raunveruleg heimild sköpuð fyrir opinbera starfsmenn til þess að geta gert verkföll. Það mundi ganga sinn gang, sem l. um kjarasamninga segja fyrir, en þegar kjaradómur hefur fellt sinn úrskurð, ef opinberir starfsmenn, fleiri eða færri þeirra félaga, vilja ekki sætta sig við það, þá er þeim opin leiðin til verkfalla og ekki hægt að koma við sektum eða refsivist eða neinu slíku gagnvart þeim. Þess vegna höfum við takmarkað þetta frv. aðeins við tvennt: Í fyrsta lagi að fella burt lög um verkfall opinberra starfsmanna frá 1915, lög, sem eru raunverulega um bann við slíkum verkföllum, og þar eru sektir og jafn-

vel þyngri refsingar, sem við liggja. Ég held, að það sé ótvírætt tími til kominn, að slíkt sé gert. Og ég held, að það mundi aðeins verra hljótast af, svo framarlega sem farið væri að reyna að standa á móti þeim sterka vilja, sem kemur fram hjá opinberum starfsmönnum í þessu efni nú.

Ég vil sérstaklega benda yfirstétt og stjórnarvöldum á það, að það hefur venjulega þótt skynsamlegt af hverri yfirstétt að gæta sín í tíma, þegar hreyfingar hafa verið að vaxa hjá alþýðu manna. Og ég vil aðeins benda í því sambandi á eitt atvik, sem nýlega kom fyrir hér í Reykjavík. Það var, að menn í einum ríkisbankanum, allt starfsfólk í Útvegsbanka Íslands, gerði verkfall, gerði eins dags mótmælaverkfall, verkfall, sem ég býst við, ef farið væri eftir þessum lögum frá 1915, að væri ef til vill hægt að skoða ólöglegt, þó skal ég ekkert um það fullyrða. Það var ekki svo nákvæmt um mótmælaverkföll eða önnur slík í þeim, að það væri öruggt, að það væri hægt að koma því þar undir, og þau lög hafa sjaldan verið notuð. En það er athyglisvert, að í einni ríkisstofnun, í einu starfsmannafélagi, sem lengst af hefur raunverulega verið sem maður mundi kalla ákaflega rólegt og spakt starfsmannafélag, skuli allt í einu svo að segja með engum fyrirvara vera hægt að gera algert verkfall án sérstakra heimilda í lögum, ef svo má segja, og það með slíkri samúð í öllum bönkum landsins, að ég held, að það megi nokkurn veginn fullyrða, að ef ætti að fara að framfylgja einhverjum refsiaðgerðum t. d. gagnvart þessu starfsfólki, þá geti alveg eins orðið opinbert verkfall í öllum bönkum landsins.

Þegar vilji hjá almenningi, sem í hlut á, er orðinn svona sterkur, þá er það vísbending til allra viturra stjórnarvalda, að nú er tími til kominn að breyta um. Sú yfirstétt á jörðinni, sem sýnt hefur venjulega mest klókindi í því að kunna undanhald í tíma, er brezka yfirstéttin. Sú sama stétt, sem hafði fjórða hluta jarðarkringlunnar undir sínum yfirráðum, þegar þessi öld hófst, án þess að hafa hernaðarlegan styrk til þess að geta haldið þeim fjórða hluta niðri, hefur haft vit á því, þegar hún sá, að hún gat ekki lengur stjórnað þarna, að halda undan í tíma. Og það er það, sem ég vildi sérstaklega benda okkar stjórnarvöldum, okkar hæstv. ríkisstj. og okkar yfirstétt í landinu á, það er, að það er áreiðanlega tími til kominn að fara að halda undan á þessu sviði gagnvart opinberum starfsmönnum. Og ég held, að það væri einmitt góð byrjun að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, fella burt hótunina um refsivist, sektir og annað slíkt, sem felst í l. frá 1915, þessum 50 ára gamla steingervingi, og láta sér ekki detta í hug að fara að beita því gagnvart opinberum starfsmönnum ríkisins. Og um leið og þau l. væru fallin úr gildi, mundi skapast mjög góður möguleiki til að ræða milli BSRB og hæstv. ríkisstj. um, hvaða háttur yrði hafður í framtíðinni og hvaða breytingar yrðu gerðar á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. gr. okkar frv. kemur nokkuð inn á þá hluti og mælir svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta, og hljóðar svo:

„Ríkisstj. skal í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnir þeirra sérfélaga þess, er málið sérstaklega varðar, undirbúa frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmannafélaga, er gegna þess háttar störfum, að framkvæmd þeirra varði líf og heilsu almennings. Skal frv. miða að því að tryggja rétt þessa starfsfólks til hagsmunabaráttu, eins og frekast samræmist öryggi um líf og heilsu almennings. Þegar samkomulag hefur náðst um slíkt frv. milli samtaka þessara og ríkisstj., skal leggja það fyrir Alþingi.“

Þessi gr. miðar þannig að því að tryggja, að teknir séu upp samningar á milli ríkisstj. annars vegar og hins vegar BSRB sem heildar og sérstaklega þeirra starfsgreina innan þess, þar sem í eru aðilar, sem hafa slík störf með höndum, að það mundi þykja eðlilegt, að um það giltu nokkuð sérstakir samningar, við skulum segja læknar, hjúkrunarfólk, slökkvilið og þess háttar. Og ég efast ekki um, að það mundi vera tiltölulega auðvelt verk fyrir hæstv. ríkisstj. og BSRB að ná mjög friðsamlegu samkomulagi um réttindi annars vegar og skyldur hins vegar þessa fólks. Við vitum það ósköp vel, að íslenzk verkalýðssamtök hafa yfirleitt háð sína launabaráttu þannig, að hún hefur verið með margfalt mildara hætti en verkfallsbarátta yfirleitt tíðkast annars staðar í heiminum. Það hefur verið gengið svo langt í að reyna meira að segja að tryggja ýmis þægindi almennings, að jafnvel verkföll hafa oft og tíðum orðið verkamönnum sjálfum dýrari og lengri þess vegna, og þau hafa alltaf færzt meira og meira í þessa áttina: leyfa mjólkurflutninga, leyfa sölu mjólkur og ýmislegt annað, sem almenningi sé nauðsynlegt eða bagi væri að vera án, og það án þess að taka upp, eins og sums staðar er gert, stranga skömmtun mjólkur, aðeins handa ungbörnum, og slíkt, þegar verkföll eru, þannig að það er mjög greinilegt, að það hefur meir og meir skapazt sú hefð hjá íslenzkum verkalýðssamtökum að beita verkfallsvopninu ákaflega mildilega. Það hefur verið alveg sérstakur, svo að maður noti ensku orðin „fair play“ í þessum átökum, og einmitt kannske þessi sérstaki háttur, sem orðið hefur þannig á stéttabaráttunni hér, hefur leitt til þess, að það hefur verið hægt að gera t. d. aðra eins samninga og þá, sem voru gerðir í júní s. l.

Það er þess vegna alveg gefið mál, að þótt opinberir starfsmenn væru að fá sinn verkfallsrétt nú, þá mundu þeir, eins mikið og þeir eru undir áhrifum þeirrar hefðar, sem skapazt hefur í launabaráttu íslenzkra verkalýðssamtaka, alveg tvímælalaust ekki síður vilja taka öll þau tillit, sem fært væri í sambandi við ekki sízt það, sem um er nú að ræða, líf og heilsu almennings, eins og í þessum greinum, sem ég nefndi, þannig að ég álít, að það væri mjög auðvelt verk að ná góðum og réttlátum samningum á milli ríkisstj. og starfsmannagreinanna um þessi efni, sem síðan yrði þá lögbundið á eftir, þegar samkomulag væri orðið þar um. Ég held, að það sé þess vegna einmitt sá rétti tími núna til að taka upp breytta hætti í afstöðunni milli ríkisvaldsins og hinna opinberu starfsmanna. Milli ríkisvaldsins og launþegasamtakanna ríkir nú, eins og ég gat um,

meiri friðar- og sáttatilhneiging en verið hefur um langan aldur, þótt það geti vissulega allt í einu rofnað aftur næsta vor, ef verkalýðssamtökin mæta skilningsleysi. En þeir samningar, sem gerðir voru í júní, gáfu okkur meira að segja vonir um, að þarna væri að verða veruleg breyting á. Og ég held, að nú einmitt í því vopnahléi, sem er til júní næsta árs, sé rétti tíminn fyrir okkur hér á Alþingi að reyna nú með friðsamlegu samkomulagi innan þingveggjanna að koma ýmsum þeim málum í rétt horf, sem við vitum að launþegasamtökin í landinu leggja mikið upp úr. Það er allt annað að eiga semja við samtök, t. d. eins og samtök opinberra starfsmanna, ef Alþingi sem fulltrúi ríkisvaldsins hefur að fyrra bragði sýnt sig í því að vilja ótilkvatt af þeirra hálfu beinlínis nú leggja sig fram um að taka visst tillit til gamalla krafna, sem þau hafa flutt. Allt slíkt gerir líka auðveldari alla samninga eftir á.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þetta litla frv. mæti skilningi hjá hv. þm. og hjá hæstv. ríkisstj. og að því verði nú, þegar þessari umr. er lokið, vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn. og það megi í þeirri nefnd takast samkomulag um að reyna að afgreiða þetta frv. Við flm. erum náttúrlega ekki að gera kröfu til þess endilega í þeirri mynd, sem við leggjum það hér fyrir, en að aðalatriðið í því yrði samþykkt frá Alþingi nú. Ég held, að það væri verulegt framlag frá hálfu Alþingis til þess að reyna að skapa sem beztan anda og skapa sem bezta möguleika til farsælla lykta í þeim átökum, sem fram undan eru í okkar þjóðfélagi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og hv. flm. rakti hér í framsöguræðu sinni, hefur það lengi verið baráttumál opinberra starfsmanna að fá samningsrétt til jafns við aðrar stéttir. Og ekki sízt hefur þetta orðið baráttumál opinberra starfsmanna hér síðan sá háttur komst á í Noregi, að opinberir starfsmenn þar hafa nokkurn veginn fullan samningsrétt á við aðrar stéttir þar í landi, eða á nokkuð svipuðum grundvelli og lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir.

Seinustu árin hafa opinberir starfsmenn eða þeirra samtök borið fram endurnýjaðar kröfur um það að fá slíkan fullan samningsrétt. Þetta leiddi hins vegar til þess, að það voru teknir upp samningar við ríkisvaldið eða ríkisstj. um þessi mál fyrir 3—4 árum, og niðurstaða þeirra samninga var sú, að það náðist bráðabirgðasamkomulag milli þessara aðila, sem felst í l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 17. apríl 1962. Samkv. þessum l. er opinberum starfsmönnum veittur takmarkaður samningsréttur. Þau gengu að nokkru leyti til móts við þeirra óskir, en þó hvergi nærri fullnægjandi, og þess vegna var það rækilega áréttað af forvígismönnum þeirra, þegar frá þessu samkomulagi var gengið, að þetta væri bráðabirgðasamkomulag af hálfu samtakanna og færi framhaldið að sjálfsögðu eftir því, hvernig þessi lög reyndust í framkvæmd. En aðalatriði þessara laga, eins og kunnugt er, er, að fyrst skuli reyndir samningar milli fulltrúa opinberra starfsmanna og ríkisstj., en ef þeir nást ekki, skuli sérstakur dómstóll, sem nefndur er kjaradómur, úrskurða laun opinberra starfsmanna. Það fór nú svo, þegar kom til fyrstu samninga um launamálin milli fulltrúa opinberra starfsmanna og ríkisstj., að það náðist ekki samkomulag milli þessara aðila og málið gekk þess vegna til kjaradóms, sem felldi fyrsta úrskurð sinn sumarið 1963, eða 1. júlí 1963, rétt eftir kosningarnar, sem þá fóru fram. Þó að ýmsir opinberir starfsmenn hefðu talsvert við þann úrskurð að athuga, hygg ég, að almennt hafi verið litið þannig á, að í honum fælist veruleg bót frá því, sem verið hafði, og að með þeim úrskurði fengju opinberir starfsmenn leiðréttingu, sem þeir hefðu lengi haft þörf fyrir, og samkv. þeim úrskurði nálguðust þeirra kjör nokkuð það að vera sambærileg við það, sem aðrar stéttir hefðu fengið. En í l. er svo ákveðið, að þegar kjaradómur fellir slíkan úrskurð, skuli hann gilda til tveggja ára, en hins vegar er beint í l. gert ráð fyrir því, að ef verða hækkanir á almennu kaupgjaldi í landinu á þessu tveggja ára tímabili, þá skuli opinberir starfsmenn fá hliðstæðar hækkanir á sínu kaupi.

Nú gerðist það, eftir að umræddur úrskurður var felldur um kaup opinberra starfsmanna sumarið 1963, að þá um haustið urðu mjög verulegar almennar kauphækkanir í landinu eða um áramótin seinustu, eins og kunnugt er, og samkv. því áttu opinberir starfsmenn fullan rétt á því samkv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna að fá hækkanir á sínu kaupi í samræmi við þær kauphækkanir, sem orðið höfðu hjá öðrum stéttum, síðan kjaradómur felldi úrskurð sinn 1. júlí 1963. Opinberir starfsmenn fóru fram á það við ríkisstj. að fá þessa leiðréttingu, án þess að til úrskurðar kjaradóms þyrfti að koma, en það fékkst ekki, og þess vegna gekk málið til kjaradóms, sem felldi sinn úrskurð 1. apríl s. l. og á þann veg, að hann var mjög til vonbrigða opinberum starfsmönnum og ég vil segja meira en til vonbrigða, ég vil segja, að með þessum síðari úrskurði kjaradóms sé raunverulega kippt grundvelli undan því samkomulagi milli opinberra starfsmanna og ríkisstj., sem l. um kjarasamninga byggjast á, því að það liggur í augum uppi, ef menn lesa l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að sá úrskurður, sem kjaradómurinn felldi á s. l. vori um kröfur opinberra starfsmanna, er rangur og fær ekki staðizt samkv. lögum. Og eftir að meiri hl. kjaradóms er farinn að haga sér á slíkan hátt, er að sjálfsögðu ekki hægt fyrir opinbera starfsmenn raunverulega að telja það samkomulag öllu lengur í gildi, sem gert var við ríkisstj. og felst í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og þeir hljóta þess vegna að gera kröfu til þess að fá aðra og réttlátari skipan á þessu máli.

Að það sé ekki neinn sleggjudómur, sem ég segi um úrskurð kjaradóms, meiri hl. kjaradóms, á s. l. vori, vil ég m. a. rökstyðja með því að vitna til eins færasta lögfræðingsins, sem á sæti hér á Alþingi, hæstv. forsrh. Þessi mál bar nokkuð á góma á s. l. hausti hér á Alþingi, þegar rætt var um almenn launamál þá, og meðal þeirra, sem tóku til máls í þessum umr., var hæstv. forsrh., og hann lét þá m. a. falla eftirfarandi ummæli, sem hefur nokkrum sinnum verið vitnað

til síðar, m. a. í plöggum, sem opinberir starfsmenn hafa látið frá sér fara. Hæstv. forsrh. fórust þá orð á þessa leið:

„Nú segja stjórnarandstæðingar, að hækka þurfi almennt kaupgjald til samræmis við hækkanir til opinberra starfsmanna. Þá er tvennu gleymt: Í fyrsta lagi, að samkv. 20. gr. kjaradómslaganna ber kjaradómi að miða ákvörðun sína við annað kaupgjald í landinu. Í öðru lagi — og það sker úr, að opinberir starfsmenn eiga samkv. 7. gr. sömu laga rétt á hlutfallslegum hækkunum til sín, ef almennt kaupgjald í landinu hækkar verulega."

Þessi skilningur hæstv. forsrh. á l. er vissulega réttur. Eftir að hæstv. forsrh. lét þessi ummæli falla hér á hv. Alþingi, gerðist það, að kaupgjald almennt í landinu hækkaði um 15% og samkv. kjaradómsl. og útskýringu hæstv. forsrh., sem er alveg rétt, áttu opinberir starfsmenn rétt á þessari hækkun. Þess vegna er það, að þegar meiri hl. kjaradóms felldi þann úrskurð á s. l. vori, að kjör opinberra starfsmanna skyldu standa óbreytt, þá átti sá úrskurður enga stoð í lögum. Hann var fullkomlega rangur, og með því var raunverulega rofið það bráðabirgðasamkomulag, sem opinberir starfsmenn og ríkisvaldið höfðu gert á sínum tíma og l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna byggjast á.

Það er í eðlilegu framhaldi af þessu, að opinberir starfsmenn hljóta að endurnýja sínar fyrri kröfur um að fá fullan samningsrétt, þegar það er reynt, að grundvöllurinn er horfinn undan þessu bráðabirgðasamkomulagi, sem gert var við ríkisvaldið fyrir 2—3 árum. En sá grundvöllur hefur vissulega horfið með áðurnefndum úrskurði meiri hl. kjaradóms. Nú er líka þannig komið með hag opinberra starfsmanna, að þeir eru orðnir langt á eftir öðrum stéttum. Það er ekki aðeins, að það sé þetta 15% bil á milli þeirra og annarra stétta, sem skapaðist við hina almennu launahækkun á s. l. vetri og opinberir starfsmenn hafa enn ekki fengið, heldur hafa orðið nokkrar kauphækkanir hjá ýmsum stéttum á þessu ári, sem opinberir starfsmenn hafa ekki fengið neitt tilsvarandi, enda er það vitað mál, að kjör margra þeirra opinberu starfsmanna, sem taka laun samkv. lægri launaflokkunum, eru langt fyrir neðan það, sem eðlilegt verður talið, og þar við bætist um þessa starfsmenn, að þeir hafa að ýmsu leyti örðugri aðstöðu til að afla sér aukatekna en ýmsar aðrar stéttir í landinu. Það verður líka alltaf meira og meira áberandi í hinum opinbera rekstri, að þar skortir starfsfólk. Við þekkjum vel, hvernig ástatt er í skólum landsins, hve mjög skortir á hæfa starfskrafta þar. Slíkt hið sama gildir um margar stofnanir aðrar, og mér er t. d. sagt, að það gangi mjög erfiðlega að fá menn til lögreglustarfa, vegna þess að laun lögregluþjóna eru orðin lakari en menn geta fengið við mörg önnur sambærileg störf í landinu.

Opinberir starfsmenn hafa sem sagt dregizt aftur úr vegna hins ranga úrskurðar, sem meiri hl. kjaradóms felldi á s. l. vori. Við þetta bætist einnig það, að það hefur mjög orðið til að þrengja hlut opinberra starfsmanna, að hinar gífurlegu skattaálögur, sem hafa verið lagðar á á þessu ári, hafa orðið til þess, að verulegur hluti þeirrar hækkunar, sem þeir fengu, hefur ekki runnið til þeirra, heldur runnið beint til ríkisins aftur í gegnum hinar þungu skattaálögur. Opinberir starfsmenn eða samtök þeirra fóru fram á það að fá nokkra leiðréttingu á þessum málum, og um skeið leit þannig út, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að taka því með nokkrum skilningi, því að hún bauðst til að eiga viðræður við þá og fulltrúa frá öðrum launþegasamtökum einnig, en niðurstaða þeirra viðræðna er nú orðin sú, að ekkert jákvætt hefur fengizt frá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það reyndist sem sagt, þegar til kom, að hún vildi engan afslátt veita eða engar lagfæringar gera vegna þeirra þungu skattaálaga, sem hafa verið lagðar á á þessu ári og hafa bitnað með alveg sérstökum þunga á opinberum starfsmönnum.

Allt þetta veldur að sjálfsögðu því, að opinberir starfsmenn verða nú að hefjast handa um nýjar leiðir í kjarabaráttunni. Þeir geta ekki lengur treyst á lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 1962 og hafa ekki annað að gera en herða baráttuna fyrir því að fá fullan samningsrétt. Og ég held, að þegar sú saga er athuguð, sem ég hef nú rifjað upp, þá sé erfitt að mæla á móti því, að veita opinberum starfsmönnum þeirra rétt. Þeir hafa viljað reyna þarna meðalveg í samvinnu við ríkisvaldið, þar sem er kjaradómsleiðin, en henni hefur raunverulega verið lokað af meiri hl. kjaradóms. Ég verð líka að segja það, að ég á erfitt með að skilja þá mótstöðu, sem er gegn því að veita opinberum starfsmönnum samningsrétt. Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að vantreysta þeim meira í þessum efnum en öðrum stéttum, þannig að þeir muni halda verr á þessum rétti og ósanngjarnlegar en aðrar stéttir. Ég vildi miklu frekar halda því fram vegna ýmissar aðstöðu opinberra starfsmanna og þeirrar menntunar, sem þeir hafa aflað sér, að þá væru þeir miklu líklegri til þess en margir aðrir, án þess að ég vilji gefa þeim nokkrar rangar sakir, að halda vel og réttilega á fullum samningsrétti. En það er að sjálfsögðu rétt, sem kemur líka fram í þessu frv., að ef opinberum starfsmönnum yrði veittur fullur samningsréttur, eins og t. d. í Noregi, þá eru gerðir sérstakir samningar um vissar stofnanir, eins og spítala og aðrar slíkar, sem nauðsynlegt er að haldi áfram störfum og verkföll nái ekki til. Og ég efa það ekki, að það mundi ekki standa á opinberum starfsmönnum að semja um þessi atriði á þann hátt, að vel megi við það una.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég tek fullkomlega undir það og álít það algert réttlætismál, að opinberir starfsmenn verði látnir njóta sömu réttinda í þessum efnum og aðrar stéttir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Veiting prestakalla.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu prestakalla [83. mál] (þmfrv., A. 114).

Á 22. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. flytur frv. þetta samkv. ósk hæstv. dóms- og kirkjumrh. Einstakir nm. áskilja sér að vanda allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Frv. þetta fjallar um afnám prestskosninga og gerir ráð fyrir annarri skipun í þeirra stað, er eigi að tryggja íhlutun safnaðanna um val presta sinna.

Málið á alllangan aðdraganda, mun fyrst hafa verið rætt að marki á prestastefnu 1960, síðan á kirkjuþingi sama ár, en fór eftir það til héraðsfunda um land allt. Bárust þaðan allmargar álitsgerðir. Var málið síðan lagt fyrir kirkjuþing árið 1962 og með nokkrum breytingum samþ. þar með 10:5 atkv.

Frv. var flutt af menntmn. þessarar hv. d. snemma á árinu 1963, samkv. ósk dóms- og kirkjumrh. Það náði ekki fram að ganga. Hinn 23. okt. s. l. sendi hæstv. kirkjumrh. menntmn. frv. á nýjan leik með þeim tilmælum, að n. flytti það að fenginni umsögn kirkjuþings. Kirkjuþing kom saman rétt í þann mund, og var frv. til þess sent.

Frv. var lagt fyrir kirkjuþing, sem eftir allmiklar umr. samþ. það óbreytt með 10:4 atkv. Eru nánari upplýsingar um þá atkvgr. í grg., sem frv. fylgir.

Þar sem mál þetta hefur áður verið fyrir hv. d., sé ég ekki ástæðu til að hafa frekari efnislega framsögu, en vil, herra forseti, leggja til, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frummælandi gerði grein fyrir, er þetta frv. flutt af menntmn. þessarar hv. d. samkv. beiðni hæstv. kirkjumrh. Allir nm. taka fram í grg. með frv., að þeir hafi óbundnar hendur í afstöðu sinni til málsins. Samhljóða frv. þessu var flutt á næstsíðasta þingi af sömu n. og samkv. beiðni sama ráðh., og afstaða nm. var hin sama og nú til málsins.

Í grg. frv. er rakinn gangur þessa máls. Á kirkjulegum fundum er mál þetta rætt á undanförnum árum. Á kirkjuþingi 1960 leggur biskup fram frv. um veitingu prestakalla. Ekki samþ. það kirkjuþing frv., heldur ákvað að leggja málið fyrir héraðsfundi. En þetta bar ekki þann árangur, sem til var ætlazt. Svör bárust úr sumum prófastsdæmum, öðrum ekki, og þau svör, sem bárust, eru á ýmsa vegu. Er því ekkert á áliti héraðsfundanna að græða. Á kirkjuþingi 1962 leggur biskup aftur fram frv. um veitingu prestakalla, en nokkuð breytt frá hinu fyrra. Kirkjuþing samþ. þetta frv. með 10:5 atkv., en 17 fulltrúar eiga sæti á kirkjuþingi. Þetta frv. var svo flutt á næstsíðasta þingi, eins og hér hefur verið tekið fram, en málið komst aðeins til 1. umr. í fyrri deild.

Á því kirkjuþingi, sem lauk fyrir hér um bil 3 vikum, var þetta frv. óbreytt enn rætt og samþ. með 10:4 atkv. og er nú flutt aftur, eins og hér hefur verið tekið fram.

Af gangi málsins má sjá, að mikið kapp er á það lagt af hálfu hinnar kirkjulegu stéttar að koma málinu fram. Hins vegar eru undirtektir almennings harla litlar. Frá héraðsfundum í 8 prófastsdæmum af 21 berast engin svör um málið. Úr hinum 13 prófastsdæmunum berast að vísu einhver svör, en þau eru á misjafna lund og flestöll frá árinu 1961, en það frv., sem hér er til umr., er ekki að öllu leyti hið sama og þá var rætt um.

Engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu fjölmennir þessir héraðsfundir hafa verið, og ekki heldur um það, hversu margir leikmenn tóku þátt í þeim fundum. En hvað eru héraðsfundir? Eru það almennir fundir safnaðarmanna? Nei, öðru nær. Á héraðsfundum mæta aðeins prestar og safnaðarfulltrúar. Safnaðarfulltrúi á að vera einn frá hverjum söfnuði. Af þessu má sjá, að héraðsfundir verða aldrei fjölmennir, jafnvel þótt þeir væru vel sóttir. Þeir gefa því enga hugmynd um vilja almennings í þessu máli.

Ef leita átti eftir skoðunum almennings, átti auðvitað að leggja málið fyrir almenna safnaðarfundi um allt land. En þetta hefur aldrei verið gert. Fyrir Alþingi liggja því engar upplýsingar um það, hvort almenningi í landinu líkar þetta frv. betur eða verr. Og það er meira að segja sýnilegt á meðferð þessa máls, að það hefur aldrei verið ætlunin að leita eftir skoðunum almennings á lagabreytingum um veitingu prestakalla. Annars hefðu söfnuðir landsins ekki verið svo sniðgengnir í þessu máli sem raun er á. Samt segir í nál. með þessu frv. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessu er ljóst, að fullnægjandi upplýsingar um vilja þeirra, er sæti eiga á héraðsfundum, í þessum efnum eru ekki fyrir hendi. Hins vegar mun sú skoðun, að afnema beri prestskosningar, að líkindum eiga vaxandi fylgi að fagna meðal almennings."

Hvað hafa höfundar þessa frv. fyrir sér í því, að afnám prestskosninga eigi að líkindum vaxandi fylgi að fagna meðal almennings? Þessi staðhæfing virðist vera algerlega út í loftið. Eða ætli höfundar þessa frv. hefðu legið á þeirri vitneskju sinni, ef hún væri einhver?

Efni þessa frv. er, eins og flestum mun vera kunnugt, að hinn almenna kosningarrétt manna til að velja sér prest á að afnema. Þó er hér ekki gengið hreint til verks, heldur er sett upp í staðinn málamyndakosning örfárra kjörmanna á mjög ólýðræðislegan hátt, og meira að segja þessi kosning, ef kosningu skyldi kalla, á ekki að gilda nema með vissum skilyrðum. Samkv. 2. gr. frv. eiga kjörmenn að kjósa presta. Í hverju prestakalli eru sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar kjörmenn samkv. þessu frv. Samkv. fylgifrv. með þessu frv. um skipun sóknarnefnda, sem einnig er á dagskrá þessa fundar, eiga 3 menn í það fæsta að skipa sóknarnefnd, en

mest 11 menn. Í allt að 500 manna sókn eiga að vera 3 sóknarnefndarmenn, í 500—1000 manna sókn eiga þeir að vera 5, og síðan eiga að bætast 2 menn í sóknarnefnd fyrir hver full 2000 sóknarmanna, er við bætist. Þannig verður t. d. 5 manna sóknarnefnd í 2900 manna sókn. Ef eitthvert prestakall er 2 sóknir, í annarri sókninni eru 2900 manns, en í hinni 100 manns, þá verða kjörmenn í þessu prestakalli 10. Það eru 5 sóknarnefndarmenn og 1 safnaðarfulltrúi úr stærri sókninni og 3 sóknarnefndarmenn og 1 safnaðarfulltrúi úr hinni minni. Við skulum segja, að nú eigi að fara að kjósa þarna prest. Ef þessir 6 kjörmenn úr stærri sókninni eru sammála um ákveðinn umsækjanda, en kjörmennirnir 4 úr hinni minni vilja einhvern annan, þá er kosningin ólögmæt og valdið til að kjósa prestinn er komið í hendur biskups og ráðh. Ef hins vegar 7 af þessum 10 kjörmönnum kjósa sama umsækjandann, þá er hann löglega kjörinn. En hvort nokkur maður utan þessara 7 í 3000 manna prestakalli óskar eftir þessum presti, sem þessir 7 hafa kosið, það veit enginn. Samkv. 3. gr. frv. getur *einfaldur meiri hl. kjörmanna* ákveðið, að engin kosning fari fram. Og þá ákveða biskup og ráðh., hver af umsækjendum hljóti embættið. Loks vil ég nefna ákvæði 6. gr. Þar segir, að ¾ hlutar kjörmanna geti kallað prest til embættis, eins og það er nefnt í frv. Og fallist einhver prestur eða prestsefni á að láta kalla sig, þá er embættið alls ekki auglýst laust til umsóknar.

Mér virðist, að það láti nærri, að í þessu frv. séu saman komnar flestar hugsanlegar aðferðir til þess að setja söfnuði prest, án þess að vilji safnaðarmanna komist þar að. En hvers vegna er sporið ekki stigið fullt í þessu frv. og prestskosningar afnumdar með öllu, í staðinn fyrir að vera með þetta kosningakák. Ekki er það fyrir það, að höfundum þessa frv. hafi ekki komið það í hug. Á *almennum kirkjufundi* 1961 var samþ. ályktun með rúmlega ⅔ hlutum greiddra atkv., þar sem talið er nauðsynlegt að leggja prestskosningar alfarið niður. Og mér er ljóst, að þær krókaleiðir, sem farnar eru í þessu frv., eru aðeins áfangi að því marki.

Sjálft innihald þessa frv. er þá þetta: Fyrst er almenningur sviptur kosningarrétti til að kjósa sér prest. Síðan er örfáum kjörmönnum veitt vald til þess að svipta presta og prestsefni réttinum til þess að sækja um laus embætti. Þannig er þá lýðræðið í þessu frv.

Þó að frv. þetta sé að efni til orðið meir en 4 ára gamalt og búið að liggja fyrir 3 kirkjuþingum, virðast sumar greinar þess ekki vera í fullu samræmi hver við aðra. Í 2. gr. segir, að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar *einir* skuli kjósa prest. Engir aðrir eiga að hafa kosningarrétt. En þegar kemur út í 4. gr. frv., þar sem mælt er fyrir um kosningu á kjörfundi, þá er prófasturinn farinn að kjósa líka. Hann er þó hvorki sóknarnefndarmaður né safnaðarfulltrúi, auk þess er hann að öllum jafnaði búsettur í allt öðru prestakalli en því, sem á að kjósa í. En þetta eru kannske smámunir.

Hver eru svo helztu rökin fyrir því í grg. þessa frv., að afnema beri kosningarrétt almennings til þess að velja sér prest? Í grg. segir, að núgildandi lög um veitingu prestakalla hafi sætt gagnrýni, og að óánægja með þau hafi farið sívaxandi, prestskosningar reynist illkynjuð þolraun fyrir söfnuðinn og geri prestum erfitt fyrir að færa sig til á starfssviði sínu. Hvað snertir óánægjuna með núgildandi lög um veitingu prestakalla væri ástæða til að spyrja höfunda þessa frv.: *Hvar hefur sú óánægja komið fram?* Hafa söfnuðirnir kvartað undan lögunum? Hafa safnaðarfundir gert ályktanir um, að afnema beri kosningarréttinn? Eða hafa söfnuðirnir talið það illkynjaða þolraun að eiga að kjósa sér prest?

Mér er ekki kunnugt um, að fyrir liggi ályktun eða neins konar fundarsamþykkt frá einum einasta söfnuði í landinu um það, að afnema skuli kosningarrétt manna við prestskosningar. Og ef slíkar samþykktir eru einhverjar til, af hverju er þeirra þá ekki getið í grg. með þessu frv.? En er þá engin óánægja með núgildandi lög um veitingu prestakalla? Jú, hún er til, en sú óánægja ætla ég að sé fyrst og fremst hjá sumum prestum landsins, en ekki heldur nema sumum þeirra. *Og út af hverju er þessi óánægja* prestanna? Svar við því er að finna í grg. með frv. Óánægjan er út af því, að lögin gera prestum erfitt fyrir að færa sig til, þ. e. að þjónandi prestur geti farið úr sínu prestakalli og hlotið annað prestakall, sem laust er. Þetta ætla ég, að sé meginástæðan fyrir flutningi þessa frv., ef það er þá ekki eina ástæðan.

En að hvaða leyti eru núverandi lög þessu til hindrunar, að prestar geti flutt sig til. Laus prestaköll eru auglýst til umsóknar. Hver einasti þjónandi prestur í landinu getur sótt um embættið svo og guðfræðikandidat. Ekkert er því til hindrunar, að þjónandi prestur hreppi laust embætti, ef söfnuðir prestakallsins óska eftir honum. Hindrunin getur því ekki verið nema ein og aðeins ein. Hún er sú, að söfnuðir taki guðfræðikandidata fram yfir þjónandi prest.

Kjarninn í þessu máli er að mínum dómi sá, að hér er leitazt við að setja prest í embætti, þótt söfnuðir prestakallsins kynnu frekar að vilja einhvern annan. Vilji safnaðarmanna á að víkja fyrir vilja örfárra kjörmanna eða vilja biskups og ráðh. Með þessum hætti, ef að lögum yrði, er skammt til þess, að þröngva mætti upp á söfnuð presti, sem hann óskar ekki eftir. En væri nú þetta æskileg þróun fyrir kirkjulífið í landinu? Nei, því fer fjarri. Samstarf safnaðar og prests þarf að byggjast á gagnkvæmu trausti, ef vel á að vera. Sé það ekki fyrir hendi, næst tæplega sá árangur í þessum efnum, sem menn vilja. Presturinn leggur jafnan áherzlu á, að starf hans sé þjónusta. Væntanlega á sú þjónusta að vera í þágu safnaðarins. Það væri því nokkuð hart, ef söfnuður mætti ekki ráða því, hvern hann ræður í þjónustu sína. Afleiðingin gæti orðið sú, að söfnuðurinn sækti ekki eftir annarri þjónustu af prestsins hálfu en þeirri, sem felst í óhjákvæmilegum skyldustörfum hans.

Menn verða líka að hafa það í huga, að kirkjan er frjáls félagsskapur. Trúfrelsi er ríkjandi hér í landi, og enginn þarf að vera í þjóðkirkjunni frekar en hann vill. Ef skerða á það frelsi, sem

nú ríkir innan kirkjunnar, væri þjóðin að stiga spor aftur á bak. Og það er takmörkuð lýðræðisást að vilja afnema það lýðræði, sem nú er í lögunum um prestskosningar í landinu, að ég ekki tali um það að kalla það illkynjaða þolraun, að söfnuðirnir kjósi sér prest.

Frjáls og almennur kosningarréttur er grundvöllur lýðræðis. Hér er lagt til að afnema hann á sviði prestskosninga. Heyrt hef ég það nefnt, að afnema beri kosningarrétt manna við prestskosningar vegna þess, að þær verði stundum pólitískar. En hvaða kosningar ætti þá ekki að afnema, ef á að sigla fram hjá þessu skeri? Ef þetta er einhver ágalli á lögum eða framkvæmd þeirra, er síður en svo, að honum sé rutt úr vegi með þessu frv. Þvert á móti mætti ætla, að nú yrðu bæði sóknarnefndarkosningar og prestskosningar, sem svo eru kallaðar í þessu frv., pólitískar. Áróður pólitískra afla yrði því auðveldari, þegar við örfáa kjörmenn væri að eiga, heldur en heila söfnuði. Ég tel að mörgu leyti æskilegt, að Alþingi afgreiði þetta frv., á hvern hátt sem sú afgreiðsla verður. Sé meiri hl. alþm. þeirrar skoðunar, að afnema eigi kosningarrétt manna til prestskosningar, þá skiptir ekki miklu máli, hvort það er gert á þessu þingi eða því næsta. En séu þm. hinnar skoðunarinnar, að það beri að hafna þessu frv., og það ætla ég að vona að verði niðurstaðan, þá er bezt að gera það sem fyrst, svo að enginn vafi geti leikið á því, hvernig Alþingi lítur á þetta mál.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og gerð hefur verið grein fyrir, er þetta frv. flutt að minni tilhlutan, en vegna óska, sem fram hafa komið um það frá kirkjuþingi, sem nýlega sat, og fyrra kirkjuþingi, 1962. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Vestf. um, að það sé rétt, að Alþingi afgreiði mál eins og þetta, og það er einmitt auk annarra ástæðna, sem ég síðar skal greina, ástæðan til þess, að ég hef hlutazt til um, að málið væri flutt. Það var, eins og gerð hefur verið grein fyrir, flutt fyrir 2 árum, en fékk þá ekki afgreiðslu. Nú þegar kirkjuþing var að koma saman í lok októbermánaðar í ár, sendi ég menntmn. frv. frá 1962 og bað hana um að flytja málið, en þó ekki fyrr en fengin væri umsögn kirkjuþings, sem væri að koma saman, um það mál. Og með því ætlaðist ég til, að fyrir lægi afstaða tveggja kirkjuþinga um málið, ef svo færi, að það yrði enn samþ. Og málið var að nýju lagt fyrir kirkjuþing og samþ. þar með meiri hl. atkv., eins og nánar er gerð grein fyrir í grg. frv. En þá held ég, að það sé alveg rétt, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestf., að það sé ástæða til, að Alþingi marki afstöðu sína til málsins. Vilji menn ekki afnema prestskosningarnar, þá er rétt, að það komi í ljós við afgreiðslu málsins, en málið liggi ekki í láginni þannig, að ár eftir ár sé verið að tala um, gera ályktanir á kirkjuþingum um afnám prestskosninga o. s. frv., en ekki látið til skarar skríða á einn eða annan veg.

Eins og málið er til komið og gerð hefur verið grein fyrir, þá er ég ekki höfundur málsins, eins og hv. þm. er ljóst, og sumt í frv. teldi ég að mætti betur fara og e. t. v. vera með öðrum hætti. En ég hef valið þann kostinn að óska eftir, að málið verði lagt fyrir Alþingi eins og kirkjuþing gekk frá því, hvað svo sem kynni að verða um breytingar á frv. eða um afgreiðslu þess almennt. Hitt vil ég ekki leyna menn, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að prestskosningarnar ætti að afnema, og er í hópi þeirra manna, sem svo hugsa. Hvort það sé hentara fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, vilji menn afnema prestskosningarnar, að hafa þetta millistig kjörmanna, það er ég ekki viss um, og það hefur verið nokkuð gagnrýnt. Ég heyrði nokkra gagnrýni á því á kirkjuþingi, að það mundi kannske verða nokkuð mikil raun fyrir sóknarnefndirnar, sem ekki eru stórar, og ágangur á þær erfiður, þegar til þess kæmi, að kjósa ætti prestinn með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir. En þessu frv. fylgir nú annað frv., sem búið er að útbýta og mönnum er kunnugt um, um sóknarnefndir, en tilgangur þess er einmitt að fjölga í sóknarnefndunum, og má segja, að sé fylgifrv. þessa frv., að fleiri menn, svokallaðir kjörmenn, fjalli um málið heldur en nú er. En eins og ég sagði, ég er ekki öldungis viss um, að þetta sé hentari aðferð. Og þá hef ég ekki heyrt talað nema um þriðju leiðina, að prestsembætti væru veitt með svipuðum hætti og önnur embætti af veitingavaldinu í landinu, svipað og um sýslumannsembætti, héraðslæknaembætti o. s. frv. Og ef fram kæmi till. um það á þinginu, mundi ég líka fylgja henni, m. a. vegna þess að mér lízt ekki alls kostar á þessa millileið, en hún hefur nú verið valin af kirkjunnar mönnum og vafalaust sem sáttaleið á milli almennra prestskosninga og veitingar prestsembættanna af veitingavaldinu.

Það kann að vera fallegt að tala um lýðræði og almennar kosningar og blessaðir söfnuðirnir kjósi sinn prest og fái að ráða því sjálfir, hver skuli vera þeirra þjónandi prestur. En oft er nú lýðræðið misnotað, og sannast að segja finnst mér líka vera nokkuð mikil misnotkun á því, þegar verið er að tala um lýðræði í sambandi við prestskosningarnar og leiða af því jafnvel það, að því skyldi þá ekki eiga að afnema aðrar kosningar og einmitt þær pólitísku kosningar, eins og hv. 3. þm. Vestf. vék að, vegna þess að menn vildu afnema prestskosningarnar, vegna þess kannske fyrst og fremst, að þær yrðu nokkuð pólitískar á stundum. En hvert er þetta lýðræði í sambandi við kosningu prests? Jú, söfnuðurinn á sjálfur að fá að velja prestinn. Það er lýðræðislegt, að almenningur fái að velja, ráða, hvað gerist í þessu og þessu máli. En hvers eiga þeir að gjalda, sem fá kosningarrétt, rétt eftir að búið er að kjósa prest, sem situr svo í embættinu í 40 ár? Hvaða lýðræði er það, að þeir hafa enga íhlutun allan þennan langa tíma með þennan blessaða prest sinn? Og sú hliðin á málinu kæmi þá upp, hvort það ætti að kjósa prestana til 4 ára, ákveðins kjörtímabils, eins og þm. eru kosnir, og það væri miklu nær, að menn gætu þá farið að tala um lýðræði, ef söfnuðirnir fá að ráða því jöfnum höndum á hverjum tíma, hvaða prestur þjónar þeim. Ég hef ekki heyrt hins vegar raddir um það, að þennan hátt vildu menn hafa. Aðrar þjóðir hafa svipaðan hátt við

kosningu sinna embættismanna í mjög ríkum mæli, eins og í Bandaríkjunum. Hér hafa hins vegar ekki komið upp raddir um þennan hátt hér. En lýðræði er það ekki nema að litlu leyti að eiga að kjósa prest og ráða svo engu um það, hversu lengi þessi prestur er, eins og ég vék að áðan.

Hv. 3. þm. Vestf. vék að einu atriði í frv., þar sem segir, þ. e. á bls. 3, með leyfi forseta:

„Hins vegar mun sú skoðun, að afnema beri prestskosningar, að líkindum eiga vaxandi fylgi að fagna meðal almennings.“

Hvað hafa höfundar þessa frv. fyrir sér í þessu? spurði hv. þm. Þess vegna vil ég gera þá leiðréttingu, að þetta er í þeirri grg., sem ekki kemur frá höfundum frv. Hún er birt sem fskj. II, en ég mun vera höfundur að þessari skoðun, sem þarna kemur fram, og það kann að vera, að mér hafi missýnzt í því, en þetta var mitt álit. En það er ekki frá höfundum frv.

Það segir hins vegar í grg. höfunda frv., sem hv. þm. vék einnig að, að gagnrýni og óánægja hafi farið sívaxandi með fyrirkomulag prestskosninganna, sem nú eru. Og með leyfi hæstv. forseta, eins og þar stendur: „Einkum hefur í því sambandi verið bent á það tvennt, að prestskosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu.“ Hv. 3. þm. Vestf. vék að þessu tvennu alveg sérstaklega, sérstaklega þessu, að það er sagt, að það geti orðið og hafi stundum reynzt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina um prestskosningarnar með því fyrirkomulagi, sem við þekkjum. Þetta fannst honum vera furðulegt og talaði með allmikilli vandlætingu um þetta. Undir þetta get ég tekið, þó að ég sé ekki höfundur þessarar grg. Það fóru fram prestskosningar, fyrir 36 árum líklega, á einum stað hér úti á landi, þegar ég var ungur piltur þá, en þótti afskaplega gaman að taka þátt í kosningunum, þótt ég hefði ekki kosningarrétt, því að þetta var mikill hasar, og það var svo sem ekki eins og ætti að fara að kjósa guðsmann eða mann til guðsverka í þessum kosningahasar, og mér er sagt, að það sé kannske ekki gróið um heilt enn í þessum söfnuði eftir þau átök, sem þá áttu sér stað og auðvitað voru mikil þolraun fyrir þennan litla söfnuð. Fólk, sem hafði verið mikið til vina og umgengizt eins og bræður og systur, heimsótt hverjir aðra á heimilin sitt á hvað, lokaði dyrum sínum hvort fyrir öðru, hittist ekki, heimsótti ekki hvert annað, gaf hvert öðru hornauga og illar augnagotur, ef það mættist af tilviljun á götu. Og þetta er nokkuð mikil þolraun fyrir smábæi og lítil byggðarlög, þegar svona eitrun kemur inn í hugsanagang fólksins, eins og þarna átti sér stað. Og mér þykir ekkert ólíklegt og hef ýmsar sagnir af því, að svipað hafi átt sér stað víða annars staðar. Þetta er kannske m. a. ástæðan fyrir því, eins og ég sagði áðan, að mér er ósárt um, þótt þetta fyrirkomulag verði lagt niður.

Hitt er mér alveg ljóst, að það verða sjálfsagt um þetta mjög skiptar skoðanir, og ég ætla ekki að hefja neinar deilur um málið umfram það, sem ég nú hef sagt, og get vel skilið hugsanagang þeirra, sem vilja halda þessu þrátt fyrir allt, og auðvitað hafa þeir líka margt til síns máls, og það eru margar hliðar á þessu máli, eins og gengur, og ekkert einhlítt um það. En ég tel eðlilegt og eins og komið er í raun og veru nauðsynlegt, að þingið kveði upp úr um þetta. Á að afnema þessar prestskosningar eða á að breyta þeim, eins og lagt er til hérna, eða halda gamla fyrirkomulaginu, og þá nær það ekki lengra? Ef meiri hl. Alþingis vill ekki neinar breytingar hér á, þá er þetta mál úr sögunni, a. m. k. um ófyrirsjáanlegan tíma, nokkuð langan tíma, og menn eru þá ekki að gera sér neinar grillur út af því meir.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, víkja að því, að það voru fleiri mál, sem kirkjuþingið hafði til meðferðar, sem ég mundi hafa hug á að koma á framfæri við Alþingi, þó að það verði ekki gert að svo stöddu. Og það eru sérstaklega till. kirkjuþings, sem nokkur grein hefur nú verið gerð fyrir á opinberum vettvangi, um svokallaðan kristnisjóð, að stofna kristnisjóð í landinu. En hlutverk þessa kristnisjóðs á að vera að launa aðstoðarþjónustu presta eða kandídata í víðlendum og fjölmennum prestaköllum, og skulu kandidatar í guðfræði vera aðstoðarmenn í slíkum prestaköllum allt að einu ári, áður en þeir hljóta prestsvígslu, og biskup á að gera ráðstöfun um slíka prestsþjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta, og það á að vera tilgangur sjóðsins að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar í heild samkv. ákvörðun kirkjuþings, og það á að vera tilgangur sjóðsins að styrkja söfnuði, er ráða vilja leika starfsmenn, djákna eða diakonissur, til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða í öðrum mikilvægum verkefnum, og í fjórða lagi á að vera tilgangurinn að veita styrki fátækum söfnuðum, styðja námsmenn og ýmislega starfsemi kirkjunnar, svo sem útgáfu kristilegra rita og hjálpargagna í safnaðarstarfi, og önnur brýn verkefni. Ég tel þetta mál eiga mikinn rétt á sér og mundi e. t. v. síðar hlutast til um, að það kæmi fyrir þingið. En eitt aðalatriðið í því, um tekjur þessa sjóðs, er, að það skuli vera árlegt framlag úr ríkissjóði, sem á hverjum tíma sé jafnhátt þeim upphæðum, sem sparazt hafa við það, að lögmælt kirkjuleg embætti eða prestaköll hafa verið lögð niður, hvort sem er við endurskoðun prestakallaskipunar eða á annan hátt, og skal miðað við full prestslaun, eins og þau eru á hverjum tíma, svo og við áætlaðan opinberan kostnað af prestssetri. Með hliðsjón af þessu tel ég, að það þurfi að ganga á undan að endurskoða prestakallaskipunina í landinu, enda er mér nærri að ætla, að þess sé líka mikil þörf. Ég hef þess vegna hugsað mér að hlutast til um það, enda komu óskir fram um það á kirkjuþinginu, að prestakallaskipunin verði endurskoðuð á næstunni, og að þeirri endurskoðun lokinni mundi e. t. v. mál eins og þetta fyrst eiga rétt á sér hér inni á Alþingi. Ég skal þess vegna ekki víkja frekar að þessu nú, en vildi aðeins gera þessa stuttu grein fyrir því, þannig að það mætti vera vitað af þeim, sem á kirkjuþingi sátu, og öðrum þeim, sem fylgzt hafa með

störfum þess, að það er ekki vegna þess, að ég hafi lagzt á þetta mál, að það er ekki flutt ásamt þessum tveimur málum, um veitingu prestakalla og sóknarnefndirnar, heldur vegna þess, að ég tel, að annar undirbúningur þurfi að ganga fyrir, áður en málið er lagt fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar.

Ég vildi svo mega mælast til þess, þó að þetta mál sé flutt af nefnd að minni tilhlutun, að hv. menntmn. tæki málið til meðferðar milli 1. og 2. umr., eftir að þessari 1. umr. er lokið og málinu hefur verið vísað til 2. umr., eins og venja er. Undir þeirri meðferð mundi þá mótast afstaða nm., sem hafa, eins og gerð hefur verið grein fyrir, fram að þessu algerlega óbundnar hendur, og málið fengi svo þinglega afgreiðslu, hver svo sem niðurstaðan kynni að verða, eins og venja er um önnur þingmál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af menntmn. samkv. beiðni hæstv. ráðh., eins og sagt hefur verið. Það er af kurteisi við ráðh., að orðið hefur verið við þeirri beiðni, alveg eins og ég býst við, að hæstv. ráðh. flytji þetta fyrst og fremst af kurteisi við kirkjuþing, enda var auðheyrt á honum, að hann er ekki meira en svo með þessu frv. og mundi, ef hér ætti að gera breytingar á, vilja gera það á ýmsan annan máta. Það er rétt að athuga þessar till., sem koma enn einu sinni hér til okkar, frá ýmsu sjónarmiði.

Félög þau, sem Lúterstrúarmenn hafa hér á Íslandi, söfnuðirnir, hafa náttúrlega sama rétt og öll önnur félög. Það stendur í stjórnarskránni, 63. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins.“ Þegar menn stofna slíka söfnuði, hefur það venjulega þótt til heyra, að þeir réðu því um leið, hvern mann þeir veldu sem milligöngumann milli sín og guðs eða til þess að rækja þau störf, sem rækja á fyrir söfnuðinn. Og slíkan rétt hljóta Lúterstrúarmenn að hafa hér á Íslandi, alveg eins og aðrir söfnuðir. Ég skil ekki, að það geti verið neinn vafi á því, að Lúterstrúarmenn séu jafnréttháir öðrum söfnuðum á Íslandi, þó að svo sé í augnablikinu, að hin evangelíska lúterska kirkja sé þjóðkirkja á Íslandi. Það er ekki mjög fast í stjórnarskránni, það ákvæði, því ákvæði má breyta með l., og sé það samþykkt með allsherjaratkvgr., er það þar með búið, það þarf ekki einu sinni beina stjórnarskrárbreytingu til. Hins vegar þarf stjórnarskrárbreytingu til þess að breyta 63. gr. um, að landsmenn hafi þennan rétt til að mynda slík trúarfélög. Og þar í hefur alltaf falizt og ekki sízt innan kristinnar kirkju rétturinn til þess að ráða sínum starfsmönnum, og ég veit ekki betur en það hafi jafnvel oft og tíðum í kirkjunni verið allhörð barátta fyrir því, að söfnuðir fengju sjálfir að ráða sínum prestum. Ég held þess vegna, að það sé alveg ótvíræður réttur evangelísk-lúterskhugsandi manna, sem myndað hafa sína söfnuði á Íslandi, að ráða sínum starfsmönnum. Og ég álít alls ekki hægt að taka þennan rétt af þeim frekar en af öðrum félagsskap í landinu, þeir eigi að fá að stjórna sér þannig sjálfir.

Það er eitt atriði, sem menn mundu kannske fara að halda fram í þessu sambandi, og það er, að vegna þess að ríkið styður þessa kirkju sem stendur, veitir nokkurt fé til hennar, launar jafnvel presta hennar og slíkt og lætur hana sæta þeirri sérstöku aðstöðu, að hún sé ríkiskirkja og hennar kenningar þess vegna teknar fram yfir ýmsar aðrar kirkjudeildir í sambandi við t. d. háskólann og annað slíkt, þá ættu Lúterstrúarmenn að missa þennan rétt, sem aðrir söfnuðir hafa. Ég veit ekki til þess, að Lúterstrúarsöfnuðir hér á Íslandi hafi gert neinn slíkan samning við ríkið, að þeir hafi selt af höndum sér réttinn til þess að ráða sínum starfsmönnum. Ég held, að Lúterstrúarmenn hljóti að hafa þennan rétt eins og aðrir menn hafa. Íslendingar, sem mynda sér félög um ýmsa hluti, jafnt í trúarlegum efnum sem öðrum. Ég held, að það sé ekki hægt að taka þennan rétt af þeim í krafti þess, að ríkið veiti þeim sérstaklega fjárhagslega aðstoð, m. ö. o. að ríkið vilji segja: Ég kaupi bara þennan rétt af þér. Ég veiti þér fjárhagslega aðstoð, og svo missir þú þennan rétt. — Ég held, að það sé algerlega rangt. Það er meira að segja alveg sérstaklega tekið fram í 64. gr., að menn megi ekki missa af neinum borgaralegum réttindum vegna trúarbragða sinna, og ég held, að allt þetta kák, sem verið er með af hálfu vissra kirkjuhöfðingja hér á Íslandi nú í sambandi við þessi mál, stangist ekki aðeins við grundvallarreglur kristinnar kirkju, heldur líka við stjórnarskrána og almenn lýðréttindi í landinu.

Það, að ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni, stafar af því, að mér er illa við þessa árátttu embættismanna að vilja sölsa undir sig þau lýðréttindi, sem fólk hefur. Þetta er tilhneiging manna, sem eru komnir í embætti og jafnvel há embætti, að vilja svipta þá, sem þeir eiga að vera fulltrúar fyrir, þeim rétti, sem þeir hafa til þess að ráða. Það er eins og þessi tilhneiging fylgi oft og tíðum sérstaklega háum embættum. Og ég held, að það sé nauðsynlegt, að menn fái að vita, að það verður staðið á móti slíkum tilhneigingum. Það er nauðsynlegt og ekki sízt hér á Íslandi, með alla okkar erfð í þeim efnum, að standa þarna á verði gagnvart því, að ríkisvaldið fari að sölsa undir sig þann rétt, sem almenningur á að hafa.

Þau félög, sem Lúterstrúarmenn hafa myndað hér á Íslandi, þeir söfnuðir, sem þeir starfa í, eiga að hafa sinn rétt eins og annar félagsskapur landsmanna. Og það á engu að breyta þar í, hvort þeirra kirkja sem stendur er viðurkennd sem ríkiskirkja á Íslandi eða ekki.

Ef ég man rétt, ég er nú kannske eitthvað farinn að ryðga í kirkjusögunni, en ég held, að upphaflega hafi það verið alveg sjálfsagt mál í kristnum söfnuðum, að þeir kysu sína starfsmenn. Ég held, að það hafi einmitt verið, þegar var verið að reyna að innlima kirkjuna í ríkið, að voldugir keisarar tóku upp á því að reyna að fara að skipa alla starfsmennina. Það hefur áður verið gerð tilraun til þess, eins og hér hefur þegar verið getið um, að leggja niður þessar

prestskosningar eða svipta þessa lútersku söfnuði þessum rétti, og þær tilraunir hafa fram að þessu mistekizt, og ég vil vona, að þær mistakist enn.

Það hefur verið talað hér nokkuð um það, að þessar prestskosningar væru hvimleiðar, það hefur verið sagt hér, að það væri þolraun, og hæstv. dómsmrh. nefndi hér áðan, hvers konar leiðindi máske gætu hlotizt af slíkum kosningum. Ég veit ósköp vel, að það hefur margt komið fyrir, sem er leiðinlegt, í þessum kosningum, ýmiss konar ærumeiðing og ósannindi og ýmsir ljótir hlutir hafa verið hafðir um hönd. Kristnir söfnuðir verða að fá sama rétt og aðrir til að haga sínum málum eins og þeim þóknast. Ef það er eitthvað ókristilegt stundum, þá reyna þeir vafalaust að bæta úr því sjálfir, og ég sé ekki rétt til þess að svipta þá þess vegna þeim réttindum, sem þeir eiga að hafa. Það getur verið alveg rétt, að þessar kosningar séu ósköp leiðinlegar. En það eru söfnuðirnir sjálfir, sem verða að dæma um það. Þeir verða sjálfir að segja til um slíkt. Ég býst við, að ef einhver söfnuður kemur saman og samþykkir þar einróma, að hann óski eftir því, að honum sé skipaður prestur, þá sé það gert. Ef hins vegar hann bara gerir það með því að mæta ekki á kjörfundi, þá gerist það sama, ef það er ekki nægileg þátttaka í kosningum, ef menn hafa ekki meiri áhuga en það, þá er presturinn skipaður, þannig að það er á margan máta hægt að láta þetta í ljós. Ef færa á þau rök fyrir að svipta Lúterstrúarmenn þessum réttindum, sem þeir eiga að hafa, að kosningarnar hjá þeim séu illkynjaðar, þá eru það náttúrlega engin rök frekar en að segja, að kosningar séu yfirleitt ósköp leiðinlegar og það séu óttalegar ærumeiðingar og jafnvel ósannindi, sem menn segja í kosningum. Ég veit ekki betur en við þm. ættum að þekkja þetta bezt, þetta geti komið fyrir og sé jafnvel nokkuð algengt og jafnvel, að sumir þm. beri það hverjir á aðra, að þeir hafi ósannindi um hönd í kosningum, svo að ég tali nú ekki um ærumeiðingar og annað slíkt. En hverjum dettur í hug að fara að svipta okkur þess vegna þeim réttindum að mega kjósa? Ég held, að þeir hákristilegu söfnuðir í landinu verði þó að halda sínum réttindum rétt eins og þeir, sem utan við þá standa, þannig að þó að þeirra kosningar kynnu að verða eitthvað leiðinlegar og annað slíkt, þá er það eins og hvert annað böl, sem frelsinu fylgir. Það verður nú einu sinni að vera svo.

Hitt held ég aftur á móti, að sé alveg greinilegt í sambandi við rökin, sem færð eru fyrir þessu frv., að það eru fyrst og fremst embættismennirnir sjálfir, prestarnir, sem þarna eru að ýta á. Það er ekki frá söfnuðunum, sem þetta kemur. Prestarnir eru að kvarta yfir, að það sé erfitt fyrir þá að færa sig til. Hvað mættu þá sumir þm. segja, sem sitja í sömu kjördæmunum alla ævina. Það væri kannske eitthvað þægilegra að láta t. d. forseta Íslands útnefna þá og skiptast dálitið á um að vera í þessum kjördæmum. Nei, ég er hræddur um, að það sé orðin nokkur rík tilhneigingin í embættismennskunni hjá kirkjuhöfðingjunum í sambandi við þetta frv.

Ég held þess vegna, að það sé vafalaust alveg rétt hjá hæstv. dómsrh., að lýðræðið hafi verið misnotað í kirkjunni. En hvar er það ekki misnotað, lýðræðið? Ég er hræddur um, að það komi nokkuð víða fyrir. Ætli það hafi ekki einhvern tíma komið fyrir á Íslandi, að t. d. einhver flokkur hafi lofað einhverju fögru fyrir kosningar og ekki staðið við það eftir þær? Ég er hræddur um, að lýðræðið sé misnotað af mjög mörgum, þannig að við björgum þessu ekki með því.

Ég held þess vegna, að bókstaflega út frá þeim mannréttindum, sem helguð eru í stjórnarskránni, sé ekki rétt að samþ. þetta frv. Ég held, að það sé ekki hægt að svipta þá, sem tilheyra þeim evangelísku lútersku söfnuðum, frekar en aðra, þó að þeir sem stendur njóti þeirra sérréttinda að vera ríkiskirkja, þeim réttindum, sem þeir hafa til að kjósa sína starfsmenn. Þess vegna held ég, að það sé fráleitt að flytja slík frv. eins og flutt hafa verið undanfarið í þessum efnum og það eigi að reyna að koma embættismönnum kirkjunnar í eitt skipti fyrir öll í skilning um, að það þýði ekki. Við vitum þar að auki, að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta meðal meira að segja sjálfra embættismanna kirkjunnar, sjálfra prestanna, og það er venjulega með ⅔ atkv. eða einhverju slíku, sem svona samþykktir eru gerðar af hálfu kirkjunnar. En aftur á móti söfnuðirnir hafa yfirleitt ekki óskað eftir þessu.

Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. lagði til, að menntmn. athugi þetta mál. Ég geng út frá því, þó að hún formlega hafi orðið við þeirri beiðni, sem sjálfsagt er, að flytja það, þá hafi hún allan venjulegan hátt á, hún geti klofnað um þetta mál, gefið út mismunandi nál. og annað slíkt, þannig að þetta mál komi þá aftur til kasta þingsins, þegar hv. menntmn. sé búin að athuga það og móta sína skoðun um það.

Umr. frestað.

Á 23. *fundi í Nd., 3. des., var fram haldið* 1. umr. um frv.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði ekkert fremur ætlað mér að taka til máls við þessa 1. umr. um þetta frv. um veitingu prestakalla, sem hér er til umr. Ég á sæti í þeirri hv. n., sem flutt hefur málið að ósk hæstv. kirkjumrh., og eru mér því hæg heimatökin að koma á framfæri þar sjónarmiðum mínum og breytingum við frv., ef mér sýnist svo. Tveir hv. meðnm. mínir í hv. menntmn. tóku til máls, þegar frv. var hér á dagskrá á mánudaginn eða þriðjudaginn, og ræður þeirra gáfu mér lítils háttar tilefni til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs.

Þessir tveir hv. þm. voru á móti frv., og dettur mér að sjálfsögðu ekki í hug að ásaka þá fyrir það. Um þetta mál munu vera skiptar skoðanir, og það er síður en svo, að ég sé fyllilega ánægður með þetta frv., eins og það er. Ég er miklu nær á sama máli og hæstv. kirkjumrh., að prestsembættin eigi að veita eins eða með svipuðum hætti og embætti annarra opinberra starfsmanna. Ég held, að þær skyldur, sem frv. leggur á sóknarnefndirnar, geti orðið þeim ekki síður nokkur þolraun, svo að ég noti orð, sem kemur fyrir í

grg. frv., eins og þær hafa oft og tíðum verið þolraun fyrir prestana og söfnuðina. Ég held, að þau leiðindi, sem oft hafa verið í sambandi við prestskosningar, geti alveg eins yfirfærzt á kjör sóknarnefnda, og sá áróður, sem hefur verið hafður í frammi við kjör presta, getur alveg eins verið hafður um hönd þá, þegar á að fara að kjósa þessa kjörmenn, sem frv. gerir ráð fyrir að kjósa eigi prestana.

Þegar rætt er um þessi mál, er oft slegið á þá strengi, og það gerðu báðir þessir hv. þm., sem mæltu gegn frv. hér um daginn, að með afnámi prestskosninga sé verið að svipta söfnuðina rétti og það sé verið að traðka á lýðræðinu, jafnvel að brjóta stjórnarskrána. Hæstv. kirkjumrh. svaraði þessari gagnrýni í sinni ræðu, og er ég honum alveg sammála um það, sem hann sagði. Prestskosningar eru nokkuð annars eðlis en aðrar kosningar í landi okkar, og mér er nær að halda, að ef svo fellur, sem vel getur orðið, að þær verði á 45 ára fresti, þá geti nú farið svo, að ýmsir eigi þess aldrei kost að njóta þessa réttar síns, þeir sem voru ekki orðnir kjörgengir, þegar prestskosningin fór fram, og vel getur það verið, að þeir flytji svo síðar úr þessu prestakalli í annað, þar sem nýlega hefur verið kosinn prestur, og eins og ég segi, eigi þá aldrei kost á því að neyta þessa atkvæðisréttar síns.

Það mætti e. t. v. spyrja hv. þm., sem halda þessu fram, hvers vegna þeir beiti sér ekki fyrir því, að landslýðurinn fái þennan rétt, þegar um aðrar embættaveitingar er að ræða. Því er ekki fólkinu í landinu leyft að kjósa t. d. sýslumennina, þar eð einn aðalþátturinn í þeirra starfi er að vera framkvæmdastjórar sýslufélaganna? Væri ekki hægt að nota sýslunefndirnar sem kjörmenn og láta þær kjósa sýslumenn? Getur ekki fólkið í landinu alveg eins fengið rétt til þess að kjósa héraðslæknana eða þá rétt til þess að kjósa skólastjórana eða kennarana? Væri ekki alveg tilvalið, að konurnar í landinu fengju þann rétt að kjósa ljósmæðurnar? Og svo mætti áfram telja. Allir þessir aðilar fá veitingu fyrir embættum sínum, án þess að þeir þurfi að sækja um þau í gegnum kosningar og kosningabaráttu. Og það talar enginn um það, að með því sé verið að misbjóða lýðræðinu í landinu, enda er svo áreiðanlega ekki.

Þegar talað er um lýðræði í sambandi við kosningar, er aðalatriðið að mínum dómi það, að löggjafarþingið sé kosið, löggjafarþingið, sem setur síðan lög um störf embættismanna og um það, hvernig eigi að veita embætti, setur um það lög eins og raunar allt annað, sem við kemur þjóðfélaginu. Og ég get ekki fallizt á þá skoðun, að það sé andstætt lýðræðinu, þótt prestskosningar séu afnumdar. Það má segja, að kirkjan er sérstök stofnun í þjóðfélaginu, en hún er ríkiskirkja eða þjóðkirkja, og prestarnir eru ómótmælanlega embættismenn ríkisins, og það er ekkert óeðlilegt við það, þótt þeir fái embætti sín með sama hætti og aðrir embættismenn hins opinbera.

Hv. 3. þm. Reykv. var með stjórnarskrána í höndunum, þegar hann flutti ræðu sína hér um daginn, vitnaði í hana, og mér skildist á honum, að þetta frv. bryti í bága við stjórnarskrána. Ákvæði stjórnarskrár okkar um kirkjuna og trúarbragðafrelsið í landinu eru hin sömu að grundvelli til og þau voru í okkar fyrstu stjórnarskrá frá 5. jan. 1874, en það var ekki fyrr en árið 1886 eða 12 árum síðar, að prestskosningar voru lögleiddar hér á landi. Þá fyrst fengu söfnuðirnir í landinu rétt til þess að kjósa sér presta, og urðu þeir þó með þeim lögum að hlíta því að kjósa aðeins um þá, sem landshöfðingi að ráði biskups valdi úr hópi umsækjenda, þrjá, ef fleiri sóttu en þrír, en aðeins um tvo, ef aðeins þrír sóttu. Fyrr en þetta fengu menn ekki að kjósa prest í okkar landi, og ég held, að það hafi ekki verið til þess að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar, að prestskosningalögin voru sett. Ég hef að vísu ekki kynnt mér þær umr., sem þá fóru fram á þingi, þegar þessi lög voru hér til umr. og afgreiðslu, en ég held, að miklu fremur hafi hér verið um að ræða einn þátt í hinni almennu baráttu þjóðarinnar á þeim tíma fyrir því að fá í sínar hendur vald yfir sínum málefnum úr höndum erlends valds. Það er minn skilningur á þessu máli.

Hv. 3. þm. Vestf. og raunar hv. 3. þm. Reykv. einnig sögðu, að óskin um afnám prestskosninganna væri fyrst og fremst runnin frá okkur prestunum, en ekki frá söfnuðunum. Ég skal ekki mótmæla þessu. En hins vegar er ég sannfærður um af þeim umr. og viðræðum, sem ég hef átt við fólk í landinu um þetta efni, að það sé rétt, sem á er drepið í grg. frv., að sú skoðun á vaxandi fylgi að fagna meðal almennings, að afnema beri prestskosningarnar. Og ályktanir, sem borizt hafa frá héraðsfundum um málið, benda einmitt til þess, þar sem 10 af 13 umsögnum, sem bárust frá héraðsfundum, eru með, að prestskosningar verði afnumdar í því formi, sem þær eru nú. Og þegar þetta frv. var lagt fyrir þingið í hittiðfyrra, 1962, þá minnist ég þess ekki að hafa séð t. d. í blöðum nein andmæli gegn því frv. Ég minnist þess ekki heldur, að hér hafi borizt inn á lestrarsalinn á því þingi nein andmæli gegn frv. En þó er oft svo, að á slíkum andmælum stendur ekki, ef um er að ræða mál, sem almenningur lætur sig miklu varða, ekki sízt ef honum finnst, að það sé verið að svipta hann einhverjum rétti, sem hann telur sér vera dýrmætan. Nei, ég held, að það séu miklu fleiri en prestarnir, sem eru orðnir leiðir á prestskosningunum. Menn hafa lært af reynslunni. Menn hafa séð, að prestskosningar, þótt í færri tilfellum sé, sem betur fer, hafa klofið söfnuðina í flokka, hafa skapað úlfúð og tortryggni, öllum aðilum til ills.

Mér þykir skylt að taka það fram, að það er, held ég, sjaldnast, — ég held, að mér sé óhætt að segja: það er aldrei, að það séum við prestarnir, sem stofnum til þessara illinda og úlfúðar, sem orðið hafa í sambandi við prestskosningar, heldur hafa þar komið inn í önnur kosningaglöð öfl og látið til sín taka, og ég vil segja: oft með annað í huga en velferð kirkjunnar. Margir menn eru t. d. svo pólitískir, að þeir geta ekki hugsað sér að kjósa prest, nema hann sé í sama flokki og kjósandinn. En ég vil minna á það, og ég veit ekki til þess neitt dæmi, að stjórnmálaskoðanir prests og safnaðar hafi orðið til þess að spilla sambúð prestsins og safnaðar-

ins, og má segja það bæði prestum og söfnuðum til hróss.

Hv. 3. þm. Vestf. mótmælti því, sem stendur í grg., að prestskosningar geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu. Það var alveg rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að allir prestar og guðfræðikandidatar hafa sama rétt til þess að sækja um hvert það prestakall, sem losnar. Það er alveg rétt. En til þess að safnaðarfólkið geti myndað sér skoðun á því, hvern umsækjanda það eigi að kjósa, verður það óhjákvæmilega að fá nokkur kynni af umsækjendunum. En aðstaða umsækjendanna til þess að kynna sig í prestaköllunum er ákaflega misjöfn. Það dæmi þekki ég bezt frá því, þegar ég sótti um mitt prestakall. Ég var þá nýkominn frá prófborðinu, en á móti mér sóttu tveir valinkunnir menn úr prestastétt, annar úr fjarlægum landshluta. Báðir þessir menn eru sérstaklega samvizkusamir embættismenn, og þeir voru bundnir við embætti sín, og þeim hefur áreiðanlega fundizt, að þeir hefðu engan rétt til þess að dveljast langdvölum fjarri þeim til þess að vinna að kosningu sinni í þessu prestakalli, sem þeir sóttu um. Um mig gilti allt annað. Ég var, eins og ég sagði, nýkominn frá prófborðinu. Ég hafði ekki annað að gera en ganga á milli fólksins og kynna mig og kynnast því, og ég tel, að það sé alls ekkert ólíklegt, að ég hafi náð kosningu í þessu prestakalli vegna þessa aðstöðumunar míns og þessara presta, sem sóttu á móti mér. Og þó að ég hafi vissulega glaðzt yfir því að sigra og fá eitt hægasta og skemmtilegasta prestakall á landinu, þá fann ég þó á eftir til örlítils samvizkubits gagnvart þessum ágætu mönnum, sem sóttu á móti mér, að þeir hefðu ekki haft kost á því að njóta sín í þessum efnum eins vel og ég. Og e. t. v. er þetta skýringin á því, að svo oft vill fara í prestskosningum, að ungu mennirnir eða kandidatarnir ná fremur kosningu en prestarnir, mennirnir, sem hafa þó reynsluna og eru búnir að starfa og þekkja allt starfið miklu betur en ungu mennirnir. Það er því að mínum dómi áreiðanlega rétt skoðun, að með núverandi fyrirkomulagi er prestunum gert óeðlilega erfitt að skipta um embætti og fá þann embættisframa, sem þeir kunna að eiga rétt á. Og það er skoðun mín, að það sé hollt fyrir kirkjuna og okkur prestana, ef okkur verður gert greiðara einmitt um það að skipta um starfssvið.

Bæði af þessum sökum og mörgum fleirum, sem ég skal ekki vera að rekja hér, er ég fylgjandi því, að prestskosningar séu felldar niður, eins og ég sagði, helzt alveg, þannig að þessi embætti verði veitt eins og önnur embætti opinberra starfsmanna. Ef það þykir of stórt spor stigið með því, þá er ég tilbúinn að ræða það að veita þessu frv. stuðning, eins og það liggur fyrir, en hitt er mér vissulega miklu nær skapi, að sporið verði stigið til fulls og frv. verði breytt í það horf, sem frv. það var, sem núv. hæstv. menntmrh. og núv. hv. 2. þm. Vesturl. fluttu hér á Alþingi 1946, en þar var svo ráð fyrir gert, að forseti veitti þessi embætti að fenginni umsögn biskups.

Ég vil gjarnan minna á 6. gr. í þessu frv. Ég held, að það hafi ekki verið minnzt á hana hér um daginn. Það er um það, að söfnuðum eða kjörmönnum sé heimilt að kalla prest, sem svo er kallað. Ég gæti vel trúað, að í ýmsum tilfellum mundi þetta reynast vel. Framkvæmdin mundi að mínum dómi verða sú, að söfnuðirnir reyndu að koma sér saman um það að kalla einhvern ákveðinn mann og semja við hann að koma til sín, og ef það gengur, er málum þar með lokið, og að mínum dómi væri þetta það langbezta, ef þessu væri hægt að koma við. En það verður sennilega ekki hægt nema í einstaka tilfellum.

Ég man eftir því, að ég las einhvern tíma grein eftir einn kollega minn um prestskosningalögin. Hann hélt því fram, að þau hefðu verið samin eftir dönskum lögum, sem sett voru þar í landi á tímum upplausnar og sundrungar, en eins og við vitum, eru þau lög löngu úr gildi felld í Danmörku. Hæstv. kirkjumrh. minntist á það hér um daginn í sinni ræðu, að það þyrfti að breyta fleiru í sambandi við kirkjuna heldur en prestskosningalögunum. Ég er honum alveg sammála um, að það þurfi að taka prestakallaskipunina til rækilegrar endurskoðunar, og ég álít, að það þurfi að taka kirkjulöggjöfina alla til endurskoðunar. Margt í henni er orðið aldagamalt. Og þó að kenningargrundvöllur kirkjunnar sé sá sami í gær og í dag, er vitaskuld margt í hennar starfsháttum, sem verður að fylgja breyttum og nýjum tímum. Ég held t. d., að það sé kominn tími til þess að taka til endurskoðunar allt frídaga- og helgidagahald okkar þjóðar. Þeir eru að verða nokkuð margir að mínum dómi, frídagarnir í íslenzku þjóðlífi, ekki sízt þegar sumarleyfisdögum og orlofsdögum fjölgar stöðugt. Og ég held, að kirkjan og hennar starf þurfi ekki að bíða neinn hnekki við það, þó að helgidögum kirkjunnar verði eitthvað fækkað, ef þess er þá um leið gætt, að helgidagalöggjöfin að öðru leyti verði betur haldin en er í dag.

Ég ætla mér ekki að fara út í neinar deilur um þetta mál á þessu stigi. Ég veit, að það eru um þetta skiptar skoðanir, og það er eðlilegt. Ég tek mjög undir það, sem var sagt hér um daginn, bæði af þessum tveimur hv. þm. og eins af hæstv. kirkjumrh., að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi, hvernig svo sem sú afgreiðsla verður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv 2. þm. Norðurl. v. sagði hér nokkur orð til andsvara þeirri ræðu, sem ég hafði haldið við fyrri þátttinn í þessari umr. Hann lýsti þeirri skoðun sinni, að hann áliti, að það ætti að veita embætti presta eins og embætti annarra opinberra starfsmanna. Það er sá munur á, að prestar eru ekki bara opinberir starfsmenn og máske ekki fyrst og fremst opinberir starfsmenn. Prestarnir eru ekki fyrst og fremst fulltrúar ríkisvaldsins gagnvart almenningi, heldur eru þeir fulltrúar ákveðins félagsskapar og forsvarsmenn og starfsmenn ákveðins félagsskapar, sem ríkið sem stendur styrkir fjárhagslega nokkuð og veitir nokkur sérréttindi. Þetta vill stundum gleymast. Og mér fannst ræða hv. þm. bera vott um það, að honum hætti við að gleyma

þessum þætti, sem sé liti fyrst og fremst á prestana sem embættismenn. Það eru þeir alls ekki fyrst og fremst. Þeir eru fyrst og fremst frjálskjörnir starfsmenn ákveðinna félaga, ákveðins safnaðar, og ég held, að það væri meira að segja frá kirkjunnar sjónarmiði mjög óheppilegt að fara að líta svo á, að þeir væru fyrst og fremst embættismenn. Það getur verið gott að njóta þeirrar aðstöðu, sem þeir hafa núna, og skal ég þó ekkert segja, hvaða áhrif það hefur almennt fyrir guðs kristni í landinu. Ég skal ekkert um það dæma. En við skulum muna hitt, vegna þess að það er grundvöllurinn að þessu öllu saman. Hinu er hægt að kippa burt, hvenær sem er, að þeir séu opinberir starfsmenn.

Þá sagði hv. þm., að þessi þolraun, sem mikið hefur verið talað hér um, gæti alveg eins yfirfærzt á kosningu kjörmanna, ef haldið væri fast við þetta frv., og ég tel, að það sé að miklu leyti rétt hjá honum, þannig að þetta frv. mundi ekki útrýma þessum átökum úr söfnuðunum. Það mundi í hæsta lagi gera átökin um að kjósa þarna fáa menn í stjórn í staðinn fyrir að kjósa þarna beint um embættismann.

Þá kom hv. þm. inn á þau rök, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér, að þegar prestar sætu ævilangt svo að segja oft og tíðum í sínum störfum, þá fengju þeir, sem síðar kæmu inn í þessa söfnuði, heldur lítils að njóta af lýðréttindunum. Það er hægastur vandi að breyta þessu. Ef mönnum finnst, að þeir yngri, sem til koma og kunna að bætast inn í þessa söfnuði, séu sviptir einhverjum réttindum, er vel hægt að hafa það þannig, að ýmist megi t. d. söfnuðir segja presti upp, megi á ákveðnum tíma greiða atkv. um það, ef einn söfnuður vill losa sig við sinn prest, þá geti hann bara sagt honum upp, eins og hægt er með aðra starfsmenn, eða þá það séu fyrirskipaðar kosningar, t. d. á 10 ára fresti eða eitthvað slíkt. Ef t. d. prestunum sjálfum finnst þetta á skorta, að þeirra söfnuðir hafi ekki þann rétt að geta losnað við þá, þá skulum við bara gefa söfnuðunum þennan rétt, það er allt í lagi. Sem sé, ég væri miklu frekar með því, ef hv. þm. væri sammála mér þar um, að fullkomna lýðræðið í þessum efnum í þeim Lúterstrúarsöfnuðum, sem þarna eiga hlut að máli, heldur en að svipta þá lýðræðinu.

Hins vegar verð ég að segja það af minni reynslu af félagsskap almennt, að mér þykir ekkert óeðlilegt, að söfnuðir yfirleitt vilji halda fast við sína presta, þegar þeim líkar vel við þá. Okkar reynsla er sú í — við skulum segja félagsskap eins og t. d. félagsskap verkamanna. Ég held, að það sé líka mikið í félagsskap íþróttamanna og slíku, þegar menn finna góða starfsmenn, þó að menn geti kosið á hverju ári, þá kjósa menn þá ár eftir ár, áratug eftir áratug, þótt menn geti kosið á hverju ári, þannig að jafnvel þótt slíkt væri innleitt, að t. d. söfnuður gæti sagt upp sínum presti og lýðræðið fengi svo algera fullkomnun hvað allt slíkt snertir, þá efast ég um, að það yrði farið að skipta svo mikið um í þessum efnum. Þegar menn hafa verið sérstaklega óheppnir, þá mundi það vafalaust gerast, en ég held, að það sé ekki mjög algengt. Ég held, að hitt sé miklu algengara, að mönnum líki vel við þá, sem þeir hafa, og sakni þeirra, þegar þeir fara. En ég held, að það hafi skort of lítið á í þessari ræðu hv. þm., að hann hefði þá afstöðu til safnaðar, sem við á fyrir starfsmenn safnaðarins. Ég held, að hann hafi hugsað fullmikið sem embættismaður. Ég held nefnilega, að hver sá, sem er starfsmaður hjá t. d. evangelísk-lúterskum söfnuði í þessum efnum, hljóti fyrst og fremst að líta á sitt starf sem eins konar köllun, þar sem honum beri að ná sem beztu persónulegu sambandi við sín sóknarbörn. Og það er ekki spursmál um það, að einmitt slík persónuleg sambönd eru sóknarbörnunum dýrmæt. Það lendir einmitt í hlutskipti prestanna, eins og nú háttar, að hafa oft afskipti af einkalífi manna og fjölskyldna á ýmsum viðkvæmustu augnablikum í lífi manna, og það er þess vegna ekkert óeðlilegt, að það skapist eins konar tryggðabönd á milli safnaðanna og prestanna. Og þessi persónulegi kunnugleiki prestanna af sínum söfnuðum er söfnuðunum mjög dýrmætur. Það er alveg tvennt ólíkt, við skulum bara segja, þegar einhver ástvinur manna er að yfirgefa þetta líf, hvort sá prestur, sem fær það hlutverk að kveðja hann, er maður, sem þekkir þarna nákvæmlega til, eða hvort það er kannske einhver nýkominn maður, sem hefur setzt þarna niður í augnablikinu eins og kría á stein til þess að hoppa upp í eitthvert annað embætti. Ég held þess vegna, að sá hugsunarháttur, sem mér fannst koma fram ofur lítið — það hefur kannske verið bara tilviljun — hjá hv. þm., að það væri verið að hindra frama presta með því að binda þá svona stundum jafnvel ævilangt við söfnuðina þeirra, — ég held, að þetta tilheyri einmitt svo að segja og verði eðlileg afleiðing af starfi prestanna, einmitt af því, hve mikil afskipti þeir hafa af tilfinningalífi fólks, þá vilji fólk hafa þá áfram og þess vegna ílengist þeir svona á þessum stöðum, og jafnvel þótt fólk hefði rétt til að segja þeim upp, býst ég við, að það yrði í mjög fáum tilfellum, sem slíkt yrði gert. En ég er hræddur um, að prestarnir þurfi að líta á sitt starf sem kristilega þjónustu við söfnuðina, en ekki sem þátt í einhverri framavon embættismanns. Það eru þessar tvær mismunandi tilhneigingar, sem ég býst við að kunni að gera vart við sig, og það er aðeins önnur þeirra, sem veldur því, að frv. eins og þetta koma fram, sem sé framavonin. En frá sjónarmiði hins vegar þeirrar kristilegu þjónustu við sína starfsmenn, við sitt fólk, við sína söfnuði, held ég, að köllunarhlutverkið njóti sín betur með því fyrirkomulagi, sem nú er, þótt það jafnvel þýði það, að prestarnir ílengist oft mjög lengi.

Þá spurði hv. þm.: Hví ekki að kjósa sýslumenn og aðra slíka? Ekki væri ég á móti því. Þetta er meira að segja víða gert. Í Bandaríkjunum eru t. d. almennar kosningar á mjög miklu af svona starfsmönnum. (**Gripið fram í**: Hvernig er það í Rússlandi?) Í Rússlandi býst ég við, að þeir kjósi þó nokkuð af þeim, en mikið af þeim er útnefnt. Það er ákaflega sterkt ríkisvald þar og mjög mikið skipað ofan frá, svipað og er hjá okkur og svipað og þeir prestar, sem

standa að þessu frv., virðast óska eftir. En hins vegar er ég mjög á því, að því meira sem maður getur afnumið slík afskipti ríkisvaldsins og því meira sem maður innleiðir það, að fólkið kjósi sjálft, þá sé það það bezta, hvort heldur er í Rússlandi eða hér hjá okkur á Íslandi. Við vitum að vísu, að þessi bannsetta pólitík, sem sumir eru að kvarta um, kann að komast inn í þetta. Það verður nú einu sinni að hafa það. Meðan andstæður eru til í þjóðfélaginu, verðum við að hafa það með. Og ég skal gjarnan fylgja því, að við færum t. d. að kjósa sýslumenn. Það væri ekkert að því. En þó skal ég viðurkenna, að það er alveg tvennt ólíkt að hugsa um sýslumenn annars vegar og presta hins vegar. Sýslumennirnir eru einmitt fulltrúar ríkisvaldsins, svo að segja fulltrúar þess kúgunarvalds, sem ríkið raunverulega er, sem eiga að sjá um og kúga út skattana af almenningi og halda uppi lögum og reglu og stjórna lögreglu og allt mögulegt slíkt. En prestarnir, þetta eru mennirnir, sem eiga að prédika guðsríki á jörð og bróðurkærleik og ég veit ekki hvað og hvað, svo að það er varla hægt að hugsa sér öllu meiri andstæður, enda býst ég við, að ríkisstj. og ríkisvaldi mundi þykja vera farið að seilast allmikið inn á þeirra sérstaka umráðasvæði, ef maður færi að kjósa sýslumennina og annað slíkt. En sem sé, ég er alltaf til í það að draga úr ríkisvaldinu jafnt í okkar landi sem annars staðar, og reyna að gera áhrif almennings því sterkari. Á sumum sviðum höfum við svona kosningar, t. d. með þá menn, sem eru fulltrúar bæjarfélaganna. Bæjarstjórarnir eru kosnir, og stundum er meira að segja svo, að þeir eru kosnir með almennum kosningum eða hægt að gera það, var um tíma í lögum. Ég held þess vegna og um það mundi ég vera sammála hv. þm., að við ættum miklu frekar að stíga það spor að fara að láta almenning kjósa fleiri embættismenn. Það gæti líka hrist upp í embættismönnunum oft og tíðum. Þeim hættir stundum við að gróa nokkuð fast og verða nokkuð íhaldssamir, og það gildir ekki um þá, að það komi til þessi nánu og góðu persónulegu kynni, sem prestar hafa oft af sínum söfnuði. Það hefði oft mátt skipta um embættismenn, eins og t. d. vegamálastjóra, eða aðra slíka. Það hefði kannske verið gott að hrista upp í slíkum embættum, án þess að menn sætu þar heilar kynslóðir. Og þess vegna skulum við athuga það alvarlega, og ég vildi gjarnan skjóta því til fjvn., þeirra manna, sem í henni eru, að þeir athuguðu þetta. Ég held, að þessi ábending hv. þm. sé mjög rétt.

Þá kom hv. þm. inn á það út frá því, sem ég hafði vitnað í stjórnarskrána, að það væri nú ekki alveg öldungis víst, að þeir, sem stjórnarskrána settu 1874 eða þau atriði, sem enn eru óbreytt í henni, hafi hugsað eins lýðræðislega og við í dag. Það er alveg hárrétt hjá honum. Þegar þeir settu þessi ýmsu atriði, vantaði ósköp mikið upp á þeirra lýðræðislegu hugsun. Og um leið og við vorum að berjast yfirleitt fyrir því, bæði að fá stjórnarskrá og annað slíkt, vorum við að berjast fyrir því ekki aðeins að fá okkar þjóðfrelsi, heldur líka að fá meira lýðræði í landinu. Hreppstjórarnir voru líka einu sinni útnefndir allir saman, og það þótti mikill kostur, þegar farið var að mega kjósa hreppstjórana, ef ég man rétt, og hreppstjóraeinveldið og oddvitaeinveldið og allt saman það var afnumið hérna á Íslandi, sem var um svipað leyti, held ég, og stjórnarskráin hafði verið sett. Og við vitum ósköp vel, að þó að það væri talað almennt um kosningarrétt í þeirri stjórnarskrá, eins og hún var þá, þá vantaði mikið á, að hann væri nokkuð í áttina við það, sem við hugsum okkur með kosningarrétti í dag. Við munum, hvernig hann var takmarkaður. Hann var takmarkaður m. a. þannig við jarðeignir, að ég man ekki betur en Vestmanneyingar hafi einu sinni alls ekki getað kosið neinn mann á þing, af því að enginn maður átti þar jörð, því að ríkið átti jörðina, og að sumir beztu menn Íslendinga á þessari öld hafi ekki getað setið á þingi, vegna þess að þeir áttu ekki heila jörð, og að Jón Sigurðsson hafi setið bara vegna þess, að faðir hans hjálpaði honum til þess að eiga að nafninu til jörð. Það hefur orðið allan tímann að heyja þá lýðræðisbaráttu að fá það, sem stóð í stjórnarskránni, útfært í lögum og þ. á m. prestskosningarnar, þannig að þó að prestskosningalögin hafi ekki verið sett fyrr en 12 árum á eftir, þá var ekkert spursmál um, að það var verið að reyna að knýja fram bæði í anda þjóðfrelsis og lýðræðis, sem þá fór yfirleitt saman, það, að þær vonir rættust, sem menn höfðu gert sér með þessari stjórnarskrá. En eitt er víst, söfnuðirnir í landinu líta á prestskosningarnar sem lýðræðisréttindi, og ég held, að ef ætti að fara að afnema þennan rétt, þá eigi fyrst að grennslast eftir vilja safnaðanna, það sé þá rétt að láta fram fara allsherjaratkvgr. um þetta hjá söfnuðunum í landinu, og ég er alveg samþykkur því. Við skulum bara t. d. í menntmn. senda þetta frv. til allra safnaða í landinu og biðja hvern einstakan söfnuð um að dæma um þetta frv. og kveða upp sinn dóm með allsherjaratkvgr. í hverjum söfnuði. Og þeir söfnuðir, sem afsala sér þessu valdi, geta þá fengið sína presta útnefnda, a. m. k. skulum við segja fyrstu áratugina, þangað til nýir menn kæmu til í söfnuðina, sem hv. þm. var að bera svo miklar áhyggjur fyrir, en þeir, sem vilja halda sínum kosningarrétti, halda honum. Við verðum að meðhöndla þessi félög þeirra evangelísk-lútersktrúuðu í landinu sem hver önnur félög og láta þau hafa sinn rétt í þessum efnum. Hitt býst ég við að sé hárrétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., að þetta er fyrst og fremst áhugamál prestanna. Við eigum alveg eftir að sjá, hvað er áhugamál safnaðanna, og það er það, sem verður að gera út um þetta.

Þá minntist hv. þm. á, að þetta skapaði stundum illindi og úlfúð í söfnuðunum og þess vegna ætti að afnema þetta, það væru ýmsir menn, sem væru að sletta sér fram í þetta og jafnvel pólitískir flokkar, sem væru að hugsa um allt annað en velferð kirkjunnar. Ég veit nú ekki, hvaða flokkar það eru, sem eru að sletta sér fram í þetta og hugsa um allt annað en velferð kirkjunnar, því að mér hefur virzt, að þeir flokkar, sem aðallega hafa haft afskipti af prestskosningunum hér á Íslandi, séu allir saman uppfullir af áhuga fyrir velferð kirkjunnar. Ég

sé ekki betur en bæði í Morgunblaðinu og ég held Tímanum líka séu birt á hverjum sunnudegi einhverjir textar eftir prestana og hugleiðingar, þannig að þeir flokkar, sem aðallega virðast skipta sér af prestskosningum, virðast vera uppfullir af áhuga fyrir velferð kirkjunnar, því að ekki eru bölvaðir bolsarnir að flækjast fyrir þarna. En hins vegar þykir mér mjög leitt að heyra þetta með þessi illindi og þessa úlfúð. Ég held, að það ætti að reyna að bæta úr þessu. Og ég held, að það væri ráð að reyna að prédika dálítið meira af bræðrakærleik í þessum evangelísku lútersku söfnuðum, þannig að menn færu að temja sér það að elska náungann eins og sjálfan sig og breyta yfirleitt kristilega og vera ekki með illindi og úlfúð hverjir við aðra. Það getur nefnilega vel verið, að í prédikunum prestanna sé oft og tíðum ekki tekið eins mikið tillit til þeirrar breytni, sem menn eiga að hafa hver við annan, þeirrar kristnu breytni, og lögð kannske fullmikil áherzla á þá kristnu trú. Og ég held, að prestarnir, ef þeir eru með áhyggjur út af illindum og úlfúð í söfnuðum sínum, ættu þeir bara að leggja því meiri áherzlu á að boða kristindóminn sem siðfræði, boða þá kristni í breytni, bróðurkærleikann og allt slíkt, en vera ekki að fjalla alveg eins mikið um trúna og mörgum þeirra hættir við að gera.

Svo kom hv. þm. að lokum inn á það, að það væri ýmislegt fleira en þetta, sem þyrfti að endurskoða, það væru frídagarnir í íslenzku þjóðkirkjunni og um leið íslenzka þjóðfélaginu, það þyrfti að fara að fækka þeim. Það er rétt, að að nafninu til eru frídagar allmargir. Við erum nokkuð íhaldssamir í þessum efnum, Íslendingar. Við héldum mjög miklu af þeim frídögum, sem kaþólskan hafði í gamla daga. Það er af alveg greinilegri orsök. Við vitum ósköp vel, hvernig frídagarnir voru afnumdir, sem kaþólskan hafði áður fyrr. Það var vegna þess, að sú borgarastétt, sem mótaði yfirleitt Lúterstrúna, og ekki sízt kalvinskuna, hún vildi gjarnan, að menn ynnu meira en áður, og því, sem kaþólskan hafði gert gott í þessum efnum, að hlífa mönnum við þrældómi, því vildi það rísandi auðvald, sem mótaði Lúterstrúna og fleiri siðabótakenningar, breyta þannig, að frídögunum væri fækkað og fólkið væri látið vinna meira. Púritanisminn brezki var mjög harðvítugur í þessum efnum, og eitt af því, sem hann hafði knúið í gegn, var, að frídögum var svo fækkað sem þjóðfélagið þar ber vott um. Hins vegar hafa þessir gömlu kaþólsku frídagar að miklu leyti, margir þeirra a. m. k., haldizt enn sem komið er hjá okkur. Meira að segja hafa komið þarna þeir kommúnistísku frídagar í viðbót, 1. maí og annað slíkt, þannig að hér er orðið heilmikið af frídögum. Og kristindómurinn og kommúnisminn hafa lagt þarna saman að skapa allmarga frídaga.

En þetta er ekki höfuðókosturinn á íslenzku þjóðlífi í dag, að frídagarnir séu svona margir. Það, sem er nú höfuðókosturinn, er hitt, að það er unnið á þeim flestöllum og unnið svo, að ég er hræddur um, að menn bíði tjón á heilsu sinni af því. Ég veit ekki, hvað mikið prestar gera að því nú á tímum að segja mönnum að halda hvíldardaginn heilagan, og vafalaust er ekki eins hart fram í því gengið og fyrr á tímum, enda held ég, að sunnudagarnir séu þeir dagar, sem mjög mikið er unnið á yfirleitt í þjóðfélaginu. Ég held, að það sé nú orðið svo, að þessi eini kommúnistíski frídagur, 1. maí, sé eiginlega einn öruggasti frídagurinn, sem ekki sé unnið á á Íslandi. Ég held þess vegna, að að mörgu leyti væri það þarft verk af prestunum að prédika það nú yfir mönnum að halda hvíldardaginn heilagan, reyna að hvíla sig. (Gripið fram í.) Þeir, nei, ég held, að það mætti bæta fleiri algerum frídögum við en 1. maí. Mér finnst það hart, að það skuli bara vera einn virkilegur frídagur á ári, sem menn hafa. Ég held, að það mætti gjarnan innleiða það, að sunnudagarnir færu að verða hvíldardagar hjá mönnum. Það er hart, að það skuli hafa tapazt á þessum framfaratímum, að það, sem var þó frídagur lengi vel fyrir fátækan almenning á Íslandi, skuli vera einn öruggasti púldagurinn nú á tímum, m. a. vegna hás kaups á þeim degi. En hins vegar gæti ég trúað, að prestarnir hefðu af öðrum ástæðum, — ég hef nú fyrst og fremst hugsað um þá líkamlegu velferð manna í þessu sambandi, ég er nú svo praktiskur, — en ég gæti trúað, að prestarnir vildu líka kannske hugsa um sálarheill manna, þannig að þeir þá læsu eitthvað á þeim dögum eða jafnvel hlustuðu á eitthvert gott orð eða annað slíkt, en þeir um það sem sé. Ég er ekkert að prédika fyrir mönnum endilega að fara að hlýða á messur á þeim degi. En hitt aftur á móti held ég, að áður en við færum að fækka þessum frídögum, sem eru að nafninu til, ættum við að gera ráðstafanir til þess að reyna að tryggja það, að menn hefðu einhverja frídaga, fleiri en 1. maí. Ég held, að það séu mörg dæmi um, að menn vinni um 360 daga á ári. En þá eru sem sé aðeins stórhátíðir kristninnar og 1. maí þeir öruggu hvíldardagar og þó ekki fyrir alla. Þess vegna held ég, að við ættum nú að láta þetta bíða í augnablikinu. Hv. þm. minntist á, að þegar orlof og annað slíkt væri nú til komið, virtist þetta vera orðinn óþarfi. En ég vil nú segja um leið, að því miður er það svo, að meira að segja orlofið er því miður ekki notað til þess að hvíla sig. Fjöldinn allur af mönnum vinnur í sínu orlofi, og þeim veitir jafnvel ekki af því. Ég er honum sammála um, að það væri rétt að afgreiða þetta mál, en afgreiða það á þann hátt að fella það og losa okkur við að vera að fá þessar sendingar og uppvakningar frá kirkjuþingi hverja á fætur annarri hérna í þingsalinn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ræða hv. 3. þm. Reykv. gefur mér raunar ekki tilefni til neinna andsvara. Hún var svo falleg, ræða hans, að það hvarflaði að mér, að kirkja okkar hefði farið mikils á mis, að hann skyldi ekki vera einn af klerkum hennar, en ég veit ekki, hvernig frú Jekaterinu Furtsevu hefði líkað þessi ræða, hefði hún verið stödd hérna innan veggja þessa háa salar. Það er annað mál. Og það kemur mér satt að segja dálítið undarlega fyrir sjónir, að sá maður, sem hefur verið talinn einn harðsvíraðasti kommúnisti á Íslandi, skuli afneita öllu ríkisvaldi. En batnandi manni er bezt að lifa.

En ég stóð upp aðeins til þess að mótmæla því harðlega, sem þessi hv. þm. gaf í skyn, að við prestarnir slægjum slöku við að flytja fólkinu kærleiksboðskap kristindómsins. Þetta er ekki rétt. Ég heyri stundum talað um það, að við prestarnir tölum fullmikið um kærleikann. Ég mótmæli þessu algerlega fyrir hönd okkar prestanna, að við flytjum ekki kærleiksboðskap kristindómsins, það gerum við áreiðanlega allir.

Svo minntist hann að lokum á helgidagahaldið. Já, ég kom að því, að mér sýndist, að það gæti vel komið til mála að fækka helgidögum þjóðkirkjunnar. En ég tók þá fram um leið, eins og þessi hv. þm. hefur hlotið að heyra, að ég gerði kröfur til þess, að helgidagalöggjöfin yrði að öðru leyti betur haldin en er í dag, t. d. með því, að það væri ekki verið að boða til alls konar skemmtanahalds á sama tíma sem kirkjan heldur sínar guðsþjónustur, sem er hreint lögbrot, en því miður á sér stað víða um land.

Ég held, að það sé svo ekkert annað, sem ég þarf að taka fram. Ég sem sagt fagna þessari ræðu hv. þm., því að það var verulega falleg ræða.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir, hvað honum leizt vel á mína ræðu. Ég ætla aðeins að upplýsa hann um tvo til þrjá hluti í sambandi við það, sem hann veður í villu og svíma.

Hvað snertir ríkisvaldið er það stefna kommúnismans að afnema ríkisvald, og ef hv. þm. vill kynna sér þessa hluti dálítið nánar, þá skal ég gefa honum tækifæri til þess, láta hann fá bækur, sem hann getur lesið um þetta, þannig að hann standi ekki í þeirri meiningu, að þetta sé eitthvað nýtilkomið, og sérstaklega hvað mig snertir persónulega hefur þetta alla mína ævi verið mín skoðun.

Svo kom hann inn á kristnina og ýmislegt, sem hún á skylt við sósíalisma og kommúnisma. Ég býst við, að hv. þm. muni það enn þá úr sinni kirkjusögu, að þeir frumkristnu söfnuðir innleiddu hjá sér kommúnisma, það var alger sameign hjá þeim, og að Jesús frá Nazaret sjálfur boðar slíkt og er drepinn sem uppreisnarmaður. Og hvað sem prestar kunna að hafa gert úr honum á síðari tímum, verðum við að muna það, að í einmitt vissum kenningum, ekki hvað sízt bróðurkærleikskenningum kristindómsins og kenningu sósíalismans, eru atriði, sem alltaf hafa verið náskyld. Hvað svo sem einstakir aðilar kunna að meina um það, þá er þarna um að ræða atriði, sem eru skyld, bara vegna þess að hvort tveggja er upphaflega skapað af fátækum almenningi, sem er að berjast fyrir betra lífi hér á jörðinni og ekki bara hinum megin.

Svo kom hv. þm. seinast inn á spurninguna um skemmtanahald. Ég er honum algerlega ósammála þar. Menn eiga sannarlega að mega skemmta sér á hvíldardögunum og eins þó að einhverjir söfnuðir séu að halda sínar messur á þeim tíma. Það er engin ástæða til að banna mönnum slíkt. Vilji menn fara í leikhús eða eitthvað annað á slíkum tíma, þá er fjarstæða að banna það. Aðrir menn eiga líka að fá að hafa sinn rétt, rétt eins og kristnir menn hafa sinn rétt til að hafa sínar kirkjur og stunda sínar messur. Aðrir menn í þjóðfélaginu eiga líka að fá að hafa sinn rétt. Ef aðrir menn hafa áhuga á því að sjá fögur leikrit eða skoða falleg málverkasöfn eða annað slíkt, þá þyrfti slíkt að vera opið líka á þeim tíma, sem messur standa yfir. Ég álít meira að segja, að á sjálfum aðaldögum kristninnar ætti slíkt að vera mögulegt hér og ekkert að vera að gera þá að sérstaklega leiðinlegum dögum þannig. Við skulum ekki fara í sömu fótspor og Englendingar með slíkt.

Ég vildi aðeins skjóta þessu rétt inn. Ég býst við, að það sé nú útrætt um þessi mál okkar í milli í svipinn. Ef frv. kemur aftur, ræðumst við kannske við.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að tala langt mál að þessu sinni, þar sem ræða hv. 2. þm. Norðurl. v. gaf ekki sérstakt tilefni til þess. Það var ekkert í henni annað en það, sem stóð í greinargerð frv. efnislega. Hann færir þar sem rök fyrir því, að afnema ætti prestskosningar, að þær séu út af fyrir sig ekkert sérstakt lýðræði, því að menn, sem kæmust á kosningaaldur, eftir að prestur hefði verið kosinn, og svo er presturinn í embættinu áratugum saman, þeir fengju aldrei tækifæri til að segja skoðun sína, hvaða prest þeir vildu hafa. Þetta er út af fyrir sig rétt. Hvað skeður, ef biskup og ráðh. skipa hann? Er nokkur trygging fyrir því, að sá prestur yrði skammlífari í embættinu en hinn, sem söfnuðurinn kýs? Ég skil það ekki.

Hv. þm. segir, að héraðsfundirnir sýni, að það muni vera á einhverjum rökum reist, að vaxandi óánægja sé hjá almenningi með prestskosningar. Héraðsfundir, hvað sýna þeir? Fyrst og fremst eru héraðsfundir fundir presta og ef einhverjir safnaðarfulltrúar hafa sótt þessa fundi, sem í hæsta lagi getur verið einn maður úr hverjum söfnuði. Hvað sýnir þetta um skoðanir almennings á prestskosningum? Og svo þegar farið er að telja saman, hvað kemur út úr þessum héraðsfundum, þá eru svörin sitt í hverja áttina, bókstaflega sitt í hverja áttina. Ég held ég muni það rétt, að það séu svör frá 4 aðilum með því að afnema kosningar algerlega, eins og hv. þm. er að mæla með, svo eru svör frá 2, sem vilja vísa málinu til safnaðanna í landinu, þvert á móti skoðunum hv. þm. Síðan koma enn þá 2 prófastdæmi, Kjalarnesprófastsdæmi og Reykjavík, þar sem fjölmennastur var héraðsfundurinn, sem mótmæla algerlega frv. eða því að afnema prestskosningar. Ja, hvað sýna héraðsfundirnir?

Hv. þm. nefnir það, að hann hafi ekki séð þessu frv. andmælt í blöðunum eða andmæli hafi verið lögð hér fram á lestrarsal gegn þessu frv. Það getur vel verið, að það hafi ekki verið gert, ég hef ekki rannsakað það mál. En hafa meðmæli komið? Eru þau einhvers staðar í blöðum, meðmæli með því, að prestskosningar skuli afnumdar, einhver skjöl á lestrarsal, sem mæli með því, að þær skuli afnumdar? Ég veit ekki til þess. Ætli þetta jafnist ekki hvort á móti öðru?

Hann drap á úlfúð, sem prestskosningar gætu stundum myndað í söfnuðum. Ég þekki það

ekki. Það hefur engin úlfúð myndazt nokkurn tíma í söfnuðum, þar sem ég hef verið og prestskosningar hafa farið fram. En hafi þetta átt sér stað, þá er það út af fyrir sig slæmt. En ég held, að það þurfi minna en prestskosningar til þess að mynda einhvern ágreining á milli manna, — ágreining, sem oftast nær gufar fljótt upp aftur, og þess vegna eigi ekki að afnema kosningarnar. Ég held, að það þættu harla lítil rök fyrir því. En hvað ef biskup og ráðherra eiga að skipa alla presta í landinu? Getur engin úlfúð skapazt út af því? Ætli engin óánægja gæti risið út af því, ef prestur yrði skipaður í eitthvert prestakall, þar sem söfnuðurinn hefur kannske viljað og látið í ljós skoðun sína um að fá annan ákveðinn prest og fær hann ekki? Eða er það sérstaklega í þágu kirkjunnar að fara þannig að?

Hv. þm. kom að kjarna frv. Hann lét í ljós þá skoðun sína, að yngri prestar, yngri menn, næðu kosningu, þegar þessar kosningar eru hafðar um hönd. Er það ekki voðalegt! Það getur vel verið, að þetta sé rétt hjá honum. Ég efast um, að það sé svona alltaf, það getur oft orðið svona. Og ég minnist þess, að í kosningum hér í Reykjavík nú fyrir skömmu, þegar kosnir voru 6 prestar, þá voru sumir þeirra ungir menn, glæsilegir menn, frjálslyndir menn, sem náðu kosningu. Er þetta eitthvað að harma? Eigum við að afnema kosningarrétt manna til þess að svona menn komist ekki í embætti?

Hv. þm. segir, að menn eigi erfitt með að dæma milli umsækjenda. Ég held, að þeir eigi ekki svo erfitt með það, því að sá síður er fyrir þó nokkru upp tekinn meðal presta og prestsefna að halda guðsþjónustur í kirkjum safnaðanna, öllum kirkjum safnaðanna, áður en kosningar fara fram, einmitt til að kynna söfnuðum kenningar sínar og boðskap. Nei, það er sannarlega ekkert erfiðara í þessum efnum en ýmsum öðrum að kynna fyrir kjósendum umsækjendur. Þeir færu líklega ekki að hafa fyrir því á eftir, þegar búið væri að afnema kosningarréttinn.

Hv. þm. vék að 6. gr. þessa frv., telur það merkilegt nýmæli og æskilegt, að tekinn sé upp sá siður að kalla prest, sem svo er nefnt í þessu frv. Og hann sagði, að það væri mjög æskilegt, ef söfnuðir kæmu sér saman um að kalla prest. Söfnuðir kæmu sér saman, það er aldeilis ekki meiningin í þessu frv. Ég er sammála hv. þm. um þetta, ef söfnuður kemur sér saman um að kalla prest, þá væri það mjög æskilegt. Það er bara ekki meiningin, að söfnuðurinn eigi að gera það, heldur örfáir kjörmenn, 6, 8 eða 10, það eru þeir, sem eiga að kalla án þess að spyrja söfnuðinn að því. Þar held ég, að pólitíkin gæti komizt að. Það er svo fyrirhafnarlítið að koma henni þar að. Nei, það er einmitt sá gallinn á 6. gr. frv., að það á að sniðganga söfnuðinn, það á ekki að láta hann ráða.

Hv. þm. nefndi það, að sú hefði verið tíðin, að prestar hefðu ekki verið kosnir, en kosningarrétturinn tekinn upp 1886, minnir mig að hann segði. En hvaða breytingar hafa orðið á íslenzkri kirkju einmitt á þessu tímabili, þessum 7—8 áratugum? Ég held, að íslenzk kirkja hafi svo að segja gerbreytzt. Við höfum nægar heimildir fyrir því, hvernig hún var áður, og við vitum, hvernig hún er nú. Íslenzk kirkja er frjálslynd, hún er víðsýn, en hún hefur orðið það á síðari tímum. Hún hefur vaxið í þessum efnum, hún hefur vaxið í samræmi við vilja safnaðanna og þjóðarinnar, ekki fyrir boð ofan frá. Söfnuðirnir eiga að mínum dómi mikinn þátt í því, hvað íslenzk kirkja er frjálslynd. Það er ekki langt að leita eftir því, að þröngsýni og ofstæki brá fyrir hjá kirkjulegum yfirvöldum Íslendinga. Það gerðist meira að segja í mína tíð og líka í tíð hv. þm. Við þekktum sjálfsagt báðir kennimanninn sr. Harald Níelsson, sem að mínum dómi var langsamlega mesti kennimaður íslenzku þjóðarinnar allt frá því er Jón Vídalín leið. Hvernig var honum tekið af kirkjulegum yfirvöldum Íslands? Hann var einu sinni beðinn að tala yfir líki í dómkirkjunni hérna, en dómkirkjupresturinn lagði bann við. Ég skal taka fram, að það var ekki séra Bjarni Jónsson. Honum var það óleyfilegt, það var vanhelgun á kirkjunni. Það var einmitt sr. Bjarni Jónsson, eftir því sem mér er tjáð, sem bjargaði frá þessu hneyksli. Í annað sinn átti hann að halda erindi á synodus í dómkirkjunni líka, en þáverandi biskup Íslands neitaði honum um það, og hann fékk það ekki. Við höfum ekki alltaf getað fagnað yfir frjálslyndi og víðsýni kirkjulegra yfirvalda, þó að við höfum átt marga góða og ágæta embættismenn þar.

Og ég skal segja þessum hv. þm., af hverju ég er á móti þessu frv. Það er af því, að ég geri mun á prestum, ég geri mun á boðberum, trúarskoðun þeirra, persónuleika þeirra, einkalífi þeirra. Íslenzka kirkjan hefur átt marga ágætis kennimenn, menn, sem hafa verið svo að segja brennandi vitar í þjóðfélaginu. En hún hefur átt afturhaldsseggi, sem hafa lifað í forneskju og þrumað yfir fólki kenningar liðins tíma, sem voru allt annað en nokkur frjálslyndur maður gat sætt sig við.

Hér hefur verið borið saman, að fólk þurfi ekki frekar að kjósa prest en t. d. lækni. Nú vitum við, að árangur í starfi læknisins byggist fyrst og fremst á vísindum. Þekking hans og tæknikunnátta kemur öllum sjúklingum að sviputum notum að öðru jöfnu, hver sem viðhorf sjúklingsins til læknisins eru. Ef ég er sjúklingur og leita læknis, þá skiptir mig engu máli, hvort ég þekki lækninn eða þekki hann ekki, hvort ég hef nokkurn tíma séð hann fyrr. Það skiptir mig litlu máli, eða ég get réttara sagt látið mig það litlu skipta, hvaða lækningaaðferðir hann hefur, þó að ég þekki ekki þau lyf, sem hann notar, þó að ég viti ekkert um það, hvort það er réttmætt eða ekki réttmætt, að hann ætlar jafnvel að skera mig upp. Ég leita aðstoðar hans sem læknis í fullu trausti þrátt fyrir þetta allt. En leiti ég á fund sóknarprestsins í kirkju eða utan kirkju mér til andlegrar heilsubótar, þá fer árangurinn eftir því m. a., hvaða trúarskoðanir presturinn hefur, hver persónuleiki hans er, hvernig einkalíf hans er og annað af þessu tagi, hvort þetta er í samræmi við mig sjálfan eða í ósamræmi. Það er af þessum ástæðum, sem ég vil fá að kjósa prestinn. Ef presturinn ætti ekkert að gera nema skíra, ferma, gifta og jarða, þá léti ég mig þetta litlu skipta.

En af því að hann er annað og meira, þá læt ég mig það miklu skipta. Af því vil ég hafa frelsi til þess að velja og hafna. Ef um væri nú að ræða prest, sem væri þeirrar skoðunar, sem ég hef sannarlega haft kynni af um dagana, gegnsýrður af helvítiskenningu og hindurvitnum miðaldakirkjunnar, á ég þá að sækja hann mér til sáluhjálpar?

Þetta er grundvallarástæðan fyrir því, að ég vil fá að kjósa prest. Ég hef ekki gagn af þeim presti, sem er andstæður mér að öllu þessu leyti, og hann er til einskis gagns fyrir mig og alla þá, sem mér eru líkir í söfnuðinum. Og þó að það kunni að vera miskunnarverk að veita einhverjum gömlum prestum kost á að fá betra embætti en þeir sitja í, þá er hitt meira virði, að vera í samræmi við söfnuðina, halda uppi víðsýnni, frjálslyndri kirkju, eins og hin íslenzka kirkja hefur í raun og veru verið í seinni tíð. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég mun verða á móti þessu frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hér er búið að halda svo snjallar og skáldlegar ræður, að það er erfitt að segja nokkur orð á eftir, en mér finnst samt rétt, áður en þetta mál fer til n., að gera í örstuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., m. a. vegna þess, að ég tók nokkurn þátt í umr., sem urðu um sams konar frv., sem lá hér fyrir Alþingi fyrir 2 árum.

Ég get þá sagt það strax í stuttu máli, að ég er andvígur þessu frv. af tveimur meginástæðum. Önnur ástæðan kom mér greinilega í hug, þegar hæstv. kirkjumrh. var að gera kröfu til þess, að veitingarvaldið í sambandi við prestsembættin yrði lagt í hendur ráðh. Það rifjaðist þá upp fyrir mér samþykkt fundar nokkurs, sem birtist hér í blöðunum fyrir stuttu og ég álít að sé með merkilegri samþykktum, sem hafa komið frá fundi um langt skeið og sé mikil ástæða til þess að Alþingi veiti alveg sérstaka athygli. Þessi fundur, sem hér um ræðir, var þing ungra jafnaðarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, sem fyrir nokkru var haldið á Akureyri. Á þessum fundi var m. a. gerð eftirfarandi samþykkt, sem ég leyfi mér að lesa upp, með samþykki hæstv. forseta. Hún hljóðar á þessa leið:

„20. þing Sambands ungra jafnaðarmanna er þeirrar skoðunar, að áhrif ýmissa háttsettra embættismanna á löggjöf og stjórn ríkisins séu orðin mjög óeðlilega mikil. Með þessu dregst vald úr höndum þjóðkjörinna fulltrúa og forustumanna stjórnmálaflokkanna. Þingið telur þessa þróun hina varhugaverðustu og skorar því á Alþingi og ríkisstj. að gjalda hér varhug við.“

Þó að segja megi, að það mál, sem hér liggur fyrir, snerti ekki beint þessa samþykkt, gerir það það óbeint, því að það er augljós tilgangur þess frv., sem hér liggur fyrir, að draga vald úr höndum kjósenda og auka í staðinn vald embættismanna. Frv. gerir ráð fyrir því að takmarka mjög þann rétt, sem söfnuðirnir hafa nú til þess að velja sér prest, og auka vald biskups og ráðh. í þessum efnum. En þó er að sjálfsögðu enn lengra gengið í þessa átt, ef fallizt væri á þær till., sem hæstv. kirkjumrh. hreyfði hér, þ. e. að láta veitingarvaldið alveg vera í höndum ráðh. Þó að það væri ekki nema þessi ástæða ein, væri hún ærin frá minu sjónarmiði til þess að standa gegn þessu frv.

Það er alveg rétt, sem kemur fram í samþykkt ungra jafnaðarmanna, að sú þróun er mjög varhugaverð, sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum árum, hvað völdin hafa verið að dragast frá Alþingi og þjóðkjörnum fulltrúum í hendur ýmissa embættismanna utan þeirra, sem eru kjörnir af sjálfri þjóðinni. Við vitum það ósköp vel, að valdið í efnahagsmálunum og fjárhagsmálunum er nú raunverulega að mestu eða öllu leyti komið úr höndum Alþingis og er meira og minna í höndum embættismanna úti í bæ. Þessi þróun er ekki heppileg og hefur ekki heldur haft heppileg áhrif og á þó vafalaust eftir að hafa verri áhrif, ef þannig heldur áfram. Og ég óska alls ekki eftir því, að hliðstæð þróun eigi eftir að eiga sér stað í kirkjumálum þjóðarinnar. En sú mundi hún vafalaust verða, ef þetta frv. yrði samþ., og ég tala þó ekki um, ef gengið yrði alla leiðina og ráðh. hefði veitingarvaldið í þessum efnum.

Það hefur verið talað nokkuð um það í þessu sambandi, að stjórnmál drægjust stundum inn í prestskosningar og þess vegna ætti að afnema þær. En hvað halda menn, að mundi verða í þessum efnum, ef pólitískur ráðh. ætti að ráða því, *hvernig prestsembættin væru skipuð?* Það er skemmst að minnast þess, hvernig hefur verið skipað í embætti sýslumanna á undanförnum árum og áratugum. Ég minnist þess ekki nema með örfáum undantekningum, að sá ráðh., sem með það vald hefur farið, hafi ekki valið flokksbróður sinn til þess að skipa þau embætti, sem hafa losnað. Og ég held t. d., ef hæstv. forsrh., sem hér er, sem lengi hefur verið dómsmrh., rifjaði upp þær sýslumannaveitingar, sem hafa orðið í ráðherratíð hans sem dómsmrh., þá mundu það ekki hafa verið mjög margir úr hópi andstæðinga hans, sem hafa hlotið embætti á þeim tíma. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að reynslan mundi verða nokkuð á líka leið, ef það yrði lagt í hendur pólitísks ráðh. að ráða mestu um það, hverjir fengju prestsembættin. Það væri að sjálfsögðu hinn vísasti vegur til að gera kirkjuna að pólitískri kirkju, sem við sennilega viljum þó allir helzt forðast.

En önnur meginástæðan ásamt þessari, sem veldur því, að ég er á móti afnámi prestskosninga, er sú, að íslenzk kirkja hefur í stórum dráttum verið fram að þessu frjálslynd kirkja og rúmgóð kirkja. Hún hefur ekki lent í höndunum á neinni einstakri klíku, eins og stundum hefur komið fyrir kirkjufélög annars staðar og ekki sízt ríkiskirkjur. Í staðinn fyrir það hafa rúmazt þar margir ágætir menn með nokkuð mismunandi skoðanir í trúmálum, þótt að sjálfsögðu hafi meginstefna þeirra verið ein og hin sama. Og ég álít, að við eigum að tryggja það, að þessi uppbygging kirkjunnar haldist áfram, þannig að hún sé rúmgóð og frjálslynd kirkja. Og ég held, að það séu einmitt prestskosningarnar, sem hafa tryggt þetta meira en nokkuð annað. Það er vald safnaðanna í þessum efnum, sem hefur haft í mörgum tilfellum þau áhrif,

að einstakar klíkur hafa ekki getað sölsað vald kirkjunnar undir sig og ráðið prestunum, eins og annars hefði orðið. Prestskosningarnar hafa verið frekar en nokkuð annað grundvöllur þess, að hér hefur dafnað eða þróazt frjálslynd og rúmgóð kirkja. Og að því marki eigum við að stefna, að svo verði áfram, og það gerum við því bezt með því að viðhalda prestskosningunum.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að síðan við ræddum um þetta mál hér á Alþingi fyrir tveimur árum, hafa t. d. hér í höfuðstaðnum farið fram prestskosningar í 5—6 prestaköllum, og ég held, að það verði ekki annað sagt um þær kosningar en að þær hafi farið mjög vel fram og verið öllum hlutaðeigandi til hins mesta sóma. Og ég held, að það sé nokkurn veginn eftir á samnefnt álit manna, að þessar kosningar hafi fallið á þann veg, sem æskilegastur hafi verið, en það er alls ekki víst, að svo hefði verið, ef veitingarvaldið hefði verið í höndum embættismanna, en ekki kjósenda sjálfra. Og þessar kosningar valda því m. a., að ég er enn sannfærðari en áður um réttmæti þess, að prestskosningum verði áfram haldið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda [84. mál] (þmfrv., A. 115).

Á 22. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fylgir því máli, sem rætt var síðast, og þarf að ganga fram, ef það frv. verður samþykkt, en er að sjálfsögðu þýðingarlaust, ef það frv. verður fellt.

Hér er gert ráð fyrir tveimur meginbreytingum. Lagt er til, að sóknarprestar og safnaðarfulltrúar sitji fundi sóknarnefnda, en hafi ekki atkvæðisrétt, og gert er ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmennum prestaköllum í allt að 11 menn auk safnaðarfulltrúa og sóknarprests.

Menntmn. flytur þetta frv. samkv. ósk hæstv. kirkjumrh. og með venjulegum fyrirvara, þannig að nm. áskilja sér allan rétt um afstöðu til málsins. Það er sjálfsagt ætlunin samkv. þeim óskum, sem fram hafa komið, að bæði þessi frv. verði tekin til efnislegrar umr. í n., áður en málið kemur til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Á 26. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík [97. mál] (þmfrv., A. 143).

Á 27., 28. og 30. fundi í Nd., 15., 16. og 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram í byrjun míns máls, að ég flyt þetta frv. persónulega og það er ekki að neinu leyti á vegum Alþb. og það er aðeins mín persónulega skoðun, sem birtist í þeim till., sem þar koma fram. Ég hef áður flutt þetta frv. hér einu sinni, og gerði þá nokkuð ýtarlega grein fyrir nauðsyninni, sem á því væri, og get þess vegna verið mjög stuttorður um þann þátt þess.

Það er lagt til, að það skuli sérstök nefnd skipuð, eins og fyrir er mælt í 2. gr., til þess að ákveða heildarskipulagið í miðbænum, og tilnefnd af þeim aðilum, sem sérstaklega hafa þar hagsmuna að gæta, Alþingi, ríkisstj., borgarstjórn Reykjavíkur o. fl. Það er sérstaklega í sambandi við þrjár byggingar opinberar, sem ég álít alveg óhjákvæmilegt að gera þetta. Það er í fyrsta lagi vegna stjórnarráðshúss, sem hugsað er að byggja við Lækjargötuna, það er í öðru lagi vegna alþingishúss, sem a. m. k. kemur vel til mála, að byggt verði á þessu svæði. Og það er í þriðja lagi vegna ráðhúss Reykjavíkur, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur líka gert fyrir nokkru samþykkt, sem ekki hefur hlotið neitt fullnaðarsamþykki enn, um að byggja á þessu svæði. Ég býst við, að hjá hverri einustu menningarþjóð mundi ekki koma annað til mála en ákvarðanir um þær höfuðbyggingar, sem eiga að setja svip sinn á þennan gamla miðbæ, mundu verða teknar í einu lagi, þannig að það rækist ekki hvert á annað. Það hafa að vísu verið til lög í 50 ár um heildarskipulag bæja á Íslandi, en engu að síður hafa þau verið framkvæmd svo hrapallega í Reykjavík, að það hefur ekki verið búið til neitt heildarskipulag að bænum. Hér í miðbænum hefur það verið þannig, að það hefur svo að segja hvert götuhorn eða hver lóð verið skipulögð út af fyrir sig, án þess að menn hefðu nokkra hugmynd um, hvernig umhverfið eigi að

vera. Við skulum bara taka Morgunblaðshöllina sem dæmi. Aðfarirnar í þessum efnum eru svo hneykslanlegar og hafa miðazt svo mikið við duttlunga eða einkahagsmuni, að það er hverri höfuðborg til skammar að láta slíkt viðgangast. Og ég álít það því nauðsynlegt að fara að stöðva þetta, þannig að það verði ekki farið að skella niður einni stórbyggingunni enn þá, sem mundi gerbreyta öllu umhverfi hennar, án þess að það sé búið að gera samþykkt um heildarskipulagið. Við skulum segja sem dæmi, ef það ætti t. d. að setja ráðhúsið við Tjörnina, án þess að búið væri að hugsa um, hvar alþingishúsið ætti að vera. Og við skulum segja, að við tækjum einu sinni rögg á okkur á Alþ. og tækjum ákvarðanir t. d. um, að alþingishús skyldi byggt hérna á lóð, sem við um áratugi höfum átt. Við sæjum, hvernig þetta rækist á. Bæði húsin gætu ekki verið svo að segja á sama staðnum. Ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur um ráðhúsbygginguna rekst algerlega á allar hugmyndir, sem verið hafa uppi hjá Alþ. í þessum efnum. En þær hugmyndir hafa ekki enn þá fengið fast form, eins og það ætti að vera. Þess vegna álít ég þetta alveg óhjákvæmilegt, og það verður stórhneyksli, ef ekki nú, þá síðar meir, ef ekki er hafður sá háttur á að hugsa um eins lítinn hluta og miðbæinn í Reykjavík, sem eina heild. Ég skal bara nefna sem dæmi, ef mönnum dytti nú í hug eftir nokkurn tíma í staðinn fyrir að setja ráðhúsið út í Tjörn og eyðileggja þar með svo og svo mikið, að setja það t. d. þar, sem gamli barnaskólinn er nú, raunverulega við endann á Lækjargötunni, þar sem það mundi blasa ákaflega vel við bæði Lækjargötunni og hafa sínar fögru hliðar líka út að Tjörninni, sem alltaf virðist vera sótt eftir. Það eru ótal möguleikar til, en það þarf bara að gefa sér tíma til að athuga alla þessa möguleika. Við höfum alþingishúsnefnd hér starfandi. Á allt í einu að vera búið að setja henni þannig stólinn fyrir dyrnar, að hún geti ekki haft alþingishúsið þar, sem henni þóknast? Alþ. er sá aðili, sem ræður þessum hlutum og hefur valdið til að ákveða það. Ég vil þess vegna eindregið leggja til, að það sé hætt þeim molbúahætti hér í höfuðborg landsins að skipuleggja eitt hús í einu, eina lóð í einu, eftir því, hvernig hagsmunir viðkomandi manns eru, eða eitt götuhorn í einu og mismunandi götuhornin við sömu götuna. Þið þurfið ekki að ganga nema Smiðjustíginn til þess að sjá, hvernig þar er farið að. Þetta handahóf verður að hætta. Þó að menn séu máske almennt á móti skipulagningu, er nú í 50 ár búið að viðurkenna, að það eigi að vera heildarskipulag að Reykjavík eins og öðrum bæjum, og það er eftir 50 ár kominn tími til þess, að slík lög séu framkvæmd. Ég skal ekki eyða frekar orðum um þetta, en það er eitt annað, sem mig langar til að minnast á í sambandi við það.

Eins og fyrir er mælt í 4. gr., er lagt bann við að byggja í miðbænum, þangað til þessari heildarskipulagningu er lokið. Mér er ljóst, að lóðir í miðbænum kunni að falla í verði. Og ég held, að það sé engin goðgá. Lóðir í miðbænum í Reykjavík og þeirra háa verð er ekki neitt verðmæti, sem þeir einstaklingar, sem eiga þær, hafa skapað. Það verðmæti, sem í þessum lóðum felst, er eingöngu skapað af þjóðfélaginu sjálfu. Það er eingöngu vöxtur Reykjavíkur, sem hefur skapað þetta. Ég veit ekki, hvort menn hafa athugað, hvers virði þessar lóðir eru. En ég lét fyrir nokkru tína saman, hvað lóðirnar í Austurstræti, Bankastræti og upp á Laugaveg 99, inn að Snorrabraut, mundu kosta, og þá tek ég fram: lóðirnar án húsanna, sem á þeim eru. Og mér telst til, með frekar lágu verði, þ. e. bara reiknað með 5, 6 og upp í 8 hundruð kr. m^2 eftir því, hvar það liggur, þá mundu þessar lóðir kosta 335 millj. á söluverði núna. Ég hef að vísu ekki látið taka saman, hvað lóðirnar hérna í miðbænum, sem ráðhúsið þyrfti að kaupa meira eða minna upp eða breyta, mundu kosta, en ég er hræddur um, að það færi alltaf fram úr 100 millj. Það er rétt fyrir menn að athuga það um leið, ef menn hneykslast ekki neitt á milljónum lengur, hvað allar jarðir á landinu mundu kosta. Fasteignamat 1957 á öllum jörðum, t. d. í öllum sýslum á landinu, var 139 millj., og þá eru taldar með lóðir í ýmsum kauptúnum. Ég býst við, að ef maður ætti að meta söluverð allra jarða á landinu, og þá er það án hlunnindanna og án húsanna, að jarðirnar, allar bændajarðirnar, þessar 6000, sem í landinu eru, færu ekki fram úr 200 millj. Allar jarðir á Íslandi eru á söluverði í dag ekki eins mikils virði og lóðirnar í Bankastræti, Austurstræti og upp á Laugaveg 99. Það þjóðfélagsverðmæti, sem skapað hefur verið í þessum lóðum í Reykjavík, ætti raunverulega að vera þjóðareign. Það ætti ekki að vera einstaklingseign. Og mikið okur viðgengst í sambandi við þessar lóðir, við vitum t. d., að smábúðarholur við Laugaveginn eru leigðar út á 20—30 þús. kr. á mánuði, eingöngu vegna lóðarinnar, sem þetta stendur á. Sjálf kytran, sem slíkar búðir eru í, er ekki mikils virði. Það er eingöngu legan, sem skapar þetta.

Ég held það væri út af fyrir sig þjóðþrifamál að banna í tíma byggingar í miðbænum í Reykjavík, meðan verið er að heildarskipuleggja hann, til þess að láta lóðirnar lækka í verði. Ég tala nú ekki um, ef það væri notað á sama tíma til þess að gera þær ráðstafanir, sem þyrfti til þess að taka þær allar eignarnámi. Ég vil minna á það, að 1947, þegar ríkisstj. Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. tók við völdum undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar, þá var lagt fram stjórnarfrv. til skipulagslaga, þar sem m. a. var gengið út frá að setja 100% verðhækkunarskatt á lóðirnar og láta renna í skipulagssjóð. Eitt af því, sem er óþolandi og gerir allt heildarskipulagið í Reykjavík að fáti og vitleysu, er, að Reykjavíkurbær skuli ekki eiga allar lóðirnar í Reykjavík, allar lóðirnar innan Hringbrautar. Þetta er fyrsta skilyrði til þess, að nokkurt vit verði í heildarskipulaginu á Reykjavík. Og á meðan þetta er ekki gert, að Reykjavíkurbær eigi allar þessar lóðir, þá kemur öll heildarskipulagning og einstök skipulagning lóða og húsa til með að verða braskfyrirtæki. Ef t. d. á að staðsetja þetta og þetta stórhýsi á lóð, sem einstaklingar eiga, þá koma ótal einkahagsmunir þarna í spilið, sem gera að verkum, að endanleg skipulagning fer

ekki eftir því, hvað skynsamlegast sé, fegurst eða bezt, heldur oft og tíðum eftir því, hverra einkahagsmunum er verið að þjóna með slíku. Þess vegna væri það út af fyrir sig heilbrigt, að það væri um tíma bannað að byggja á lóðunum á þessu litla, takmarkaða svæði í gömlu kvosinni, þangað til búið væri að búa til þessa heildarskipulagningu. Það væri mjög heppilegt, að þessar lóðir lækkuðu eitthvað í verði, ef svo gæti orðið, en sérstaklega væri þó nauðsynlegt, að það verði gerðar ráðstafanir til þess að koma á heildarskipulagningu og helzt um leið verðhækkunarskatti, sem væri mjög brýnn á þessum stað og mundi gefa stórfé í ríkissjóð án þess að valda verðbólgu, heldur þvert á móti hjálpa til að draga úr henni.

Það var háttur framsýnna manna um aldamótin að vinna að því, að bærnir eignuðust sjálfir þær lóðir og þær jarðir, sem þeir væru byggðir á. Og margir bæir hafa eignazt það, og það eru sérstök lög um, hvernig ríkið skuli aðstoða bæina við slíkt. En Reykjavíkurbær, sem hefur innan Hringbrautarinnar lóðir, sem eru líklega milljarða króna virði að söluverði núna, hann hefur ekkert gert í þessum efnum. Og skipulagið innan Hringbrautarinnar hefur þess vegna verið bæði til háborinnar skammar og stórskaða fyrir þjóðfélagið. Það er tími til kominn, að það verði bundinn endi á þetta. Og þetta frv. er flutt til þess að reyna að stuðla að því.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu sé þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., og ég vil um leið vænta þess, að þessi nefnd taki afstöðu um þetta mál og skili áliti um það. Ég býst ekki við, að mál eins og þetta eigi að þurfa að skipta flokkum endilega, menn geta verið hinna ýmsu skoðana án tillits til flokka, en ég kynni betur við, ef þetta frv. kæmi til afgreiðslu í þinginu, þannig að það sæist, hvernig menn stæðu í þessu máli.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Sala Vindheims í Neskaupstað.

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheim í Neskaupstað [115. mál] (þmfrv., A. 235).

Á 39. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Það fjallar um að heimila ríkisstj. að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheim í Neskaupstað. Þessi jörð er í Neskaupstað, við botn Norðfjarðar norðanverðan, sem sagt innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

Ég vil benda á, að það eru mjög mörg fordæmi fyrir því, að kaup af þessu tagi hafi átt sér stað, og virðist eðlilegt, að kaupstaðurinn eigi bæjarlandið. Ég vænti, að það þurfi ekki að hafa lengri formála fyrir þessu máli, það er mjög einfalt, en sting upp á, að því verði vísað til n. að lokinni þessari umr., en legg það í vald hæstv. forseta, til hvaða n. það skuli fara.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [119. mál] (þmfrv., A. 241).

Á 40. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. samhljóða því, sem hér liggur nú fyrir til umr., höfum við flm. þessa frv. flutt tvívegis áður á Alþingi. Frv. er um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að nýr kafli verði tekinn upp í lögin og beri sá kafli heitið: Um félagsbúskap. Gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., að tveir bændur eða fleiri geti stofnað til félagsbúskapar á jörð í stað þess að stofna á henni nýbýli eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Sett eru í þessu frv. nokkur meginskilyrði fyrir því, að félagsbúskapur sé viðurkenndur. Gert er ráð fyrir, að nýbýlastjórn ákveði, hverjir geti fallið undir þennan kafla laganna, en þessi eru þau meginskilyrði, sem sett eru í frv. fyrir því, að hægt sé að viðurkenna bú sem félagsbú: Í fyrsta lagi, að landstærð og önnur skilyrði til búrekstrar séu að dómi nýbýlastjórnar nægilega góð til að fullnægja þeim fjölda heimila, sem til skal stofnað. Í öðru lagi, að fyrirhuguð sé eigi minni bústærð en 20 kúgildi eða 400 ær fyrir hvert heimili. Í þriðja lagi, að hver fjölskylda í félagsbúrekstrinum hafi sérbúð. Í fjórða lagi, að allar vélar og verkfæri til ræktunar, fóðuröflunar og annars, er tilheyri hinum sameiginlega rekstri, sé sameign búsins. Og í fimmta lagi, að gerður verði samningur um fyrirkomu-

lag hins sameiginlega félagsrekstrar og sé hann þinglesinn. Skulu þar tilgreind eignarhlutföll aðila í jörð, húsum, búvélum, mannvirkjum jarðar og bústofni. Enn fremur sé tilgreint, hvernig reikningshald, arðskiptingu og áhættu sé fyrir komið. Þetta eru nokkur helztu skilyrðin, sem sett eru fyrir því, að viðurkennt sé, að um félagsbúskap sé að ræða.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þeir, sem fullnægt hafa settum skilyrðum og fengið bú sín viðurkennd sem félagsbú, eigi rétt á hærra láni úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til ræktunar og útihúsabygginga en gildir um einstaklingsbúskap. Og ráð er gert fyrir því, að þessi hækkun umfram hin venjulegu lán nemi um 20%, þannig þó, að hámarkslán verði ekki yfir 80% af stofnkostnaðarverði búsins. Í þeim tilfellum, þar sem er um að ræða sérstök framlög samkv. gildandi lögum, yrði einnig um sams konar hækkun á fyrirgreiðslu að ræða eða gert ráð fyrir því, að framlög og lán geti numið samanlagt 80% af kostnaðarverði framkvæmdanna.

Það er einnig gert ráð fyrir í þessu frv., að lánakjör til þessara aðila verði nokkru betri en eru til annarra samkv. stofnlánadeildarlögunum, m. a. því, að lánin verði veitt til þriðjungi lengri tíma en lán til einstaklingsbúskapar.

Þetta eru meginatriðin í efni þessa frv. Frv. stefnir að því að dómi okkar flm. að hafa áhrif á þróun búskaparins. Með hærri lánum og betri lánskjörum er ætlað að sveigja búskapinn í auknum mæli inn á félagslegan rekstur. Ætlunin er, að á þennan hátt verði hægt að stækka búin og koma á meiri verkaskiptingu en annars yrði.

Miklar umr. hafa nú um skeið verið um skipulagsmál landbúnaðarins. Og mikið er um það rætt, að aðkallandi sé að marka skýrari og nokkuð breytta stefnu í landbúnaðarmálum. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það sé mikil þörf á því að taka landbúnaðarmálin til nokkurrar athugunar með það fyrir augum að koma þar fram allverulegum breytingum til bóta. Það leikur t. d. enginn vafi á því, að það eru allt of mörg smábú í landinu nú, bú, sem hljóta að leiða það af sér, að framleiðslukostnaður búvara á slíkum búum verður allt of mikill, þó að það hins vegar standi eftir á sama tíma, að þeir bændur, sem á þessum búum starfa, séu allajafna tekjulægstu menn í þjóðfélaginu. Það þarf því ábyggilega að reyna að gera allstórt átak til þess að koma fram breytingum í þessum efnum, breytingum, sem a. m. k. miða að því að stækka meðalbúið og auka afrakstur þess. En þó að á þetta sé bent, er ástæðulaust að líta fram hjá því að miklar breytingar hafa orðið í íslenzkum landbúnaði á seinustu árum í ýmsum greinum. Meðalbúið hefur farið stækkandi, framleiðslan hefur stórlega aukizt, og afkoman hefur í flestum tilfellum farið batnandi hjá þeim, sem við landbúnað starfa. En þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í þessum efnum, er ekkert um það að villast, að þau búin, sem eru undir meðaltalsstærðinni, eru allt of mörg og allt of smá bú, og það er alveg vonlaust, að þau geti gefið ábúendum hliðstæð kjör og hin almennu kjör eru í öðrum starfsgreinum.

Okkur flm. þessa frv. er auðvitað ljóst, að það eitt út af fyrir sig getur ekki valdið neinni grundvallarbreytingu í landbúnaðarstefnunni. Með þessu frv. er aðeins gripið í einn þátt þessa vandamáls. Það er með efni frv. að því stefnt að reyna að hafa áhrif á það, í hvaða átt búskapurinn þróast á næstu árum. Það er reynt að ýta undir, að búin geti stækkað, að um stærri búeiningar geti verið að ræða, og reynt að ýta undir það, að um meiri félagslegan rekstur verði að ræða. En með því að búin stækka og um meiri félagslegan rekstur yrði að ræða, þá er miklu auðveldara að hagnýta sér nútímatækni, þá er miklu auðveldara að koma við þeirri verkaskiptingu, sem alveg er óhjákvæmilegt að taka upp í íslenzkum landbúnaði. Það er augljóst mál, að það verður ekki nema takmarkaðan tíma hægt að grundvalla landbúnaðarstefnuna á því, að eingöngu sé um fjölskyldubú að ræða. Í mörgum tilfellum þurfa að koma til miklu stærri einingar. Með því, sem lagt er til í þessu frv., að hækka eða auka stuðning hins opinbera einmitt við bú af þessari gerð og gera lánskjörin betri, þá er reynt að ýta undir það, að þróunin verði í þessa átt.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls, höfum við flm. þessa frv., ég og hv. 5. þm. Vestf., flutt þetta frv. hér á Alþingi tvívegis áður. Það er því í rauninni engin ástæða til þess að kynna þetta mál í löngu máli fyrir hv. alþm. Ég geri ráð fyrir því, að efni frv. sé öllum nægilega kunnugt. Hitt mundi skipta meira máli, að sú n., sem fær málið og hefur í rauninni fengið það áður, vildi nú taka á málinu betur en áður hefur verið eða á þann hátt, að afgreiðsla fengist á þessu máli á yfirstandandi þingi. Ég er ekki í neinum vafa um það, að með þessu frv. væri stefnt í rétta átt, þó að hitt skuli fúslega játað, að miklum mun meira þarf að gera til þess að valda þáttaskiptum í sambandi við þróun íslenzks landbúnaðar.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins [129. mál] (þmfrv., A. 264).

Á 48., 49., 50., 51. og 52. fundi í Nd., 1., 2., 4., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins á þskj. 264 er flutt af mér og nokkrum öðrum þm. Framsfl. Sú meginbreyting, sem frv. gerir ráð fyrir í sambandi við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, er, að verksmiðjan verði gerð að óumdeilanlegri eign ríkisins á þann hátt, að ríkissjóður innleysi hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki síðan rekstur hennar að öllu leyti í sínar hendur. Áburðarverksmiðjan verði svo sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og sérstök stjórn kosin af Alþ. fari með málefni hennar undir yfirumsjón landbrh., eins og verið hefur. Ég sé ekki þörf á að rekja frv. grein fyrir grein, því að hver grein skýrir sig sjálf. Ég mun hins vegar fara örfáum orðum um málið í heild.

Árið 1935 mun fyrst hafa verið lagt fram á Alþingi frv. um byggingu áburðarverksmiðju á Íslandi, en varð ekki útrætt. Næst var slíkt lagafrv. lagt fram á Alþ. 1944, en kom ekki til afgreiðslu. 4 árum síðar eða á þingi 1948 var það enn lagt fram, seint á því þingi, og náði ekki afgreiðslu. En 23. maí 1949 voru loks samþ. lög um áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, og hefur hún verið rekin samkv. þeim l. sem hlutafélag. Frá því að fyrsta frv. um áburðarverksmiðjuna var lagt fram 1935 og þar til loks voru samþ. lög um verksmiðjuna 1949, liðu þannig 14 ár. Allan þennan tíma voru gerðar ýmsar athuganir á málinu og miklar umr. fóru fram, bæði utan þings og á Alþ., um stofnun áburðarverksmiðju. Ég hef ekki kynnt mér þessar umr. nema að mjög takmörkuðu leyti, en eitt þykist ég geta fullyrt, og það er, að allir virðast hafa gert ráð fyrir, að slíkt fyrirtæki yrði reist og rekið að öllu leyti á vegum ríkisins, þar til allt í einu á síðasta stigi málsins hér á hinu háa Alþ., að fram kom till. um, að ríkisstj. væri heimilt að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins, allt að 1 millj. kr. Þá skyldi ríkissjóður leggja fram það, sem á vantaði, til þess að hlutafé yrði 10 millj. kr.

Það er ljóst af þeim umr., sem fram fóru á Alþingi á sínum tíma, að það var ætlun þeirra, sem að þessari till. stóðu, að með þessum hætti yrði létt verulegum fjárhagsbyrðum af ríkissjóði. Það kemur m. a. fram, að á þeim tíma var áætlaður stofnkostnaður áburðarverksmiðjunnar 43 millj. kr., og var gert ráð fyrir, að allt að 10 millj. kr. fengjust sem hlutafé frá öðrum en ríkinu eða nærri því fjórðungur af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Reyndin varð þó sú, að aðeins 4 millj. kr. voru lagðar fram af öðrum en ríkinu, en kostnaður við stofnun verksmiðjunnar mun hafa numið um 130 millj., og lagði ríkið fram eða útvegaði að láni allan stofnkostnaðinn að undanskildum þessum 4 millj.

Vonir þeirra, sem gerðu ráð fyrir því, að með hlutafélagsforminu og allvíðtækri hlutafjársöfnun yrði létt verulegum fjárhagsbyrðum af ríkinu, brugðust, því að framlag hluthafa varð næsta lítið miðað við stofnkostnaðinn, og er varla hægt að segja, að peningaframlag hluthafanna, annarra en ríkisins, hafi réttlætt hlutdeild þeirra í verksmiðjunni, þegar þess er gætt, að þeir lögðu ekki fram sjálfir nema 4 millj. af 130 millj., sem það kostaði að koma verksmiðjunni upp, eins og ég gat um áður. Þetta hlutafélagsfyrirkomulag á rekstri áburðarverksmiðjunnar verður því að teljast bæði óeðlilegt og óæskilegt.

Það er skoðun flm. þessa frv., að það sé tímabært nú orðið, að ríkið taki við rekstri verksmiðjunnar að öllu leyti, og miðar þetta frv. að því. Með því að hlutafélagið, sem rekur verksmiðjuna, hefur fyrir nokkrum árum fengið úr hendi ríkisvaldsins einkaleyfi til sölu á öllum áburði hér á landi, með því að áburðareinkasala ríkisins var lögð niður og áburðarsalan afhent áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, telja flm. þessa frv. ástæðuna til að breyta þessu fyrirtæki í hreint ríkisfyrirtæki enn brýnni, því að það er mjög óeðlilegt að láta hlutafélag, enda þótt ríkið eigi meiri hl. hlutafjárins, annast einkasölu á jafnnauðsynlegri og þýðingarmikilli rekstrarvöru, sem einn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar byggist á, landbúnaðurinn. Það er gert ráð fyrir því í frv. að setja á stofn áburðarverksmiðju ríkisins sem sjálfstæða stofnun í eigu ríkisins, sem þó lúti sérstakri stjórn. Áburðarverksmiðja ríkisins taki síðan við öllum skyldum og réttindum, skuldum og ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og komi að öllu leyti í hennar stað. Hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í annarra eign en ríkisins, skulu tekin eignarnámi samkv. mati þriggja manna nefndar, sem hæstiréttur tilnefnir.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir áburð, og nú orðið annast hún einnig sölu áburðar á innlendum markaði, eins og ég áðan drap á. Í hennar höndum er einnig innflutningur á þeim áburði, sem verksmiðjan bæði annar ekki að framleiða og getur ekki framleitt. Hún nýtur þannig algerrar einokunaraðstöðu um framleiðslu, innflutning og sölu áburðar í landinu. Það verður að teljast algerlega óeðlilegt, að verksmiðja, sem slíkra forréttinda og aðstöðu nýtur, sé í eign annarra en þjóðarheildarinnar, nema þá þeirra, sem áburðinn kaupa. Hins vegar er það ekki líklegt, að íslenzkir bændur geti eignazt slíka verksmiðju, og verður því að telja réttast, að ríkið eigi hana eitt. Framsóknarmenn telja ríkisrekstur út af fyrir sig ekkert eftirsóknarvert rekstrarform, þar sem öðru verður við komið með eðlilegum hætti. En við framsóknarmenn teljum hins vegar, að fyrirtæki, sem njóta einkaaðstöðu á innlendum markaði, án þess að nokkru aðhaldi af samkeppni verði við komið, verði að vera undir skýlausum umráðum ríkisins og þjóðarinnar í heild. Í samræmi við þessa skoðun ályktaði 13. flokksþing framsóknarmanna, sem haldið var í apríl 1963, að það teldi rétt, að áburðarverksmiðjan í Gufunesi yrði gerð að ríkisfyrirtæki, og er þetta frv. flutt í samræmi við þá ályktun.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð. Þó vil ég geta þess, sem komið hefur í fréttum útvarps og blaða, að búnaðarþing, sem nú er að störfum hér í höfuðborginni, hefur athugað þetta mál og einróma samþykkt að mæla með framgangi þess. Ég lít svo á, að slík jákvæð afstaða búnaðarþings, sem er fulltrúasamkoma bændastéttarinn-

ar um fagleg málefni landbúnaðarins, sé þannig, þess afstaða í þessu máli, að Alþ. komist varla hjá því að taka a. m. k. mikið tillit til hennar. Ég vil vona, að þetta mál fái hér þinglega afgreiðslu og nái fram að ganga. Mér finnst, að eðli málsins samkv. sé eðlilegast, að það fái athugun í fjhn., og vil leyfa mér að leggja til, að því verði vísað þangað, þegar þessari umr. er lokið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í mörg ár hefur verið flutt frv. hér á hv. Alþ. af hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, um það, að ríkið yfirtaki hlutabréf áburðarverksmiðjunnar og að áburðarverksmiðjan verði að öllu leyti eign ríkisins. Þetta frv. hefur verið rætt, en það hefur ekki komizt úr n. 1959 mun fjhn. hafa skrifað hluthöfum og leitað eftir því, hvort þeir vildu á frjálsan hátt láta hlutabréfin af hendi. Svar barst frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem á stærsta hlutinn, og var það neikvætt. Svar barst einnig frá nokkrum af hinum hluthöfunum, og þeir töldu sig ekki á þessu stigi málsins geta svarað ákveðið um það, hvort þeir vildu af frjálsum vilja láta hlutabréfin af hendi. Nú er það ljóst með flutningi þessa frv., sem hér um ræðir, að afstaða Framsfl. hefur breytzt frá því 1959, því að þá vildu þeir ekki með frjálsum vilja láta hlutabréfin af hendi.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni eru tiltölulega lítil upphæð miðað við það, sem verksmiðjan kostaði, þegar hún var byggð. Hún mun hafa kostað um 130 millj. kr. Og nú segir á þskj. 62, í grg., sem fylgir frv. hv. 3. þm. Reykv., að áætla megi verðmæti verksmiðjunnar í dag 350 millj. kr.

Ég tel, að það sé út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, þótt afstaða manna til þessa máls væri nokkuð önnur nú en 1959, og það er vegna þess, að nú standa fyrir dyrum miklar breytingar á verksmiðjunni og stækkun, og það er þörf á að stækka verksmiðjuna um allt að því helming. Það hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sér, og ef verksmiðjan á áfram að vera rekin sem hlutafélag, væri vitanlega eðlilegt, að hlutafé væri aukið, um leið og lagt er í nýjan kostnað. Nú er ég í miklum vafa um það, að einkafjármagn sé fyrir hendi til þess að auka hlutafé, og það gæti því verið, að aðrir hluthafar en þeir, sem standa að SÍS og kaupfélögum innan SÍS, hefðu einnig breytt eitthvað um skoðun síðan 1959 hvað þetta snertir og þá ekki sízt vegna þess, að þeir telji sig ekki á þessu stigi hafa fjármagn til þess að auka hlutafé. Það má gera ráð fyrir, að stækkun verksmiðjunnar kosti mikla fjárhæð. Ég hef ekki þær tölur fyrir hendi, en það hljóta að vera frekar hundruð millj. en aðeins tugir millj., og þá verð ég að viðurkenna, að það væri óeðlilegt, að hlutafé væri ekki aukið, ef nota á áfram hlutafélagsformið við rekstur verkmiðjunnar.

Verksmiðjan hefur nú starfað á annan áratug. Hún hefur þegar sparað þjóðarbúinu mikinn erlendan gjaldeyri. Hún hefur gert landbúnaðinum örugglega mikið gagn. Og þótt stundum hafi staðið nokkur styrr um áburðarverksmiðjuna og þá sérstaklega vegna þess, að kornastærð áburðarins er ekki eins og fyrirhugað var, og stundum hafi verið á það deilt, að réttar vélar eða tegund verksmiðju hafi ekki verið valin í upphafi, tel ég, að það sé engum til góðs að vera nú að deila um það. Ég tel miklu frekar, að það sé nauðsynlegt, að menn taki höndum saman til þess að gera þetta fyrirtæki vel úr garði, stækka það þannig, að það geti a. m. k. fullnægt áburðarþörfinni innanlands, og búa þannig um hnútana, að um það megi verða friður. Og ef ekki er einkafjármagn fyrir hendi til þess að auka hlutafé, er vitanlega ekki um annað að gera en breyta l. þannig, að áburðarverksmiðjan verði ríkisfyrirtæki, og að vissu leyti er hún ríkisfyrirtæki í dag, þar sem ríkið á meiri hl. af hlutafénu og meiri hl. af stjórninni er kosin af hv. Alþ. Ég vil taka það fram, að ég tel, að þetta rekstrarform, sem hefur verið á verksmiðjunni, hafi alls ekki hindrað góðan rekstur verksmiðjunnar, og mér dettur ekki í hug að halda, að rekstur verksmiðjunnar hefði verið betri, þótt allir 5 stjórnarnefndarmennirnir hefðu verið kosnir af Alþ. Vissulega hefur verksmiðjan haft aðhald, þar sem bannað er í lögum verksmiðjunnar að selja áburðinn á hærra verði en kostnaðarverði. Og verðið á áburðinum hefur oftast verið lægra en sams konar innfluttur áburður hefði kostað. Ég tel því, að þótt áburðarverksmiðjunni hafi verið falinn innflutningur á áburði og einkasala á áburði, sé það út af fyrir sig ekki ástæða til þess að breyta l., vegna þess að áburðarverksmiðjan hefur aðhald og hún hefur aðeins tekið að sér rekstur áburðareinkasölunnar, og það var upplýst hér í vetur af framkvstj. og stjórn áburðarverksmiðjunnar, að á því að breyta fyrirkomulaginu hefur sparazt allmikið fé, miklir fjármunir, enda dettur engum nú í hug að neita því, að það sé heppilegra, þetta fyrirkomulag, heldur en það, sem áður var.

Það er gert ráð fyrir því, að hlutabréfin verði innleyst eftir hlutlausu mati dómkvaddra manna, og það er varla hægt að hugsa sér eðlilegri leið en þá, sem hér er nefnd í frv., hvað þetta snertir.

Ég get sagt eitthvað svipað og hv. frsm. sagði hér áðan, að hann sagðist út af fyrir sig ekki vera sérstaklega hlynntur ríkisrekstri. Ég býst við, að ég sé miklu minna hlynntur ríkisrekstri en þó hann. Ég tel, að það eigi alls ekki að vera ríkisrekstur, nema þar sem ekki verður öðru við komið. Ég tel, að það eigi að vera félags- og einstaklingsrekstur, þegar einkafjármagn eða félagsfjármagn ræður við það. En við höfum löngu gert okkur ljóst, að það er margt í okkar þjóðfélagi, sem ekki verður rekið undir öðru formi en ríkisrekstri. Við getum nefnt ýmis dæmi því til staðfestingar.

Eins og ég sagði, geri ég alls ekki ráð fyrir því, að í framkvæmd breytist reksturinn nokkurn hlut til batnaðar við það, þótt allir 5 stjórnarnefndarmennirnir verði kosnir af Alþ. Það er meira að segja ekkert ósennilegt, að jafnvel sömu mennirnir verði kosnir allir 5 og núna eru í stjórn. Ekki veit ég það, en mér þætti það ekkert ósennilegt. Og í framkvæmdinni á rekstrinum verður engin breyting. En annaðhvort á fyrirtæki að vera hreint hlutafélag eða ekki

hlutafélag, og ef áburðarverksmiðjan er í dag 350 millj. kr. virði, eins og hv. 3. þm. Reykv. heldur fram, og svo væri verksmiðjan stækkuð og kostnaður við það væri kannske 200 millj. eða meira, en hlutafé aðeins 10 millj., þá vil ég taka undir bæði með hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Sunnl., að þá er varla hægt að nefna þetta nema að nafninu til hlutafélag. Og því er ekki að neita, að undir hlutafélagsforminu hefur verið reynt að vekja tortryggni og óánægju og jafnvel að halda því fram, að þeir, sem keyptu hlutabréf þarna, hafi gert það í gróðaskyni, þeir hugsi sér að græða á rekstri verksmiðjunnar, enda þótt staðreyndirnar sýni, að flest árin, sem verksmiðjan hefur starfað, hafi ekki einu sinni verið borgaðir vextir af hlutabréfunum, hvað þá það, sem kalla mætti arð.

Hv. frsm. sagði hér áðan, að það væri nauðsynlegt að skapa aðhald og breyta l. og gera þetta að ríkisfyrirtæki til þess að skapa meira aðhald, eftir að verksmiðjan hefði einkasölu á öllum áburði í landinu. Og með því að segja, að það þurfi að skapa aukið aðhald frá því, sem verið hefur, er verið að gefa í skyn, að það séu jafnvel einhverjar smugur fyrir hluthafana til þess að hagnast á rekstri þessa nauðsynlega fyrirtækis, sem þó á lögum samkv. að selja framleiðsluna á lægsta kostnaðarverði og ekki halda meira eftir árlega við uppgjör heldur en nauðsynlegt má teljast til afskrifta, svo að hægt sé að halda fyrirtækinu við og endurnýja þær vélar, sem verða ónýtar. Ég hygg því, að það sé það rétta að breyta þessum l., eins og nú er komið, og þá sérstaklega vegna þess, að stækkunin stendur fyrir dyrum, og það virðist vera leið til þess að útiloka þá tortryggni, sem reynt hefur verið að ala á, það virðist vera leið til þess að skapa ró og frið í kringum þetta fyrirtæki, sem þarf að stækka og verða öflugra, fyrirtæki, sem ekki aðeins bændurnir njóta góðs af, heldur er og á að verða þjóðþrifafyrirtæki. Það er þess vegna, sem ég tel rétt að breyta l., og það er sjálfsagt, að þetta mál fari í n. Ég hefði haldið, að það væri rétt að láta það fara í landbn., en ég skal engan ágreining gera úr því. En það er sjálfsagt, að sérfróðir menn athugi bæði þessi frv., sem fyrir liggja, frv. hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Sunnl. og fleiri framsóknarmanna, og athugi, hverju þarf að breyta. Frv. þeirra hv. framsóknarmanna er að mörgu leyti fyllra, en ég geri ráð fyrir, að við nákvæma athugun þurfi ýmsu að breyta, og sjálfsagt er til þessarar löggjafar að vanda sem allra bezt. Rétt er það, að ef hv. þm. verða nú í aðalatriðum sammála um, að það eigi að breyta þessum l., er náttúrlega engin ástæða til þess að draga það eða fresta því. Þá væri langeðlilegast, að l. væri breytt á þessu þingi, og þá er það verkefni n. að athuga bæði þessi frv. og gera þær breytingar, sem með þarf, til þess að út úr þessu komi heildarlöggjöf, sem hægt er að una við til frambúðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, á vafalaust að vera tákn þess frá hálfu flm., að þeir hafi komizt að niðurstöðu um, að áburðarverksmiðjan skuli vera í senn ríkiseign og ríkisrekin. En það, sem hv. 1. flm., hv. 2. þm. Sunnl., og hæstv. ráðh., sem hér hafa talað um þetta mál, fóru í kringum eins og kettir í kringum heitan graut, var höfuðspursmálið í sambandi við áburðarverksmiðjuna, sem deilan er búin að standa um í meira en áratug og útkljá verður hér á Alþ., áður en nokkuð verður gert í þessum málum, og það er þetta: Hver á áburðarverksmiðjuna? Og sú spurning, sem ég vil leyfa mér að leggja fyrir hv. flm. þessa frv., er: Hvert er þeirra álit á því, hver eigi áburðarverksmiðjuna?

Þegar hér er lagt til, að gerðar séu jafnvel ýmsar ráðstafanir, t. d. til eignarnáms á hlutabréfum í núverandi rekstrarhlutafélagi, er alveg óhjákvæmilegt, að menn séu sjálfir ákveðnir í því, hvað menn eru að taka eignarnámi og hjá hverjum, ef menn álíta, að eitthvað þurfi að taka eignarnámi. Ég er búinn hér að margskýra mína afstöðu og búinn í meira en áratug að gera tilraun til þess að láta Alþ. útkljá þetta, þannig að ekki verði lengur um það deilt, að ég hafi þar á réttu að standa. Ég hef flutt frv. um þetta, sem nú liggur fyrir fjhn., sem þetta frv. á að fara til. Mín skoðun er sú, að ríkið eigi þessa verksmiðju, eins og nú er, og það standi alveg ótvírætt í núgildandi l. um áburðarverksmiðjuna. Í 3. gr. stendur: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþ.“ Í frv., sem hv. framsóknarþm. leggja fyrir, er orðalagið, að verksmiðjan skuli vera — ég held, að það sé orðað: sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn samkv. l. þessum, verksmiðjuna megi hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess í l. Verksmiðjan er núna samkv. 3. gr. l. sjálfseignarstofnun, sem Alþ. hefur allt vald yfir. Sjálfseignarstofnun er aðeins annað orð yfir að vera eign ríkisins, þó að ríkið hins vegar kæri sig ekki um að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum viðkomandi stofnunar, meira en það gengur í ábyrgð fyrir samkv. sérstökum l. og sérstökum ákvæðum. Sjálfseignarstofnun er raunveruleg eign þjóðararinnar, sem lýtur sérstakri stjórn frá hálfu Alþ. Áburðarverksmiðjan er og hefur verið ríkiseign. Og ég vil skora á hv. flm. að flytja þó ekki frv. hér á Alþ. um að taka upp eignarnám án þess að hafa hugmynd um, hvað það er, sem þeir ætla að taka eignarnámi. Þarna er aðeins um tvennt að gera, geta aðeins tvær skoðanir komizt að. Annaðhvort er sú skoðun rétt, sem ég held fram og styðst við 3. gr. núgildandi l., að ríkið eigi þessa verksmiðju, hún sé sjálfseignarstofnun, sem lýtur stjórn ríkisins, eða þá hitt sé rétt, sem sumir hafa haldið fram, og þar liggur þó aðeins fyrir nokkur yfirlýsing frá hálfu hæstv. landbrh., sem hér var fyrir 10 árum, minnir mig, núv. hv. 1. þm. Vestf., um, að rekstrarhlutafélagið, sem minnzt er á í 13. gr., ætti þessa verksmiðju. Þeim skilningi mótmælti ég strax þegar þessi yfirlýsing kom fram, og síðan hefur Alþ. ekki tekið ákvörðun í þessum efnum. Og áður en nokkurt frv. er afgreitt frá Alþ., álít ég, að það verði að liggja fyrir, hver er skoðun Alþ. á því, hver á verksmiðjuna. Stendur Alþ. fast á sínum eigin l., þar sem stend-

ur í 3. gr., að þetta sé sjálfseignarstofnun, eða ætlar það að láta þessar gömlu yfirlýsingar ráðh. hafa þarna áhrif á sig? Nú gæti verið, að hv. flm. vildu svara þessu á þá leið að segja: Ég veit það ekki, hver á þessa verksmiðju. Þetta litla 300 millj. kr. fyrirtæki liggur þarna inni í Gufunesi, og ég veit ekkert, hver á það. Og ég vil ekkert segja um það, hvort það er þjóðin, sem á þetta, eða hvort það er eitthvert pínulítið rekstrarhlutafélag með 10 millj. kr. hlutafé, sem á þetta.

Ég tók eftir því, að hv. flm. talaði ákaflega varlega í þessu efni og passaði í allri sinni framsöguræðu að koma aldrei inn á raunverulega að lýsa neinni skoðun um, hver ætti þetta. Og þá er bezt fyrir okkur að athuga það: Er hægt fyrir okkur alþm. að afgreiða þetta mál út úr Alþ., hvaða skipun sem við nú viljum hafa á þessu í framtíðinni, án þess að taka ákvörðun um þennan hlut? Það erum við, sem höfum sett þessi lög, það er Alþ., sem hefur sett þessi lög, og það er auðvitað Alþingi, sem á að kveða á um það, hvernig það sjálft skilur þessi lög sín, ef 13. gr. að einhverra áliti stangast á við 3. gr. Þess vegna álít ég, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að það sé Alþ., sem sker úr um þetta. Og ég hef í því frv., sem ég er oft búinn að flytja hér og þarf ekki að kynna, lagt til, að Alþ. geri það með því móti að fella 13. gr. niður, fella hana einfaldlega niður. Hv. þm. þekkja hana. Þar er sagt, að ef vissum ákvæðum sé fullnægt, skuli verksmiðjan rekin sem hlutafélag. Nú eru þess mörg dæmi í okkar þjóðfélagi, að einn aðili eigi ákveðna fasteign eða ákveðna verksmiðju og annað slíkt og annar aðili taki hins vegar að sér að reka það. Það eru meira að segja til hlutafélög í Reykjavík, þar sem ákveðin eign er eign ákveðins hlutafélags og annað hlutafélag tekur að sér rekstur viðkomandi eignar, þannig að þess eru mýmörg dæmi, að þessi greinarmunur sé þarna gerður. Og eftir mínum skilningi og skilningi fleiri aðila, eins og ég hef oft vitnað hér til áður og skal ekki ítreka, er rekstrarhlutafélagið Áburðarverksmiðjan h/f eingöngu aðili, sem á að reka þessa verksmiðju, sem á að sjá um rekstur hennar og ekki neitt annað, en eign á henni sé alveg ótvíræð samkv. 3. gr. l., enda veit ég það ósköp vel, að þegar 13. gr. var smyglað inn í Ed., eftir að við höfðum afgreitt frv. úr Nd. 1949, vildi sá maður, sem brtt. flutti, einmitt breyta 3. gr., vegna þess að hann fann náttúrlega, að þetta stangaðist á, en fékk það ekki fram.

Nú vil ég alveg eindregið skora á hv. þm. Framsfl., hv. 1. flm. eða hvern þeirra sem væri, að svara þessu skýrt og skorinort, hver á að þeirra áliti verksmiðjuna nú. Það, að ég legg svona mikla áherzlu á þetta, er af því, að ég hef orðið var við og séð mjög greinilega af því, hvernig þetta frv. er samið, að það er verið að reyna að koma sér hjá því að segja nokkuð um þetta. Í ýmsu, sem fallið hefur frá Framsfl. áður, hefur Framsfl., sérstaklega hans ráðh. hér fyrrum, áður en þetta varð að eins miklu deilumáli og það hefur orðið, verið óvarkárir í þessum efnum og lýst yfir því, að hlutafélagið ætti þetta. En ég tók eftir, að hv. 1. flm., hv. 2. þm. Sunnl., varaðist mjög vel í sinni ræðu að gefa nokkra slíka yfirlýsingu. En það verður ekki komizt hjá því hins vegar, þegar málið er rætt, að það verður að koma fram álit manna á því, einmitt alþm., hver það er, sem á hana.

Nú skulum við segja, að þetta frv. hv. þm. Framsóknar yrði samþ. svona, án þess að þeir hefðu gefið nokkrar yfirlýsingar eða án þess að nokkrar yfirlýsingar yrðu gerðar hér á Alþ. um þetta mál. Hvað mundi þá gerast? Þá mundi það gerast, að t. d. lögfræðingar eða sú n., sem t. d. hæstiréttur fengi þarna til þess að sjá um matið á hlutabréfunum, það mundi verða lagt í þeirra hendur með því, hvernig þeir mætu hlutabréfin í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, það mundi verða lagt í þeirra hendur að meta hlutabréfin eftir því, hvort þeir álitu, að þetta hlutafélag væri aðeins rekstrarfélag, þar sem einkahluthafar ættu að fá sæmilega vel borgað fyrir það fé, sem þeir hefðu lagt fram og geymt þarna alllengi, án þess að fá af því vexti og nokkurn gróða sem héti, — það mundi reyna á, hvort þessir lögfræðingar eða þessi n. liti svo á, að þeir ættu bara að fá góða uppbót á það og það ætti að borga þeim vel fyrir þetta hlutafé, eða hvort þeir hins vegar litu þannig á, að þessir hluthafar, t. d. einkahluthafarnir, væru að 9/10 hlutum eigendur verksmiðjunnar. Ef það væri lagt í hendur þessara manna, mundu þeir kannske annars vegar segja, ef þeir álitu, að rekstrarfélagið væri aðeins rekstrarfélag og einkahluthafarnir, sem hefðu lagt fram 4 millj., ættu þess vegna að fá þær vel uppbættar, að það væru kannske 10—20 millj., sem þeir ættu að fá fyrir þær, kannske ofur lítið meira. Hins vegar, ef þessir menn litu svo á, að þessir menn ættu áburðarverksmiðjuna, líta hlutirnir allt öðruvísi út, þá er þarna eign upp á 350 millj. kr. að öllum líkindum nú, sem er búin að borga sig þó nokkuð niður, og þá mundi verða litið svo á af hálfu þessara manna, sem hæstiréttur tilgreindi, að þeir ættu að fá það, sem samsvaraði, að þeirra hlutafé væri metið á móts við 1/10 hluta af skuldlausri eign áburðarverksmiðjunnar. Þetta réði þess vegna alveg úrslitum, hvernig þarna yrði litið á.

Ég hef oft bent á það áður og skal ekki endurtaka það, að ef það væri beðið með að útkljá slíkt, af því að menn væru alltaf í standandi vandræðum á Alþingi um að gera þetta upp við sjálfa sig, hvor ætti verksmiðjuna, ríkið eða þetta hlutafélag, og það væri beðið með þetta í 20 ár, — það er búið að bíða meira en 10 ár núna, — þá mundi svo komið, að áburðarverksmiðjan ætti þá að vera búin að borga sig niður og þetta ætti að vera hrein eign, 350 millj. kr., og ef þá kæmu einhverjir aðilar, sem á endanum gerðu út um það, að það væri þetta rekstrarfélag, sem ætti áburðarverksmiðjuna, væru 1/10 af þeirri eign bókstaflega 140 millj., sem menn hefðu þá upp úr sínum 4 millj.

Það er sem sé alveg gefið mál, að það er óþolandi fyrir Alþ. að láta þetta mál vera óútkljáð. Við skulum bara segja, að málið hefði verið sent svona út og einhverjir dómkvaddir menn af hæstarétti ættu að gera þar út um og svo færu þeir að kanna allt þetta mál og svo rækjust

þeir allt í einu á, að einn hæstv. landbrh. lýsti því yfir, hvenær sem það nú var, 1953—1954, að þessi áburðarverksmiðja væri eign hlutafélagsins, og hluthafarnir hljóti þess vegna síðan að hafa staðið í þeirri meiningu, að þetta væri þeirra eign, og þetta er búið að ganga svona til í 10—12—13—14—15 ár, og þeir hljóta þess vegna að hafa öðlazt sína hefð á þetta, þeir hljóta að vera eigendur. Ef svona gengi sem sé til, væri búið, svo að ég segi ekkert ljótt orð, að taka verksmiðjuna úr eign ríkisins, sem hún raunverulega er, í eign þessa hlutafélags með þessari ráðherrayfirlýsingu framsóknarráðh. fyrir 10—12 árum, ef hún þætti næg af hálfu dómkvaddra manna til þess að líta svo á, að með því hefði verið skorið úr af hálfu Alþ. um það, að þessi verksmiðja væri eign rekstrarfélagsins. Þess vegna vil ég, þegar þetta frv. nú liggur fyrir, undirstrika nauðsynina á því í fyrsta lagi, að allir þm. geri sér ljóst, hvað þarna er um að ræða. Það er ekki um það að ræða að gera áburðarverksmiðjuna að eign ríkisins, það er hún. Það er hún alveg ótvírætt, og það er það, sem ég hef lagt til nú í mörg ár að verði skorið úr með ótvíræðri lagabreytingu, með því að fella niður 13. gr. og láta hina standa. Það, sem er raunverulega lagt til, ef þetta frv. gengi fram eins og það er, er, að það sé látið vera undir þeirri tilviljun komið, hvernig þrír menn kannske eða tveir menn líta á, sem hæstiréttur seinna meir tilnefnir, hvort þetta sé eign ríkisins eða hvort þetta sé gefið hlutafélaginu og síðan tekið af hlutafélaginu eignarnámi og borgað fullt fyrir.

Það, sem ég hef barizt á móti allan tímann, er, að þessi stóra eign væri tekin úr eigu ríkisins með einfaldri ráðherrayfirlýsingu. Svo framarlega sem þetta frv. færi í gegn, eins og það er núna, þetta frv. hv. framsóknarþm., og síðan yrði af hálfu dómkvaddra manna frá hæstarétti litið svo á sem þetta væri eign hlutafélagsins, er búið að takast að ná þessu úr eign ríkisins og gefa Áburðarverksmiðjunni h/f þetta, og þá væri með þessu frv. bara verið að slá því föstu, að nú svo að segja kaupum við þetta, við tökum þetta eignarnámi af þessu hlutafélagi og borgum því svona og svona mikið verð fyrir. Og það er þetta, sem ég álít, að væri svo að segja alveg óþolandi. Þá hefði þessi ljóti leikur, sem ég hef margsinnis átalið, að vissir ráðh. skuli hafa lýst yfir, að þetta væri eign rekstrarfélagsins, þá hefði hann tekizt og þá væru þeir búnir að valda ríkissjóði tjóni upp á marga tugi millj. kr. með slíkum yfirlýsingum, ef þær væru teknar gildar. Og það er það, sem ég hef stundum kallað framsóknaraðferðina í þessum efnum, að gefa fyrst með ráðherrayfirlýsingu einkahluthöfunum í Áburðarverksmiðjunni h/f sinn hluta í áburðarverksmiðjunni og ætla svo með þessum l. að taka þessa gjöf eignarnámi og þá náttúrlega samkv. stjórnarskránni borga hana fullu verði og gera þar með hlut einkahluthafanna svona stóran, að hann mundi nema, ef það væri gert núna, nokkrum tugum millj., og ef það væri beðið, þangað til þetta væri orðið meira en 20 ára, mundi það nema yfir 100 millj. kr.

Þess vegna er alveg nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst og hv. d. skeri alveg úr um þetta mál, hver á áburðarverksmiðjuna. Ég álít það vera alveg ótvírætt með 3. gr., að hún sé sjálfseignarstofnun, hún sé sjálfstæð stofnun, sem ríkið á og ræður yfir.

Ég skal ekki fara út í að rekja aftur sögu málsins, hv. 1. flm. gerði það að nokkru, aðeins minna á, að það var þessi litla brtt. í Ed., eftir að við hér í Nd. höfðum afgreitt málið sem ótvíræða ríkiseign og ríkisrekna og undir alþingiskjörinni stjórn við 3 umr. hér, var við seinni umr. í Ed. flutt þessi brtt. um að bæta við þessari 13. gr. Og allan tímann var staðið á móti því, bæði af hálfu Sósfl., sem þá hafði með þessi mál að gera hér á þingi af okkar hálfu, Sósfl. og Alþfl. stóðu báðir á móti því, að þessari 13. gr. væri bætt við. Þáv. hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, og núv. herra forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, stóðu báðir á móti þessari breytingu, sem þarna var gerð, þegar kom til kasta okkar í Nd. og við lögðum til að fella 13. gr. burt. Þess vegna álít ég, að þetta mál megi ekki fara fram hjá okkur þannig hér í þinginu, að við útkljáum þetta ekki sjálfir. Það er enginn annar aðili, sem á að skera úr um þetta, en Alþ. sjálft. Það hefur sett þessi lög, og það á að taka ákvarðanir um þetta. Hitt, hvernig á því stendur, að þetta kom inn, sem hv. 1. flm. minntist líka á, get ég alveg upplýst, hvað þar gerðist á bak við tjöldin. Það, sem gerðist þar á bak við tjöldin, var, að Alþjóðabankinn, sem átti að lána til þessa, gerði þá kröfu, að það skyldi vera þarna einkarekstur, og þessi brtt. í Ed. var flutt til þess að þóknast honum. Það var ekkert nýtt tiltæki hjá Alþjóðabankanum þá eða Marshallstofnuninni eða hver það nú var, sem lánaði þá til þessa. Það var það sama gert viðvíkjandi sementsverksmiðjunni, og hún tafðist meira að segja nokkuð, vegna þess að ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. stóð á móti þeirri kröfu, að sementsverksmiðjan yrði gerð að einkafyrirtæki, neitaði þeim kröfum, og sementsverksmiðjan var sett í gegn sem hrein ríkiseign, það var ekki látið undan með það. Þess vegna var þetta komið inn þarna, án þess að menn hefðu nokkurn tíma rætt um annað en áburðarverksmiðjan væri ríkiseign, það var bara af því að útlent vald var að skipta sér af þessu, og það var verið ofur lítið að reyna þannig að þóknast því. Við urðum aftur fyrir því sama af hálfu sama útlenda valds, Alþjóðabankans, þegar gerður var samningurinn um rafmagnið frá Sogsvirkjuninni til áburðarverksmiðjunnar. Þá var líka hnefinn settur í borðið frá hálfu Alþjóðabankans, og það var neitað að lána til Írafossvirkjunarinnar, nema því aðeins að það væri gerður samningur til 15 ára við áburðarverksmiðjuna um ákaflega lágt rafmagnsverð. Og það var gengið að þeim kröfum. Ég var þá í stjórn Sogsvirkjunarinnar og greiddi einn atkv. á móti því, það var samþ. með 4:1 atkv. að beygja sig fyrir þessum kröfum. Hins vegar er nú búið að segja upp þeim samningi með tilskildum 3 ára fyrirvara, og hann rennur út 1968. Ég skal ekki segja um, hvort þetta kann að einhverju leyti að valda því, að nú vilja meira að segja hv. þm. Framsfl. fara að gera það alveg ótvírætt, kannske með miklum kostnaði fyrir ríkið, að áburðarverksmiðjan

sé ríkiseign. Þeir reikni það svo út, að það muni vera bezt, að ríkið sjálft eigist við um rafmagnsverðið í framtíðinni. En hvernig sem það kann að vera, dugir ekki að gera út um það mál á þann hátt, að það sé farið að gefa stórfé til einkahluthafanna um leið. Spurningin er: Undir hvaða kringumstæðum viljum við semja við þessa hluthafa í rekstrarhlutafélaginu? Það, sem gerir, að ég legg til, að 13. gr. sé fyrst felld niður og síðan samið við þá, það þýðir, að Alþingi og ríkisstj. hefur þá mjög góða samningsaðstöðu. Ég hef hins vegar engan veginn lagt til, að það væri farið að níðast á nokkurn hátt á þessum mönnum. Eftir að 13. gr. er fallin burt, er grundvöllurinn fyrir rekstrarhlutafélaginu fallinn burt, en hins vegar ber náttúrlega ríkinu sem slíku að gera vel við þá menn, sem í góðri trú hafa lagt fram sitt fé og hafa ekkert upp úr því haft þennan tíma, og það má gjarnan að öllu leyti reikna með því, að þeir hefðu getað varið þessu fé vel, og borga þeim út frá því þennan tíma, en hins vegar ekki fara að gefa þeim 1/10 hluta af áburðarverksmiðjunni. Ég vonast þess vegna til, að hv. flm. geri nú alveg ljósa grein fyrir sinni skoðun í þessu efni og svari þessari spurningu minni: Hver á áburðarverksmiðjuna að þeirra áliti?

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur nú haldið alllanga ræðu hér um þetta mál, á ýmsan hátt fróðlega ræðu, þar sem hann hefur bæði nokkuð rakið sögu þessa máls og enn fremur lýst sínum skoðunum um það í ýmsum atriðum. Í þeirri tiltölulega stuttu ræðu, sem ég flutti hér í dag sem framsöguræðu fyrir málinu, reyndi ég að draga fram þau rök, sem mér þótti mest um vert, að fram kæmu, til þess að skýra það, í hvaða tilgangi við framsóknarmenn berum þetta frv. fram. Það er staðreynd, sem öllum er kunn, að þegar áburðarverksmiðjan var reist eða stofnuð, var það gert með hlutafjárframlögum, þar sem hlutaféð var 10 millj. 4 millj. voru frá einstaklingum og félögum, eins og áður hefur komið hér fram og ég nefndi í dag, en hitt frá ríkinu. Það, sem á vantaði, til þess að þetta nægði fyrir stofnkostnaði verksmiðjunnar, lagði svo ríkið sjálft fram.

Ég vil ekki koma mér undan því að svara hv. þm. um það, hvaða skoðun ég hef á þessu. Eins og hann sjálfur veit, eru í frv. ákvæði um það, að n., sem á að vera tilnefnd af hæstarétti, eigi að meta hlutabréfin í verksmiðjunni. Ég tel, að í þessu ákvæði felist alveg fullkomið öryggi um það, að hvorki verði gengið á hlut ríkisins né annarra hluthafa í þessu fyrirtæki. Mér finnst, að í þessu svari mínu felist það, að Framsfl. vill láta skera úr þessu atriði af hlutlausum aðila og telur þá aðferð eiga að tryggja það, að hvorki pólitísk né hagsmunaleg sjónarmið ráði úrslitum í þessu máli, sem talsvert hefur verið deilt um, eins og fram hefur komið hjá hv. 3. þm. Reykv., sem hér var áðan að ljúka máli sínu.

Ég held, að ég hafi nú ekki þessi orð fleiri. Eins og ég sagði, tók ég það fram í dag í sambandi við framsögu um þetta mál, sem mér þótti þá mestu varða að fram kæmi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Sunnl. svaraði nú ekki minni spurningu um, hver væri skoðun hans eða Framsfl., hver ætti verksmiðjuna, hvort ríkið ætti hana eða hvort hlutafélagið ætti hana, heldur svaraði hann aðeins, að það væri hans skoðun, að það ætti að skera úr þessu af hlutlausum aðila. Var það ekki rétt skilið hjá mér? (ÁÞ: Jú, jú.) Það er einmitt þetta, sem ég álít að geti ekki komið til mála. Ég held, að það geti ekki komið til mála, að Alþ. svo að segja kasti því út til einhvers og einhvers manns, þó að hann sé útnefndur af hæstarétti, að útkljá svona efni. Hlutlausir aðilar, það er erfitt að finna þá í okkar þjóðfélagi, og þeir aðilar, sem ættu að útkljá um slíkt, hefðu aðeins eitt að halda sig við, og það eru lög, það eru lög frá Alþ. Og ef sá löggjafi, Alþ. sjálft, er þannig, að það veit ekki sjálft, hvað það er að setja lög um, hvernig á þá einhver og einhver maður utan þess vébanda að fara að skýra, hver þau lög séu, ef Alþ. sjálft þykist ekki einu sinni vita, hvað þau þýði? Þegar í 1. stendur, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, er það þá ekki alveg ótvírætt, hver það er, sem verksmiðjuna á? Hún á að eiga sig sjálf, en það er Alþ., sem stjórnar henni. Og þetta er orðatiltæki, sem er notað, þegar verið er að einkenna þær þjóðareignir, sem ríkið ber ekki ábyrgð á fram yfir það, sem það samþykkir sérstök lög um. Svo stendur í 13. gr. í sömu l., að ef það safnist ofur lítið hlutafé, skuli verksmiðjan rekin sem hlutafélag. Það stendur ekki, að þá skuli hlutafélagið eiga hana, heldur skuli hún rekin sem hlutafélag, þá skuli reksturinn á henni, framleiðslan í þenni vera undir stjórn hlutafélags. Hver getur frekar skorið úr um þetta en Alþ. sjálft? Það getur enginn aðili frekar, ef þarna er eitthvað efazt? Og þó að einhverjum ráðh. hafi orðið á að gefa vitlausar yfirlýsingar, sem stangast á við lög, og því hafi verið mótmælt hér á Alþ., eiga menn ekki að fara að leika þann leik þannig að koma sér hjá því að útkljá þessa hluti hér á Alþingi.

Eins og gefur að skilja, fer þetta mál nú til n., og í þeirri n. kemur til með að verða tekin afstaða um það endanlega, — ef menn treysta sér til þess þá að afgreiða málið, sem menn hafa ekki treyst sér til í 10 ár, — hvernig Alþ. lítur á það. En eitt má ekki ske í því sambandi. Það má ekki ske, að þetta sé á einhvern hátt tvírætt, þegar það fer frá Alþingi. Alþ. þarf að gera þetta mál upp við sig, og mér er ósköp vel kunnugt um, að það hefur löngum verið svo á Alþ., að tveir flokkar þingsins hafa verið alveg ákveðnir í því, að það sé 3. gr., sem marki þetta mál. Ég hef haft hugmynd um það, að bæði innan Sjálfstfl. og jafnvel innan Framsfl. hafa verið menn, sem hafa verið með mér hér áður fyrr í fjhn., sem hafa verið þeirrar skoðunar, að þetta væri ríkiseign og það ætti að koma því í það lag. En það hafa verið vissir erfiðleikar vegna þeirra manna, sem eiga hlutabréf í þessu rekstrarhlutafélagi, og ég skil vel ýmsa erfiðleika hjá Framsfl. í því sambandi, af því að Samband ísl. samvinnufélaga er þarna stærsti hluthafinn. En það dugir ekki að láta það koma í veg fyrir, að við sjáum um að varð-

veita þá eðlilegu hagsmuni ríkisins og þjóðareignarinnar í þessu sambandi og láta l., eins og 3. gr. sker úr um, gilda. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að sú hv. n., fjhn., sem fær þetta til meðferðar, skili áliti um þetta mál og þá um leið um mitt frv. og Alþ. skeri alveg úr, þannig að um þetta verði ekki deilt lengur. Ég er alveg sammála þeim aðilum, sem hér hafa stundum talað, í því efni, að það sé ekki hægt lengur að komast hjá því að afgreiða þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Loðdýrarækt.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um loðdýrarækt** [130. mál] (þmfrv., A. 265).

Á 49. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég flyt frv. á þskj. 265 ásamt hv. 3. þm. Austf. og hv. 8. þm. Reykv. Með frv. er lagt til, að sett verði ný lög um loðdýrarækt, en þau lög, sem nú eru í gildi, eru frá 8. marz 1951.

Helzta nýmæli frv. er það, að minkaeldi verði að nýju leyft hér á landi með ákveðnum takmörkunum, sem greindar eru í frv. Þá er ráð fyrir því gert í frv., að ákveðin verði með reglugerð nokkur þau atriði, sem l. sjálf fjalla nú um.

Fyrir allmörgum árum var loðdýrarækt töluvert stunduð hér á landi, en með mjög misjöfnum árangri. Má yfirleitt segja, að búið hafi verið af vanefnum að þessari nýju atvinnugrein, þar sem hvort tveggja skorti fjármagn og næga þekkingu, til þess að hún gæti skilað tilætluðum arði.

Eins og kunnugt er, tókst svo illa til, að minkar sluppu hér úr búrum og girðingum og urðu brátt hinir mestu skaðvaldar víða um land. Með ærnum tilkostnaði hefur þó tekizt að halda minkaplágunni í skefjum, en vonlitið mun vera talið, að unnt verði að útrýma villiminki hér með öllu. Vegna þessara mistaka voru bornar fram kröfur um algert bann við minkaeldi, og var þeim sinnt með þeim hætti, að lögleitt var á árinu 1951, að óheimilt skyldi að reisa hér á landi ný minkabú og hætt skyldi innan 5 ára minkaeldi, sem þá hafði verið byrjað á. Rétt er svo að taka fram, að samkv. 11. gr. l. nr. 56 frá 1949, um eyðingu refa og minka, höfðu sýslunefndir og bæjarstjórnir heimild til þess að banna minka- og refaeldi í umdæmum sínum.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um og ritað, að rétt væri að leyfa hér að nýju minkaeldi, og í því sambandi hefur m. a. verið bent á eftirfarandi atriði: 1) Í mörgum löndum og þá ekki hvað sízt á Norðurlöndunum hefur minkaeldi reynzt ábatasamur atvinnuvegur. Eftirspurn eftir minkaskinnum hefur farið vaxandi, og allt virðist benda til þess, að minkurinn haldi velli í tízkuheiminum. 2) Hér á landi er í stórum stíl framleitt það fóður, sem mest er notað til minkaeldis, þ. e. a. s. hvers kyns fiskúrgangur. Útflutningur þessarar vöru hefur stöðugt farið vaxandi. Ýmiss konar úrgangur fellur og til frá sláturhúsum, sem nota mætti til minkaeldis. 3) Villiminkur er nú til í landinu og litlar horfur á því, að honum verði útrýmt með öllu. 4) Með því að vanda sérstaklega til loðdýragarðanna ætti ekki að vera mikil hætta á því, að dýrin slyppu út. Bygging garðanna yrði því að fara fram undir eftirliti, og síðan þyrfti að fylgjast með rekstri þeirra og viðhaldi. 5) Minkaeldi ætti með tímanum að geta fært þjóðinni verulegar gjaldeyristekjur og atvinnu fyrir fólk og þá sérstaklega í sjávarplássunum. Flm. frv. taka undir þessi rök og leggja því til, að bannið gegn minkaeldi verði numið úr lögum.

Ég vil nú aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir efni frv.

Ákvæði 1. og 2. gr. þess eru efnislega að mestu samhljóða 1. og 2. gr. gildandi l. um loðdýrarækt frá 1951, þ. e. a. s. að mestu leyti orðaskýringar. 3. og 4. gr. frv. fjalla um loðdýragarða o. fl., en ætlazt er til, að um gerð garðanna og rekstur þeirra og eftirlit verði sett ýtarleg ákvæði með reglugerð, sbr. 7. gr. frv. Þá er kveðið á um það í 5. gr., að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum l. verði fylgt. Samkv. l. starfar veiðistjóri undir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Gert er ráð fyrir því, að hann hafi haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka. Flm. telja ekki ástæðu til þess að svo stöddu að stofna sjálfstætt embætti, sem annist verkefni, er frv. gerir ráð fyrir að leysa þurfi af hendi. Veiðistjóri annist þau með aðstoð og fyrirgreiðslu Búnaðarfélagsins.

Frv. gerir og ráð fyrir því, að landbrh. veiti leyfi til stofnsetningar loðdýragarða að fengnu áliti veiðistjóra. Ber þessum aðilum að kynna sér rækilega öll gögn umsækjenda og eftirlit með því, að skilyrðum öllum verði fylgt, eftir að leyfi hefur verið veitt. Í frv. er ákvæði til bráðabirgða, þess efnis, að leyfi til minkaeldis samkv. l. skuli næstu 2 árin eigi veitt fleiri en 5 aðilum. Með þessu á að sporna gegn því, að of geyst verði farið í sakirnar fyrst í stað. Þar sem vanda verður til loðdýragarðanna, verður ekki komizt hjá allverulegri fjárfestingu, enda æskilegt, að reynslan kenni mönnum og leiðbeini í þessari atvinnugrein sem öðrum. Með því að hafa loðdýragarðana tiltölulega fáa fyrst í stað, verður auðveldara að koma við öruggu eftirliti, sem er ein af forsendunum fyrir því, að vel takist til.

Síðan minkaeldi var bannað hér með l., hafa margir hvatt eindregið til, að það yrði tekið upp að nýju. Aðrir hafa verið því andvígir og einnig látið til sín heyra. Fyrir nokkrum vikum birti blaðið Vísir viðtöl við nokkra kunnáttu

menn á sviði minkaræktar. Einar Farestveit stórkaupmaður telur, að aðstæður til minkaeldis séu eins góðar og frekast verði kosið hér á landi og við getum framleitt jafngóð skinn og bezt gerist með öðrum þjóðum. Hann bendir á, að einn veigamesti kostnaður við minkaeldi sé fóður, ca. 60—70%, en af því höfum við 98% innanlands. Fiskúrgangur sé hvergi ódýrari en hér á landi. Sveinn Einarsson veiðistjóri tjáir sig ekki andvígan minkaeldi. Hann segir, að við höfum ekkert nema tjónið og kostnaðinn af minknum, en sleppum þeim hagnaði, sem af honum megi hafa. Hann telur og, að útbúnaður á minkabúum muni víða vera orðinn það vandaður, að ekki ætti að vera hætta á, að dýrin sleppi úr haldi. Carlsen minkabani, sem allir kannast við, er ekki heldur andvígur minkaeldi hér á landi, en leggur á það áherzlu, að ströng viðurlög þyrfti að setja við trassaskap á frágangi búanna. Ásberg Sigurðsson sýslumaður reit fyrir nokkrum dögum mjög athyglisverða grein um minkaeldi í Morgunblaðið, og leyfi ég mér að benda þeim á, sem vilja kynna sér málið, að lesa greinina. Hann segir m. a., að Norðmenn hafi, síðan við bönnuðum minkaeldi á árinu 1951, tífaldað gjaldeyristekjur sínar af útflutningi minkaskinna og flytji nú út skinn fyrir u. þ. b. 500 millj. danskra kr. Hann segir, að loðdýrarækt sé ung atvinnugrein í Danmörku, en Danir hafi þó á s. l. ári flutt út minkaskinn fyrir 1000 millj. ísl. kr. Ásberg bendir á, að minkaeldi yrði hin mesta lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn, þar sem minkaframleiðendur hafi keypt fiskúrgang fyrir rúmar 3 kr. kg, sem er miklu hærra verð en fæst fyrir mjölvinnslu.

Ég vildi svo að lokum leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa stutta grein, sem kom í blaði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna núna rétt fyrir áramótin um minkaskinnaframleiðslu:

„Oft er á það minnzt, að auka þurfi fjölbreytni atvinnuveganna. Í því sambandi eru settar fram vissar hugmyndir. Eru þær sumar hverjar gagnlegar, en aðrar afar óraunhæfar. Ein hugmynd, sem sett hefur verið fram, hefur nálgazt það að verða bannfærð af ýmsum, en það er hugmyndin um að koma á stórfelldu minkaeldi hér á landi. Bannfæringin stafar m. a. af hinni slæmu reynslu Íslendinga, er minkaeldi var leyft hér fyrir rúmum 20 árum. Minkaeldið var eftirlitslaust, og mátti víða sjá á þeim tíma ófullkomin búr innan lélegra girðinga og upp um holt og hæðir. Raunin varð sú, að fjöldi dýra slapp út og gerði mikil spjöll í fuglalífi og veiðiám landsins. Auk þess var víða litt vandað til fóðursins og skinnið þar af leiðandi lélegt.

Frá því að þetta var, hefur mikið vatn runnið til sjávar og mikil breyting orðið á í heiminum. Lífskjör á vesturhveli jarðar hafa haft í för með sér gífurlega eftirspurn eftir alls kyns loðskinnum og þó sérstaklega eftir minkaskinnum. Á þessu bannтímabili á minkaeldi á Íslandi hafa nágrannaþjóðir okkar, Danir, Svíar, Norðmenn, Finnar og Færeyingar, hafið stórfellda minnkaskinnaframleiðslu á vísindalegum grundvelli. Er þessi framleiðsla orðin að mikilvægri atvinnugrein, eins og m. a. má sjá af því, að sala danskra minkaskinna mun á þessu ári nema um 1200 millj. kr. Til samanburðar má nefna, að heildarútflutningur Íslendinga á hraðfrystum sjávarafurðum var 1300 millj. kr. árið 1963.

En hvers vegna skyldu Íslendingar sérstaklega hugleiða þessi mál nú? Það er vegna þess, að hérlendis eru hin ákjósanlegustu skilyrði til minkaskinnaframleiðslu. Aðalfæða minksins er fiskúrgangur. Íslendingar hafa flutt út allt upp í tíu þús. tonn af frystu minkafóðri til eldisstöðva á Norðurlöndum. Vandlátustu skinnaframleiðendur telja það frumskilyrði, að íslenzkur fiskúrgangur sé í fæðunni, ef góð skinn eigi að fást. Úrgangur við sauðfjárslátrun, blóð, mör o. þ. h., er einnig hluti af fæðu minksins."

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 22:2 atkv.

Á 61., 63. og 64. fundi í Nd., 1., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 265, n. 383 og 388).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um loðdýrarækt hefur legið fyrir hv. landbn. Nd., og n. ræddi það á nokkrum fundum, sendi það til umsagnar nokkurra aðila, og þær umsagnir bárust og eru, svo sem hv. alþm. hafa séð, prentaðar sem fskj. með nál.

Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins, en það vildi svo til, meðan þetta frv. var til athugunar hjá n., að það urðu skipti vegna tilkomu varaþm. einmitt í n., þannig að t. d. hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, var fjarverandi að mestu, á meðan þetta var rætt í n., en varamaður hans hins vegar með, en þegar kom til, að það væri afgr., var hv. þm. Ágúst Þorvaldsson hins vegar kominn, en þá taldi hann sig hafa of lítil kynni haft af málinu, til þess að hann vildi taka afstöðu til þess. Einnig má segja svipað um hv. 5. þm. Vestf., hann var fjarverandi við lokaafgreiðsluna, en fylgdist að öðru leyti nokkuð með umr. um málið í n., en kaus þó vegna þess að standa ekki að þessu nál. En um afstöðu hans að öðru leyti skal ég þó ekki neitt segja, enda mun hann sjálfur gera grein fyrir því við þessa umr., ef hann sér ástæðu til. En svo sem nál. ber með sér, erum við 4 nm., sem stöndum hér að áliti meiri hlutans og þó einn með fyrirvara, og við leggjum til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, þó með nokkurri orðalagsbreytingu á ákvæði til bráðabirgða, eins og fram kemur á þskj. 383.

Ég vil aðeins víkja að umsögnum þeim, sem bárust um þetta mál, m. a. og sérstaklega því, sem segir í niðurlagi umsagnarinnar frá búnaðarþingi, þar sem vikið er að því, að samkv. l. um stofnlánadeild landbúnaðarins sé gert ráð fyrir, að heimilt sé úr þeirri deild að lána til loðdýraræktar. Út af þessu vil ég aðeins benda á það, að þar er gert ráð fyrir ýmsum fleiri

verkefnum, sem enn hefur ekki verið unnt vegna takmarkaðra fjárráða í stofnlánadeildinni að sinna, og ég tel ástæðulaust að óttast, þó að í einhverjum mæli yrði farið af stað með loðdýrarækt, að stjórn stofnlánadeildarinnar teldi sér fært að hefja lánveitingar í því skyni, meðan ýmsum öðrum sviðum, sem þar er einnig gert ráð fyrir að lán séu veitt til, hefur ekki verið unnt að sinna. Ég taldi rétt að benda á þetta vegna þess, sem fram kemur í niðurlagi grg. búnaðarþings.

Þá er annað atriði, sem fram kemur í umsögn veiðistjóra. Hann bendir á, að það muni vera hyggilegt að setja inn í frv. ákvæði um hámarksfjölda dýra í væntanlegum loðdýrabúum. Ég fyrir mitt leyti tel þetta mjög skynsamlega ályktun. En það er kannske á þessu stigi, þó að hann bendi þarna á 1000 fullorðnar læður, dálítið örðugt að slá því föstu, hvort það er einmitt hið rétta, en auk þess er þetta í raun og veru framkvæmdaatriði, sem, eins og við vikjum að í nál., liggur hér fyrir til athugunar, þegar til leyfisveitinganna kemur, ef lög verða sett.

Að öðru leyti ætla ég ekki á þessu stigi málsins að fjölyrða um það. Það er svolítið sérstakt með þetta mál, að það virðist vera nokkurt tilfinningamál með þjóðinni, og það kann að vera, að ekkert sé óeðlilegt við það vegna forsögu þess. En ég held, að það sé mjög örðugt að færa rök gegn því, að við eigum að hefja tilraun með ræktun minka í búrum hér, með þeim rökstuðningi, að það sé svo hætt við, að þeir sleppi úr haldi, vegna þess að við höfum villiminkinn fyrir. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að vitanlega hefði mér aldrei komið til hugar að flytja frv. um það að hefja hér ræktun minka, ef þeir hefðu aldrei til landsins borizt. En við höfum reynt að setja þetta frv. fram í því formi, að það sé gætt fyllstu varúðar og það sé ýtt úr vör eða farið af stað með það í huga að skapa nokkra reynslu í þessari atvinnugrein, áður en segja má, að það verði gefið með öllu frjálst. Ég held, að það sé gætt skynsamlegrar varúðar. Það má deila um það, hvort búin ættu að vera 2, 5 eða 10 í byrjun, það má líka deila um það, hvort tímabilið, sem þetta er bundið til að byrja með, eigi að vera 2 eða t. d. 3 ár. Einhvers staðar þarf að setja markið og það er sem sagt mat okkar, — við ræddum þetta allmikið í n., — en það var mat okkar, að við hefðum hitt þarna nokkuð nærri meðalhófinu.

Við þessir 4 í meiri hluta landbn. leggjum sem sagt til, að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Með þessu frv. er vakið upp á Alþ. deilumál, sem hér hefur verið öðru hverju í meira en 3 áratugi. Í þessari deilu hafa jafnan togazt á tvö öfl, annað draumurinn um það, að við gætum komið okkur upp nýjum atvinnuvegi, sem veitti þjóðinni miklar tekjur, og hins vegar óttinn við það, að illa kynni að fara við innflutning á mink til landsins, óttinn, sem fyrir löngu varð að veruleika. Í staðinn fyrir gullið, sem hér átti að flæða inn, fékk þjóðin hörmulega landplágu, villiminkinn.

Minkaeldi var stundað hér á landi í meira en 20 ár. Það reyndist aldrei sá arðvænlegi atvinnu- og gróðavegur, sem menn höfðu gert sér vonir um. Það var upplýst af reyndum mönnum, m. a. hér á Alþingi, að minkabú voru oft rekin með tapi og gjaldeyristekjur af þeim urðu aldrei svipaðar því, sem menn hafði dreymt um.

Þegar minkaeldi loks var bannað fyrir nokkru meira en áratug, var þetta hrörnandi, lítil atvinnugrein og aðeins sjö bú starfandi í landinu. Þó var nægur markaður fyrir minkaskinn, þó var nægur fiskúrgangur, sem við þurftum að koma í verð, en samt gekk ekki betur.

Þegar minkurinn var fyrst fluttur inn, vöruðu náttúrufræðingar okkar við því, að mikil hætta væri samfara flutningi þessa „gráðuga og slungna rándýrs“, svo að ég noti þeirra orð, til landsins. Þeir töldu, að aldrei yrði hægt að búa svo um, að eitthvað af þessum dýrum slyppi ekki út og stofn þeirra kæmist upp villtur í landinu.

Aðvaranir náttúrufræðinganna reyndust vera á rökum reistar. Minkurinn slapp fljótt úr búrum, villiminkastofninn óx hröðum skrefum og breiddist út um mestallt landið, þar sem hann hefur valdið gífurlegu tjóni. Nú þarf Alþingi að verja milljónum króna á hverju ári til að reyna að eyða villimink eða a. m. k. að halda honum í skefjum. Þetta er það, sem við fengum í staðinn fyrir gullið, sem menn dreymdi um fyrir 1930 og raunar oft síðan, gullið, sem menn dreymir enn um að hafa upp úr þessum mjög svo varhugaverða og áhættusama atvinnuvegi.

Villiminkur hefur orðið miklu alvarlegri plága hér á landi en hann er t. d. á Norðurlöndum, vegna þess að íslenzk náttúra hefur verið einangruð í milljónir ára, en t. d. á Norðurlöndum er ekki um slíka einangrun að ræða. Þar eru mörg villidýr og hafa verið í þúsundir ára, þannig að náttúran öll hefur á löngu tímabili lagað sig að þeim aðstæðum. En hér er sérstök viðkvæmni fyrir innflutningi dýra, sem við höfum oft rekið okkur á, t. d. á sauðfjárræktarsviðinu, og mætti ætla, að við kynnum nú að varast þennan eld, svo oft og illa sem við höfum brennt okkur á honum.

Villiminkastofninn er sérstakur þyrnir í augum þeim, sem unna íslenzkri náttúru, og þá sérstaklega hinu fjölskrúðuga fuglalífi, sem setur mikinn svip á þá náttúru. Það er fróðlegt að rifja upp, hvað maðurinn hefur gert við náttúru Íslands. Hann hefur flutzt hingað sjálfur og haft með sér ágæt og gagnleg húsdýr. En maðurinn hefur einnig eytt skógana, sem hér voru, hann hefur spillt veiðivötnum, hann hefur eytt fiskimiðum, hann hefur útrýmt fuglategundum, og hann hefur flutt með sér til þessa lands, langt úti á hjara veraldar, ekki aðeins húsdýrin, heldur líka rottur og mýs, skorkvikindi og villimink.

Á síðustu árum hefur mikið starf verið unnið til að afplána þessa 1100 ára sekt. Við höfum tekið upp stórfellt skógræktarstarf. Við erum nú á þessu þingi að samþykkja ný lög um áframhaldandi landgræðslu. Við höfum fært út landhelgi. Við höfum tekið upp ræktun fiskivatna. Við höfum bannað minkaeldi og eyðum milljónum til að halda minkastofninum í skefjum. Mundi það frv., sem hér liggur fyrir, verða skref

í rétta átt, þegar litið er á málið frá þessum sjónarhóli, eða ekki?

Eins og frsm. skýrði frá, var ég ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls í n. fyrr en rétt í lokin. En ég vakti þar strax athygli á því, að þetta frv. þokast áfram með meðmælum meiri hl. landbn., án þess að fyrir liggi álit frá náttúruverndarráði Íslands, án þess að fyrir liggi umsögn frá þeim náttúrufræðingum okkar, sem vöruðu við þessu máli í upphafi og reyndust sannspáir. Ég get ekki talið, að það sé verjandi fyrir Alþ. að afgr. svona mál, án þess að fyrir liggi skoðanir þessara aðila. Vil ég þó taka fram, að meðnefndarmenn mínir tóku því ekki illa, þegar ég stakk upp á, að leitað væri til þessara aðila, og ég segi þetta því ekki til þess að ásaka þá, en ég kom of seint aftur inn í n. til að geta gert kröfu um. að krafizt væri álitsgerða frá þessum aðilum.

Þegar við gyllum fyrir okkur þann hagnað, sem sagt er að við getum haft af minkarækt, er rétt að gleyma ekki skuld okkar við íslenzka náttúru og gleyma ekki heldur, hvað hún gefur okkur í aðra hönd á eðlilegan hátt, t. d. í dúntekju, í margs konar arði og yndi, sem við höfum af fuglalífi, fyrir lax- og silungsveiði og jafnvel alifuglarækt, sem nú er vaxandi í landinu. Allt þetta er í hættu vegna minksins og því meiri hættu sem minkastofninn eykst.

Nú er fullyrt, að tækni sé orðin svo mikil, að ekkert dýr muni sleppa úr haldi, jafnvel þó að hér væru 1—2 millj. minka, eins og Einar Sigurðsson talaði um af sínum venjulega stórhug fyrir nokkrum árum hér á Alþ. En það hefur alltaf verið sagt, að hægt væri að búa svo um, að enginn minkur slyppi út, en það hefur aldrei reynzt rétt. Ég veit ekki betur en Íslendingar hafi þekkt vel til steinsteypu og vírneta um 1930 og hafi ekki orðið neinar byltingar í tækni, sem gera það að völdum, að þetta sé ekki vandamál nú, en hafi verið það þá.

Í þessu sambandi vil ég benda á eitt atriði, og hér er í raun og veru um kjarna deilunnar að ræða, því að ég ætla engum manni, að hann sé ekki sammála mér um það, hve villiminkurinn er mikil og hættuleg plága. Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir fáum búum, en svo sem fram kom hjá frsm. meiri hl., á það aðeins að vera byrjunarstig og síðan á að gefa málið frjálst. Ég tel sjálfsagt, að hann hafi ekki átt við, að það eigi að gefa villiminkinn frjálsan. En augljóst er, að þjóðhagslega er lítill hagur af 5, 8 eða 10 búum. Ef teljandi hagur á að verða af minkaeldi, verða að vera mörg hundruð þúsund dýr, og Einar Sigurðsson áætlaði á sínum tíma, að við þyrftum frá 1½—2 millj. til þess að hagnýta allan fiskúrganginn. En segjum svo, að við göngum ekki það langt. Nú er talað um, að við mundum geta litið á 1—2 þús. minka bú sem stórbú, þó að þau séu auðvitað til miklu stærri, en allur þorri minkabúa í Noregi mun vera minni. Ef við eigum að koma þessum minkastofni upp svo stórum, að af honum verði einhver efnahagsleg þýðing, þannig að hann verði a. m. k. 100—200 þús. dýr, og búin eru aðeins með 1—2 þús. dýrum hvert, verðum við að dreifa minkabúum um allt landið, og þau hljóta að verða fljótlega um 100 og síðan fleiri. Það er þetta, sem ég óttast mest, að þegar bú eru komin um allt, farin að skipta tugum og jafnvel komin á annað hundrað, kemur sama hætta og áður, þá er hætta á sömu mistökunum og áður fyrr. Þess vegna óttast ég það fyrst og fremst, að svo geti farið, að nýtt minkaeldi yrði til þess, að út slyppu dýr, og það yrði aftur til að auka enn villiminkastofninn.

Þessu til viðbótar má segja, að viðtæk reynsla er fyrir því, að barátta gegn villimink lamast, þegar minkarækt er leyfð og menn vita, að það sleppa alltaf einhver dýr út. Þá finnst þeim að starfið sé tilgangslaust, þar sem minkur komi í minks stað.

Það frv. að lögum um loðdýrarækt, sem nú er fram komið, er styttra og efnisminna en fyrri lög um sama efni. Mun veikari ákvæði eða réttara sagt engin ákvæði eru um það, hvernig hin minkaheldu bú skuli vera. Finnst Alþ. ástæða til að fara þannig með sauðkindina, að ekki megi minnast á girðingar í lögum, nema það sé nákvæmlega tiltekið, hvernig þær girðingar skuli vera, eins og við gerum í landgræðslul., í girðingal. og mörgum fleiri, en að minkinn sé hægt að afgreiða með einni setningu um, að landbrn. muni gæta hans? Mér finnst vera mjög mikið ósamræmi í þessu og sé ekki rétt að hverfa frá því, sem áður var, að hafa í l. ákvæði um þessa hluti, heldur ætti frekar að hafa um þetta ýtarlegri ákvæði en áður voru.

Með þessu frv. eða þeim skýringum, sem fengizt hafa, eru engar nánari útskýringar á því, hvernig afkoma þessara búa gæti orðið eða til hvers er að vinna, hvað milljónirnar eru margar, sem við eigum að hafa af þeim vafasama atvinnuvegi. Það er oft talað um tölur frá öðrum löndum, þar sem um er að ræða hundruð og jafnvel þúsundir milljóna, en ég veit ekki, hvaða raunverulegar hugmyndir flm. hafa um þau efni eða hvaða upplýsingar liggja fyrir um það. Mætti þó ætla, eins mikið og er í húfi, að þetta atriði væri þess virði, að lagðar væru fram allýtarlegar grg. eða skýrslur um það, hvernig þessi fyrstu bú ættu að vera og hvers konar afkomu mætti búast við, því að það þykir ekki vel undirbúið fyrirtæki nú á dögum, ef festa á í því fé eða taka einhverja áhættu, ef ekki er allýtarlega búið að leggja drög að því fyrir fram og jafnvel teikna hvern nagla og hverja skrúfu.

Þá er ekkert talað um þá sérþekkingu, sem þarf til að setja upp minkabú, en það er álit manna, sem um þetta hafa fjallað, og kom m. a. mjög skýrt fram í ýtarlegri álitsgerð, sem prentuð var sem fskj. með máli á þinginu 1960—1961, að sérþekking er nauðsynlegasta atriði þessa máls. Það þýðir ekki að leggja út í minkaeldi án þess að hafa þá sérþekkingu og reynslu, og sá, sem skrifaði grg., talaði beinlínis um, að sá íslenzki háttur að hlaupa til útlanda í 1—2 mánuði, koma svo heim og halda sig sérfræðing, dugi ekki með viðkvæman atvinnuveg eins og minkaeldi, ef það á að bera árangur. Það skyldi þó ekki vera, að við höfum ekki gert okkur grein fyrir þeirri sérþekkingu, sem þurfti, eða því, sem leggja þurfti fram, áður fyrr og því hafi Íslendingum aldrei tekizt að gera arðvænlegan, stóran atvinnuveg úr minkaeldi.

Mér finnst, að ekki séu færðar fram með

þessu frv. þær röksemdir, sem gefi Alþingi ástæðu til að breyta ákvörðun sinni á þinginu 1950—51, sem gefi Alþ. ástæðu til að afgreiða þetta mál nú á annan hátt en það gerði, þegar Einar Sigurðsson flutti það, en þá var því vísað til ríkisstj. Fylgdi þá löng og ýtarleg grg. með miklum upplýsingum, en ekkert slíkt hefur sézt að þessu sinni. Mér finnst, að málið sé engan veginn þannig undirbúið, að forsvaranlegt sé að samþykkja það með tilliti til forsögu þess, sem er stórbrotinn harmleikur í íslenzkri náttúru. Finnst mér, að hér eigi að beita ýtrustu gætni, en ekki að afgreiða málið á tiltölulega einfaldan hátt og með eins lítilli athugun og nú hefur farið fram.

Af þessum ástæðum tel ég, að nauðsynlegt sé að rannsaka þetta mál og íhuga mun betur en gert hefur verið. Þessu máli hefur fyrir skömmu verið vísað til ríkisstj., og ég hef ekki heyrt, að hún hafi látið frá sér fara neina álitsgerð eða neina niðurstöðu. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að þessu máli verði nú aftur vísað til ríkisstj., þar sem það geti fengið betri athugun, betri íhugun en hingað til.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það mál, sem hér um ræðir, er mikið hitamál í landinu, eins og kunnugt er, og sennilega verður töluvert tvísýnt um afgreiðslu þess hér í þinginu. Þó er nú ekki þess að vænta í raun og veru, að hér sé um að ræða mál, sem pólitísku flokkarnir muni láta mjög til sín taka, og ég geri ráð fyrir því, að allir flokkar muni klofna um þetta mál.

Ég tel það ekki ofmælt, að hv. alþm. séu yfirleitt litlir sérfræðingar í loðdýramálum eða minkarækt, og þó er það staðreynd, að þeir eiga að taka úrslitaákvörðun í þessu mikla hitamáli þjóðarinnar. Nú er það síður en svo nokkuð óeðlilegt, að Alþ. taki um þetta úrslitaákvörðun. Alþ. er einmitt sú stofnun, sem ætlað er að taka ákvörðun í fjöldamörgum málum, sem þó krefjast sérfræðilegrar þekkingar. En til þess að hv. alþm. geti yfirleitt tekið skynsamlega afstöðu í sérfræðilegu máli eins og þessu, er það algert frumskilyrði, að aflað sé umsagnar kunnáttumanna, vísindamanna og annarra sérfræðinga. Álit þessara vísindamanna verður að liggja fyrir, áður en þingið tekur ákvörðun og einstakir þm. Ef svo er ekki, liggur í augum uppi, að það er hrein og bein tilviljun, sem ræður því, hver útkoman verður í máli eins og þessu, sem flestir alþm. hafa í sannleika sagt mjög lítið persónulegt vit á. En hefur þá verið leitað álits kunnáttumanna og vísindamanna í þessu máli? Í nál. meiri hl. hv. landbn. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og varð ekki einhuga um afgreiðsluna. Hún sendi það til umsagnar þriggja aðila: Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, búnaðarþings og veiðistjóra. Umsagnir hafa borizt frá þeim öllum, og má segja, að þær séu allar jákvæðar, þótt misjafnlega sé."

Ég tel vissulega ekki óeðlilegt, að þetta mál sé sent til veiðistjóra, eins og gert hefur verið, því að hann á að hafa eftirlit með frágangi minkabúanna hvað öryggi snertir. Og vissulega er það ágætt, að búnaðarþingi hefur verið sent það til umsagnar, því að það eru bændurnir, sem bera mesta tjónið af minknum, ef hann sleppur út úr búrunum. Og ég ætla ekki heldur að hafa á móti því, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segi sitt álit, því að það eru einmitt frystihúsin, sem eiga að selja fiskúrganginn ofan í minkinn. En sem sagt, hvar eru sérfræðingarnir og vísindamennirnir? Hvers vegna er ekki leitað til náttúrufræðinganna? Hvers vegna er verið að lauma í gegn lögum um innflutning á lifandi dýrum, án þess að vísindamenn séu spurðir, hvaða áhrif þetta geti hugsanlega haft á íslenzka náttúru?

Ég kvaddi mér nú hljóðs hér, strax og þetta mál var tekið á dagskrá, til þess að benda á þetta sérstaka atriði, vegna þess að í nál. meiri og minni hl. þeirrar n., sem um þetta fjallaði, hv. landbn., kemur ekki fram neitt um þetta atriði. En síðan ég kvaddi mér hljóðs, hefur Benedikt Gröndal, hv. 5. þm. Vesturl., upplýst, að hann hafi á seinustu fundum bent á þetta sjálfsagða atriði. Ég vil nú mega bæta því við, að hér er ekki aðeins um sjálfsagt mál að ræða, sem landbn. hefði átt að gæta, hér er líka um lagaskyldu að ræða, hreina lagaskyldu, og það, sem gerzt hefur hjá hv. landbn., er alveg ótvírætt lagabrot.

Í 5. gr. l. um náttúruvernd, sem samþ. voru á Alþ. 1956, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum, skal leita umsagnar náttúruverndarráðs."

Þetta ákvæði er ekki lengra, en ég tel, að það sé alveg ótvírætt, að ef á að fara eftir lögum og þessum l. sérstaklega, ber, áður en Alþ. samþykkir innflutning á lifandi dýrum eða áður en ráðh. veitir leyfi samkv. einhverjum sérlögum um innflutning á lifandi dýrum, að leita umsagnar náttúruverndarráðs. Hv. þm. eru skynsamir menn og fjölfróðir og hafa auðvitað gott vit á ýmsum hlutum. En ég mundi tvímælalaust telja það hreina hneisu, ef þd. afgreiddi þetta mál án þess að hafa hlýtt á röksemdir og ummæli náttúrufræðinga.

Það eru einkum tvær röksemdir, sem bornar eru fram því til stuðnings, að ný heimild til minkaræktar muni ekki leiða af sér nýja minkaplágu. Í fyrsta lagi er sagt, að það sé alveg útilokað, að minkurinn sleppi úr búrunum í þetta sinn. Nú á að vera fyrir það girt, að þetta geti endurtekið sig. Þetta hlýtur að vera ein helzta forsendan fyrir flutningi þessa frv. Í öðru lagi er sagt, að jafnvel þó að minkurinn sleppi að þessu sinni, geri það ekkert til, það sé svo mikið af þessum dýrum fyrir í landinu og það breyti ekki neinu, þó að fáein dýr bætist í hópinn. Ég þarf varla að taka það fram, að ég er ekki sérfræðingur um málefni minksins og er það ekki frekar en aðrir hv. þm. En ég nefni nú þessar röksemdir vegna þess, að þegar ég á að taka afstöðu til málsins, viðurkenni ég fúslega og hef viðurkennt, að þessar röksemdir eru að ýmsu leyti skynsamlegar og þær verka sannfærandi, sérstaklega sú seinni. En það er einmitt vegna þess, að eftir að ég af hreinni tilviljun heyrði röksemdir vísindamanna og náttúrufræð-

inga í þessu máli, sem hv. landbn. reynir nú að sniðganga, — það var eftir að ég heyrði röksemdir þessara manna, að ég fór að efast um réttmæti þessa máls þrátt fyrir þessar ágætu röksemdir, sem ég nefndi hér áðan. Eins og ég sagði, tel ég, að næsta skrefið í þessu máli sé tvímælalaust að leita til vísindamannanna, eins og skylda er samkv. lögum.

En úr því að ég er nú kominn hér á annað borð, langar mig til að drepa í örfáum orðum á þessar röksemdir, sem ég nefndi áðan, og viðbrögð náttúrufræðinga, sem ég hef orðið var við gagnvart þeim.

Fyrst vil ég nú aðeins minnast á hina fyrri röksemd, þ. e. a. s. spurninguna um það, hvort minkarnir sleppi úr búrunum eða ekki. Það er nú auðvitað ekki sérstakt viðfangsefni náttúrufræðinga að skera úr um það. Ég er sjálfur ákaflega ófróður um þessi efni og hef ekki fengið neinar sérstakar upplýsingar eða haft aðgang að upplýsingum, sem sýndu mér fram á, að það væru minni líkur til þess, að minkar slyppu úr búrum, nú en var fyrir fáeinum árum. Mér er hins vegar kunnugt um, að áður fyrr voru mjög ströng viðurlög, ef það óhapp skyldi henda, að minkur slyppi úr búri. En hvernig fór? Við vitum það. Þeir sluppu unnvörpum þrátt fyrir þessi lagaákvæði og ströngu viðurlög, og af þeim ástæðum var bannað minkaeldi í landinu og það aðeins fyrir fáeinum árum. Áður en ég get fallizt á, að það verði leyft að nýju, verð ég að fá einhverjar upplýsingar um það, hvað hafi breytzt í sambandi við útbúnað minkabúa frá því, að ákveðið var að banna minkaeldi í landinu. Reynslan er ólygin í þessu efni: minkurinn slapp, og við verðum að ganga út frá þeirri staðreynd, að svo muni einnig verða áfram, þar til við höfum eitthvað annað í höndum.

En svo er það aftur hin röksemdin, sem er að sjálfsögðu miklu merkilegri, þ. e. a. s. sú, að það geti vel verið rétt, að einhverjir sleppi úr búrunum, en það skipti bara engu máli, því að svo mikið sé fyrir af mink í landinu, að það muni ekkert um það, þótt fáeinir bætist í hópinn. Það er einmitt í sambandi við þetta atriði, sem vísindamenn hafa bent á athyglisverðar staðreyndir. Þeirra orð eru í stuttu máli þessi, þeirra röksemdir: Þeir halda því fram, að minkurinn hafi dálitið ólíka náttúru, dálitið ólíkt eðli eftir því, við hvaða lífsskilyrði hann býr. Þeir halda því fram, að aliminkur, sem er nýsloppinn úr búri, og svo aftur villiminkur, sem er búinn að vera lengi í landinu, hegði sér alls ekki á sama hátt, hafi töluvert annað eðli. Aliminkur, sem er nýsloppinn úr búri og hefur ekki fengið að laga sig að þessum nýju aðstæðum, er talinn miklu, miklu grimmari en villiminkurinn, sem hefur aðlagað sig landinu og tekið upp nýja lífnaðarhætti. Það voru margar sögur sagðar af því hér áður fyrr, að minkar sluppu úr búrum, réðust inn í hænsnahús og bitu hænurnar á barkann og röðuðu þeim upp í láréttri röð, hverri af annarri án þess að éta eina einustu. Það var bara grimmdin, sem réð þessu, ekkert annað. Mér er sagt, að þetta sé liðin saga, liðin tíð, það sé langt síðan slíkir atburðir hafi gerzt og það sé fyrst og fremst vegna þess, að villiminkurinn, sem hefur aðlagað sig hinum nýju aðstæðum, sé búinn að venja sig af þessu óeðli og veiði sér til matar. Þetta er sem sagt mjög mikilvægt atriði, að aliminkur, sem sleppur úr búrunum, er miklu grimmari og húskalegri fyrir önnur dýr en sá, sem er búinn að vera lengi í landinu og búinn að laga sig að nýjum aðstæðum. Í öðru lagi er því haldið fram, hvort sem það er nú rétt, ég veit ekkert um það, en því er haldið fram, að aliminkur tímgist oftar og fjölgi miklu hraðar fyrst í stað, eftir að hann sleppur úr búrunum, heldur en villiminkurinn. Það er talið, að minkum hafi farið heldur fækkandi á seinni árum. Auðvitað þarf ekki að því að spyrja, að minkabanarnir þakka sér þetta afrek fyrst og fremst, og má vel vera, að þeirra hlutur sé allmikill í þessu sambandi. En ýmsir vísindamenn halda því fram, að meginástæðan sé breytt eðli minksins, eftir að hann er búinn að dveljast í íslenzkri náttúru í langan tíma og kynslóð eftir kynslóð. Þetta atriði skiptir auðvitað mjög miklu máli, ef satt reynist.

Sem sagt, þótt aðeins fáir minkar slyppu út árlega, mundu þeir geta orðið til þess að endurvekja þessa miklu plágu, sem hér var áður, og koma henni á það stig, sem hún var verst á sínum tíma. Það má auðvitað nefna ýmis atriði í sambandi við þetta mál. Rétt er að benda á í sambandi við það, sem menn ræða um áhuga manna á minkarækt, að minkaskinnin eru tízkufyrirbrigði í dag og í allháu verði. En eins og við vitum, vill það nú oft verða svo, að tízkufyrirbrigðin ganga yfir, og það er einnig þannig, að Íslendingar eru oft dálítið seinir að átta sig á þessum tízkufyrirbrigðum. Þeir koma seint inn í þessa þróun, og þá er fyrirbrigðið e. t. v. að ganga yfir. Ég vil engu spá um það, hvort þetta tízkufyrirbrigði á eftir að minnka, draga úr því á næstu árum, og hvort skinnin eiga eftir að falla í verði. En ekki er það nú alls kostar ólíklegt miðað við þróunina í svipuðum málum. Ef svo fer, að þetta reynist aðeins tízkufyrirbrigði og minkaskinnin falla í verði, þarf varla að taka það fram, að þeir, sem eiga minkabúin, munu hafa heldur minni hag af þessari framleiðslu en áður, og þá mun áhugi þeirra fyrir því að gæta þess, að minkarnir sleppi ekki úr búrunum, sá áhugi mun réna allmikið og hættara er við því, að ef tap yrði á þessum atvinnurekstri, yrði þess ekki ýkjamikið gætt, að dýrin slyppu ekki úr búrunum.

Sem sagt, ég vildi aðeins segja, að það er margs að gæta í þessu máli. Það er fjöldamargt, sem vísindamenn og náttúrufræðingar geta sagt okkur um þessi mál og nauðsynlegt er að hafa í huga. Ég hirði ekki um að rekja fleira, sem heyrzt hefur frá vísindamönnum um þessi mál, en ég vil aðeins ítreka, að þetta þarf að athugast miklu, miklu betur en gert hefur verið, og málið má alls ekki afgreiða fyrr en haft hefur verið samráð við íslenzka náttúrufræðinga, eins og lög bjóða.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Eins og fram hefur verið tekið í nál. hv. 5. þm. Vesturl., hefur það verið deilumál meðal almennings í landinu og þá ekki síður hér á hæstv. Alþingi, hvort leyfa beri hér minkaeldi. Ég bjóst því ekki við því, að hv. landbn. mundi verða sammála um að mæla með frv., svo sem komið hefur á daginn, og ég veit einnig, að hér í hv. þd. eru mjög skiptar skoðanir um mál þetta.

Frv. var sent nokkrum aðilum til umsagnar, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Búnaðarfélagi Íslands og veiðistjóra. Það má segja, að umsagnir þessara aðila hafi yfirleitt allar verið jákvæðar, og það atriði eitt út af fyrir sig sýnir, að afstaðan til þessa máls hefur töluvert breytzt frá því, að minkaeldi var bannað hér á landi með lögum.

Hv. 5. landsk. þm. og einnig hv. 5. þm. Vesturl. fundu að því, að frv. hefði ekki verið sent fleiri aðilum til umsagnar, þ. á m. að það hefði ekki verið sent náttúruverndarráði. Ég geri ráð fyrir því, að við flm. hefðum ekkert á móti því, að frv. væri sent til náttúruverndarráðs, en mundum þá óska þess mjög eindregið, að svar bærist frá ráðinu innan mjög skamms tíma, þar sem ekki eru margir dagar eftir af Alþingi.

Ég viðurkenni, að ég harma að sjálfsögðu engu síður en hv. 5. þm. Vesturl. allt það tjón, sem villiminkurinn hefur valdið hér á landi. Það er mjög tilfinnanlegt, og ég vil segja, að það á enn eftir að verða allmikið. Hins vegar erum við flm. á þeirri skoðun, að minkaeldi undir ströngu eftirliti muni ekki á nokkurn hátt leiða til aukinnar minkaplágu, ef svo mætti að orði komast.

Í þessu sambandi verður að hafa þá staðreynd ríkt í huga, að villiminkur lifir góðu lífi hér víða um land, og engar horfur eru á því, að honum verði útrýmt í náinni framtíð. Ég vil þá einnig taka fram eins og aðrir hv. þm., sem talað hafa í máli þessu, að ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði, og ég vildi leyfa mér að vitna til álits veiðistjóra, Sveins Einarssonar, sem birtist í dagblaðinu Vísi, að því er ég held 28. jan. s. l. Þar er haft eftir honum m. a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Útbúnaður á minkabúrum mun nú víða orðinn það vandaður, að ekki ætti að vera hætta á, að dýrin sleppi úr haldi. Þó má gera ráð fyrir, að það geti komið fyrir, og því ráðlegast, ef til kemur, að byrja í þeim landshlutum, þar sem villiminkurinn er fyrir."

Enn fremur segir veiðistjóri: „Minkur, sem sleppur úr haldi, kann sig ekki fyrstu dagana úti í náttúrunni, og er því tiltölulega auðvelt að granda honum."

Þetta vil ég undirstrika. Minkar, sem kæmust bæði út úr búrunum og undan veiðimönnunum, væru því það fáir, að engu máli skiptir upp á heildartölu villiminka í landinu. Undir þessa skoðun veiðistjóra hafa og fleiri kunnáttumenn tekið, sem telja bannið hreinustu fjarstæðu, eins og nú er háttað.

Á það hefur verið bent, að rekstraráætlanir fylgdu ekki frv. og af þeim ástæðum væri ekki hægt að fullyrða neitt um, hvort minkaeldi gæfi nokkuð í aðra hönd. Þar sem þessi atvinnugrein hefur verið bönnuð hér á landi um langt skeið, hafa flm. í þessu efni leyft sér að vísa til reynslu annarra þjóða og þá einkum til frænda okkar á Norðurlöndum.

Á árinu 1940 nam heildarframleiðsla Dana, Finna, Norðmanna og Svía um 110 þús. skinnum. En árið 1960 var framleiðslan komin upp í 3.5 millj. skinn. Og ég held, að ég fari rétt með, að á s. l. ári hafi framleiðslan verið eitthvað innan við 5 millj. skinna í þessum fjórum löndum. Ég spyr nú: Kemur nokkrum manni til hugar, að þessar þjóðir, sem allar saman eru kunnar að hagsýni, hefðu farið út í það að auka svo þessa atvinnugrein eins og tölur þessar sanna, ef hún gæfi ekki vel af sér? Enda má þar á benda, að á s. l. ári fluttu Danir einir út minkaskinn að heildarverðmæti um 1000 millj. ísl. kr.

Í þessu sambandi verður einnig að hafa það í huga, að fóðuröflun er hér á landi miklu auðveldari og kostnaðarminni en í þeim löndum, sem ég minntist á áðan. Þannig má ætla, að minkarækt ætti einmitt hér á landi að gefa af sér meira en víðast hvar annars staðar.

Í mörgum sjávarþorpum, sem á ýmsum tímum eiga við atvinnuleysi að etja, ætti þessi atvinnugrein einmitt að geta orðið veruleg lyftistöng.

Hv. 5. landsk. þm. taldi, að viss hætta fælist í því, að tízkan hverju sinni réði eftirspurn eftir minkaskinnum. Þetta er hverju orði sannara, að tízkan er breytileg. En þá gildir það ekki síður um aðrar framleiðsluvörur. Að undanförnu hafa verið uppi hugleiðingar um það að auka stórlega ullariðnaðinn hér á landi og fara að flytja út fullunnar íslenzkar ullarvörur í stórum stíl til útlanda. En það má benda á, að einnig á þessu sviði ræður tízkan. Það hlýtur að ráða miklu um framtíð þessarar atvinnugreinar, hvernig tízkan hagar sér og hvort það kemur til með að verða veruleg eftirspurn eftir íslenzkum peysum og öðrum ullarfatnaði, þegar til kemur. Og sama má segja um fjöldamarga aðra framleiðslu, að hún er hverju sinni háð duttlungum tízkunnar. Hins vegar liggur það fyrir sem staðreynd, að eftirspurn eftir minkaskinnum hefur stórlega farið vaxandi. Ég held það megi segja, að hún hafi síðan árið 1940 meira en sexfaldazt í öllum heiminum. Og það bendir til þess, að það geti varla verið veruleg hætta í því fólgin, þó að við Íslendingar hæfum þessa atvinnugrein hérna hjá okkur.

Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, munu fyrst í stað hafa einungis verið flutt hingað inn dýr af lélegum stofni, meðan minkaeldi var hér leyfilegt, og þessi dýr gáfu af sér lítinn arð. En síðan var ráðin á þessu mjög mikil bót, og það var vandað til þessa innflutnings, enda kom á daginn, að bæði á árunum 1949 og 1950 fékkst alveg sérstaklega gott verð fyrir íslenzk minkaskinn á bandarískum markaði, sem er sennilega vandlátasti markaðurinn á þessu sviði eins og flestum öðrum.

Í stuttu máli teljum við flm. frv., að eftirfarandi rök séu fyrir flutningi þess: Í fyrsta lagi: Hérlendis eru mjög góð skilyrði til minkaeldis, og miðað við reynslu annarra þjóða má hafa af því verulegar og tiltölulega öruggar

tekjur. Þessi atvinnurekstur, ef til kæmi, yrði traustur viðskiptavinur fiskiðjuvera og sláturhúsa og gæti stuðlað að aukinni atvinnu, þar sem hennar er sérstaklega þörf. Í öðru lagi: Með ströngu eftirliti á að vera unnt að ganga þannig frá minkabúrunum, að sáralitlar líkur séu til þess, að dýrin sleppi út. Í þriðja lagi: Villiminkur er þegar til í landinu og verður að öllum líkindum ekki upprættur. Það skiptir því ekki máli, þótt eitt og eitt dýr kunni að sleppa úr vörzlu. Þrátt fyrir það verður að leggja ríka áherzlu á örugga gæzlu og hegna fyrir vanrækslu í þeim efnum. Og svo að lokum í fjórða lagi: Eins og stendur höfum við Íslendingar einungis skaða og óhagræði af minknum, sem þegar hefur setzt hér að og veldur tjóni, en njótum ekki þess hagnaðar, sem minkaeldi veitir nágrannaþjóðum okkar, þótt skilyrði séu hér betri en víðast hvar annars staðar á byggðu bóli.

Ég leyfi mér svo að lokum að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á frv. og vona, að það verði samþykkt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þess gerist nú ekki þörf, að ég tali mikið fyrir þessu frv., því að frsm. nefndar og flm. hafa gert það rækilega, en ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Annars var dálítið einkennileg afgreiðsla á þessu máli. Einn af flm., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., hespaði þessu nú eiginlega af og vildi enga breyt. heyra, og það var ekki nema helmingur af fundarmönnum mættur, svo samdi hann nál. og kom með til undirskriftar. En hvað um það, ég skrifaði undir þetta með fyrirvara og býst þess vegna við að greiða atkv. með frv. En satt að segja finnst mér frv. ekki ýtarlegt. Segja má, að hægt væri að bæta úr því síðar. Náttúrlega má alltaf breyta lögum. En frv. er miklu óýtarlegra og ónákvæmara en eldri lögin. Um það má vitanlega deila, hvort rétt sé að hafa lagabálkinn ýtarlegan eða bæta hann með reglugerð og taka þar nákvæmlega fram um hlutina.

Í öðru lagi álít ég, að það væri að mörgu leyti skynsamlegra að kynna sér málið betur áður. Við vitum það oft, að menn gera of mikið úr hagnaðinum, menn líta á brúttótekjurnar, en kynna sér ekki kostnaðarhliðina nægilega vel. Og það er nú þannig með okkur hér á landi, að við erum ekki inni í, hvorki að velja minkategundir né meðferð þeirra, nú sem stendur. Við höfðum minka fyrir allmörgum árum. Þá var líka allmikið um silfurrefi. Þeir lögðust niður. Norðmenn bösluðu áfram með sína silfurrefi, þó að það drægi eitthvað úr, en hjá okkur bar það sig alls ekki, þegar stríðið kom. Talsvert margir höfðu minkabú, og minkarnir sluppu út. Ég vissi til, að það fuku búr og minkarnir sluppu á þann hátt út, þannig að ekki hefur verið nægilega tryggilega um þetta búið. Það er rétt, sem tekið hefur verið fram, að við höfum minkinn, og í raun og veru litlar líkur til, að okkur takist algerlega að útrýma honum, en vafalaust má halda honum töluvert mikið niðri. Og við vitum líka, að þetta er skaðvaldur, einkum upp á æðarvarp og jafnvel að hann éti úr silungsnetum og geri fleira illt af sér. En ég álít, að viturlegast væri að senda mann til þess að kynna sér þetta mál allt rækilega og hann yrði svo sem ár að því, hann kynnti sér, hvaða tegundir væri hentugast að kaupa, hefði sem sagt vit á að velja lífdýr, sem yrðu flutt til landsins, og hann kynnti sér einnig fjárhagslegu hliðina á málinu og hvort líkur væru til, að um miklar nettótekjur yrði að ræða.

Ég dreg í efa, að hægt sé nokkurn tíma að fyrirbyggja með öllu, að minkar geti sloppið út. E. t. v. er það hægt með því að geyma þá í húsum. En ég skal ekki fullyrða um, hvort það er óhentugra vegna skinnanna að hafa þá inni, geri þó ráð fyrir, að skinnin verði betri, ef þeir eru ekki í lokuðu húsi. Við vitum, að í fyrsta lagi er það stormurinn hér á landi, sem víða getur verið átakamikill, og í öðru lagi er snjórinn, og búrin getur fennt í kaf, minkurinn getur þess vegna alveg eins grafið sig út um þakið á búrinu eins og annars staðar, þannig að ég hef litla trú á því, að það sé hægt að fyrirbyggja þetta öðruvísi en hafa hann inni í húsi, þó skal ég ekki fullyrða það. Vafalaust má margt læra af nágrannaþjóðum okkar í þessu efni, því að þeir eru vafalaust komnir miklu lengra en þeir voru komnir, þegar við fengum minkana hjá þeim, bæði með val dýra, gæði dýra og eins með útbúnað í görðunum.

Í frv. er enn fremur ákvæði um, að það megi ekki hafa nema 5 minkabú til að byrja með. Segja má, að ef til vill væri nóg fyrsta árið að hafa 5 bú, og lögunum er vitanlega alltaf hægt að breyta. En í framtíðinni er ógerlegt að hafa svo fá bú, það er ekki hægt að mismuna mönnum þannig. Ef það eru líkur til, að verði mikill hagnaður af þessu, má gera ráð fyrir, að mikið verði sótt eftir að fá leyfi til að reisa minkagarða, og það er hreinn ójöfnuður að hafa bara 5 bú. Það væri það minnsta að hafa svo sem eitt í hverri sýslu, þannig að úrgangurinn frá frystihúsunum gæti þá gengið til þeirra búa, sem þar væru. En segja má, að þessu sé hægt að breyta í framtíðinni. Þá er bara spurningin, hvort það sé nokkur ástæða til að vera að ákveða það í lögunum, það yrði bara háð leyfi ráðh. og hann hagaði sér eftir aðstæðum í því efni.

Það kom hér fram rödd um, að það hefði verið lögbrot hjá n. að leita ekki álits náttúruverndarráðs. Vera má, að eftir ströngum bókstaf hefði það verið eðlilegt. En satt að segja geri ég ekki allt of mikið úr þessu áliti frá þessu náttúruverndarráði. Það er nú eitt, sem við höfum gert hér í þinginu, — það hafa náttúrlega orðið mörg mistök hér í þessari stofnun eins og annars staðar, — það er nú eitt, sem við gerðum hér fyrir fáum árum, það var það að banna að eitra. Það verður nú til þess, að svartbakurinn blæs út og hann er hrein plága, kannske ekki miklu betri en minkurinn, bæði hvað snertir æðarfuglinn og eins laxa- og silungsseiði, sem hann étur. Ég var satt að segja lítið hrifinn af því að banna þetta algerlega, og það er ábyggilegt, að eitthvað þarf að gera viðvíkjandi svartbaknum, annaðhvort verður ríkið að hlutast til um, að ungarnir séu drepnir, áður en þeir eru fleygir, eða gera einhverjar aðrar ráðstafanir, því að skotlaunin eru einskis virði, eins og þau eru núna, því að það er rétt fyrir skotinu, og það

er varla verra að fást við nokkurn fugl en svartbakinn.

Ég hef ekki trú á því, að þessir aliminkar séu grimmari eða tímgist meira en aðrir minkar. Ég hef ekki satt að segja neina trú á því. Þeir ættu að hafa minni æfingu í því að veiða en villiminkarnir, og ég held, að tímgunareiginleikar þeirra geti ekki verið miklu meiri, þó að þeir sleppi út úr görðum.

Að þessu öllu athuguðu, eins og ég tók fram áðan, mun ég greiða atkvæði með frv. Mér er ljóst, að það er ekki um mikla atvinnuaukningu að ræða af þessu, því að það eru tiltölulega fáir menn, sem hirða stóra garða. En vera má, að þarna skapist nettótekjur, reksturinn verði hagkvæmur. Þó er það svo með þetta eins og annað, að það er vafalaust háð verðsveiflum, og þegar framleiðslan eykst mikið, er hætt við, að verðið lækki, en um það er ómögulegt að segja fyrir fram. Og ég held, að áður en minkurinn er fluttur inn, sé það höfuðatriðið, að einhver einstakur maður, glöggur maður, kynni sér þetta mál allt rækilega, bæði fjárhagslegu hliðina og eins val dýra og meðferð þeirra og útbúnað á görðum, og ég hygg, að það muni taka heilt ár fyrir mann að kynna sér þetta allt rækilega, því að við vitum það af reynslu, bæði þegar karakúlinnflutningurinn var og jafnvel refainnflutningurinn fyrst, að það voru ekki nægilega góð dýr, sem flutt voru inn, og þarf að undirbyggja þetta mál eins og annað, sem ráðizt er í. Það þarf að undirbyggja það vel og skynsamlega. Sé það gert, getur vel verið, að þjóðin og einstaklingar geti haft hagnað af þessu, og þá er ekki nema rétt að vera með því að mínu áliti, því að villiminkinn höfum við, og e. t. v. skiptir þá ekki svo ákaflega miklu, þó að það vilji til, að nokkur dýr sleppi út. Það yrði ekki nema eins og 2—3 pör af villiminkum auka kyn sitt árlega.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hefur vakið nokkra athygli utan þings og innan, að 3 hv. þm. Sjálfstfl. hafa borið fram frv. um loðdýrarækt, sem hér er nú til umr.

Við 1. umr. málsins lögðu hv. flm. til, að málinu skyldi vísað til landbn. þessarar hv. þd., og þar með virðast þeir vilja undirstrika, að þetta mál teljist til landbúnaðarmála, til framdráttar og hagsbóta landbúnaðinum.

Það virðist ekki hægt að segja, að fram hafi komið í sambandi við þetta frv. mikill kunnugleiki eða langminni hv. flm. í sambandi við íslenzka búnaðarsögu, hvað snertir reynslu okkar af innflutningi lifandi dýra fyrr og síðar. Það er fjarlægt að vísu að minnast þess, hvernig fjárkláðinn barst hingað til lands og olli ómældum hörmungum í flestum sauðfjárræktarhéruðum okkar. Í meira en öld hefur sú barátta staðið yfir að fjarlægja og eyða þeim vágesti, og er þó tæplega hægt að fullyrða, að þeirri baráttu sé enn lokið.

Innflutningur þess sauðfjár, sem flutti fjárkláðann hingað til landsins, var auðvitað gerður í góðum tilgangi, að bæta íslenzkan sauðfjárstofn, auka arðsemi búfjárins. En afleiðingin varð önnur, allt að því landauðn í sumum landshlutum. Nokkrum áratugum síðar tóku enn áhugamenn sig til og beittu sér fyrir innflutningi hins svokallaða karakúlfjár. Ræktun þessa bústofns átti að fjölga búgreinum bænda og gefa þeim ómældan arð í aðra hönd. Ýmsir sérfróðir menn lögðust á móti þessum innflutningi vegna hættunnar af, að dýrin flyttu með sér hættulega búfjársjúkdóma. En þær raddir voru kveðnar niður og hampað vottorðum erlendra sérfróðra manna um fullkomið heilbrigðiseftirlit þeirra dýra, sem flytja átti inn. Ég skal ekki rekja þá sögu lengra og ekki minnast frekar þeirra hörmunga, sem innflutningur karakúlfjárins hefur valdið hér á landi. Þær hörmungar eru ómældar, og afleiðingar fjárpestanna, sem með þeim bárust í íslenzkan sauðfjárstofn, munu þegar hafa beint og óbeint kostað íslenzku þjóðina milljarða kr., og ekki er enn séð fyrir afleiðingar af þeim innflutningi.

Og árin liðu. Búið var fyrir löngu að drepa karakúlkindurnar, en pestirnar lifðu góðu lífi víðs vegar um landið. Þá komu enn fram á sjónarsviðið menn, sem töldu, að við ættum að fara að eins og frændur okkar á Norðurlöndum, að flytja inn mink til grávöruframleiðslu. Ýmsir merkir menn, svo sem náttúrufræðingar og þ. á m. Guðmundur Bárðarson, vöruðu sterklega við innflutningi minksins. Hann taldi minkinn eitt allra grimmasta og drápfúsasta villidýr, sem þekkt væri, og mundi því reynast óútreiknanlegur vágestur í íslenzku dýralífi. Hinir bjartsýnu tilvonandi grávöruframleiðendur töldu allar slíkar aðvaranir tómar kerlingabækur, sem að engu væru í raun og veru hafandi. Þeir bentu á, hversu minkaeldi reyndist arðvænlegt á Norðurlöndum, í Kanada og víðar, og að við Íslendingar hefðum ekki efni á að sitja hjá í þessu máli, þar sem við værum hárvissir um að geta á þennan hátt framleitt árlega útflutningsvöru, sem næmi tugum og hundruðum millj. kr. Málflutningi þessara manna fylgdi, að engin hætta væri á, að ekki yrði örugglega frá búrunum gengið, minkabúrin yrðu auðvitað sniðin eftir reynslu frænda okkar á Norðurlöndum. Ofan á þetta bættist sú fullyrðing, að þessi dýr væru líka svo verðmæt, að ekki væri hætta á, að menn gættu þeirra ekki eins og sjáaldurs augna sinna, og þar að auki, að ef svo illa tækist til, að eitt og eitt dýr slyppi úr haldi, væri mjög vafasamt, að villiminkur þrifist hér á landi, og líklegast, að þau dýr, sem slyppu úr búrum, mundu ekki þola útivistina og drepast á víðavangi.

Það vantaði ekki, að slegið var upp miklum gyllivonum í sambandi við minkaeldið og skinnaframleiðsluna. Það var talið, að fáar eða engar þjóðir mundu geta keppt við Íslendinga í minkaeldi, og því sjónarmiði er enn haldið fram og að þar kæmi margt til. Mætti þar til nefna, að íslenzkt loftslag væri svo gott með tilliti til skinnavörugæða, að fágætt mundi vera, og ekki var gleymt að geta fiskúrgangsins, sem lítt væri nýttur, og enn fremur innyfla og blóðs sláturdýra, sem víða væri fleygt. Allur þessi matvælaúrgangur væri mjög hentugur til minkafóðurs og auðvelt að afla þess fyrir lítið eða ekkert fé.

Þetta voru röksemdirnar þá, og menn munu e. t. v. kannast við, að þær eru þær sömu í dag. Og við fengum minkinn, en engan milljónagróða

með. Eftir 20 ára baráttu við þá búgrein voru flestir hættir minkaræktinni, en fáein bú hjörðu á horriminni. En í stað milljónagróðans höfðum við eignazt villiminkinn, eitt hið versta og grimmasta villidýr, sem sögur fara af, og eirir engu lifandi, eins langt og kjaftur þess og klær fá við að ráða. Og þetta dýr hefur nú áratugum saman eytt og ógnað íslenzku dýralífi, fuglum og nytjafiskum vatna og áa.

Þetta minkaævintýri endaði fyrir tæpum hálfum öðrum áratug. Þá var minkaeldi bannað hér á landi. En villiminkurinn lifði, og varð ekki við hann ráðið og hann hafði þá numið land í 2—3 landsfjórðungum. Það getur enginn metið til fjár, hvaða tjóni hann hefur valdið, hvorki með tilliti til nytjafiska í veiðivötnum né á fuglum í varplöndum, og því síður kemur til greina verðmætamat, þegar um er að ræða þá eyðingu, sem minkurinn hefur valdið á hinu fagra fuglalífi okkar, sem kynslóð eftir kynslóð hefur verið okkur yndi og fegurðarauki. Við getum aðeins talið saman og metið til peninga þær stórkostlegu fjárhæðir, sem ríki og sveitarfélög hafa árlega lagt fram til að eyða villiminknum. Þær fjárhæðir skipta mörgum milljónatugum og vandséð, að meiri árangri verði náð en þeim að halda villiminknum í skefjum.

Ef hugleidd er hrakfarasaga íslenzks landbúnaðar í sambandi við innflutt dýr, er furðulegt, að menn skuli rísa upp hér á hv. Alþ. og það þrír mætir alþm., sem láta sér detta í hug að óska eftir, að enn sé bætt við einum kapitula í þessa ömurlegu ófarnaðar- og hrakfallasögu. Og það er að mínum dómi því furðulegra, að hv. flm. þessa frv. ýfa við ógróinni kviku, þar sem um er að ræða reynsluna af villiminknum. Og þetta gerist á þeim árum, þar sem vandséð er og raunar vonlítið, hvað sem í sölurnar er lagt, að hægt sé að viðhalda dýralífi landsins ósködduðu og þar á meðal nytjafuglum og fiskum vegna eyðileggingarmáttar villiminksins.

Ég vil nú aðeins leyfa mér að víkja lítils háttar að þessu frv., sem hér er til umr., og mun lesa upp nokkra kafla frv., með leyfi hæstv. forseta. En áður en ég geri það, vil ég taka undir það álit, sem hv. 5. þm. Vesturl. setti fram í sinni ræðu gegn þessu frv. hér í hv. d. í gær, að frv. væri furðulega ófullkomið og fjallaði fyrst og fremst mjög lítið um þau atriði málsins, sem mestu varðaði.

Í 1. gr. frv. er tekið fram, hvað eigi að skilja með nafninu loðdýr. Viðmiðunin er fyrst og fremst verðmæti, en þó sagt „eingöngu eða aðallega“. Hvað þýðir þetta orð, „aðallega“, sem er ákaflega víða notað í frv., og væri fróðlegt, að hv. flm. skilgreindu það orð í sambandi við málið. Það gengur eins og rauður þráður gegnum allt þetta mál hjá hv. flm., að þeir minnast ekki á það, sem þeim er efst í huga, þ. e. minkinn. Í 1. gr. frv. og ætíð síðan er talað um loðdýr, og hv. flm. sýna annaðhvort bragðvísi eða svo mikla fáfræði í þessum efnum, að þeir treysta sér ekki til að skilgreina, hvað er loðdýr, og þeir taka það ráð, að það skuli vera á valdi og eftir úrskurði landbrh. á hverjum tíma.

Í 2. gr. er svo talað um loðdýraræktina og uppeldi dýra vegna skinnaframleiðslunnar, og svo kemur: „eingöngu eða aðallega“. Það er eins og það megi ala fleiri dýr í þessum loðdýragörðum, fleiri dýr en þau, sem gefa skinnaverðmæti, ef svo kann að vilja til, að einhverjir vilji t. d. ala þar upp broddgölt og geta fengið landbrh. til að samþykkja það dýr inn í garðinn o. s. frv. Í 2. gr. er talað um mjög virðulegt nafn í sambandi við dýrabúrin, þ. e. loðdýragarðar. Þetta er áheyrilegt og virðulegt nafn, sbr. búgarðar, herragarðar og ýmislegt slíkt hjá frændum okkar Norðmönnum. Það hlýtur þess vegna að mega búast við því, að sá maður, sem kemur upp svona búgarði. geti talizt loðdýraherramaður eða eitthvað slíkt. Þetta skal ég þó ekki lasta, því að eitthvað þurfa þeir menn að hafa sér til ágætis, sem gefa sig við að ala upp þessi skaðræðisdýr. Það má ekki minna vera en þeir hafi vænlegan titil.

Í 3. gr. er sjálfsagt réttilega fram tekið, að þessi loðdýrarækt megi ekki fara fram nema í þessum viðurkenndu og virðulegu loðdýragörðum.

Í 4. gr. er sagt, að meginstefna þessara laga sé, að loðdýr verði eingöngu ræktuð hér á landi í sérstaklega tilbúnum og vönduðum loðdýragörðum. Hver er aukastefnan? Hvaða afbrigði má koma þar við? Vilja hv. flm. útskýra þetta, þótt ekki væri nema fyrir hæstv. núv. landbrh. og þá, sem koma á eftir honum, sem eiga að ákveða alla hluti í þessu efni, að þeir geti þó miðað við eitthvað af því, sem flm. hafa meint í málinu.

Í 5. gr. er að sjálfsögðu tekið fram, að sá embættismaður, sem fékk embætti vegna villiminksins og er að öllu góðu kunnur í sínu starfi, þótt hann hafi ekki hrokkið til að eyða villiminknum, eigi allra mildilegast að fá að líta á garðana og dæma um það, hvort allt sé þar í röð og reglu.

Í 6. gr. er talað um, að þegar stofna skuli loðdýragarð, á að senda landbrh. mikinn bunka af skjölum, þ. á m. vafalaust það, sem fram er tekið áður, að öll þau dýr, sem fá inngöngu í þessa dýragarða, skuli vera með „stamtöflu“, sem sagt virðulega ættartöflu langt fram í ættir, þannig að það á ekki að sleppa inn í garðinn einhverju óhræsis kvikindi, sem getur spillt kyninu og eyðilagt árangur vísindalegrar ræktunar. Þessa „stamtöflu“ á auðvitað m. a. að senda til landbrh., um leið og honum er sent sýnishorn af þessum dýrum, sem eiga að komast inn á þennan virðulega búgarð, þannig að hann fái þó a. m. k. tvennt að gera, strjúka feld dýranna og meta, hvort þetta eru virkilega loðdýr eða eitthvað annað, og svo í öðru lagi að líta á ættartöfluna og sjá, hvort það er óhætt að veita þessu dýri inngöngu í þennan herragarð. Auðvitað eiga svo að fylgja alls konar upplýsingar þar að auki, m. a. um fjármálaáætlun búgarðsins og væntanlegar framkvæmdir, ýmislegt það, sem hv. flm. málsins telja að ekki varði þingheim, þegar hann á að löggilda þetta furðulega afkvæmi hinna hv. þingmanna.

Auðvitað á líka að fylgja samkv. 7. gr. rekstrarfyrirkomulagsáætlun langt fram í tímann og annað slíkt, sem reglugerð á að ákveða um og er hlaupið fram hjá í þessu frv. eins og flestu öðru, sem máli skiptir.

Í 8. gr. kemur í ljós, að hv. flm. hafa gert sér grein fyrir því, að það þurfi eitthvað að koma meira til í þessu máli en þetta fátæklega frv. og það eigi að setja reglugerð í málinu. Og þar er m. a. sagt, að það skuli setja reglugerð um starfsemina og ef út af sé brugðið þessum lögum og þeirri reglugerð, sem sett kann að verða, skuli koma til sekt. Það er ekki verið að nefna það, hver hún er, hve hún á að vera há. Það kannske duga 10 kr. að dómi flm. eða eitthvað þvílíkt. Flm. gera sér enga rellu út af slíku, en þykir þó viðkunnanlegra, að fram sé tekið, að það skuli vera einhver sekt. Þá er náttúrlega hugsanleg réttarsætt, og er þá þægilegt að vera ekki bundinn við neitt ákveðið sektarákvæði.

En þó að hv. flm. hafi gleymt flestu, nærri því öllum ákvæðum, sem máli skipta í þessu efni, hafa þeir þó ekki gleymt rúsínunni í pylsuendanum. Í 9. gr. er sagt: „Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt."

Mig furðar ekki, þó að hv. 5. þm. Vesturl. fyndi að því og kvartaði undan því, að flm. skyldu ekki meta þetta mál svo mikils og líta ekki meir á alvöru þess en svo, að þeir köstuðu fram svona ófullkomnu frv. í sambandi við minkarækt. Og það mun því ekki vera of í árina tekið, þó að sagt sé, að þetta frv. sé hvorki fugl né fiskur og sneiði yfirleitt fram hjá flestu því, sem máli skiptir í þessu efni.

Það er sömu sögu að segja og varla við öðru að búast, þegar athuguð er grg. frv. Hún er einskis virði og er aðeins nokkur línufyllir með frv. Sama er í raun og veru að segja í sambandi við þau fskj., sem fengin hafa verið með frv., þær álitsgerðir, sem komið hafa frá nokkrum málsmetandi aðilum og eiga að styðja þetta mál, en segja furðulítið.

Ég vil aftur og enn vekja athygli hv. þd. á því, hversu furðulega hv. flm. málsins hafa sneitt fram hjá að opinbera hug sinn í sambandi við málið. Þeir tala eingöngu um loðdýr, en hafa þó eingöngu í huga minkana, og hefði þess vegna farið betur á því, að þeir hefðu ekki leynt þeim tilgangi, sem býr á bak við frv. Slík bragðvísi, ef það má nefna því orði, er að vísu sýnishorn af því, að þessir menn eru hyggnir og klókir, en þetta er þó tæplega að koma hreint fram gagnvart hv. þd., sem á að meta rök með og móti í þessu máli. Ég nefndi, að hér mundu hyggindi að einhverju leyti á bak við búa. Og það má vera afsakanlegt, vegna þess að m. a. það að lögfesta minkinn opinberlega í þessu frv. er ekki hyggilegt til framgangs málinu. Þeir vita, eins og flestir aðrir, þessir hv. flm., að í augum landsmanna er minkurinn vágestur og réttdræpt dýr, óalandi, óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum, eins og sagt var áður um aðra aðila meira virði en minkinn. Það var þess vegna ekki hyggilegt að koma beint fram að hv. þm. og segja þeim: Það er minkurinn, sem við viljum fá inn aftur, og okkur varðar ekki um það, hvaða afleiðingar hann getur haft í íslenzku dýralífi, ef einhver arðsvon kann að vera fyrir fáeinar hræður í sambandi við grávöruframleiðslu og eldi dýranna.

Það mætti flytja hér lengra mál um þetta efni. Ég vonast eftir, að slíks sé ekki mjög mikil þörf, því að ég sé, að hv. minkaforustumenn þessarar d. eru lagðir á flótta úr deildinni, og mætti það benda til nokkurs sigurs í sambandi við viðhorf mitt í málinu. Ég tel, að þingheimur eigi skilyrðislaust að fella þetta mál. Ef þess er ekki kostur, mun ég fylgja till. hv. 5. þm. Vesturl. að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. í von um, að hún grafi það svo, að það komi ekki aftur upp að hennar tilhlutan, og í þeirri von, að þótt hæstv. ríkisstj. sé nú bjargráðalítil um úrlausn mála, muni henni aldrei detta í hug að líta og lúta svo lágt að veita þessu minkamáli framgang eða fyrirgreiðslu. Ég vona líka, að afgreiðsla þessa máls hér á hv. Alþ. verði hv. flm. þörf lexía, að þótt þeir kunni að finna til undan því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur leikið ýmsa gráa leiki í sambandi við íslenzkan landbúnað og þar sé umbóta og leiðréttinga þörf, sé ekki að vænta þess, að svo verði á litið, að minkamál þeirra verði nokkurn tíma til umbóta á þeim vettvangi. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 20. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 265, n. 383 og 388, 463).

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hafði búizt við nokkru lengri umr. um þetta mál, því að allmargir menn voru á mælendaskrá, en það hefur gerzt á milli funda, að þeir hafa fallið frá orðinu. Ég vil þó ekki láta málið ganga svo til atkvgr., að ég bæti ekki örfáum athugasemdum við það minnihlutaálit, sem ég hef áður flutt, og þá till. mína, að þetta mál verði látið ganga til ríkisstj., en ekki afgreitt.

Fyrr við þessa umr. kom fram mjög hörð gagnrýni, ekki aðeins frá mér, heldur sérstaklega frá hv. 5. landsk. þm., á því, að mál þetta skuli vera komið til 2. umr., án þess að fyrir þinginu eða fyrir d. liggi álit frá náttúruverndarráði Íslands, frá náttúrugripasafninu eða yfirleitt frá nokkrum náttúrufróðum mönnum. Ég skýrði frá því hér, að ég hefði á síðasta stigi afgreiðslu málsins í hv. landbn. bent á þetta. Ég skýrði frá því, að meðnm. mínir hefðu tekið ábendingunni vel, en málið var það langt komið, að ég taldi mig ekki hafa rétt til þess, af því að ég hafði verið fjarverandi, að krefjast þess, að leitað væri þessarar álitsgerðar. Samt sem áður vil ég nú undirstrika það, sérstaklega af því að fleiri þm. hafa tekið undir þetta álit mitt, að mér finnst vera mikill ábyrgðarhluti að afgreiða þetta mál við 2. umr. án þess að leita eftir áliti hjá stofnun eins og náttúruverndarráði, og ég spyr: Til hvers höfum við náttúruverndarráð, ef ekki til þess að fá ráð þess og ráðleggingar í máli eins og þessu?

Nú vill svo til, að síðan mál þetta var síðast til umr. hér fyrir páska, hefur Hið íslenzka náttúrufræðifélag haldið fund í háskólanum, þar sem um þetta mál var fjallað. Þar kom fram ungur náttúrufræðingur og flutti langt og mjög athyglisvert erindi um þetta mál, og finnst mér,

að það sé rík ástæða til þess, að hv. d. fái að kynna sér það álit hans fyrir milligöngu landbn., áður en gengið er til afgreiðslu á þessu máli.

Það er skemmst frá að segja, að hann lét í ljós mjög svipaðar skoðanir og hv. 5. landsk. lýsti hér í fyrri umr., og menn eins og Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur og fleiri sérfróðir menn tóku mjög undir þá sömu skoðun, sem er á þá lund, að aliminkur, sem sleppur úr haldi, kunni ekki að hegða sér í annarlegri náttúru á sama hátt og minkastofn, sem búinn er að vera hér lengi og aðlaga sig þessu landi. Þess vegna sýnir reynslan, að sá nýfrjálsi aliminkur sé miklu skæðari, haldi sig meira í kringum mannabústaði, kringum alifuglabú og hann drepi sér ekki aðeins til fæðu, heldur miklu meira en það. Ef menn líta um öxl, þá hygg ég, að marga renni minni til ýmissa atvika um skaða, áberandi skaða, sem minkurinn olli hér á landi, t. d. það, þegar hann drap hænsni í stórum stíl og raðaði þeim upp, eins og sagt var, án þess að þurfa á þeim að halda sér til viðurværis. Þessar sögur voru miklu algengari fyrr á árum, en eru færri nú, eftir að villiminkurinn hefur samlagazt íslenzkri náttúru að nokkru leyti og er að komast í visst jafnvægi að því er náttúrufræðingar telja.

Það var skoðun náttúrufræðinganna, sem fram kom á þessum fundi, að það væri mjög varhugavert, ef hér væri komið upp minkaeldi á nýjan leik, því að þá mundi sá stofn, sem fyrir er, fá stöðuga blóðgjöf frá minkum, sem sleppa út, og sú plága, sem verið hefur af þessu dýri, mundi því ekki haldast í skefjum, eins og nú eru vonir um að hægt sé að tryggja, heldur vakna upp á nýjan leik. Það var athyglisvert um þennan fund, að þar voru bæði náttúrufræðingar og náttúruvinir, sem voru á móti minkaeldi, og 3 eða 4 menn, sem mæltu mjög eindregið með því, en á þessum fundi kom það fram hjá báðum aðilum, bæði þeim, sem voru á móti minkaeldi, og þeim, sem mæltu með því, að þeir töldu, að ganga mætti út frá því, að minkurinn hlyti alltaf að sleppa úr búrum. Þarna voru báðir aðilar sammála um það, að út frá þeirri forsendu yrðum við að dæma þetta mál. Hins vegar hefur það komið fram hér nú eins og ávallt áður, þegar málið hefur verið rætt, að talað er um einhverja nýja tækni, sem eigi að gera það tryggt, að nú sleppi ekkert dýr úr haldi. En þarna gengu bæði sérfróðir menn, sem eru með minkaeldi, og sérfróðir menn, sem eru á móti, út frá þeirri forsendu, að minkurinn sleppur alltaf, og bentu m. a. á það, að ekki þyrfti nema illviðri, sem gæti valdið skemmdum á minkabúrum, eða skemmdarverk, sem er ekki óþekkt hér á landi, eða einhver slík atvik og þá væri jafnan við því að búast, að ekki slyppu eitt og eitt dýr, heldur mörg í einu. Náttúrufræðingarnir létu þá skoðun í ljós, að minkastofninn væri að ná, eins og þeir orðuðu það, vissu jafnvægi í landinu, og töldu, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar væru, mundi vera hægt að halda honum í skefjum. Þeir bentu á þær staðreyndir, að minkurinn er hér í allt öðru umhverfi en í öðrum löndum. Hér eru ekki ýmiss konar smádýr, bæði í vatni og á landi, sem minkurinn lifir aðallega á annars staðar, t. d. í Norður-Ameríku, og vegna þess að hér eru ekki þau dýr, sem hann virðist aðallega lifa á í öðrum löndum, leggst hann á fugla og fisk og veldur tjóni hér, sem hann er ekki kunnur að því að valda í stórum stíl annars staðar. Það kom fram á þessum fundi, að minkar sleppi mjög úr búrum, t. d. bæði í Noregi og Svíþjóð, og þar hafi menn áhyggjur af þessu vandamáli, það sé ekki rétt, sem gert hefur verið, að benda á Noreg og Svíþjóð sem dæmi um það, að hér sé ekki um neitt vandamál að ræða. Það voru nefndar tölur, — ég man ekki, það var einhvers staðar á milli 6 og 10 þús. minkar, sem eru drepnir árlega í hvoru þessara landa um sig. Ég tel því enn eins og fyrr, að okkur beri að fá fram álit þeirra aðila, sem Alþ. hefur sjálft sett upp til að fjalla um náttúruverndarmál.

Ég tel, að það standi, sem hér hefur áður verið sagt, að í þessu máli hafa engin ný rök komið fram, sem gefi tilefni til þess, að Alþingi breyti ákvörðun sinni frá 1951. Það hefur engin skýring verið á því gefin, hvers vegna nú sé meiri von um það en áður, að hægt verði að halda dýrunum inni. Það hefur engin skýring verið gefin á því, hvers vegna við getum nú gert ráð fyrir því, að minkar, sem sleppi úr haldi, valdi ekki sama tjóni og þeir hafa valdið áður. Það hafa sem sagt engin sérstök ný rök komið fram, sem breyta þessu máli, og þess vegna minni ég á, að fyrir fáum árum, þegar Einar Sigurðsson flutti þetta mál hér inn, talaði um 1½—2 millj. minka í landinu, — það er sá fjöldi, sem þarf til þess að hagnýta allan fiskúrganginn að hans áliti, — þegar Einar flutti sitt mál hér, var það rannsakað mun betur og ýtarlegar en nú. Þá var fengin frá Noregi, frá Árna G. Eylands, mjög ýtarleg grg. um þetta mál, eins og það horfði við frá norskum sjónarhóli, og skoðanir hans á ýmsum þeim vandamálum, sem fram komu. Hann er heldur hlynntur því, að við tökum upp minkaeldi, en samt sem áður þótti þessari hv. d. málið ekki vera á því stigi, að rétt væri að afgreiða það, og ákvað að vísa því til ríkisstj. til frekari athugunar. Þar er það nú búið að vera alllengi, og það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það, að ríkisstj. hafi látið fram fara athugun, sem gefi Alþ. tilefni til að breyta sinni fyrri afstöðu. Kjarni þessa máls virðist vera af hendi þeirra, sem eindregið mæla með því, að minkarækt verði tekin upp á ný, að við höfum skaðann og skömmina af minknum, og hví skyldum við þá ekki hafa gróðann af honum líka? Svarið við þessari einföldu röksemdafærslu er ósköp svipað. Þeir, sem eru á móti því að taka upp minkaræktina aftur, trúa því ekki, að það sé hægt að hafa neinn verulegan gróða af henni, án þess að valda nýju tjóni á sama hátt og fyrr, vegna þeirra skoðana, sem ég hef þegar með fáum orðum lýst. Ég vil því eindregið mælast til þess, að þessari umr. verði ekki lokið, en það verði leitað álitsgerðar frá náttúruverndarráði og hún liggi a. m. k. fyrir, áður en málið er tekið til efnislegrar afgreiðslu hér í þessari hv. deild.

Halldór Ásgrímsson [frh.]: Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. forseta vil ég geta þess, að ég kvaddi mér nú ekki sérstaklega hljóðs, sök-

um þess að ég hafði ekki lokið máli mínu, þegar síðast var gert hlé á umræðu um málið. Ég var þá langt kominn með það, sem ég vildi segja, og skal því ekki bæta mjög miklu við. En af því að umræðan er orðin nokkuð fyrnd sökum þess, hve langt er síðan málið var hér til meðferðar, vil ég aðeins fyrst víkja að því, sem ég hafði áður drepið á í sambandi við þetta minkamál.

Ég hafði vikið að raunasögu okkar í sambandi við innflutning lifandi dýra, m. a. innflutning sauðfjár, sem fjárkláðinn á sínum tíma barst með hingað til lands, innflutning karakúlfjárins, sem flutti hingað margs konar sauðfjárpestir, sem ekki er enn séð fyrir afleiðingar af, og svo hafði ég vikið að minkainnflutningnum og drepið á þær plágur, sem fylgt höfðu í kjölfar alls þessa dýrainnflutnings, hver á sínu sviði, og undantekningarlaust valdið ómældri bölvun og fjártjóni, sem ekki er enn séð fyrir endann á. Allir þessir menn, sem hafa staðið fyrir þessum dýrainnflutningi, hafa vafalaust ætíð verið í góðri trú, að um væri að ræða framkvæmd, sem mundi verða íslenzkum landbúnaði og þjóðinni í heild til hagnaðar og framdráttar á einn eða annan hátt, hafa gyllt fyrir sér og öðrum þá arðsvon, sem um væri að ræða í hvert sinn. Þessum mönnum var á sínum tíma vorkunn, því að þeir vissu þá ekki betur en þeirra málflutningur bar vott um. En nú erum við reynslunni ríkari og ættum ekki að hafa löngun til að leika okkur t. d. að minkaeldinum eftir allt það, sem er á undan gengið í því efni.

Minkamennirnir virðast nota sömu slagorðin í sambandi við minkaeldið nú og voru notuð, þegar minkurinn var fyrst fluttur inn, og vék ég að því áður í ræðu minni. Þeir segja enn á þá lund, að þetta land okkar hafi upp á að bjóða svo einstæða aðstöðu um minkaeldi, að það nái ekki nokkurri átt að nota sér ekki slíkt. Þeir hafa líka fyrr og síðar slegið á þá strengi, að minkaeldið sé stórkostlegt hagsmunamál, m. a. fyrir sjávarútveg okkar, með því að gera að meira verðmæti hvers konar fiskúrgang til minkafóðurs. Og nú ætla þeir einnig að gera að miklu verðmæti blóð og innyfli sláturdýra. En þessi aðstaða um fóður var fyrir hendi á þeim tíma, sem verulegt minkaeldi var hér, þegar minkamennirnir flosnuðu upp að mestu leyti, vegna þess að þetta voru ekki staðreyndir, að hér væru svo sérstaklega óvanalegar aðstæður, sem gerðu minkaeldið svo tiltakanlega verðmætt. Og þegar upp var staðið og minkaeldi var bannað, þá munu hafa verið 5—7 bú, sem hokruðu að nafninu til hér þrátt fyrir allt það sérstæða og góða, sem landið átti að hafa að bjóða í sambandi við loftslag, í sambandi við hráefni til fóðurs og annað slíkt. Þetta eru nú staðreyndirnar í málinu.

Ég hafði svo fyrr í ræðu minni vikið að þessu einstæða minkafrv. og lýst þar skoðun minni og raunar fleiri og vitnaði þar m. a. í 5. þm. Vesturl. um það, hvað frv. væri ófullkomið og fátæklega útbúið til samþykktar, því að það er í raun og veru svo að segja ekkert í frv. af því, sem máli skiptir, þ. e. að varðveita eftir föngum þá möguleika að afstýra því, að villiminkurinn nemi land hér að nýju. Og ég vék að því, að þetta frv. væri furðulegur óskapnaður, eins og maður segir oft um hluti, sem hvorki eru fugl né fiskur.

Mér finnst það vera athyglisvert, að minkamennirnir leggja til, að lögleyfð séu aðeins 5 minkabú næstu tvö árin, og síðan má ekki fjölga þeim nema með sérstöku leyfi. Ekki skal ég út af fyrir sig lasta þessa varfærni, þar sem þetta ákvæði bendir þó til þess, að einhver hrollur, einhver ímugustur er nú í minkamönnunum í sambandi við að gera minkinn aftur að borgara hér í þessu landi. En hvað á svo að gera eftir 2 ár? Væri ekki nú þegar ástæða til að hugleiða það? Við skulum segja, að þessi 5 minkabú hafi yfirleitt gefið sæmilega raun, sem að sjálfsögðu er enginn mælikvarði á það, hvað fram undan er, ef horfið er að atvinnufrelsi í þessu efni, eins og ætlazt mun vera til. Og má þá ekki búast við, að eftir tvö ár komi krafa um, að fleiri megi freista gæfunnar í sambandi við minkaeldið? Og enn fremur má spyrja: Fyrst þetta minkaeldi er svo mikilvægt bjargráðamál í sambandi við sjávarútveg og landbúnað, hvernig eiga þeir að þola það, sem bíða tvö ár og kannske þurfa þá að sætta sig við það, að ekki verði fjölgað minkabúunum? Varla kemur til mála, að minkurinn sé svo gráðugur í fiskúrganginn, að hann bjargi sjávarútveginum, ef honum eru ekki ætluð nema þau 5 bú, sem nefnd eru í frv. Það rekst sem sagt hvað á annars horn í þessu máli. Nú hef ég heyrt sagt, að aðrar leiðir séu að finnast um verðmætafullnýtingu í sambandi við fiskúrgang og muni því kannske ekki þurfa að flýja til minksins til þess að gera fiskúrganginn verðmætari en hann er nú. Það má sem sagt gera ráð fyrir því, að það geti fleiri en 5 eigendur minkabúa gert kröfu til þess að fá að ala hér upp mink eftir þessi tvö ár, og þá er maður kominn að upphafinu eða endanum á þessu fullreynda máli, þá endurtekur sagan sig, og sýnir, að það er ekki mikil gróðavon í þessu, enda reynslan áður sýnt það, en við verðum fljótlega nokkrum þúsundum villiminka ríkari.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta. Hv. 5. þm. Vesturl. vék að athyglisverðum fundi, sem haldinn var fyrir skömmu um þetta minkamál, þar sem það var rætt af hálfu náttúrufræðinga og dýrafræðinga, sem geta vel um dæmt, hvaða afleiðingar mundu geta orðið af að leyfa þetta eldi. Hann minntist líka, hv. 5. þm. Vesturl., á reynslu þá, sem fengin er t. d. í Noregi. Það liggur fyrir skjallega, að reynslan er þar í raun og veru dapurleg. Minkurinn sleppur þar úr búrum, hve vel sem frá er gengið, og get ég varla búizt við, að hv. minkamenn hér hafi betri ráð til þess að varðveita hann í búrunum en þær þjóðir, t. d. Norðmenn, sem hafa fengizt við þetta eldi áratugum saman.

Mér hefði verið skapi næst, að þetta frv. yrði fellt. En ég get vel sætt mig við till. hv. 5. þm. Vesturl. að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. Hv. þm. benti á, að áður er málið búið að hvíla hjá hæstv. ríkisstj. síðan 1960 og hún hefur öll þessi ár sýnt það lofsverða aðgerðaleysi í málinu, sem raun ber vitni, og ég vænti þess og er þar sammála hv. 5. þm. Vesturl., að það er ekki ástæða

til annars en treysta hæstv. ríkisstj. áfram til að sitja sem fastast á þessu máli, ef því er vikið til hennar.

Hv. 5. þm. Vesturl. vék að einu atriði sérstaklega í sambandi við eindæma afgreiðslu þessa máls, að það hefði ekki verið sent til umsagnar náttúruverndarráðs, og skal ég ekki fjölyrða um það frekar, en tel það furðulega afgreiðslu af hendi hv. landbn., að slíkt skyldi koma fyrir, að ólöstuðum þeim aðilum, sem fengu málið til meðferðar.

Hér er svo brtt. frá tveimur hv. þm. Ég skal ekki fjölyrða um hana. Hún er athyglisverð fyrir það, að þeir taka nú svo djúpt í árinni, að það á að senda sendinefnd eða kannske ekki nema einn mann, — hefði mátt hugsa sér að senda 3 menn, t. d. flm. þessa frv., — til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur til þess að rannsaka ofan í kjölinn, hvað sagt er um minkinn í þessum löndum. Ég get yfirleitt vel treyst þessum ágætu mönnum til að flytja trúverðuga skýrslu um málið, en tel hins vegar, að það væri heppilegra, að þeir færu allir saman til að skoða þetta, svo að ekki væri hægt að vefengja frásögnina, því að betur sjá augu en auga. (Gripið fram í: Á ekki að taka flm. brtt.?) Það gæti mjög vel komið til athugunar. En ég sting ekki upp á því, vegna þess að ég treysti þeim enn þá betur að sýna björtu hliðina, og ég gæti vel trúað því, að fyrri flm. brtt. væri kannske mjög fær um að hafa minkabú hér með góðum árangri, þótt ég jafnvel vantreysti þessum þremur ágætu þm. að reka saman minkabú, svo að vel fari á. Sem sagt, ég endurtek það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að það er hrein furða, að mál þetta skuli ekki hafa verið sent til þess ráðs, sem það í raun og veru heyrir undir, og tel, að það ætti að fresta umr. málsins og fá umsögn um það frá náttúruverndarráði.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 29. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það eru nokkrir dagar síðan ég kvaddi mér fyrst hljóðs til að lýsa skoðun minni á þessu frv., sem hér er tekið til meðferðar og hefur raunar oft verið á dagskrá hér í hv. deild, en umræðunni ávallt frestað.

Ég verð að játa, að ég er nokkuð undrandi yfir þeim umr., sem hér hafa spunnizt um þetta mál, því að það er engu líkara en hér sé verið að gera ráðstafanir til að flytja minka inn til landsins, sem eigi að sleppa lausum og gera tjón á fuglalífi og öðru hér í okkar landi. Ég tel, að við höfum í huga, eða þeir menn, sem eru fylgjandi þessu frv., að hér eigi að taka upp sama hátt og með öðrum þjóðum, að gera minkaeldi að atvinnuvegi hjá þjóðinni, og eins og hefur komið hér fram hjá ýmsum ræðumönnum, sem hafa mælt með samþykkt frv., þá segja þeir réttilega, að við Íslendingar höfum betri skilyrði en flestar aðrar þjóðir til þess að hafa hér starfandi minkabú með góðum árangri.

Ég vil þakka flm. þessa frv. fyrir að hafa flutt það hér á hinu háa Alþ., og ég hef ekki trú á öðru en frv. verði samþ., því að ég tel af þeirri reynslu, sem ég hef af minkaeldi og loðdýrarækt, að fáar þjóðir hafi betri skilyrði til þess að gera þetta að jákvæðri atvinnugrein en í okkar landi, og það væri mjög illa farið, ef frv. yrði ekki samþ. á þessu þingi, sem nú stendur yfir og er senn lokið. En með miklum málalengingum hefur tafizt afgreiðsla á málinu, sem ég vona nú að nái fram að ganga og verði samþ. a. m. k. hér í þessari hv. deild.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. ásamt 4. þm. Reykn. (JSk), sem hljóðar svo, það er breyt. á bráðabirgðaákvæði, að ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

„Ríkisstjórnin skal, áður en leyfi er veitt til minkaeldis, senda hæfan mann til Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar til að kynna sér allt, sem við kemur minkaeldi og minkarækt. Að fenginni jákvæðri grg. frá þeim manni, þannig að sterkar líkur bendi til, að minkaeldi hér á landi muni reynast arðbær atvinnuvegur, er landbrh. heimilt að veita leyfi til að reisa og reka allt að 20 minkabú.“

Ég álít, að það eigi að vera undirstöðuatriði fyrir öllu, sem menn ráðast í, að kynna sér það rækilega fyrst. Nú hef ég heyrt ávæning af því, að þeir, sem ætla að reisa minkabú, ætli að fá erlenda menn til að leiðbeina sér í byrjun. En það liggur ekkert fyrir um það, að það sé tryggt, að þessir menn hafi fullkomið yfirlit yfir þetta, við þekkjum það ekki. En við vitum, að sjálfs er höndin hollust, og þess vegna held ég, að Íslendingar ættu að senda mann til að kynna sér allt rækilega viðvíkjandi minkarækt, áður en ráðizt er í þetta. Í fyrsta lagi þarf að kynna sér fjárhagshliðina. Það er ekki nóg að vita, að hægt sé að selja skinn fyrir eitthvert verð og það geti verið nokkuð margar og jafnvel hundruð milljóna, sem vissar þjóðir selja minkaskinn fyrir. Það þarf að athuga, hvernig sá atvinnurekstur ber sig, og það þarf að athuga þær verðsveiflur, sem hafa verið — við skulum segja undanfarna áratugi — á þessari vöru. Í öðru lagi þarf að athuga gerð minkagarða, því að það er ekki sama, hvernig þeir eru byggðir, og hvort ekki er hægt að tryggja það, að litlar líkur séu til, að minkar þurfi að sleppa út. Í þriðja lagi þarf að athuga val dýra, því að það skiptir miklu máli, að við höfum góðar dýrategundir. Í fjórða lagi þarf að athuga fóðrun og hirðingu dýranna, því að það er ekki sama, hvernig það er gert, undir því er arðurinn kominn. Allt þetta þarf að athuga. Ég held því, að það sé ekki ástæðulaust, að einhver Íslendingur væri sendur út til að kynna sér öll þessi atriði og jafnvel fleiri atriði en þetta, og það væri eðlilegast, að sá maður, sem ætti að hafa umsjón með minkarækt og minkaeldi hér á landi, færi þessa ferð, og ef það á að vera veiðistjóri, væri eðlilegt og sjálfsagt, að hann kynnti sér þetta rækilega fyrst, til þess að hann væri hæfari til að leiðbeina þeim, sem við þetta fást.

Það voru fluttir hér inn silfurrefir, og þeir, sem fluttu þá fyrst inn og seldu lifdýrin, græddu á þeim. Meiri og minni mistök urðu við refaeldið í byrjun, bæði með val dýranna og eins meðferð þeirra, af því að þeir, sem við þetta fengust, höfðu ekki nægilega þekkingu til þess. Ég rak refagarð í mörg ár og varð raunar ekki fyrir stórum áföllum, en það átti ég því að þakka, að ég spurði þá, sem reynsluna höfðu, og kynnti mér það, áður en ég réðst í það. Og ég er sannfærður um, að þó að menn haldi, að þetta sé auðveldur hlutur, er margs að gæta viðvíkjandi þessu.

Ég geri ráð fyrir, að ég greiði atkv. með þessu frv., hvort sem þessi till. verður samþykkt eða ekki, og vitanlega gæti ráðh. látið framkvæma þessi atriði, án þess að það væri samþykkt hér á þinginu. En það er a. m. k. ekki okkar að þakka, ef það er gert, ef þessi till. er felld. Þessi till. ætti ekki að tefja neitt að ráði, því að minkar verða ekki fluttir inn, þó að frv. fari í gegn, fyrr en í fyrsta lagi í haust eða jafnvel síðar, því að það þarf að útvega ýmislegt og byggja garðana og margt fleira að gera. Það eru litlar líkur til, að dýrin verði flutt inn í ár, hvort sem þessi grein er samþykkt eða ekki, en ef hún er samþykkt, þá er tryggt, að eitthvað verður gert í því að rannsaka málið, áður en lagt er í þetta. Við vitum, að karakúlféð var flutt inn, og það var enginn, sem hafði kynnt sér þetta mál rækilega áður, og við höfðum ómetanlegt tjón af þeim innflutningi, og við ættum að vera búnir að læra það að ráðast aldrei í neinar nýjungar án þess að kynna okkur það rækilega áður.

Minkar voru hér áður, en þá virtust minkabúin ekki gefa neitt sérstaklega mikinn pening, og refagarðarnir hættu að bera sig. Þegar stríðið kom og tekjurnar miðuðust eingöngu við seld skinn til annarra landa, þá hættu þeir að bera sig og allir lögðu niður refarækt.

Ég dreg í efa, að það sé hægt að hafa eitthvað upp úr minkarækt, en þetta þarf allt að kynna sér rækilega. Hinu býst ég við, að það verði miklu minna en þessar brúttótölur gefa vonir um, því að menn athuga ekki nóg kostnaðinn. Það er eins og með útgerðina, að þó að skipið afli fyrir allmikið fé, eru nettótekjurnar oft minni en engar.

Við höfum enn fremur tekið fram í þessum bráðabirgðaákvæðum, að það sé heimild til þess að reka 20 minkabú. Ef það eru aðeins 5 bú, fá ekki nærri allir leyfi, sem biðja um þau. En það er alveg ljóst, að þeir, sem fyrst reisa búin, hafa mesta möguleikana til þess að græða, þannig að mönnum verður á þann hátt mismunað. Þeir, sem selja minka til lífs fyrsta árið, munu græða á því meira en þeir gera, sem fara að framleiða skinnin eingöngu til að selja þau til pelsagerðar, þannig að ég held, að það verði dálitið erfitt fyrir ráðh. í framkvæmd, ef hann má aðeins leyfa að reisa 5 minkabú. Það er ekki ástæða til þess að kaupa svo mörg dýr, að garðarnir nái fullri stærð á 1., 2. eða 3. ári, því að menn geta fjölgað dýrunum, en ég sé ekki ástæðu til þess að takmarka eða binda töluna eingöngu við 5. Þar með væri þeim gefin einokunaraðstaða, þessum 5 aðilum, að selja lifdýr, og á þann hátt yrði talsvert mikill munur á milli héraða. En það er nú mikið talað um í þessu sambandi, að þetta eigi að vera til þess að gera verðmætari fiskúrgang, sem hægt yrði að nota til minkafóðurs, að einhverju leyti að minnsta kosti, og þá yrði það mismunur milli héraða, það eru aðeins fá héruð, sem gætu fengið leyfi með því að hafa 5 bú. Ég sé ekki, að það sé auðvelt að gera þann greinarmun á héruðum. Þess vegna leggjum við til, að þessum brbákv. verði breytt, og ég fyrir mitt leyti mun og raunar hvort sem er greiða atkvæði með þessu frv., því að ég vil ekki bregða fæti fyrir það. Ef þetta getur haft fjárhagslega þýðingu fyrir atvinnuvegina, þá er ekki rétt að vera á móti því, en við eigum að rannsaka þetta mál rækilega, áður en í þetta er ráðizt, og það frá öllum hliðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem fjallaði um þetta mál, en af sérstökum ástæðum gat ég ekki verið á lokafundi n., þegar málið var afgr., og þykir mér því rétt með örfáum orðum að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, því að hún er sú, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv.

Rökin, sem færð eru fram fyrir því, að við eigum að taka upp minkaeldi, eru þau, að þetta geti verið ábatavænlegt, ef vel tekst til, og skal ég ekki neita því, þó að reynsla af minkaeldi hér áður fyrr leiddi ekki til neins stórgróða, þvert á móti mun mikið hafa tapazt á þessum búrekstri, og er sú reynsla ekki til uppörvunar, ekki einu sinni að því er þessa hliðina snertir.

Rökin, sem menn færa á móti því að taka upp minkaeldi aftur, eru aftur sú skaðsemi, sem hlotizt hefur af innflutningi minka hér áður fyrr, og ótti manna við, að reynslan kynni að verða svipuð, ef minkaeldi væri tekið upp á ný. Og í viðbót við villiminkinn, sem nú með ærnum kostnaði er haldið nokkuð í skefjum, yrði þessi plága enn þá alvarlegri.

Menn vitna til erlendrar reynslu um, að það sé hægt að verjast þessum vágesti og hafa af honum gróða. Ég vil í sambandi við það segja, að það er ekki alveg einhlítt að vitna til annarra landa að því er þetta snertir. Okkar land er nokkuð sérstætt. Það er stórt og mikill hluti þess óbyggður, og þar að auki er mikill hluti af yfirborði þess þakinn hraunum, sem eru alveg sérstaklega til þess fallin að vera felustaður fyrir slík rándýr sem þessi, og þannig miklu erfiðara hér á landi um útrýmingu þessara dýra en t. d. í Noregi.

Ég bendi enn fremur á það einkenni á náttúru Íslands, að hér er mikið af fiskivötnum, margur lækurinn er fullur af silungi, mörg áin er full af silungi og laxi, og að því er þessi náttúrugæði snertir, þá er minkurinn hættulegur skaðvaldur, auk þess sem hann gerir usla í fuglalífi í landinu.

Ég játa, að það væri að vissu leyti ánægjulegt, að hægt væri að taka upp, eins og aðrar þjóðir gera, slíka búgrein sem þessa, en til þess þarf að beita vísindalegum vinnubrögðum, til þess að fyrsta flokks minkaskinn fáist, og haga eldinu skv. vísindalegum reglum. Ég veit ekki, hvort Íslendingar hafa nokkuð tileinkað sér þau fræði, og í annan stað er hálfgerð skömm að því, að ekki skuli vera hægt að treysta þjóðinni fyrir því að gæta allra varúðarreglna, sem við þarf, til þess að reka slíkan búskap með sæmd. En því miður,

trassaskapur Íslendinga vekur mér ugg um það, að mönnum sé ekki treystandi til þess að gæta þeirra varúðarráðstafana, sem hér þarf við að hafa.

Annað kemur og til. Það var ekki eingöngu fyrir illan aðbúnað að minkabúum, sem minkar losnuðu og fóru út um hvippinn og hvappinn. Það kom fyrir, að hin vönduðustu minkabú, þar sem einskis hafði verið látið ófreistað til þess að byggja þau þannig, að þau væru örugg geymsla fyrir dýrin, fóru líka og dýrin sluppu. Ég þekki t. d. til þess, að eitt minkabú á Vestfjörðum splundraðist við það, að á það féll snjóflóð. Það hafði í sjálfu sér verið talið alveg fullnægjandi örugglega byggt. En þannig geta náttúruhamfarir komið og orðið til þess, að jafnvel tugir dýra sleppi í einu. Vatnsflóð, alveg eins og snjóflóð og skriðuföll, geta fallið á þann stað, þar sem minkabúinu hefur verið valinn staður, og mætti þá segja, að þau slyppu ekki fyrir handvömm, heldur vegna þess, að ekki hafi verið rannsakað nægilega um staðsetningu slíks bús.

Þannig tel ég margvíslegar hættur vera á því, að minkurinn sleppi og verði hér enn alvarlegri landplága en hann hefur verið. En um gróðahliðina tel ég borna von. Ég greiði því atkvæði á móti frv. á þessu stigi.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að umr. var ekki lokið hér síðast, var sú, að þess var vænzt að fá umsagnir frá náttúruverndarráði og líklega forstöðumanni náttúrugripasafnsins, áður en þetta mál færi hér út úr deildinni. Þessar umsagnir eru ekki komnar enn þá, en ég vildi nú leggja það til, að það verði ekki beðið með að ljúka 2. umr. af þeim sökum. Ég tel víst, að þessar umsagnir séu væntanlegar nú alveg á næstunni, og tel, að það sé nægilegt, að þær lægju fyrir við 3. umr.

Það er búið að ræða þetta mál allmikið hér á nokkuð löngum tíma. Ég ætla ekki að fara mikið út í það, sem hér hefur komið fram.

Ég benti á það í framsöguræðu minni fyrir nál., að þetta mál bæri sérstök merki þess að vera mikið tilfinningamál. Allar umr., sem hér hafa farið fram, hafa staðfest þetta svo sem verða má. Sumir hafa komið inn á það, að það vantaði rök eða sannfæringu fyrir því, að hér væri um mikinn fjárhagslegan ávinning að ræða, hér væri um atvinnurekstur að ræða, sem yrði mikill fjárhagslegur ávinningur að. Mér finnst það nú vera nokkuð langt gengið, að við getum ekki hafið nokkrar tilraunir í þessu, nema við teldum, að það væri sannað fyrir fram, að af þessu yrði mikill ávinningur. Sannleikurinn er sá, að í mínum huga verður það aldrei sannað á annan hátt en þann, að við hefjum minkarækt sjálfir í landinu. Og eins og ég gat um í framsöguerindi mínu, þá höfum við viljað fara hægt af stað, eins og frv. ber með sér. Og það hefur meira að segja valdið nokkrum deilum, hvort það væri ekki of hægt farið af stað með því að leyfa aðeins 5 minkabú fyrstu 2 árin. Auðvitað má um þetta deila. En þetta er aðeins vottur þess, að við, sem að þessu máli höfum staðið, erum með það í huga, að það verði svarið, sem við fáum sjálfir, sem skeri úr um framtíð þessarar atvinnu hér á landi.

Út af brtt. þeirra hv. þm. Björns Pálssonar og Jóns Skaftasonar verð ég að segja það, að ég fæ ekki séð, að það sé nokkur bót að samþykkt hennar. Það má vera merkilegur maður, sem veldist til þessa starfs, ef hans dómur eins ætti að vera slík véfrétt sem eiginlega virðist nú verða að vera skv. þessari till. Við vitum, að það er fjöldi manna hér á landi, sem hafa leitazt við að kynna sér þetta mál og fylgjast með minkaeldi erlendis, og það er yfirleitt samhljóða eða a. m. k. dómur mjög margra, að það séu öll rök, sem mæli með því, að þessi atvinnugrein geti orðið arðbær hér og jafnvel arðbærari en í flestum öðrum löndum, einmitt vegna þess, að við höfum það fóður, sem mest er notað til minkaeldis. Þess vegna tel ég ekki bót að þessari brtt. þeirra Björns Pálssonar og Jóns Skaftasonar.

En ég sagði áðan, að þetta mál væri mikið tilfinningamál, og ég verð að segja það, að einmitt vegna þess, að við vitum, að það er allmikið tilfinningamál, þá er í þessari tilfinningasemi fjölda Íslendinga fólgin ákaflega mikil trygging og mikið aðhald við framkvæmd málsins. Það verður án efa miklu fremur en við flest önnur mál fylgzt með því af fjölda Íslendinga, hvernig tekst til um framkvæmdina. Og er það í mínum huga einmitt mjög mikil trygging fyrir því, þegar kemur til með að setja reglugerð um framkvæmd málsins, að þá verði gætt hinnar ýtrustu varúðar, annars vegar við útbúnað búanna og hins vegar af þeim, sem stofna til þessa atvinnurekstrar, með það að afla sér allrar þeirrar sérþekkingar, sem hægt er, til þess að þetta megi fara vel úr hendi. Og mér þótti dálítið merkilegt að heyra það af munni hv. þm. Björns Pálssonar, að þessi lög væru allt of stutt, af því að það hefur verið meginuppistaða í kritik hans oft á löggjöf hér á Alþingi, að lögin væru allt of löng, og út af fyrir sig er mjög mikið til einmitt í þessum röksemdum hv. þm.

Nei, það má vissulega deila um það, hvort þessi lög séu æskilega ýtarleg. Það má deila um það. En hins vegar fela þau í sér, að það sé hægt að framkvæma allar þær varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegar og skynsamlegar teljast, þegar til framkæmda kemur með lögin.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég sagði hér í framsögu minni fyrir nál., að ég hefði ekki staðið að flutningi slíks frv., ef villiminkurinn hefði ekki verið kominn til landsins. Og mér finnst í raun og veru verið að slá ákaflega mikið vindhögg í rökræðum um þetta mál, þegar verið er að tala um skaðsemi villiminksins, vegna þess að það breytir ekki því, að við höfum villimink hér í landinu og þurfum að halda uppi sömu bráttunni gegn honum, hvort sem við samþykkjum þetta mál eða ekki.

En ég vil samt beina því til hæstv. forseta, að hann ljúki nú þessari umr. og atkvgr. fari fram eftir 2. umr. og við fáum umsagnir þær, sem beðið er eftir, áður en 3. umr. fer fram.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég skal ekki tala lengi um þetta, enda búinn að segja mína skoðun á því. Ég vil aðeins

segja örfá orð út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann vill fá svar um þetta mál með því að samþykkja frv., taka minkana inn í landið og sjá, hvernig það gefst. En ég vil spyrja: Hefur hann ekkert svar heyrt í þeim efnum enn þá? Hefur hann ekki orðið var við neina reynslu af nákvæmlega því, sem hann er að leggja til? Þarf að spyrja um það hér á Alþingi, hvort brennd börn séu hætt að forðast eldinn?

Ég veit það vel, að hann er svo gæfusamur að vera í þeim landshluta, sem hefur minnst af minkaplágunni að segja enn þá, og ég verð að vona, að skilningsleysi hans á því, hvernig þetta mál hefur verið í fortíðinni, stafi af því, að hann hafi ekki kynnzt því. Hann kallar það vindhögg að tala um skaðsemi villiminksins. Ég ætla að biðja Austfirðinga að fara vestur í eyjar á Breiðafirði og segja við bændur þar við Breiðafjörðinn, að það sé vindhögg.

Þessi sami hv. þm. talar um það, að þeir, sem mótmæla þessu frv., geri það vegna tilfinninga, það sé tilfinningamál, og það liggur í orðum hans, svo að ekki verður misskilið, að þess vegna eigi ekki að taka mark á því. Nú er mér það minnisstætt, að fyrir fáum vikum flutti þessi sami þm. ræðu um landbúnaðarmál, og hann talaði um búskap okkar og viðhorf til landbúnaðarins sem einn af þeim, sem taka þátt í lífsbaráttunni á þeim vettvangi. Og það leyndist hér engum, sem heyrði það, að maðurinn talaði af mikilli tilfinningu. Þetta var honum tilfinninga-, hjartans- og áhugamál, sem hann var að fara með. Eigum við hinir að segja, að það sé ekkert að marka það, sem hann segir, af því að honum sé það tilfinningamál að gera ýmislegt fyrir landbúnaðinn? Nei, það er ekki hægt að bera þetta fram hér á Alþingi, af því að tilfinningar eru líka staðreyndir og stundum þær staðreyndir, sem mesta þýðingu hafa í mannlegu lífi.

Annars ætlaði ég aðeins að skýra frá því, sem þegar kom fram hjá síðasta ræðumanni, að landbn. hefur tekið til greina þær skoðanir, sem hér hafa komið fram í umr. um, að þinginu beri að leita umsagnar náttúruverndarráðs. Nefndin hefur komið saman og óskað eftir þessari umsögn.

2. umr. er venjulega höfuðumræða um mál, og eftir hana taka menn höfuðaðstöðu sína. Þess vegna vil ég, úr því að landbn. hefur séð ástæðu til að óska eftir þessari umsögn, leggja eindregið til, að þessu máli verði ekki lokið, fyrr en þessi umsögn liggur fyrir. Þar að auki er þetta ekki venjuleg umsögn um mál, því að það hefur verið bent á það hér í umræðunum, að skv. íslenzkum lögum getur þetta mál ekki náð fram að ganga, án þess að náttúruverndarráð segi til um það.

Það er afar hæpið af Alþingi að samþykkja frv., sem kann að vera þess eðlis, að það standist ekki, nema við vitum, að náttúruverndarráð mæli með því.

Málið liggur því þannig fyrir, að mér finnst vera óviðeigandi annað en bíða enn nokkra daga, — það eru aðeins örfáir dagar síðan nefndin skrifaði þessum aðilum, — og láta þessar umsagnir liggja fyrir, áður en þess er óskað, að menn taki höfuðafstöðu til málsins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þá ósk, sem hér hefur komið fram og síðast frá hv. 5. þm. Vesturl., að þessari 2. umr. verði ekki lokið, fyrr en þær umsagnir, sem væntanlegar eru um frv. skv. beiðni landbn., liggja fyrir. Og ég vona fastlega, að hæstv. forseti taki þessa ósk til greina, að 2. umr. verði ekki lokið að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 5. þm. Vesturl., þar sem hann kom inn á það, að ég hefði talað um, að andstaðan gegn þessu væri mest tilfinningamál. Ég er alveg ákveðið þeirrar skoðunar. Hins vegar er það alger misskilningur, að ég sé þannig gerður, að ég telji, að tilfinningar geti ekki haft lög að mæla, það er fjarri því, og eins og hann vitnaði í, að ég hefði sjálfur flutt hér mál á þann veg, að það væri sýnilegt, að ég teldi, að í tilfinningum gætu einnig falizt rök.

Hann vildi halda því fram, að ég hefði sýnt mikið skilningsleysi í þessu máli. Ég vil nú ekki deila um það. Ég fæ ekki séð, að það hafi nokkur áhrif á þá villiminkaplágu, sem við höfum fyrir í landinu, hvort við leyfum minkarækt í búrum, án þess þó að mér detti í hug að fullyrða, að það geti ekki hent, að einn og einn minkur sleppi úr vörzlu. Það mun vera staðreynd á Norðurlöndum, að þetta kemur einstaka sinnum fyrir. Og það er raunar algert matsatriði. Menn geta haft um það mismunandi skoðanir, hvort það sé líklegt, að það kunni að gerast hér í þeim mæli, að það hafi einhver áhrif á villiminkastofninn í landinu. Ég er þeirrar skoðunar, að það muni ekki verða, að það hafi teljandi áhrif eða jafnvel nokkur áhrif á þann villiminkastofn, sem við eigum fyrir í landinu.

Ég heyrði sagt hér sem rök gegn þessu máli, að ef farið væri að leyfa ræktun minka hér í búrum, þá mundi það slæva, þá mundi það draga úr þeirri herferð, sem haldið er uppi um eyðingu villiminksins. Ég get ekki séð, að fyrir þessu geti verið nokkur rök. Ég lít svo á, að það hljóti að verða haldið áfram hér eftir sem hingað til af fullum krafti með allar hugsanlegar útrýmingarráðstafanir gegn villimink.

Þá sagði hv. þm. út af umsögnum þeim, sem hafa ekki borizt frá náttúruverndarráði, að skv. íslenzkum lögum væri ekki hægt að framkvæma þetta mál nema bera það undir ráðið. Vitanlega er það rétt, að skv. íslenzkum lögum á að leita álits þess á innflutningi á dýrategundum. Og það er heldur ekkert því til fyrirstöðu, eins og gefur að skilja, að það verði gert eins og lög standa til, þó að þetta frv. nái fram að ganga. En hitt fæ ég ekki séð, að með löggjöf um náttúruverndarráð hafi því verið seldur allur réttur til að ráða um löggjöf hér á Alþingi, að því er snertir innflutning á dýrum.

Ég skal ekki fara í neitt karp um það, hvort við óskum eftir, að þessar umsagnir liggi fyrir, áður en 2. umr. lýkur. Hins vegar taldi ég, að við gætum vel við það unað að fá þessar umsagnir fyrir lok 3. umr. En nú hafa komið fram mjög eindregnar óskir um það, að 2. umr. verði ekki lokið, fyrr en þessar umsagnir liggja fyrir,

og ég skal ekki vera að fara í karp um það, en láta það í vald hæstv. forseta.

Forseti (SB): Ég vil vekja athygli hv. þd. á því, að þetta mál hefur verið alllengi til meðferðar hér í hv. þd. og svo lengi til meðferðar hjá hv. landbn., að henni hefði verið í lófa lagið að hafa fengið þegar álit þeirra aðila, sem nú er beðið um frest til þess að heyra frá. Þrátt fyrir það, að hv. nefnd hefur ekki gert þetta, verður nú orðið við þeirri ósk að fresta um skeið, en aðeins um mjög skamma hríð, umr. um málið og mun ég freista þess, ef fundur verður á morgun, sem ég geri ráð fyrir, að taka málið þá fyrir, og treysti því, að hv. landbn. hafi þá fengið álit þeirra aðila, sem nú er talið svo mikið velta á.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 3. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. um loðdýrarækt, sem hér liggur fyrir, var á sínum tíma til athugunar hjá hv. landbn., sem hefur fyrir nokkru skilað áliti um það. Með áliti meiri hl. n. fylgir umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og enn fremur er þar prentuð ályktun, sem búnaðarþing gerði um þetta frv. í vetur. En ég tel eðlilegt af hv. n. að leita eftir áliti fleiri aðila um þetta frv. Ég vil minna á það, að til eru lög frá 1956 um náttúruvernd, og í 5. gr. þeira segir, að áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum, skuli leita umsagnar náttúruverndarráðs. Nú veit ég ekki, hvort hv. n. hefur gert þetta. Ég veit ekki til þess, að umsögn frá því ráði liggi hér fyrir um þetta mál. Ég hef ekki orðið þess var. Hins vegar fengum við þm. nú rétt fyrir síðustu helgi bréf frá náttúrugripasafni, sem dagsett er 28. apríl, og ég tel, að það væri fyllsta ástæða fyrir þdm. að kynna sér efni þess bréfs, áður en þeir taka afstöðu til þessa frv.

Í ályktun búnaðarþings er á það bent, að búnaðarþing telji, að ekki komi til mála að leyfa loðdýraeldi almennt. Síðar í ályktuninni segir þó, að hins vegar gæti komið til mála að leyfa minkaeldi til skinnaframleiðslu, en þó því aðeins að sýnt væri, að verulegur fjárhagslegur ávinningur yrði af því fyrir þjóðina í heild. Þetta segir búnaðarþing. Hér hefur alls ekki verið sýnt fram á það af flutningsmönnum þessa máls eða öðrum, að það mundi verða verulegur fjárhagslegur ávinningur af því fyrir þjóðina að taka nú aftur að leyfa minkaeldi. Landsmenn hafa nokkra reynslu af loðdýrarækt, því er ekki að neita. Fyrir fullum 30 árum voru allmargir menn víða um sveitir, sem settu á stofn refabú. Ég hygg, að þeir, sem byrjuðu á þessum atvinnurekstri, hafi haft af því nokkrar tekjur, á meðan þeir höfðu markað fyrir dýr innanlands til granna sinna og annarra, sem vildu fara út í þennan atvinnurekstur. En svo kom að því náttúrlega, að sá markaður fylltist. Þeir gátu ekki endalaust selt dýr hér innanlands með það fyrir augum, að þau yrðu alin í refabúum, og þegar svo var komið að atvinnureksturinn þurfti að byggjast á því að selja refaskinn til útlanda, þá var draumurinn búinn. Upp úr því var lítið að hafa, og þá lagðist þessi atvinnuvegur niður. Ég held einnig, að það megi segja um minkaræktina, sem hér var á tímabili, að menn hafi ekki spunnið silki af þeim atvinnurekstri. Nú er talað um, að minkaskinn séu í háu verði í nágrannalöndum. Ég er ekki kunnugur því, en ég vil benda á það, að þessi vara er tízkuvarningur og tízkan er duttlungafull í henni veröld. Því getur vel svo farið, að konur, sem vilja ganga vel til fara og vilja nú um þessar mundir skreyta sig með minkaskinnum, finni upp á því að breyta til, áður en langt um líður, og velji sér einhver önnur efni í kápur en minkaskinn. Ég held, að það sé farsælla fyrir okkur að miða okkar framleiðslu við nauðsynjavörur og þá fyrst og fremst matvælaframleiðslu, því að alltaf er þörf fyrir matvæli. Og ég minnist þess, að ég hef lesið um það í blöðum ekki fyrir löngu, að íslenzkur maður hafi fundið upp nýja aðferð við að framleiða manneldisvörur úr fiskúrgangi frá frystihúsum, og hann muni hafa sótt um einkaleyfi á þessari uppfinningu sinni. Ég held, að menn ættu að gefa þessu máli gaum. Þarna gæti vel opnazt möguleiki til þess að fá markað fyrir vöru frá fiskfrystihúsunum, betri markað en nú er fyrir þennan úrgang. Það væri skemmtilegra, ef hægt væri að hagnýta hann á þann hátt.

Eins og kunnugt er, var minkaeldi bannað hér fyrir 10—15 árum með lögum frá Alþ. Og ef ég man rétt, þá var mikill meiri hluti þm. í þessari hv. d., sem stóð að þeirri lagasetningu. Og ég hef ekki heyrt nein frambærileg rök fyrir því, að nú eigi að breyta til og leyfa minkaeldi aftur. Ég held, að nú þurfi fyrst og fremst að gera gangskör að því að útrýma til fulls þessu skæða rándýri, en ekki að flytja fleiri slík til landsins.

Hér liggur fyrir í þessu máli brtt. á þskj. 463 frá hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Reykn. Þeir leggja þar til, að áður en leyfi er veitt til minkaeldis, eigi ríkisstj. að senda hæfan mann til Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar til þess að kynna sér allt, sem við kemur minkaeldi og minkarækt, og fyrst að fenginni jákvæðri greinargerð frá þeim manni, sem bendir til þess, að minkaeldi hér á landi muni reynast arðbær atvinnuvegur, þá sé landbrh. heimilt að veita leyfi til að reisa og reka allt að 20 minkabú. Þarna er á það bent í þessari brtt. eins og í ályktun frá búnaðarþingi, að það vanti enn upplýsingar um, hvort það muni verða eitthvað upp úr því að hafa að taka hér upp minkaeldi, og mér finnst rökrétt afleiðing af því, sem kemur fram í þeirra brtt. og einnig í ályktun búnaðarþings, að það sé rétt að fresta nú afgreiðslu þessa frv., a. m. k. að fresta því að samþ. það. Þess vegna tel ég það rétt fyrir hv. d. að samþ. þá till., sem komið hefur fram frá minni hl. hv. landbn., að vísa málinu til ríkisstj. Það held ég, að sé réttasta meðferðin á þessu frv.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. landbn. á þskj. 388 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, SJóh, GÞG, VH, HV, LJós, RA, SE, SkG, BGr, BFB, EðS.
nei: GeirG, GuðlG, ÓL, IngJ, IG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, ÞÞ, AJ, BF, BBen, BP, DÓ, EÁ, SB.
EI, HS greiddu ekki atkv.
3 þm. (EOl, EmJ, JSk) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 21:9 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 21:11 atkv.
Brtt. 463 felld með 18:4 atkv.
Brtt. 383 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:11 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 606).

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Afgreiðsla þessa frv. við 2. umr. hefur leitt í ljós, að í þessari hv. d. virðist vera meiri hl. fyrir því að leyfa minkarækt á nýjan leik. Við atkvgr. vakti það sérstaka athygli, að stærsti flokkur þingsins, Sjálfstfl., stóð að heita má einhuga að málinu, nema hvað einn af þm. hans sat hjá. Þetta vekur athygli, fyrst og fremst vegna þess, að það er 20—30 ára venja hér í þinginu, að loðdýraræktarmálin hafa ekki farið eftir flokkslínum og allir flokkar hafa meira eða minna skipzt um þau, og nefni ég þetta sérstaklega vegna þess, að fyrir fáum árum voru í röðum Sjálfstfl. menn, sem gengu fram fyrir skjöldu í þessu máli, menn eins og Pétur Ottesen, sem enn eru kosnir til æðstu trúnaðarstarfa í flokknum og ég á erfitt með að trúa að séu hrifnir af því, að flokkurinn skuli einhuga ganga fram á þessari braut.

Ég sé ekki ástæðu til að rifja upp aftur þær röksemdir, sem ég hef flutt á móti þessu frv. En við 2. umr. lagði ég eingöngu til, að málinu væri vísað til ríkisstj. Nú hefur því verið hafnað, og vil ég því leyfa mér að flytja 2 brtt. við frv. sjálft, og byggjast þær brtt. á þeim viðhorfum, sem nú verður að horfast í augu við um vilja dm.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál hér í d., hefur komið fram sú höfuðröksemd með því að leyfa minkarækt, að við höfum nú þegar minkaplágu, við höfum skaða og skömm af því máli og því þá ekki að reyna að hirða einhvern gróða af því um leið? Í sambandi við þetta sjónarmið langar mig til að flytja brtt. við 6. gr. Þar er um fjallað, hvernig rn. skuli veita leyfi fyrir loðdýragörðum, eins og nú á að kalla þá (pelsegård á góðri dönsku). Ég legg til, að það verði bætt einni mgr. við þessa gr., er hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Leyfi til minkaeldis má þó aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra.“ Þessi till. þýðir, að stórir hlutar af landinu, sem enn eru lausir við minkaplágunа, skuli ekki verða fyrir þeirri áhættu, sem mundi óhjákvæmilega fylgja, ef minkabú væru sett þar upp. Finnst mér, að þessi brtt. sé í fullkomnu samræmi við höfuðröksemd þeirra manna, sem með frv. mæla.

Ég hygg, að þótt hart hafi verið deilt um þetta mál, muni enginn halda fram, að báðum málsaðilum sé ekki jafnannt um að forðast tjón í náttúru Íslands, þó að mat manna á því, hve mikil hætta fylgi minkarækt og endurreisn hennar, sé mismunandi. Þess vegna treysti ég því, að sé meiri hl. þessarar d. þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt sé fyrir efnahagsafkomu okkar að innleiða minkarækt á nýjan leik, þá fáist þessi sami meiri hl. til að hlífa þeim landshlutum, sem enn hafa losnað við minkaplágunа.

Síðari brtt., sem ég flyt, er um nýja gr. á eftir 7. gr. frv. Er lagt til að setja algerlega nýtt efnisatriði inn í frv. Ein af höfuðröksemdunum fyrir því, að við getum gert loðdýrarækt eða minkarækt að arðvænlegum atvinnuvegi, er sú, að hér falli til mikill fiskúrgangur og sé nauðsynlegt að hagnýta hann betur en gert hefur verið hingað til. Nú höfum við flutt þennan fiskúrgang út fyrir allgott verð. Á árinu 1964 voru flutt út 7165 tonn, og fyrir þetta fengust, eftir því sem Hagtíðindi skýra frá, 22.9 millj. kr. Þá vil ég enn fremur benda á, að samkv. l., sem hv. Alþ. samþykkti fyrir 1½ ári eða svo, er útflutningsskattur á fiskúrgangi til dýrafóðurs 4.2%. Ef þessi fiskúrgangur yrði allur notaður innanlands til þess að ala loðdýr og þau síðan flutt út, er verið að hlífa þessum fiskúrgangi við útflutningsskatti, sem aðrar sjávarafurðir verða að greiða. Af 22—23 millj. kr., sem var útflutningsverðmæti þessa varnings s. l. ár, ætla ég, að til leggist hátt í eina millj. kr. í útflutningsskatti. Nú rennur útflutningsskatturinn að vísu til sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins sjálfs að mestu leyti, og mundi því dæmið koma þannig út, að fiskiðnaðurinn og sjávarútvegurinn mundi missa úr sínum aski upp undir millj. kr. að óbreyttu verðmæti. Má þó á vissan hátt segja, að ríkið tapi þessu fé, því að ég er sannfærður um, að ef útflutningsskatturinn væri ekki til að standa undir þessum útgjöldum, yrði ríkið að gera það á annan hátt. Í þessu sambandi finnst mér eðlilegt, meðan leyft er með allri þeirri áhættu, sem fylgir, að breyta fiskúrganginum í loðdýr, sitji atvinnuvegurinn eftir sem áður við svipuð kjör hvað útflutningsskatt snertir. Og ég vil því leyfa mér að leggja fram till., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Greiða skal útflutningsgjald af loðdýraskinnum eða lifandi loðdýrum, 4.2% af fob-verði. Gjaldið skal renna til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminks og til sérstakra ráðstafana til útrýmingar honum.“

Ég tel eðlilegt, að þetta gjald, sem væri í samræmi við það, sem greitt hefur verið af útfluttum fiskúrgangi, renni til að freista þess að hamla á móti því hugsanlega tjóni, sem andstæðingar málsins hafa haldið fram að búast megi við, ef frv. verður samþ. Er lagt til, að í fyrsta lagi renni þetta fé til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminks, en slíkar rannsóknir munu ekki hafa farið fram nema að mjög takmörkuðu leyti. Vitneskja manna um lifnaðarhætti þessa dýrs byggist að verulegu leyti á upplýsingum,

sem leikmenn og þeir, sem berjast við minkapláguna, hafa aflað. Þessar vísindalegu rannsóknir ættu að geta skapað grundvöll fyrir sterkari ráðstöfunum til þess að útrýma villiminknum eða halda honum í skefjum, ef lengra verður ekki komizt.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram þessar till., sem ekki hefur verið hægt að flytja á eðlilegan hátt vegna þess, hve stutt er liðið síðan 2. umr. fór fram. Ég mundi telja, þar sem efni þeirra skiptir miklu máli fyrir frv., að mjög væri æskilegt, ef hæstv. forseti vildi veita tíma til þess að prenta þetta, svo að þm. gætu séð till. fyrir sér, áður en þeir taka afstöðu til þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 617) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef í hyggju að leggja fram brtt. við þetta frv., en af því að það var ekki fyrr en um kvöldverðarleytið í gær, sem málið var afgreitt til 3. umr., hefur mér ekki gefizt tími til að ganga frá brtt. minni, og því vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti nú þessari umr. og taki málið út af dagskrá. Ég get heitið því að hafa mína brtt. tilbúna og væntanlega prentaða fyrir næsta fund d., svo framarlega sem hann verður ekki haldinn í dag. Vildi ég vænta þess, að hv. forseti sjái sér fært að verða við þessari ósk minni.

Forseti (SB): Forseti vill að sjálfsögðu leggja sitt lið til þess, að hv. 1. þm. Norðurl. v. gefist tækifæri til að semja sína brtt. En ég leyfi mér að vekja athygli á því, að næsti fundur í hv. þd. verður ekki fyrr en á fimmtudag. Hins vegar er það skammt í þingslit, að ef minnsta von á að vera um að koma málinu gegnum hv. Ed., verður að ljúka 3. umr. um málið í dag. Ég vil spyrja hv. þm., þann er síðast talaði, hvort hann treysti sér ekki til að hafa brtt. sína tilbúna, ef gert væri nú stutt fundarhlé. (SkG: Ekki mjög stutt.) Þegar hv. þm. hefur gefizt tækifæri til að leggja fram brtt. sína skriflega og umr. lokið um málið, hafði forseti hugsað sér að gefa frest til atkvgr., þannig að hinar skriflegu brtt. lægju fyrir prentaðar, þegar atkvgr. færi fram. Fellst hv. þm., sá er síðast talaði, á þetta? (SkG: Það er sjálfsagt að reyna.) — [Fundarhlé.]

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég heyrði lesnar einu sinni áðan þær 2 skrifl. brtt., sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú lagt fram. Ég felli mig vel við síðari brtt. hans um útflutningsgjald á loðdýrum eða loðdýraskinnum og mun greiða henni atkv. Mér finnst það góð till. En ég get ekki fallizt á hans fyrri till. Ég get ekki veitt samþykki tillögum, sem geta haft það í för með sér, að við, sem búum í héruðum, þar sem villiminkurinn hefur verið og er, fáum yfir okkur viðbót af því óféti. Okkur þykir nóg að fást við það, sem fyrir er, og því er það, að ég vildi koma málinu öðruvísi fyrir, og mín brtt., sem ég mun lýsa hér á eftir, stefnir að því.

Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, barst okkur þm. nú fyrir síðustu helgi bréf frá náttúrugripasafninu, dags. 28. apríl s. l. Þetta bréf er skrifað af forstöðumanni safnsins, dr. Finni Guðmundssyni, og eins og ég sagði við 2. umr., tel ég, að þm. ættu að kynna sér sem rækilegast efni þess, sem sá fræðimaður hefur um þetta að segja. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa nokkuð upp úr þessu bréfi frá dr. Finni. Hann segir eftir inngang á þessa leið:

„Ég verð að játa, að það veldur mér nokkrum erfiðleikum að taka afstöðu til umræddra frv., því að þar er þess hvergi getið, hvaða dýr sé fyrirhugað að ala í væntanlegum loðdýrabúum né heldur hvort fyrirhugað sé að flytja til landsins loðdýr í því skyni. Vel getur komið til mála að ala íslenzk dýr, svo sem refi og íslenzka villiminka, í loðdýrabúum, og kemur þá auðvitað ekki til innflutnings á loðdýrum. En grunur minn er sá, að flm. frv. geri ráð fyrir innflutningi loðdýra, en um slíkan innflutning eru ströng ákvæði í gildandi l. Í 2. gr. l. nr. 15 1948 er mælt svo fyrir, að innflutningur á hvers konar dýrum sé háður leyfi landbrh. og leyfi megi ekki veita, nema stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Þá eru ákvæði í 5. gr. l. nr. 48 1956, um náttúruvernd, um, að leita skuli umsagnar náttúruverndarráðs, áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum. Þó að frv. það um loðdýrarækt, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ., verði samþykkt, haggar það ekki á nokkurn hátt við ákvæðum gildandi l. um innflutning dýra."

Þetta segir dr. Finnur. Og ég vil enn fremur — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp niðurlagið á bréfi hans, en það er þannig:

„Að lokum vil ég leyfa mér að benda á, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur viðhlítandi athugun hafi farið fram á þjóðhagslegu gildi loðdýraræktar hér. Þess væri þó full þörf, áður en verulegar fjárhæðir væru festar í loðdýrabúum. Því hefur að vísu verið haldið fram, að með loðdýrarækt væri hægt að stórauka verðmæti fiskúrgangs, sem fellur til í verstöðvum hér. Ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minkaeldi verði leyft hér á ný, vil ég gera það að varatill. minni, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega sem Vestmannaeyingar vilja fallast á að taka við minkum. Í Vestmannaeyjum fellur til meira magn af fiskúrgangi en í flestum öðrum verstöðvum hér á landi, og þar væri hægt að ganga úr skugga um, hvort minkaeldi er eins arðvænlegt og látið er í veðri vaka, án þess að náttúru Íslands í heild sé stefnt í voða."

Þetta finnst mér skynsamlega mælt hjá dr. Finni Guðmundssyni, og því er það, að ég vil leyfa mér að leggja hér fram brtt., sem gengur í þá stefnu.

Í frv. þessu, eins og það upphaflega var lagt fyrir, er ákvæði til bráðabirgða, þannig hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Leyfi til minkaeldis samkv. l. þessum skal næstu 2 árin eigi veitt fleiri en 5 aðilum."

Þannig var þetta, þegar frv. kom fram. Nú hefur verið gerð breyting á þessu ákvæði eftir till. frá meiri hl. landbn., og nú er bráðabirgðaákvæðið þannig orðað eftir 2. umr. frv.:

„Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu 2 árin frá gildistöku l. og eigi fleiri en 5 minkabúum."

Samkv. þessu er því slegið föstu. að það megi aðeins veita leyfi til ræktunar minka næstu 2 árin eftir gildistöku l. og ekki fleiri en 5 minkabúum. Nú vil ég samkv því, sem ég hef þegar sagt, leyfa mér að leggja fram brtt. við frv., með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa hana, hún er þannig:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Minkabú, sem leyfð kunna að verða, skulu vera í Vestmannaeyjum."

Þetta er, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, alveg í samræmi við till. náttúrufræðingsins, forstöðumanns náttúrugripasafnsins, dr. Finns Guðmundssonar. Ég veit náttúrlega ekkert um það frekar en dr. Finnur, hvort þeir í Vestmannaeyjum vilja taka við þessu dýri til að ala það þar. En hugsazt gæti það, að þeir mundu reyna þetta, ef þeir hafa einhverjir þar trú á því, sem mjög er haldið á loft, að þetta geti orðið arðvænlegur atvinnurekstur hér, þar sem mikið fellur til af fiskúrgangi frá frystihúsum. Það má náttúrlega gera ráð fyrir, að eitthvað af þessu sleppi út úr búrunum þar eins og annars staðar, og víst getur það valdið tjóni þar, a. m. k. á fuglalífi, en þó er sá skaði hverfandi samanborið við það, ef þessu er sleppt út á meginlandinu til viðbótar því, sem þar er fyrir. Mér finnst því sterk rök mæla með því, að þessi till., sem dr. Finnur hefur hér lagt fram í sínu bréfi, verði samþ. og þetta minkaeldi verði takmarkað við þennan stað á landinu, því að þá ætti það að vera alveg öruggt, að minkar, sem sleppa þar úr haldi, færu þó ekki nema um eyjarnar.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess, að mönnum sé ljóst, hvað fyrir mér vakir með þessari brtt., og vil óska þess, að leitað verði afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 621) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég greiddi atkv. með frv. því, sem hér liggur fyrir, ekki vegna neinnar flokkslegrar afstöðu, heldur vegna þess, að ég tel eðlilegt, að minkaeldi verði leyft hér, og byggi það á þeim umsögnum, sem fyrir liggja, að þetta er orðin allveruleg atvinnugrein á Norðurlöndum, bæði í Noregi og í Danmörku, og ég tel ekki þungvæg þau rök, sem hér hafa komið fram gegn frv., sem aðallega eru fólgin í þeim mistökum, sem talið var að hér hefðu orðið á sínum tíma í sambandi við loðdýrarækt-ina.

Ég hygg, að það sé svo með flestar nýjar atvinnugreinar, að þar verði mönnum á mistök, þeir læra af reynslunni. Þetta mun einnig hafa verið svo bæði í Noregi og Danmörku í fyrstu, en þeir eru komnir þar yfir þetta, þannig að þetta er orðin nokkuð stór og allveruleg atvinnugrein og virðist geta gengið þar, án þess að það þurfi þar að valda nokkru tjóni. Ég tel, að Íslendingar eins og þeir geti alveg lært af þessu og að ef minkaeldi yrði tekið upp á ný, þá séu þeir þó a. m. k. reynslunni ríkari í þessum efnum og ætti að geta farið slíkt úr hendi hér eins og það hefur farið úr hendi í þessum löndum.

Ég skal ekki fjölyrða neitt um þær till., sem hér hafa komið fram. Ég á mjög erfitt með að átta mig á því, hvað hægt er að kalla örugga fótfestu minka, eins og fram kom í till. hv. 5. þm. Vesturl. Ég veit, að á sínum tíma, meðan minkar voru ræktaðir t. d. í Vestmannaeyjum, þá sluppu þeir þar út eitthvað, hvort þeir eru þar með örugga fótfestu enn, er mér ekki kunnugt um. Það hefur lítið verið athugað, hvort þeir eru þar, en vitað var, að þeir sluppu þar út á sínum tíma. Ef menn þyrftu að sanna, að minkur væri, væri auðvitað hægur vandi fyrir Vestmanneyinga, ef þeir vildu hafa mink, að útvega sér nokkur stykki hér frá meginlandinu og flytja þau inn og sleppa þeim. Það væri mjög handhæg aðferð til að sanna, að þar væri villiminkur með örugga fótfestu, þannig að ég tel, að þessi till. mundi ekki ná tilgangi sínum, þó að hún væri samþykkt.

Ég verð að segja, að mér þykir kveðja Skúla Guðmundssonar, hv. 1. þm. Norðurl. v., til okkar Vestmanneyinga heldur kaldranaleg, þegar á það er litið, að hann telur þetta skaðræði, það er hans skoðun, hann telur skaðræði að leyfa minkaeldi, að hann skuli endilega vilja beina því til okkar í Vestmannaeyjum einna. Það er alveg rétt, sem hann tók fram og kemur fram í bréfi dr. Finns Guðmundssonar, að þar er fuglalíf mikið, og ef þetta er sá skaðvaldur, sem andstæðingar frv. hafa haldið fram, þykir mér heldur köld kveðja, að við skulum einir í Vestmannaeyjum eiga að taka við því.

Ég tel, að samþykkja beri frv. og gera þessa tilraun, og það er sannfæring mín, að það megi gera hana þannig, að þetta þróist í eðlilega atvinnugrein og verði landinu til fjáröflunar bæði atvinnulega séð og eins gjaldeyrislega séð, þegar tímar líða.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um það frv., sem liggur hér fyrir, og þær brtt., sem fram hafa verið lagðar nú við 3. umr. Ég var satt að segja nokkuð undrandi, þegar ég sá það í gær við afgreiðslu þessa máls við 2. umr. hér í hv. d., hversu miklu fylgi minkurinn virðist eiga að fagna hér í deildinni. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrir fram, að málin stæðu þannig. Einnig vakti það athygli mína, að þetta virtist nú orðið mál Sjálfstfl., það varð ekki annað séð.

Það er óhætt að segja, að það er margföld og dýrkeypt reynsla, sem Íslendingar hafa af innflutningi lifandi dýra. Ég ætla ekki að fara að rekja þau mál hér í einstökum atriðum, það hefur vafalaust verið gert í umr. um þetta frv., áður en ég tók sæti hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum. En ég verð að segja það, að með tilliti til þeirrar reynslu, sem Íslendingar hafa af þessum málum, þurfi sannarlega veigamiklar ástæður til þess að taka upp að nýju innflutning lifandi dýra og í þessu tilfelli á því kvikindi, sem mest spjöll hefur gert á náttúru landsins allra dýra innfluttra og valdið mestum skaða á allan hátt,

næst á eftir sauðfjárpestunum. Það þarf að vera hægt að sýna fram á, að sá innflutningur, sem stefnt er að, hafi eitthvert þjóðhagslegt gildi. Ef hægt er að sýna fram á það, er vitanlega skylt fyrir hv. alþm. og aðra, sem um málið fjalla, að athuga málið allt vandlega. Mér er ómögulegt að sjá, að þjóðarhag okkar verði bjargað á nokkurn hátt með því, sem hér á að gera.

Ég veit ekki til þess, að það hafi komið fram hér, að mikill þrýstingur almennt standi á bak við flutning þessa máls, t. d. þannig, að þýðingarmikil starfsstétt í þjóðfélaginu óski eftir því, að hafinn sé á ný innflutningur minka. Mér er ekki heldur kunnugt um það, að einstök byggðarlög hafi lagzt á þá sveif í þeirri von að rétta við sinn hag, sitt atvinnulíf og sína stöðu í þjóðfélaginu. Það má þó vissulega segja, að til þess væri nokkur ástæða. Við búum við fremur stopula atvinnuvegi, og af þeim sökum hefur það hent og er alltaf að henda í okkar þjóðfélagi, að byggðarlög, eitt í ár og annað næsta ár, standa höllum fæti atvinnulega séð. Þetta er alltaf að henda, og þetta blasir við núna. Við vitum, hvernig ástand hefur verið norðanlands, þar sem menn settu mest traust á síldveiðar. Mér er þó ekki kunnugt um það, að frá þessum byggðarlögum hafi komið nokkur þrýstingur um þetta mál til þess að rétta þar við atvinnuástand og fjárhag. Það er heldur engin von til þess, að slík tilmæli komi fram, af þeirri einföldu ástæðu, að þetta mál er ekki þannig vaxið, að það geti haft nokkra verulega fjárhagslega þýðingu. Og því skyldum við þá taka áhættuna?

Nei, sannleikurinn er sá, að það, sem hér þrýstir á, er það og það eitt, að tiltölulega fáir einstaklingar þykjast eygja þarna möguleika til gróðavænlegs atvinnurekstrar. Um það út af fyrir sig er ekkert ljótt að segja. Það er ekkert athugavert við það, þó að menn, sem þykjast sjá möguleika til þess að bjarga sér og reka lífvænlega atvinnu, reyni að koma ár sinni fyrir borð. En það er hins vegar skylda hv. Alþ. vitanlega að gera sér fulla grein fyrir því, hvað á ferðinni er hverju sinni.

Ég held að hér sé allt of mikið í húfi, til þess að hægt sé að hlaupa eftir slíku. Hagnaðurinn af minkaeldi hér á Íslandi er nú alls ekki svo öruggur og traustur, sem af er látið. Loðskinnaframleiðslan er háð tízkunni, og tízkan er duttlungafull. Auk þess vil ég leyfa mér að láta í ljós nokkuð *mikinn efa um*, að *Íslendingum takist* að gera sér þessi dýr svo verðmæt sem öðrum þjóðum með mikla reynslu í þessum efnum hefur tekizt. Mér skilst, að til þess að loðdýr verði arðsöm, þurfi að viðhafa mikla nákvæmni í hirðingu þeirra — og öllu meiri nákvæmni satt að segja en maður getur vænzt af sínum kæru löndum með hliðsjón af svo mörgu og mörgu.

Það hefur verið talað um það hér, að með minkaeldi eigi að nýta hráefni, sem fyrir hendi sé í landinu og fari annars fyrir lítið, þ. e. fiskúrgang. Það mætti nú eiginlega ímynda sér, að þeir, sem halda þessu fram, hafi varla í verstöð komið. Allir vita þó, hve gífurlegt magn hér er um að ræða, þar sem er fiskúrgangurinn, og fóðrun nokkurra minkakvikinda mundi lítil áhrif hafa á nýtingu hans. Það er náttúrlega alveg sama, þótt lítið sé á þetta frá hinni hliðinni: Fóður dýranna er ekki nema örlítið brot af þeim kostnaði, sem það hefur í för með sér að stofna og reka minkabú. Það er ekki nema örlítið brot. Þar kemur svo margt og margt til, sem ég sé ekki ástæðu til að fara að tefja hv. þd. með að hafa hér yfir, við hljótum að sjá þetta alveg í hendi okkar. Ég er að vísu ófróður um minkaeldi í sjálfu sér, en mikið þykir mér það, ef ekki kemur þar fleira til, sem þarf að afla til fóðurs dýranna, en fiskúrgangurinn einn saman.

Það hefur verið talið mæla með þessu frv., að með því væru sköpuð skilyrði fyrir nýja atvinnugrein. Ég vék að því áðan, hversu lítilvægt atriði þar væri um að ræða frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En til viðbótar því, sem ég sagði þá, vil ég aðeins minna á það, að eins og sakir standa núna, þá er það yfir höfuð þannig, að ekki vantar nú atvinnu í landinu. Ég held það sé fyllsta ástæða til að taka varlega því, sem hér hefur verið sagt um þann gífurlega hagnað, sem okkar bíði, ef við flytjum inn nýjan minkastofn og tökum að ala hann og önnur loðdýr í búrum. Ég held, að rökin með því máli séu ekki þung. En hitt er áreiðanlega margt, sem mælir gegn þessu frv., og ótalmargt fleira en það, sem ég hef nú vikið að hér, þó að ég reki fátt af því hér við 3. umr. málsins.

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkv. ákvæðum þessara laga.“

Og í 4. gr. segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Það *er meginstefna þessara laga*, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum,“ o. s. frv. Þetta er nú gott og blessað. En það vill bara þannig til, að það er margföld reynsla fyrir því, að það hefur aldrei tekizt til fulls að hindra það, að loðdýrin sleppi úr þeim mjög svo lofuðu loðdýragörðum. Og ég vil leyfa mér því til stuðnings að vitna í álit Finns Guðmundssonar náttúrufræðings og forstöðumanns náttúrugripasafnsins einmitt um þetta atriði, en hann segir orðrétt: „Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei og mun aldrei takast að koma í veg fyrir til fulls, að slík dýr sleppi úr haldi.“ Og svo bætir hann við: „Þess vegna er algerlega óverjandi að láta vafasama stundarhagsmuni marka stefnuna í málum af þessu tagi. Afleiðingarnar af því geta orðið miklu geigvænlegri en nokkurn órar fyrir.“ Þegar meðhaldsmenn þess að leyfa að nýju minkaeldi í landinu hafa ekki lengur talið sig geta haldið því fram, að engin hætta sé á því, að minkurinn sleppi, hefur verið gripið til þess að hamra á hinu, að það væri ekki mikill skaði skeður, þó að eitt og eitt dýr af nýjum stofni slyppi út úr þessum ágætu görðum, vegna þess að við höfum þegar fengið minkinn á okkur, hann sé þegar fyrir hendi í landinu. En einnig þessi staðhæfing er áreiðanlega á miklum misskilningi byggð. Og ég vil aftur leyfa mér að vitna í ummæli náttúrufræðingsins. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við verðum að gera ráð fyrir, að minkar, sem kynnu að vera fluttir til landsins, sleppi öðru hverju úr haldi. Afleiðingin af því hlýtur að verða sú, að til viðbótar

hinum villta minkastofni, sem þegar hefur aðlagað sig í íslenzkri náttúru, komi öðru hverju gusa af aliminkum út í náttúruna, en það eru einkum þeir minkar, sem valda mestum usla og tjóni.“ Þetta ætti mönnum náttúrlega að vera ljóst, því að ég hygg, að okkur sé flestum kunnugt um það, að aðfarir minksins, sem villtur er úti í náttúrunni nú, eru, þótt ekki séu góðar, allt aðrar en þær voru á fyrsta stigi. Minkar, nýsloppnir úr haldi hafa ekki tileinkað sér hina heföbundnu lifnaðarhætti villtra dýra. „Þeim fjölgar sennilega miklu örar en villiminkum, og það er miklu meiri hætta á, að þeir fari um myrðandi og drepandi án tillits til þarfa,“ segir dr. Finnur enn fremur.

Það er sama, hvernig á þetta er litið. Það, sem hér á að fara að gera, ef marka má afgreiðslu við 2. umr. hér í hv. d., er býsna viðurhlutamikið. Það liggur ekki fyrir, að minkaeldi geti haft stórvægilegt þjóðhagslegt gildi. Hitt liggur alveg á borðinu, að áhættan er mikil og með öllu haldlaus þau rök, að dýrin geti ekki sloppið úr búrum, og einnig hitt, að þó að þau sleppi, þá geri þau ekki annað en hverfa í þann hóp, sem fyrir er. Þar er um miklu meira að ræða.

Það liggja hér fyrir brtt. Að vísu eru þær skriflegar og þdm. hafa því ekki fengið þær í hendur. En ég vil leyfa mér að lýsa stuðningi við brtt. hv. 5. þm. Vesturl. Það er þó a. m. k. það minnsta, sem hægt er að krefjast við afgreiðslu þessa máls, að ekki verði minkurinn fluttur upp á þá, sem alls ekki hafa séð hann enn, að ekki verði leyfð minkabú í þeim landshlutum, sem eru lausir við minkinn til þessa dags. Það er algert lágmark. Hin till., varðandi útflutningsgjaldið, finnst mér líka algerlega sjálfsögð, og mun ég greiða henni atkv. Og ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að þeir hv. þdm., sem vilja taka áhættuna af nýjum innflutningi minka, af nýrri minkaplágu, vilji þó fallast á þá litlu linun, sem felst í þessum brtt. hv. 5. þm. Vesturl.

Um brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssonar, vil ég segja, að vissulega væri það æskilegt, að hægt væri að binda heimild til minkaeldis við eyju, þar sem litlar líkur væru til, að dýrin slyppu lifandi á brott. En það er margs að gæta í því sambandi. Og ég get ekki mælt með því að senda Vestmanneyingum þessa sendingu. Minkurinn hefur ekki komið til Eyja. Þar er mikið fuglalíf, bjargsig og fuglatekja. Það er að vísu minnkandi atvinnugrein í landinu, en allt um það vil ég ekki eiga hlut að því að dæma minkinn á Vestmanneyinga. En því miður höfum við ekki enn þá a. m. k. tiltækt land, sem hæfilegt væri til þessara nota. Það er þó kannske af vanþekkingu, að ég mæli svo. Ég hef nefnilega ekki komið út í Surtsey og get þess vegna ekki leyft mér að leggja fram brtt. um að binda leyfi til minkaeldis við þá eyju. En vel held ég, að það hefði þó verið við hæfi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa talað í dag, og þær brtt., sem fram koma, sem gera það að verkum, að ég tel mig þurfa að koma hér og segja nokkur orð.

Eins og þegar hefur verið vikið að af öðrum flm. þessa frv., hafa flm. talið sín meginrök fyrir flutningi þess í fyrsta lagi þau, að hérlendis væru góð skilyrði til minkaeldis og miðað við reynslu annarra þjóða mætti hafa af því verulegar og tiltölulegar öruggar tekjur, einnig, að þessi atvinnurekstur, ef til kæmi, yrði traustur viðskiptavinur fiskiðjuvera og sláturhúsa og gæti jafnvel stuðlað að aukinni atvinnu, þar sem hennar væri sérstaklega þörf, og a. m. k. stuðlað að bættri fjárhagslegri afkomu viðkomandi sveitarfélaga. Í öðru lagi hefur verið á það bent af flm. frv., að með ströngu eftirliti væri hægt að ganga þannig frá minkabúunum, að litlar líkur væru til þess, að dýrin slyppu út, og hefur verið í því efni vitnað til reynslu grannþjóða okkar í þessu efni. Í þriðja lagi. að villiminkurinn væri þegar til í landinu og yrði að öllum líkindum ekki upprættur. Og í fjórða lagi hefðum við Íslendingar aðeins skaða og óhagræði af minknum, sem hér veldur sannanlegu tjóni, en við njótum ekki þess hagnaðar, sem minkaeldi veitir okkar nágrannaþjóðum, þótt öll skilyrði séu fyrir hendi til þess, að svo geti orðið hér á landi.

Gegn þessum röksemdum hafa, að mér finnst, komið ákaflega fátækleg gagnrök, og það má segja, að þeir, sem tali gegn málinu, séu sífellt að endurtaka sjálfa sig, og ég fæ ekki séð annað en hv. síðasti ræðumaður hafi aðeins tekið upp rök fyrirrennara síns í því sæti, sem hann situr nú í hér á hv. Alþ., þótt ólíkt hafi þeim farizt í þeim orðaleik, er þeir báðir hafa hér sýnt. En sá, er áður sat í sæti hans, Halldór Ásgrímsson, viðhafði m. a. þau orð um flytjendur frv., að helzt hefði mátt ætla af orðum hans, að þeim, sem frv. þetta flyttu, væri helzt að líkja við hina svokölluðu Hlébarðamenn í hinni svörtu Afríku, en hann kallaði flm. „minkamenn“, og í framhaldi af því ætti auðvitað að kalla þá, sem gegn því berjast, minkabana.

Það hefur nokkuð verið vitnað hér til orða náttúrufræðinga og þ. á m. til bréfs, sem þingmönnum barst frá náttúrugripasafninu og undirritað er af Finni Guðmundssyni. Í framhaldi af bréfi þessu hefur komið fram brtt. við frv. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., en í bréfinu gerir þessi náttúrufræðingur það að varatill. sinni, að leyfi fyrir minkaeldi verði aðeins veitt í Vestmannaeyjum, og virðist hann, þessi hv. maður, sem telur sig náttúrufræðing og fuglafræðing, lítið leggja upp úr fuglalífinu í Vestmannaeyjum, ef minkurinn er sá skaðvaldur, sem talið hefur verið, eins og hv. 3. þm. Sunnl. benti á hér áðan. Þar að auki sést ákaflega vel á bréfi þessu og þessari varatill. þessa fræðings, að þótt hann telji sig hafa vit á villimink, þá hefur hann sáralítið og ég mundi segja eftir þessu að dæma ekkert vit á minkaeldi, því að eitt af því, sem þeir, sem minkaeldi hafa stundað í öðrum löndum, telja að beri að varast, er að vera með minkaeldi á stöðum, þar sem rakastig er hátt og mikil úrkoma. En ég held, að í Vestmannaeyjum sé þetta kannske með mesta móti hér á landi.

Það hefur verið nokkuð minnzt á það, að þau dýr, sem kynnu að sleppa úr búrum, — og ég vil undirstrika það, að það verður auðvitað aldrei fyrirbyggt, að slíkt gæti skeð, — það hefur verið bent á og þ. á m. af þessum náttúrufræðingi, að

það gæti skeð vegna náttúruviðburða, svo sem jarðskjálfta. Við höfum dæmi þess hér á Íslandi, að það eru nokkrir áratugir síðan það hefur hent, að hús hafi hrunið. Hættan á því, að slíkar girðingar, eins og þær eru útbúnar nú á dögum í *nágrannalöndum okkar, fari um vegna slíkra* náttúruhamfara, eru í algeru lágmarki móti húsum. Það hefur verið bent á, að slíkar girðingar gætu orðið fyrir snjóskriðum eða öðrum skriðum. Það er líka hægt að telja á fingrum sér þau slys, sem orðið hafa á húsum og öðrum mannvirkjum af slíkum ástæðum hér á Íslandi á undanförnum árum, og menn í viðkomandi byggðarlögum, þar sem loðdýrarækt kynni að vera tekin upp, eru auðvitað kunnugir því, hvar hætta er á slíku. Það hefur einnig verið bent á það, að kæruleysi og trassaskapur, sem hér á Íslandi hefur of mikið legið í landi til þessa, gæti einnig valdið því, að minkurinn slyppi út, og það er enginn vafi á því, að þetta var stærsta ástæðan til á sínum tíma, að minkurinn slapp út í jafnríkum mæli og raun bar vitni um. En í frv. má sjá, að ráðh. og viðkomandi aðilum er ætlað að refsa þessum mönnum eða setja þannig refsiákvæði við, ef kæruleysi er sýnt, að það eigi að verða það víti, sem til varnaðar verði. En þetta var ekki fyrir hendi á sínum tíma. Eftirlit var ónógt með öllu og í flestum tilfellum ekkert.

Ein ástæðan, sem um hefur verið rætt í sambandi við málið, er sú, að fuglalíf hér á landi muni bíða mikinn hnekki af. Ef hv. þm. litu nánar á það frv., sem nú liggur fyrir þinginu um eyðingu svartbaks, má sjá í því frv., grg. þess, fullyrðingar um, að svartbakurinn eyði eða drepi um 90% af æðarungum, sem út komast. Ég veit ekki, þegar þess er gætt, að slíkur fugl verður auðvitað fyrir margs konar annarri ofsókn og lætur sitt unga líf þess vegna, — ég veit ekki, ef trúnaður er lagður á þessa fullyrðingu, hvað sé þá eiginlega eftir handa minkum, hvað það er, sem hann eigi að drepa af þeirri fuglategund. Það hefur líka verið bent á það, að minkurinn drepi svo og svo mikið af fiski úr ám og vötnum. Það er enginn vafi á því, að hann gerir það. En ég held, að hann vinni þó meira gagn, þar sem slíkt er fyrir hendi í ám og vötnum, nytjaveiði, að hann vinni meira gagn með því að halda frá þessum stöðum fugli, sem drepur seyði í milljónatali á hverju ári, og ég vil minna á þá fregn, sem hér barst út ekki alls fyrir löngu, að í svartbak, sem drepinn hafði verið upp við Akrafjall, voru talin 90 *laxaseiði*.

Ég tel, að þær brtt., sem hér hafa komið, eigi ekki erindi inn í frv. á þessu stigi málsins. Ég tel, að þær séu ekki til bóta. Ég hef minnzt á till. 1. þm. Norðurl. v. Þótt hún sé byggð ekki aðeins á misskilningi og fáfræði viðkomandi vísindamanns um minkaeldi, heldur og á hinum mikla húmoríska sans, sem þessi þm. hefur, tel ég það sízt til bóta. Brtt. hv. 5. þm. Vesturl. og *þó sérstaklega sú síðari bera þó með sér*, að innra með sjálfum sér hefur þm. trú á því, að þessi atvinnuvegur geti orðið til nokkurs gagns, ef hann telur, að hægt sé að leggja 4.2% útflutningsgjald á væntanlegar afurðir af atvinnuvegi þessum, sem eigi að fara til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminka. Ég tel, að það megi til sanns vegar færa, að þessi till. ætti nokkurn rétt á sér, þótt ég telji hins vegar, að á þessu stigi og meðan tveggja ára tilraunatíminn stendur yfir og er að líða sé ekki kannske ástæða til þess að leggja þennan skatt á þau 5 tilraunabú, sem frv. gerir ráð fyrir að leyfð verði. Hitt er annað mál, að ég teldi það ekki illa farið á seinna stigi, að einmitt þessi atvinnuvegur gæti lagt eitthvað af mörkum til þess að rannsaka lifnaðarhætti þessa dýrs og reyndar margra annarra hér á landi, sem full þörf er á. En á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að samþykkja þessa tillögu.

Það hafa komið fram sem gagnrök gagnvart frv. þessu tilvitnanir hjá þm. til þess gagns eða þeirrar hagkvæmni, er minkaeldi og önnur loðdýrarækt gaf af sér hér áður fyrr, og það er vitnað til þess árangurs, er varð hér á landi, og talað um þann árangur sem mjög lakan. Ég tek undir það að því leyti, að það var auðvitað mikill skaði, þegar dýrin sluppu út, og ég vil líka taka undir þau orð hv. 2. flm. þessa frv., að ég er efins í, að ég hefði verið með í flutningi slíks frv., ef villiminkur hefði ekki verið hér á landi. En það er vitnað til þess árangurs, er þá fékkst af minkaeldi, og svo til þess, sem er nú í *nágrannalöndum okkar*. En ef á að fara að vitna til þess árangurs, er hér var, verður líka að vitna til þess árangurs, er fékkst hjá okkar grannþjóðum. En loðdýraeldi í þeirri mynd, sem hér var og þar á Norðurlöndum t. d., hófst ekki fyrr en skömmu fyrir 1930 og hér á landi skömmu eftir 1930. Og það er sama sagan á Norðurlöndum eins og hér, að það reyndist ákaflega lítill hagnaður af þessum rekstri á Norðurlöndum á þessum árum. Ég geri ráð fyrir eins og um þau bú, sem enn voru hér við lýði 1939—1940 og gáfu góðan arð sum þeirra, að það hafi verið sama sagan á Norðurlöndum, að það hafi ekki verið nema lítill hluti þeirra loðdýragarða, sem þá voru komnir þar upp, sem gaf góðan arð. Það var hins vegar eftir stríðið og fram undir 1950, sem þessi atvinnugrein fór að þróast á Norðurlöndum. Hún fór að þróast vegna þess, að það tóku saman höndum þeir, sem áhuga höfðu á minkaeldinu, og vísindamenn, sem kynntu sér það, sem með þurfti í sambandi við þessa búgrein. Og það er ekki sízt fyrir það, sem þessi atvinnugrein vex svo á Norðurlöndum, að hagnaður hennar er orðinn þýðingarmikill fyrir búskap þessara þjóða. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, þótt ég sé ekki *jafnstórhuga eða bjartsýnn um ágæti málsins* og Einar Sigurðsson var hér á hv. Alþ. á sínum tíma, að þessi atvinnugrein, ef af henni verður, getur fært þeim, sem í henni taka þátt, mikinn ágóða, sem ég held að verði langt um fram þann skaða, sem gæti hlotizt af því, ef einhver dýr slyppu út, sem ég þó tel að sé á þessu ári tækni og vísinda hægt að halda í algeru lágmarki, þótt ég geti hins vegar alls ekki fullyrt, að slíkt komi aldrei til með að ske.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það lítur út fyrir, að gæfu Íslands verði nú flest að gagni, þegar nú rétt undir þinglokin kemur mál, sem er svo mikils vert, að menn gera sér vonir um, að það verði mikið bjargræði fyrir hvora

tveggja höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg aðþrengdan og landbúnað ekki allt of vel staddan. En þetta mál um að taka upp minkaeldi aftur á Íslandi virðist vera í hugum ýmissa hv. þm. slíkt bjargræði, sem ég hér nefni. Þetta á bæði að vera mál til viðreisnar og eflingar sjávarútvegi og landbúnaði og auk þess mikilsvert fyrir iðngrein í landinu, fiskiðnaðinn.

Ég held, því miður, að atvinnuvegum Íslands, landbúnaði og sjávarútvegi, verði ekki bjargað með þessari búgrein. Ég er ákaflega vantrúaður á það. En málið hefur samt getað sameinað ýmsa útgerðarmenn, sem nú láta málið mjög til sín taka, og bændur úr sveitum landsins, sem gerast ákafir stuðningsmenn þess líka, eða þetta virtist a. m. k. koma í ljós við atkvgr., þegar málið var hér til 2. umr.

Það eru tvö sjónarmið, sem hafa stangazt hér á. Það er í fyrsta lagi gullgrafarasjónarmiðið, sem mætti e. t. v. svo nefna, sjónarmiðið, sem byggir á því, að hér geti verið um mikinn gróðaveg að ræða, fljótfenginn gróða, mikla hagnýtingu úrgangsfisks í sambandi við fiskiðnaðinn og hátt verð fyrir hann, og svo dýrlegir loðfeldir, sem verði seldir fyrir gull úr landi og gefi miklar gjaldeyristekjur. Það er þetta sjónarmið, sem virðist hafa heillað hv. þm. og safnað um sig yfirgnæfandi meiri hl. dm. Hins vegar virðist vera léttvægt það sjónarmið, að minkurinn hafi valdið miklu tjóni, sé líklegur til þess að valda meira tjóni, ef innflutningur hans verði leyfður á ný, og ekki aðeins fjárhagslegu tjóni, heldur einnig valda spjöllum á fuglalífi og dýralífi í landinu, vera skaðvaldur í veiðivötnum og ám og þá ekki síst í varplöndum. En þau sjónarmið virðast vera ákaflega léttvæg hjá mörgum hv. þm. móti hinum glæsilegu gróðasjónarmiðum, sem þeir sjá hilla undir.

Samt er það nú svo, að þegar till. kemur fram um það að gefa einum landshluta, — ég á hér við Vestmannaeyjar, — kost á því að sitja einn að gróðanum, þá er það kölluð kaldranaleg till., og meira að segja þm. þess landshluta, sem hér er um að ræða, — ég á hér við hv. 3. þm. Sunnl., sem mælir með því, að minkaeldi sé tekið upp, og telur það gefa miklar gróðavonir, — hann biðst undan því, að það hnoss falli Vestmannaeyjum einum í skaut að sitja að þessari gróðalind. Ég fæ ekki séð, að þessi sjónarmið samrýmist. Ef hann telur það gott og gróðavænlegt fyrir landslýð allan, að þessi búgrein sé tekin upp, því skyldi það þá ekki vera hnoss fyrir Vestmannaeyinga að fá að sitja eina að þessum gróðamöguleikum? Það er eins og örli á því, að honum þyki minkurinn, ef hann væri kominn til Vestmannaeyja, ekki aufúsugestur þar fuglalífi eyjanna. En þá er hann einnig farinn að líta á sjónarmið okkar hinna, sem leggjum svo mikið upp úr þessu sjónarmiði, að gróðasjónarmiðin og gróðavonirnar víkja til hliðar hjá okkur. Ég tel, að ef hv. 3. þm. Sunnl. telur sig óhikað geta fylgt frv. fram og stutt að því, að minkaeldi verði tekið upp hvar sem er á landinu, ætti hann að taka því fegins hendi, að slík till. er fram komin sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur flutt um það, að minkaeldi verði eingöngu leyft í Vestmannaeyjum. Og þá má hann ekki kalla þetta kaldranalega till., heldur góða till., sem veiti Vestmanneyingum forréttindi, eftirsóknarverð forréttindi. Þetta hlýtur yfirgnæfandi að vera annaðhvort gott eða illt.

Ég fyrir mitt leyti mundi ekki út frá mínum sjónarmiðum vilja, að minkurinn yrði fluttur til Vestmannaeyja. Ég mundi óttast, að hann gerði þar ærið iskyggilegan usla í fuglalífi eyjanna. Frá mínu sjónarmiði væri það þess vegna böl, sem væri lagt á Vestmanneyinga, ef sú till. væri samþykkt. En út frá sjónarmiði hv. 3. þm. Sunnl. ætti þetta að vera happafengur mikill, og þá skil ég ekki í honum að berjast á móti því út frá hans sjónarmiði.

Hv. 8. þm. Reykv., sem talaði hér næst á undan mér, var ákafur stuðningsmaður þess, að minkaeldi væri upp tekið, og sagði okkur, að það væri augljóst af bréfi dr. Finns Guðmundssonar náttúrufræðings, að hann hefði ekki mikið vit á minkaeldi, og það höfum við nú sennilega fæstir hv. þm. En hann upplýsti þó, að til þess að fá góðan pels, mætti ekki velja minkabúunum stað, þar sem rakastig væri hátt og mikil úrkoma. Þannig væru Vestmannaeyjar ekki tilvalinn staður til þess að fá góðan pels, og dregur þetta þá nokkuð úr gróðavon Vestmanneyinga, þótt þeir fengju að verða aðnjótandi þessa hnoss. Þetta þýðir þá, ef þessar upplýsingar má marka, og ég skal ekki rengja þær, — þetta þýðir þá, að það er ekki ráðlegt að stofna til minkaeldisins hér á Suðvesturlandinu. Það er þá líklega Norðurland og Vesturland, sem ættu að hafa heppilegast loftslag fyrir þessa búgrein. Og þá er á það að líta, hversu mikill aufúsugestur minkurinn yrði norðanlands og kannske austan. Við skulum t. d. hugsa okkur, að hann verði fluttur til Norðurlandsins og þar yrðu þau slys, sem komið hafa fyrir og menn fullyrða að komi alltaf fyrir, því að það er fullyrt af fræðimönnum, að það sé aldrei hægt að búa svo um, að það sé 100% öruggt, að dýr sleppi ekki úr búrum. Við skyldum þá segja, að minkurinn væri fluttur í einhverja verstöðvanna norðanlands, t. d. sett upp bú á Húsavík og við Eyjafjörðinn, Siglufjörð, og þar yrðu svo þau slys, að minkurinn slyppi. Það er ekki ólíklegt, að þá kæmist hann í Mývatnssveitina, og það má gera sér í hugarlund, hvílíkan usla hann gerði þar í fuglalífinu, sem mun vera einstætt í veröldinni. Mér er tjáð, að það séu fleiri tegundir af öndum við Mývatn en nokkurs staðar annars staðar á einum stað á okkar jarðarkúlu, og svo mikið er víst, að Mývetningum mundi ekki þykja það góður gestur í sína byggð, og ég hygg, að engum Íslendingi þætti það gott, ef minkaeldi, þó að gróða skilaði, eyðilegði fuglalífið við Mývatn. Fuglarnir þar eru seinfleygir og lágfleygir og ekki eins líklegir til að bjarga sér undan minki og t. d. svartbakurinn og hvítfuglinn í Vestmannaeyjum. Hann er áreiðanlega ekki eins auðfengin bráð fyrir minkinn og endurnar og æðarfuglinn. En það þarf ekki að halda sér eingöngu við Mývatnssveitina, þótt það væri hörmulegur atburður, ef það gerðist, að minkainnflutningur eyddi hinu fjölbreytta fuglalífi við Mývatn. Við eigum fleiri verðmæti, sem við megum ekki glata í fuglalífi landsins. Ég hygg, að það yrðu óhýr eftirmæli,

sem þeir þm. fengju, sem leiddu minkapláguna í héruð með auðugum fiskivötnum og ám og í varplönd, þar sem æðarfuglinn á þó enn þá friðland. Þau varplönd eru ekki eingöngu í eyjum. Þau eru nú víða og sum hin myndarlegustu einmitt á ströndinni, á landi, þar sem minkurinn mundi gjöreyða þeim, ef hann kæmist þangað. Eitt myndarlegasta æðarvarp, sem nú er til á Íslandi, er að Mýrum í Dýrafirði, og ef minkurinn kæmist í það, væri þar engar varnir hægt að viðhafa. Minkur hefur komizt í Breiðafjarðareyjar, og þótti það illur gestur. Hann komst að vetri til á ísum í eyjarnar, en þó ekki meir en svo, að það mun hafa tekizt að mestu að útrýma honum þar, en í slíkum varplöndum eins og Breiðafjarðareyjar eru er minkurinn mikill vágestur, og það skyldi enginn gera sér leik að því fyrir einhverja veika gróðavon að standa að innflutningi slíks kvikindis sem minkurinn er. Ég held, að þeir menn, sem yrðu til þess að valda slíkum slysum í náttúrulífi landsins og tjóni, mundu tæpast verða borgunarmenn fyrir því og þeir mundu áreiðanlega engar þakkir fá fyrir það.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að nú væri villiminkurinn hér og að öllum líkindum yrði hann ekki upprættur. Þetta er rétt, minkurinn er hér. En það hefur þó áunnizt, að nú gera menn sér jafnvel vonir um það, að villiminknum verði hér útrýmt. Sá árangur hefur náðst við útrýmingu hans, að menn gera sér einmitt vonir um það, að honum kunni að verða útrýmt, hann kunni að verða upprættur. En þær vonir minnka, við verðum í raun og veru að sleppa þeim vonum, að honum verði útrýmt, ef innflutningur er hafinn á ný með þeirri hættu, sem ávallt er á því, að eitthvað sleppi af þessum dýrum.

Hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) gat þess áðan, að það hefði komið í ljós við atkvgr., að einn flokkur þingsins, annar stjórnarflokkurinn, hefði sýnt frábæran áhuga á því að taka upp minkaeldi og stæði nálega sem einn maður að málinu og hann bæri því sök á því, að málið færi í gegn. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En þess verður þó að geta, því miður, að hinn stjórnarflokkurinn lagði nokkurt lið til þess, að málið yrði samþ. við 2. umr. og sú till. felld að vísa málinu í náðarfaðm stjórnarinnar.

En sannast að segja undrast ég það, að þetta skyldi verða eitt mesta áhugamál hér á Alþ. á seinustu dögum þess í öllu annríkinu, að reyna að þröngva þessu máli einhvern veginn í gegn. Ég hefði haldið, að hér biði í salti í nefndum og vegna vegar á vegum þingsins fjöldi stórra og góðra mála, sem ekki hafa fengizt afgreidd og hefðu átt rétt á því að vera tekin til afgreiðslu núna á seinustu dögum þingsins, en þurfa ekki að rýma fyrir þessu, sem frá mínu sjónarmiði verður aldrei annað en óþurftarmál. En þetta mál er tekið út úr, og það á sýnilega að nota síðustu dýrmætu stundir síðustu daga þingsins til þess að reyna að koma því í höfn. Ég held, að það sé eitt þeirra mála, sem einna helzt hefðu mátt bíða til næsta þings og þá fá betri undirbúning, því að sannast að segja er hvergi nærri vel frá frv. gengið. Á það hefur verið bent, og það er hægt að rökstyðja það. Það hefði ekki verið ástæðulaust, að ákvæði væri í frv. um það, að enginn mætti reka minkabú, nema því aðeins að hann hefði mann með vísindalega þekkingu í minkaeldi til að veita því forstöðu. Það hefði þó verið ákvæði, sem hefði heldur stutt að því, að gróðavonin yrði ekki mýrareldur, sem menn væru að elta. Og fá ákvæði, ef nokkur, ég held bara engin, eru í frv. um það, hversu örugglega skuli ganga frá minkabúi, til þess að það sé löglegt. Það á allt að setjast í reglugerð, sem við vitum ekkert, hvernig verður. Það hefði líka fyllilega verið ástæða til þess að hafa allhá viðurlög í frv., svo að þeir menn, sem tjóni yllu fyrir trassaskap t. d., yrðu að sæta viðurlögum fyrir og þeim þungum. En frv. er í raun og veru rúmur ytri rammi, og í þann ramma virðist eiga að fylla einhvern veginn með reglugerð, og upp á það eigum við að samþykkja þetta frv. Ég tel, að það hefði ekki verið nema sjálfsagður hlutur að láta málið, þó að því væri nú hreyft, bíða til næsta þings og hyggja betur að ýmsum varúðarráðstöfunum í sambandi við málið.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. ræddi um þetta mál og sló úr og í og sat hjá við atkvgr. við 2. umr. En sumt af því, sem hann sagði bæði þá og áður, var þó á þann veg, að hann teldi fulla ástæðu til að gæta meiri varúðar og hefjast ekki handa í málinu, fyrr en valdir menn hefðu verið sendir t. d. til Noregs eða til annarra landa til þess að kynna sér nákvæmlega allt viðvíkjandi þessum atvinnurekstri og flana ekki að neinu, fyrr en menn hefðu aflað sér eins staðgóðrar þekkingar og reist eins miklar skorður til varúðar og unnt væri, áður en farið væri af stað með þennan búrekstur.

Ég skal nú láta lokið máli mínu um þetta. Ég er sem sé eindreginn andstæðingur þess, að minkaeldi sé upp tekið á ný, og tel, að þjóðin hafi þegar skaðazt nóg af því að reyna við þennan búskap, og tel þess litlar vonir, að kvikindið borgi fyrir sig og bæti það tjón, sem það hefur valdið, þótt á ný yrði byrjað á minkaeldi. Ég tel miklu líklegra, að það bæti við það tjón, sem það hefur þegar valdið, og er þó nóg komið. En í frv., eins og það nú er, er ekki heimilað almennt loðdýraeldi, en frv. heitir „frv. til l. um loðdýrarækt“. Það virðist vera alveg sjálfsagt, að það eigi að breyta heitinu og þetta frv. eigi að heita „frv. til l. um minkaeldi“, því að það eru eingöngu minkar, sem heimilað er að taka til eldis samkv. þessu frv. Ég legg því til, að í staðinn fyrir orðið „loðdýrarækt“ í fyrirsögn frv. komi: minkaeldi, svo að það heiti eins og innihald frv. gefur tilefni til. Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöfaldra afbrigða, og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

Viðvíkjandi þeim brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég taka það fram, að ég hef ekki samvizku til þess að stuðla að því, að Vestmanneyingum verði sendur minkurinn, og vil því ekki unna þeim þess gróða, sem þeir hyggjast fá af dýrinu. Ég vil stuðla að því, að þeir verði þess gróða ekki aðnjótandi, af því að ég tel, að hann muni valda þeim meira tjóni, slíku tjóni sem e. t. v. yrði ekki bætt. En viðvíkjandi till. hv. 5. þm. Vesturl. vil ég segja það, að ég tel þær báðar sjálfsagðar, og þó tel ég till., sem bannar að taka upp minka-

eldi í þeim sveitum, sem minkurinn hefur ekki komizt í enn þá, fullþrönga, því að kæmist minkurinn í nágrannasveitir og bú væri sett þar upp og þar gerðist slys, þannig að hann slyppi laus, þá væri hann þá þegar kominn í þær sveitir, sem ekki hafa orðið fyrir plágunni enn þá. En till. er til bóta, og þess vegna mun ég greiða henni atkv., og ég tel sjálfsagt, að sú till. verði samþykkt, ef menn hafa nokkurn vilja til þess að hlífa þó þeim héruðum, sem hafa ekki enn þá orðið fyrir barðinu á minkaplágunni, og ég efast ekki um, að hv. þm. þrátt fyrir gyllivonir um gróða af þessari búgrein muni samt vilja, að sem mestrar varúðar verði gætt og að minkahættan verði ekki leidd yfir landið allt, þrátt fyrir það að þeir vilji fá að setja upp nokkur bú til þess að prófa, hvort þeir geti ekki haft af því fjárhagslegan ávinning.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 627) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Einn af flm. þessa frv., hv. 8. þm. Reykv., flutti ræðu hér áðan. Eitt af því, sem hann fræddi okkur um, var það, að þeir, sem settu upp loðdýrabú og létu dýr sleppa úr þeim, mundu verða fyrir þungum refsingum. Hvað segir frv. hans um þetta? Ég hef ekki fundið annað um þetta efni í frv. en 8. gr. þess, og hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkv. þeim, varða sektum.“ Það er ekkert um það getið, hvað þær sektir eiga að verða miklar, svo að mér finnst þetta nú vera nokkuð út í hött hjá hv. þm.

Þá var hann einnig að tala um það, að svartbakurinn gerði mikið tjón í fiskastofninum. Ekki skal það dregið í efa, að hann valdi þar tjóni, en hitt fæ ég ekki skilið, að einmitt vegna þess að svartbakurinn er svona skæður, sé nauðsynlegt að fá mink til þess að hirða meira og minna af því, sem hann skilur eftir af laxi og silungi, það er ofvaxið mínum skilningi. Og það var ýmislegt fleira í ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem kom undarlega fyrir mín eyru. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að minkurinn mundi vinna gagn, en þó sagði hann skömmu síðar, að það væri vafasamt, að hann hefði verið meðflm. að þessu frv., ef minkur hefði ekki verið fyrir í landinu.

Þá er það hv. 3. þm. Sunnl., sem flutti hér ræðu fyrir skömmu. Hann á heima í Vestmannaeyjum og er bæjarstjóri þar, eftir því sem ég veit bezt. En hann segir, að með till. minni, þeirri sem nú var verið að útbýta hér, væri ég að senda Vestmannaeyjum kalda kveðju eða kaldranalega hefur hann e. t. v. nefnt hana. Mér finnst nú, að hv. þm. hefði heldur átt að flytja þakkarávarp til mín fyrir það, að ég, sem er andstæður minkum, vil þó hafa þarna einhverja smugu fyrir hann og hans heimamenn til þess að hagnýta sér minkinn til þess að græða á honum, sem hann telur að sé hægt að gera. Þetta finnst mér, að hann hefði fremur átt að gera. En þetta er ekki í fyrsta skipti, sem það sannast, að laun heimsins eru vanþakklæti. En það er fjarri mér að vilja setja minkinn á þá í Vestmannaeyjum gegn vilja þeirra, það er ekkert um það í minni till., og því aðeins verður sett þar upp minkabú, þótt min till. verði samþ., að þar séu einhverjir, sem vilja fara að rækta þar mink. Og það vil ég þá einnig segja að lokum sem svar til hv. 5. þm. Vestf., sem var hér að ljúka máli sínu áðan, hann sagðist ekki vilja stuðla að því, að Vestmanneyingar fái minkinn, því að hann álítur eins og ég, að hann sé plága, en ég vil endurtaka, að það er alls ekki gert ráð fyrir því, að honum sé dembt á þá án þeirra vilja, og býst ég við, að hv. 5. þm. Vestf. sé mér sammála um, að það sé þó skárra, að hann verði einangraður í þeirri eyju, heldur en að honum sé hleypt inn á sjálft meginlandið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 5. mai, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 617,1 samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, EystJ, GeirG, SJóh, ÓL, GÞG, VH, HV, JP, JR, LJós, RA, SI, SE, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BFB, ÁP, EðS.
nei: EmJ, GuðlG, JóhH, JSk, MB, MÁM, PS, SÁ, SkG, SvJ, AJ, BF, BBen, SB.
EI, HS, IngJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (EOl, IG, BP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem fyrirhuguð leyfi til minkaeldis hér á landi eða annarrar loðdýraræktar, ef frv. þetta verður að lögum, eru bundin leyfum, sem landbrn. og aðrir aðilar, sem kringum það standa, veita, tel ég ekki þörf á að samþykkja þessa brtt. og segi því nei.

Brtt. 617,2 samþ. með 18:12 atkv.
Brtt. 621 tekin aftur.
Brtt. 627 felld með 16:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:14 atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., 6. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 651).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Landsspítali Íslands.

Á 49. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Landsspítala Íslands [134. mál] (þmfrv., A. 282).

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 4., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. til l. um Landsspítala Íslands, þ. e. a. s. frv. um fjórðungsdeildir landsspítalans í öllum landsfjórðungum, var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt af sömu þm., nefnilega þeim hv. 5. þm. Austf. (LJós) og hv. 5. þm. Norðurl. e. (IG) ásamt mér.

Þær till. um breytta skipan heilbrigðismála, sem í frv. felast, hafa, að því er ég bezt veit, vakið almenna athygli og eignazt djúpan hljómgrunn í hugum fólks víðs vegar um land, enda miða þessar breytingar einungis að auknu jafnrétti og jafnræði þegnanna í heilbrigðismálum, án alls tillits til þess, hvar fólk er búsett á landinu. Strax þegar frv. kom fram, gerði bæjarstjórn Ísafjarðar einróma samþykkt, þar sem skorað var á Alþ. að samþykkja frv. Var sú áskorun til þingsins lögð hér fram á lestrarsal í þeim tilgangi auðvitað, að hún færi ekki fram hjá hv. þm. Nú fyrir skemmstu sendi bæjarstjórn Ísafjarðar frá sér allýtarlegar og fjölþættar till. um ráðstafanir til öruggara atvinnulífs, betri lífsafkomu, en einnig um ýmiss konar menningarmál snertandi byggðarlagið, og þ. á m. var vikið í þessum tillögum að heilbrigðismálunum. Í þeim tillögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta, að því er varðar skipun heilbrigðismálanna:

„Væri þá æskilegt, að fullkomin sérfræðiþjónusta fengist við sjúkrahúsið á Ísafirði. Það hlýtur að teljast eðlilegt, að byggðarlögin á Vestfjörðum sameinist um að gera fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði svo vel úr garði sem nokkur kostur er á. Jafnframt verði með atbeina ríkisvaldsins komið á miklu nánari samvinnu við landsspítalann, þannig að hér verði ávallt unnt að veita sem fullkomnasta sérfræðiþjónustu á öllum sviðum heilbrigðismálanna."

En það hafa fleiri en bæjarstjórn Ísafjarðar látið til sín heyra um þetta mál. Nú í haust barst mér t. d. bréf um heilbrigðismál á Vestfjörðum frá Lionsklúbbi Bolungarvíkur, þar sem skorað er á heilbrigðisstjórnina og Alþingi að samþykkja frv. um deildaskipan landsspítala. Bréfið er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, það er Lionsklúbbur Bolungarvíkur 29. nóv. 1964:

„Í Lionsklúbbi Bolungarvíkur hefur oft verið vikið að heilbrigðisþjónustu þeirri, sem Vestfirðingar eiga við að búa, og er þessi mál bar á góma nú nýlega, þótti rétt að vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á nokkrum atriðum í þessu sambandi. En almennt talað mun ekki ofsagt, að ýmislegt sé hér áratugum á eftir tímanum. Hér skal aðeins bent á örfá atriði þessari staðhæfingu til rökstuðnings, en af mörgu er að taka. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, aðalsjúkrahús Vestfirðinga, er gamalt hús, víðs fjarri því að vera í samræmi við það, sem nú er almennt talið við hæfi í slíkum stofnunum. Starfsaðstaða er að ýmsu leyti erfið og óhentug. Húsrými vantar til þess, að unnt sé að koma fyrir ýmsum rannsóknar- og lækningatækjum, sem sjálfsögð þykja á hverju sæmilega búnu sjúkrahúsi, og auk þess vantar beinlínis sjúkrarúm, þannig að ekki er einsdæmi, að sjúklingar verði að hafast við á göngum sjúkrahússins. Við slíkar aðstæður reynist að sjálfsögðu erfitt að fá eða halda læknum og hjúkrunarliði, og má í því sambandi nefna, að um skeið hefur aðeins einn læknir starfað við sjúkrahúsið, og þótt hann njóti einhverrar aðstoðar héraðslæknisins á staðnum, hefur hann oftlega orðið að framkvæma hvers konar skurðaðgerðir einn að læknum til, en auk þess er sjúkrahúslæknirinn störfum hlaðinn sem heimilislæknir, og hann er eini læknirinn á þessu svæði, sem framkvæmt getur skurðaðgerðir að nokkru marki, hvað sem við liggur. Sé þessi eini skurðlæknir einhverra hluta vegna forfallaður, er því einsætt, að ekkert er hægt að gera. Þarf ekki að fjölyrða um, hvílíkt öryggisleysi hér er um að ræða og hver háski stendur af slíku ástandi. Þurfi fólk á meiri háttar læknisrannsókn að halda, er yfirleitt ekki um annað að ræða en að fara til Reykjavíkur, og hvers konar sérfræðiþjónustu að kalla verður að sækja þangað. Stafa af þessu margvísleg óþægindi, fyrirhöfn og kostnaður, sem ýmsum reynist ofviða.

Með skírskotun til ofanritaðs leyfum við okkur að beina þeim tilmælum til heilbrigðisstjórnarinnar, að hafizt verði handa um úrbætur á því ófremdarástandi, sem hér um ræðir. Jafnframt leyfum við okkur að skora á þingmenn Vestfirðinga að beita áhrifum sínum til framgangs hverjum þeim umbótum, sem hér getur orðið um að ræða. Viljum við í því sambandi benda sérstaklega á frv. til laga um Landsspítala Íslands, er flutt var á síðasta þingi.

Virðingarfyllst.

F. h. Lionsklúbbs Bolungarvíkur.

Finnur Th. Jónsson. Geir Guðmundsson. Jón F. Einarsson."

Þessu bréfi fylgdi sú orðsending, að bréfið hefði einnig verið sent öðrum Vestfjarðaþingmönnum, svo og landlækni og heilbrmrh.

Það er því auðsætt, að Bolvíkingar líta svo á að það væri til mikilla bóta og aukins öryggis í heilbrigðismálum á Vestfjörðum, ef farið væri að till. þeirri, sem í frv. felst, að stofna til deildar úr landsspítalanum á Vestfjörðum, þ. e. a. s. á Ísafirði, og einnig taka þeir undir þá till. frv. varðandi hina landsfjórðungana.

Eins og vikið hefur verið að, byggist frv. á þeirri hugsun, að ríkinu beri til þess skylda að tryggja þegnum sínum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum án tillits til þess, hvar menn eru búsettir á landinu. Menn telja það naumast réttlátt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík, létti þannig nálega öllum útgjöldum af herðum skattborgara höfuðborgarinnar að því er þetta málasvið snertir, en ætli hins vegar tiltölulega fámennum bæjarfélögum úti á landi

að bera þungar byrðar vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Með þessu er, eins og við sjáum, gert allfreklega upp á milli þegnanna eftir því einu, hvort þeir hafa valið sér búsetu í Reykjavík eða annars staðar á landinu.

Ég er ekki viss um, að allir hv. þm. hafi gert sér það ljóst, hvaða byrði lögð er á ríkissjóð, þ. e. a. s. á alla þegna landsins, vegna sjúkrahúsrekstrar ríkisins í Reykjavík, þ. e. a. s. landsspítalans, en við þurfum ekki annað en að líta í fjárl. yfirstandandi árs til þess að ganga úr skugga um, hvaða upphæðir hér er um að ræða. Það eru engar smáupphæðir. Það eru sem sé 58 millj. 806 þús. kr., sem ríkið leggur fram úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til þess að reka sjúkrahús í Reykjavík. Þetta er vitanlega ekki nema gott, og það er nauðsynlegt. En hins vegar er á það að líta, að hvort sem um er að ræða Ísafjarðarkaupstað eða Akureyrarkaupstað eða Neskaupstað, sem reka fjórðungssjúkrahúsin á þessum stöðum, þá lenda á þessum litlu bæjarfélögum mörg hundruð þúsunda sem halli af rekstri þessara sjúkrahúsa, og halli á þessum sjúkrahúsum er ekki sjálfskaparvíti þessara bæjarfélaga. Það er nefnilega þannig á málum haldið, að bæjarfélögunum, þar sem fjórðungssjúkrahúsin eru og önnur sjúkrahús reyndar líka, þar fá bæjarstjórnirnar ekki að ákveða daggjaldið. Það eru fyrirmæli heilbrigðisstjórnarinnar, að daggjaldið við þessi sjúkrahús skuli vera hið sama og það daggjald, sem ákveðið er vegna legusjúklinga á landsspítalanum, en legugjaldið þar stendur ekki undir nema örlitlum hluta af rekstrarútgjöldum landsspítalans. Hitt, sem til vantar, sem er hvorki meira né minna en nærri 59 millj. kr., er borgað til rekstrar landsspítalans í Reykjavík úr ríkissjóði.

Þetta er því óréttlátara, þegar á það er litið, að þessi nefndu sjúkrahús taka við sjúklingum langt út fyrir lögsagnarumdæmi viðkomandi bæjarfélaga, og eftir síðustu skýrslum, sem ég hef séð, er það svo um öll þessi þrjú fjórðungssjúkrahús, að minni hluti sjúklinganna, sem njóta þar læknismeðferðar, er úr bæjarfélögunum sjálfum, meiri hlutinn er utanbæjarsjúklingar.

Þessu fyrirkomulagi, sem nú ríkir, fylgir og sá annmarki, að rekstur fjórðungssjúkrahúsanna þrátt fyrir lítið eitt meiri greiðslu úr ríkissjóði vegna rekstrar þeirra heldur en til annarra sjúkrahúsa er svo þungbær, að bæjarfélögin ráða ekki við þetta, og þar af leiðir, að þessi sjúkrahús fá ekki það viðhald, sem þau þyrftu að fá, það er sparað meir en góðu hófi gegnir til rekstrarins, þau fá ekki þann búnað, lækningatæki og rannsóknartæki, sem með þyrfti, af því að efnahagur bæjarfélaganna leyfir það ekki. Og þannig verður það niðurstaðan, sem að er vikið í bréfi frá Lionsklúbbi Bolungarvíkur, að endurnýjun þessara stofnana fylgir ekki kröfum tímans, og þau dragast aftur úr smám saman um margvíslegan nauðsynlegan búnað.

Það er trú okkar flm., að hjá þessum annmörkum væri hægt að komast og eigi að komast með því, að ríkið taki að sér alveg hliðstæðar skyldur við eitt sjúkrahús a. m. k. í hverjum landsfjórðungi og hér er lagt til og leggi fram alveg sams konar fjárframlög til rekstrar þeirra og búnaðar og kostnaðar vegna nauðsynlegra sérfræðinga eins og til landsspítalans sjálfs og að þessi sjúkrahús verði hluti af þessari ríkisstofnun, sem þjónar svo vel Reykvíkingum, en þarf að veita slíka þjónustu öðrum landslýð alveg á sama hátt og auðvitað með sömu kjörum, sama rétti.

Ég fæ ekki betur séð en að ef sú skipan væri komin á, að landsspítalinn væri starfandi sem aðalspítali hér í Reykjavík og með þremur deildum af þeirri stofnun, þá kæmi ekkert síður til mála að flytja sérfræðinga til í landinu heldur en eins og nú er gert, að flytja ávallt sjúklingana til. Ég get ekki séð annað en það væri eðlilegt, að færustu sérfræðingar landsspítalans skryppu til Ísafjarðar eða Akureyrar eða Neskaupstaðar til þess að inna af hendi þar vandasöm sérfræðileg störf við þessar deildir stofnunarinnar, sem þeir þjónuðu, heldur en að sjúklingarnir væru ávallt fluttir til Reykjavíkur, og jafnvel að sérfræðingar gætu tekið sér dvöl í deildum landsspítalans, þegar ástæða þætti til, eftir því sem á stæði.

Með þessu tel ég, að stórt réttlætisspor væri stigið og í annan stað sérfræðiþekking læknastéttarinnar væri hagnýtt skynsamlegar og betur en gert er við núverandi skipulag. Með deildaskiptingu landsspítala væri fólkinu úti um byggðir landsins í öllum landsfjórðungum gert jafnhátt undir höfði og íbúum höfuðborgarinnar, og það ber að gera jafnt á þessu þýðingarmikla sviði þjóðfélagsmála sem öðrum, eftir því sem hægt er. Fólkið fengi aukið öryggi í heilbrigðismálum, og hin fullkomnasta læknisfræðilega sérþekking notaðist betur en með núverandi fyrirkomulagi.

Það er þess vegna sannfæring okkar flm. þessa frv., að auk landsspítalans í Reykjavík eigi Vestfirðingar að fá sína fjórðungsdeild landsspítala, Austfirðingar með sama hætti sína landsspítaladeild, Norðlendingar sína, og í frv. er jafnvel tekið í mál, að rétt þætti að hafa tvær fjórðungsdeildir landsspítala í Norðlendingafjórðungi sökum fjölmennis hans, en einnig er heimild til þess skv. þessu frv. að stofna landsspítaladeild í Sunnlendingafjórðungi, ef heilbrigðisyfirvöldin teldu, að Sunnlendingar fengju með því betri og fullkomnari heilbrigðisþjónustu en með því að sækja þessa þjónustu til aðalspítalans í Reykjavík.

Ég hef áður gert grein fyrir þeim annmörkum, sem ég tel að fylgi núverandi skipulagi sjúkrahúsmálanna, eins og lög ákveða nú, og tel, að úr þeim ágöllum flestum mætti stórlega bæta með því að samþ. þetta frv. Vafalaust mundu fylgja því auknar fjárhagslegar byrðar fyrir ríkið, en það væri þá líka veitt miklu fullkomnari þjónusta og meira réttlætis væri gætt, að því er snertir þessa þjónustu við landsbyggðina.

Frv., ef það yrði að lögum, mundi að mínu áliti og okkar flm. auka jafnrétti og öryggi í heilbrigðismálum.

Ég skal ekki orðlengja meira um þetta mál. Ég kynnti það allrækilega með framsöguræðu á síðasta þingi, og það liggur algerlega ljóst fyrir, hvað í þessu frv. felst, og þarf í raun og veru engra útskýringa við.

Ég legg því til, að frv. verði að lokinni þessari umr., herra forseti, vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Héraðsskólar.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sjö nýja héraðsskóla [137. mál] (þmfrv., A. 289).

Á 51. og 52. fundi í Nd., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um hluta af því vandamáli, sem það er að sjá börnum og ungmennum fyrir lögbundinni og nauðsynlegri skólafræðslu.

Svo sem kunnugt er, gilda hér á landi allvíðtækir lagabálkar um fræðslumál. Lög þessi eru nú, miðað við gildistöku sína, 18 ára gömul, en full 12 ár eru síðan ákvæði þeirra áttu að vera komin til framkvæmda, en ætlunin var að framkvæma þessi lög á 6 árum. Reyndin hefur orðið sú, að eftir 18 ár er ekki búið að framkvæma fræðslulögin nema að nokkru leyti. Í barnafræðslumálunum er ástandið m. a. þannig, að í meir en 60 skólahverfum er búið við farkennslu, m. ö. o. fræðslufyrirkomulagið er hið sama og var fyrir um það bil 60 árum, þegar almenn fræðsluskylda var lögtekin. Alls munu nálega 1000 börn vera háð farkennslunni.

Fyrir ca. 30 árum, eða í kringum 1934—35, fór fram athugun á ástandi skólamála í landinu, og á þeim árum var farkennsla að sjálfsögðu ekki síður útbreidd en nú, en þá sögðu þeir, sem um þessi mál fjölluðu, að farkennslufyrirkomulagið reyndist mjög illa í alla staði, bæði hvað snerti námsaðstöðu og námsárangur. Það, sem sagt var um farkennsluna fyrir 30 árum, á áreiðanlega eins við nú. Farkennslufyrirkomulagið í 62 hreppum, sem 1000 börnum er ætlað að búa við, ætlar að reynast lífseigt í landinu og miklu lífseigara en önnur forneskja. Það var m. a. markmið fræðslulaganna frá 1946 að uppræta þetta skipulag, og ætlunin var að gera það á árabilinu 1947—53. En framkvæmdin er eins og ég var að lýsa áðan. Málinu hefur að vísu nokkuð þokað fram á leið síðan 1953, en þó harla stutt. Það er fyrst nú fyrir nokkrum árum, að umr. hefjast að marki um fræðslumál sveitanna og öllum verður ljóst, að þau eru eins og nátttröll, sem dagað hefur uppi í birtu nýrra tíma, nýrra breytingatíma í atvinnuháttum og verkmenningu.

Nú held ég, að allir viðurkenni, að það er ekki hægt að vera nútímaþjóð í atvinnuháttum, en búa jafnframt við hálfgerða miðaldamennsku í fræðslumálum. Af þessu tilefni þykir mér rétt að taka það fram, að kyrrstaðan í skólamálunum á sér ýmsar orsakir. Í fyrsta lagi er alls ekki neina eina ríkisstj. um að saka öðrum fremur, og yfirstjórn fræðslumálanna á ekki heldur hér alla sök. Ábyrgðina um kyrrstöðu og afturför ber einnig að skrifa á reikning sveitarstjórna. Allir þessir aðilar eiga sinn hlut í þessari sök, og það er til einskis gagns að fara nú að deila um það, hver eigi stærsta hlutinn í aðgerðaleysinu. Á hitt vil ég þó minna, að ríkisstj. og Alþingi hafa frá upphafi vega verið forgönguaðilar um umbætur í skólamálum, og svo hlýtur að verða um ófyrirsjáanlega framtíð. Mér er það ljóst, að það kostar margfalt átak að lagfæra á skömmum tíma það, sem vanrækt hefur verið um langt árabil. Við erum í þessu máli staddir í vítahring, sem verður að rjúfa. Ég hef orðið þess áskynja mér til mikillar ánægju, að almenningur vilji er vaknaður á því, að hraða þurfi barnaskólabyggingum í sveitum og bæta unglingadeild við hina eiginlegu barnaskóla, svo að skilyrði skapist fyrir því, að börn í dreifbýlinu geti lokið skyldunámi sínu við sem eðlilegust kjör, þ. e. í föstum skóla með fullkomnu kennaraliði.

Eins og ég sagði áður, átti að vera búið að skapa þessa aðstöðu þegar árið 1953, þ. e. 6 árum eftir gildistöku fræðslulaga. Og það er í sjálfu sér ekki þakkarvert, þó að nú sé lofað virkum aðgerðum í málinu á næstu árum. Eigi að síður er það öllum, sem áhuga hafa á þessum málum, fagnaðarefni, ef margra ára kyrrstaða í þessum frumþætti fræðslumálanna er rofin. En fræðslumálalöggjöfin geymir fleiri þætti en barna- og unglingafræðslu. Barna- og unglingafræðslan er lágmarksfræðsla, sem skylt er lögum samkvæmt að halda uppi um allt land. Og hún á að tryggja það, að íslenzka þjóðin eða sá hluti hennar, sem ekki er algerir idíótar, sé læs og skrifandi og kunni undirstöðuatriði í reikningi. Það er að vísu rétt, að víða er það talið til stórsigra í þjóðfélagsframförum, þegar því marki hefur verið náð, að allir fullvita menn séu læsir og skrifandi, og margar þjóðir eiga enn langt í land að ná því marki. Það fer ekki milli mála, að slíkar þjóðir standa illa að vígi í sókn til annarra framfara. En engin þjóð, sem náð hefur því mikilsverða marki að útrýma ólæsi, lætur þar staðar numið. Allar framfaraþjóðir setja markið hærra en svo.

Í nútímaþjóðfélagi, þar sem atvinnuhættir eru margþættir og sambúðarreglur flóknar, er einnig þörf fyrir mjög víðtæka viðbótarfræðslu, í fyrsta lagi almenna fræðslu og einnig ýmiss konar sérmenntun æðri og lægri. Þess vegna leitast allar framfaraþjóðir við að skapa þegnum sínum skilyrði til þess að njóta almennrar framhaldsmenntunar, þannig að sem flestir og helzt allir geti lokið gagnfræðaprófi í minnsta lagi. Það er að verða svo í þjóðfélagi nútímans, að sá, sem aðeins hefur lokið skyldunáminu svokallaða, á færri kosta völ en þeir, sem meiri fræðslu hafa notið. Skyldunámið er ekki nægilegt veganesti þeim, sem ætlar að takast á hendur hin ýmsu störf, sem fyrir koma í þjóðfélaginu, og það virðist a. m. k. alveg víst, að þeir, sem ekki njóta annarrar fræðslu en skyldunámið nær til, standa

illa að vígi sem forustumenn eða framtaksmenn á sviði athafna og félagsmála. Sú hætta vofir yfir, að þeir verði út undan í margvíslegu tilliti og fái jafnvel ekki notið lífsgæða að fullu, enda þótt þeir hafi til að bera engu minni hæfileika og eðlisgreind en þeir, sem gengið hafa á skóla. Ef við viljum byggja upp réttlátt þjóðfélag, er nauðsynlegt að búa öllum þegnum landsins, hvar sem þeir eiga heima, sem jöfnust skilyrði til þess að njóta gagnfræðamenntunar, eftir að skyldunámi lýkur. Þá má ekki fara eftir landshlutum, hvort hægt sé að njóta slíkrar menntunar eða ekki. Þetta er þó ekki aðeins einstaklingsbundin réttlætiskrafa, heldur einnig þjóðfélagsleg nauðsyn. Íslenzka þjóðin hefur lengi verið talin í hópi þeirra þjóða, sem gert hafa ólæsi útlægt úr þjóðfélagi sínu. Jafnvel á þeim tímum, þegar formyrkvun útlends valds og verzlunarkúgunar ríkti í landinu og þjóðin var á góðri leið með að farast úr hungri, þá baukuðu alþýðumenn við lestrarnám og sumir lærðu að draga til stafs. Að þessu leyti á íslenzka þjóðin langa og merka sögu. Hún vandist því löngu á undan öðrum að tileinka sér lestrarkunnáttu við mjög erfið skilyrði, og það hefur lengi eimt eftir að þeim hugsunarhætti, að það sé endalaust hægt að byggja á þessum grundvelli sáralítið breyttum.

En það, sem ég vildi einkum segja í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það, að hversu aftur úr sem barnafræðslan er víða um land, miðað við nútímakröfur, þá tekur ekki betra við, þegar kemur til hins almenna framhaldsnáms. Í þeim efnum er ástandið raunar miklu verra, vegna þess að lítil sem engin skilyrði eru til þess að læra gagnfræðaskólanámsgreinar utanskóla eða á heimilum. Engin skylda hvílir á unglingum til þess að læra gagnfræðafögin og ljúka gagnfræðaprófi og varla til það heimili, sem veitt getur fræðslu á þessu sviði. Það má auðvitað segja, að þeir, sem áhuga hafa, geti orðið sér úti um helztu námsbækurnar og stúderað þær og aukið með því þekkingu sína, enda hafa margir gert þetta bæði fyrr og síðar. En slíkt er þó alls ekki frambærilegt. Það á að vera ófrávíkjanleg stefna í fræðslumálum, að nægilega margir framhaldsskólar séu fyrir hendi til þess að opna öllum sem greiðasta leið til gagnfræðanáms, og haga verður staðsetningu skólanna þannig, að gagnfræðaskólar séu fyrir hendi í hverju fræðsluhéraði. Með því eina móti er hægt að fullnægja einstaklings- og þjóðfélagsþörf fyrir gagnfræðamenntun.

Raunar er þetta hin markaða stefna í fræðslulöggjöf landsins, því að þar er beinlínis sagt berum orðum, að í hverju fræðsluhéraði starfi einn gagnfræðaskóli hið minnsta. En þetta mundi merkja, að í hverjum kaupstað og í hverri sýslu eða sýslum, sem mynda sameiginleg fræðsluhéruð, eigi að vera gagnfræðaskóli.

Framkvæmdin á þessu hefur orðið sú, að gagnfræðaskólar eru í öllum kaupstöðum landsins, og víðast hvar, að ég hygg, eru gagnfræðaskólarnir 4 ára skólar, þ. e. veita fullkomið gagnfræðapróf. Gagnfræðaskólar kaupstaðanna eru heimangönguskólar, og rými þeirra er ekki meira en það, að þeir fullnægja aðeins þörf heimamanna. Aðliggjandi sveitir og þorp hafa því ekki möguleika til að njóta kaupstaðarskólanna. Á það er a. m. k. ekki treystandi nema í algerum undantekningartilfellum. Gagnfræðaskólaþörf sveitanna á samkv. l. að fullnægja þannig í stórum dráttum, að hreppar hafi sameiginlega sókn til héraðsgagnfræðaskóla. Mikill misbrestur er á því, að þessu ákvæði hafi verið framfylgt. Síðan fræðslulögin tóku gildi, hefur í rauninni enginn nýr héraðs- eða gagnfræðaskóli komið til sögunnar. Héraðsskólinn að Skógum undir Eyjafjöllum tók að vísu til starfa 1949, en bygging hans var löngu áður ákveðin, og hann var reistur í samræmi við héraðsskólalögin frá 1940, en þau voru afnumin 1946, þegar héraðsskólarnir voru gerðir að þætti í almenna gagnfræðaskólakerfinu.

Margir báru kvíðboga fyrir framtíð framhaldsmenntunar í sveitahéruðunum, eftir að héraðsskólalögin voru afnumin. Kvíði manna í sambandi við þessi mál hefur ekki reynzt með öllu ástæðulaus. Héraðsskólalögin, meðan þau giltu, mörkuðu ákveðna stefnu um það, að framhaldsskólar skyldu rísa, þar sem áhugi og þarfir væru fyrir hendi, og af hálfu ríkisvaldsins hafði þá um 12—20 ára skeið verið unnið markvisst að framkvæmd þeirrar stefnu með vinsamlegri afstöðu og fullum áhuga á því að koma slíkum skólum sem víðast upp.

Ég ætla ekki að gagnrýna það, að héraðsskólarnir voru settir inn í almenna fræðslukerfið sem skólar gagnfræðastigsins. Það var áreiðanlega óhjákvæmileg nauðsyn. En hitt hefur áreiðanlega ekki verið tilætlun Alþingis 1946, að tekið yrði fyrir byggingu héraðsgagnfræðaskóla, eins og reynslan hefur orðið. Það er tvímælalaust í andstöðu við tilgang fræðslulöggjafarinnar. Þetta aðgerðaleysi í því að byggja smám saman og með jafnri þróun fleiri gagnfræðaskóla í þágu sveitanna segir orðið alvarlega til sín á margan hátt. Það er skortur héraðsskóla. Gömlu héraðsskólarnir, þrátt fyrir endurbætur á þeim, fullnægja ekki þörf sveitaæskunnar fyrir gagnfræðanám. Afleiðingin hefur orðið sú, að unglingar í sveitum verða að hætta alveg við gagnfræðanám eða fresta því sér til óhags. Eftirspurn eftir vist í héraðsskólum er svo mikil, að ekki hefur verið hægt að fullnægja henni. Það er álit margra, sem gerst munu vita, að hundruð nemenda fari á mis við gagnfræðamenntun vegna skorts á héraðsskólum. En það verður líka að hafa í huga, að fjöldinn allur af unglingum sækir alls ekki um neina skólavist, vegna þess að þeim eru allir skólar fjarlægir og ekkert, sem sérstaklega kveikir áhuga þeirra á því að leita eftir skólavist, enda mundu þeir fá að kenna á því, að allir gagnfræðaskólar, bæði í bæjum og sveitum, eru yfirfullir af heimamönnum.

Allir hljóta að sjá, að úr þessu verður að bæta. En hvernig á að bæta aðstöðu unglinga í sveitunum til þess að njóta gagnfræðamenntunar? Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum aðeins eina lausn frambærilega og til frambúðar. Hún er sú, eins og í frv. greinir, að reistir verði fleiri héraðsskólar. Við teljum, að það sé í samræmi við orð og anda gildandi laga um gagnfræðanám, að reistir verði gagnfræðaskólar í öllum fræðsluhéruðum landsins. Það er sú stefna, sem ber að

keppa að. Það er eðlileg þjóðfélagsleg krafa, að öllum landsmönnum sé gert sem jafnast undir höfði í sambandi við skólamál, og búseta á sízt af öllu að varða aðstöðuleysi til almennrar skólagöngu.

Í 1. gr. frv. segir, að markmið laganna sé að jafna aðstöðu ungmenna til gagnfræðanáms, og í 2. gr., að reisa skuli 7 nýja héraðsskóla með heimavist, þ. e. í Eyjafjarðarsýslu, í Norður-Þingeyjarsýslu, á Reykhólum á Barðaströnd, í Skagafirði, á Suðausturlandi, á Laugum í Dalasýslu og á Snæfellsnesi.

Í 3. gr. er ákvæði um 10 ára áætlun um smíði 7 nýrra héraðsskóla, og er ætlazt til, að menntmrh. láti gera slíka áætlun í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir. Skal áætlunin við það miðuð, að hafizt verði handa um smíði fyrsta skólans eigi síðar en 1966 og að smíði allra skólanna verði lokið árið 1976. Að sjálfsögðu væri æskilegt, að hægt væri að koma þessum skólum upp á skemmri tíma, og eins og orðalag frv. er, er ekkert, sem hindrar það. Hins vegar þótti okkur rétt, að nokkurt svigrúm væri í framkvæmdaáætluninni, og við teljum 10 ára framkvæmdatímabil viðunandi eftir atvikum.

Hér er að sjálfsögðu um mjög mikið fjárhagsátak að ræða, en þessu átaki verður þó að lyfta. Það er ekki hægt að ýta þessum vanrækslusyndum á undan sér til langframa, og verkefnið verður því stærra sem lengra líður.

Í 4. gr. frv. er ákvæði um byggingar- og rekstrarkostnað þessara fyrirhuguðu skóla. Þar er svo mælt fyrir, að ríkið kosti byggingu þeirra og rekstur að fullu. Þetta ákvæði er byggt á þeirri staðreynd, að þróunin í fjárhagsmálefnum héraðsskólanna hefur alltaf stefnt í þessa átt. Með lögum nr. 34 frá 1962 var opnuð leið til þess, að ríkið yfirtæki héraðsskólana að fullu og öllu, enda hefur reynslan sýnt, að flestum sýslum er ofvaxið að rísa undir skólunum. Nú munu ýmsir segja, að þetta sé ekki sambærilegt, vegna þess að núverandi héraðsskólar hafi verið reistir með fjárhagslegri þátttöku sýslnanna. Það er að vísu rétt, og það er ekki að öllu leyti gott að þurfa að leggja þetta til, en hjá því verður ekki komizt. Sýslutekjur eru litlar og sýslusjóðir eru ekki aflögufærir, þegar um mörg og stór verkefni er að ræða. Auk þess má á það benda, að heimamönnum er það ærin byrði og nóg byrði að rísa undir sínum hluta af byggingar- og rekstrarkostnaði barna- og unglingaskólanna, enda eru á því sviði mörg verkefni óleyst, sem kunnugt er.

Í frv. er kveðið á um það, að byggingu skólanna skuli hagað með það fyrir augum, að þar megi reka sumargistihús. Trúlega mun ferðamannaþjónustan vaxa á komandi árum, og sú stefna hefur verið viðurkennd, að æskilegt sé að samhæfa rekstur heimavistarskóla og sumargistihúsa, eftir því sem við verður komið.

Þeir skólastaðir, sem nefndir eru í frv., eru fyrst og fremst þeir staðir, sem flm. er kunnugt um, að sérstök þörf sé á skólum, og þar sem ákveðnar hreyfingar eru uppi um það að hrinda skólabyggingum í framkvæmd. Að áliti okkar flm. er skylt að koma til móts við vilja og þarfir þess fólks, sem hér um ræðir. Á miklu veltur um undirtektir Alþ. í málum sem þessum. Alþ. ber að fylgja djarflegri og víðsýnni stefnu í skóla- og fræðslumálum. Þörf fyrir menntun hefur auðvitað alltaf verið mikil, en engum mun nú dyljast, að fræðslumálin eru einn af hornsteinum nútímaþjóðfélags. Án víðtæks og öflugs skólakerfis og sem jafnastrar aðstöðu til þess að njóta skólagöngu verður hvorki komið á réttlátu þjóðfélagi né sköpuð skilyrði til þess að efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Almenn menntun er mikilvæg undirstaða framfara og umbóta, og hana verður að tryggja, jafnframt því sem sérmenntun og vísindanám er aukið. Því fleiri sem njóta hinnar almennu framhaldsmenntunar, því betri undirstaða undir æðra nám og því meiri líkur til þess, að fólk í öllum starfsstéttum tileinki sér þann hugsunarhátt, þau viðhorf, sem þurfa að vera til staðar, ef vísindi og tækni eiga að koma að fullu þjóðfélagslegu gagni.

Herra forseti. Ég skal láta máli mínu lokið. Ég vona, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í hv. þd. og Alþ. yfirleitt. Ég geri að till. minni, að málinu verði vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. menntmn., á þskj. 694, var útbýtt 8. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Verkfræðiráðunautar ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi [143. mál] (þmfrv., A. 303).

Á 51. og 52. fundi í Nd., 8. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir á þskj. 303, um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi, flyt ég ásamt hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ). Frv. er, eins og segir í grg., samið af n., sem var starfandi fyrir nokkrum árum, en 2 af nm. eiga nú sæti hér á Alþingi, þ. e. a. s. flm. þessa frv. Frv. eða það, sem þar er lagt til, er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð eða sem sjálfstæðust starfsemi í hverjum landshluta og að þar með skapist sérfræði- eða tæknimiðstöðvar á vegum ríkisins á nokkrum stöðum í landinu. Þróun þessara mála hefur orðið sú, sem kunnugt er, að öll meiri háttar framkvæmda-

stjórn opinberrar mannvirkjagerðar er staðsett í höfuðborginni. Þar er unnið að rannsóknarefnum, þar eru áætlanir gerðar og teikningar að mannvirkjum, innkaup á vélum og efni o. s. frv. Þangað safnast sérfræðingar þeir, sem að þessum verkum vinna, eiga þar heima og starfa þar að miklu eða öllu leyti. Um sumartímann fara þessir sérfræðingar eða sumir þeirra í skyndiferðir út um landsbyggðina til að athuga viðfangsefni, líta yfir það, sem unnið er á hverjum tíma, og gefa fyrirmæli um vinnu, eftir því sem þeim vinnst tími til. Með þessu fyrirkomulagi vill það stundum verða, að framkvæmd og þeir, sem að henni vinna, verði að bíða lengur eftir verkfræðingi sínum eða yfirmanni en æskilegt væri. Og þar sem framkvæmdir annarra en ríkisins eru líka langmestar í höfuðborginni og í nágrenni hennar, verður reyndin sú, að utan þess svæðis eru tæknimenntaðir menn eða verkfróðir mjög fáir. Þeir, sem þurfa þar á sérfræðilegri aðstoð að halda, einkafyrirtæki og sveitarfélög, verða yfirleitt að sækja þá þekkingu til höfuðborgarinnar. Það er þá líka orðin almenn trú víðs vegar um land, að þar séu allir færustu sérfræðingarnir. Núna t. d., þegar það er að komast í kring, að landinu verði skipt í nokkur vegagerðarumdæmi og sérstakur verkfræðingur yfir hverju umdæmi, virðist þeim, sem fyrir málum ráða, eiginlega ekki detta annað í hug en að þessir umdæmisverkfræðingar hljóti að eiga heima í Reykjavík og starfa á aðalskrifstofunni hér í höfuðborginni þann tíma, sem þeir eru ekki á ferðalögum í umdæmum sínum.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 303, er gert ráð fyrir, að ráða skuli 3 verkfræðiráðunauta, sem svo eru nefndir, til starfa í tilteknum umdæmum, einn í Norðurlandsumdæmi, annan í Austurlandsumdæmi, þriðja í Vesturlandsumdæmi. Verkfræðiráðunautur Norðurlandsumdæmis skuli hafa aðsetur á Akureyri og taki umdæmi hans yfir Norðlendingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Austurlandsumdæmis skuli hafa aðsetur í Egilsstaðakauptúni og taki umdæmi hans yfir Austfirðingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Vesturlandsumdæmis skuli hafa aðsetur á Ísafirði og taki umdæmi hans yfir Vestfirðingafjórðung norðan Gilsfjarðar, þ. e. a. s. Vestfirði.

Í 3. gr. frv er svo fyrir mælt, að verkfræðiráðunautur í umdæmi hverju skuli undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og jafnframt hafa á hendi undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

Enn fremur segir í 4. gr., að verkfræðiráðunautur skuli gegn hæfilegri þóknun til ríkisins vera til ráðuneytis bæjarstjórnum, sýslunefndum og sveitarstjórnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstj. samþykkir. Það, sem hér vakti fyrir þeim, sem sömdu þetta frv. á sínum tíma, var það, að þarna tækist samvinna milli ríkisins annars vegar, sem hefði þessa menn í þjónustu sinni, og hins vegar bæjar- og sveitarfélaganna í hverju umdæmi, þannig að verkfræðiráðunautarnir ynnu einnig að verkfræðilegum störfum fyrir þessa opinberu aðila í umdæmunum, og að um það væri þá samið, hver greiðsla kæmi fyrir og hvernig.

Í 5. gr. frv. segir, að ráðh. sá, er fari með vega- og hafnamál, ráði verkfræðiráðunauta og setji þeim erindisbréf að fengnum till. vegamála- og vitamálastjóra. Enn fremur segir, að séu þessi mál ekki í höndum sama ráðh., þ. e. a. s. vega- og hafnamálin, annist hlutaðeigandi ráðherrar ráðninguna sameiginlega og gefi út erindisbréf.

Enn fremur segir í 6. gr., að ríkisstj. gefi út reglugerð að fengnum till. vegamálastjóra og vitamálastjóra og að í þessari reglugerð skuli m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar hafi með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Enn fremur er gert ráð fyrir því í þessari gr. frv., að í reglugerðinni megi með samþykki hlutaðeigandi rn. fela verkfræðiráðunaut í samráði við skipulagsstjóra og húsameistara ríkisins umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, kirkna, læknisbústaða, annarra embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að því leyti sem ríkið hafi afskipti af slíkum framkvæmdum.

Hér er í þessu frv., eins og ég hef áður sagt, gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland og þriðji fyrir Vestfirði, enda hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Það er ætlazt til þess, að verkfræðiráðunautur í umdæmi hverju lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra. Á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja rn. og raunar fleiri, en a. m. k. fjmrn. og dómsmrn., á sama hátt ætti það að vera framkvæmanlegt að því er varðar verkfræðiráðunaut, að hann lyti yfirstjórn tveggja rn., ef þannig stendur á, að svo þurfi að vera, en sé sjálfstæður í starfi að öðru leyti en því, að hann sé settur undir yfirstjórn æðstu embættismanna ríkisins í þessum málum, þ. e. a. s. vegamálastjórann og vitamálastjórann. Verkfræðiráðunautur ætti að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanir í sambandi við vegi og hafnir, eins og ég hef áður getið um, og sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur hefur það verið talið rétt, að heimilað sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæminu. Það er ekki beinlínis tekið fram í frv., að hann skuli hafa þetta með höndum, en ákvæði um það er í heimildarformi, eins og ég las áðan. Loks er svo, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðunautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða þessarar stofnunar, eftir því sem um semst. En ætla má, að hagkvæmt sé fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta hvenær sem er leitað til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð og ýmislegt fleira.

Ríkið yrði að sjálfsögðu að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnin reyndust, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þyrfti að halda. Um það voru þeir sammála, sem að gerð þessa frv. stóðu, og á það verður að leggja sérstaka áherzlu, er til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, starfsemi verkfræðiráðunautanna á Norður-, Austur- og Vesturlandi, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Og það má raunar teljast sennilegt, að sú samvinna milli ríkis og sveitarfélaga og sýslufélaga, sem hér er rætt um, geti miðað í þá átt að skapa betri skilyrði fyrir þá sérfræðinga, sem þarna störfuðu. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða og frv. fjallar um, verður áreiðanlega að mjög miklu leyti og jafnvel að öllu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val þessara manna, um val verkfræðiráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin syðra hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef nauðsyn krefur.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að í þeirri reglugerð, sem sett verði samkv. frv., ef að lögum verður, verði ákvæði um það, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautur eða skrifstofa hans skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. En þar er einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er að vísu um mikilsvert mál að ræða, en ekki var talið rétt að gera ákveðnar till. um það að svo stöddu. Það töldum við aðalatriðið í þessu máli, að verkfræðistofnunum á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum yrði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu, en að starfshættir þeirra og verksvið verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að þessar stofnanir í hinum einstöku landshlutum yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstj., og þegar að því kemur, sem koma mun, að landinu verði skipt í fylki með sjálfstjórn í sérmálum, mun það koma af sjálfu sér, að starfsemi verkfræðiráðunautanna í hinum einstöku landshlutum mun lúta fylkisstjórnum þeim, sem þá koma til starfa.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suður- og Suðvesturlandi. Er að svo stöddu gert ráð fyrir, að hinar opinberu framkvæmdir þar verði áfram í beinni umsjá hlutaðeigandi ríkisstofnana í Reykjavík, enda er þar hægara um heimatökin. En vera mætti, að til þess yrði að koma síðar, að einnig í þessum landshlutum kæmu sérstakar stofnanir af þessu tagi. Ef sæmilega tekst til, verður að gera ráð fyrir því, að verkfræðiráðunautar þeir, sem hér er um að ræða, geti létt nokkuð störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík, og þess vegna þurfi ekki að verða af því verulegur kostnaðarauki, þó að það fyrirkomulag verði tekið upp, sem hér er gert ráð fyrir. Það ætti að geta haft þau áhrif, að færri starfsmenn þyrfti og minni kostnað að öðru leyti í aðalstöðvunum hér í höfuðborginni.

Ég hef orðið þess var nú síðustu árin, að vaxandi áhugi hefur verið fyrir því á ýmsum stöðum, að fyrirkomulag eitthvað þessu líkt yrði tekið upp. Núna skömmu eftir að þetta frv. var lagt fram, kom fram annað mál hér í hv. d., sem er í raun og veru alveg sams konar, en aðeins á þrengra sviði, þar sem er frv. tveggja hv. Vestfjarðaþm. á þskj. 306 um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis. Ég þykist sjá, að fyrir þeim vaki alveg það sama og vakti fyrir þeim, sem sömdu þetta frv., að hugmynd þeirra og óskir um svona starfsemi á Vestfjörðum geti fallið inn í rammann. Hins vegar má vel vera, að í frv. þeirra séu einhver ákvæði, sem hagkvæmt væri að taka upp í staðinn fyrir eitthvað, sem er í okkar frv., og þyrftu þessi mál því að athugast samhliða.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Verkfræðiskrifstofa Vestfjarðakjördæmis.

Á 51. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis [145. mál] (þmfrv., A. 306).

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um stofnun verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi er flutt að ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Efni frv. var í aðalatriðum markað í allýtarlegri ályktun bæjarstjórnarinnar, og er hlutur okkar flm. því aðallega sá að móta þá ýtarlegu ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðar í frv.-form. Tilmæli bárust okkur um að flytja frv. þessa efnis fyrir svo sem tæpum mánuði, og var þá þegar á eftir unnið að frv.-gerð og síðan leitað eftir því, hvort allir Vestfjarðaþm., sem höfðu fengið áskorun frá bæjarstjórninni um að búa þetta mál til flutnings, mundu ekki verða meðflm. að því. Niðurstaðan varð sú, að við urðum flm. einungis tveir af Vestfjarðaþm.

Hugsun þessa frv. er í meginatriðum hin sama og fram kemur í frv. um verkfræðiráðunauta

ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi, sem gerð var grein fyrir nú næst áður en þetta frv. var tekið á dagskrá. Hér virðist því hafa farið eins og stundum hefur hent áður í sögunni, að þegar hugsun eða hugmynd er orðin tímabær og ytri skilyrði eru fyrir hendi, brýzt hún fram í hugskoti jafnvel fleiri manna samtímis og stundum jafnvel í nálega sama formi. Nú sé ég að vísu, að hv. flm. frv. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður- og Austurlandi segir, að það frv. hafi orðið til fyrir alllöngu, nefnilega á vegum nefndar, svokallaðrar staðsetningarnefndar ríkisstofnana, sem skipuð hafi verið fyrir nokkrum árum, og hún hafi samið það frv., sem nú hefur verið flutt á þskj. 303, og skilað því frv. til ríkisstj. Það er að vísu ekki alveg útilokað, að bæjarfulltrúar á Ísafirði hafi haft hugmynd um þetta frv., tilveru þess. Þó þykir mér það frekar ósennilegt.

Ég get í raun og veru sparað mér að mestu leyti að hafa framsögu fyrir þessu máli mínu, því að það er rétt, sem flm. frv. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi sagði, að hér er nálega um sama málið að ræða. Þó skal ég fara örfáum orðum um þetta frv.

Það er þannig víðast hvar á landinu, og það hendir jafnvel í höfuðborginni líka, að skortur sé sérfræðinga í verklegum efnum, en sérstaklega er þetta ástand tilfinnanlegt úti um landið. Afleiðingar þessa ástands eru þær, að það dregur úr verklegum framkvæmdum eða kemur í veg fyrir, að verk séu nægilega vel tæknilega undirbúin, áður en framkvæmd er hafin, eða í bezta tilfelli verður til þess að tefja, að ráðizt sé í jafnvel nauðsynlegar framkvæmdir, vegna þess að alla sérfræðilega og tæknilega þjónustu vegna hvers konar mannvirkjagerðar verður að sækja til Reykjavíkur. Og það er þetta, sem þessu frv. er ætlað að bæta úr. Í frv. er lagt til, að stofnuð skuli verkfræðiskrifstofa á Ísafirði til þess að annast verkfræðilegan undirbúning og síðan, þegar honum er lokið, að fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda í Vestfjarðakjördæmi. Verkefni skrifstofunnar er hugsað þríþætt. Það er í fyrsta lagi aðalverkefni hennar að annast undirbúning verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, þ. e. a. s. undirbúning vega- og brúargerða undir yfirstjórn vegamálastjórans, undirbúning hafnargerða og lendingarbóta undir yfirstjórn vitamálastjóra og í þriðja lagi undirbúning skipulagsmála í kjördæminu undir yfirstjórn skipulagsstjórans. Þá er skrifstofunni einnig ætlað að annast sérhver önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem að öllu leyti eða einhverju leyti eru á vegum ríkisins sjálfs, svo sem byggingu skóla og sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv. Þetta væri þjónustuhlutverk þessarar verkfræðiskrifstofu að því er snertir að inna af hendi framkvæmdir, sem væru á döfinni í kjördæminu á vegum ríkisins að öllu leyti eða að nokkrum hluta. En annar meginþáttur í starfi þessarar fyrirhuguðu skrifstofu ætti að vera aðstoð við mannvirkjagerð á vegum sveitarfélaganna. Mér er kunnugt um það af gamalli reynslu, að sveitarfélögin eiga oft í erfiðleikum með að fá nægilega verkfræðilega aðstoð í sambandi við framkvæmdir sínar og verða jafnan að leita til meira eða minna störfum hlaðinna sérfræðinga í Reykjavík og bíða með að komast af stað með sínar framkvæmdir eftir því, að þessir sérfræðingar hér komi því í verk að inna þessi nauðsynlegu undirbúningsstörf af hendi. Þetta mundi allt saman vera auðveldara og handhægara, ef útibú frá framkvæmdaskrifstofum ríkisins væru í kjördæminu og þar væri hægt að slíkum sérfræðingi að ganga með allan slíkan undirbúning, hvenær árs sem væri, og þessi verkfræðingur væri með allan sinn huga við framkvæmdir á þessu svæði, og má því ætla, að hans fyrirgreiðsla fengist auðveldar og greiðar en með því að sækja hana til manna, sem væru í öllum mögulegum störfum hér suður í Reykjavík. Ég tel, að þetta mundi verða sveitarfélögunum og mannvirkjagerð þeirra til mikillar og þýðingarmikillar fyrirgreiðslu.

Það er ætlunin, að ríkið beri allan kostnað af þeirri þjónustustarfsemi, sem slík skrifstofa innti af hendi fyrir ríkisstofnanirnar, en hins vegar ættu sveitarfélögin að greiða fyrir þau verk, sem skrifstofan ynni fyrir þau á þeirra vegum, og greiðsla fyrir slíka þjónustu ætti auðvitað að deilast á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við þá þjónustu, sem hún kynni að veita hverju sveitarfélagi um sig.

Og þá er það þriðji þáttur starfseminnar, sem ætlaður er slíkri verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi. Hann er sá að veita einnig einstaklingum og fyrirtækjum í kjördæminu verkfræðilega þjónustu og fyrirgreiðslu við mannvirkjagerð, sem einstaklingar og félög og fyrirtæki hafa með höndum í þessum landshluta, og eiga slíkir aðilar að gjalda fyrir þessa þjónustu að fullu.

Hér er að því stefnt að dreifa þeim þjónustustofnunum, sem hingað til hafa nálega undantekningarlaust verið staðsettar í höfuðborginni og geta að vissu leyti innt þessa þjónustu af hendi þaðan, en ættu að fá til þess öllu betri aðstöðu með því að dreifa starfskröftum sínum á þau svæði, þar sem verkin á að vinna.

Ég er líka sannfærður um það, að þegar sæmilega vel verkfræðilega undirbúið mannvirki er hafið, þá er aukin trygging í því, að framkvæmdin verði svo sem til er ætlazt af sérfræðingunum, að verkfræðingur, sem undirbúninginn hefur annazt, sé við höndina og geti fylgzt nákvæmlega með framkvæmdinni. Ég hef hvað eftir annað verið áhorfandi að því, að þótt ekki sé um vandasamari mannvirkjagerð að ræða en vegagerð undir rétt venjulegum kringumstæðum, sem hefur verið undirbúin af verkfræðingi, þá getur það komið fyrir, að ófaglærðir verkstjórar, sem framkvæmdina eiga að annast, fari ekki að öllu leyti við mannvirkjagerðina eftir ætlun sérfræðinganna og að veruleg missmíði geti orðið á jafnvel vegagerð bara vegna fjarlægðar sérfræðings, sem kemur ekki til þess að líta á verkið, fyrr en því er jafnvel lokið.

Þetta frv. byggist þá líka á þeirri hugmynd, að á því fari vel og að því sé styrkur við hinar dreifðu byggðir, að þjónustan, sem þjóðfélagið veitir þeim, verði færð út í byggðarlögin og

verði þar fáanleg. Þetta sé því einn þátturinn í að gera opinberar ráðstafanir til aukins byggðajafnvægis.

Vera má, að aðalmótbáran gegn slíku máli sem þessu verði sú, að með þessu fyrirkomulagi verði opinberum framkvæmdum íþyngt um kostnað, að það leiði aukinn kostnað af þessari dreifingu framkvæmdavaldsins út í byggðirnar. Ég þori ekki alveg að neita því, að þetta geti orðið að einhverju leyti, en það tel ég að jafnist upp við það, að hin nýja skipan ætti að veita öllu traustari og fullkomnari þjónustu. Þó vil ég benda á það, að ferðir sérfræðinganna frá höfuðmiðstöðvunum í Reykjavík og út um landið til nauðsynlegs undirbúnings verklegra framkvæmda og til eftirlits með framkvæmd verka, sem ákveðin eru hér á skrifstofum vitamálastjóra og vegamálastjóra og skipulagsstjóra, þær gerast ekki án kostnaðar. Það getur verið allkostnaðarsamt að framkvæma þessa þjónustu héðan frá miðstöðvunum í Reykjavík. En með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, má einnig reikna nokkuð til fjár þá fyrirhöfn og þann tilkostnað, sem lendir á fólkinu, sem verður að sækja þessa þjónustu alla saman til Reykjavíkur, en fær hana við höndina með því að hið nýja skipulag væri komið á. Það eru þessir tveir kostnaðarliðir, sem verða að metast, áður en menn komast að niðurstöðu um það, að af hinni nýju skipan leiði eintóman viðbótarkostnað. Ég skal ekkert segja, hvort fjárfrekara yrði, en hitt er sannfæring mín, að það skipulag, sem hér er lagt til að upp verði tekið, mundi hins vegar veita öruggari og betri þjónustu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Hitt hafði ég í huga, þó að frv. það, sem hér var gerð grein fyrir áðan, hefði ekki komið fram, að það gæti sennilega staðið eins á á Norðurlandi og á Austurlandi eins og að dómi bæjarstjórnarinnar og okkar flm. í Vestfjarðakjördæmi, og það væri eðlilegt, að sams konar þjónustumiðstöðvar yrðu til og sams konar fyrirkomulag haft á um verkfræðiskrifstofur norðanlands og á Austurlandi, og það er einmitt það, sem kemur fram í hinu ýtarlega frv. á þskj. 303. Ekki skal ég leggja nokkurt kapp á það, hvort þessara frv. þætti betur til þess fallið að verða lögfest, enda er megintilgangur beggja, sem að flutningi þessa máls standa, sá að fá betri þjónustu, fá þjónustuvaldinu dreift út um byggðirnar og stuðla þar með að jafnvægi í byggð landsins.

Í þeim fáu orðum, sem fylgdu ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðar til okkar Vestfjarðaþingmanna, sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Samþykkt þessi þarfnast naumast skýringa, en aðeins skal bent á það til áréttingar, hversu mikilsverður þáttur verkfræðiskrifstofa á Ísafirði, sem bæjarstjórnin nú hefur gert samþykkt um, hlýtur að verða í byggðarkjarnaskipulagi, sem mikið er rætt um, en of lítið gert að.“ Og bæjarstjórinn lauk máli sínu á þessa leið, hann sagði: „Á vorri storð, eitt verk er meira en þúsund orð.“ Og það er þess vegna von mín, að þetta þyki nú ekki stærra eða áhættusamara í sniðum en svo, það sem felst í þessu frv., að það mætti birtast í verkum í stað orða og að annaðhvort þessara frv., sem mjög fara í sömu áttina, yrði gert að lögum og þessi tilraun um dreifingu framkvæmdavaldsins þannig prófuð í reynd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Lögtak.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar [153. mál] (þmfrv., A. 332).

Á 55. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hálfdán Sveinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni nokkurra forráðamanna verkalýðsfélaga. Sjúkra- og styrktarsjóðir þeir, sem hér um ræðir, eiga uppruna sinn í sáttagerð við lausn vinnudeilu hér í Reykjavík 1961. Verkamannafélagið Dagsbrún og nokkur fleiri félög sömdu um, að verkamenn skyldu greiða 1% af kaupi sínu í sjúkra- og styrktarsjóðina. Ýmis önnur félög, sem sömdu um svipað leyti, fögnuðu þessu ákvæði og sömdu þá um leið um 1% hærra útborgað kaup. Þannig voru félögin ekki á eitt sátt um stofnun þessara sjóða í byrjun, en reyndin varð sú, að innan tveggja ára höfðu velflest verkalýðsfélög tekið þetta ákvæði upp í samninga sína, og nú er svo komið, að þessi þáttur í starfsemi verkalýðsfélaganna er bæði vinsæll og hagkvæmur. Enginn telur eftir að greiða 1% af launum sínum til sjóðsins. Fólkið fagnar því að geta veitt hvert öðru styrk og stuðning, þegar veikindi, slys og önnur óhöpp ber að höndum. Þetta ber að virða og viðurkenna.

Aðeins eitt veldur erfiðleikum þessarar starfsemi, en það eru vanskil fárra atvinnurekenda. Þess vegna er þetta frv. nú lagt hér fram. Það biður ekki um hærra kaup eða aukin sérréttindi verkalýðsfélögunum til handa. Það biður hv. Alþ. aðeins um aðstoð til að tryggja, að fé það, sem atvinnurekendur halda eftir af vinnulaunum fólksins og styrktarsjóðnum ber, sé greitt skilvíslega. Það telja flm., að verði bezt gert með því að lögbinda lögtaks- og fjárnámsrétt félögunum til handa við innheimtu þessara gjalda. Á s. l. sumri var gert margnefnt júnísamkomulag. Allir, sem lögðu hönd að því, höfðu af því mikinn og aukinn sóma. Fram undan er nú nýtt júnísamkomulag. Það veltur á öllu, að það takist giftusamlega ekki síður en hið fyrra. Sú ósk

verkalýðsfélaganna, sem þetta frv. felur í sér, er bæði réttlát og sanngjörn. Þannig þarf júnísamkomulagið einnig að verða. Til áherzlu því, að svo verði, vænti ég, að hv. þm. samþykki þetta litla frv.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Örfá orð. Það er rétt, sem hv. frsm. í þessu máli tók fram, að það gjald, sem rennur til þeirra sjúkrasjóða, sem hér um ræðir, er hluti af kaupgjaldi, sem á þennan hátt greiðist þeim, sem eru félagsmenn verkalýðsfélaganna. Þetta frv. hefur áður verið flutt hér á hv. Alþ., en ekki náð fram að ganga. Það má kannske segja, að það hafi fram til þessa ekki verið komin svo rík reynsla á innheimtu þessa gjalds til styrktarsjóðanna, að full ástæða hafi verið til að afgreiða þetta mál jákvætt. Það hefur verið sjónarmið æðimargra, að mér hefur fundizt, hér á hv. Alþ. En nú er svo komið, að það má telja, að nær öll verkalýðsfélög landsins séu komin með þennan hátt á styrktarsjóðum sínum, þ. e. a. s., að til þeirra skuli atvinnurekendur greiða vissan hluta af kaupinu, 1%, sem ekki greiðist sjálfu verkafólkinu, heldur á þennan hátt beint til félagssamtakanna, styrktarsjóða þeirra. Ég verð að segja það, að sú reynsla, sem verkamannafélagið Dagsbrún hefur haft af þessum hlutum, er á þann veg, að mikill meiri hl. atvinnurekenda greiðir þetta skilvíslega. Hins vegar er því ekki að neita, að það finnast alltaf nokkrir, sem draga við sig greiðslur á hverju sem er og reyna að komast hjá því í lengstu lög og því lengur sem viðurlög við drætti eru minni og þeir eiga hægara með að komast undan lögboðnum eða umsömdum greiðslum. Þannig hefur það því orðið, að þó að ekki sé um stórar upphæðir að ræða, er það þó þannig, að nú eru farnar að safnast fyrir hjá félögunum upphæðir, sem verða að fara í innheimtu á einhvern hátt, og ég held, að það væri rétt af Alþ. að greiða fyrir þeirri innheimtu á þann veg, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, til þess að fara ekki að gera það allt of erfið og flókin mál. Við höfum reynt að byggja öll þessi kerfi upp þannig, að það yrði sem allra minnst skriffinnska í kringum sjálfa framkvæmd málsins, og ég held, að það væri einnig í fullu samræmi við þá skoðun, bæði okkar í verkalýðsfélögunum og eins atvinnurekenda, að þessi háttur yrði á hafður. Ég vil þess vegna taka undir með flm. þessa frv. og vænta þess, að það fái afgreiðslu hér á hv. Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Sala jarðanna Þormóðsdals og Bringna.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur [164. mál] (þmfrv., A. 368).

Á 60. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 368 að flytja frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur. Eins og fram kemur í grg. frv. og bréfi oddvita Mosfellshrepps, er hér um að ræða skipulagsástæður, sem valda því, að hreppsnefndin óskar eftir þessu, og gerir hann grein fyrir því í þessu bréfi sínu. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Ég hef bent á það í sambandi við önnur frv. af svipuðu tagi, sem hér hafa verið, að þegar ríkið selur jarðir, sem oft er rétt og nauðsynlegt, bæði til kaupstaða og kauptúna og sveitarfélaga, eigum við að gera það að reglu að binda það í l., að þau sveitarfélög, sem þetta eignast, skuli ekki selja jarðirnar aftur. Það er áreiðanlega hin brýnasta nauðsyn á því, að sú regla verði innleidd hjá okkur, að það sé ekki farið að braska með þær jarðir eða þær lóðir, sem ríkið einu sinni hefur átt, þó að það láti þær hins vegar sveitarfélögum í té. Ég held, að hv. landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að athuga það mjög gaumgæfilega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Bann gegn botnvörpuveiðum (frv. GuðlG).

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [175. mál] (þmfrv., A. 427).

Á 71. og 72. fundi í Nd., 26. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd, 27. apríl, var frv enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 427 frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 frá 17. febr. 1959, um bann gegn botnvörpuveiðum. Í 2. mgr. 1. gr. umræddra laga er heimild til handa ráðh. að veita vélbátum undanþágu frá banni gegn botnvörpuveiðum, ef um er að ræða veiðar með kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að ráðh. verði einnig veitt heimild til að veita undanþágu til botnvörpuveiða með venjulegri fiskivörpu, þar sem það að dómi Fiskifélags Íslands kann að þykja henta og með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

Ég geri mér að sjálfsögðu alveg grein fyrir því, að vel geti verið skiptar skoðanir hér á Alþingi um, hvort tímabært sé að veita ráðh. heimild þá til undanþágu til handa vélbátum til togveiða innan fiskveiðimarkanna, sem hér er lagt til. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki einasta tímabært, heldur einnig nauðsynlegt. Ég tel, að við verðum að gera okkur ljóst, að í mörgum verstöðvum eru fleiri eða færri bátar, sem beinlínis skortir orðið rekstrargrundvöll miðað við þær aðstæður, sem verið hafa. Er hér átt við báta, sem of litlir eru til síldveiða að vetrinum til, en of stórir til dragnótaveiða að sumrinu til. Þótt hér sé um að ræða góð og í mörgum tilfellum nokkuð verðmikil atvinnutæki, er það staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá, að þessir bátar eiga að vetrinum til sumir hverjir mjög erfitt með að fá nægjanlegan mannafla, til þess að þeir verði gerðir út á línu- eða netaveiðar. Og auðvitað er, að línu- og netaveiðar verða ekki stundaðar með neinum árangri að sumrinu til, a. m. k. ekki við suðurströnd landsins. Sem eðlilegt er, sækja sjómenn heldur eftir skiprúmi á hinum nýju og stóru bátum, sem komið hafa til landsins á undanförnum árum. Þetta er bæði eðlilegt og mannlegt. Þar er um betri aðbúnað að ræða og í mörgum tilfellum meiri tekjuvon. Þetta verður að teljast eðlileg þróun, sem Íslendingar að mínum dómi geta glaðzt yfir. En hinu ber ekki að gleyma, að sú stökkbreyting, sem orðið hefur í byggingu íslenzka fiskiskipaflotans, skapar vandamál, sem leysa verður. Og það er eitt í þessu sambandi, sem við skulum gera okkur alveg ljóst, að það er afli hinna staðbundnu smærri báta, sem er undirstaðan undir rekstri fiskvinnslustöðvanna víðast hvar um landið. Hinir stærri bátar elta fiskinn, hvort heldur er um síld eða þorsk að ræða, og landa aflanum í næstu höfn, alveg burt séð frá því, hvort um heimahöfn bátsins er að ræða eða ekki. Að sjálfsögðu er það happ fyrir hvern stað, þegar svo ber við, að fiskurinn er þar nærri, og gefur það óneitanlega mikla vinnu og skapar mikla veltu, meðan það gengur yfir, þar sem hinir nýju bátar með þeim tækniútbúnaði, sem þar er um að ræða, eru mjög stórvirk og fullkomin atvinnutæki. En einmitt af þessari ástæðu, hve óvíst er, hvar bátarnir landa afla sínum, þ. e. hinir nýju og stóru bátar, í það og það skiptið, getur engin fiskvinnslustöð eingöngu byggt afkomu sína á afla þeirra. Það eru því óneitanlega hinir smærri bátar, heimabátarnir, sem róa frá heimahöfn að nóttu eða morgni til og koma aftur að landi með afla sinn næsta dag, sem fyrst og fremst treysta atvinnulífið í hverri útgerðarstöð. Það er því ekki sízt fyrir verkafólk í landi við sjávarsíðuna beint hagsmunamál, að rekstrargrundvöllur þessara báta sé gerður eins öruggur og aðstæður á hverjum stað og tíma leyfa.

En þá er spurningin: Á hvaða hátt og með hvaða hætti verður þetta gert? Ég tel, að með því að rýmka á lögunum um bann gegn togveiðum, eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu, megi verulega tryggja rekstrargrundvöll hinna smærri báta víða um land, án þess að það þurfi nokkru tjóni að valda í sambandi við aðrar veiðar. A. m. k. við suðurströnd landsins eru allstór veiðisvæði, þar sem línu- og netaveiðar eru mjög lítið stundaðar að vetrinum til og alls ekki á öðrum tíma. Á þessum svæðum mörgum er góð aðstaða fyrir vélbáta að stunda togveiðar, og segja má, að á öllu svæðinu frá Reykjanesi og austur með suðurströnd landsins séu engar veiðar stundaðar utan vetrarvertíðar nema með dragnót og síldveiðar nokkuð nú hin síðari ár. Víða á þessu svæði eru að sumrinu til góð skilyrði til togveiða, þótt hvorki veiðar með línu né í net verði þar stundaðar með nokkrum árangri.

Í sambandi við togveiðar er það að mínum dómi allt of útbreidd skoðun, að botnvarpan sé hættulegra veiðarfæri en önnur. Má vera, að einhver rök hafi verið fyrir þessu, meðan lágmarksmöskvastærð botnvörpunnar var enn 70—80 mm. En eftir að lágmarksmöskvastærðin hefur verið færð upp í 110 mm, held ég, að slíku verði ekki haldið fram með neinum rökum. A. m. k. er það staðreynd, að önnur veiðarfæri, eins og t. d. þorsknótin, eru með mun minni möskvastærð eða allt niður í 60 mm, þótt hins vegar hafi nú á þessum vetri verið gefin út reglugerð um, að möskvastærð þorsknóta skuli að tveimur árum liðnum ekki vera minni en 110 mm eða hið sama og gilt hefur um botnvörpu nokkurn tíma.

Svo hagar til, a. m. k. við suðurströnd landsins, að aðalhrygningarstöðvar þorsksins munu vera á eða yfir, þar sem hraunbotn er. Með þeirri tækniþróun, sem orðið hefur í sambandi við fiskveiðarnar, er nú svo komið, að veiðarnar í þorskanet og nót fara að miklu leyti orðið fram á sjálfum hrygningarsvæðunum, þar sem fiskurinn þjappar sér mest saman á vissum tíma. Fiskifræðingar okkar hafa fram að þessu ekki talið, að nein bein hætta stafaði af þessum veiðum, a. m. k. ekki enn sem komið er, og verður að sjálfsögðu að treysta umsögn þeirra. Hins vegar hagar svo til, að togveiðum á vélbátum verður ekki komið við, þar sem hraunbotn er, og eru togveiðarnar því að þessu leyti hættuminni en veiðar í net og nót. Hin stærri togskip, togararnir, þar sem vélaaflið er margfalt á við vélaafl bátanna, munu hins vegar vera komnir

á lag með að toga einnig þar, sem hraunbotn er. Ég tel, að að öllu þessu athuguðu sé orðið tímabært, að ráðh., sem með þessi mál fer, sé veitt heimild til að veita vélbátum undanþágu til togveiða innan fiskveiðimarkanna, þar sem það að áliti fiskifræðinga okkar getur talizt óhætt, og þá með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynleg kunna að teljast. Útfærsla fiskveiðimarkanna kemur því aðeins að fullum notum, að veiðisvæðin innan þeirra séu nýtt með þeim veiðarfærum, sem á hverjum tíma og hverjum stað eru líklegust til árangurs, þó að sjálfsögðu innan þeirra marka, að ekki geti verið um ofveiði eða rányrkju að ræða. En til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt að lögfesta ákvæði í sambandi við fiskveiðarnar, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég tel þegar orðið tímabært, að athugun fari fram á því, á hvern hátt eðlilegri nýtingu fiskimiðanna verði bezt við komið. Ég tel þetta ekki aðeins nauðsynlegt til öryggis rekstrargrundvelli vélbátanna, heldur einnig og ekki síður vegna atvinnuöryggis verkafólks við sjávarsíðuna. Hér á hinu háa Alþ. hefur að undanförnu mjög verið rætt um nauðsyn á jafnvægi í byggð landsins, og hefur mér heyrzt, að menn væru mjög sammála um þetta atriði. En frumskilyrði þess, að fólk haldi áfram að búa í dreifbýlinu, er, að það sjái fram á atvinnuöryggi ekki síður þar en í þéttbýlinu. Ég hef þá skoðun, að víða megi auka atvinnuöryggi fólksins í dreifbýlinu með meira skipulagðri og betri nýtingu fiskimiðanna. Vil ég í því sambandi vitna til árangurs af opnun veiðisvæða fyrir dragnót fyrir Norðurlandi á síðasta sumri, sem talið er að bjargað hafi atvinnulega séð nokkrum sjávarþorpum við Húnaflóa þann tíma, sem dragnæturnar eru lögum samkv. heimilaðar. Þannig gæti víða farið, ef rýmkað yrði á ákvæðum um bann gegn botnvörpuveiðum, eins og lagt er til í þessu frv. Af þeirri ástæðu er þetta frv. hér flutt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í grg., sem fylgir þessu frv., er að því vikið, að nauðsynlegt sé, að Íslendingar skipuleggi betur en nú er fiskveiðarnar innan fiskveiðilandhelginnar. Að því er einnig vikið í frv., að tvær meginástæður hafi legið til grundvallar útfærslu okkar fiskveiðimarka á undanförnum árum, sem sé sú, sem snýr að friðunarmálum almennt, og hin aftur, sem snýr að því að tryggja Íslendingum meiri og betri aðstöðu til þess að stunda fiskveiðar hér við strendur landsins. Hvort tveggja þetta er rétt. Það er enginn vafi á því, að þetta voru meginsjónarmið, sem lágu til grundvallar baráttunni í okkar landhelgismálum á undanförnum árum. Og hitt er líka rétt, að það er orðin brýn nauðsyn á því að setja fastari og hagkvæmari reglur um hagnýtingu fiskimiðanna í íslenzku fiskveiðilandhelginni. En ég er hins vegar mjög ósammála flm. frv. um það, hvernig eigi að vinna að því að koma á betri hagnýtingu fiskimiðanna en nú er, og mér sýnist einnig, að það frv., sem hann flytur hér, sé í litlu samræmi við þann megintilgang, sem vakti fyrir mönnum með útfærslu landhelginnar, þegar hún hefur verið framkvæmd á undanförnum árum.

Ég vil þá fyrst víkja með örfáum orðum að þeim meginatriðum, sem lágu til grundvallar stækkun okkar fiskveiðilandhelgi. Það er enginn vafi á því, að þótt allmikið hafi unnizt til friðunar á uppeldissvæðum fiskstofnanna hér við landið með hinni auknu útfærslu, fer mjög fjarri, að við getum verið ánægðir með það, sem náðst hefur í þeim efnum. Það er enginn vafi á því, að við þurfum að vinna miklu betur að þessum friðunarmálum en við höfum unnið. Þó að svæðið innan 12 mílna markanna sé að vísu mjög þýðingarmikið, fer fjarri því, að það sé nægilega stórt í ýmsum tilfellum til að veita nægilega friðun fyrir ungfiskinn hér við landið. Því er það, að ég held, að það verði að fara mjög gætilega í það að draga á nokkurn hátt úr þeirri friðun, sem hefur náðst fram. Ég skal að vísu fúslega játa, að það dugir ekki að ganga hér í neitt allsherjarbindindi og aðeins friða. Vissulega er þessi friðun gerð með það í huga, að meiri fiskur verði hér á miðunum við landið og að við fáum aðstöðu til þess sjálfir að afla meira en við hefðum annars aflað. Og því þurfum við auðvitað jafnhliða skynsamlegum friðunarráðstöfunum að haga öllum okkar veiðireglum þannig, að uppskera okkar á hverjum tíma verði sem allra mest. En að ætla að taka á þessum málum þannig nú, að við brjótum þá grundvallarreglu, sem hefur verið í gildi langan tíma, að heimila ekki botnvörpuveiðar innan 4 mílna markanna, það held ég að sé ekki rétt. Ég held, að það væri að ganga allt of mikið á allra þýðingarmestu friðunina að heimila ráðh. að gefa út undanþáguleyfi til almennrar botnvörpuveiði innan 4 mílna markanna.

Það hefur verið svo um nokkuð langan tíma, að sjútvmrh. hefur getað veitt nokkrar veiðiundanþágur innan fiskveiðimarkanna á svæðinu á milli 12 mílna og 4 mílna. En það hefur ekki þótt rétt að láta sjútvmrh. hafa vald til þess að heimila botnvörpuveiðar innan 4 mílna markanna. En á því leikur auðvitað enginn vafi, að svæðið næst landinu er allra viðkvæmast í þessum efnum. Við vitum, að það hafa staðið allharðar deilur um það, hvort ekki ætti að heimila Íslendingum meiri not en nú hafa verið heimiluð eða með öðrum veiðarfærum á svæðinu milli 12 mílna og 4 mílna, og á því svæði er um mjög verulegt bann að ræða gagnvart botnvörpuveiðum, og það er mikill þrýstingur á það, m. a. á sjútvmrh. á hverjum tíma, að hann gefi eftir frá settum reglum í þessum efnum, noti sín undanþáguákvæði og heimili frekari botnvörpuveiðar á þessu svæði en nú eru leyfðar. Ráðh. hefur ekki látið undan þessum kröfum enn eða ekki viljað fallast á þær, og sýnist mér þá heldur undarlega tekið á málinu að leggja til, að ráðh. fái heimild til þess að heimila öllum þeim, sem stunda fiskveiðar með botnvörpu, að veiða innan 4 mílna markanna. Að þessu leyti til sýnist mér, að flm. frv. brjóti meginregluna, sem við höfum þó stuðzt við í sókn okkar á undanförnum árum í landhelgismálinu varðandi friðunarmálin, vegna þess að ég tel, að hið tak-

markaða svæði frá ströndum landsins og út í 4 mílur verði þó að vera friðað fyrir stórtækustu veiðarfærunum, sem enginn vafi er á að eru einmitt botnvarpan, og hún er hættulegust einmitt fyrir smáfiskinn.

En þá kem ég aftur að hinu atriðinu, sem snýr að því, hvernig við hagnýtum okkar fiskimið innan landhelginnar og hvort ekki muni vera þörf á því, að við hagnýtum þau á annan hátt en við höfum gert og eitthvað betur. Ég er flm. frv. sammála um, að það er orðin brýn nauðsyn á því að skipa þeim málum á annan hátt en við höfum gert og eitthvað betur. Ég tel, að ástandið á fiskimiðunum í kringum landið sé nú að verða óþolandi með þeim reglum, sem nú er unnið eftir. Það hafa verið að gerast miklar breytingar í þessum efnum á síðustu árum. Ný veiðarfæri hafa komið til og ný stóraukin tækni á ýmsum sviðum og allt annar og meiri fiskiskipafloti en sótti á miðin áður. Þetta allt hefur kallað á það, að við þyrftum að skipa þessum veiðum, sem fara fram einmitt innan fiskveiðilandhelginnar, á annan hátt en við gerðum áður fyrr. Ég er því flm. frv. sammála um, að Íslendingar þurfa að skipuleggja betur fiskveiðarnar innan fiskveiðilandhelginnar sér til hagsbóta en þeir gera nú. Nú er ástandið þannig, eins og við vitum, að það munu vera 150—200 stórir fiskibátar, sem stunda hér veiðar með nýju veiðarfæri á aðalvetrarvertíðinni, með þorskanót. Þetta er mjög stórtækt veiðarfæri, eins og það er notað nú, því að það er ekki aðeins, að þetta veiðarfæri komi hér nýtt til sögunnar, heldur hefur það á þeim stutta tíma, sem það hefur verið notað, verið að taka stórfelldum breytingum einnig í framkvæmdinni. Og það er enginn vafi á því, að það er afar erfitt að halda uppi eðlilegri hagnýtingu á fiskimiðunum, með því að komnir eru nú til skjalanna 150—200 stórir og vel út búnir fiskibátar, sem veiða með þorskanót á sömu fiskimiðunum og fyrir eru nokkur hundruð báta, sem veiða nú í þorskanet, eða nokkrir tugir báta, sem eiga að stunda sömu fiskimið og veiða þar með línu eða jafnvel öðrum veiðarfærum.

Það er orðið nauðsynlegt að mínum dómi að setja reglur um það, hvernig á að skipta veiðisvæðunum niður á hin einstöku tímabil, á milli einstakra veiðarfæra. Þetta hafa flestar aðrar fiskveiðiþjóðir þurft að gera og gert að meira eða minna leyti. En við höfum sáralítið gert að þessu til þessa. Vegna þessa álít ég, að það sé orðið mjög brýnt nauðsynjamál, að skipuð væri t. d. nefnd sérfróðra manna til að gera fyrstu till. um það, hvernig við gætum hagnýtt fiskimiðin betur en við gerum nú, einmitt út frá þessu sjónarmiði. Það er líka rétt, að það vandamál hefur komið upp nú hin síðari ár, að talsverður hluti af okkar fiskibátaflota, bátarnir frá 40—100 rúmlestir að stærð, sem flm. frv. minntist hér sérstaklega á, þessir bátar hafa lent í nokkrum erfiðleikum í sínum rekstri. Þeir falla ekki eins vel inn í það rekstrarform, sem nú er orðið algengast, og þeir gerðu áður. Og það er enginn vafi á því, að það þarf að greiða úr vandamálum þessara báta, og það er eflaust hægt að gera það án þess, að þurfi að grípa til slíkra reglna sem lagt er til í þessu frv.

Ég tel, að það, sem brýnast sé að gera í þessum efnum nú, sé að vinna að því að skipuleggja veiðarnar innan fiskveiðilandhelginnar betur en nú hefur verið gert og það eigi að afmarka veiðisvæði fyrir hin einstöku veiðarfæri á hverjum tíma fyrir sig. Ég tel því eðlilegast, að það væri skipuð n. sérfróðra manna til að gera till. um þetta og síðan yrðu settar meginreglur um það, hvernig að þessari framkvæmd skuli staðið. En ég tel mjög varhugavert að veita ráðherra slíkar heimildir sem lagt er til í þessu frv. Ég teldi það afar óþægilegt fyrir sjútvmrh. að hafa slíka heimild í þvílíku vandamáli eins og hér er um að ræða, og ég tel það blátt áfram stórhættulegt að hleypa stórum hópi af togurum eða togbátum jafnvel inn fyrir 4 mílna mörkin, inn í landhelgina, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eða heimila togveiðar innan landhelginnar stórum hópi skipa á takmörkuðu veiðisvæði.

Ég álít því, að það komi ekki til nokkurra mála, að Alþ. geti fallizt á að samþ. það frv., sem hér er til umr. Ég held líka, að það væri miklu eðlilegra að leysa þann vanda, sem er ástæðan til þess, að frv. er flutt, það séu aðrar leiðir, sem eigi að fara til að leysa þann vanda, sem ég hef hér minnzt á, en að veita ráðh. slíka heimild sem lagt er til í frv.

Ég er líka hræddur um, að hv. flm. þessa frv. mundi finna sig í nokkrum vanda staddan, ef sjútvmrh., hver svo sem hann kann að vera á ýmsum tímum, beitti þeirri heimild, sem er verið að leggja til að hann fái með þessu frv., á þann hátt, eins og er engin launung á, að það eru til fiskifræðingar, sem aðhyllast það, að togbátar og togarar fengju að veiða innan fiskveiðilandhelginnar á aðalveiðisvæðum netabátaflotans, t. d. í Vestmannaeyjum, sem verið hafa um langan tíma. Ég er hræddur um, að þá mundi flm. þessa frv. telja, að illa hefði málum skipazt, ef framkvæmdin yrði á þá lund. En þannig er því nú varið, að ef mikið og víðtækt vald er sett í hendur einum manni, þá getur vitanlega borið til ýmiss um það, hvernig á slíku valdi er haldið. Ég held því, að flm. frv. hafi tekið rangt á því vandamáli, sem hann vill leysa, og hann eigi í rauninni að hverfa frá því að reyna að koma fram þessu frv., en ætti að taka undir þá till., sem ég hef sett hér fram munnlega að gera till. um, hvernig eigi að hagnýta á sem beztan hátt fiskimiðin innan landhelginnar fyrir okkar fiskiskipaflota. Það er sjálfsagt að reyna að setja þar nýjar reglur, til þess að við fáum hagnýtt okkar mið á sem beztan hátt. En við eigum ekki að gera það á þann hátt að ætla að heimila bæði stórum og litlum skipum togveiðar innan 4 mílna markanna, eins og lagt er til í þessu frv. Slíkt er með öllu rangt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég held það blandist engum hugur um, að það er eitt stærsta þjóðmál Íslendinga, hvernig tekst til með fiskstofninn umhverfis landið og hagnýtingu hans. En ég held, að það hljóti að vera fleiri en ég, sem finna það á sér, að við vitum ekki nógu vel, hvar

við stöndum varðandi veiðarnar og ástand fiskstofnsins. Í þessum efnum er ýmislegt að gerast, sem gefur fulla ástæðu til þess, að þau mál verði skoðuð gaumgæfilega ofan í kjölinn, eins og síðasti ræðumaður kom inn á. Ég vil nefna þrjú dæmi, sem sýna þessa nauðsyn.

Það er fyrst varðandi dragnótina og notkun hennar, en það hefur mjög lengi verið mikið ágreiningsmál, hvernig nota skuli dragnót við Íslandsstrendur og að hverju leyti skuli leyfa að nota það veiðarfæri. Um þetta gilda flóknar reglur, en í höfuðdráttum eru þær þannig, að það þarf samþykki sveitarstjórna, til þess að hægt sé að veita leyfi til að veiða með dragnótinni innan landhelginnar. Þegar horfið var að því síðast að taka upp þennan hátt á dragnótaveiðunum til þess að greiða fyrir þeim, því að það hefur orðið í framkvæmdinni, að þetta hefur greitt fyrir dragnótaveiðunum víða, þá var greinilega tekið fram, að þetta skyldi verða framkvæmt undir vísindalegu eftirliti fiskifræðinganna og þeirra stofnana, sem um þau mál fjalla hér hjá okkur. Það væri ætlazt til þess, að menn þreifuðu sig áfram í þessum efnum undir vísindalegu eftirliti, og síðan ætti, hvenær sem ástæða þætti til, að gera það upp, hvernig til hefði tekizt, og draga ályktanir af því varðandi framhaldið. Nú eru skiptar skoðanir um það, hvernig til hafi tekizt. Sumir eru allvel ánægðir með það, en aðrir sjá ýmsar blikur í lofti varðandi það, að of nærri hafi verið gengið stofninum á vissum svæðum a. m. k.

Fyrir nokkru kom svo fram fyrirspurn hér á hv. Alþ. varðandi reynsluna af notkun dragnótarinnar, og hæstv. sjútvmrh. svaraði þeirri fsp. með skýrslu frá fiskideildinni, forstöðumanni fiskideildar. Það kom greinilega fram í þeirri skýrslu, að forstöðumaðurinn taldi, að sú stofnun hefði ekki haft bolmagn til þess að framkvæma það eftirlit með dragnótaveiðunum, sem þyrfti að vera, og gæti þess vegna ekki gefið vitnisburð um þetta efni að óbreyttum aðstæðum. Það reyndist sem sagt ekki hægt að fá vitnisburð um það frá þessari stofnun, þegar um það var spurt, hvernig ástatt væri um þessi mál. En þó var lögð á það höfuðáherzla, þegar nýju dragnótalögin voru sett, að framkvæmd þeirra ætti að vera undir vísindalegu eftirliti og því gætu menn ætíð fylgzt með því, hvað væri að ske. Engin hætta gæti verið á ferðum, því að það væri hægt að fá vitnisburði, þegar á þyrfti að halda, um þessi efni. En það reyndist ekki hægt, þegar til átti að taka, og ég er hálfhræddur um, að þetta hafi ekkert breytzt enn að neinu ráði. Og það kom þá fram, að þetta var talið stafa af því, að fiskideildin hefði ekki yfir nægilegu fjármagni að ráða og ekki þeim tækjum, sem hún þyrfti að hafa til þess að geta látið fara fram nógu öflugar rannsóknir og veiðitilraunir, svo að unnt væri að draga fullnægjandi ályktanir.

Hér er því sannarlega um vandamál að ræða, sem mun, að því er ég bezt veit, vera óleyst enn. Ég nefni þetta sem eitt dæmi um, að þannig er ástatt um þessi mál, að þau þurfa sannarlega heildarathugunar við.

Annað dæmi, sem ég nefni, er um nótina, þ. e. þorskveiðar með nót. Það þarf áreiðanlega að athuga þau efni mun betur en enn þá hefur verið hægt, og það nýja viðhorf, sem skapazt hefur vegna þorskveiða í nót, útheimtir endurskoðun þessara mála. Bæði þarf að leggja í það fé og fyrirhöfn að komast að niðurstöðu um, hvort þarna er hætta á ferðum, eins og sumir halda, eða ekki, og það má enga fjármuni spara í því sambandi, vegna þess að hér er um undirstöðuna í okkar þjóðarbúskap að ræða, aðalundirstöðuna.

Þriðja dæmið, sem ég vil nefna, eru hinar stöðugu kröfur togaraeigenda um aukin réttindi til að veiða innan landhelginnar. Það eru uppi háværar raddir frá togaraeigendum um að fá að veiða innan landhelginnar. Og þetta hefur t. d. gengið svo langt, að ég hef séð það frá einstökum togaramönnum, að þeir telja alveg sjálfsagt, að togurunum verði leyft að veiða innan landhelginnar nálega upp í landsteina, t. d. fyrir Austurlandi og á heimamiðum Austfirðinga.

Ég vil einlæglega vona, að hæstv. ríkisstj. geri ekki neinar breytingar á þeim reglum, sem um þessi mál gilda nú, nema að viðhöfðu fullu samráði við heimafólk eða a. m. k. fulltrúa hinna einstöku byggðarlaga í landinu, því að hér er um þvílík málefni að ræða. Ég vil einnig einlæglega vona, að hæstv. ríkisstj. geri engar breytingar á þessum málum, án þess að undan fari gaumgæfileg heildarathugun á þeim, reynt verði að líta yfir þau í heild og komast að niðurstöðu um, hvað skynsamlegast er að gera, en verði ekki hlaupið til og gerðar einstakar ráðstafanir til breytinga frá því, sem nú er, án þess að slík athugun fari fram. Ég vil skjóta því fram eða stinga upp á því, að það verði sett milliþn. í þessi mál, sem verði skipuð sérfræðingum og alþingismönnum. Hér er um eitthvert allra stærsta málefni þjóðarinnar að tefla. Það er mjög þýðingarmikið, að á öllum stigum slíkra mála og ekki sízt þeim fyrstu komi fram bæði þau sérfræðilegu sjónarmið og eins önnur sjónarmið, sem alþm. mundu setja fram við slíka allsherjarathugun.

Ég hygg, að verkefni slíkrar n. ætti að vera eitthvað líkt því, sem hv. 5. Austf. minntist á, sem sagt allsherjarathugun á því, hvernig við eigum að hagnýta okkar fiskimið, og einnig úttekt á því, hvernig við stöndum varðandi veiðarnar og fiskstofninn og hvað við þurfum að gera umfram það, sem nú þegar er gert, til þess að við fáum á hverjum tíma alla þá vitneskju um, hvernig ástatt er í þessum efnum, sem hugsanlegt er að öðlast.

Í þessu sambandi er t. d. fullkomin ástæða til að minna á, að enn þá er ekki búið að kaupa eða láta byggja fiskirannsóknarskipið, sem lengi hefur staðið til að eignast, og tel ég miður farið, að slíkt hefur dregizt á langinn, og þyrfti að auka skriðinn á því máli og öðrum hliðstæðum málum, sem gætu orðið að liði í þessu efni. Mér finnst ekki, að þessi mál þyrftu að verða flokkspólitísk mál á nokkurn hátt, þótt þau séu stór í sniðunum. En hér koma vitanlega mörg sjónarmið til greina, staðbundin sjónarmið sum og almenn önnur.

Menn þurfa að leggja vinnu í að ná tökum á þessum málum, því að það er enginn vafi á, að einmitt núna erum við staddir á tímamótum í þessu tilliti. Við höfum nú þegar dálitla reynslu af þeirri nýju friðun, sem náðst hefur með stækkun landhelginnar. Ég segi dálitla reynslu, en það er tími kominn til þess samt að gera sér grein fyrir henni fullkomlega.

Af því, sem ég hef nú sagt, leiðir svo það, að ég vil eindregið vara við því og leggjast gegn því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., og vil taka undir þær áskoranir, sem hafa komið fram til hv. flm. að fallast á, að þau atriði, sem þar koma til greina, verði skoðuð, ásamt öðrum í sambandi við þetta víðtæka mál.

Ég gæti ímyndað mér, að hv. flm. flytji þetta mál fyrst og fremst til að styðja fingrinum fast á þennan blett, sem hann styður á, til þess að vekja þannig athygli á því, að hér þarf heildarendurskoðunar við, þetta muni fremur vera tilgangurinn með frv. en að honum finnist endilega, að það, sem hann stingur upp á í þessu frv., sé heppileg lausn. Ég held sem sé, að flestir hljóti að verða sammála um, þegar skoðað er niður í kjölinn, að það eru stórkostlegir ágallar á því að lögleiða, að ráðherra hafi heimild til að veita leyfi fyrir togveiðum alveg inn í landsteina hvar sem er við strendur landsins. Það gæti enginn verið óhultur um grunnmið sín, ef þetta væri lögleitt, og af því hlytist — ég vil segja nálega styrjaldarástand í landinu, þar sem margir herjuðu á hæstv. ráðh., sem ekki væri öfundsverður af sínu hlutverki, og aðrir héldu svo uppi hernaði vegna þeirra ranginda, sem þeir teldu sig hafa orðið fyrir.

Ég held, að þetta mundi reynast með öllu óframkvæmanlegt, og ég vona, að menn verði sammála um að leggja ekki út í þetta. Auk þess hefur verið á það bent, að við höfum fram að þessu friðað algerlega innan fjögurra mílnanna, friðað það alveg fyrir botnvörpunni.

Ég vil svo benda á t. d., að ég mundi ekki telja ná nokkurri átt annað en að málefni eins og það, sem hér er fjallað um, kæmi til meðferðar hjá stofnun eins og fiskiþingi, áður en ráðizt væri í stórræði þeirrar tegundar, sem hér er ráðgert. Flyt ég þetta fram til ábendingar um, hve hér er um mikilvægt efni að ræða og málefni, sem þarf að fá sérstaklega vandaðan undirbúning. Þarf að halda þannig á, að ekki sé komið aftan að neinum, en fyllstu sanngirni og gætni allrar gætt í sambandi við undirbúninginn.

Ég skal láta þetta nægja um frv. Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þessum athugasemdum og bendingum. Frá mínu sjónarmiði standa þessi málefni núna þannig, að það er full ástæða til að vera nokkuð órólegur út af þeim. Við stöndum tvímælalaust á tímamótum í þessu efni, og það þarf að hafa margra beztu manna ráð til þess að ráða fram úr þeim vanda, sem liggur fyrir. Það ætti ekki að þurfa að láta stefnuágreining um stjórnmál almennt koma í veg fyrir, að settur yrði hópur manna til að skoða þessi efni í heild.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. (LJós) taldi, að frv. þetta væri í litlu samræmi við þann megintilgang, sem útfærsla fiskveiðimarkanna hefði átt að hafa á sínum tíma. Ég er honum ekki sammála um þetta. Eins og sagt er í grg., var annar megintilgangur með útfærslu fiskveiðimarkanna örugglega sá, að Íslendingar gætu einir hagnýtt fiskimiðin og þá eftir þeim leiðum að sjálfsögðu, sem eðlilegastar og hagkvæmastar væru á hverjum tíma og hverjum stað. Ég vil benda á og mjög undirstrika það, að frv. gerir ráð fyrir því, að áður en til þess kæmi, að ráðh. veitti nokkra undanþágu um leyfi til botnvörpuveiða með fiskivörpu, ætti að leita þar álits Fiskifélags Íslands. Ég hygg, að við getum verið sammála um, að Alþ. og ríkisstj. hljóta á hverjum tíma mjög að fara eftir því, sem sérfræðingar okkar á þessu sviði álita og meta. Ég geri mér alveg ljóst og er alveg sammála því, að okkur ber að sýna þar alla varfærni, en aðstaðan er að mínum dómi, a. m. k. sums staðar, þannig, að það megi nýta fiskimiðin betur en nú er gert og þá einnig með botnvörpu, án þess að það þurfi að valda tjóni.

Ég tel alveg eðlilegt, að það sjónarmið komi hér fram, að tímabært sé orðið, að heildarathugun fari fram á, hvernig fiskveiðimálum okkar verði bezt fyrir komið, því get ég út af fyrir sig verið alveg sammála. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að þorskveiðum með línu og nót verður ekki við komið, a. m. k. hér á svæðunum frá Reykjanesi austur með landi, að sumrinu til. Dragnótin hefur verið leyfð undanfarið á þessu svæði mestöllu eða öllu, en aðeins fyrir báta upp að vissri stærð. Ef ekki verður á þessu nein breyting, liggur það að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir, að fiskveiðar munu mjög dragast saman á þessu svæði, og í kjölfar þess fylgir að sjálfsögðu það, að atvinnusamdráttur verður mjög mikill í þeim sjávarþorpum, sem þarna eiga hlut að máli. Ég tel því mjög eðlilegt og tel alveg tímabært að leita álits sérfræðinga okkar, fiskifræðinganna og annarra þeirra, sem þekkingu og reynslu hafa í þessum málum, hvort það mundi valda nokkru tjóni á öðrum fiskveiðum eða fiskistofninum, þó að vélbátum yrðu leyfðar togveiðar á einhverjum tilteknum svæðum tiltekinn tíma, hvort það væri að vetri eða sumri til. Ég geri mér að sjálfsögðu einnig ljóst, að það gæti legið fyrir það, sem hv. 5. þm. Austf. benti á, að hópur báta kæmi á það, sem hann nefndi Vestmannaeyjamiðin, og stundaði þar veiðar. Við þessu er að sjálfsögðu ekkert að segja. Veiðar við land eru alls staðar frjálsar. Við höfum ekki farið varhluta af því undanfarnar tvær vertíðir, að hópur báta hvaðanæva að af landinu hefur komið með stórvirk og mikil veiðarfæri, þar sem er þorsknótin, á þessi mið og stundað þar veiðar, án þess að við teldum okkur hafa nokkra aðstöðu til að amast við því.

Hv. 1. þm. Austf. kom hér inn á dragnótaveiðarnar, var að mér fannst nokkuð uggandi yfir því og taldi, að ekki lægju fyrir nægjanlegar upplýsingar eða reynsla í sambandi við þær veiðar. Mér er ekki um það kunnugt, hvort hjá Fiskifélaginu liggja fyrir neinar beinar tölulegar upplýsingar í sambandi við þessar veiðar eða afleiðingar af þeim. Hins vegar er það vitað eða a. m. k. mér er það kunnugt, að á svæðinu kring-

um Vestmannaeyjar hafa yfir 40 ár verið stundaðar dragnótaveiðar að meira eða minna leyti. Ég hef ekki orðið þess var, að Vestmanneyingar sjálfir, sem nýta þessi mið, hafi talið, að þær hafi þar valdið nokkru tjóni, heldur miklu fremur má segja, að þær hafi að sumu leyti byggt upp það byggðarlag, með því að veiðarnar hafa að sumrinu til gefið þar oft mjög mikla atvinnu hjá fiskiðjuverunum.

Þó að farið yrði í það að skipa n., að mér skildist nú helzt bæði á hv. 1. þm. Austf. og hv. 5. þm. Austf., til þess að skipuleggja veiðar með net og nót, liggur það alveg ljóst fyrir, að ég tel, að það verði einnig að athuga nánar með þá möguleika, sem við að öðru leyti höfum með nýtingu fiskimiðanna og þá kannske sérstaklega yfir sumarið.

Eins og ég benti á í framsöguræðu minni og kemur fram í grg., hefur sú gerbreyting orðið á byggingu íslenzkra fiskiskipa, að hingað inn í landið hafa hin síðustu ár streymt ný og stór skip. Sjómenn sækja af eðlilegum ástæðum eftir skiprúmi á þessum skipum, bæði vegna aðstöðunnar og vegna meiri tekjuvonar. En þetta leiðir til þess, að stór hluti af vélbátum, sem fyrir eru, verður ekki mannaður út á þær veiðar, sem áður hafa verið stundaðar, þ. e. línu- og netaveiðar. Þetta er ekki orðið vandamál Vestmanneyinga einna. Línuveiðar eru því miður mjög að dragast saman, og er það aðallega vegna þess, að til þess fæst ekki fólk. Ég tel útilokað annað en það verði athugað mjög nákvæmlega, hvort ekki er hægt að finna rekstrargrundvöll fyrir þann fjölda báta, sem þarna á hlut að máli, og einnig verði athugað af okkar sérfræðingum, hvort þessi leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sé ekki einnig fær, því að eins og fram kemur í því og ég hef hér undirstrikað, er ekki ætlazt til þess, að þetta verði gert, nema álit sérfróðra manna liggi fyrir um það og þeir telji það forsvaranlegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en við það barst brtt. á þskj. 616.

---

36. Virkjun Svartár í Skagafirði.

Á 66. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði [176. mál] (þmfrv., A. 432).

Á 72. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Á þskj. 432 flytja allir þeir þm. úr Norðurl. v., sem sæti eiga í Nd. Alþ., frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði. Auk þess er frv. þetta flutt í samráði við þá hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólaf Jóhannesson, og hv. 9. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, en þeir eiga báðir sæti í Ed. Alþ. Fyrsti flm. þessa frv., hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, er nú fjarverandi, og bað hann mig um að mæla nokkur orð fyrir frv. við 1. umr. þess.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Var það þá eins og nú flutt eftir eindregnum tilmælum sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Sauðárkróks-kaupstaðar. Í grg. með frv. í fyrra var ýtarleg lýsing á þeim athugunum, sem gerðar höfðu verið fram að því vegna hugsanlegrar virkjunar Svartár í Skagafirði, og í framsöguræðu sinni fyrir frv. í fyrra rakti hv. 2. þm. Norðurl. v. mjög skilmerkilega sögu þessa virkjunarmáls, en fyrstu athuganir sérfræðinga hófust um eða upp úr 1920. Vísa ég um þessi atriði að mestu til grg. með frv. í fyrra og framsöguræðu hv. 1. flm. þá, sem ég áður gat um.

Á síðasta ári hafa enn farið fram athuganir, sérstaklega að því er varðar stíflugerð við Reykjafoss í Svartá. Á grundvelli þeirra nýju upplýsinga, sem nú liggja fyrir, hafa þeir Steingrímur Jónsson fyrrv. rafmagnsstjóri og Ásgeir Sæmundsson iðnfræðingur samið nýja álitsgerð um virkjun Reykjafoss í Svartá, og er álitsgerð þeirra prentuð sem fskj. I með frv. þessu. Sem fskj. II með frv. er birtur kostnaðarsamanburður á virkjun Svartár og línu frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Skagafjarðar, miðaður við tímabilið 1968—1979, sem Knútur Otterstedt rafveitustjóri á Akureyri hefur gert. Mun ég ekki rekja einstaka liði þessarar álitsgerðar og kostnaðarsamanburðar, en vil þó geta þess, að raforkumálaskrifstofan vinnur nú að gerð kostnaðarsamanburðar á virkjun í Svartá og hugsanlegri línulagningu frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Norðvesturlands.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

37. Sala eyðijarðarinnar Eiríksstaða í Beruneshreppi.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Eiríksstaði í Beruneshreppi [184. mál] (þmfrv., A. 491).

Á 71. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af þm. Austf. í d., en það fjallar um að heimila hæstv. *ríkisstj.* að selja eyðijörðina Eiríksstaði ábúendum jarðanna Eyjólfsstaða og Lindarbrekku. Það er í grg. gerð grein fyrir ástæðunum til þess, að stungið er upp á þessari sölu. Það *er enginn ágreiningur í hreppsnefndinni*, sem þarna á hlut að máli, og hún mælir öll með þessu, og allir sérfróðir menn, sem þarna hafa komið nálægt, eru sammála um, að það *sé skynsamlegt og nauðsynlegt að auka við* land þessara jarða með því að fella til þeirra land eyðijarðarinnar. En eyðijörðin er þannig sett, að það eru engar líkur til þess, að hún *byggist*.
Ég vil leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til hv. landbn., og fara fram á það við hv. landbn., að hún afgr. nál. um málið það *tímanlega, að þetta frv. geti orðið að lögum á* þessu þingi, þótt síðbúið sé af okkar hendi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Samvinnubúskapur.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samvinnubúskap [38. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 8. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um samvinnubúskap, er flutt af öllum þm. Framsfl., sem sæti eiga í þessari hv. d. Frv. shlj. því, er nú liggur hér fyrir, var einnig borið fram á síðasta þingi, en það kom ekki fram fyrr en nokkuð var langt liðið á þingsetuna og varð ekki útrætt. Nú er málið borið fram að nýju á öndverðu þessu þingi, og er það eindregin von okkar flm., að nú verði það tekið til gaumgæfilegrar athugunar og fái jákvæða afgreiðslu.
Þessi öld, sem við lifum á, má með sanni kallast öld tækni og vélvæðingar. Tæknin stóreykur afköstin hjá atvinnuvegunum, léttir störfin og gerir kleift að lyfta grettistökum, svo að þau viðfangsefni, sem menn taka sér fyrir hendur, verða stærri og stærri í sniðum. En tækni verður ekki beitt, nema hún styðjist við allmikið fjármagn, bæði til stofnkostnaðar og rekstrar. Þessi vélvæðing atvinnuveganna hefur valdið mjög örum breytingum, bæði á atvinnulífinu og þjóðfélagsháttum. Nýjar atvinnugreinar eru settar á stofn og tækifærin gefast fleiri og fleiri til að velja sér starf hver við sitt hæfi, og hinn vinnandi maður getur því horft til margra átta, þegar hann vill velja sér starf. Af þessu leiðir það, að landbúnaðurinn hefur nú í sinni þjónustu hlutfallslega *miklu færra fólk en hann hafði* — við skulum segja um síðustu aldamót og fram eftir þessari öld. En þrátt fyrir þetta vex framleiðslan. Þessu veldur vélvæðingin og tæknin. Það er talið *eftir skýrslum, sem hagstofan hefur gert*, að árið 1910 hafi 51% af þjóðinni stundað landbúnað, árið 1920 42.9%, árið 1930 35.8%, árið 1940 30.6%, árið 1950 19.9%, og talið er, að 1960 hafi um 15% af *þjóðinni* stundað landbúnað. Það er vitanlega erfitt að draga glögga markalínu, þegar þjóðinni er skipt í atvinnustéttir, því að í sveitunum er og hefur jafnan verið fleira fólk en það, sem *eingöngu* vinnur að landbúnaði, en þessar tölur sýna þó örugglega, hver þróunin er í atvinnuskiptingu hér með þjóðinni. En þrátt fyrir þessa þróun hefur framleiðsla landbúnaðarins vaxið hröðum skrefum, svo að á síðustu 15 árum hefur mjólkurframleiðslan um það bil þrefaldazt og framleiðsla sauðfjárafurða nærri því tvöfaldazt. Þessu veldur vélvæðing landbúnaðarins, sem eykur *afköstin og framleiðslumagnið*.
Én þó að vélvæðingin hjálpi mikið til við framleiðsluna, eru samt sum verk við landbúnaðinn, sem ekki er hægt að vinna með vélum eða þær geta ekki létt undir nema að takmörkuðu leyti. Það er yfirleitt ekki miðað við það af hálfu löggjafans, að búskapur hér á landi sé á þessum tíma rekinn almennt með miklu aðkeyptu vinnuafli. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er t. d. miðaður við, að það sé ekki nema lítið aðkeypt vinnuafl, sem meðalbúið notar, en vinnan hvíli að langmestu leyti á bóndanum sjálfum og fjölskyldu hans. Svipað er að segja um þau ákvæði, sem nýlega hafa verið sett um ræktun, þar sem miðað er við að veita sérstakan stuðning til ræktunar á jörðum, sem hafa minna en 25 ha. tún. 25 ha. tún gefur af sér allmikla uppskeru, en sú túnstærð er þó ekki miðuð við það að framfleyta á slíkri jörð stórbúi með miklu aðkeyptu vinnuafli. Að langmestu leyti er því búskapurinn einyrkjabúskapur. En reynslan sannar, að einyrkjabúskapur hefur mikla annmarka. Starf einyrkjans er mjög bindandi. Hann þarf einn að leysa af hendi margvísleg verkefni, sem hann er misjafnlega vel fallinn til að vinna, og ef annað hjónanna á sveitaheimilinu forfallast um skemmri eða lengri tíma, getur það valdið miklum örðugleikum, þegar einyrki á í hlut.

Það er því fullkomlega tímabært að dómi okkar flm. þessa frv., að leitað sé nýrra ráða við þessum vanda. Og þá kemur mjög til álita sú hugmynd, sem færð er í búning í þessu frv., að leggja grundvöll að aukinni samvinnu í búskap. Við höfum fyrir okkur dæmi um árangur samvinnuskipulags á mörgum sviðum í þjóðlífinu. Við vitum, að samvinnuskipulagið hefur lyft grettistökum á sviðum viðskipta og afurðasölu. Og það er kunnara en frá þurfi að segja, að einstaka þætti hafa bændasamtökin leyst með samvinnuskipulagi, af því að þau sáu, að verkefnin voru svo stór, að við þau yrði naumast ráðið á annan hátt, og þá hefur það tekizt mjög greiðlega. Þessu til skýringar nefni ég eitt dæmi. Þegar hinar stórvirku jarðræktarvélar tóku að ryðja sér til rúms fyrir 1½ áratug eða svo, reyndist það flestum einstaklingum í bændastétt ofviða sökum kostnaðar að kaupa þær og reka. Hins vegar eru slíkar vélar og viðeigandi tæki nauðsynlegar við framkvæmdir í sveitum. Þær hafa lagt grundvöll að hinum stórstígu framförum í ræktunarmálum, sem orðið hafa á 1—2 áratugum, en þennan vanda leysti bændastéttin mjög greiðlega og ágreiningslítið á grundvelli löggjafar, sem sett var 1945, með stofnun ræktunarfélaga og samvinnu um kaup vélanna og rekstur. Og við höfum líka fyrir okkur dæmi þess, að bæði fyrr og síðar hafa vissir þættir í bústörfunum verið leystir með samvinnu og verða ekki öðruvísi leystir. Í þessu efni má nefna fjallskilin, sem framkvæmd eru eftir reglugerð, sem sveitarstjórnir eða sýslunefndir setja. Það má nefna nytjun ýmissa hlunninda, svo sem veiðiskap, selveiði o. fl., sem verða ekki nytjuð öðruvísi en minni eða stærri hópur manna vinni saman að þessum verkum. Og í sumum sveitum er það algengt, að samvinnubúskapur, þótt óformlegur sé víðast hvar, sé stundaður þannig, að skyldfólk vinni saman við bústörfin, og hefur þetta víða gefið góða raun, og sums staðar er það svo, það get ég dæmt um af nokkrum kunnugleika, að þar sem vel hefur tekizt um samvinnu við búskap á þennan hátt, þar eru yfirleitt styrkustu sveitaheimilin í hverjum hreppi.

Við flm. þessa frv. teljum því alveg tímabært, að lagður sé með nýrri löggjöf grundvöllur að aukinni samvinnu í búskap, og í því skyni er frv. þetta flutt. Við leggjum fram þetta frv. til þess að fá lagalegan grundvöll undir stofnun samvinnubúa. En það er ekki tilgangur frv. að beita til þess valdboði eða þvingun. Það er ekki stefnt að því með þessu frv., að löggjafarvaldið knýi til samvinnu í búskap eða að útrýma einstaklingsbúskap. Við gerum ráð fyrir því og teljum sjálfsagt, að þótt þetta frv. verði lögfest og það komi til framkvæmda, þá þróist einstaklingsbúskapur og samvinnubúskapur jafnvel hlið við hlið, og það hlýtur að fara eftir vilja fólksins og aðstöðu á hverjum stað, hvoru forminu verður fylgt. En augljóst er, að samvinnubúskapur hefur ýmsa kosti fram yfir einyrkjabúskap og mun gera sveitafólkinu kleift að losna við annmarka, sem einyrkjabúskap fylgja. Þar sem tveir bændur eða fleiri starfa saman að búrekstri, getur komizt á hagkvæm verkaskipting, framkvæmdir orðið hlutfallslega meiri en hjá einyrkjum, vélaaflið notazt betur og búin orðið hlutfallslega stærri. Það má þó telja enn mikilvægara, að með samstarfi í búskap skapast öryggi, sem nú vantar víða tilfinnanlega, þannig að búið verður ekki í bráðri hættu, þótt einn maður forfallist, þar sem samstarfsmenn hlaupa þá undir bagga. Með samvinnubúskap mun og gefast kostur á meira frjálsræði til að taka þátt í nútíma þjóðlífi en einyrkjabúskapur leyfir.

Í I. kafla þessa frv. er það skilgreint, hvað samvinnubúskapur er samkv. frv., ef að lögum verður. En það er samvinnubúskapur samkv. lögum þessum, ef tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkv. samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins. Hér er það ekki gert að skilyrði, að eignarhlutföll í fasteigninni, þar sem búið er, séu jöfn. Það er allvíða svo ástatt, að öldruð hjón eiga stóra og kostaríka fasteign, en vantar vinnuafl til þess að nýta hana. Í grennd við þau eru svo ung hjón, sem vilja stofna til búskapar, en vantar jarðnæði. Þarna ætti að vera opin leið samkv. frv. til þess að mynda samvinnubú, þar sem eldri hjónin gætu lagt fram meira af fasteigninni, en yngri hjónin meira af starfsorkunni, báðum til hagsbóta.

Samkv. II. kafla frv. geta tveir bændur eða fleiri, sem búa á sömu jörð, stofnað samvinnubú, ef þeim þykir það henta. Enn fremur er svo kveðið á í III. kafla frv., að nýbýlastjórn sé heimilt að hlutast til um, að komið verði á fót samvinnubúskap samkv. l. þessum í byggðahverfum, sem reist eru að tilhlutan nýbýlastjórnar samkv. l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þá gerum við ráð fyrir, að hugsað verði fyrir því, áður en mannvirki eru reist, að fyrirhugað sé á þessu svæði að reka samvinnubúskap og þá mannvirkin sniðin með tilliti til þess.

IV. kafli frv. er nýmæli, sem felur í sér ákvæði um það, að sé hætta á, að byggð eyðist í sveitarfélagi að dómi nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þar sem skilyrði eru góð til búskapar frá náttúrunnar hendi, þá sé Landnámi ríkisins heimilt, að fengnu samþykki eða eftir ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að stofna þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar. Á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um jafnvægi í byggð landsins og nauðsyn þess, að ríkisvaldið stuðlaði að því að viðhalda slíku jafnvægi. Þó að skemmra hafi verið gengið í því efni en við framsóknarmenn höfum lagt til, er áreiðanlega mjög mörgum mönnum í þessu landi ljós þörfin á því, að það mál sé tekið föstum tökum. Við höfum nú nýlega átt þess kost að fræðast um það, hvað frændur okkar Norðmenn hafa gert á því sviði. Þeir hafa tekið þetta mál miklu fastari tökum og skipulegar en okkur Íslendingum hefur enn auðnazt að gera. Og þeim dylst það ekki, hvaða gildi það hefur fyrir norsku þjóðina og þjóðlífið þar í landi að halda öllum landshlutum þar í byggð og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Enda er það svo, að landið okkar er séreign þessarar þjóðar. En þessari eign og réttindum yfir henni og landhelg-

inni fær þjóðin a. m. k. bezt haldið með því, að hún geri sér það ljóst, að hún á að nytja þetta land ein. Landbúnaðurinn er líka sá atvinnuvegur, sem dreifir byggðinni og bindur þjóðina við landið umfram aðrar atvinnugreinar.

Í þessum kafla, IV. kafla frv., er gert ráð fyrir því, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, að það sé *heimilt* samkv. frv., *ef* að *lögum* verður, að stofna til samvinnubúskapar, þar sem skilyrði eru góð, í því skyni að koma í veg fyrir, að byggðarlög fari í eyði, og ef ráðizt er í framkvæmdir samkv. þessum kafla frv., þá gerum við ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram í því skyni 10 millj. kr. árlega næstu 10 ár, en framkvæmdir séu á vegum Landnáms ríkisins.

Um fjárframlög samkv. frv. til samvinnubúskapar að öðru leyti eru þau ákvæði, að samvinnubú hafi sama rétt til lántöku í stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkv. jarðræktarlögum og l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð. En auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan einkabússtofnkostnað, að veita stofnendum óafturkræft framlag, eftir því sem fé verður til þess veitt á fjárl. Enn fremur skal stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. En um þennan sérstuðning verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Í frv. er svo fyrir mælt, að ef stofnað er til samvinnubúskapar samkv. þessum ákvæðum, skuli gerður um það stofnsamningur milli aðila og sé honum þinglýst. Í 11. gr. frv. er svo nánar kveðið á um það, hvaða ákvæði sé skylt að setja í stofnsamningi. Við gerum ráð fyrir, svo sem sjálfsagt má telja, að Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins, hver stofnun á sínu sviði, veiti aðstoð við framkvæmd þessara laga. Og nýbýlastjórn er með frv. beinlínis lögð sú skylda á herðar að láta í té eyðublöð undir stofnsamning og leiðbeina við gerð samnings og hafa eftirlit með framkvæmdum. Það má telja eðlilegt að leggja þessa skyldu á herðar þeirrar ríkisstofnunar, sem hefur þegar það hlutverk með höndum að hafa eftirlit með stofnun nýbýla, bæði einstakra býla og byggðahverfa, enn fremur eftirlit með eyðijörðum og greiða fyrir því, veita leiðbeiningar *og fyrirgreiðslu um, að jarðir verði byggðar, og* hefur til umráða nokkurt framlag til þess að veita einstaklingum slíka fyrirgreiðslu.

Ég hef þá með þessum orðum drepið á aðalatriði frv. Ég sé ekki ástæðu til að fara um málið fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist til þess, en *ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi* máls míns, að við flm. væntum þess eindregið, að þetta mál, sem flutt er nú á öndverðu þessu þingi, fái gaumgæfilega athugun og jákvæða afgreiðslu, áður en þessu þingi lýkur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Af því að ég á ekki sæti í þeirri n., sem þetta frv. fer til, langaði mig til að segja um það örfá orð á þessu stigi málsins, og skal ég þó reyna að lengja ekki umr. mikið, en flutningur þessa máls gefur tilefni til ýmiss konar íhugana, sem gæti tekið langan tíma að fara út í, ef ætti að vera í einstökum atriðum. Ég ætla þess vegna aðeins að drepa á nokkur höfuðatriði, sem mér finnst meginmáli skipta.

Í fyrsta lagi er það, að mér finnst það eftirtektarvert, að þetta frv. skuli koma fram. Það er út af fyrir sig ekki eftirtektarvert, úr því að það á annað borð kemur fram, að það sé flutt af þeim hv. þm. Framsfl., sem telja samvinnufyrirkomulag á sem flestum sviðum æskilegt, og það er á engan hátt hægt að fetta fingur út í þá skoðun hvað þetta snertir. Engu að síður er þetta frv. eftirtektarvert. Það sýnir okkur það, sem er, að því er mér þykir, lofsvert og bendir í rétta átt, að menn eru farnir að gera sér grein fyrir því, að það þarf að taka skipulag íslenzkra landbúnaðarmála með æðimikið öðrum hætti en gert hefur verið og það verður að reyna að finna ný úrræði til þess að reka búskap á Íslandi á þann hátt, að hann geti skilað því fólki, sem við hann starfar, eðlilegum afrakstri, ekki á þann hátt einan, sem því miður hefur viljað brenna við, að það væri látið nægja að reikna út, hvað bóndi þyrfti á að halda miðað við þá tækni, sem þá hverju sinni hefur verið til staðar, og síðan gera kröfu um, að þjóðfélagið sæi fyrir þeim arði af framleiðslunni, að það skilaði viðunandi afkomu bóndans. Það gefur auga leið, að svona er ekki hægt að starfa að þessum málum til langframa.

Við stöndum nú andspænis byltingum í þjóðfélaginu tæknilega séð og á margan annan hátt, ekki síður *félagslega séð*, sem valda því, að allar atvinnugreinar og þá ekkert síður landbúnaður en aðrar atvinnugreinar verða að beygja sig fyrir því, að það getur þurft að gera þar mikilvægar breytingar og hafna þeim kenningum, sem á sínum tíma hafa þótt góðar og gildar. Og það, sem mér sérstaklega hefur þótt miður farið og því miður of mikið á því bera hjá mönnum, sem hafa talið sig sérstaklega mikla unnendur landbúnaðarins, er, að það hafi verið talið fjandskaparmál, ef einhver hefur imprað á því, að ekki væri allt með felldu og það gæti þurft að gera víðtækar breytingar á búskaparháttum og hvernig búrekstri yrði fyrir komið. Það getur auðvitað verið gott og blessað og verið vinsælt í bili að segja sem svo, hvort sem það er í landbúnaði eða annars staðar, að þar séu menn það dugandi og reki sína atvinnu með þeim ágætum og með þeirri atorku, að það sé óvirðing að vera að finna að, hvernig það sé gert. En til langframa þjónar það engum málstað að taka þannig á málum, og ég held, að við verðum að venja okkur af því, sem því miður *hefur of mikið verið haldið á lofti í pólitískum* umr. um landbúnaðarmál, að ef menn hafa komið með skoðanir, sem hafa mjög brotið í bága við þær kenningar, sem áður hafa þótt góðar og gildar, þá væri það árás á bændastéttina og sýndi aðeins það, að menn væru fjandsamlegir bændum, og *ekki hvað sízt* að þessu leyti þykir mér það mjög ánægjulegt, að þeir, sem að þessu

frv. standa, skuli flytja það, ekki vegna þess, að ég sé að öllu leyti sammála því, sem í frv. kemur fram, heldur af því, að þessir mætu menn skilja sýnilega, a. m. k. nú orðið, þá staðreynd málsins, að það verður að taka búskap hér á Íslandi upp með öðrum hætti og finna annan grundvöll undir honum heldur en er í dag til þess að geta skapað bændum aðstöðu til að búa í sinni atvinnugrein með jafnmiklum líkum til þess að *lifa þar sómasamlegu lífi eins og aðrar atvinnustéttir gera*. Með þessum orðum mínum er ég ekki heldur að finna á neinn hátt að því né gera lítið úr því mikla starfi og afrekum, sem unnin hafa verið í íslenzkum sveitum, en þetta er aðeins lögmál, sem ég vona, að við getum öll verið sammála um, að við lifum á þeim tækniumbyltingartímum, að við verðum að hafa augun opin engu síður í landbúnaði en í öðrum greinum fyrir því, hvernig við bezt getum komið málum fyrir til þess að ná sem beztum árangri.

Það er alveg hárrétt, sem frsm. þessa frv. sagði, að eitthvert mesta vandamál í sveitum í dag og það, sem skapar fólki þar mesta erfiðleika, kannske ekki hvað sízt félagslega séð, miðað við þær lífskröfur, sem fólkið gerir í dag, er sú staðreynd, að allt of stór hluti bænda eru einyrkjabændur, og skapar það mikla erfiðleika. Í rauninni mega ekki bóndinn og kona hans vera veik, hvað þá að þau megi fara út af heimilinu og taka sér frí, eins og aðrar stéttir telja nú orðið sjálfgert og sjálfsagt, að þær hafi svo og svo langt orlof ár hvert. Það er fyrst og fremst þetta, en ekki í rauninni það, að það sé meira strit í sveitum en við margar aðrar atvinnugreinar, sem ég held að sé langmesta hættan fyrir þróun landbúnaðarins í dag og þess vegna verði að finna úrræði til þess, að það sé hægt *með einhverjum hætti að færa búskapinn saman*, skulum við segja, hvort sem við köllum það samvinnubúskap eða einhverju öðru nafni, þ. e. a. s. að fá bændur til að vinna saman í stærri stíl en þeir hafa gert til þess að geta hlaupið undir bagga hver með öðrum og þannig skapað skilyrði til þess, að ekki þurfi allt að vera í óefni, þó að bóndinn eða húsfreyjan þurfi að bregða sér frá, eða þau jafnvel geti ekki einu sinni notið eðlilegrar hvíldar, ef þau verða fyrir sjúkdómum, vegna þess að verkin kalli á og þau verði að vinnast. Þetta er, að því er ég hygg, mesta vandamálið við uppbyggingu búskaparins í dag, en ekki það, að stritið sé of mikið.

Svo *komum við aftur að hinni hlið málsins*, sem er ekki síður mikið vandamál, og það er véltækni landbúnaðarins, hin mikla og vaxandi véltækni landbúnaðarins, sem hefur valdið því, að þrátt fyrir fækkun í sveitum hafa menn framleitt meira og meira. Hún krefst þess, að bústærð sé meiri en hún er yfirleitt í dag. Vissar tegundir véla verða í rauninni að vera til á hverju búi, hvort sem það er stórt eða lítið, ef á að vera hægt að starfrækja búskapinn. Og ef búið er mjög lítið, gefur það auga leið, að það er lítið, sem verður í aðra hönd til að standa undir kostnaðinum við kaup slíkra véla. En það má auðvitað hugsa sér það, að bændur geti skipt *á milli sín vélum og fleiri en einn bóndi* keypt vél og notað til skiptis. Vafalaust vita allir þeir, sem þekkja nú aðstæður í sveitum, að þetta út af fyrir sig er mjög miklum annmörkum háð. Búnaðarsamböndin leysa þetta með því að kaupa saman ræktunarvélar, og það eru dæmi þess einnig, að bændur hafi keypt saman nokkrir stærri vélar og skipzt á um þær, en varðandi aðrar vélar, sem almennt þarf að nota við búskapinn, t. d. heyvinnuvélar, er þetta miklum erfiðleikum bundið vegna þess, hvernig við vitum að tíðarfar hér á Íslandi er, að það eru oft ekki langar stundir, sem er færi á að þurrka sitt hey, og þá gæti ærið mikið komið til árekstra, hver ætti þá að hafa búvélina í það og það skiptið, þannig að þetta út af fyrir sig leysir ekki málið. Lausn málsins verður að byggjast á nánari sambúskap milli bænda, þannig að menn vinni betur saman með einhverjum hætti. Við getum kallað það samvinnubúskap, við getum kallað það öðru heiti, það skiptir ekki meginmáli. En það verður að finna úrræði til þess að leggja grundvöll að slíkri samvinnu bænda. Og þetta eru bændur að skilja í sífellt ríkari mæli. M. a. verðum við varir við það, og ég tel það *mjög gleðilegt í sambandi við framkvæmdir* bænda, að bændur, þó að þeir búi hver á sinni jörð og reki sjálfstæðan búskap, þá jafnvel leggja þeir í það, að þeir byggja sameiginlega stórt fjós fyrir kýr beggja bænda. Þetta er auðvitað háð því, að jarðirnar hafi þannig legu, að þær liggi saman og sé hægt að koma þessu fyrir með skaplegum hætti. En hér hafa bændur sjálfir fundið, að reyna þarf að koma á einhvers konar samvinnu, og vafalaust á þetta fyrir sér að þróast í stærri stíl. Og einmitt með hliðsjón af þessu var það, að vakið var máls á því og samþ. hér ályktun um það á Alþingi, að það væri nauðsynlegt að koma upp sérstakri hagfræðistofnun eða *hagfræðilegum leiðbeiningum fyrir bændur*, til þess blátt áfram að kenna þeim, miðað við nútímatækni, miðað við þann mikla kostnað, sem er við allar framkvæmdir nú á dögum, að finna út, hvernig þeir á hagkvæmastan hátt gætu rekið sinn búskap. Og það er eitt, sem við verðum að hverfa frá, sem því miður var allt of ráðandi hér á Íslandi, og skal ég engan um það saka eða reyna að blanda stjórnmálalegum viðhorfum inn í það, en það var sú skoðun, að það væri eðlilegt og sjálfsagt að búta jarðir í sundur sem allra mest og búa til alls konar smábýli. Þessi stefna er ljóslega röng, algerlega röng, og nýbýlastefnan, sem að sínu leyti var góðra gjalda verð, *hefur einnig sýnt sig að vera röng* að því leyti til, — ég er ekki að saka þá menn, sem að því stóðu, þeir byggðu á því ástandi, sem var þá í þjóðfélaginu, en þá var gert ráð fyrir að stofna nýbýli með landsstærð, sem er í dag talið algert kotbýli og raunar gersamlega útilokað að lifa á. Mín skoðun er sú, að það sýni ekki neinn fjandskap við bændur, að það eigi að stefna að stækkun býla, og mín skoðun er sú, að það beri á engan hátt að harma það, að hinar og aðrar jarðir fari í eyði, ef það er til þess, að þær geti orðið betur hagnýttar með öðrum hætti, með því að skapa þá nálægum jörðum betri skilyrði til búskapar. Þetta verður auðvitað allt að vera í hófi, en að *láta sér detta það* í hug, að við eigum að beina okkar þróun í búskap

að því að halda við alls konar afdalajörðum, það er fásinna. Og það, sem hv. 1. flm. hér minntist á áðan um stefnuna í Noregi í þessum efnum, hún er nákvæmlega í þá átt og á öllum Norðurlöndum, að afdalajarðirnar eigi að fara í eyði. Hitt er allt annað mál, að það getur verið nauðsynlegt, að þjóðfélagið hjálpi þeim mönnum, til þess að þeir glati ekki algerlega sínum eigum, með einhverjum bótum að koma sér fyrir á annan hátt, en ekkert þjóðfélag, hvorki okkar þjóðfélag né neitt annað þjóðfélag, hefur efni á því í dag að vera að láta menn hokra við litla og ómerkilega framleiðslu. Við þurfum á því að halda að nýta okkar vinnuafl þannig, að það skili þjóðarbúinu sem allra mestum afköstum og sem allra mestum afrakstri, hvort sem það er í sveit eða við sjó. Og við þurfum að byggja sveitirnar þannig upp, að fólk finni, að það sé ekki síður þar en annars staðar í landinu hægt að lifa góðu lífi og fá góðan afrakstur af sinni atvinnu og sinni atorku. Þetta er sú grundvallarstefna, sem ég álít að hljóti að vera fram undan að gera sér grein fyrir, og ég held, að ég fari með rétt mál, að það sé einmitt mjög ofarlega á baugi nú hjá bændasamtökunum, og ég tel, að það beri mjög að fagna því, að þau hafi í hyggju eða séu kannske þegar byrjuð á víðtækum athugunum á því, hvernig framtíðarskipulagi landbúnaðarins og landbúnaðarframleiðslu verði haganlegast fyrir komið hér á Íslandi, bæði með hliðsjón af því að sjálfsögðu að skapa fólkinu í sveitunum sem bezt lífsskilyrði og jafnframt til þess að geta boðið þjóðinni sem beztar og fullkomnastar landbúnaðarvörur við sem hagstæðustu verði og gert landbúnaðinn á þann hátt samkeppnisfæran.

Ég bið afsökunar, herra forseti, á því, að ég hef eytt svo mörgum orðum um þetta. Þetta er ekki mælt, eins og menn hafa heyrt, til þess að deila á einn né neinn í þessu sambandi, heldur aðeins til að vekja athygli á því og í rauninni taka undir það, sem hv. 1. flm. þessa máls sagði hér áðan, að það er nauðsynlegt að skoða þetta mál í nýju ljósi, það er nauðsynlegt að beygja sig fyrir þeim staðreyndum, sem við blasa, og reyna ekki að blekkja bændur með neinum ímyndunum um það, að lífið sé öðruvísi en það í raun og veru er, að það verði þess vegna að reyna að sameina krafta hinna beztu manna og velviljuðustu bændastéttinni til þess að reyna að finna úrræði í þessum efnum. Það er ekki von til þess, að neinn einstakur bóndi geti fundið það. Búskapurinn er ekkert einfaldur atvinnuvegur. Hann er kannske einhver sá flóknasti atvinnuvegur, sem við stundum, á margan hátt, og það veltur á miklu, hvernig á þeim möguleikum er haldið, sem hver og einn hefur.

Hvort það verður niðurstaðan, að það verði komið upp einhvers konar samvinnubúskap, — ég álít, að það sé rétt að vissu marki að gera það, en ég hins vegar vara mjög við því og er því algerlega andvígur, að það verði miðað að því af þjóðfélagsins hálfu að þvinga menn til samvinnubúskapar. Það er sjálfsagt að greiða fyrir því, bæði með lánveitingum og á annan hátt, en ég álít, að samvinnubúskapurinn eigi að sýna kosti sína á þann hátt, að menn finni, að þeir hafi betra upp úr því og það sé þeim hagkvæmara að vera í samvinnubúskap. En mér finnst það fráleitt, sem hefur því miður of mikið borið á hér í viðhorfum í sambandi við samvinnumál á Íslandi, að það væri verið að þvinga menn til samvinnubúskapar með alls konar sérstökum fríðindum, ef þeir vildu vera svo góðir að taka upp þann hátt. Það álít ég að sé rangt. Og ég álít, að sé mjög hæpið, að það eigi að veita sérstaka styrki mönnum til þess að koma upp samvinnubúskap. Ég er þá kannske meiri samvinnumaður en ýmsir aðrir, en ég álít, að samvinnubúskapurinn, ef hann á annað borð á framtíð fyrir sér, þá eigi hann að grundvallast á því, að menn finni, að það sé hagkvæmara að búa þannig saman heldur en hver út af fyrir sig og þurfi enga sérstaka styrki til þess. Og ég álít einnig, að það þurfi mikillar athugunar við, hvort t. d. Landnám ríkisins á að fara að beita sér fyrir því að setja upp sérstök samvinnubýlahverfi og jafnvel reisa þar íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubú. Hvað vita menn um það, hvort nokkur maður vill nokkurn tíma búa þarna? Ég álít, að það eigi fyrst og fremst að greiða fyrir því, ef einhverjir vilja fá gott land til búskapar og slá sér þar saman um samvinnubúskap, þá eigi að greiða fyrir því, að menn geri það, en ekki að fyrir fram eigi menn að útbúa einhvers konar samvinnuhverfi, bíðandi eftir því eða vonandi, að einhver maður kunni svo einhvern tíma að vilja setjast þar að. Ég held, að við höfum ekki efni á slíkum ævintýrum hér á Íslandi og það sé ekki heppilegt. En með þessu er ég alls ekki að gera lítið úr mörgum þeim hugmyndum, sem eru fram settar í þessu frv., og legg áherzlu á, að það verði íhugað. En ég er hv. 1. flm. algerlega ósammála um það, að þetta frv. eigi að afgreiðast á þessu þingi, — það álít ég, að eigi ekki að gera. Og ég álít, að eigi að taka þetta mál upp á miklu víðtækari grundvelli. Að vísu verður það vafalaust sent til umsagnar bændasamtakanna, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, og þá koma fram viðhorf þeirra til þessa máls. En ég álít, að til þess að heildarskipulag landbúnaðarins og úrræði til þess að greiða fyrir því, að búrekstur verði rekinn með hagkvæmari hætti, verði gerður fýsilegri fyrir fólkið, ekki aðeins efnahagslega séð, heldur einnig félagslega séð, að til þess að svo megi verða, þurfi að taka þetta mál upp á enn víðtækari grundvelli en hér er gert. Þetta getur verið gott og blessað út af fyrir sig sem einn þáttur í þeirri athugun, en ég er ekki reiðubúinn fyrir mitt leyti að ljá því fylgi, að þetta eitt út af fyrir sig verði á þessu stigi lögfest sem úrlausnarefni á þeim vanda, sem hér er við að glíma.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ræða hv. 6. þm. Norðurl. e. gefur í rauninni ekki tilefni til þess, að ég flytji langt mál, því að hann virtist, a. m. k. öðrum þræði, viðurkenna þá stefnu, sem kemur fram í frv., og lagði á það nokkra áherzlu, að lausn á vandamálum bænda yrði að byggjast á aukinni samvinnu þeirra. Samt sem áður sló nú nokkuð úr og í fyrir hv. ræðumanni, að því er mér virtist, því að þótt þetta

væri meginatriði í máli hans, að það þyrfti að auka samvinnu meðal bænda, tók hann það fram, að hann teldi mjög hæpið að veita sérstaka styrki til stofnunar samvinnubúskapar umfram það, sem einstaklingar njóta. Ég ætla því aðeins með örfáum orðum að árétta sumt af því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, til þess að það geti ekki valdið neinum misskilningi, hvað fyrir okkur flm. vakir í sambandi við þetta frv.

Ég vil þá sérstaklega taka það fram enn að nýju og leggja á það áherzlu, að þetta frv. — hvorki orðalag þess né andi — er þannig, að með því sé stefnt að þvingun eða valdboði, heldur er það meginstefna frv. að leggja lagalegan grundvöll til þess, að þeir í bændastétt, sem hafa hug á að stofna til samvinnubúskapar, hafi sem greiðastan aðgang til þess og geti staðið á þeim grundvelli við slíkar framkvæmdir, sem löggjafinn hefur lagt. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að við stefnum ekki að því og gerum alls ekki ráð fyrir því, að þó að þetta frv. verði að lögum og komi til framkvæmda, verði með því útrýmt einstaklingsbúskap í landinu, heldur hljóti þau búskaparform að geta þróazt hlið við hlið, eftir því sem aðstaða er á hverjum stað og hugur fólksins sjálfs stendur til.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. taldi þetta frv. vera merkilegt að því leyti, að hér væri stungið upp á að gera gagngerar breytingar á skipulagi búskapar í landinu. Og hann lét þau orð falla í ræðu sinni, að ýmsir hefðu fram að þessu talið það fjandskaparmál við bændastéttina, ef talað hefði verið um, að það þyrfti að gera miklar breytingar á búskaparháttum og aðstöðu bænda. Mér er ekki kunnugt um, að þetta sé rétt álit hjá hv. ræðumanni. Ég held, að það séu yfirleitt *ekki talin nein fjandskaparmál*, þó að stungið sé upp á allgagngerum breytingum, bæði á sviði landbúnaðar og öðrum sviðum þjóðlífsins, enda er það sannast mála, að stórfelldar breytingar hafa átt sér stað og eru sífellt að gerast, bæði í sveitum sem annars staðar, og ekki sízt nú á okkar tímum, þegar hraðinn er meiri en áður var.

Þá fór hv. þm. að tala um nýbýlastefnuna, það hefði sýnt sig, að hún hefði verið röng með stofnun kotbýla, eins og hann kallaði. Það liggur alveg utan við efni þessa frv. að ræða það, og skal ég ekki fara langt út í það mál. En ég vil þó aðeins benda á það eða minna á það, sem allir hv. þm. vita, að nýbýlastjórn hefur jöfnum höndum unnið að því að koma upp byggðahverfum og einstökum nýbýlum. Og byggðahverfin hefur a. m. k. nýbýlastjórn haft í hendi sinni að sníða — (MJ: Hv. þm., má ég skjóta inn í einni setningu til skýringar, svo að það valdi *ekki misskilningi*, um það, að *reynslan hefði* sýnt, að hún hefði verið röng, en það merkir ekki, að hún hefði verið röng, þegar þetta var gert á sínum tíma, miðað við þær aðstæður, sem voru.) Já, ég tek þessa leiðréttingu til greina, en vil aðeins benda á það, sem ég var að koma orðum að, að nýbýlastjórn hefur haft það í hendi sinni að sníða byggðahverfunum stakk við framtíðarhæfi. Og í þessu frv. er m. a. gert ráð fyrir starfsemi á þeim grundvelli.

Ég tel ekki heldur ástæðu til í sambandi við þetta mál að fara að ræða það sérstaklega, hvað eigi að ganga langt í því að viðhalda byggðinni í landinu. Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, að það væri fásinna að halda við afdalajörðum, því að það ætti að miða búskapinn við, að hann skilaði þjóðarbúinu sem mestum afrakstri. Þetta liggur í raun og veru utan við efni þessa frv., en á það vil ég samt benda, að jarðir, sem liggja fjarri þjóðbraut, eru ekki alltaf þær, sem skila minnstum afrakstri, ef þær eru nytjaðar, svo að í þessu efni þarf að taka ýmislegt með í reikninginn, þegar á að gera þetta dæmi upp. En ég er ekki að gerast og hef aldrei gerzt talsmaður þess, að það megi ekki færa til neitt byggt býli í landinu, og mun ekki heldur gerast talsmaður þess.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að fjölyrða svo meira um málið, en ég get fagnað því að vissu leyti, að hv. síðasti ræðumaður talaði um það a. m. k. öðrum þræði vingjarnlega og að það stefndi í rétta átt, þar sem aukin samvinna meðal bænda væri það, sem koma skyldi. En mér fannst þó draga nokkuð úr því undir lok ræðu hans, þegar hann taldi ekki ráðlegt, að þetta frv. yrði lögfest nú á þessu þingi, eins og ég hafði lagt nokkra áherzlu á. Þar greinir okkur á. Ég tel sjálfsagt, að málið verði athugað, og til þess á að gefast nægur tími, meðan þetta þinghald stendur, en ég vil leggja á það áherzlu, að þetta frv. verði lögfest svo fljótt sem tök eru á.

Arnór Sigurjónsson: Það er reyndar tæplega rétt af mér að taka þátt í þessum umr. núna, vegna þess að það fór fram hjá mér í gær, að þessu var þá útbýtt meðal þm., og ég hef nú varla lesið þetta frv. En ég vil samt taka það fram, kannske mest vegna þess, að ég býst ekki við að *eiga neinn þátt í afgreiðslu* þess, að ég álít, að það eigi að taka þessu frv. vinsamlega og athuga það nokkuð vel. Mér sýnist í fljótu bragði hér ekki vera stefnt að neinni byltingu á neinn hátt í okkar landbúnaði, en það er þó ýmislegt í því, sem er vert að taka til athugunar.

Ég ætla að ganga út frá einu sjónarmiði í þessu, sem ég vil um það segja, og það er nú kannske frekar orðhengilsháttur heldur en annað. Menn tala töluvert mikið um einyrkjabúskap hér á Íslandi. *Þetta er frá minu sjónarmiði ekki rétt* nema í örfáum tilfellum. Sá búskapur, sem hér er rekinn, á í raun og veru að heita fjölskyldubúskapur og er kallaður svo víðast hvar annars staðar og er samkynja og landbúnaður er rekinn hér um bil alls staðar, þar sem landbúnaður er rekinn. Það var vitnað til Norðmanna hér áðan, að þeir væru að ýmsu leyti á undan okkur í þessum málum. Það finnst mér mjög vafasamt. En að þessu hafa þeir gert sér málin ljósari en *við höfum gert. Þeir telja sinn búskap*, sem er þó að ýmsu leyti oft nær því að vera einyrkjabúskapur en okkar búskapur, fjölskyldubúskap, og þeir vilja varðveita hann. Þeir segjast að vísu vera mestu sósíalistar á Norðurlöndum, en samt er það svo, ég sat þing þeirra 1961 í Þrándheimi og þar lögðu þeir áherzlu á þetta: okkar búskapur er fjölskyldubúskapur, og við ætlumst til, að hann verði það í framtíðinni, eins og hann er núna. Sem fjölskyldubúskapur hefur hann alltaf sérstaka kosti, sem er mjög erfitt að ná í öðrum

atvinnurekstri. En hér er hann sem fjölskyldubúskapur eins og stendur í talsvert miklum erfiðleikum, og það er vegna þess, hve breytingar á öllum okkar högum og nærri sérstaklega í landbúnaði eru örar og miklar. Reyndar er það svo, að eins og stendur, er búskapurinn hjá mjög mörgum einyrkjabúskapur á vissum tímabilum. Það er fyrst, þegar búskapur er í byrjun og maður og kona byrja búskap, eiga þá kannske aðeins ung börn í heimili sínu og ekkert annað, þá leggst öll vinnan á tvo einstaklinga, og við skulum kalla það einyrkjabúskap og horfa fram hjá hinu, sem er dálítið algengt hér hjá okkur eins og stendur, að bú er rekið aðeins af einni konu eða einum karlmanni. Þessa eru miklu fleiri dæmi nú en heilbrigt mætti telja. Það eru líklega upp undir 100 dæmi á landinu. Kannske eru þau fleiri, ég hef ekki svo vandlega talið þau saman, þrátt fyrir það þó að ég geri búnaðarskýrslur á hverju ári. En við fjölskyldubúskap er fyrsta tímabilið oftast erfiðast og einnig það síðasta. Þetta stafar af því m. a., að við höfum gert hér bæði fjárhagslega og ég get sagt pólitíska skyssu undanfarið, að við höfum bæði tryggingagjöld og fjölskyldubætur lægri í sveitum en annars staðar. Á þessu er að verða breyting, og ég vona, að hún verði mjög til batnaðar. Annars er það líka, eins og sakir standa núna og hafa reyndar staðið nokkuð lengi, að landbúnaðurinn hefur verið að mannfjölda að dragast saman og hefur alið upp fjölda fólks handa öðrum atvinnuvegum. Þetta hefur leitt til þess, að þó að fjölskyldan stækki, þá hefur ekki heimilið stækkað að sama skapi. Þetta hefur orðið geysileg blóðtaka og kostnaður fyrir landbúnaðinn á undanförnum árum, bæði fjárhagslega og félagslega og vafalaust líka menningarlega.

Hér er í þessu frv. eiginlega ekki verið að gera við — nema að litlu leyti — þessum vandræðum. En það er eitt, sem hérna er reynt að stefna að, eftir því sem ég skil frv. Það er, að ef svo fer, að fjölskyldan helzt, þegar jörðin stækkar við umbætur, þá séu einhver lög um það, hvernig með verður farið. Þetta hefur gerzt á einstaka stöðum hér á landi, það er dálítið meira af félagsbúskap hér en menn gera sér almennt ljóst. Það eru til eins konar samvinnubú, vantar ekkert annað en formleg lög, sem í raun og veru þyrftu að vera fyrir slík bú. Ég nefni tvö bú, sem mér eru að talsvert miklu leyti kunn og eru töluvert í áttina til þess, sem flm. hér gera ráð fyrir. Ég held, að mér sé óhætt að nefna þessi bú, — ég hefði ekki gert það, ef ekki væri prentaraverkfall, ég kæri mig ekkert um, að það sé haft eftir mér í blöðum, en ég held, að það sé alveg óhætt að tala um það núna.

Annað búið, sem hefur reynzt mjög vel, er Holt í Stokkseyrarhreppi. Þar eru eiginlega að verða fimm bú, sem vinna alveg saman, og þetta er mjög farsælt bú, að ég held, að öllu leyti. Það vantar þarna ekkert, til þess að það sé samvinnubú. Þarna eru fullorðnir synir, sem búa enn með föður sínum og skipta afrakstrinum. Það er áreiðanlega miklu betra, að menn geti haft eins konar lagabókstaf til að styðja sig við eða form til að fara eftir, þegar svona bú eru sett upp. Og mér finnst í raun og veru vera mjög lítið annað, sem í þessu frv. felst við fyrstu sýn.

Hitt búið er Möðruvallabú í Eyjafirði. Ég hef fylgzt með því alveg sérstaklega, og það er bú, sem fór eiginlega mjög vel af stað, og saga þess er þess virði að athuga, þegar þetta mál er rætt. Ég þekki þetta bú líka dálítið frá fyrri tíð. Ég kom þarna að Möðruvöllum 1947 að vorlagi. Þá var ungur bóndi rétt búinn að taka við, Jóhann Valdimarsson. Ég kom til þess að skoða stórt nýtt fjós, sem hann hafði rétt lokið við. Þetta var í lok sauðburðar. Þarna voru, ef ég man rétt, 56 gripir í fjósi. Fjósið var afbragðs vel frágengið á þeim tíma, e. t. v. bezt gerða fjós á landinu. En það var ekki jafnánægjulegt að koma þarna, því að bæði voru kýrnar óhreinar og hjónin, sem voru ein þarna á þessu stóra búi, yfir sig þreytt. Og það leið ekki á löngu, þangað til þau yfirgáfu býlið og jörðina, og ég tek það fram jafnframt, þetta er sú jörð á landinu, sem ég hefði helzt viljað búa á af þeim, sem ég hef skoðað og þekkt. Þarna var það jörðin, sem hafði í raun og veru yfirbugað hjónin. Þau höfðu reist sér hurðarás um öxl og bóndinn gamli, faðir bóndans, var farinn af þeirri ástæðu, sem hann sagði mér: hann var orðinn of gamall til þess að fylgjast með öðrum við verkin. Það er metnaður, sem ég skil vel hjá hverjum bónda, en getur orðið við aldur töluvert erfiður. Svo kemur þarna bóndi austan úr Bárðardal með nokkuð mörg börn og stofnar í raun og veru samvinnubú. Það er skipt eftir föstum reglum milli bóndans og barna hans, en um það eru engin skráð lög sett, enda engin til. En það verð ég að segja, kannske er það fyrir lagaleysið, að þarna gerðist einmitt atburður á s. l. vori, sem er dálítið viðkvæmt að segja frá. Bóndinn fór, gamli bóndinn, jafnaldri minn að vísu eða nokkurn veginn það, vegna þess að synir hans sögðu honum: Annaðhvort ferð þú eða við förum. — Ég geri ráð fyrir, að þarna hafi verið skilið með fullum heilindum og skipt upp búi, svo að verið hafi alveg jafngott og samkv. lögum. En ég álít það mjög leiðinlegt, að gamli bóndinn skyldi fara frá Möðruvöllum að starfi við Gefjuni og eins og hver annar verkamaður eftir þetta. En við slíku eins og þessu er ekki hægt að gera. Það er ekki hægt að gera við svona hlutum í lögum.

En þá kemur annað til greina, það, að upp í þetta fyrirkomulag, að bú stækki þannig, að margir séu aðilar að, þurfum við að vinna okkur á nokkuð löngum tíma. Þetta finnst mér ég skilja betur, vegna þess að einu sinni var ég skólastjóri norður á Laugum, og þá reyndi ég það, að nágrannarnir í Bárðardal og Mývatnssveit voru eins og tvær ólíkar þjóðir. Mývetningar, sem búa félagsbúi í raun og veru á hverjum bæ, voru einhverjir beztu heimilismenn, sem maður fékk í skóla. Ég kvarta ekkert undan Bárðdælingum, en þeir höfðu allt annan hugsunarhátt og þann hugsunarhátt, sem ekki mundi duga í venjulegu samvinnubúi hér á Íslandi.

Svo vil ég enn benda á það í sambandi við samvinnubúskap, að okkar land, ekki aðeins okkar þjóð, heldur líka okkar land er ekki fallið vel til samyrkjubúskapar í stórum stíl. Okkar aðstaða er öll þannig, að við þurfum í raun og veru að hafa fremur lítil bú á stórum jörðum. Og það er ekki hægt að koma við, a. m. k. alls ekki við sauðfjárbúskap, erfitt við kúabúskap,

að hafa mjög margt fólk að stórum búum við slík skilyrði. Þar sem samyrkjubúskapur hefur tekizt bezt, eins og í Ísrael, er hann fyrst og fremst byggður á jarðrækt og hlýtur að vera það. Það er hægt að koma honum við með kúabúskap, en mjög erfitt með sauðfjárbúskap. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að á sauðfjárbúskapnum verði mikil breyting í framtíðinni og þess vegna verði hann ekki eins landfrekur, ekki eins kröfuharður um, að við rekum hann í strjálbýli við það, sem hér var áðan kallaður einyrkjabúskapur, en ég vil kalla fjölskyldubúskap. Við verðum eftir ýmsum leiðum að sjá okkar fjölskyldubúskap farborða. Ég held, að það hljóti að verða yfirleitt bezta formið á rekstri landbúnaðar enn um langa tíð, vona það a. m. k., vegna þess að hann hefur kosti, sem við fáum varla í öðrum atvinnuvegum, og það skapar þó alltaf fjölbreytni í þjóðlífi að hafa lífsformin dálitið mörg.

Ég held, að ég segi nú ekki meira um þetta, nema ég endurtek það, sem ég byrjaði á: Ég vil, að þessu sé tekið vel. Ég álít, að það sé ekkert atriði, hvort málinu verður lokið á þessu þingi eða ekki. Lögum er alltaf hægt að breyta og þau hægt að bæta. En ég held nú samt, að það sé ekki tími kominn til þess enn að ganga frá þessum málum fyrir langa framtíð með lögum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég var mjög sammála. Hann minntist á, að það yrði vafalaust svo lengi og mundi vera æskilegasta formið fyrir búskap hér, að það yrði fjölskyldubúskapur, sem viðhafður yrði. Ég tek undir það. En það er eitt atriði, sem er nauðsynlegt að breyta, og það þarf í rauninni ekki lagabreytingar til, og ég hygg satt að segja, að það sé að koma skilningur á, að sú breyting þurfi að fást fram, og það er þetta, að það má ekki hafa þann hátt á, sem verið hefur, að neyða fjölskyldurnar í rauninni til þess að hætta sambúskap sínum. Það hefur verið þannig hingað til, að sonur, sem hefur viljað taka upp sjálfstæðan búskap á jörð, hefur orðið að stofna nýbýli og skipta út úr jörðinni. Þetta álít ég að sé ákaflega óhyggilegt, og maður hefur jafnvel rekið sig á það í mörgum tilfellum, að menn hafa gert þetta, — ja, raunar með illu, — að þurfa að fara út á þessar brautir. Það þarf að taka upp þann hátt, auðvitað þarf að setja fyrir því reglur, hvort sem það er löggjöf um það eða ekki, það skal ég ekki um dæma. Það er vafalaust nauðsynlegt að hafa einhverjar grundvallarreglur, en það er eins og ræðumaður sagði, svona vandamál, ef árekstrar verða, verða aldrei leyst með lögum nema að ákaflega takmörkuðu leyti. En þetta er mjög brýn nauðsyn og þarf strax að komast til framkvæmda, og að því er ég hygg, er nýbýlastjórn þegar komin inn á þá braut að gera ekki þá kröfu til þess, að ungur bóndi fái notið þeirrar aðstoðar, sem nýbýlastjórn er heimilt að veita, að hann þurfi endilega að kljúfa í sundur hið gamla býli, heldur geti menn setið þar saman, 2 eða jafnvel 3 bændur, og rekið þar sinn samvinnubúskap á frjálsan hátt, eins og þarna er um að ræða.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram að þessu gefna tilefni, að þetta er nauðsynlegt, og þetta er hægt að gera án nokkurrar löggjafar. Að öðru leyti vil ég taka undir orð hans um það, til þess að það valdi engum misskilningi út frá því, sem hv. 1. flm. einnig sagði, að mín orð bar á engan hátt að skilja sem neinn fjandskap við þetta mál. Ég álít, að þetta sé þáttur í vandamáli, sem verði að íhuga mjög rækilega, og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þetta sé ekki nema einn þáttur þess vandamáls og vonandi verði þetta mál tekið til heildarathugunar á enn breiðari grundvelli, annaðhvort af bændasamtökunum sjálfum, eins og ég hygg að þau þegar hafi vissan undirbúning að, eða af hálfu ríkisvaldsins eða — sem bezt væri væntanlega í því sambandi — af beggja aðila hálfu. Og ég sé ekki, að það skipti neinu meginmáli í því efni, hvort þetta frv. verður lögfest á þessu stigi eða ekki. Eins og ég áðan sagði, tel ég, að það sé ekki í því formi, að það sé hægt að lögfesta það, en það getur haft engu að síður sitt gildi til þess að koma fram sem innlegg í frekari umr. um þetta mál og gæti þá orðið til að þoka áfram þeim nauðsynlegu breytingum, sem hér þurfa að verða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Gróðurvernd og landgræðsla.

Á 10. fundi í Ed., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um gróðurvernd og landgræðslu [42. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Arnór Sigurjónsson): Herra forseti. Ég held, að ég verði fyrst að byrja á því að biðjast afsökunar á því, að ég skrifaði upp þetta frv. og að nokkru leyti samdi í vondu skapi, og einkum þó greinargerðina. Ég ætlaði ekki að flytja þetta mál upphaflega hér, en þegar ég hafði séð það, sem hafði verið gert á síðari árum, þá fannst mér ég mega til, gerði það þó nauðugur. En þó að ég væri í vondu skapi, þegar ég ritaði grg., reyni ég að vera ákaflega hógvær og sanngjarn, hvernig sem það svo tekst. En ég geri ráð fyrir því, að það veiti ekki af því, ef þið eigið að hlusta á mig, því að ég ætla mér að verða dálítið langorður. Og það er einmitt vegna þess, hvernig máli þessu hefur verið tekið hér, að mér finnst þurfa að gera meiri grein fyrir því en flestum málum öðrum. Ég hafði álitið, að þetta væri sjálfsagt mál, en það er einhverra hluta vegna, sem þingmenn skilja þetta öðruvísi.

Ég ætla að hefja mál mitt með því að gera grein fyrir því, að það er rangt, a. m. k. frá mínu

sjónarmiði skoðað, að við séum þjóð í stóru landi. Okkar land er lítið, og það er lítið jafnvel fyrir þessa litlu þjóð. Ég veit. að menn hafa dæmt okkar land og stærð þess töluvert eftir því, hve lengi er gengið í kringum það, hve langa vegi þarf að leggja um það og ýmislegt annað þessu líkt. Áður var það jafnvel svo, að menn mældu heiðarnar í því, hve marga roðskó þurfti til þess að fara yfir þær. Þannig var Þorskafjarðarheiði einu sinni 7 roðskóa heiði, það þurfti að eyða 7 steinbítsroðum til þess að ganga yfir hana. En stærð lands á að marka eftir allt öðru. Það er eftir því, hve það er mikið nytjaland. Og á okkar landi eru ekki nema rétt um 1000 km², sem hægt er að skoða sem nytjaland sambærilegt við það land, sem aðrar þjóðir hafa, jafnvel í nágrenni okkar á Norðurlöndum. Við höfum tæplega 800 km² tún, og ef við leggjum þar við okkar beztu flæðiengi, okkar garða, okkar skrúðgarða í kaupstöðum, þá komumst við aðeins upp í rétt 1000 km². Það er m. ö. o. aðeins 1% af því landi, sem við teljum okkur eiga samkv. landafræðinni.

Þetta litla land þurfum við umfram allt að stækka og stækka það mikið, og við megum ekki sjá í kostnað við að stækka það. Hingað til höfum við aðallega stækkað ofur lítið ræktað land á kostnað beitilanda okkar, sem eru að minnka. Beitilöndin eru samkvæmt mælingum, sem gerðar hafa verið eftir korti, um 24 þús. km². En þessi beitilönd eru, eins og þið vitið, þannig, að það er ekki hægt að meta þau sem nytjaland nema í mesta lagi 10% virði af því, sem virkilegt nytjaland er. Þetta land er okkur ekki nóg, enda eru beitilöndin þegar fullnytjuð, þrátt fyrir það að við eigum fátt búfé, og beitilöndin eru einu sinni ekki nothæf, svo að teljandi sé, nema aðeins til sauðfjárbeitar. Við erum farin að beita kúm hér um bil eingöngu í tún, af því að það eitt borgar sig.

Ég skal gera ofur lítið nánari grein fyrir landi okkar, nánari grein fyrir því, hvað það er í raun og veru. Við skulum skipta því í hæðarbelti eftir því, hvað það er hátt yfir sjó. Neðan við 200 m hæð er það, sem við teljum okkar eiginlega nytjaland, og það eru helztu beitilöndin. Það eru rétt um 24 þús. km². Af því eru um ¾ að nafninu til grónir, ¼ algerar eyðimerkur. Svo höfum við 18 þús. km² á hæðinni 200—400 m. Af því er ⅓ að telja má gróið land. Svo höfum við það, sem er þar fyrir ofan, í 400—600 m hæð, þar er aðeins 1/7 hluti landsins gróinn og þar fyrir ofan aðeins 1/40. Við þurfum ekki um það að ræða, að það land, sem er neðan við 200 m, er okkar bezta land. En landið þar næst fyrir ofan er líka virkilegt nytjaland eða gæti verið það. Ég nefni sem dæmi þess, að önnur af tveimur beztu sveitunum hér á Íslandi er fyrir ofan þessa hæð, það er Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu. Það getur ekki verið nein tilviljun, að síðan farið var að meta og mæla nyt í kúm hér á landi, hefur aðeins tvisvar sinnum eitthvert nautgriparæktarfélagið haft eins háa meðalnyt kúa sinna og félag Mývetninga, og það hefur aldrei komið fyrir, a. m. k. ekki árum saman, að menn hafi haft eins miklar nytjar af hverri á og þar hefur verið. Ég veit það, að Mývetningar eru að mörgu leyti fræknir menn. Ég ólst upp við það, að þeir litu niður á okkur Dalamenn þarna í Þingeyjarsýslu. Það var orðtak þeirra, ef einhver Dalamaður gerði eitthvað sæmilega vel: „Þetta var vel gert af Dalamanni.“ Og ef Mývetningur gerði eitthvað vel, þá var sagt: „Þetta hefði enginn Dalamaður gert.“ En við vitum það líka og höfum lært að meta það, Þingeyingar a. m. k., að svo að segja öll okkar uppreisn fyrir og eftir aldamótin síðustu var úr Mývatnssveit komin. Þar uppi í Mývatnssveit á heiðarbýli nokkuð frá vatninu var bæði skrifstofa og stjórn Kaupfélags Þingeyinga um áratugi, og þaðan voru okkar forustumenn. Ég trúi því ekki, að þetta sé vegna fólksins eins, enda eru hér um bil allir Dalamenn ættaðir úr Mývatnssveit, því að hvað eftir annað hefur fólkið fallið þar úr hungri og harðrétti og ný þjóðflutningaalda skollið á sveitunum þar ofan frá, úr Mývatnssveit. Þess vegna segi ég það, að það er á okkar valdi að gera hæðarbeltið 200—400 m yfir hafflöt að góðum sveitum, að góðu landi.

Ég veit það líka, að þetta land okkar, jafnvel langt upp til heiða, getur verið virkilega gott land. Ég nefni því til vitnis, að í öllum okkar landnámssögum er ekki ein einasta saga um hungurdauða eða annað harðrétti. Við skulum bera þær sögur saman við landnám Íslendinga á Nýja-Íslandi t. d., þar sem fyrstu og mestu fregnirnar frá fyrra landnámi eru um bóluna, um sultinn og það, hvernig vatnið, Winnipegvatn, gekk á land þeirra. Við höfum ekki eina einustu sögu um virkileg harðindi fyrr en um 100 árum eftir að byrjað var að byggja landið: óöld í heiðni. Og aftur liðu 100 ár, þangað til við fengum ný harðindi, sem kölluð voru: óöld í kristni. Þess vegna er landið okkar — við megum vita það — gott land, ef við kunnum með það að fara. En því er ekki að neita, að það er einn ókostur, sem fylgir því. Allur gróður á þessu landi er viðkvæmur gróður, m. a. vegna legu landsins. Við verðum fyrst og fremst að gæta gróðurs landsins um allar sveitir, ef við eigum að halda þessu landi sem virkilega góðu landi.

Þetta er það, sem ég vil fyrst minna á, þegar við tölum um þetta mál. Svo skal ég næst segja ykkur ofur lítið frá persónulegri reynslu, sem ég trúi ekki öðru en þið eigið líka að einhverju leyti. Ég hef verið mikill göngumaður um ævina. Það er vegna þess, að ég er ekki hestamaður, ég hef aldrei lært á bíl. En þegar ég geng um ógróið land, hvort sem það eru melar eða sandar, þá er það eins og óvart, að það kemur alltaf upp í hugann sama vísan, sem ég er alltaf að raula. Ég raulaði hana fyrst eins og endileysu drykkjumanns, en ég fann síðar, að það var bæði harmi sáð í léttúðina og léttúð í harminn. Það er þessi vísa eftir Káinn:

„Ljós eru slokknuð og landið er svart,
í loftinu er ekkert að hanga á.
Mér finnst það í sannleika helvíti hart
að hafa ekki jörð til að ganga á.“

Ég skildi þessa vísu fyrst, þegar ég fékk að vita það, að Vestur-Íslendingar hafa orðið „jörð“ í annarri merkingu en við höfum hér heima á Íslandi. Í þeirra máli er jörð aðeins gróið land,

graslendi, það land, sem þeir gengu aðallega á á Íslandi. Þetta sýnist vera eins konar drykkjuhjal, en það er fyrst og fremst harmur Íslendingsins, þegar hann gengur um akur í tröð eða um plógstrengi, en ekki það land, sem hann lærði að ganga á ungur. Hann sáir léttúð í harm sinn til þess að þola hann. Samferða þessu kemur annað í hugann líka. Það er úr Messunni á Mosfelli eftir Einar Benediktsson. Það eru þessar ljóðlínur:

„Víst er, að iðrun á einhverja náð,
til einhvers er harmi í léttúð sáð."

Og það er einmitt þetta, sem hefur vaknað hjá mér, „til einhvers er harmi í léttúð sáð", þegar ég er að raula þessa vísu á söndunum og melunum, þar sem ég geng. „Til einhvers er harmi í léttúð sáð". Við hörmum það, hvernig með okkar land hefur farið, en til einhvers er þeim harmi sáð í þá léttúð okkar. Við höfum látið þetta land eyðast kynslóð eftir kynslóð, meðan við höfum búið í því, og það að þarflausu. Þetta vil ég minna ykkur á, sem ráðið yfir málum þjóðarinnar, ráðið yfir því fé, sem við höfum til þess að bæta landið okkar. Ég minni ykkur á þetta aftur: „Til einhvers er harmi í léttúð sáð."

Og svo vil ég minna ykkur á fleira, sem er full ástæða til, að þetta land er þannig, að við höfum virkilegar skyldur við það. Það er sagt, að land okkar sé fagurt, og það er svo að vissu leyti, og það er sagt líka, að fegursta leið, sem við getum sýnt nokkrum útlendingi, sé vegurinn um Mosfellsheiði, Þingvöll, Lyngdalsheiði, Laugardal, Biskupstungur, að Geysi, að Gullfossi. En hafið þið, eins og ég, verið annan eða þriðja hvern sunnudag í þurrki austur í Biskupstungum? Þegar vindurinn andar af landinu ofan og hvessir sig svolítið, það þarf ekki að vera meira, þá er það svo, ef maður stendur á hlaði á Miðhúsum í Biskupstungum og horfir yfir að Austurhlíð, það eru 2 km loftleiðis, þá hverfur bærinn öðru hverju í eina saman moldina. Þetta er landið, sem við sýnum útlendingum fegurst, leiðin, sem við viljum umfram allt fara með þá. Þetta er kannske mesta foksvæðið á Íslandi, eins og nú standa sakir, ofan af Haukadalsheiði, ofan úr Úthlíðarhrauni. Það þarf ekki að hvessa mikið af norðaustri, til þess að Bjarnarfell hverfi frá næstu bæjum og menn sjái ekki öllu meira en á milli bæjanna. Svona hefur þetta áður verið austur á Landi, svona hefur þetta áður verið austur á Rangárvöllum. Nú eru Biskupstungur tvímælalaust bezta sveitin á Suðurlandi og er í hættu að eyðast, ef ekkert er verulega gert fyrir hana. Áður var Landið betri sveit og Rangárvellir sömuleiðis. Nú er sá tími liðinn, og við eigum á hættu, að þriðja bezta sveitin á Suðurlandi geti farið sömu leið, nema við hættum því að tíma ekki að gera dálítið fyrir það, að landið okkar fái áfram að gróa, og jafnvel að gera eitthvað fyrir það, að það stækki ofur lítið frá því, sem það er núna. Þetta vil ég reyna að brenna inn í ykkur, sem ráðið yfir fé hér á landi, eins og ég hef krafta til.

Ég vil líka benda á annað. Þið kvartið undan ryki hér í Reykjavík, og það er mikið, vegna þess að það er grásteinn, sem við höfum mulið undir sólum og mulið undir bílbörðum, sem rýkur framan í okkur. Þetta er að hverfa með nýju strætunum okkar, og er gott um það að segja. En það er ekki allt rykið, allt moldrykið, sem kemur upp úr götunum. Það kemur líka austan yfir heiði, það kemur ofan af Mosfellsheiði, ofan af Hellisheiði, sunnan af Reykjanesskaga, þegar ekki rignir, það kemur líka austan af söndunum fyrir ofan Þingvöll, það kemur úr Úthlíðarhrauni, úr Haukadalshrauni, jafnvel austan af Landi sumt. Það getur orðið allt að því dimmt jafnvel í sjálfri Reykjavík fyrir þetta ryk. Og þetta er þarflaust vegna þess, að við getum haft allt Reykjanes gróið. Þið vitið það kannske ekki, að Almenningurinn, sem nú er ógróinn hér á Reykjanesi, var gróið land, skóglendi og kjarrskógur, jafnvel á hörmungaröldunum, þegar Jarðabók Árna Magnússonar var skrifuð. Þá var mönnum vísað til eldiviðar upp í Almenninginn, sem nú er auðnin ein.

Ég nefni þetta vegna þess, að það er sagt um suma Reykvíkinga, ég hef t. d. heyrt einhvern framsóknarmann segja það af okkar fjmrh., að hann segði, að Reykjavík og umhverfið væri Ísland allt. Ég býst við, að það hafi verið af ólund sagt, og ég marka það ekki nema eins og hvern annan kjafthátt, en þetta er sagt um bæði hann og fleiri Reykvíkinga. Ég er ekki að segja þetta til þess að stríða þeim, heldur kannske ofur lítið til þess að brýna þá, en fyrst og fremst til þess, að menn viti, hvað menn segja hverjir um aðra.

Ég ætla svo ekki að tala meira um málið almennt og bið ykkur bara að taka þessu máli, sem allra, allra bezt.

Svo ætla ég aðeins að gera grein fyrir tvennu, sem hér er og ég býst við að ágreiningi valdi einkum.

Annað er það, að ég hef hér breytt nafni á gömlum lögum og vil kalla það Landgræðslu Íslands, sem áður var kallað Sandgræðsla Íslands. Þetta var till., sem kom fram, þegar ég var í sandgræðslunefnd, eins og hún var kölluð hér á árunum, nefnd, sem að vísu skilaði einu sinni frv., sem hefur legið síðan lítið hreyft og þó ekki alveg óhreyft. Ég vildi kalla þetta landgræðslu einmitt vegna þess, að það væri miklu fleira en sandurinn, sem þyrfti að græða. Það var tvennt, sem var haft á móti því, annað hefðin, sandgræðslustjóri, sem í n. var, vildi ekki láta taka upp annað nafn fyrir hugþekkt nafn, sem honum var, og svo var sagt, að þetta væri ágengni við skógræktina, en það hef ég síðar frétt, að muni ekki vera skoðað svo. En þetta er nú lítið mál og skiptir ekki mjög miklu. En ég vil mjög gjarnan, að efni laganna komi allt eða svo mikið sem hægt er í fyrirsögn einni saman.

En hitt, sem ég vil sérstaklega tala um, er fjársöfnun til þess að græða landið, græða melana, græða ógróið land. Það er sérstök ástæða til þess, að ég tali um það, vegna þess hver till. er. Þið vitið það, mörg a. m. k., líklega hafið þið tekið eftir því öll, að erlendur fóðurbætir, kjarnfóður, eins og það hefur verið kallað, hefur verið eins konar heilög kýr hér í íslenzkri pólitík í mörg ár. Allar okkar erlendu, aðkeyptu fóðurvörur hafa verið tollfrjálsar um langan

tíma, og það hefur verið skoðað sem eins konar árás á bændastétt landsins að leggja þarna nokkurn toll á. Þetta er frá mínu sjónarmiði skoðað alger misskilningur. Ég lít á þetta erlenda kjarnfóður fyrst og fremst sem samkeppnisvöru við íslenzka fóðurframleiðslu, og fóðurframleiðslan er þó alltaf fyrsta stigið í þeim landbúnaði, sem við rekum. Það er vegna þess innflutta fóðurbætis, sem hefur verið seldur tolllaust hér með svo lágu verði sem frekast mætti vera, að kornræktartilraunir okkar hafa yfirleitt að engu orðið. Það hefur ekki heldur verið lagt það kapp á grasræktina, ekki það kapp á grasmjölsframleiðslu eða annað, sem við getum nefnt, sem vel hefði mátt vera, ef þessu hefði ekki verið gert svo erfitt fyrir sem unnt er. Aðrar nágrannaþjóðir okkar, Svíar, Norðmenn, hafa þarna mjög annan hátt á. Þeir kaupa nokkurn hluta af sínum fóðurvörum erlendis frá, eins og við gerum. Það er vegna þess, að þeir eiga í erfiðleikum með kornrækt alveg eins og við. En þeir leggja ekki aðeins tolla á erlenda fóðurvöru, heldur líka mikla álagningu, og þetta nota þeir til þess að geta verðtryggt það korn, sem þeir framleiða sjálfir. Korneinkasala þeirra hefur meira að segja haft efni á því, eftir að hún hefur tryggt sæmilegt verð fyrir innlent korn, að leggja milljónatugi, jafnvel yfir hundrað millj. kr., í það að styðja landbúnaðinn almennt. Það gerði hún árið 1961, hafði gert það 1960, gerði það 1962, lengra veit ég ekki.

Ég legg því áherzlu á það, að þetta verði tekið til vandlegrar athugunar. Ég lít ekki á þetta, a. m. k. eingöngu og ekki fyrst og fremst sem skatt á bændastéttina, þann toll, sem ég ætlast til að sé lagður á fóðurvöru. Ég geri ráð fyrir því, að hann verði reiknaður inn í landbúnaðarverðið og komi á alla. En ég vil jafnframt taka það fram, að ég geri ráð fyrir því, að það hafi þau áhrif jafnframt, að mjólkurframleiðslan verði nokkru minni, a. m. k. fyrst í stað, og við getum sparað það að greiða mjög mikla uppbót með smjöri og ostum, sem við flytjum úr landi. Jafnframt gæti þetta bæði verið og ætti að vera takmörkun á því, að mjólkurframleiðslan fari fram úr skynsamlegu viti.

Það er margt, sem ég vildi ræða hér, en ég veit, að þið eruð orðin þreytt, sem eruð líka sum farin.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hér er hreyft mikilsverðu máli, sem í raun og veru er eitt af stórmálum Íslands, eins og hv. þm., frsm. málsins, hefur þegar gert ýtarlega grein fyrir. Þegar talað er um ræktunarmál, eru þau jafnan skrifuð á kostnað bændastéttar landsins. Skiptir þar ekki máli, hvort um einstaka þætti ræktunar er að ræða eða jarðrækt, sem kostar mikið fjármagn og skilar arði einungis eftir mjög langan tíma.

Frv. þetta er í raun og veru tvíþætt. Það er um það að vernda gróðurfar landsins, eins og það er nú, og í öðru lagi um að græða upp ógróið land. En hvor tveggja þessi atriði eru mjög mikilsverð og talsvert kostnaðarsöm. Það má að sjálfsögðu nokkuð um það deila, hvernig afla beri fjár til þessara hluta. En eðlilegast virðist, þar sem um framtíðarmálefni er að ræða og allkostnaðarsöm, að það sé þjóðin öll, sem kostar þetta að mestu eða öllu leyti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat um það, og það stendur enn fremur í grg. frv., að hann ætlist til þess, að í þessu tilfelli sé lagður 15% skattur á innfluttan fóðurbæti. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað innfluttur fóðurbætir kann að vera há upphæð, en mér skilst nokkurn veginn, eftir því sem fram er tekið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, að innfluttur fóðurbætir geti að verðgildi numið sem næst 100 millj. kr. (*Gripið fram í:* Það er meira, 116 millj.) Það má vel vera. Og 15% skattur á það er allmikil upphæð. Enda þótt bændur kynnu síðar að fá þetta inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, þá yrðu þeir a. m. k. að afla þessa fjár og leggja það fram, þegar þeir keyptu þessa vöru. Ég ætla ekki að líkja saman, hvernig ástandið er hér á landi og t. d. í Noregi, að því er varðar innfluttan fóðurbæti. Enda þótt í Noregi kunni að fyrirfinnast landssvæði, sem að mörgu leyti líkjast okkar landi, þá vitum við það, að aðalkornræktarsvæði Noregs er suður- og vesturhluti Noregs, en ekki sá hlutinn, sem líkastur er Íslandi, svo að það gegnir öðru máli, þótt Norðmenn hafi gripið til þess að vernda sína eigin ræktun á þann hátt að tolla verulega innfluttan fóðurbæti, þar sem þeir geta alltaf verið sjálfum sér nógir í þeim efnum. En við vitum það, að þótt við getum ræktað korn hér á landi, þá gefst það misjafnlega. Ég get fallizt á það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að við höfum gert of lítið fyrir kornræktina, það er alveg rétt. En ég held, að við höfum það ekki í okkar valdi að gera það mikið fyrir íslenzka kornrækt að veðurfari í landinu óbreyttu, að það verði okkur jafnöruggur lífgjafi, vil ég segja, eins og kornræktin hefur jafnan reynzt Norðmönnum, þannig að þar er ólíku saman að jafna. Svo skilst mér á hv. þm. eða hann tæpir a. m. k. á því í grg., að hann ætli ekki að láta staðar numið með þessi 15% ofan á fóðurbæti landsmanna, heldur leggja önnur 15% þar ofan á varðandi önnur mál, sem hann á eftir að leggja fyrir hv. Alþingi, þannig að ég held, að hér verði um allmikla skattlagningu að ræða á eina stétt landsins, sem ég held að verði ákaflega þung í skauti fyrir bændastéttina að rísa undir, enda þótt með sanni megi segja, að einhver hluti komi til endurgreiðslu af þessu fjármagni. En það kostar a. m. k. geysilega mikið fé í fyrstu og mundi verulega þurfa að rýmka um rekstrarfé landbúnaðarins vegna þess.

Ég er þeirrar skoðunar, að þegar um þetta stórmál er að ræða, gróðurvernd og landgræðslu, verði aldrei hægt að gera stórátök í þeim efnum, ef þjóðin öll sameinast ekki um að rísa fjárhagslega undir því, sem þetta kann að kosta. Ég er líka sammála hv. flm. um það, að þetta kostar mikla fjármuni og átök, og um það fjármagn, sem til þessa þarf að afla, verður þjóðin sjálf að rísa undir sameiginlega, en ekki einstakar stéttir, enda þótt sönnur megi færa á það, að síðar meir kunni bændastéttin að njóta meira góðs af þessu en aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Flm. (Arnór Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við ræðu síðasta ræðumanns benda á tvennt. Annað er það, að 15% tollur er ekki mjög hár tollur, eftir því sem gerist hér á Íslandi. Ég gerði það í morgun, þegar ég var að hugsa um þetta mál, að ég tók tollskrána og

skrifaði hjá mér, hvaða vörur það væru, sem hefðu 15% toll og fyrst kæmu í hendi. Ég fór náttúrlega ekki langt, og ég skal lesa fyrir ykkur það, sem fyrst var nefnt. Það eru sjúkrabifreiðar, það eru snjóbifreiðar, það er snjóplógur, það er kartöflumjöl, það er kopar, steinn og stengur. Lengra nennti ég ekki að fara. Þið sjáið það, að þarna eru þó a. m. k. vörur, sem ekki er síður ástæða til að hlífast nokkuð við heldur en t. d. erlent kjarnfóður. Svo nefndi ég í grg., að ég ætlaði að leggja fram tillögu um annan 15% toll til eflingar kornræktar. Það er nú kannske til þess að ýta dálítið við mönnum, frekar en ég ætlaði að leggja fram á þessu þingi frv. til nýrra kornlaga. Ég býst við, að þetta verði seinasti dagurinn, sem ég verð hér á þinginu, svo að það verður nú sennilega ekki mikið úr því a. m. k. Svo skrifaði ég upp nokkrar vörutegundir, sem hafa 30% toll. Það er t. d. efni til burstagerðar, það eru röntgenfilmur, það er gúmmí til skógerðar, það er korkur í tappa og svo það, sem allir kannast við, allur pappír og pappi, sem hingað flyzt til landsins. Þetta mundu a. m. k. sumir telja engu síður nauðsyn, að væri tolllétt, heldur en erlendur fóðurbætir, hvernig svo sem á honum stendur.

En það er alger misskilningur, og þess vegna bað ég fyrst og fremst um orðið, að þessi skattur muni leggjast fyrst og fremst á bændurna og þá eina. Ég held, að þetta sé mjög fjarri. Þessi tollur hlyti með óbreyttri verðlagningu landbúnaðarvara að verða tekinn inn í verðlagsgrundvöllinn og leggjast á okkur alla jafnt. Það getur verið, að það kosti, að við verðum að greiða niður vörurnar innanlands enn þá meira en áður. Ég geri ráð fyrir, að við getum fundið ráð gegn því líka. Og eins og ég nefndi, mundi það koma einnig fram sem sparnaður. Ég tel alveg víst, að sparnaður yrði á því, sem ríkið þarf að greiða með útfluttum mjólkurafurðum. Það yrði líka til þess að færa dálítið til, ekki stórkostlega, innan landbúnaðarins frá nautgriparækt til sauðfjárræktar. Það yrði náttúrlega til þess, að við yrðum að breyta ýmislegri skipun á þessum málum frá því, sem nú er. Ég vil ekki þreyta ykkur á að ræða langt um þetta, en þetta er alveg tilbúinn draugur. Það er tilbúinn draugur til þess að hræða menn frá að lóga þessari heilögu kú, sem í raun og veru mjólkar okkur ekki nokkurn skapaðan hlut.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á framsöguræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. og fannst þetta góð ræða, þó að hann endaði hana með smávegis rangfærslu, sem ég get vel fyrirgefið honum. En það var aðeins eitt atriði þessa frv., sem ég vildi gera hér sérstaklega að umtalsefni, og það er þessi 15% tollur á innfluttan fóðurbæti. Það er auðvitað ekki skynsamleg efnahagsstefna að flytja inn tollfrjálsan fóðurbæti til þess fyrst og fremst að auka mjólkurframleiðsluna í landinu, en þurfa síðan að flytja út þær afurðir, sem framleiddar eru vegna þessarar aukningar, og greiða á þær allt að 300% uppbætur. Að því leyti álít ég, að það geti verið mjög athyglisverð leið, sem lögð er til í þessu frv., að leggja toll á innfluttan fóðurbæti. Hins vegar er ég ekki sammála hv. frsm. um það, að þessi tollur eigi að fara inn í búvörugrundvöllinn og greiðast af neytendunum, því að ef svo væri, þá gæti hann m. a. misst marks, vegna þess að þá er ekki víst, að bændurnir hefðu svo mikinn áhuga á því að spara fóðurbætiskaupin. En auk þess finnst mér það ekki sanngjarnt, að þetta sé greitt af neytendum. Mér fyndist önnur leið vera athyglisverð, og það er, að þessi 15% tollur væri settur í sérstakan sjóð og þeim sjóði yrði síðan varið til þess að styrkja sauðfjárbúskapinn í landinu eða efla hann, af því að það er þjóðhagslega miklu skynsamlegra að efla sauðfjárbúskapinn heldur en kúabúskapinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Landskiptalög.

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941 [82. mál] (þmfrv., 113).

Á 23. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á 17. gr. landskiptal. frá 1941 er flutt til að gera hana ljósari en hún er nú og koma í veg fyrir þrætur, sem stafa af því, að hún tekur ekki sem skyldi fram, hvað í henni á að felast, a. m. k. ekki miðað við ný viðhorf. Greinin hljóðar svo í gildandi lögum, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda án samþykkis allra hinna nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.“

Fyrrum var skógur til eldiviðar og sem raftviður og girðingarefni og mór til eldsneytis aðalatriðin, sem til greina komu sem söluvörur á sameignarnytjum í þessu sambandi. Því var að sjálfsögðu skógarhögg og mótak tilgreint í l. þá fyrst og fremst, en aðrar sameignarnytjar hlutu þar með auðvitað samkv. l. einnig að vera sömu reglum háðar eftir eðli málsins, þótt ekki sé fram talið. Nú er skógarhögg að mestu úr sögunni í sama mæli og áður var og mótak ekki teljandi notað. En aftur á móti er farið að hagnýta möl, sand og grjót, þannig að víða eru þetta söluvörur, ekki sízt í nágrenni kaupstaða, kauptúna og annarra þéttbýlisstaða, þar sem mikið er byggt. Sameigendur lands lenda nú stundum í deilum um réttinn til hagnýtingar á þessum jarðefnum, af því að þeim finnst ekki 17. gr. l. ná til þessara jarðefna eða þeirra jarðefna, sem nú eru mest söluvara. Ég þekki vel dæmi um þetta í mínu héraði. Við flm. teljum rétt að gera löggjöfina svo ljósa, að hún komi í veg fyrir þess

konar árekstra milli manna og samhæfa hana skilmerkilega nútímanum. Till. okkar um orðun 17. gr. er á þessa leið:

„Meðan skógarhögg, mótak, möl, sandur eða annað verðmætt jarðefni er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda án samþykkis allra hinna hagnýta þessi verðmæti nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig."

Eru þá inn í greinina tekin möl, sandur og grjót og auk þess ótilgreind önnur verðmæt jarðefni, eins og þar segir, til þess að taka af öll tvímæli og koma í veg fyrir þrætur og misskilning. Orðalagi er breytt til samræmis við þetta, en í sjálfu sér er efnislega engin breyting upp tekin. Mál þetta er svo einfalt og flækjulaust, að ég tel ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Á 47. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 47 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga [132. mál] (þmfrv., A. 270).

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 270 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. frv. til l. um afnám laga nr. 47 frá 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Það er hv. þm. mjög vel kunnugt, hvað í þessu felst, því að svo mikið var um þetta mál rætt hér á síðasta Alþingi, að mönnum er það sjálfsagt í fersku minni. Það liggur raunar strax í nafni þeirra laga, sem hér er lagt til að afnumin séu, að þau verða nú að teljast óþörf og eðlilegt, að þau séu ekki lengur í gildi. Þau fjalla um lausn kjaradeilu, sem átti sér stað í ágústmánuði 1963, og verður ekki gjörla séð, að nauðsynlegt sé að hafa lög í gildi í marzmánuði 1965 í þeim tilgangi.

Meginatriði þessara l. eru tvö. Í fyrsta lagi gera þau ráð fyrir, að gerðardómur ákveði laun verkfræðinga, sem starfa sem launþegar hjá atvinnurekendum. Nú hefur það um skeið verið yfirlýst stefna löggjafarvalds og ríkisstj., að kjaramál skuli leysa með frjálsum samningum milli launþega og vinnuveitenda, en þessi lög eru ekki í samræmi við þá stefnu. Opinberir starfsmenn hafa nú fyrir nokkrum árum fengið samningsrétt, og nú eru ekki aðrar stéttir en verkfræðingar einir, sem verða að lúta ákvæðum af því tagi, sem hér er um að ræða. Verkfræðingar einir allra launastétta eru þannig teknir út úr og sýnd með þessum hætti rangsleitni, sem ekki er eðlilegt að una við.

Nú er þetta að sjálfsögðu ekki mál verkfræðinga einna, því að ef hægt er að fara að þeim á þennan hátt, geta aðrir orðið fyrir sömu meðferð á öðrum tímum, og þess vegna er þetta mál allra launastétta.

Það er sérstaklega ástæða til þess að nefna það í þessu sambandi, að nú er það talið vandamál víða um lönd, að sérfróðir menn leiti þangað, sem bezt kjör eru í boði. Jafnvel stórar og fjölmennar þjóðir eins og Bretar hafa orðið fyrir því, að þeirra beztu sérfróðu menn leita vestur um haf, og þeir telja sér þetta vandamál, og margar fleiri þjóðir eiga við vandamál af slíku tagi að etja. Tæknileg vísindi eru alþjóðleg, og þess vegna er ekki rétt af okkur Íslendingum að láta verkfræðingastéttina búa að þessu leyti við óhagræði, sem aðrar stéttir þurfa ekki að þola.

Í öðru lagi fjalla þessi lög, sem hér er lagt til að afnema, um það, að gerðardómur skuli búa til gjaldskrá fyrir verkfræðilega þjónustu. Þessi ákvæði eru afar óvenjuleg og raunar algerlega einstæð, eftir því sem ég bezt veit, hér á landi og þótt miklu víðar væri leitað. Það verður í rauninni ekki skilið, hvernig löggjafinn hefur getað hugsað sér það, að gerðardómur, sem skipaður væri af hæstarétti, hefði á því nokkur tök að semja skynsamlega gjaldskrá fyrir verkfræðingastéttina. En látum það þó liggja á milli hluta. Lítum heldur á hitt, að aðrar hliðstæðar stéttir í þjóðfélaginu, svo sem tannlæknar og raunar læknar líka, lögfræðingar, endurskoðendur og aðrir hliðstæðir menntamenn, sem veita þjónustu í þjóðfélaginu, og þeirra félög semja sjálf sína gjaldskrá, og ekki hefur löggjafinn fram að þessu talið það óhæfilegan hátt. Það er líka mála sannast, að þessi ákvæði geta ekki eðli málsins vegna haldið í framkvæmd. Það er alkunnugt, að hér í Reykjavík starfa erlend verkfræðifirmu, sem eru hér með skrifstofur og búsetu sem útibú, sem hafa allt aðra og miklu hærri gjaldskrá en verkfræðingum hérlendum er leyfð, og það er ekki annað vitað en ríkisstj. og ríkisstofnanir sjái sér fært að skipta við slík firmu, þó að það sé ekki, að því er bezt verður séð, samræmanlegt þeim lögum, sem hér er lagt til að verði afnumin.

Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa haft á því á sínum tíma að leysa kjaradeilu verkfræðinga í ágústmánuði 1963 með þeim hætti, sem gert var, virðist mér ekki aðeins óþarft, heldur líka ósæmilegt að hafa lög af þessu tagi lengur í gildi, og ég óttast, að það kunni meira að segja að vera hættulegt að hafa í gildi lög, sem taka eina launastétt og eina atvinnustétt út úr á þennan hátt og láta hana sitja við annað borð en alla aðra. Við flm. erum þeirrar skoðunar, að það væri mjög æskilegt, að hv. Alþ. sýndi í verki vilja sinn til þess að fylgja fram þeirri stefnu, að hér skuli gilda frjálsir samningar milli vinnuveitenda og launþega, með því að afnema þessi lög í stað þess að láta þau renna sitt skeið á enda, og þess vegna höfum við flutt þetta frv., sem við væntum að fái góðar undirtektir hjá hv. Alþingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að

þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Aðför.

Á 47. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 frá 1887, um aðför, sbr. l. nr. 18 frá 1932 [133. mál] (þmfrv., A. 273).

Á 48. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og menn vita, er aðalreglan sú, að allar eignir manns standa til fullnustu á hans skuldbindingum. Það eru samt reistar nokkrar skorður við því, hversu nærri manni megi ganga. Ein slík takmörkun, sem á því er gerð, felst í 27. gr. aðfararl., en þar er mönnum heimilað að undanskilja fjárnámi nokkrar lífsnauðsynjar upp að tilteknu hámarki. Þessi heimild hefur verið í aðfararl. frá öndverðu, var upphaflega samkv. 27. gr. þeirra, þegar aðfararl. nr. 19 frá 1887 voru sett, á þá lund, að þar mætti undanþiggja lífsnauðsynjar, muni fyrir 20 kr., en fyrir 120 kr., ef hann átti fyrir heimili að sjá. Þessum upphæðum var svo breytt 1932 í það horf, sem nú er, að reglan er þannig nú skv. lögum, að maður má undanskilja fjárnámi lífsnauðsynjamuni að upphæð 100 kr., ef hann er einhleypur maður, en 500 kr., ef hann á fyrir heimili að sjá, og svo 100 kr. fyrir hvert barn í báðum tilvikum.

Þessar breytingar á upphæðum voru gerðar 1932 vegna þeirra verðlagsbreytinga, sem þá höfðu átt sér stað, frá því að aðfararl. voru sett. Það er öllum ljóst, að á því tímabili, sem liðið er síðan þessu var breytt 1932, hafa stórfelldar verðlagsbreytingar átt sér stað og þessar upphæðir, sem greindar eru í lögunum, eru, ef við þær ætti að miða, bókstaflega einskis virði. Það mun þó í framkvæmdinni eitthvað slakað á í þessum efnum, þannig að nauðsynlegustu lífsnauðsynjar munu metnar mjög lágt. En samt sem áður virðist nú rétt að gera hér breytingu á og breyta þessum fjárhæðum nokkuð til samræmis við þær verðlagsbreytingar, sem átt hafa sér stað. Og það er sú meginbreyting, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir, að breytt er þeim fjárhæðum, sem um getur í 27. gr. aðfararlaganna. Það er sjálfsagt álitamál, hverjar þær fjárhæðir eiga að vera, og það getur komið til athugunar í nefnd, hvort þetta eru þær réttu fjárhæðir, sem hér eru nefndar, eða ættu að vera einhverjar aðrar.

Það má sjálfsagt segja, að það séu ýmis önnur atriði í lögunum um aðför, sem þörf er á að breyta, enda eru þau orðin gömul og í vissum atriðum orðin úrelt, þótt þau séu sérstaklega vel samin á sínum tíma. En ég held, að þetta sé svo afmarkað ákvæði og einstakt út af fyrir sig, að það séu engin vandkvæði á því að breyta því, þó að ekki sé að öðru leyti hreyft við lögunum, enda var það gert á sínum tíma, 1932.

Önnur breytingin, sem í þessu frv. felst, er sú, að niður er fellt úr 27. gr. upphaf síðustu málsgr., en þar segir: „Rétt þann, er ræðir um í 2. og 3. málsgr., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum.“ Þ. e. a. s. skuldunautur hefur ekki skv. orðanna hljóðan notið þessa hagræðis, þessa undanþáguréttar, þegar skattar og opinber gjöld hafa verið innheimt. Mér hefur alltaf verið þetta ákvæði þyrnir í augum. Þó að það hafi kannske ekki mikið á það reynt í framkvæmdinni, þá finnst mér það í hæsta máta óviðeigandi, að hið opinbera áskilji sér rétt umfram aðra menn til að ganga frá skuldunaut þannig, að hann sé algerlega rúinn inn að skyrtunni. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að þetta ákvæði sé fellt niður úr lögunum.

Herra forseti. Þetta er mjög einfalt mál í sjálfu sér, og ég sé ekki ástæðu til að hafa um það lengri framsögu, en legg til, að málinu sé vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Íþróttalög.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956 [141. mál] (þmfrv., A. 299).

Á 51. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl. að bera fram frv. það til breytinga á íþróttalögum, sem nú er hér til 1. umr.

Með íþróttal., sem sett voru 1940, var stigið stórt og heillaríkt skref á sviði uppeldismála. Þá var með skipulegum hætti tekið að framkvæma af hálfu ríkisvaldsins eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og veita árlega fjárupphæð til stuðnings þessari starfsemi. Íþróttasjóður hefur að sönnu verið mjög fjárvana, eins og hv. alþm. kannast við, til þess að fullnægja eftirspurn eftir fjárframlögum til íþróttamannvirkja, en eigi að síður hefur verið stigið verulegt skref áleiðis á

þessari braut á þessum árum, síðan íþróttal. voru sett. Tilgangur íþróttal. er að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Síðan íþróttal. voru sett, hefur sund verið gert að skyldunámsgrein í skólum, svo og fleiri íþróttir, og er þar með fyrir því séð, að æska landsins almennt leggi nokkra stund á íþróttaiðkanir. Samhliða þessu hefur þróazt frjáls íþróttastarfsemi, sem nýtur stuðnings samkv. íþróttal., bæði með fjárframlögum úr íþróttasjóði til íþróttamannvirkja og með fyrirgreiðslu af hálfu íþróttafulltrúa á ýmsan hátt. Þetta er svo undirstaða að því, að þjóðin á í sínum hópi afreksmenn í ýmsum greinum íþrótta, sem hafa unnið íþróttaafrek bæði á innlendum og erlendum vettvangi, bæði sjálfum sér og þjóðinni í heild til vegs. Þótt það sé mikilvægt, tel ég þó uppeldisgildi íþróttanna enn þá mikilvægara í þessu sambandi. Atvinnuhættir þjóðarinnar breytast mjög ört á þá leið, að það verður hlutfallslega stærri og stærri hluti þjóðarinnar, sem vinnur störf sín innanhúss við kyrrsetur, en hlutfallslega minni hl., sem hefur þannig starfsaðstöðu að njóta við starfið útivistar og hreyfingar. Af þessu leiðir, að íþróttir hafa auknu hlutverki að gegna með þjóðinni í samræmi við þessa breytingu á atvinnuháttum hennar.

Stjórn íþróttamála er þannig háttað, og svo hefur verið nú um nærri aldarfjórðungsskeið, að íþróttafulltrúi hefur á hendi daglega stjórn íþróttamála og yfirlit um þau mál yfir landið í heild. Íþróttanefnd tilnefnd af félagasamtökum áhugamanna kemur saman á fundi við og við og leggur meginlínur um starfið, en aðallega hvílir það á íþróttafulltrúa.

Við, sem stöndum að þessu frv., lítum þannig á, að með fjölgun þjóðarinnar og stórauknu íþróttastarfi, bæði í sambandi við skólastarfið og hin frjálsu íþróttafélög, sé það nægilegt starf fyrir íþróttafulltrúa að hafa á hendi yfirlit um þessi málefni og daglega stjórn íþróttamála. Það sé mjög takmarkað, sem hann geti komið því við að ferðast úti um land og hafa persónulegt samband og á þann hátt örvandi áhrif á starf íþróttafélaganna og starfsemi skólanna á þessu sviði. Við leggjum því til með þessu frv., að landinu verði skipt í íþróttaumdæmi og skuli miða skiptinguna við landsfjórðunga og í hverju íþróttaumdæmi starfi íþróttanámsstjóri. Hann sé ráðinn af menntmrn. til þriggja ára í senn, að fengnum till. íþróttanefndar.

Samkv. frv. á íþróttanámsstjóri að hafa á hendi þessi störf á sínu svæði: Að vera íþróttafulltrúa og íþróttanefnd til aðstoðar um stjórn og framkvæmd íþróttamála í íþróttaumdæminu, að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar um íþróttamál, enn fremur að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast. Í fjórða lagi ber íþróttanámsstjóra samkv. frv. að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks. Það er kunnugt, að áfengisnautn fer því miður vaxandi með þjóðinni, og hefur það í för með sér margvísleg vandamál. Sérstaklega geta þau vandamál orðið alvarleg, þegar í hlut eiga unglingar á örasta þroskaskeiði. Margra ráða hefur verið leitað til að koma í veg fyrir þessa þróun eða draga úr þessari þróun. Ég tel, og það er álit okkar flm. þessa frv., að ekki sé þess að vænta, að ein ráðstöfun eða aðferð reynist fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir áfengisnautn æskufólks, í því efni þurfi að beita fleiri ráðum samtímis og reyna á þann hátt að færa þetta til betra horfs en nú er og verið hefur um sinn. En íþróttaiðkanir hafa mikil og góð áhrif í þessu efni. Íþróttamaðurinn, sem stefnir að því að auka hreysti sína, vinnuþrek og táp, á ekki samleið með þeim, sem oft neytir áfengis. Nú er það alkunnugt, að félagsskapurinn, sem æskumaðurinn tekur þátt í, hefur mjög mikil áhrif á hið persónulega viðhorf unglingsins. Og sá æskumaður, sem starfar í félagsskap íþróttamanna, er líklegur til þess að gæta að sér í sambandi við áfengisnautnina og þau vandamál, sem af henni stafa. Samkv. frv. á því íþróttanámsstjóri að hafa áhrif á að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks á því svæði, þar sem hann starfar, og teljum við, að af því megi vænta góðs árangurs.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Búnaðarbanki Íslands.

Á 60. fundi í Ed., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [169. mál] (þmfrv., A. 381).

Á 61. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Frv. það, sem hér er til 1. umr., er flutt af öllum þm. Framsfl., sem sæti eiga í þessari hv. deild.

Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Ef litið er á framleiðslumagn annars vegar og hins vegar á grundvallarverð til bænda samkv. síðasta vreðlagsgrundvelli, hefur framleiðsluverðmæti landbúnaðarins í heild á s. l. ári numið rúml. 1880 millj. kr., og ætla má, miðað við verðlag og áætlað framleiðslumagn þessa árs, að heildarverðmæti landbúnaðarins verði þá ekki undir 2 milljörðum kr.

Samkv. jarðatali eða yfirliti yfir lögbýli í landinu, sem landnámsstjóri hefur gert með aðstoð hreppstjóra, hvers í sínum hreppi, voru á s. l. ári byggðar lögbýlisjarðir á landinu 5438, en auk þess eru eyðijarðir 451, sem taldar eru hæfar til búskapar með nútíma búskaparháttum. Hér er

því um að ræða lögbýlisjarðir tæplega 6000 að tölu.

Það er álit flm. þessa frv., að með löggjöf og af hálfu ríkisvaldsins eigi að stuðla að því, svo sem kostur er, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta árlega að verða eigenda- og ábúendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er talið að dómi kunnugra manna á þessu sviði, að ábúendaskipti verði árlega á 200—300 jörðum á landinu. Að sjálfsögðu ganga þær ekki allar kaupum og sölum, því að margar þeirra eru í leiguábúð, bæði jarðir, sem ríkið á og ýmsir aðrir aðilar. En samt sem áður verður að gera ráð fyrir því, að alltaf séu allmargar jarðir á landinu, sem árlega ganga kaupum og sölum, og stefna þarf að því, að unga kynslóðin geti tekið við af þeim eldri, þegar þeir verða fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum að hætta sínum atvinnurekstri. Það er mjög varhugaverð þróun, sem nú á sér stað í vaxandi mæli, að fésterkir einstaklingar kaupi hlunnindajarðir fyrst og fremst eða eingöngu vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar að öðru leyti lítið eða ekki, en á sama tíma, sem þróunin stefnir í þessa átt, er ungu fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi.

Það ber brýna nauðsyn til þess að dómi okkar flm., að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frv. Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitunum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegar að þessu leyti er óhjákvæmileg, og hún má ekki stöðvast. En hún torveldar að vissu leyti eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir.

Það er hlutverk veðdeildar Búnaðarbankans að veita lán í þessu skyni. En því miður hefur veðdeildina lengi skort tilfinnanlega fjármagn til þess að fullnægja þörfinni eða sinna þessu verkefni, svo sem löggjöfin hefur í öndverðu ætlazt til. Í viðskiptum í þjóðfélaginu verður ekki hjá því komizt, að lánastarfsemi eigi sér stað, og í því betra formi sem slík lánastarfsemi er, þeim mun greiðari eru viðskiptin. Nú er unnið að því á hv. Alþingi að setja nýja löggjöf um íbúðalán í kaupstöðum og kauptúnum. Þar er stefnt að því að lánaðir verði allt að ⅔ hlutar af kostnaðarverði íbúðar og þó eigi minna en 280 þús. kr. á hverja íbúð. Hér liggur einnig fyrir til afgreiðslu frv. frá hæstv. ríkisstj. um verkamannabústaði. Þar er kveðið svo á, að lána megi allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þús. kr. á hverja íbúð. Samkv. gildandi l. eru veitt lán til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru erlendis, er nema ⅔ hluta kostnaðarins eða kaupverðs skipsins, en til skipa, sem smíðuð eru innanlands, er heimilt að veita lán allt að 75% kostnaðarverðs. Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir lán til íbúðarhúsa í sveitum og enn fremur vegna útihúsa, ræktunar og ýmissa annarra framkvæmda á sveitabýlunum. En þegar jarðir ganga kaupum og sölum, þá er, eins og ég hef áður tekið fram, sú aðstoð, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir, alls kostar ófullnægjandi. Þessi þáttur hefur á undanförnum árum orðið út undan við endurskoðun löggjafarinnar um lánastarfsemi á mörgum sviðum.

Afleiðingin er sú, að þeir, sem þurfa að skipta um atvinnu eða af öðrum ástæðum verða að hverfa frá búskap og vilja selja fasteignir sínar, eiga oft erfitt með að fá kaupendur að þessum eignum og verða þá oft að ganga frá fasteign sinni með þeim kjörum, sem eru þeim mjög óhagstæð, þar sem oft er búið að leggja mikla vinnu og mikla fjármuni til endurbóta á jörðunum. En á sama tíma skortir ungu kynslóðina bolmagn til þess að komast yfir jarðnæði og geta komið fótum undir sjálfstæðan atvinnurekstur í sveitunum. Þó að einstakir menn kaupi hlunnindajarðir vegna hlunnindanna fyrst og fremst, eins og ég áðan gat um, þá standa þeir ekki eins föstum fótum í sveitarfélögunum og þeir, sem stunda þar atvinnurekstur við búskap. Menn, sem þannig eru ekki nema að nokkru leyti bundnir við fasteignina, sem þeir hafa til umráða, eru því í raun og veru ekki jafngildir þegnar í sveitarfélögunum og þeir, sem þar leggja fram að fullu og öllu starfskrafta sína og hafa þar til ávöxtunar þær eignir eða þau verðmæti, sem þeir eiga. Við þetta bíða því sveitarfélögin sjálf hnekki, auk þess hvað það er óhagkvæmt einstaklingunum.

Eins og háttað hefur verið fjármagni því, sem veðdeild Búnaðarbankans hefur haft til umráða, þá ætla ég, að hámarkslán til jarðakaupa hafi numið um 100 þús. kr. og þó tæplega eða jafnvel ekki verið hægt að fullnægja eftirspurn lána á þessu sviði. Með þessu frv. er lagt til, að veðdeildin megi lána allt að 70% virðingarverðs fasteigna, ef um lán vegna jarðakaupa er að ræða, en um önnur lán, sem veðdeildin veitir, eru ekki með þessu frv. gerðar breytingar frá því, sem nú er ákveðið í lögum. En ef veitt er jarðakaupalán út á jörð, sem veðsett er til tryggingar lánum úr stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til byggingar eða ræktunar á jörðinni, þá er gert ráð fyrir því, að framkvæmd verði hagað þannig, að veðdeildarlán megi lækka miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að veðdeildin fái heimild til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og heimilt sé að greiða allt að 40% lánsfjárhæðarinnar í bankavaxtabréfum, er út verða gefin samkv. ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bréfanna. Enn fremur er kveðið svo á í frv., að lán til jarðakaupa skuli verða afborgunarlaus fyrstu 2 árin og þau skuli ekki bera hærri vexti en 4%.

Til þess að veðdeildinni verði kleift að inna af hendi þær skyldur, sem á hana eru lagðar með þessu frv. og ég var að lýsa, er hér lagt til, að fé veðdeildarinnar verði aukið að miklum mun frá því, sem verið hefur, þannig að hún fái í tekjur árlegt framlag úr ríkissjóði, 20 millj. kr. Enn fremur, að hún haldi þeim tekjustofni, sem hún hefur nú samkv. stofnlánadeildarl., þar sem heim-

ilað er, að af því fé, sem stofnlánadeildin fær til umráða, renni til veðdeildar allt að 10 millj. kr. árlega. Enn fremur, að veðdeildin haldi þeim tekjustofni, sem henni er ákveðinn í lögum um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur. Til viðbótar þessu eru í frv. ákvæði um það, að Seðlabanka Íslands skuli skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Þessi lánsheimild yrði þá notuð, eftir því sem þörf krefði, þegar veðdeildin væri farin að lána í samræmi við þær reglur, sem í frv. þessu greinir.

Þegar gerðar eru áætlanir t. d. um íbúðabyggingar í landinu, en um það er einmitt fjallað nú á þessu þingi, verður að taka tillit til fjölda þeirra íbúða, sem byggja þarf, annars vegar og hins vegar þess kostnaðar, sem íbúðabyggingum fylgir. Með sívaxandi verðbólgu, eins og verið hefur að undanförnu og enginn virðist sjá fyrir endann á, er erfitt að gera fullnægjandi kostnaðaráætlanir, vegna þess að allar tölur breytast ört. Þetta hlýtur vitanlega að koma fram í sambandi við lán til jarðakaupa eins og á öðrum sviðum. En á hinn bóginn er þess að gæta, að fjöldi lögbýla í landinu vex ekki. Þar er nokkurn veginn um fasta tölu að ræða, eða eins og ég gat um í upphafi máls míns tæplega 6000 jarðir, sem til greina geta komið, og það er ekki rétt að dómi okkar flm. að gera ráð fyrir því, að miklar sveiflur verði á þessu viðskiptasviði í kaupum og sölum jarðeigna í landinu. Af því leiðir, að það má með meira öryggi gera sér grein fyrir fjárþörfinni á þessu sviði en t. d. í íbúðabyggingum, þar sem fjöldi íbúðanna, sem byggðar eru ár hvert, þarf að aukast í samræmi við stóraukna fólksfjölgun, einkum í þéttbýlinu.

Við teljum því, að með þeim reglum, sem settar eru í þessu frv., muni verða vel séð fyrir fjármagni veðdeildarinnar, svo að hún geti af þeim sökum staðið við þær skuldbindingar, sem henni yrðu lagðar á herðar, ef þetta frv. verður lögfest, og að sjálfsögðu yrði þá gripið til þess að fá lánið frá Seðlabankanum, eftir því sem þörf krefði hverju sinni. En ekki þarf að gera ráð fyrir, að það þyrfti að taka allt lánið þegar í öndverðu. Og vegna þess, hve tala lögbýlisjarða í landinu er fast bundin og ekki þarf að gera ráð fyrir mikilli hækkun á þeirri tölu, þá verður það fjármagn, sem veðdeildin fær skv. þessu frv., væntanlega nægilegt, þegar það er komið í veltu á þessu sviði, og ætti að geta notazt aftur til nýrra lána og ekki þurfa á auknu lánsfé að halda, þegar þetta fjármagn fer aftur að skila sér til veðdeildarinnar sem afborganir af veittum lánum.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um þetta mál í heild og aðalatriði þessa frv. og tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það nú við þessa 1. umr., nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það ber vissulega að fagna því, að skilningur sé fyrir hendi hér á hinu háa Alþingi um nauðsyn þess að efla veðdeild Búnaðarbankans, því að það er rétt, sem hv. 1. flm. þessa frv. sagði, að hún er fjárvana og hefur reyndar alla tíð verið fjárvana og ekki verið þess umkomin að sinna sem skyldi sínu hlutverki. Það hefur því miður jafnan orðið svo, að veðdeildin hefur orðið út undan, þegar hefur verið um að ræða fjáröflun til stofnlánasjóða Búnaðarbankans. Er út af fyrir sig engan um það að saka, en það hefur alltaf farið svo, að fjárþörfin til framkvæmda í sveitum hefur verið svo mikil, að ekki hefur þótt fært að útvega meira fé en svo hverju sinni, að það hefur ekki gert betur eða naumast að uppfylla þær þarfir, sem þar hafa verið fyrir hendi.

Nú er það vissulega álitamál, hvort það hafi átt að fylgja þeirri stefnu, sem gert hefur verið, að láta alltaf hinar nýju framkvæmdir sitja fyrir og veðdeildina verða út undan. En þetta hefur verið svo, og má e. t. v. segja, að það sé ekki annað en gildir um aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, að yfirleitt eru stofnsjóðir þeirra við það miðaðir, að þar sé um nýframkvæmdir að ræða, en ekki lánað til eldri framkvæmda eða yfirfærslu eigna milli aðila. Gildir þar sama varðandi sjávarútveg og iðnað eins og landbúnað. En það er hárrétt, sem hv. 1. flm. sagði, að þetta er mikið vandamál, sem hér er við að fást, og það ber brýna nauðsyn til að reyna að tryggja veðdeildinni með einhverjum hætti fé til þess að leysa þennan vanda.

Nú er það að vísu svo með margar jarðir, að það er ekki hægt að lána út á þær veðdeildarlán, vegna þess að það hvíla á þeim það miklar skuldir miðað við matsverð þeirra, og það má e. t. v. segja, að með hverju árinu sem líður verði fleiri og fleiri jarðir, sem verða undir þá sök seldar, að það sé ekki hægt að lána viðbótarlán við stofnlán nema a. m. k. að mjög takmörkuðu leyti. En engu að síður er þó almenna reglan sú, að við eignayfirfærslu jarða er nauðsynlegt og skilyrði fyrir hendi til þess að veita viðbótarlán í sambandi við yfirfærslu eignanna. Og það er vissulega rétt, að það er mjög erfitt um vik, þegar menn hafa bundið allt fé sitt í jörðum, að hafa ekki neina aðstöðu til þess að ná þeim fjármunum að einhverju leyti út aftur, þó að hins vegar við verðum að gera okkur alveg fulla grein fyrir því, að það á við hér eins og víða um lönd, að það er erfitt að taka út úr landbúnaðinum mikið fé við eignayfirfærslu frá einni kynslóð til annarrar, og af því leiðir, að lán í þessu sambandi hljóta alltaf að vera takmörkunum bundin og eiga að vera takmörkunum bundin, því að það mun að sjálfsögðu einnig leiða til þess, að það hækkar jarðaverð, ef allt of auðvelt er um lánveitingar til þess að yfirfæra eignirnar frá einum aðila til annars.

Þegar lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins voru sett, var gert ráð fyrir heimild í þeim um, að stofnlánadeildin keypti bankavaxtabréf veðdeildarinnar. Þessi heimild var notuð árið 1963 að því marki, að stofnlánadeildin lánaði veðdeildinni 5 millj. kr. Í fyrra var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun stofnlánadeildarinnar að lána veðdeildinni allt að 10 millj. kr., eins og lögin gera ráð fyrir. Reyndin varð hins vegar sú, að stofnlánadeildin gat ekki lánað veðdeildinni einn eyri, og varð það þess valdandi, eins og hv. 1. flm. hér réttilega sagði, að það hefur komið hnút-

ur á lánveitingar veðdeildarinnar og enn þá liggja óafgreiddar allmargar umsóknir frá s. l. ári. Nú í ár hefur einnig verið gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun stofnlánadeildar að lána 10 millj. kr. til veðdeildarinnar. Hvort það tekst, skal ekkert um sagt á þessu stigi málsins. En ástæðan til þess, að það tókst ekki í fyrra, var sú, að framkvæmdir bænda þrátt fyrir vissan niðurskurð, sem framkvæmdur var af Búnaðarbankanum, urðu svo geysimiklar, að þess var enginn kostur, að stofnlánadeildin gæti látið af hendi þetta fé til veðdeildarinnar, því að eins og hv. þdm. er kunnugt, er svo fyrir mælt í stofnlánadeildarlögum, að þessi kaup stofnlánadeildar á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar skuli því aðeins fara fram, að stofnlánadeildin hafi nægilegt fé til að sinna öðrum hlutverkum sínum ár hvert. Hvort þetta sem sagt reynist auðið í ár, skal ekki um sagt, vegna þess að enn liggur ekki ljóst fyrir, hvort framkvæmdir bænda, sem bankinn mun samþykkja, verða það miklar, að það fé, sem stofnlánadeildin hefur til ráðstöfunar í ár, nægir til þess í senn að anna þeirri lánsfjárþörf til nýrra framkvæmda, sem þar um verður að ræða, og enn fremur að inna af hendi þessa lánveitingu til veðdeildarinnar.

Ég vil taka undir það með hv. frsm., að þess væri vissulega mikil þörf, ef hægt væri með einhverjum hætti að auðvelda betur starfsemi veðdeildar bankans. Ég skal ekki á þessu stigi málsins dæma neitt um þær till., sem hér eru fram bornar. Það er vissulega alltaf tiltölulega einfalt mál að leggja til, að ríkissjóður leggi fram fé til eins og annars. Hvort það reynist auðið, skal ég ekkert um segja. Og það hefur ekki verið svo, að ríkissjóður hafi á neinum tíma nema af greiðsluafgangi sínum eitt og eitt ár lagt veðdeildinni til nokkurt fé, þ. e. a. s. ekki neitt ákveðið framlag í fjárl. Það er vissulega athugandi, hvort það væri rétt að gera það eða ekki, þótt ég sé í nokkrum vafa um, að það verði auðið að fá fram svo hátt framlag sem hér er um að ræða. En tíminn mun væntanlega leiða það í ljós.

Varðandi aftur hitt atriðið, að gera ráð fyrir lántökum til veðdeildarinnar í þessu sambandi, þá er það góðra gjalda vert. En mér sýnast þær till. ekki vera alls kostar mjög raunhæfar, ekki hvað sízt hvað snertir sölu bankavaxtabréfa þeirra, sem gert er ráð fyrir að gefa út. Ég fæ ekki séð með nokkru móti, hvernig nokkur banki eða nokkur lánastofnun mundi kaupa þau bréf, eins og gert er ráð fyrir að kjörin verði á þeim, því að það er gert ráð fyrir, að þau beri sömu vexti, skilst mér, og útlánsvextir veðdeildarinnar verða á hverjum tíma. Og það gefur auga leið, miðað við þá útlánsvexti, sem hér er gert ráð fyrir, að verði ekki almenn vaxtalækkun, sem ég held að engum detti í hug að verði neitt í námunda við það, þótt einhver vaxtalækkun yrði, þá er ekki sjáanlegt, að neinn aðili mundi kaupa þessi bréf, og ég tel varhugavert að gefa vonir um fyrirgreiðslu, sem ekki er raunsæ.

Þá tel ég í annan stað ákaflega hæpið að gera ráð fyrir því í lögum að fara að skylda Seðlabanka Íslands til þess að veita tiltekin lán og með tilteknum vaxtakjörum. Ég held, að það sé ákaflega hættulegt að fara út á þá braut, að Alþingi fari að skylda bankastofnanir, hvort sem er Seðlabankinn eða aðrir, til þess að veita slík lán, og ég hef ekki trú á, að það yrði raunhæft. Það er þegar til heimild í l. fyrir fjáröflun til veðdeildar Búnaðarbankans í mjög svipuðu formi, þó að það sé ekki nema lítið brot af því fé, sem hér er um að ræða. En það eru lög, sem sett voru fyrir allmörgum árum um það, að Landsbanki Íslands skyldi á hverju ári lána visst fé til veðdeildar Búnaðarbankans. Úr þessu hefur aldrei orðið, og reyndist aldrei auðið að framkvæma þessi lög, því að ég hygg, að Landsbankinn hafi strax þvertekið fyrir það, hvað sem öllum lögum liði. Og ég hef ekki mikla trú á því, að það sé heppileg braut að leggja inn á að fara að ákveða það, að bankar landsins skuli með lögþvingun frá Alþ. lána fé í eitt eða annað á þennan hátt.

Það getur hins vegar vel verið, að það sé hægt að ná samkomulagi og samningum við Seðlabankann um einhver lán til veðdeildarinnar með eðlilegum hætti, og það er auðvitað sjálfsagt að kanna það, ef hægt er að byggja veðdeildina upp á þann veg, að hún fái undir slíkum lántökum risið, og ekki sé óeðlilegur vaxtamismunur, sem þar verði um að ræða.

Því er ekki að leyna, að eins og sakir standa núna, er veðdeild Búnaðarbankans ákaflega illa sett, vegna þess m. a., að á hana voru lagðar þær kvaðir að veita svokölluð lausaskuldalán bænda, sem námu um 65 millj. kr. Og öll vanskil á þessum lánum, sem alltaf eru töluverð, því að því er ekki að leyna, að þetta eru varasömustu lánin, sem Búnaðarbankinn hefur lánað til landbúnaðarins, — öll vanskil á þessum lánum hvíla að sjálfsögðu mjög þungt á veðdeildinni, og auk þess er veðdeildin að því leyti illa sett, að henni var á sínum tíma ætlað að taka við sparifé eða skyldusparnaði, sem safnaðist í sveitum, og lána það út með sínum venjulegu kjörum, en hins vegar verður að borga af þessum skyldusparnaði vísitöluuppbætur, og þetta hefur leitt til þess, að veðdeildin á hverju ári verður fyrir stóráföllum af því að hafa þetta fé til umráða. Á síðasta þingi var gert ráð fyrir því, að þessu yrði hætt og fé þetta yrði látið renna til stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem vissulega hefur miklu betri aðstöðu til þess að standa undir kvöðum í þessu sambandi, og kemur þá að sjálfsögðu til álita, hvernig eigi að nota það fé. Það hefur ekki enn þá verið afgert, en er gert ráð fyrir því, að það verði endurlánað með einhverjum hætti með vísitölutryggingu. Öðruvísi er ekki hægt að taka við slíku fé.

Þó að ég bendi hér á nokkur atriði í þessu frv., sem mér sýnist orka nokkurs tvímælis, hvort geti talizt raunhæf eða ekki, tel ég það allvirðingarvert, að fram komi hugmyndir um að efla veðdeild Búnaðarbankans, og vil láta í ljós þá skoðun á þessu stigi, að það sé mjög æskilegt, að leitað verði allra raunhæfra úrræða í því skyni, og vænti þess, að allir hv. þdm. vilji ljá lið sitt til þess.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf raunar litlu við það að bæta, sem ég tók fram í fyrri ræðu minni. Ég vil aðeins segja, að ég fagna því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur þessu

máli af góðum skilningi og viðurkennir þörf þess að auka fjárráð veðdeildar Búnaðarbankans og efla þá starfsemi, sem hún hefur með höndum. Ég fagna þessu því fremur sem ég veit, að hann er þessum málefnum mjög kunnugur vegna þess starfs, sem hann gegnir.

En í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt, að við fyrstu sýn kunni mönnum að finnast einstök ákvæði frv. sem þessa geta orkað tvímælis, og vitanlega kemur allt slíkt til athugunar í þn. Aðalatriðið er, að málinu sé tekið með velvild og skilningi og að samhugur náist um að finna á því viðhlítandi lausn. En í sambandi við þetta eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi í leiðinni minnast lítillega á og fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni.

Hann virðist draga í efa, að það sé raunhæf till., sem fram er borin í þessu frv. um að veita hluta af lánum veðdeildarinnar í bankavaxtabréfum og heimila veðdeildinni að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa í þessu skyni. Þessa skoðun virðist hv. þm. byggja á því, að enginn banki muni fást til þess að kaupa þessi bréf. Það er náttúrlega sannast sagna, að fyrir fram er erfitt að fullyrða um framkvæmd á þessu. En ég er þeirrar skoðunar, að það kreppi svo að mörgum þeim, sem af nauðsyn — ég vil segja oft illri nauðsyn — verða að selja fasteignir sínar í sveitum, að ég álít, að seljandinn mundi í mörgum tilfellum vilja fallast á að taka þessi bréf upp í hluta af greiðslunni og þá í raun og veru bíða eftir að fá þetta í peningum, þangað til jafnóðum og bréfin eru leyst inn. Reynslan yrði vitanlega að skera úr um þetta, og það er rétt að fullyrða ekki mjög um það fyrir fram, en ég er þeirrar skoðunar, að þessi viðskiptaregla mundi geta komizt á og náð tilgangi sínum.

Annað atriði, sem hv. þm. vék að, var það, að hann teldi varhugavert að ætla að skylda Seðlabankann til þess að veita veðdeildinni lán allt að 100 millj. kr. Ég verð að álíta, að hér sé um svo smávægilega fjárhæð að ræða, þegar Seðlabankinn á í hlut, svo öflug stofnun, að þetta ákvæði sé ekki varhugavert. Og ég vil enn fremur minna á það, að hliðstæð ákvæði hafa staðið í l. um mjög langan tíma. Það var, að því er ég man bezt, sett í lög um ræktunarsjóð, sem afgreidd voru hér á þingi 1947 undir forustu Jóhanns Þ. Jósefssonar fjmrh. og Bjarna Ásgeirssonar landbrh., alveg hliðstætt ákvæði sem þetta. Það hefur staðið í íslenzkri löggjöf mjög lengi. Ég skal ekki fullyrða, ég er ekki svo kunnugur því, hvernig með það hefur verið farið eða að hvaða gagni það hefur komið í framkvæmd, en með tilliti til þess, sem ég hef nú tekið fram, fæ ég ekki séð, að það sé neitt varhugavert að setja það ákvæði, sem nú er í þessu frv., að þessu leyti.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég fagna því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur þessu máli af skilningi, og ég vil eindregið vænta þess, að hv. fjhn. vindi bráðan bug að því að athuga þetta mál, og geri fyrir sitt leyti gangskör að því, að ný löggjöf um þetta efni verði sett nú þegar á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Húsmæðrafræðsla.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu [204. mál] (þmfrv., A. 698).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.